

SNORRI STURLUSON

# HEIMSKRINGLA

NÓREGS KONUNGA SÖGUR

UDGIVET AF

FINNUR JÓNSSON



G. E. C. GADS FORLAG — KØBENHAVN 1911


**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
ÚR BÓKUM FINNS JÓNSSONAR



*Vennen* AXEL KOCK  
1851—1911

*i hengivenhed tilegnet.*





*Nærværende tekstudgave grunder sig på den kritiske udgave, som jeg for „Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur“ i sin tid har besørget. Teksten er, med tilladelse af Samfundets bestyrelse — hvorfor udgiveren her udtaler sin bedste tak —, benyttet; den er bleven helt igennem revideret; nogle mindre rettelser er optagne, især i henhold til forskellige bemærkninger af afdøde prof. G. Storm.*

*Da den kritiske udgave nu omtrent helt er udsolgt, var der endnu større trang til en sådan tekstudgave, der både skal kunne tjene til privatbrug og ved universitetsforelæsninger. Udgiver og forlægger har ment, at denne trang burde snarest afhjælpes.*

*F. J.*

## *Hovedhåndskrifter af Heimskringla.*

---

*Kringla, AM 35, 36, 63 fol., foruden et blad af originalmbr. i Stockholms kgl. bibliotek.*

*Jöfraskinna, AM 37, 38 fol., foruden fire blade af originalmbr. sst.*


*Frísbók, AM 45 fol. (uden Olaf d. helliges saga).*

*Am 39 fol. (brudstykker).*

# NÓREGS KONUNGA SÖGUR

Sturla Sigvatsson lagði mikinn hug á at láta rita  
söguböckr eptir bókum þeim, er Snorri setti saman.

Sturl.<sup>8</sup> I. 421.



# KONUNGA SÖGUR

ERU HÉR RITAÐAR.

## Prologus.

Í bók þessi lét ek rita fornar frásagnir um höfðingja þá, er ríki hafa haft á Norðrlandum ok á danska tungu hafa mælt, svá sem ek hefi heyrt fróða menn segja, svá ok nokkurar kynkvíslir þeira, eptir því, sem mér hefir kent verit, sumt þat er finnsk í langfeðgatali, því er konungar hafa rakit kyn sitt eða aðrir stórættaðir menn, en sumt er ritit eptir fornum kvæðum eða söguljóðum, er menn hafa haft til skemtanar sér, en þó at vér vitim eigi sannynði á því, þá vitum vér doemi til þess, at gamlir frœðimenn hafa slíkt fyrir satt haft. Þjóðólfr inn fróði ór Hvini var skáld Haraldz ins hárfagra; hann orti ok um Rognvald konung heiðum- 10 hæra kvæði þat, er kallat er Ynglingatal. Rognvaldr var sonr Óláfs Geirstaðaálfs, bróður Hálfðanar svartar. Í því kvæði eru nefndir xxx. langfeðga hans ok sagt frá dauða hvers þeira ok legstað. Fjölfrinn var sá nefndr, er sonr var Yngvifreys, þess er Svíar hafa blótat lengi síðan; af hans nafni eru Ynglingar 15 kallaðir. Eyvindr skáldaspillir talði ok langfeðga Hákonar jarls ins ríkja í kvæði því, er Háleygjatal heitir, er ort var um Hákon. Sæmingr er þar nefndr sonr Yngvifreys; sagt er þar ok frá dauða hvers þeira ok haugstað. Eptir Þjóðólfs sögn er fyrst ritin æfi Ynglinga ok þar við aukit eptir sögn fróðra manna. 20 In fyrsta öld er kǫlluð brunald; þá skyldi brenna alla dauða menn ok reisa eptir bautasteina, en síðan er Freyr hafði heygðr verit at Upsolum, þá gerðu margir höfðingjar eigi síðr hauga en bautasteina til minningar eptir frændr sína, en síðan er Danr

inn mikilláti, Danakonungr, lét sér haug gera ok bauð sik þangat bera dauðan með konungs-skrúði ok herbúnaði ok hest hans með sǫðulreiði ok mikit fé annat, en hans ættmenn gerðu margir svá síðan, ok hófsk þá haugsöld þar í Danmǫrku, en lengi síðan helzk  
 5 brunaöld með Svíum ok Norðmönnum. En er Haraldr inn hárfagri var konungr í Nóregi, þá byggðisk Ísland. Með Haraldri vǫru skáld ok kunna menn enn kvæði þeira ok allra konunga kvæði, þeira er síðan hafa verit at Nóregi, ok tǫkum vér þar mest dæmi af því, er sagt er í þeim kvæðum, er kveðin vǫru  
 10 fyrir sjálfum hǫfðingjunum eða sonum þeira; tǫkum vér þat alt fyrir satt, er í þeim kvæðum finnsk um ferðir þeira eða orrostur; en þat er háttr skálda, at lofa þann mest, er þá eru þeir fyrir, en engi myndi þat þora, at segja sjálfum honum þau verk hans, er allir þeir, er heyrði, vissi, at hégómi væri ok skrǫk,  
 15 ok svá sjálfr hann; þat væri þá háð, en eigi lof.

Frá Ara presti inum fróða.

Ari prestur inn fróði Þorgilsson Gellissonar ritaði fyrstr manna hér á landi at norrœnu máli frœði bæði forna ok nýja; ritaði hann mest í upphafi sinnar bókar frá Íslandz byggð ok  
 20 lagasetning, síðan frá lögsögumönnum, hversu lengi hverr hafði sagt, ok hafði þat áratál fyrst til þess, er kristni kom á Ísland, en síðan alt til sinna daga; hann tók þar ok við mǫrg önnur dæmi bæði konungaæfi í Nóregi ok Danmǫrk ok svá í Englandi, eða enn stórtíðendi, er gǫrzk hǫfðu hér á landi, ok þykki mér hans  
 25 sögn öll merkiligust; var hann forvitri ok svá gamall, at hann var fœddr næsta vetr eptir fall Haraldz Sigurðarsonar. Hann ritaði, sem hann sjálfr segir, æfi Nóregs-konunga eptir sögu Oddz Kolssonar, Hallzsonar af Síðu, en Oddr nam at Þorgeiri afráðskoll, þeim manni, er vitr var ok svá gamall, at hann bjó  
 30 þá í Niðarnesi, er Hákon jarl inn ríki var drepinn. Í þeim sama stað lét Óláfr konungr Tryggvason efna til kaupvangs, þar sem nú er. Ari prestur kom vii. vetra gamall í Haukadal til Hallz Þórarinssonar ok var þar xiiii. vetr. Hallr var maðr stórvitr ok minnigr. Hann mundi þat, er Þangbrandr prestur skírði hann  
 35 þrêvetran; þat var vetri fyrr, en kristni væri í lög tekin á Íslandi. Ari var xii. vetra gamall, þá er Ísleifr byskup andaðisk. Hallr fór milli landa ok hafði félag Óláfs konungs ins helga ok fekk af því upreist mikla, var honum því kunnigt um ríki hans. En þá er Ísleifr byskup andaðisk, var liðit frá falli Óláfs konungs  
 40 Tryggvasonar nær lxxx. vetra. Hallr andaðisk ix. vetrum

síðarr, en Ísleifr byskup; þá var Hallr at vetratali nírcæðr ok iiiii. vetra; hann hafði gørt bú í Haukadal þrítøgr ok bjó þar lx. ok iiiii. vetr; svá ritaði Ari. Teitr, sonr Ísleifs byskups, var með Halli í Haukadal at fóstri ok bjó þar síðan. Hann lærði Ara prest ok marga frœði sagði hann honum, þá er Ari ritaði síðan. 5 Ari nam ok marga frœði at Þuríði, dóttur Snorra goða; hon var spök at viti; hon mundi Snorra, fœður sinn, en hann var þá nær hálfertøgr, er kristni kom á Ísland, en andaðisk einum vetri eptir fall Oláfs konungs ins helga. Þat var eigi undarligt, at Ari væri sannfróðr at fornum tíðendum bæði hér ok útan landz, 10 at hann hafði numit at gømlum mōnnum ok vitrum, en var sjálfr námngjarn ok minnigr, en kvæðin þykkja mér sízt ór stað færð, ef þau eru rétt kveðin ok skynsamliga upp tekin.



## Ynglinga saga.

### K. 1. Hér segir frá landa-skipan.

Kringla heimsins, sú er mannfólkit byggvir, er mjök vágskorin; ganga hof stór ór útsjánum inn í jörðina. Er þat kunnigt, at haf gengr frá Nørvasundum ok alt út til Jørsala-  
5 landz; af hafinu gengr langr hafsbottn til landnorðrs, er heitir Svarta-haf. Þá skilr heimsþriðjungana; heitir fyrir austan Ásía, en fyrir vestan kalla sumir Európa, en sumir Éneá. En norðan at Svarta-hafi gengr Svíþjóð in mikla eða in kalda; Svíþjóð ina miklu kalla sumir menn eigi minni en Serkland it mikla; sumir  
10 jafna henni við Bláland it mikla; inn nærðri hlutr Svíþjóðar liggir óbyggðr af frosti ok kulða, svá sem inn syðri hlutr Blálandz er auðr af sólarbruna. Í Svíþjóð eru stórheruð mörq; þar eru ok margs konar þjóðir ok margar tungur; þar eru risar ok þar eru dvergar, þar eru blámenn, ok þar eru margs konar undarligar  
15 þjóðir; þar eru ok dýr ok drekar furðuliga stórir. Or norðri frá fjøllum þeim, er fyrir útan eru byggð alla, fellr á um Svíþjóð, sú er at réttu heitir Tanais, hon var forðum kølluð Tanakvísl eða Vanakvísl; hon kómr til sjávar inn í Svarta-haf. Í Vana-  
kvíslum var þá kallat Vanaland eða Vanaheimr. Sú á skilr  
20 heimsþriðjungana; heitir fyrir austan Ásía, en fyrir vestan Európa.

### K. 2. Frá Óðni.

Fyrir austan Tanakvísl í Ásía var kallat Ásaland eða Ása-heimr, en hofuðborgin, er var í landinu, kølluðu þeir Ásgarð.  
25 En í borginni var hofðingi sá, er Óðinn var kallaðr; þar var blótstaðr mikill. Þat var þar siðr, at xii. hofgoðar váru æztir; skyldu þeir ráða fyrir blótum ok dómum manna í milli; þat eru díar kallaðir eða drótnar; þeim skyldi þjónostu veita ok lotning

alt fólk. Óðinn var hermaðr mikill ok mjök víðfgrull ok eignaðisk mǫrg ríki; hann var svá sigrsæll, at í hverri orrostu fekk hann gagn; ok svá kom, at hans menn trúðu því, at hann ætti heimilan sigr í hverri orrostu. Þat var háttr hans, ef hann sendi menn sína til orrostu eða aðrar sendifarar, at hann lagði áðr hendr í 5 hǫfuð þeim ok gaf þeim bjǫnak; trúðu þeir, at þá myndi vel farask. Svá var ok um hans menn, hvar sem þeir urðu í nauðum staddir á sjá eða á landi, þá kǫlluðu þeir á nafn hans, ok þótti jafnan fá af því fró; þar þóttusk þeir eiga alt traust, er hann var. Hann fór opt svá langt í brot, at hann dvalðisk í ferðinni 10 mǫrg misseri.

### K. 3. Frá Óðni ok brœðrum hans.

Óðinn átti íí. brœðr; hét annarr Vé, en annarr Vílir. Þeir brœðr hans stýrðu ríkinu, þá er hann var í brottu. Þat var eitt sinn, þá er Óðinn var farinn langt í brot ok hafði lengi dvalzk, 15 at Ásum þótti órvænt hans heim. Þá tóku brœðr hans at skipta arfi hans, en konu hans, Frigg, gengu þeir báðir at eiga. En litlu síðarr kom Óðinn heim; tók hann þá við konu sinni.

### K. 4. Ófriðr við Vani.

Óðinn fór með her á hendr Vǫnum, en þeir urðu vel við 20 ok vǫrðu land sitt, ok hǫfðu ýmsir sigr; herjuðu hvárir land annarra ok gerðu skaða. En er þat leiddisk hvárum tveggjum, lǫgðu þeir milli sín sættarstefnu ok gerðu frið ok seldusk gíslar; fengu Vanir sína ina ágæztu menn, Njǫrð inn auðga ok son hans Frey, en Æsir þar í mót þann, er Hœnir hét, ok kǫlluðu 25 hann allvel til hǫfðingja fallinni; hann var mikill maðr ok inn vænsti; með honum sendu Æsir þann, er Mímir hét, inn vitrasti maðr, en Vanir fengu þar í mót þann, er spakastr var í þeira flokki; sá hét Kvasir. En er Hœnir kom í Vanaheim, þá var hann þegar hǫfðingi gǫrr; Mímir kendi honum ráð ǫll. En ef 30 Hœnir var staddr á þingum eða stefnum, svá at Mímir var eigi nær, ok kœmi nokkur vandamál fyrir hann, þá svaraði hann æ inu sama — »ráði aðrir« kvað hann. Þá grunaði Vani, at Æsir myndi hafa falsat þá í mannaskiptinu; þá tóku þeir Mími ok hálshjoggu ok sendu hǫfuðit Ásum; Óðinn tók hǫfuðit ok smurði 35 urtum þeim, er eigi mátti fúna, ok kvað þar yfir galdra ok magnaði svá, at þat mælti við hann ok sagði honum marga leynda hluti. Njǫrð ok Frey setti Óðinn blótgoða ok váru þeir

díar með Ásum. Dóttir Njarðar var Freyja; hon var blótgyðja; hon kendi fyrst með Ásum seið, sem Vönum var títt. Þá er Njorðr var með Vönum, þá hafði hann átta systur sína, því at þat váru þar lög; váru þeira börn Freyr ok Freyja, en þat var  
5 bannat með Ásum at byggva svá náit at frændsemi.

#### K. 5. Frá Gefjun.

Fjallgarðr mikill gengr af landnorðri til útsuðrs; sá skilr Svíþjóð ina miklu ok önnur ríki. Fyrir sunnan fjallit er eigi langt til Tyrklandz; þar átti Óðinn eignir stórar. Í þann tíma  
10 fóru Rúmverja-höfðingjar víða um heiminn ok brutu undir sik allar þjóðir, en margir höfðingjar flýðu fyrir þeim ófriði af sínum eignum; en fyrir því, at Óðinn var forspár ok fjölkunnigr, þá vissi hann, at hans afkvæmi myndi um norðrhálfu heimsins byggva. Þá setti hann bræðr sína, Vé ok Víli, yfir Ásgarð, en  
15 hann fór ok díar allir með honum ok mikit mannfólk annat. Fór hann fyrst vestr í Gardaríki ok þá suðr í Saxland. Hann átti marga sonu. Hann eignaðisk ríki víða um Saxland ok setti þar sonu sína til landzgæzlu. Þá fór hann norðr til sjávar ok tók sér bústað í ey einni; þar heitir nú Óðinsey í Fjöni. Þá sendi  
20 hann Gefjun norðr yfir sundit á landaleitan; þá kom hon til Gylfa ok gaf hann henni eitt plógsland; þá fór hon í Jotunheima ok gat þar iiiii. sonu við jotni nokkurum; hon brá þeim í yxnálíki ok færði þá fyrir plóginn ok dró landit út á hafit ok vestr gegnt Óðinsey, ok er þat kölluð Selund; þar byggði hon síðan. Hennar  
25 fekk Skjöldr, sonr Óðins; þau bjoggu at Hleiðru. Þar er vatn eða sjár eptir; þat er kallat Löggrinn; svá liggja firðir í Leginum, sem nes í Selundi; svá kvað Bragi inn gamli:

1.	Gefjun dró frá Gylfa,	bóru öxn ok átta
	glöð djúpröðuls, óðla,	ennitungl, þars gingu
30	svát af rennirauknum	fyr vineyjar víðri
	rauk, Danmarkar auka.	vallrauf, fjogur haufuð.

En er Óðinn spurði, at góðir landzkostir váru austr at Gylfa, fór hann þannog, ok gerðu þeir Gylfi sætt sína, því at Gylfi þóttisk engi krappt til hafa til mótstöðu við Ásana. Mart áttusk  
35 þeir Óðinn við ok Gylfi í brögðum ok sjónhverfingum, ok urðu Æsir jafnan ríkri. Óðinn tók sér bústað við Löginn, þar sem nú eru kallaðar fornu Sigtúnir, ok gerði þar mikit hof ok blót eptir siðvenju Ásanna; hann eignaðisk þar lönd svá vítt, sem hann lét heita Sigtúnir. Hann gaf bústaði hofgoðunum; Njorðr

bjó í Nóatúnum, en Freyr at Upsölum, Heimdallr at Himinbjörgum, Þórr á Prúðvangi, Baldr á Breiðabliki; öllum fekk hann þeim góða bólstaði.

#### K. 6. Frá atgørvi Óðins.

Þá er Ása-Óðinn kom á Norðrlönd ok með honum djar, er 5 þat sagt með sannendum, at þeir hófu ok kendu íþróttir þær, er menn hafa lengi síðan með farit. Óðinn var gøfgastr af öllum, ok af honum námu þeir allar íþróttirnar, þvíat hann kunni fyrst allar ok þó flestar. En þat er at segja, fyrir hverja sök hann var svá mjök tígnaðr, þá báru þessir hlutir til: hann var svá 10 fagr ok gøfugligr álitum, þá er hann sat með sínum vinum, at öllum hló hugr við. En þá er hann var í her, sýndisk hann grimligr sínum óvinum; en þat bar til þess, at hann kunni þær íþróttir, at hann skipti litum ok líkjum á hverja lund, er hann vildi; önnur var sú, at hann talaði svá snjalt ok slétt, at öllum, 15 er á heyrðu, þótti þat eina satt; mælti hann alt hendingum, svá sem nú er þat kveðit, er skáldskapr heitir; hann ok hofgøðar hans heita ljóðasmiðir, þvíat sú íþrótt hófsk af þeim í Norðrlöndum. Óðinn kunni svá gera, at í orrostu urðu óvinir hans blindir eða daufir eða óttafullir, en vápn þeira bitu eigi 20 heldr en vendir, en hans menn fóru brynjulausir ok váru galnir sem hundar eða vargar, bitu í skjöldu sína, váru sterkir sem birnir eða gríðungar; þeir drápu mannfólkit, en hvártki eldr né járn orti á þá; þat er kallaðr berserksgangr.

#### K. 7. Frá íþróttum Óðins.

25

Óðinn skipti hómum, lá þá búkrinn sem sofinn eða dauðr, en hann var þá fugl eða dýr, fiskr eða ormr, ok fór á einni svipstund á fjarlæg lönd at sínum erendum eða annarra manna. Þat kunni hann enn at gera með orðum einum at slökva eld ok kyrra sjá ok snúa vindum, hverja leið er hann vildi, ok hann 30 átti skip þat, er Skiðblaðnir hét, er hann fór á yfir hof stór, en þat mátti vefja saman sem dúk. Óðinn hafði með sér hofuð Mímis, ok sagði þat honum tíðendi ór öðrum heimum, en stundum vakði hann upp dauða menn ór jörðu eða settisk undir hanga; fyrir því var hann kallaðr draugadróttinn eða hangadróttinn. 35 Hann átti hrafna ii, er hann hafði tamit við mál; flugu þeir víða um lönd ok sögðu honum mǫrg tíðendi. Af þessum hlutum varð hann stórliga fróðr. Allar þessar íþróttir kendi hann með rúnum

ok ljóðum þeim, er galdrar heita; fyrir því eru Æsir kallaðir galdrasmiðir. Óðinn kunnir þá íþrótt, svá at mestr máttur fylgði, ok framði sjálfir, er seiðr heitir, en af því mátti hann vita orlög manna ok óorðna hluti, svá ok at gera mǫnnum bana eða óhamingju eða vanheilendi, svá ok at taka frá mǫnnum vit eða afl ok gefa öðrum. En þessi fjǫlkyngi, ef framið er, fylgir svá mikil ergi, at eigi þótti karlmǫnnum skammlaust við at fara, ok var gyðjunum kend sú íþrótt. Óðinn vissi um alt jarðfé, hvar fólgit var, ok hann kunnir þau ljóð, er upp lausk fyrir honum jörðin ok björg ok steinar ok haugarnir, ok batt hann með orðum einum þá, er fyrir bjoggu, ok gekk inn ok tók þar slíkt, er hann vildi. Af þessum krǫptum varð hann mjök frægr, óvinir hans óttuðusk hann, en vinir hans treystusk honum ok trúðu á krapt hans ok á sjálfan hann. En hann kendir flestar íþróttir sínar blótgoðunum; váru þeir næst honum um allan fróðleik ok fjǫlkyngi. Margir aðrir námu þó mikit af, ok hefir þaðan af dreifzk fjǫlkyngin víða ok haldizk lengi. En Óðin ok þá hǫfðingja xii. blótuðu menn ok kǫlluðu goð sín ok trúðu á lengi síðan. Eptir Óðins nafni var kallaðr Auðun ok hétu menn svá sonu sína, en af Þórs nafni er kallaðr Þórir eða Þórarinn, eða dregit af öðrum heitum til, svá sem Steinþórr eða Hafþórr, eða enn breytt á fleiri vega.

#### K. 8. Laga-setning Óðins.

Óðinn setti lög í landi sínu, þau er gengit hǫfðu fyrr með Ásum; svá setti hann, at alla dauða menn skyldi brenna ok bera á bál með þeim eign þeira; sagði hann svá, at með þvílíkum auðœfum skyldi hverr koma til Valhallar, sem hann hafði á bál; þess skyldi hann ok njóta, er hann sjálfir hafði í jörð grafit, — en ǫskuna skyldi bera út á sjá eða grafa niðr í jörð, en eptir ǫfuga menn skyldi haug gera til minningar, en eptir alla þá menn, er nokkut mannz mót var at, skyldi reisa bautasteina, ok helzk sjá siðr lengi síðan. Þá skyldi blóta í móti vetri til árs, en at miðjum vetri blóta til gróðrar, it þriðja at sumri, þat var sigrblót. Um alla Svíþjóð guldu menn Óðni skatt, penning fyrir nef hvert, en hann skyldi verja land þeira fyrir ófriði ok blóta þeim til árs. Njörðr fekk konu þeinar, er Skaði hét; hon vildi ekki við hann samfarar ok giptisk síðan Óðni; áttu þau marga sonu; einn þeira hét Sæmingr; um hann orti Eyvindr skáldaspillir þetta:

2. Þann skáldblætr  
skattfœri gat  
Asa niðr  
við járnviðju,  
þás þau meir  
í Manheimum

skatna vinnr  
ok Skaði byggðu.  
Sævar beins.  
ok sunu marga  
öndurdís  
við Óðni gat.

5

Til Sæmings talði Hákon jarl inn ríki langfeðgakyn sitt. Þessa Svíþjóð kœlluðu þeir Manheima, en ina miklu Svíþjóð kœlluðu þeir Goðheima; ör Goðheimum sögðu þeir mörg tíðendi.

## K. 9. Dauði Óðins.

10

Óðinn varð sótt dauðr í Svíþjóð, ok er hann var at kominn dauða, lét hann marka sik geirsoddi ok eignaði sér alla vápn-dauða menn, sagði hann sik mundu fara í Goðheima ok fagna þar vinum sínum. Nú hugðu Svíar, at hann væri kominn í inn forna Ásgarð ok myndi þar lifa at eilífu. Hófsk þá af nýju átrúnaðr við Óðin ok áheit. Opt þótti Svíum hann vitrask sér, áðr stórar orrostur yrði; gaf hann þá sumum sigr, en sumum bauð hann til sín; þótti hvártveggi kostur góðr. Óðinn var brendr dauðr, ok var sú brenna gœr allveglic. Þat var trúa þeira, at því hæra, sem reykin lagði í loptit upp, at því háleitari væri sá í himninum, er brennuna átti, ok þess auðgari, er meira fé brann með honum. Njörðr af Nóatúnnum gerðisk þá valdzmaðr yfir Svíum ok helt upp blótum; hann kœlluðu Svíar þá dróttin sinn; tók hann þá skattgjafar af þeim. Á hans dögum var friðr allgóðr ok allz konar ár, svá mikit, at Svíar trúðu því, at Njörðr réði fyrir ári ok fyrir fésælu manna. Á hans dögum dó flestir dýar ok váru allir blótaðir ok brendir síðan. Njörðr varð sótt dauðr; lét hann ok marka sik Óðni, áðr hann dó; Svíar brendu hann ok grétu allmjök yfir leiði hans.

## K. 10. Dauði Freys.

30

Freyr tók þá ríki eptir Njörð; var hann kallaðr dróttinn yfir Svíum ok tók skattgjafar af þeim. Hann var vinsæll ok ársæll, sem faðir hans. Freyr reisti at Upsölum hof mikit ok setti þar hœfuðstað sinn, lagði þar til allar skyldir sínar, lönd ok lausan eyri. Þá hófsk Upsala-auðr ok hefir haldizk æ síðan. Á hans dögum hófsk Fróða-friðr; þá var ok ár um öll lönd ok kendu Svíar þat Frey; var hann því meirr dýrkaðr, en önnur goðin, sem á hans dögum varð landzfólkit auðgara, en fyrr, af

fríðinum ok ári. Gerðr Gymisdóttir hét kona hans; sonr þeira hét Fjǫlnir. Freyr hét Yngvi ǫðru nafni. Yngva nafn var lengi síðan haft í hans ætt fyrir tignarnafn, ok Ynglingar váru síðan kallaðir hans ættmenn. Freyr tók sótt, en er at honum  
 5 leið sóttin, leituðu menn sér ráðs ok létu fá menn til hans koma, en bjoggu haug mikinn ok létu dyrr á ok iii. glugga. En er Freyr var dauðr, báru þeir hann leyniliga í hauginn ok sögðu Svíum, at hann lifði, ok varðveittu hann þar iii. vetr, en skatt ǫllum heltu þeir í hauginn, í einn glugg gullinu, en í annan  
 10 silfrinu, í inn iii. eirpenningum. Þá helzk ár ok friðr. Freyja helt þá upp blótum, þviat hon ein lifði þá eptir goðanna, ok varð hon þá in frægsta, svá at með hennar nafni skyldi kalla allar konur tignar, svá sem nú heita, frúvur; svá hét ok hver freyja yfir sinni eigu, en sú húsfreyja, er bú á. Freyja var  
 15 heldr marglynd. Öðr hét bóndi hennar; dóetr hennar hétu Hnoss ok Gersimi; þær váru fagrar mjök; af þeira nafni eru svá kallaðir inir dýrstu gripir. Þá er allir Svíar vissu, at Freyr var dauðr, en helzk ár ok friðr, þá trúðu þeir, at svá myndi vera, meðan Freyr væri á Svíþjóð, ok vildu eigi brenna hann, ok kǫlluðu  
 20 hann veraldargoð, blótuðu mest til árs ok friðar alla ævi síðan.

### K. 11. Dauði Fjǫlnis konungs.

Fjǫlnir, sonr Yngvifreys, réð þá fyrir Svíum ok Upsala-auð; hann var ríkr ok ársæll ok friðsæll. Þá var Friðfróði at Hleidru. Þeira í millum var heimboð ok vingan. Þá er Fjǫlnir fór til  
 25 Fróða á Selund, þá var þar fyrir búin mikil veizla ok boðit til víða um lǫnd. Fróði átti mikinn húsabœ; þar var gort ker mikit, margra álna hátt ok okat með stórum timbrstokkum; þat stóð í undirskemmu, en lopt yfir uppi ok opit gólfpilit, svá at þar var niðr helt leginum en kerit blandit fult mjaðar. Þar  
 30 var drykkur furðu-sterkr. Um kveldit var Fjǫlni fylgt til herbergis í it næsta lopt, ok hans sveit með honum. Um nóttina gekk hann út í svalar at leita sér staðar; var hann svefnœrr ok dauðadrukinn; en er hann snørisk aptr til herbergis, þá gekk hann fram eptir svǫlunum ok til annarra loptdura ok þar  
 35 inn, misti þá fótum ok fell í mjaðarkerit ok týndisk þar; svá segir Þjóðólfr inn Hvinverski.

3.	Varð framgengt,	siklingi
	þars Fróði bjó,	svigðis geira
	feigðar-orð,	vágr vindlauss
40	es at Fjǫlni kom,	of víða skyldi.

Sveigðir tók ríki eptir föður sinn. Hann strengði þess heit, at leita Goðheims ok Óðins ins gamla. Hann fór með xii. mann víða um heiminn; hann kom út í Tyrkland ok í Svíþjóð ina miklu ok hitti þar marga frændr sína ok var í þeirri fyr v. vetr; þá kom hann aptr til Svíþjóðar; dvalðisk hann þá enn heima um hríð. Hann hafði fengit konu þá, er Vana hét, út í Vanaheimi; var þeira sonr Vanlandi.

## K. 12. Frá Sveigði.

Sveigðir fór enn at leita Goðheims. Ok í austanverðri Svíþjóð heitir bæer mikill at Steini; þar er steinn svá mikill sem stór hús. Um kveldit eptir sólarfall, þá er Sveigðir gekk frá drykkju til svefnbúrs, sá hann til steinsins, at dvergr sat undir steininum. Sveigðir ok hans menn váru mjök druknir ok runnu til steinsins. Dvergrinn stöð í durum ok kallaði á Sveigði, bað hann þar inn ganga, ef hann vildi Óðin hitta. Sveigðir hljóp í steininn, en steinninn lausk þegar aptr ok kom Sveigðir eigi aptr; svá segir Þjóðólfr inn Hvinverski:

4. En dagskjarr

Dúrnis niðja

salvqrðuðr

Sveigði vélti,

þás í stein

enn stórgeði

Dusla konr

ept dvergi hljóp

ok salr bjartr

þeira Sökmímis

jötunbyggðr

við jöfri gein.

20

## K. 13. Frá Vanlanda.

Vanlandi hét sonr Sveigðis, er ríki tók eptir hann ok réð fyrir Upsala-auð; hann var hermaðr mikill ok hann fór víða um lönd. Hann þá vetrvist á Finnlandi með Snjá inum gamla ok fekk þar dóttur hans, Drífu. En at vári fór hann á brot, en Drífa var eptir, ok hét hann at koma aptr á þriggja vetra fresti, en hann kom eigi á x. vetrum. Þá sendi Drífa eptir Hulð seiðkonu, en sendi Vísbur, son þeira Vanlanda, til Svíþjóðar. Drífa keypti at Hulð seiðkonu, at hon skyldi síða Vanlanda til Finnlandz eða deyða hann at öðrum kosti. En er seiðr var framíðr, var Vanlandi at Upsölum; þá gerði hann fúsan at fara til Finnlandz, en vinir hans ok ráðamenn þönnuðu honum ok sögðu, at vera myndi fjölkyngi Finna í fýsi hans; þá gerðisk honum svefnhöfugt ok lagðisk hann til svefnis; en er hann hafði lítt sofnat, kallaði hann ok sagði, at mara trað hann; menn hans

35



fóru til ok vildu hjálpa honum; en er þeir tóku uppi til hofuðsins, þá trað hon fótleggina, svá at nær brotnuðu; þá tóku þeir til fótanna, þá kafði hon hofuðit, svá at þar dó hann. Svíar tóku lík hans ok var hann brendr við á þá, er Skúta hét; þar váru settir bautasteinar hans; svá segir Þjóðólfr:

5	En á vit	liðs grimhildr
	Vilja bróður	ljóna bága,
	vitta véttr	ok sá brann
	Vanlanda kom,	á beði Skútu
10	þás trollkund	menglötuðr,
	of troða skyldi	es mara kvalði.

#### K. 14. Dauði Vísburs.

Vísburrr tók arf eptir Vanlanda fǫður sinn. Hann gekk at eiga dóttur Auða ins auðga ok gaf henni at mundi iii. stórbœci ok gullmen; þau áttu ii. sonu, Gísl ok Qundur; en Vísburrr lét hana eina ok fekk annarrar konu, en hon fór til fǫður síns með sonu sína. Vísburrr átti son, er Dómaldi hét; stjúp móðir Dómalda lét síða at honum ógæfu. En er synir Vísburs váru xii. vetra ok xiii., fóru þeir á fund hans ok heimtu mund móður sinnar, en hann vildi eigi gjalda; þá mæltu þeir, at gullmenit skyldi verða at bana inum bezta manni í ætt hans, ok fóru í brot ok heim. Þá var enn fengit at seið ok siðit til þess, at þeir skyldu mega drepa fǫður sinn. Þá sagði Hulð vǫlva þeim, at hon myndi svá síða ok þat með, at ættvíg skyldu ávalt vera í ætt þeira Ynglinga síðan; þeir játtu því. Eptir þat sǫmnuðu þeir liði ok kómu at Vísbur um nótt á óvart ok brendu hann inni; svá segir Þjóðólfr:

6.	Ok Vísburs	setrs verjendr
	vilja byrgi	á sinn fǫður,
30	sævar niðr	ok allvald
	svelga knátti,	í arinkjóli
	þás meinþjóf	glóða garmr
	markar ǫttu	glymjandi beit.

#### K. 15. Dauði Dómalda.

Dómaldi tók arf eptir fǫður sinn, Vísbur, ok réð lǫndum. Á hans dögum gerðisk í Svíþjóð sultr ok seyra. Þá eflðu Svíar blót stór at Upsölum. It fyrsta haust blótuðu þeir yxnum, ok batnaði ekki árferð at heldr; en annat haust hófu þeir mannblót,

en árferð var sǫm eða verri. En it iii. haust kómu Svíar fjölment til Upsala, þá er blót skyldu vera; þá áttu hǫfðingjar ráðagørð sína ok kom þat ásamt með þeim, at hallærit myndi standa af Dómalda, konungi þeira, ok þat með, at þeir skyldu honum blóta til árs sér ok veita honum atgöngu ok drepa hann ok rjóða 5 stalla með blóði hans, ok svá gerðu þeir; svá segir Þjóðólfr:

7. Hitt vas fyrr,	dreyrug vöpn	
at fold ruðu	Dómalda bar,	
sverðberendr	þás árgjörn	
sínum drótni,	Jóta dolgi	10
ok landherr	Svíá kind	
af lífs vönum	of sóa skyldi.	

## K. 16. Dauði Dómars.

Dómarr hét sonr Dómalda, er þar næst réð ríki. Hann réð lengi fyrir löndum, ok var þá góð árferð ok friðr um hans daga. 15 Frá honum er ekki sagt annat, en hann varð sótt dauðr at Upsölum ok var færðr á Fýrisvöllu ok brendr þar á árbakkanum, ok eru þar bautasteinar hans; svá segir Þjóðólfr:

8. Ok ek þess opt	bana Hóalfs	
of yngva hrør	of borinn væri.	20
fróða menn	Nú ek þat veit,	
of fregit hafðak,	at verkbitinn	
hvar Dómarr	Fjölnis niðr	
á dynjanda	við Fýri brann.	

## K. 17. Dauði Dyggva.

25

Dyggvi hét sonr hans, er þar næst réð löndum, ok er frá honum ekki sagt annat, en hann varð sótt dauðr; svá segir Þjóðólfr:

9. Kveðkat dul,	konungmann	
nema Dyggva hrør	kjósa skyldi,	30
Glitnis gnó	ok allvald	
at gamni hefr,	Yngva þjóðar	
þvít jódis	Loka mær	
Ulfs ok Narfa	of leikinn hefr.	

Móðir Dyggva var Drótt, dóttir Danps konungs, sonar Rígs, 35 er fyrstr var konungr kallaðr á danska tungu. Hans áttmenn hǫfðu ávalt síðan konungsnafn fyrir it ǫzta tígnarnafn. Dyggvi var fyrst konungr kallaðr sinna ættmanna, en áðr váru þeir

drótnar kallaðir, en konur þeira drótningar, en drótt hirðsveitin. En Yngvi eða Ynguni var kallaðr hverr þeira ættmanna alla ævi, en Ynglingar allir saman. Drótt drótning var systir Dans konungs ins mikilláta, er Danmörk er við kend.

5 K. 18. Frá Dag spaka.

Dagr hét sonr Dyggva konungs, er konungdóm tók eptir hann; hann var maðr svá spakr, at hann skildi fugls rödd. Hann átti sporr einn, er honum sagði mörg tíðendi; flaug hann á ýmsi lönd. Þat var eitt sinn, at sporrinn flaug á Reiðgotaland  
10 á bæ þann, er á Vörva hét; hann flaug í akr karls ok fekk þar matar; karl kom þar ok tók upp stein ok laust sporrinn til bana. Dagr konungr varð illa við, er sporrinn kom eigi heim; gekk hann þá til sonarblóts til fréttar ok fekk þau svör, at sporr hans var drepinn á Vörva. Síðan bauð hann út her miklum ok  
15 fór til Gotlandz; en er hann kom á Vörva, gekk hann upp með her sinn ok herjaði; fólkit flýði víðs vegar undan. Dagr konungr snæri herinum til skipa, er kveldaði, ok hafði drepit mart fólk ok mart handtekit. En er þeir fóru yfir á nokkura, þar sem hét Skjótansvað eða Vápnavað, þá rann fram ór skógi einn  
20 verkþræll á árbakkann ok skaut heytjúgu í lið þeira, ok kom í höfuð konungi skotit; fell hann þegar af hestinum ok fekk bana. Í þann tíma var sá höfðingi gramr kallaðr, er herjaði, en hermenninir gramir. Svá segir Þjóðólfr:

	10. Frák at Dagr	11. Ok þat orð
25	dauðaorði	á austrvega
	frægðar fúss	vísa ferð
	of fara skyldi,	frá vígi bar,
	þás valteins	at þann gram
	til Vörva kom	of geta skyldi
30	spakfrömuðr,	slöngvípref
	spörs at hefna.	sleipnis verðar.

K. 19. Frá Agna.

Agni hét sonr Dags, er konungr var eptir hann, ríkr maðr ok ágætr, hermaðr mikill, atgørvimaðr mikill um alla hluti. Þat  
35 var eitt sumar, er Agni konungr fór með her sinn á Finnland, gekk þar upp ok herjaði. Finnar drógu saman lið mikit ok fóru til orrostu; Frosti er nefndr höfðingi þeira. Varð þar orrosta mikil ok fekk Agni konungr sigr; þar fell Frosti ok

mikit lið með honum. Agni konungr fór herskildi um Finnland ok lagði undir sik ok fekk stórmikit herfang; hann tók ok hafði með sér Skjálfr, dóttur Frosta, ok Loga, bróður hennar. En er hann kom austan, lagði hann til Stoksunda; hann setti tjöld sín suðr á fitina; þar var þá skógr. Agni konungr átti þá gullmenit, 5 þat er Visburr hafði átt. Agni konungr gekk at eiga Skjálfr; hon bað konung at gera erfi eptir fōður sinn; hann bauð þá til sin mǫrgum ríkismǫnnum ok gerði veizlu mikla. Hann var allfrægr orðinn af fōr þessi. Þá vǫru þar drykkjur miklar. En er Agni konungr gerðisk drukkin, þá bað Skjálfr hann gæta 10 mensins, er hann hafði á hálsi; hann tók til ok batt ramliga menit á háls sér, áðr hann gengi at sofa. En landtjaldit stóð við skóginn ok hátt tré yfir tjaldinu, þat er skýla skyldi við sólarhita. En er Agni konungr var sofnaðr, þá tók Skjálfr digrt snæri ok festi undir menit, menn hennar slógu þá tjaldstǫngunum, 15 en kǫstuðu lykkju snærisins upp í limar trésins, drógu þá síðan, svá at konungr hekk næst uppi við limar, ok var þat hans bani. Skjálfr ok hennar menn hljópu á skip ok rœru í brot. Agni konungr var þar brendr ok er þar síðan kǫlluð Agnafit á austanverðum Taurinum vestr frá Stokssundi. Svá segir Þjóðólfr: 20

12. Pat telk undr,	Loga dís	
ef Agna her	at lopti hóf,	
Skjalfar rōð	hinns við Taur	
at skǫpum þóttu,	temja skyldi	
þás gæðing	svalan hest	25
með gollmeni	Signýjar vers.	

## K. 20. Frá Alreki ok Eiríki.

Alrekr ok Eiríkr hétu synir Agna, er konungar vǫru eptir hann; þeir vǫru ríkir menn ok hermenn miklir ok ípróttamenn. Pat var síðvenja þeira, at ríða hesta, temja bæði við gang ok 30 hlaup; kunnu þeir þat allra manna bezt; lögðu þeir á þat it mesta kapp, hvárr betr reið eða betri hesta átti. Pat var eitt sinn, at þeir bræðr ríðu ii. frá ǫðrum mǫnnum með ina beztu hesta sína, ok ríðu út á vǫllu nokkura ok kómu eigi aprtr, ok var þeira leita farit, ok funnusk þeir báðir dauðir ok lamit hǫfuð á 35 báðum, en ekki vápn hǫfðu þeir, nema bitlana af hestunum, ok þat hyggja menn, at þeir hafi drepizk þar með; svá segir Þjóðólfr:

- |     |  |   |
|-----|--|---|
| 13. | Fell Alrekr,<br>þars Eireki<br>bróður vöpn<br>at bana urðu,<br>5 ok hnakkmars<br>með hofuðfetlum | Dags friendr<br>of drepask kóðu.<br>Frát maðr áðr<br>eykja greiði<br>Freys afspring<br>í folk hafa. |
|-----|--|---|

## K. 21. Frá Alfi ok Yngva.

Yngvi ok Álfr váru synir Alreks, er konungdóm tóku í Svíþjóð þar næst. Var Yngvi hermaðr mikill ok allsigrsæll, 10 fríðr ok íþróttamaðr inn mesti, sterkr ok inn snarpasti í orrostum, mildr af fé ok gleðimaðr mikill; af sliku öllu varð hann frægr ok vinsæll. Álfr konungr, bróðir hans, sat at lönðum ok var ekki í hernaði; hann var kallaðr Elfsi; hann var maðr þögull, ríklundaðr ok óþýðr; móðir hans hét Dageiðr, dóttir Dags 15 konungs ins ríka, er Döglingar eru frá komnir. Álfr konungr átti konu, er Bera hét, kvinna fríðust ok skörungr mikill, gleðimaðr inn mesti. Yngvi Alreksson var þá enn eitt haust kominn ór víkingu til Upsala ok var þá inn frægsti. Hann sat opt við drykkju lengi um kveldum; Álfr konungr gekk opt 20 snimma at sofa. Bera drótning sat opt á kveldum ok hjöluðu þau Yngvi sín í millum; Álfr ræddi opt um, bað hana fara fyrr at sofa, sagði, at hann vildi ekki vaka eptir henni. Hon svarar ok segir, at sú kona væri sæl, er heldr skyldi eiga Yngva en Álf; hann reiddisk því mjök, er hon mælti þat opt. Eitt kveld 25 gekk Álfr inn í hollina, þá er þau Yngvi ok Bera sátu í háseti ok töludusk viðr. Hafði Yngvi um kné sér mæki. Menn váru mjök druknir ok gáfu engan gaum at, er konungrinn kom inn. Álfr konungr gekk at hásetinu, brá sverði undan skikkju ok lagði í gegnum Yngva, bróður sinn. Yngvi hljóp upp ok brá 30 mækinum ok hjó Álf banahogg, ok fellu þeir báðir dauðir á gólfít. Váru þeir Álfr ok Yngvi heygðir á Fýrisvöllum; svá segir Þjóðólfr:

- |     |   |   |
|-----|---|---|
| 14. | Ok varð hinn,<br>es Álfr of vá<br>35 vörðr véstalls,<br>of veginn liggja,<br>es döglingr<br>dreyrgan mæki<br>öfundgjarn<br>40 á Yngva rauð. | 15. Vasa þat bært,<br>at Bera skyldi<br>valsœfendr<br>vígs of hvetja,<br>þás brœðr tveir<br>at þonum urðusk<br>öpurfendr<br>of afbrýði. |
|-----|---|---|

## K. 22 . Fall Hugleiks konungs.

Hugleikr hét sonr Alfs, er konungdóm tók yfir Svíum eptir þá bræðr, þviat synir Yngva váru þá börn at aldri. Hugleikr konungr var engi hermaðr ok sat hann at lönðum í kyrrsæti; hann var auðigr mjök ok sínkr af fé; hann hafði mjök í hirð 5 sinni allz konar leikara, harpara ok gígjara ok fiðlara; hann hafði ok með sér seiðmenn ok allz konar fjölkunnigt fólk. Haki ok Hagbarðr hétu bræðr ok váru ágætir mjök; þeir váru sækonungar ok höfðu lið mikit, fóru stundum báðir samt, stundum sér hvárr. Margir kappar váru með hvárum tveggja þeira. Haki 10 konungr fór með her sinn til Svíþjóðar á hendr Hugleiki konungi, en Hugleikr konungr samnaði her fyrir. Þá kómu til liðs við hann bræðr tveir, Svipdagr ok Geigaðr, ágætir menn báðir ok inir mestu kappar. Haki konungr hafði með sér xii. kappa; þar var þá Starkaðr gamli með honum; Haki konungr 15 var ok inn mesti kappi. Þeir hittusk á Fýrisvöllum; varð þar mikil orrosta; fell brátt lið Hugleiks; þá sóttu fram kapparnir Svipdagr ok Geigaðr, en kappar Haka gengu vi. móti hvárum þeira, ok urðu þeir handteknir; þá gekk Haki konungr inn í skjaldborg at Hugleiki konungi ok drap hann þar ok sonu hans 20 ii; eptir þat flýðu Svíar, en Haki konungr lagði lönð undir sik ok gerðisk konungr yfir Svíum. Hann sat þá at lönðum iii. vetr, en í því kyrrsæti fóru kappar hans frá honum ok í víking ok fengu sér svá fjár.

## K. 23. Dauði Guðlaugs konungs.

25

Jörundr ok Eiríkr váru synir Yngva Alrekssonar; þeir lágu úti á herskipum þessa hríð alla ok váru hermenn miklir. Á einu sumri herjuðu þeir í Danmörk, ok þá hittu þeir Guðlaug Háleygjja-konung ok áttu við hann orrostu, ok lauk svá, at skip Guðlaugs var hroðit, en hann varð handtekninn; þeir fluttu hann 30 til landz á Straumeyjarnes ok hengðu hann þar; urpu menn hans þar haug eptir hann; svá segir Eyvindr skáldaspillir:

16. En Guðlaugr

grimman tamði

við ofrkapp

austrkonunga

Sigars jó,

es synir Yngva

menglötud

við meið reiddu.

17. Ok náreiðr	þars fjölkunt
á nesi drúpir	of fylkis hrør,
vingameiðr,	steini merkt,
þars víkr deilir	Straumeyjarnes.

5 Eiríkr ok Jörundr bræðr urðu af verki þessu frægir mjök, þóttusk þeir miklu meiri menn en áðr. Þeir spurðu, at Haki konungr í Svíþjóð hafði sent frá sér kappa sína; þá halda þeir til Svíþjóðar, ok draga síðan her at sér. En er Svíar spyrja, at Ynglingar eru þar komnir, þá drífr ógrynni liðs til þeira. Síðan  
10 leggja þeir í Löginn upp ok halda til Upsala á hendr Haka konungi, en hann ferr í móti þeim á Fýrisvöllum ok hafði lið miklu minna. Varð þar mikil orrosta, gekk konungr fram svá hart, at hann feldi alla þá, er honum váru næstir, ok at lykðum feldi hann Eirík konung ok hjó niðr merki þeira bræðra; þá flýði  
15 Jörundr konungr til skipa ok alt lið hans. Haki konungr fekk svá stór sár, at hann sá, at hans lífdagar mundu eigi langir verða; þá lét hann taka skeið, er hann átti, ok lét hlaða dauðum mönnum ok vápnum, lét þá flytja út til hafs ok leggja stýri í lag ok draga upp segl, en leggja eld í tyrvið ok gera bál á  
20 skipinu; veðr stóð af landi; Haki var þá at kominn dauða eða dauðr, er hann var lagiðr á bálit; siglði skipit síðan loganda út í haf ok var þetta allfrægt lengi síðan.

#### K. 24. Dauði Jörundar.

Jörundr, sonr Yngva konungs, var konungr at Upsölum; 25 hann réð þá löndum ok var optliga á sumrum í hernaði. Á einhverju sumri fór hann með her sinn til Danmerkr; hann herjaði um Jótland ok fór um haustit inn í Limafjörð ok herjaði þar; hann lá liði sínu í Oddasundi. Þá kom þar með her mikinn Gýlaugr Háleygja-konungr, sonr Guðlaugs, er fyrr var getit.  
30 Hann leggr til orrostu við Jörund, en er landzmenn urðu þess varir, drífa þeir til öllum áttum bæði með stórum skipum ok smám; verðr þá Jörundr ofrliði borinn ok hroðit skip hans; hljóp hann þá á sund ok varð handtekinn ok leiddr á land upp; lét þá Gýlaugr konungr reisa gálga, leiðir hann Jörund þar til ok lætr  
35 hengja hann; lýkr svá hans ævi; svá segir Þjóðólfr:

18. Varð Jörundr,	þás hábrjóstr
hinns endr of dó,	hørvra sleipnir
lífs of lattr	bana Guðlaugs
í Limafirði,	of bera skyldi,

ok Hagbarðs  
hersa valdi

höðnu leif  
at halsi gekk.

K. 25. Dauði Auns konungs.

Aun eða Ani hét sonr Jörundar, er konungr var yfir Svíum eptir fǫður sinn; hann var vitr maðr ok blótmaðr mikill, engi 5 var hann hermaðr, sat hann at lǫndum. Í þann tíma, er þessir konungar váru at Upsǫlum, er nú var frá sagt, var yfir Danmǫrku fyrst Danr inn mikilláti; hann varð allgamall; þá sonr hans, Fróði inn mikilláti eða inn friðsami, þá hans synir Hálfðan ok Friðleifr; þeir váru hermenn miklir. Hálfðan var ellri ok 10 fyrir þeim um alt; hann fór með her sinn til Svíþjóðar á hendr Auni konungi, ok áttu þeir orrostur nokkurar ok hafði Hálfðan jafnan sigr ok at lykðum flýði Aun konungr í Vestra-Gautland. Þá hafði hann verit konungr yfir Upsǫlum xx. vetr; hann var ok í Gautlandi xx. vetr, meðan Hálfðan konungr var at Upsǫlum. 15 Hálfðan konungr varð sótt dauðr at Upsǫlum ok en hann þar heygðr. Eptir þat kom Aun konungr enn til Upsala, þá var hann lx.; þá gerði hann blót mikit ok blét til langlífis sér ok gaf Óðni son sinn ok var honum blótinn. Aun konungr fekk andsvǫr af Óðni, at hann skyldi enn lifa lx. vetr. Aun var þá 20 enn konungr at Upsǫlum xx. vetr. Þá kom Áli inn frœkni með her sinn til Svíþjóðar, sonr Frilleifs, á hendr Auni konungi, ok áttu þeir orrostur, ok hafði Áli jafnan sigr; þá flýði Aun konungr í annat sinn ríki sitt ok fór í Vestra-Gautland. Áli var konungr at Upsǫlum xx. vetr, áðr Starkaðr inn gamli drap 25 hann. Eptir fall Ála fór Aun konungr aprt til Upsala ok réð þá ríkinu enn xx. vetr. Þá gerði hann blót mikit ok blótaði ǫðrum syni sínum; þá sagði Óðinn honum, at hann skyldi æ lifa, meðan hann gæfi Óðni son sinn it tíunda hvert ár, ok þat með, at hann skyldi heiti gefa nokkuru heraði í landi sínu eptir tǫlu 30 sona sinna, þeirra er hann blótaði til Óðins. En þá er hann hafði blótat vii. sonum sínum, þá lifði hann x. vetr, svá at hann mátti ekki ganga; var hann þá á stóli borinn; þá blótaði hann inum viii. syni sínum, ok lifði hann þá enn x. vetr ok lá þá í kǫr; þá blótaði hann inum ix. syni sínum ok lifði þá 35 enn x. vetr; þá drakk hann horn sem lébarn. Þá átti Aun einn son eptir ok vildi hann þá blóta þeim, ok þá vildi hann gefa Óðni Upsali ok þau heruð, er þar liggja til, ok láta kalla þat Tíundaland; Svíar þǫnnuðu honum þat, ok varð þá ekki



blót. Síðan andaðisk Aun konungr, ok er hann heygðr at Upsqlum. Þat er síðan kǫlluð Anasótt, ef maðr deyr verklauss af elli. Svá segir Þjóðólfr:

- |     |                |                  |
|-----|----------------|------------------|
| 19. | Knátti endr    | mækis hlut       |
| 57  | at Upsqlum     | enn mjóvara,     |
| 4   | ánasótt        | es okhreins      |
| 3   | Aun of standa, | óttunga hrjóðr   |
|     | ok þrálífr     | lǫgðis odd       |
|     | þiggja skyldi  | liggjandi drakk; |
| 10  | jóðs alað      | máttit hárr      |
| 1   | ǫðru sinni.    | hjarðar mæki     |
| 20. | Ok sveiðurs    | austrkonungr     |
|     | at sér hverði  | upp of halda.    |

### K. 26. Dauði Egils konungs.

- 15 Egill hét sonr Auns ins gamla, er konungr var eptir fǫður sinn í Svíþjóð; han var engi hermaðr ok sat at lǫndum í kyrrsæti. Tunni hét þræll hans, er verit hafði með Aun inum gamla, féhirðir hans. En er Aun var andaðr, þá tók Tunni óf lausafjár ok gróf í jørð. En er Egill var konungr, þá setti
- 20 hann Tunna með þrælum ǫðrum; hann kunni því stórilla ok hljóp í brot ok með honum margir þrælar, ok tóku þá upp lausaféit, er hann hafði fólgit; gaf hann þat mǫnnum sínum, en þeir tóku hann til hǫfðingja; síðan dreif til hans mart illþýðisfólk, lágu úti á mǫrkum, stundum hljópu þeir í heruð
- 25 ok ræntu menn eða drápu. Egill konungr spurði þetta ok fór leita þeira með liði sínu. En er hann hafði tekit sér náttstað á einni nótt, þá kom þar Tunni með liði sínu ok hljóp á þá óvara ok drápu lið mikit af konungi. En er Egill konungr varð varr við ófrið, þá snørisk hann til viðtǫku, setti upp merki sitt, en
- 30 lið flýði mart frá honum. Þeir Tunni sóttu at djarfliga; sá þá Egill konungr engan annan sinn kost, en flýja; þeir Tunni ráku þá flóttann alt til skógar; síðan fóru þeir aptr í byggðina, herjuðu ok ræntu ok fengu þá enga mótstöðu. Fé þat alt, er Tunni tók í heraðinu, gaf hann liðsmǫnnum sínum; varð hann
- 35 af því vinsæll ok fjǫlmennr. Egill konungr samnaði her ok fór til orrostu í móti Tunna; þeir þǫrðusk ok hafði Tunni sigr, en Egill flýði ok lét lið mikit. Þeir Egill konungr ok Tunni áttu viii. orrostur, ok hafði Tunni sigr í ǫllum. Eptir þat flýði Egill konungr landit ok út í Danmǫrk á Selund til Fróða ins frækna. Hann hét Fróða konungi til liðs skatti af Svíum; þá
- 40

fekk Fróði honum her ok kappa sína. Fór þá Egill konungr til Svíþjóðar; en er Tunni spyr þat, fór hann í móti honum með sitt lið; varð þá orrosta mikil; þar fell Tunni, en Egill konungr tók þá við ríki sínu; Danir fóru aptr. Egill konungr sendi Fróða konungi góðar gjafar ok stórar á hverjum misserum, 5 en galt engan skatt Dönum, ok helzk þó vinfengi þeira Fróða. Síðan er Tunni fell, réð Egill konungr ríkinu iii. vetr. Þat varð í Svíþjóð, at griðungr sá, er til blóts var ætlaðr, var gamall ok alinn svá kappsamliga, at hann var mannýgr; en er menn vildu taka hann, þá hljóp hann á skóg ok varð galinn ok var 10 lengi á viðum ok inn mesti spellvirki við menn. Egill konungr var veiðimaðr mikill; hann reið um daga optliga á markir dýr at veiða. Þat var eitt sinn, at hann var riðinn á veiðar með menn sína; konungr hafði elt dýr eitt lengi ok hleypti eptir í skóginn frá öllum mönnum; þá verðr hann varr við griðunginn 15 ok reið til ok vill drepa hann; griðungr snýr í móti ok kom konungr lagi á hann, ok skar ór spjótit; griðungr stakk hornunum á síðu hestinum, svá at hann fell þegar flatr ok svá konungr; þá hljóp konungr á fœtr ok vill bregða sverði; griðungr stakk þá hornunum fyrir brjóst honum, svá at á kafi stóð; 20 þá kómu at konungs menn ok drápu griðunginn; konungr lifði litla hríð ok er hann heygðr at Upsölum; svá segir Þjóðólfr:

21. Ok lofsæll

ór landi fló  
Týs óttungr  
Tunna ríki,  
en flæming  
farra trjónu  
jötuns eykr  
á Agli rauð.

22. Sás of austr

áðan hafði  
brúna horg  
of borinn lengi,  
en skíðlauss  
skilfinga nið  
hæfis hjörr  
til hjarta stóð.

25

30

## K. 27. Fall Öttars konungs.

Öttarr hét sonr Egils, er ríki ok konungdóm tók eptir hann; hann vingaðisk ekki við Fróða; þá sendi Fróði menn til Öttars konungs at heimta skatt þann, er Egill hafði heitit honum; Öttarr svarar svá, at Svíar hefði aldregi skatt goldit Dönum, 35 segir, at hann myndi ok svá gera; fóru aptr sendimenn. Fróði var hermaðr mikill. Þat var á einu sumri, at Fróði fór með her sinn til Svíþjóðar, gerði þar uprás ok herjaði, drap mart fólk, en sumt hertók hann; hann fekk allmiklit herfang; hann

brendi ok víða byggðina ok gerði it mesta hervirki. Annat sumar fór Fróði konungr at herja í Austrveg; þat spurði Óttarr, at Fróði konungr var eigi í landinu; þá stígr hann á herskip ok ferr út í Danmörk ok herjar þar ok fær enga mótstöðu; 5 hann spyr, at samnaðr mikill var á Selundi, stefnir hann þá vestr í Eyrarsund, siglir þá suðr til Jótlandz ok leggr í Limafjörð, herjar þá á Vendli, brennir þar ok gerir mjök aleyðu. Vottr ok Fasti hétu jarlar Fróða; þá hafði Fróði sett til landvarnar í Danmörk, meðan hann var ór landi. En er jarlar 10 spurðu, at Svíakonungr herjaði í Danmörk, þá samna þeir her ok hlaupa á skip ok sigla suðr til Limafjarðar, koma þar mjök á óvart Óttari konungi, leggja þegar til orrostu; taka Svíar vel í mót; fellr lið hvárra tveggju, en svá sem lið fell af Dönum, kom annat meira þar ór heruðum, ok svá var til lagt öllum 15 þeim skipum, er í nánd váru; lýkr svá orrostu, at þar fell Óttarr konungr ok mestr hluti liðs hans; Danir tóku lík hans ok fluttu til landz ok lögðu upp á haug einn, létu þar rífa dýr ok fugla hræin. Þeir gera trékráku eina ok senda til Svíþjóðar ok segja, at eigi var meira verðr Óttarr konungr þeira. Þeir kpluðu 20 síðan Óttar vendilkráku. Svá segir Þjóðólfr:

23. Fell Óttarr  
und ara greipar,  
dugandligr,  
fyr Dana vópnum,  
25 þann hergammr  
hrægum fœti,  
víts borinn,  
á Vendli sparn.

24. Þau frák verk  
Váts ok Fasta  
scenskri þjóð  
at sögum verða,  
at eylands  
jarlar Fróða  
vígfrömuð  
of veginn hqfðu.

#### K. 28. Kvánfang Aðils konungs.

30 Aðils hét sonr Óttars konungs, er konungdóm tók eptir hann; hann var lengi konungr ok mjök auðigr. Var hann ok nokkur sumur í víking; Aðils konungr kom með her sinn til Saxlandz; þar réð fyrir konungr, er Geirþjófr hét, en kona hans hét Álof in ríka; ekki er getit barna þeira; konungr var eigi 35 í landinu. Aðils konungr ok menn hans runnu upp til konungs bæjar ok ræntu þar, sumir reka ofan hjörð til strandarhöggs; hjarðarinnar hafði gætt ánauðigt fólk, karlar ok konur, ok hqfðu þeir þat alt með sér. Í því liði var mæR ein undarlíga fqr; sú nefndisk Yrsa. Fór þá Aðils konungr heim með herfang.

Yrsa var ekki með ambáttum; brátt fannsk þat, at hon var vitr ok vel orðum farin ok allra hluta vel kunnandi; fannsk mǫnnum mikit um hana ok þó konungi mest; kom þá svá, at Aðils gerði brullaup til hennar; var þá Yrsa drótning í Svíþjóð ok þótti hon inn mesti skǫrungr.

5

## K. 29. Dauði Aðils konungs.

Helgi konungr Hálfðanarson réð þá fyrir Hleiðru; hann kom til Svíþjóðar með her svá mikinn, at Aðils konungr sá engan annan sinn kost, en flýja undan. Helgi konungr gekk þar á land með her sinn ok herjaði, fekk mikit herfang; hann tók höndum Yrsu drótning ok hafði með sér til Hleiðrar ok gekk at eiga hana; þeira sonr var Hrólfur kraki. En er Hrólfur var þrúvetr, þá kom Álof drótning til Danmerkr; sagði hon þá Yrsu, at Helgi konungr, maðr hennar, var faðir hennar, en Álof móðir hennar. Fór þá Yrsa aptr til Svíþjóðar til Aðils ok var þar drótn- ing, meðan hon lifði síðan. Helgi konungr fell í hernaði. Hrólfur kraki var þá viii. vetra ok var þá til konungs tekinn at Hleiðru. Aðils konungr átti deilur miklar við konung þann, er Áli hét inn uplenzki; hann var ór Nóregi. Þeir átti orrostu á Vænis ísi; þar fell Áli konungr, en Aðils hafði sigr; frá þessari orrostu er langt sagt í Skjöldunga sögu, ok svá frá því, er Hrólfur kraki kom til Upsala til Aðils. Þá sori Hrólfur kraki gullinu á Fýrisvöllu. Aðils konungr var mjök kær at góðum hestum; hann átti ina beztu hesta í þann tíma; Slöngvir hét hestr hans, en annarr Hrafn; þann tók hann af Ála dauðum, ok var þar undir alinn annarr hestr, er Hrafn hét; þann sendi hann til Hálogalandz Goðgesti konungi; þeim reið Goðgestur ok fekk eigi stöðvat, áðr hann fell af baki ok fekk bana; þat var í Qmð á Hálogalandi. Aðils konungr var at dísablóti ok reið hesti um dísarsalinn; hestrinn drap fótum undir honum ok fell ok konungr af fram, ok kom höfuð hans á stein, svá at haussinn brotnaði, en heilinn lá á steininum; þat var hans bani; hann dó at Upsölum ok var þar heygðr; kǫlluðu Svíar hann ríkan konung; svá segir Þjóðólfr:

25. Þat frá k enn,  
at Aðils fjörvi  
vitta véttr  
of við a skyldi,  
ok dáðgjarn  
af drasils bógum

Freys óttungr  
falla skyldi.  
26. Ok við aur  
ægir hjarna  
bragnings burs  
of blandinn varð,

35

ok dáðsæll  
deyja skyldi

Ála dolgr  
at Upsöllum.

K. 30. Fall Hrólfs kraka.

Eysteinn hét sonr Aðils, er þar næst réð Svíaveldi. Á hans  
5 dögum fell Hrólfr kraki at Hleiðru. Í þann tíma herjuðu  
konungar mjök í Svíaveldi bæði Danir ok Norðmenn. Váru  
margir sækonungar, þeir er réðu liði miklu ok áttu engi lönd;  
þótti sá einn með fullu mega heita sækonungr, er hann svaf  
aldregi undir sótkum ási ok drakk aldregi at arinshorni.

10 K. 31. Dauði Sölvu konungs.

Sölvi hét sækonungr, sonr Högna í Njarðey, er þá herjaði í  
Austrveg; hann átti ríki á Jótlandi. Hann hélt liði sínu til  
Svíþjóðar; þá var Eysteinn konungr á veizlu í heraði því, er  
Lófund hét; þar kom Sölvi konungr á óvart um nótt ok tók hús  
15 á konungi ok brendi hann inni með hirð sína alla. Þá ferr Sölvi  
til Sigtúna ok beiðir sér konungsnafns ok viðrtöku, en Svíar  
samna her ok vilja verja land sitt, ok varð þar orrosta svá mikil,  
at þat er sagt, at eigi sleit á xi. dögum; þar fekk Sölvi konungr  
sigr, ok var hann þá konungr yfir Svíaveldi langa hríð, til þess  
20 er Svíar sviku hann, ok var hann þar drepinn. Svá segir Þjóðólfr:

27. Veitk Eysteins

enda folginn

lokins lífs

á Lófund,

25 ok sikling

með Svíum kóðu

józka menn

inni brenna.

28. Ok bitsótt

í brandnói

hlíðar þangs

á hilmirann,

þás timbrfastr

toptar nokkvi,

flotna fullr,

of fylki brann.

K. 32. Dráp Yngvars konungs.

30 Yngvarr hét sonr Eysteins konungs, er þá var konungr yfir  
Svíaveldi. Hann var hermaðr mikill ok var opt á herskipum,  
þvíat þá var áðr Svíaríki mjök herskátt bæði af Dönum ok  
Austrvegs-mönnum. Yngvarr konungr gerði frið við Dani, tók  
þá at herja um Austrvegu. Á einu sumri hafði hann her úti ok  
35 fór til Eistlandz ok herjaði þar um sumarit, sem hét at Steini;  
þá kómu Eistr ofan með mikinn her ok áttu þeir orrostu; var  
þá landherrinn svá drjúgr, at Svíar fengu eigi mótstöðu; fell

þá Yngvarr konungr, en lið hans flýði; hann er heygðr þar við sjá sjálfan; þat er á Aðalsýslu; fóru Svíar heim eptir ósigr þenna; svá segir Þjóðólfr:

29. Þat stókk upp,	herr eistneskr	
at Yngvari	at hilmi vá,	5
Sýslu kind	ok austmarr	
of sóit hafði;	jǫfri sænskum	
ljóshomum	Gymis ljóð	
við lagar hjarta	at gamni kveðr.	

## K. 33. Frá Qnundi konungi.

10

Qnundr hét sonr Yngvars, er þar næst tók konungdóm í Svíþjóð; um hans daga var friðr góðr í Svíþjóð, ok varð hann mjök auðigr at lausafé. Qnundr konungr fór með her sinn til Eistlandz at hefna fœður síns, gekk þar upp með her sinn ok herjaði víða um landit ok fekk herfang mikit, ferr aptr um haustit til Svíþjóðar. Um hans daga var ár mikit í Svíþjóð; Qnundr var allra konunga vinsælstr. Svíþjóð er markland mikit, ok liggja þar svá eyðimerkr, at margar dagleiðir eru yfir. Qnundr konungr lagði á þat kapp mikit ok kostnað, at ryðja markir ok byggva eptir ruðin; hann lét ok leggja vegu yfir eyðimerkr ok funnusk þá víða í mörkunum skóglaus lönð, ok byggðusk þar þá stór heruð; varð af þessum hætti land byggt, þviat landzfólkit var gnógt til byggðarinnar. Qnundr konungr lét brjóta vegu um alla Svíþjóð bæði um markir ok mýrar ok fjallvegu; fyrir því var hann Braut-Qnundr kallaðr. Qnundr konungr setti bú sín í hvert stórherað á Svíþjóð, ok fór um alt landit at veizlum.

## K. 34. Uphaf Ingjalz illráða.

Braut-Qnundr átti son, er Ingjaldr hét. Þá var konungr á Fjadrýndalandi Yngvarr; hann átti sonu tvá við konu sinni, hét annarr Álfr, en annarr Agnarr; þeir váru mjök jafnaldrar Ingjalz. Víða um Svíþjóð váru í þann tíma heraðskonungar. Braut-Qnundr réð fyrir Tíundalandi; þar eru Upsalir; þar er allra Svía þing; váru þar þá blót mikil; sóttu þannug margir konungar; var þat at miðjum vetri. Ok einn vetr, þá er fjölment var komit til Upsala, var þar Yngvarr konungr ok synir hans; þeir váru vi. vetra gamlir. Álfr, sonr Yngvars konungs, ok Ingjaldr, sonr Qnundar konungs, þeir eflðu til sveinaleiks, ok skyldi hvárr ráða fyrir sínu liði; ok er þeir lékusk viðr, var

Ingjaldr ósterkari en Álfr, ok þótti honum þat svá ilt, at hann grét mjök; ok þá kom til Gautviðr, fóstbróðir hans, ok leiddi hann í brot til Svipdags blinda, fóstfróður hans, ok sagði honum, at illa hafði at farit, ok hann var ósterkari ok óprótkari í 5 leiknum, en Álfr, sonr Yngvars konungs; þá svaraði Svipdagr, at þat væri mikil skömm; annan dag eptir lét Svipdagr taka hjarta ór vargi ok steikja á teini, ok gaf síðan Ingjaldi konungs- syni at eta, ok þaðan af varð hann allra manna grimmastr ok verst skaplundaðr. Ok er Ingjaldr var roskinn, þá bað Qnundr 10 konu til handa honum, Gauthildar, dóttur Algauta konungs, hann var sonr Gautreks konungs ins milda, sonar Gauts, er Gautland er við kent; Algautr konungr þóttisk vita, at hans dóttir myndi vel gipt, ef hon væri syni Qnundar konungs, ef hann hefði skaplyndi fróður síns, ok var send mærin til Svíþjóðar ok gerði 15 Ingjaldr brullaup til hennar.

#### K. 35. Dauði Qnundar.

Qnundr konungr fór milli búa sinna á einu hausti með hirð sína, ok fór þangat, sem kallat er Himinheiðr; þat eru fjalldalir nokkurir þröngvir, en há fjöll tveim megin. Þá var mikit regn, 20 en áðr hafði snæ lagt á fjöllin; þá hljóp ofan skriða mikil með grjóti ok leiri; þar varð fyrir Qnundr konungr ok lið hans, fær konungr bana ok mart lið með honum; svá segir Þjóðólfr:

30.	Varð Qnundr	heipt hrísungs
	Jónakrs bura	at hendi kom,
25	harmi heptr	ok sá frömuðr
	und Himinfjöllum,	foldar beinum
	ok ofvæg	Hogna hrörs
	Eistra dolgi	of horfinn vas.

#### K. 36. Brenna at Upsölum.

Ingjaldr, sonr Qnundar konungs, var konungr at Upsölum. 30 Upsala-konungar váru ættir konunga í Svíþjóð, þá er þar váru margir heraðskonungar, frá því er Óðinn var höfðingi í Svíþjóð: váru einvaldzhöfðingjar þeir, er at Upsölum sátu, um alt Svíaveldi, til þess er Agni dó, en þá kom ríkit fyrst í bræðraskipti, 35 svá sem fyrr er ritit, en síðan dreifðisk ríki ok konungdómr í ættir, svá sem þær greindusk, en sumir konungar ruddu marklond stór ok byggðu þar ok jóku þannug ríki sitt. En þá er Ingjaldr tók ríkit ok konungdóm, váru margir heraðskonungar, sem fyrr

er ritit. Ingjaldr konungr lét búa veizlu mikla at Upsalum ok ætlaði at erfa Qnund konung, fōður sinn; hann lét búa sal einn, engum mun minna eða óvegligra, en Upsalr var, er hann kallaði vii-konungasal; þar váru í gǫr vii. háseti. Ingjaldr konungr sendi menn um alla Svíþjóð ok bauð til sín konungum ok jǫrlum 5 ok ǫðrum merkismǫnnum; til þess erfis kom Algautr konungr, mágr Ingjaldz, ok Yngvarr konungr af Fjadrýndalandi ok synir hans tveir, Agnarr ok Álfr, Sporsnjallr konungr af Næríki, Sigverkr konungr af Attundalandi; Granmarr konungr af Suðr-mannalandi var eigi kominn. Þar var vi. konungum skipat í inn 10 nýja sal; var þá eitt háseti autt, þat er Ingjaldr konungr hafði búa látit. Öllu liði því, er til var komit, var skipat í inn nýja sal. Ingjaldr konungr hafði skipat hirð sinni ok öllu liði sínu í Upsal. Þat var siðvenja í þann tíma, þar er erfi skyldi gera eptir konunga eða jarla, þá skyldi sá, er gerði ok til arfs skyldi 15 leiða, sitja á skǫrinni fyrir hásetinu alt þar til er inn væri borit full, þat er kallat var Bragafull; skyldi sá þá standa upp í móti Bragafulli ok strengja heit, drekka af fullit síðan; síðan skyldi hann leiða í háseti, þat sem átti faðir hans; var hann þá kominn til arfs allz eptir hann. Nú var svá hér gǫrt, at þá er Bragafull 20 kom inn, stóð upp Ingjaldr konungr ok tók við einu miklu dýrs-horni; strengði hann þá heit, at hann skyldi auka ríki sitt hálfu í hverja hǫfuðátt eða deyja ella, drakk af síðan af horninu. Ok er menn váru druknir um kveldit, þá mælti Ingjaldr konungr til Fólkvíðar ok Hulvíðar, sona Svípdags, at þeir skyldu vápnask 25 ok lið þeira, sem ætlat var, um kveldit; þeir gengu út ok til ins nýja sals, báru þar eld at, ok því næst tók salrinn at loga, ok brunnu þar inni vi. konungar ok lið þeira alt, ok þeir, er út leituðu, þá váru skjótt drepnir; eptir þetta lagði Ingjaldr konungr undir sik öll þessi ríki, er konungar hǫfðu átt, ok tók 30 skatta af.

## K. 37. Kvánfang Hjörvarðs.

Granmarr konungr spurði þessi tíðendi, ok þóttisk hann vita, at honum myndi slíkr kostr hugaðr, ef hann gyldi eigi varúð við. Þat sama sumar kœmr liði sínu Hjörvarðr konungr, er 35 Ylfingr var kallaðr, til Svíþjóðar, ok lagði í fjörð þann, er Myrkvafjörðr hét. En er Granmarr konungr spyrr þat, sendir hann menn til hans ok býðr honum til veizlu ok öllu liði hans; hann þekðisk þetta, þvíat hann hafði ekki herjat á ríki Granmars



konungs; ok er hann kom til veizlunnar, þá var þar fagnaðr  
 mikill; ok um kveldit, er full skyldi drekka, þá var þat siðvenja  
 konunga, þeira er at lönðum sátu eða veizlum, er þeir létu gera,  
 at drekka skyldi á kveldum tvímenning, hvár sér karlmaðr ok  
 5 kona, svá sem ynnisk, en þeir sér, er fleiri væri saman. En þat  
 váru víkingalög, þótt þeir væri at veizlum, at drekka sveitar-  
 drykkju. Hásæti Hjörvarðs konungs var búit gagnvart hásæti  
 Granmars konungs, ok sátu allir hans menn á þann pall. Þá  
 mælti Granmarr konungr við Hildigunni dóttur sína, at hon  
 10 skyldi búa sik ok bera ǫl vikingum; hon var allra kvinna fríðust.  
 Þá tók hon silfrkálk einn ok fylði ok gekk fyrir Hjörvarð  
 konung ok mælti: »Allir heilir Ylfingar at Hrólfs minni kraka«,  
 ok drakk af til hálfis ok seldi Hjörvarði konungi. Nú tók hann  
 kálkinn ok hönd hennar með ok mælti, at hon skyldi ganga at  
 15 sitja hjá honum; hon segir þat ekki víkingasið at drekka hjá  
 konum tvímenning. Hjörvarðr lét þess vera meiri ván, at hann  
 myndi þat skipti á gera, at láta heldr víkingalögin ok drekka  
 tvímenning við hana. Þá settisk Hildiguðr hjá honum ok drukku  
 þau bæði saman, ok töludu mart um kveldit. Eptir um daginn,  
 20 er þeir konungar hittusk, Granmarr ok Hjörvarðr, þá hóf  
 Hjörvarðr upp bónorð sitt ok bað Hildigunnar. Granmarr  
 konungr bar þetta mál fyrir konu sína, Hildi, ok aðra ríkismenn,  
 ok sagði, at þeim myndi vera mikit traust at Hjörvarði kon-  
 ungi, ok nú varð rómr at ok þótti þetta ǫllum ráðligt, ok lauk  
 25 svá, at Hildiguðr var fóstnuð Hjörvarði konungi ok gerði hann  
 brullaup til hennar; skyldi þá Hjörvarðr konungr dveljask með  
 Granmar konungi, fyrir því at hann átti engan son til ríkis at  
 varðveita með sér.

### K. 38. Orrosta Ingjaldz konungs ok Granmars.

30 Þat sama haust samnaði Ingjaldr konungr sér liði ok ætlar  
 á hendr þeim mágum; hann hefir her af ǫllum þeim ríkjum, er  
 áðr hafði hann undir sik lagt. Ok er þeir spyrja þat mágar,  
 samna þeir liði í sínu ríki, ok kómr til liðs við þá Högni konungr  
 ok Hildir, sonr hans, er réðu fyrir eystra-Gautlandi. Högni var  
 35 faðir Hildar, er átti Granmarr konungr. Ingjaldr konungr gekk  
 á land með ǫllum her sínum ok hafði lið miklu meira; sígr þá  
 saman orrosta ok er hörð; en er lítila hríð hafði barzk verit, þá  
 flýja þeir höfðingjar, er réðu fyrir Fjaðryndalandi ok Vestr-  
 Gautum ok af Næríki ok Áttundalandi ok allr sá herr, er af

þeim lönðum hafði farit, ok fóru til skipa sinna. Eptir þetta var Ingjaldr konungr staddr nauðuliga ok fekk sár mǫrg ok komsk við þetta á flótta til skipa sinna, en þar fell Svipdagr blindi, fóstri hans, ok synir hans báðir, Gautviðr ok Hulviðr. Ingjaldr konungr fór aprt við svá búit til Upsala ok unði illa sinni ferð, 5 ok þóttisk þat finna, at honum myndi vera herr sá ótrúr, er hann hafði ór sínu ríki, því er hann fekk með hernaði. Eptir þetta var ófriðr mikill millum Ingjaldz konungs ok Granmars konungs. Nú er langar hríðir hafði þannug fram farit, kómu vinir beggja því við, at þeir sættusk, ok lögðu konungar stefnu með sér ok 10 hittusk ok gerðu frið millum sín, Ingjaldr konungr ok Granmarr konungr ok Hjørvarðr konungr, mágr hans; skyldi friðr sá standa millum þeira, meðan þeir lifði iii. konungar; var þat bundit eiðum ok tryggðum. Eptir um várit fór Granmarr konungr til Upsala at blóta, sem siðvenja var til, móti sumri, 15 at friðr væri; fell honum þá svá spánn, sem hann myndi eigi lengi lifa; fór hann þá heim í ríki sitt.

#### K. 39. Dauði Granmars konungs.

Um haustit eptir fór Granmarr konungr ok Hjørvarðr konungr, mágr hans, at taka veizlu í ey þeiri, er Síli hét, at 20 búum sínum, ok þá er þeir váru at veizlunni, kœmr þar Ingjaldr konungr með her sinn á einni nótt ok tók hús á þeim ok brendi þá inni með öllu liði sínu. Eptir þat lagði hann undir sik ríki þat alt, er átt hǫfðu konungar, ok setti yfir hǫfðingja. Hogni konungr ok Hildir, sonr hans, riðu opt upp í Sviaveldi ok drápu 25 menn Ingjaldz konungs, þá er hann hafði sett yfir þat ríki, er átt hafði Granmarr konungr, mágr þeira. Stóð þar langa hríð mikil deila millum Ingjaldz konungs ok Högna konungs. Fekk Hogni konungr þó haldit sínu ríki fyrir Ingjaldi konungi alt til dauðadags. Ingjaldr konungr átti ii. börn við konu sinni ok hét 30 it ellra Ása, en annat Óláfr trételgja, ok sendir Gauthildr, kona Ingjaldz konungs, sveininn til Bófa, fósttra síns, í Vestra-Gautland. Hann var þar upp fœddr ok Saxi, sonr Bófa, er kallaðr var flettir. Þat er søgn manna, at Ingjaldr konungr dræpi xii. konunga ok sviki alla í griðum; hann var kallaðr 35 Ingjaldr inn illráði; hann var konungr yfir mestum hlut Svíþjóðar. Ásu dóttur sína gipti hann Guðrøði konungi á Skáni; hon var skapglík feðr sínum; Ása olli því, er hann drap Hálfðan,

bróður sinn. Hálfðan var faðir Ívars ins víðfaðma. Ása réð ok bana Guðrøði bóanda sínum.

K. 40. Dauði Ingjaldz illráða.

Ívarr inn víðfaðmi kom á Skáni eptir fall Guðrøðar, fōður-  
 5 bróður síns, ok dró þegar her mikinn saman, fór þegar upp á Svíþjóð. Ása in illráða var áðr farin á fundi fōður síns. Ingjaldr konungr var þá staddr á Ræningi at veizlu, er hann spurði, at herr Ívars konungs var þar nær kominn; þóttisk Ingjaldr engan styrk hafa til at berjask við Ívar; honum þótti ok sá sýnn kost, 10 ef hann legðisk á flótta, at hvaðanæva mundu fjandmenn hans at drífa. Tóku þau Ása þat ráð, er frægt er orðit, at þau gerðu fólk alt dauðadrukkit, síðan létu þau leggja eld í hōllina; brann þar hōllin ok alt fólk, þat er inni var, með Ingjaldi konungi; svá segir Þjóðólfr:

15 31. Ok Ingjald  
 ífjörvan trað  
 reyks rōsuðr  
 á Ræningi,  
 þás húspjófr  
 20 hyrjar leistum  
 goðkynning  
 í gōgnum sté.

32. Ok sá urðr  
 allri þjóðu  
 sanngörvastr  
 með Svíum þótti,  
 es hann sjalfr  
 sínu fjörvi  
 frœknu fyrstr  
 of fara skyldi.

K. 41. Frá Ívari víðfaðma.

Ívarr víðfaðmi lagði undir sik alt Svíaveldi; hann eignaðisk  
 25 ok alt Danaveldi ok mikinn hlut Saxlandz ok alt Austrríki ok inn v. hlut Englandz. Af hans ætt eru síðan komnir Danakonungar ok Svíakonungar, þeir er þar hafa einvald haft. Eptir Ingjald illráða hvarf Upsala-veldi ór ætt Ynglinga þat er langfeðgum mætti telja.

K. 42. Frá Óláfi trételgju.

Óláfr, sonr Ingjaldz konungs, þá er hann spurði fráfall  
 tōður síns, þá fór hann með þat lið, er honum vildi fylgja, þvíat  
 allr múgr Svía hljóp upp með einu samþykki at rækja ætt  
 Ingjaldz konungs ok alla hans vini. Óláfr fór fyrst upp á Næríki;  
 35 en er Svíar spurðu til hans, þá mátti hann ekki þar vera. Fór hann þá vestr markleiði til ár þeirar, er norðan fellr í Væni ok Elfr heitir; þar dveljask þeir, taka þar at ryðja mörkina ok

brenna ok byggva síðan; urðu þar brátt stór heruð; kolluðu þeir þat Vermaland; þar váru góðir landzkostir. En er spurðisk til Óláfs í Svíþjóð, at hann ryðr markir, kolluðu þeir hann trételgju, ok þótti hæðiligt hans ráð. Óláfr fekk þeirar konu, er Sólveig hét eða Sólva, dóttir Hálfðanar gulltannar vestan af Sóleyjum. 5 Hálfðan var sonr Sólva Sólvarssonar, Sólvasonar ins gamla, er fyrstr ruddi Sóleyjar. Móðir Óláfs trételgju hét Gauthildr, en hennar móðir Alof, dóttir Óláfs ins skygna, konungs af Næríki. Óláfr ok Sólva áttu ii. sonu, Ingjald ok Hálfðan; hann var upp fœddr í Sóleyjum með Sólva móðurbrœðr sínum; hann var kallaðr 10 Hálfðan hvítbeinn.

#### K. 43. Brendr inni Óláfr trételgja.

Þat var mikill mannfjöldi, er útlagi fór af Svíþjóð fyrir Ivári konungi. Þeir spurðu, at Óláfr trételgja hafði landzkosti góða á Vermalandi, ok dreif þannug til hans svá mikill mann- 15 fjöldi, at landit fekk eigi borit; gerðisk þar hallæri mikit ok sultr; kendu þeir þat konungi sínum, svá sem Svíar eru vanir at kenna konungi bæði ár ok hallæri. Óláfr konungr var lítill blótmaðr; þat líkaði Svíum illa ok þótti þaðan mundu standa hallærit; drógu Svíar þá her saman, gerðu fgr at Óláfi konungi ok tóku 20 hús á honum ok brendu hann inni, ok gáfu hann Óðni ok blétu honum til árs sér; þat var við Væni; svá segir Þjóðólfr:

33. Ok við vág	sonr Fornjóts	
hinns viðjar . . .	af Svía jofri.	
hræ Áleifs	Sá áttkonr	25
qlgylðir svalg,	frá Upsqlum	
ok glóðfjalgr	Lofða kyns	
gqrvar leysti	fyr lqngu hvarf.	

Þeir er vitrari váru af Svíum fundu þá, at þat olli hallærinu, at mannfólkit var meira, en landit mætti bera, en konungr hafði 30 engu um valdit. Taka nú þat ráð, at fara með herinn allan vestr yfir Eiðaskóg, ok koma fram í Sóleyjum mjök á óvart; þeir drápu Sólva konung ok tóku hqndum Hálfðan hvítbein; þeir taka hann til hqðingja yfir sik ok gefa honum konungs-nafn. Lagði hann þá undir sik Sóleyjar; síðan fór hann með herinn út á 35 Raumaríki ok herjar þar ok fekk fylki þat af hernaði.

## K. 44. Frá Hálfðani.

Hálfðan hvítbeinn var konungur ríkr; hann átti Ásu, dóttur Eysteins ins harðráða Uplendinga-konungs; hann réð fyrir Heiðmörk. Þau Hálfðan áttu ii. sonu, Eystein ok Guðrøð. Hálfðan 5 eignaðisk mikit af Heiðmörk ok Þótni ok Haðaland ok mikit af Vestfold. Hann varð gamall maðr; hann varð sóttþauðr á Þótni ok var síðan fluttr út á Vestfold ok heygðr þar, sem hét Skereið í Skíringssal; svá segir Þjóðólfr:

	34. Þat frá hverr,	þjóðkonung
10	at Hálfðanar	á Þótni tók.
	sökmiðlendr	Ok Skereið
	sakna skyldu,	í Skíringssal
	ok hallvarps	of brynjalfs
	hlífinauma	beinum drúpir.

## 15 K. 45. Frá Ingjalði.

Ingjaldr, bróðir Hálfðanar, var konungur í Vermalandi, en eptir dauða hans lagði Hálfðan konungur Vermaland undir sik ok tók skatta af ok setti þar jarla yfir, meðan hann lifði.

## K.46. Dauði Eysteins konungs.

20 Eysteinn, sonr Hálfðanar hvítbeins, er konungur var eptir hann á Raumaríki ok á Vestfold, hann átti Hildi, dóttur Eiríks Agnarssonar, er konungur var á Vestfold. Agnarr, faðir Eiríks, var sonr Sigtryggs konungs af Vindli. Eiríkr konungur átti engan son; hann dó, þá er Hálfðan konungur hvítbeinn lifði. Tóku þeir 25 feðgar, Hálfðan ok Eysteinn, þá undir sik alla Vestfold; réð Eysteinn Vestfold, meðan hann lifði. Þá var sá konungur á Vornu, er Skjöldr hét; hann var allmjök fjölkunnigr. Eysteinn konungur fór með herskip nokkur yfir á Vornu ok herjaði þar, tók slíkt, er fyrir varð, klæði ok aðra gripi ok gögn bóanda, ok 30 hjoggu strandhogg; fóru í brot síðan. Skjöldr konungur kom til strandar með her sinn, var Eysteinn konungur þá í brottu ok kominn yfir fjörðinn, ok sá Skjöldr segl þeira; þá tók hann mottul sinn ok veifði ok blés við; þá er þeir siglðu inn um Jarlsey, sat Eysteinn konungur við stýri; skip annat siglði nær 35 þeim; báruskot nokkut var í; laust beitiássinn af qöru skipi konung fyrir borð; þat var hans bani. Menn hans náðu líkinu;

var þat flutt inn á Borró, ok orpinn haugr eptir á røðinni út við sjá við Vøðlu; svá segir Þjóðólfr:

35. En Eysteinn	rekks løðuðr	
fyr ási fór	á raðar broddi,	
til Býleists	þars élkaldr	5
bróður meyjar,	hjá jøfur gauzkum	
ok nú liggr	Vøðlu straumr	
und lagar beinum	at vági kømr.	

#### K. 47. Dauði Hálfðanar konungs.

Hálfðan hét sonr Eysteins konungs, er konungdóm tók eptir 10 hann; hann var kallaðr Hálfðan inn mildi ok inn matarilli; svá er sagt, at hann gaf þar í mála mǫnnum sínum jammarga gullpenninga, sem aðrir konungar silfrpenninga, en hann sveltí menn at mat. Hann var hermaðr mikill ok var lǫngum í víkingu ok fekk sér fjár. Hann átti Hlíf, dóttur Dags konungs af Vest- 15 mǫrum. Holtar á Vestfold var hǫfuðbær hans; þar varð hann sótt dauðr ok er hann heygðr á Borró; svá segir Þjóðólfr:

36. Ok til þings	norna dóms	
þriðja jøfri	of notit hafði.	
hveðrungs mær	Ok buðlung	20
ór heimi bauð,	á Borrói	
þás Hálfðanr,	sigrhafendr	
sás Holtum bjó,	síðan fǫlu.	

#### K. 48. Dauði Guðrøðar.

Guðrøðr hét sonr Hálfðanar, er konungdóm tók eptir hann; 25 hann var kallaðr Guðrøðr inn gøfugláti, en sumir kǫlluðu hann veiðikonung. Hann átti þá konu, er Álfhildr hét, dóttir Alfarins konungs ór Álfheimum, ok hafði með henni hálfu Vingulmǫrk; þeira sonr var Óláfr, er síðan var kallaðr Geirstaðaálfr. Álfheimar 30 vǫru þá kallaðir millum Raumelfar ok Gautelfar. En er Álfhildr var ǫnduð, þá sendi Guðrøðr konungr menn sína vestr á Agðir til konungs þess, er þar réð fyrir; sá er nefndr Haraldr inn granrauði; skyldu þeir biðja Ásu, dóttur hans, til handa konungi, en Haraldr synjaði. Kómu sendimenn aprt ok sǫgðu konungi sitt erendi. En nǫkkurri stundu síðarr skaut Guðrøðr konungr 35

skipum á vatn, fór síðan með liði miklu út á Agðir, kom mjök á óvart ok veitti uprás, kom um nótt á bæ Haraldz konungs; en er hann varð varr við, at herr var kominn á hendr honum, þá gekk hann út með þat lið, sem hann hafði; varð þar orrosta, ok liðsmunr mikill. Par fell Haraldr ok Gyrdr, sonr hans; tók Guðrøðr konungr herfang mikit; hann hafði heim með sér Ásu, dóttur Haraldz konungs, ok gerði brullaup til hennar; þau áttu son, er Hálfðan hét; en þá er Hálfðan var vetrgamall, þat haust fór Guðrøðr konungr at veizlum; hann lá með skipi sínu í Stíflusundi; váru þar drykkjur miklar; var konungr mjök drukkinn; ok um kveldit, er myrkt var, gekk konungr af skipi; en er hann kom á bryggjusporð, þá hljóp maðr at honum ok lagði spjóti í gognum hann; var þat hans bani; sá maðr var þegar drepinn. En um morguninn eptir, er ljóst var, þá var maðr sá kendr, var þat skósveinn Ásu drótningar; dulði hon þá ekki, at þat váru hennar ráð; svá segir Þjóðólfr:

<p>37. Varð Guðrøðr, enn gofugláti, lómi beitr, 20 sás lǫngu vas, ok umbrǫð, at qlum stilli, hofuð heiptrækt at hilmí dró.</p>	<p>38. Ok launsigr enn lómgeði Ósu órr af jǫfri bar, ok buðlungr á beði fornum Stíflusunds of stunginn vas.</p>
--	---

25 K. 49. Dauði Óláfs konungs.

Óláfr tók konungdóm eptir fǫður sinn; hann var ríkr maðr ok hermaðr mikill; hann var allra manna fríðastr ok mestr vexti. Hann hafði Vestfold, þviat Álfgeirr konungr tók þá undir sik Vingulmǫrk alla; setti hann þar yfir Gandálf, son sinn. Þá gengu þeir feðgar mjök á Raumaríki ok eignuðusk mestan hlut þess ríkis ok fylkis. Hǫgni hét sonr Eysteins ins ríka Uplendingakonungs; hann lagði þá undir sik Heiðmǫrk alla ok Þótn ok Haðaland. Þá hvarf ok undan þeim Guðrøðar-sonum Vermaland, ok snørusk þeir þá at skattgjǫfum til Svía-konungs. Óláfr var þá á tvítǫgsaldri, er Guðrøðr andaðisk; en er Hálfðan, bróðir hans, gekk til ríkis með honum, þá skiptu þeir ríkinu með sér; hafði Óláfr inn vestra hlut, en Hálfðan inn syðra. Óláfr konungr hafði atsetu á Geirstøðum; hann tók fótarverk ok andaðisk þar af, ok er hann heygðr á Geirstøðum; svá segir Þjóðólfr:

39. Ok niðkvísl  
 í Nóregi  
 þróttar Þrós  
 of þróazk hafði;  
 réð Aleifr  
 Ofsa forðum  
 víðri grund  
 ok Vestmari,

40. unz fótverkr  
 við Foldar þrom  
 virða vin  
 of viðá skyldi;  
 liggr gunndjarfr  
 á Geirstoðum  
 herkonungr  
 haugi ausinn.

5

## K. 50.

Rognvaldr hét sonr Óláfs konungs, er konungr var á Vest- 10  
 fold eptir föður sinn; hann var kallaðr heiðum-hæri; um hann  
 orti Þjóðólfr inn hvinverski Ynglingatal; þar segir hann svá:

41. Þat veitk bazt  
 und blóum himni  
 kenninafn,  
 svát konungr eigi,

es Rognvaldr  
 reiðar stjóri  
 heiðum-hárr  
 of heitinn es.

15



## Saga Hálfðanar svarta.

### K. 1. Hálfðan bersk við Gandálf ok Sigtrygg.

Hálfðan var vetrgamall, þá er faðir hans fell. Ása, móðir hans, fór þegar með hann vestr á Agðir ok settisk þar þegar til ríkis þess, er átt hafði faðir hennar. Þar óx upp Hálfðan ok var  
5 brátt mikill ok sterkr ok svartr á hár; hann var kallaðr Hálfðan svarti. Þá var hann xviii. vetra, er hann tók konungdóm á Qgðum; fór hann þegar á Vestfold ok skipti ríki við Ólaf, bróður sinn. Sama haust fór hann með her á Vingulmörk á hendr Gandálfi konungi, ok áttu þeir margar orrostur ok höfðu ýmsir  
10 sigr, en at lykðum sættusk þeir, skyldi Hálfðan hafa Vingulmörk hálfá, sem áðr hafði haft Guðrøðr, faðir hans. Eptir þat fór Hálfðan konungr upp á Raumaríki ok lagði undir sik. Þat spurði Sigtryggr konungr, sonr Eysteins konungs; hann hafði atsetu á Heiðmörk ok hafði áðr Raumaríki undir sik lagt. Fór þá  
15 Sigtryggr konungr með her móti Hálfðani konungi ok var þar orrosta mikil ok hafði Hálfðan sigr; en er flótti brast, þá var Sigtryggr konungr lostinn qru undir höndina vinstri, ok fell hann þar. Síðan lagði Hálfðan undir sik alt Raumaríki. Eysteinn hét annarr sonr Eysteins konungs, bróðir Sigtryggs konungs;  
20 hann var þá konungr á Heiðmörk. En er Hálfðan var farinn út á Vestfold, þá fór Eysteinn konungr með her sinn út á Raumaríki, lagði þar þá víða land undir sik.

### K. 2. Orrosta Hálfðanar ok Eysteins.

Hálfðan svarti spurði, at ófriðr var á Raumaríki; dró hann  
25 þá her saman ok fór til móts við Eysteinn konung, ok áttu þeir orrostu, ok hafði Hálfðan sigr, en Eysteinn flýði upp á Heiðmörk. Hálfðan konungr fór með her sinn eptir honum upp á Heiðmörk, ok áttu þeir aðra orrostu, ok hafði Hálfðan sigr, en Eysteinn flýði norðr í Dala á fund Guðbrandz hersis; hann eflðisk

þaðan at liði, fór síðan um vetrinn út á Heiðmörk; hann hitti Halfðan svarta í eyinni miklu, er liggir í Mjors; áttu þeir þar orrostu; þar fell mikit fólk af hvárum tveggja, ok hafði Hálfðan sigr; þar fell Guthormr, sonr Guðbrandz hersis, er mannvænstr þótti vera á Uplöndum; þá flýði enn Eysteinn norðr í Dala. Þá 5 sendi hann Hallvarð skálk, frænda sinn, til Hálfðanar konungs, at leita um sættir; en fyrir frændsými sakir, þá gaf Hálfðan upp Eysteini konungi hálfra Heiðmörk. Hálfðan lagði undir sik Þótn, ok þar sem Land heitir; þá eignaðisk hann ok Haðaland; var hann þá ríkr konungr. 10

### K. 3. Kvánfang Hálfðanar konungs.

Hálfðan svarti fekk konu, er nefnd er Ragnhildr, dóttir Haraldz gullskeggs; hann var konungr í Sogni. Þau áttu son, er Haraldr konungr gaf nafn sitt, ok fœddisk sá sveinn upp í Sogni með Haraldri konungi móðurfeðr sínum; en er Haraldr var 15 orðinn ørvasi, var hann sonlauss; þá gaf hann Haraldí, dóttur-syni sínum, ríki sitt ok lét hann taka til konungs; litlu síðarr andaðisk Haraldr gullskeggr. Þann sama vetr andaðisk Ragnhildr, dóttir hans; eptir um várit varð sótt dauðr Haraldr konungr ungi í Sogni; hann var þá x. vetra. Þegar er Hálfðan svarti spurði 20 andlát hans, þá byrjar hann ferð sína með liði miklu ok ferr norðr til Sogns; var þar við honum vel tekit; talði hann þar til ríkis ok arfs eptir son sinn, ok var þar engi viðrstaða; lagði hann undir sik ríki þat. Þá kom til hans Atli jarl inn mjóvi af Gaulum; hann var vin Halfðanar konungs; konungr setti Atla 25 jarl yfir Sygnafylki at dœma þar landzlog ok heimta saman skatta. Hálfðan konungr fór þaðan til Uplanda.

### K. 4. Orrosta Hálfðanar ok Gandálfssona.

Hálfðan konungr fór um haustit út á Vingulmörk; þat var á einni nátt, er Hálfðan var á veizlu, at um miðnætti kom til hans 30 sá maðr, er hestvörð hafði haldit, ok sagði honum, at herr var kominn nær böenum; konungr stóð þegar upp ok bað menn vápna sik, gengr þegar út ok fylkir. Því næst kómu þar synir Gandálfs, Hýsingr ok Helsingr, með lið mikit. Varð þar orrosta mikil, en fyrir því, at Hálfðan konungr var ofrliði borinn, þá flýði hann 35 til skógs ok lét mart manna; þar fell Ólvir inn spaki, fósturfaðir Hálfðanar konungs. Eptir þat dreif lið til Hálfðanar konungs, fór hann þá at leita Gandálfssona, ok hittusk á Eiði við Eyja ok

berjask þar; þar fell Hýsingr ok Helsingr, en bróðir þeira, Haki, kom á flóttu. Eptir þat lagði Hálfðan konungr undir sik alla Vingulmörk, en Haki flýði í Álfheima.

K. 5. Hálfðan konungr fekk Ragnhildar.

5 Sigurðr hjörtr er nefndr konungr á Hringaríki, meiri ok sterkari, en hverr maðr annarra; allra manna var hann ok fríðastr sýnum; faðir hans var Helgi inn hvassi, en móðir hans Áslaug, dóttir Sigurðar orms-í-auga Ragnars sonar loðbrókar. Svá er  
 10 í einvígi ok þá xii. saman; mörq vann hann þrekvirki, ok er lönq saga frá honum. Hann átti ii. börn; Ragnhildr hét dóttir hans; hon var allra kvenna sköruligust; hon var þá á tvítøgsaldri, en Guthormr bróðir hennar á ungmennisaldri. En þat er at segja frá dauða Sigurðar, at hann reið einn saman út á eyðimerkr, sem  
 15 vanði hans var til; hann veiddi stór dýr ok mannskœð; lagði hann á þat kapp mikit optliga; en er hann var langa leið riðinn, kom hann fram í ruð nokkur í nánd Haðalandi; þá kom þar móti honum Haki berserkr með xxx. manna; þar þorðusk þeir; fell þar Sigurðr hjörtr, en af Haka xii. menn, en sjálfr hann lét hönq  
 20 sína ok hafði iii. sár önnur. Eptir þat reið Haki til búsq Sigurðar ok tók þar Ragnhildi, dóttur hans, ok Guthorm, bróður hennar, ok hafði braut með sér ok fé mikit ok marga dýrgripi, ok hafði heim á Haðaland; þar átti hann bú stór. Þá lét hann efna til veizlu ok ætlaði at gera brúðlaup til Ragnhildar, en þat dvalðisk,  
 25 fyrir því at sár hans hqfðusk illa. Haki Haða-berserkr lá í sárum um haustit ok öndurðan vetr, en of jól var á Heiðmörk Hálfðan konungr; hann hafði spurt ql þessi tíðendi. Þat var einn morgin snimma er konungr var klæddr, at hann kallaði til sín Hárek gand, sagði, at hann skyldi fara yfir á Haðaland ok  
 30 færa honum dóttur Sigurðar hjartar, Ragnhildi. Hárekr bjósk ok hafði c. manna, stilti svá ferðinni, at þeir kómu yfir vatnit í öttu ok til bæjar Haka, tóku dýr allar á skála, þar er menn sváfu í; síðan gengu þeir til svefnbúrs þess, er Haki lá í, ok brutu upp ok tóku braut Ragnhildi ok Guthorm, bróður hennar,  
 35 ok alt fé þat, er þar var, en þeir brendu skálann ok alla menn, þá er inni váru. Þeir tjölduðu vagn allvegligan ok settu þar í Ragnhildi ok Guthorm, fóru síðan til íssins. Haki stóð upp ok gekk eptir þeim um hríð, en er hann kom at vatsísinum, þá snøri hann niðr hjøltum á sverðinu, en lagðisk á blóðrefilinn ok

stóð sverðit í gognum hann; fekk hann þar bana ok er hann þar heygðr á vatsbakkanum. Hálfðan konungr sá, er þeir fóru um vatsísinn; hann var manna skygnstr; ok hann sá vagn tjaldaðan, ok þóttisk hann vita, at erendi þeira myndi orðit vera, þat sem hann vildi; lét hann þá setja borð sitt ok sendi menn víða um byggðina ok bauð til sín mörgum mönnum, ok var þar þann dag veizla góð, ok at þeiri veizlu fekk Hálfðan Ragnhildar, ok var hon síðan rík drótning. Móðir Ragnhildar var Þýrni, dóttir Klakk-Haraldz konungs af Jótlandi, systir Þýri Danmarkarbótar, er átti Gormr inn gamli, er þá réð Danaveldi.

10

#### K. 6. Frá draumum Ragnhildar.

Ragnhildr drótning dreymði drauma stóra; hon var spök at viti; sá var einn draumr hennar, at hon þóttisk vera stödd í grasgarði sínum ok taka þorn einn ór serk sér, ok er hon helt á, þá óx hann svá, at þat varð teinn einn mikill, svá at annarr endir tók jörð niðr ok varð brátt rótfastr, ok því næst var brátt annarr endir trésins hátt í loptit upp; því næst sýndisk henni treit svá mikit, at hon fekk varla sét yfir upp; þat var furðu digrt; inn nezti hlutr trésins var rauðr sem blóð, en þá leggrinn upp fagrgroenn, en upp til limanna snjóhvítt; þar váru kvistir af trénu margir stórir, sumir ofarr, en sumir neðarr; limar trésins váru svá miklar, at henni þóttu dreifask um allan Nóreg ok enn víðara.

#### K. 7. Draumr Hálfðanar.

Hálfðan konungr dreymði aldri; honum þótti þat undarligt, ok bar þat fyrir þann mann, er nefndr er Þorleifr inn spaki, ok leitaði ráða, hvat at því myndi mega gera. Þorleifr sagði, hvat hann gerði, ef hann forvitnaði at vita nokkurn hlut, at hann færi í svinabœli at sofa, ok brásk honum eigi draumr, — ok konungr gerði þat ok birtisk honum draumr þessi, honum sýndisk, at hann væri allra manna bezt hærðr ok var hár hans alt í lokkum, sumir síðir til jarðar, sumir í miðjan legg, sumir á kné, sumir í mjöðm, sumir miðja síðu, sumir á háls, en sumir ekki meir en sprotnir upp ór hausi sem knýflar, en á lokkum hans var hvers kyns litr, en einn lokkr sigraði alla með fegrð ok ljósleik ok mikilleik. Þorleifi sagði hann þann draum, en hann þýddi svá, at mikill afspringr myndi af honum koma ok myndi sá löndum ráða með miklum veg ok þó eigi allir með jammiklum,

35

en einn myndi sá af hans ætt koma, at öllum myndi meiri ok æðri, ok hafa menn þat fyrir satt, at sá lokkr jartegnði Ólaf konung inn helga. Hálfðan konungr var vitr maðr ok sannenda-  
 maðr til jafnaðar ok setti lög ok helt sjálfr, ok lét aðra halda,  
 5 svá at eigi mætti ofsi steypa lögnum; hann gerði ok sjálfr saktal ok skipaði bótum hverjum eptir sínum burð ok metorðum. Ragnhildr drótning ól son; var sá vatni ausinn ok nefndr Haraldr; hann var brátt mikill ok inn fríðasti; óx hann þar upp ok gerðisk brátt íþróttamaðr mikill, vel viti borinn; móðir hans  
 10 unni honum mikit, en faðir hans minna.

#### K. 8. Stolit vistum.

Hálfðan konungr var á jólavist á Haðalandi. Þar varð undarligr hlutr jólaaptan, þá er menn váru til borða gengnir, ok var þat allmikit fjölmenni, at þar hvarf vist öll af borðum ok alt  
 15 mungát; sat konungr hryggr eptir, en hverr annarra sótti sitt heimili, en til þess at konungr mætti viss verða, hvat þessum atburð olli, þá lét hann taka Finn einn, er margfróðr var, ok vildi neyða hann til saðrar sögu ok pínði hann ok fekk þó eigi af honum. Finnurr hét þannug mjök til hjálpar, er Haraldr var,  
 20 sonr hans, ok Haraldr bað honum eirðar ok fekk eigi, ok hleypði Haraldr honum þó í brot at óvilja konungs ok fylgði honum sjálfr. Þeir kómu þar farandi, er hofðingi einn helt veizlu mikla, ok var þeim at sýn þar vel fagnat, ok er þeir hofðu þar verit til várs, þá var þat einn dag, at hofðinginn mælti til Haraldz: »furðu  
 25 mikit torrek lætr faðir þinn sér at, er ek tók vist nokkura frá honum í vetr; en ek mun þér þat launa með feginsögu. Faðir þinn er nú dauðr ok skaltu nú heim fara, muntu fá ríki þat alt, er hann hefir átt, ok þar með skaltu eignask allan Nóreg«.

#### K. 9. Dauði Hálfðanar svarta.

Hálfðan svartí ók frá veizlu á Haðalandi, ok bar svá til  
 30 leið hans, at hann ók um vatnit Rønd; þat var um vár; þá váru sólbráð mikil; en er þeir óku um Rykinsvík — þar hofðu verit um vetrinn nautabrunnar, en er mykrin hafði fallit á ísinn, þá hafði þar grafit um í sólbráðinu —, en er konungr ók þar um, þá  
 35 þá brast niðr íssinn, ok týndisk þar Hálfðan konungr ok lið mikit með honum; þá var hann fertøgr at aldri; hann hafði verit allra konunga ársælstr. Svá mikit gerðu menn sér um hann, at þá er þat spurðisk, at hann var dauðr, ok lík hans var flutt á Hringa-

ríki ok var þar til graptar ætlat, þá fóru ríkismenn af Raumaríki ok af Vestfold ok Heiðmørk ok beiddusk allir at hafa líkit með sér ok heygja í sínu fylki, ok þótti þat vera árvænt, þeir er næði. En þeir sættusk svá, at líkinu var skipt í fjóra staði, ok var hofuðit lagit í haug at Steini á Hringaríki, en hverir fluttu heim 5 sinn hluta ok heygðu, ok eru þat alt kallaðir Hálfðanar-haugar.

---

## Haraldz saga ins hárfagra.

### K. 1. Haraldr tók konungdóm.

Haraldr tók konungdóm eptir föður sinn; þá var hann x. vetra gamall; hann var allra manna mestr ok sterkastr ok fríðastr sýnum, vitr maðr ok skörungr mikill. Guthormr, móðurbróðir  
5 hans, gerðisk forstjóri fyrir hirðinni ok fyrir öllum landráðum; hann var hertogi fyrir liðinu. Eptir líflát Hálfðanar svarta gengu margir höfðingjar á ríkit, þat er hann hafði leift; var inn fyrsti maðr Gandálfr konungr ok þeir bræðr, Högni ok Fróði, synir Eysteins konungs af Heiðmörk, ok Högni Káruson gekk  
10 víða yfir Hringaríki. Þá byrjar ferð sína Haki Gandálfsson út á Vestfold með cc. manna, ok fór it øfra um dali nokkura ok ætlaði at koma á óvart Haraldri konungi, en Gandálfr konungr sat í Lóndum með her sinn, ok þar ætlaði hann at flytjask yfir fjörðinn á Vestfold. En er þat spyrr Guthormr hertogi, samnar  
15 hann her ok ferr með Haraldri konungi, ok vendir fyrst móti Haka upp á land ok finnask þeir í dal nokkurum; varð þar orrosta ok fekk Haraldr konungr sigr; þar fell Haki konungr ok mikill hluti liðs hans; þar heitir síðan Hakadalr. Eptir þat vanda þeir aptr, Haraldr konungr ok Guthormr hertogi, en þá var  
20 Gandálfr konungr kominn á Vestfold, ok fara nú hvárir móti öðrum, ok er þeir finnask, verðr orrosta hörð; þaðan flýði Gandálfr konungr ok lét mestan hluta liðs síns ok komsk við svá búið í ríki sitt. Ok er þessi tíðendi spyrrja synir Eysteins konungs á Heiðmörk, væntu þeir sér skjótt hers. Þeir gera orð  
25 Högna Kárusyni ok Guðbrandi hersi ok leggja stefnu sína á Heiðmörk á Hringisakri.

### K. 2. Fall Eysteinsona.

Eptir þessar orrostur ferr Haraldr konungr ok Guthormr hertogi ok alt lið þat, er þeir fá, ok vanda til Uplanda ok fara

mjök markleið. Þeir spyrja, hvar Uplendinga-konungar hafa lagt stefnu sína, ok koma þar um miðnætti, ok verða eigi varðmenn fyrr varir við, en lið var komit fyrir þá stofu, er inni var Hogni Káruson, ok svá þá, er Guðbrandr svaf í, ok lögðu eld í hváratveggju, en Eysteinssynir kómusk út með sína menn ok 5 hǫrðusk um hríð ok fellu þar báðir, Hogni ok Fróði. Eptir fall þessa iiii. hǫfðingja eignaðisk Haraldr konungr með krapt ok framkvæmð Guthorms, frænda síns, Hringaríki ok Heiðmǫrk, Guðbrandzdali ok Haðaland, Þótn ok Raumaríki, Vingulmǫrk, allan inn nørðra hlut. Eptir þat hǫfðu þeir Haraldr konungr ok 10 Guthormr hertogi ófrið ok orrostur við Gandálf konung, ok lauk með því, at Gandálf konungr fell í inni síðurstu orrostu, en Haraldr konungr eignaðisk ríki alt suðr til Raumelfar.

### K. 3. Frá Gyðu Eiríksdóttur.

Haraldr konungr sendi menn sína eptir meyju einni, er Gyða 15 er nefnd, dóttir Eiríks konungs af Hǫrðalandi — hon var at fóstri á Valdresí með ríkum bóanda — er hann vildi taka til frillu sér, þvíat hon var allfrið mæð ok heldr stórlát; en er sendimenn kómu þar, þá báru þeir upp erendi sín fyrir meyna; hon svaraði á þessa lund, at eigi vill hon spilla meydómi sínum, til 20 þess at taka til mannz þann konung, er eigi hefir meira ríki, en nǫkkur fylki, til forráða, »en þat þykki mér undarligt, segir hon, er engi er sá konungr, er svá vill eignask Nóreg ok vera einvaldi yfir, sem hefir Gormr konungr at Danmǫrku eða Eiríkr at Upsólum«. Sendimönnum þykkir hon svara furðustórliga ok 25 spyrja hana máls um, hvar til svǫr þessi skulu koma, segja, at Haraldr er konungr svá ríkr, at henni er fullræði í, en þó at hon svari á annan veg þeira erendum, en þeir mundu vilja, þá sjá þeir engan sinn kost til þess at sinni, at þeir mundu hana í brot hafa, nema hennar vili væri til þess, ok búask þeir þá ferðar 30 sinnar. En er þeir eru búnir, leiða menn þá út. Þá mælti Gyða við sendimenn, það þá bera þau orð sín Haraldí konungi, at hon mun því at einu játa at gerask eigin kona hans, ef hann vill þat gera fyrir hennar sakir áðr, at leggja undir sik allan Nóreg ok ráða því ríki jafnfrjálsliga, sem Eiríkr konungr Svía-veldi eða 35 Gormr konungr Danmǫrku, »þvíat þá þykki mér, segir hon, hann mega heita þjóðkonungr«.



## K. 4. Heitstrenging Haraldz konungs.

Sendimenn fara nú aptr til Haraldz konungs ok segja honum þessi orð meyjarinnar ok telja, at hon er furðudjörf ok óvittr, segja þat makligt, at konungr sendi lið mikit eptir henni við  
 5 ósæmð. Þá svarar Haraldr konungr, at eigi hefði þessi mæri illa mælt, eða gort svá, at hefnda væri fyrir vert, það hana hafa mikla þökk fyrir orð sín — »hon hefir mint mik þeira hluta, segir hann, er mér þykkir nú undarligt, er ek hefi eigi fyrr hugleitt«, ok enn mælti hann: »þess strengi ek heit, ok því skýt  
 10 ek til guðs, þess er mik skóp ok öllu ræðr, at aldri skal skera líar mitt né kemba, fyrr en ek hefi eignazk allan Nóreg með sköttum ok skyldum ok forráði, en deyma at öðrum kosti«. Þessi orð þakkaði honum mjök Guthormr hertogi ok lét þat vera konungligt verk at efna orð sín.

## 15 K. 5. Orrosta í Orkadal.

Eptir þetta samna þeir frændr liði miklu ok búa ferð sína á Uplönd ok svá norðr um Dali ok þaðan norðr um Dofrafjall, ok þá er hann kom ofan í byggðina, þá lét hann drepa menn alla ok brenna byggðina; en er fólkit varð þessa víst, þá flýði hverr,  
 20 er mátti, sumir ofan til Orkadals, sumir til Gaulardals, sumir á markir, sumir leituðu gríða, ok þat fengu allir, þeir er á konungs fund kómu, ok gerðusk hans menn. Þeir fengu enga mótstöðu, fyrr en þeir kómu til Orkadals; þar var samnaðr fyrir þeim; þar áttu þeir ina fyrstu orrostu við konung þann, er Grýtingr hét. Haraldr konungr fekk sigr, en Grýtingr var  
 25 handtekinn ok drepit mikit lið af honum, en hann gekk til handa Haraldi konungi ok svarði honum trúnaðareíða. Eptir þat gekk alt fólk undir Harald konung í Orkdælafylki ok gerðusk hans menn.

## 30 K. 6. Landzskipti ok ríkisstjórn.

Haraldr konungr setti þann rétt alt þar, er hann vann ríki undir sik, at hann eignaðisk óðul öll ok lét alla bóendr gjalda sér landskyldir bæði ríka ok óríka; hann setti jarl í hverju fylki, þann er dæma skyldi lög ok landrétt ok heimta  
 35 sakeyri ok landskyldir, ok skyldi jarl hafa þriðjung skatta ok skylda til borðz sér ok kostnaðar. Jarl hverr skyldi hafa undir sér iiii. hersa eða fleiri, ok skyldi hverr þeira hafa xx. marka

veizlu; jarl hverr skyldi fá konungi í her lx. hermanna, en hersir hverr xx. menn. En svá mikit hafði Haraldr konungr aukit álög ok landzskyldir, at jarlar hans höfðu meira ríki, en konungar höfðu fyrrum. En er þetta spurðisk um Prándheim, þá sóttu til Haraldz konungs margir ríkismenn ok gerðusk hans 5 menn.

#### K. 7. Orrosta í Gaulardal.

Þat er sagt, at Hákon jarl Grjótgarðzson kom til Haraldz konungs útan af Yrjum ok hafði lið mikit til fulltings við Harald konung. Eptir þat fór Haraldr konungr inn í Gaulardal 10 ok átti þar orrustu ok feldi þar ii. konunga ok eignaðisk síðan ríki þeira, en þat var Gauldœlafylki ok Strindafylki. Þá gaf hann Hákon jarli yfirsókn um Strindafylki. Eptir þat fór Haraldr konungr inn í Stjóradal ok átti þar ina iii. orrustu ok hafði sigr ok eignaðisk þat fylki. Eptir þat sömnuðusk saman Innþrændir ok váru 15 komnir saman iii. konungar með her sinn; sá einn, er réð Veradal, annarr réð fyrir Skaun, iii. Sparbyggvafylki, iii. af Eynni iðri, sá átti Eynafylki. Þessir iii. konungar fóru með her í mót Haraldí konungi, en hann helt orrostu við þá ok fekk sigr, en þessir konungar fellu sumir, en sumir flýðu. 20 Haraldr konungr átti allz í Prándheimi viii. orrostur eða fleiri, ok at feldum viii. konungum eignaðisk hann allan Prándheim.

#### K. 8. Haraldr vann Naumdœlafylki.

Norðr í Naumudal váru bræðr ii. konungar, Herlaugr ok Hrollaugr. Þeir höfðu verit at iii. sumur at gera haug einn; 25 sá haugr var hlaðinn með grjóti ok lími ok viðum gorr; en er haugrinn var algorr, þá spurðu þeir bræðr þau tíðendi, at Haraldr konungr fór á hendr þeim með her; þá lét Herlaugr konungr aka til vist mikla ok drykk. Eptir þat gekk Herlaugr konungr í hauginn með xii. mann; síðan lét hann kasta aptr 30 hauginn. Hrollaugr konungr fór upp á haug þann, er konungar váru vanir at sitja á, ok lét þar búa konungs háseti ok settisk þar í; þá lét hann leggja dýnur á fótballinn, þar er jarlar váru vanir at sitja; þá veltisk konungr ór hásetinu ok í jarlsseti, ok gaf sér sjálfr jarlsnafn. Eptir þat fór Hrollaugr á 35 móti Haraldí konungi ok gaf honum alt ríki sitt ok bauð at gerask hans maðr ok sagði honum alla sína meðferð. Þá tók Haraldr konungr sverð ok festi á linda honum, þá festi hann

skjöld á háls honum ok gerði hann jarl sinn ok leiddi hann í háseti; þá gaf hann honum Naumdælafylki ok setti hann þar jarl yfir.

K. 9. Frá skipan Haraldz konungs.

5 Haraldr konungr fór þá aptr til Þrándheims ok dvalðisk þar um vetrinn, ok kallaði heimili sitt jafnan síðan; þar setti hann inn mesta hofuðbœ, er Hlaðir heita. Þann vetr fekk hann Ásu, dóttur Hákonar jarls Grjótgarðzsonar, ok hafði Hákon þá mestan metnað af konunginum. Um várit réð Haraldr konungr sér til skipa. Hann hafði gera látit um vetrinn dreka mikinn ok búinn it vegligsta; þar skipaði hann á hirð sinni ok berserkjum; stafnbúar váru mest vandaðir, þvíat þeir hofðu merki konungs. Aptr frá stafninum til austrúms var kallat á rausn; þat var skipat berserkjum. Þeir einir náðu hirðvist 10 með Haraldi konungi, er afreksmenn váru bæði at afli ok hreysti ok allz konar atgørvi; þeim einum var skipat hans skip; en hann átti þá góð vøl at kjósa ór hverju fylki sér hirðmenn. Hann hafði her mikinn ok mǫrg stórskip ok margir rikismenn fylgðu honum. Þess getr Hornklofi í Glymdrápu, at Haraldr 15 konungr hafði fyrr barzk á Updals-skógi við Orknðelinga, en hann hefði leiðangr þenna úti:

42.	Hilmir réð á heiði, hjaldr-seiðs, þrimu, galdra óðr við æskimeiða 25 ey vébrautar, heyja, áðr gnapsólar Gripnis gnýstærandi færi rausnarsamr til rimmu riðviggs lagar skiðum.	43.	Gerði glamma ferðar gný drótt jǫru Þróttar helkannanda hlenna hlymræks of trǫð glymjja, áðr út á mar mœtir mannskœðr lagar tanna rœsinaðr ok rausnar rak vébrautar nǫkkva.
-----	--	-----	---

30 K. 10. Orrosta við Sólskel.

Haraldr konungr helt liði sínu út ór Þrándheimi ok snœri suðr á Mœri. Húnþjófr er nefndr konungr, sá er réð fyrir Mœrafylki; Sǫlvi klofi hét sonr hans; þeir váru hermenn miklir. En sá konungr, er réð fyrir Raumsdali, er nefndr Nǫkkvi; hann 35 var móðurfaðir Sǫlva. Þessir hǫfðingjar drógu saman her mikinn, er þeir spyrja til Haraldz konungs, ok fara móti honum, ok hittask við Sólskel; varð þar orrosta mikil ok hafði Haraldr konungr sigr; svá segir Hornklofi:

44. Þar svát barsk at borði, ok allsnæfrir jofrar  
 borðholkvi rak norðan, orðalaust at morði  
 hlífar valdr til hildar, (endisk rauðra randa  
 hregg, döglinga tveggja, rødd) dynskotum kvøddusk.  
 Báðir konungar fellu, en Sølvi komsk með flótta undan; lagði 5  
 Haraldr konungr þá undir sik þessi tvau fylki ok dvalðisk þar  
 lengi um sumarit ok skipaði þar réttum með mǫnnum, en um  
 haustit bjósk hann at fara norðr til Þrándheims. Røgnvaldr  
 Mœra-jarl, sonr Eysteins glumru, hafði þá of sumarit gǫrzk  
 maðr Haraldz konungs. Haraldr konungr setti hann hǫfðingja 10  
 yfir þessi ii. fylki, Norð-Mœri ok Raumsdal, ok fekk honum  
 þar styrk til bæði af rikismǫnnum ok bóndum, svá ok skipakost  
 at verja landit fyrir ófriði. Hann var kallaðr Røgnvaldr inn  
 ríki eða inn ráðsvinni, ok segja menn, at hvártveggja væri  
 sannefni. Haraldr konungr var um vetrinn eptir í Þrándheimi. 15

#### K.II. Fall Arnviðar ok Auðbjarnar konungs.

Eptir um vǫrit bjó Haraldr konungr her mikinn ór  
 Þrándheimi ok sagði, at hann mundi þeim her stefna á Sunn-  
 Mœri. Sølvi klofi hafði um vetrinn legit úti á herskipum ok  
 herjat um Norð-Mœri ok drepit þar margu menn Haraldz kon- 20  
 ungs, en suma rænta, en stundum um vetrinn hafði hann verit  
 á Sunn-Mœri með Arnviði konungi frænda sínum. En er þeir  
 spyrja til Haraldz konungs, þá samna þeir liði ok verða  
 fjölmennir, þvíat margir þóttusk eiga Haraldi konungi heiptir  
 at gjalda. Sølvi klofi fór suðr í Fjörðu á fund Auðbjarnar 25  
 konungs, er þar réð fyrir, ok bað hann liðs, at hann skyldi  
 fara með her sinn til styrks við þá Arnvið konung — segir  
 hann svá: »Qllum er oss sjá kostur nú auðsær, at vér rísim allir  
 upp móti Haraldi konungi; munu vér þá hafa gnógan styrk,  
 ok mun þá auðna ráða sigri, en hitt er ella, ok er þat engi 30  
 kostur þeim mǫnnum, er eigi eru ótignari at nafni, en Haraldr,  
 at gerask þrælar hans. Þótti fōður mínum betri sá kostur, at  
 falla í bardaga í konungdómi sínum, en gerask undirmaðr  
 Haraldz konungs«. Kom Sølvi svá ræðum sínum, at Auðbjørn  
 hét ferðinni, ok dró hann þá her saman ok fór norðr til fundar 35  
 við Arnvið konung; hǫfðu þeir þá allmikinn her. Þeir spurðu  
 þá til Haraldz konungs, at hann var þá norðan kominn. Þeir  
 hittusk fyrir innan Sólskel. Þat var þá siðvanði, er menn  
 þǫrðusk á skipum, at tengja skyldi skipin ok berjask um stafna.

Var þá svá gort; lagði Haraldr konungr skip sitt móti skipi Arnviðar konungs; varð sú orrosta in snarpasta, ok fell mikit fólk af hvárum tveggjum, ok at lýkðum varð Haraldr konungr svá óðr ok reiðr, at hann gekk fram á rausn á skipi sínu, ok  
 5 barðisk þá svá snarpliga, at allir frambyggvar á skipi Arnviðar hrukku aptr til siglu, en sumir fellu, gekk Haraldr konungr þá upp á skipit, leitudu þá menn Arnviðar konungs á flótta, en hann sjálfr fell á skipi sínu; þar fell Auðbjörn konungr, en Sølvi flýði; svá segir Hornklofi:

- 10 45. Háði gramr, þars gnúðu, þás á rausn fyr ræsi  
 geira hregg við seggi, (réd eggliðuðr) seggir  
 (rauð fnýsti ben blóði) — æfr gall hjorr við hlífar —  
 bryngögl í dyn Skoglar, hnigu fjörvanir (sigri).

Þar fell ór liði Haraldz konungs Ásgautr ok Ásbjörn, jarlar  
 15 hans, Grjótgarðr ok Herlaugr, mágar hans, synir Hákonar Hlaðajarls. Sølvi var síðan víkingr mikill langa hríð ok gerði opt mikinn skaða á ríki Haraldz konungs.

#### K. 12. Brenna Vémundar konungs.

Haraldr konungr lagði undir sik Sunn-Mœri. Vémundr,  
 20 bróðir Auðbjarnar konungs, helt Firðafylki. Þetta var síðla um haust ok gera menn þat ráð með Haraldi konungi, at hann skyldi eigi fara suðr um Stað á haustdegi. Þá setti Haraldr konungr Rognvald jarl yfir Mœri hváratveggju ok Raumsdal ok hafði hann þá um sik mikit fjölmenni. Haraldr konungr fór  
 25 þá til Þrándheims. Þann sama vetr fór Rognvaldr jarl it iðra um Eið ok svá suðr um Fjörðu; hann hafði njósni af Vémundi konungi ok kom um nótt, þar sem heitir Naustdalr; var Vémundr konungr þar á veizlu; Rognvaldr jarl tók hús á þeim ok brendi konung inni með níu tigu manna. Eptir þat kom  
 30 Berðlu-Kári til Rognvaldz jarls með langskip alskipat, ok fóru þeir báðir norðr á Mœri; tók Rognvaldr jarl skip þau, er átt hafði Vémundr konungr, ok alt lausafé, þat er hann fekk. Berðlu-Kári fór norðr á fund Haraldz konungs ok gerðisk hans maðr; hann var berserkr mikill. Um várit eptir fór Haraldr konungr  
 35 suðr með landi ok lagði undir sik Firðafylki. Síðan siglði Haraldr konungr austr með landi ok kom fram í Vík austr, en hann setti eptir Hákon jarl Grjótgarðzson ok fekk honum yfirsókn í Firðafylki. Þá sendi Hákon jarl orð Atla jarli inum mjóva, at hann skyldi fara á braut ór Sogni ok vera jarl á

Gaulum, sem hann hafði fyrr verit, en kvað Harald konung hafa veitt sér Sygnafylki. Atli jarl sendi þau orð í mót, at hann mun halda Sygnafylki ok svá Gaulum, þar til er hann finnr Harald konung. Jarlarnir þreyttu þetta með sér, þar til er báðir samna her; þeir hittusk á Fjølum í Stafanessvági ok <sup>5</sup> áttu þar orrostu mikla. Þar fell Hákon jarl, en Atli jarl varð sárr til ólífis ok fóru þeir með hann til Atleyjar ok andaðisk hann þar; svá segir Eyvindr skáldaspillir:

46. Varð Hókkunn,	47. Ok þar varð,	
Högna meyjar	es vinir fellu	10
viðr, vápnberr,	magar Hallgarðs,	
es vega skyldi,	manna blóði	
ok sinn aldr	Stafaness	
í odda gný	við stóran gný	
Freys óttungr	vinar Lóðurs	15
á Fjølum lagði.	vágr of blandinn.	

### K. 13. Frá Haraldi konungi ok Eiríki Svíakonungi.

Haraldr konungr kom liði sínu austr í Vík ok lagði inn til Túnbergs; þar var þá kaupstaðr; hann hafði þá dvalzk í Þrándheimi iiii. vetr ok komit ekki á þeiri stundu í Víkina. <sup>20</sup> Hann spurði þar þau tíðendi, at Eiríkr Svía-konungr Eymundarson hafði lagt undir sik Vermaland ok hann tók þar skatta af öllum markbyggðum, ok hann kallaði Vestra-Gautland alt norðr til Svínasundz, ok it vestra alt með hafi, þá kallaði Svía-konungr þat alt sitt ríki ok tók skatta af. Hann hafði þar <sup>25</sup> sett yfir jarl, er kallaðr var Hrani gauzki; hann hafði ríki í milli Svínasundz ok Gautelfar; hann var ríkr jarl. Haraldi konungi var sagt frá orðum Svía-konungs, at hann skyldi eigi fyrr af láta, en hann hefði jammikit ríki í Víkinni, sem fyrr hafði Sigurðr hringr eða Ragnarr loðbrók, sonr hans, en þat <sup>30</sup> var Raumaríki ok Vestfold, alt út til Grenmars, svá Vingulmørk, ok alt suðr þaðan. Þá um öll þessi fylki hafði snúizk til hlýðni við Svía-konung. Þetta líkaði Haraldi stórilla; hann stefndi þar þegar þing við bæendr þar á Foldinni ok bar sakar á hendr þeim um landráð við sik. Bæendr kómu þar sumir syn fyrir <sup>35</sup> sik, sumir guldu fé, sumir sættu refsingum: fór hann svá um sumarit um þat fylki. Um haustit fór hann upp á Raumaríki ok fór þar alt at sama hætti. Þá spurði hann öndverðan vetr,

at Eiríkr Svía-konungr reið um Vermaland at veizlum með hirð sína.

K. 14. Dráp Aka.

Haraldr konungr býsk austr um Eiðaskóg ok kom fram  
 5 í Vermalandi; lét þar búa veizlur fyrir sér. Áki hét maðr;  
 hann var ríkastr bóndi á Vermalandi, stórauðigr ok þá gamall  
 at aldri; hann sendi menn til Haraldz konungs ok bauð honum  
 til veizlu; konungr hét ferðinni at ákveðnum degi. Áki bauð  
 ok Eiríki konungi til veizlu ok lagði honum inn sama stefnudag.  
 10 Áki átti mikinn veizluskála ok var þá forn; hann lét þá gera  
 annan nýjan skála eigi minna ok vanda sem mest; hann lét  
 þann skála tjalda allan nýjum búnaði, en inn forna með fornum  
 búnaði. En er konungar kómu til veizlunnar, þá var skipat  
 Eiríki konungi með sínu liði í inn forna skála, en Haraldi í inn  
 15 nýja skála með sínu liði; þannug var skipt öllum borðbúnaði,  
 at Eiríks-menn höfðu forn ker ok horn ok þó gylt ok vel búin,  
 en Haraldz konungs menn höfðu öll ný ker ok horn ok búin  
 öll með gulli; þau váru öll skyggð ok líkuð, en drykkur var  
 hvártveggi inn bezt. Áki hafði fyrr verit maðr Hálfðanar  
 20 svart. En er sá dagr kom, er veizlan var öll, þá bjoggusk  
 konungar til brautferðar; váru þá reiðskjótar búnir. Þá gekk  
 Áki fyrir Harald konung ok leiddi eptir sér son sinn, xii. vetra  
 gamlan, sá hét Obbi. Áki mælti: »ef yðr þykkir herra vináttu  
 vert fyrir góðvilja minn, er ek hefi lýst fyrir þér í heimboði  
 25 mínu, þá launa þat syni mínum; hann gef ek þér til þjónostu-  
 mannz«. Konungr þakkaði honum með mörpum fögrum orðum  
 sinn fagnað ok hét honum þar í mót fullkominni sinni vináttu;  
 síðan greiddi hann fram stórar gjafar, er hann gaf konungi.  
 Síðan gekk Áki til Svía-konungs; var þá Eiríkr konungr klæddr  
 30 ok búinn til ferðar ok var hann heldr ókátr. Áki tók þá góða  
 gripi ok gaf honum. Konungr svarar fá ok steig á bak hesti  
 sínum. Áki gekk á leið með honum ok talaði við hann; skógr  
 var nær þeim ok lá þar vegrinn yfir; en er Áki kom á skóginn,  
 þá spurði konungr hann: »hví skiptir þú svá fagnaði með ok  
 35 Haraldi konungi, at hann skyldi hafa af öllu inn betra hlut,  
 ok veiztu, at þú ert minn maðr«. »Ek hugða, segir Áki, at  
 yðr, konungr, ok yðra menn mundi engan fagnað skort hafa  
 at þessarri veizlu, en er þar var forn búnaðr, er þér drukkuð,  
 þá veldr þat því, at þér eruð nú gamlir, en Haraldr konungr

er nú í blóma aldrs; fekk ek honum af því nýjan búnað; en þar er þú mintir mik, at ek væra þinn maðr, þá veit ek hitt eigi síðr, at þú ert minn maðr«. Þá brá konungr sverði ok hjó hann banahogg, reið braut síðan. En er Haraldr konungr var búinn at stíga á hest sinn, þá bað hann kalla til sin Áka 5 bóanda, en er menn leituðu hans, þá runnu sumir þannug, sem Eiríkr konungr hafði riðit; fundu þeir þar Áka dauðan, fóru síðan aptr ok sögðu konungi. En er hann spyr þetta, heitr hann á menn sína, at þeir skulu hefna Áka bóanda; riðr þá Haraldr konungr þannug, er áðr hafði riðit Eiríkr konungr, 10 til þess er hvárir verða varir við aðra; þá ríða hvárir, sem mest megu, til þess er Eiríkr konungr kœmr á skóg þann, er skilr Gautland ok Vermaland. Þá snýr Haraldr konungr aptr á Vermaland; leggrr þá land þat undir sik, en drap menn Eiríks konungs, hvar sem hann stóð þá. Fór Haraldr konungr um 15 vetrinn aptr á Raumaríki.

## K. 15. Ferð Haraldz konungs til Túnsbergs.

Haraldr konungr fór um vetrinn út til Túnsbergs til skipa sinna; býr hann þá skipin ok heldr austr yfir fjörðinn, leggrr þá undir sik alla Vingulmörk. Hann er úti á herskipum allan 20 vetrinn ok herjar á Ránríki; svá segir Þorbjörn hornklofi:

48. Úti vill jól drekka, ungr leiddisk eldvelli  
 ef skal einn ráða, ok inni at sitja,  
 fylkir enn framlyndi varma dyngju  
 ok Freys leik heyja; eða vottu dúns fulla. 25

Gauta höfðu samnað fyrir alt um landit.

## K. 16. Orrosta á Gautlandi.

Um várit, er ísa leysti, stikuðu Gautar Gautelfi, at Haraldr konungr skyldi eigi mega leggja skipum sínum upp í landit. Haraldr konungr helt skipum sínum upp í elfina ok lagðisk 30 við stikin, herjaði þá á bæði lönð ok brendi byggðina; svá segir Hornklofi:

49. Grennir þröng (at gunni) ok hjalmtamiðr hilmir  
 gunnmós fyr haf sunnan holmreyðar lét olman  
 (sá vas gramr) ok gumnum lindihjört fyr landi 35  
 (geðharðr) und sik jörðu, lundprúðr við stik bundinn.



Síðan riðu Gautar með her mikinn ok heldu orrostu við Harald konung, ok varð þar allmikit mannfali ok hafði Haraldr konungr sigr; svá segir Hornklofi:

- |     |                            |                           |
|-----|----------------------------|---------------------------|
| 50. | Ríks (þreifsk reiddra ǫxa  | þás (hugfýldra hǫlða)     |
| 5   | rymr; knǫttu spjǫr glymja) | hlaut andskoti Gauta      |
|     | svartskyggð bitu seggi     | (hǫr vas sǫngr of svírum) |
|     | sverð þjóðkonungs ferðar,  | sigr (flugbeiddra vigra). |

#### K. 17. Haraldr konungr fór til Uplanda.

Haraldr konungr fór víða um Gautland herskildi ok átti  
 10 þar margar orrostur tveim megin elfarinnar ok fekk hann optast  
 sigr, en í einni hverri orrostu fell Hrani gauzki. Síðan lagði  
 Haraldr konungr land alt undir sik fyrir norðan elfina ok fyrir  
 vestan Væni ok Vermaland alt. En er hann snørisk þaðan í brot,  
 þá setti hann þar eptir til landz gæzlu Guthorm hertoga ok lið  
 15 mikit með honum, en hann snørisk þá til Uplanda ok dvalðisk  
 þar um hríð; fór síðan norðr um Dofrafjall til Þrándheims ok  
 var þar enn langar hríðir. Hann tók þá at eiga börn; þau Ása  
 áttu sonu þessa: Guthormr var ellztr; Hálfðan svartí, Hálfðan  
 hvítí — þeir váru tvíburar, Sigfrøðr inn iiií.; þeir váru allir upp  
 20 fœddir í Þrándheimi með miklum sóma.

#### K. 18. Orrosta í Hafrsfirði.

Tíðendi þau spurðusk sunnan ór landi, at Hǫrðar ok Rygir,  
 Egðir ok Þilir sǫmnudusk saman ok gerðu upreist bæði at skipum  
 ok vápnum ok fjǫlmenni; váru þeir uphafsmenn Eiríkr, Hǫrða-  
 25 landz-konungr, Súlki konungr af Rogalandi ok Sóti jarl, bróðir  
 hans, Kjǫtvi inn auðgi, konungr af Qgðum, ok Þórir haklangr,  
 sonr hans; af Pelamǫrk brøðr ii., Hróaldr hryggr ok Haddr inn  
 harði. En er Haraldr konungr varð þessa tíðenda viss, þá dró  
 hann her saman ok skaut skipum á vatn, bjósk síðan með liðit  
 30 ok ferr með landi suðr ok hafði mart manna ór hverju fylki.  
 En er hann kǫmr suðr um Stað, þá spyrr þat Eiríkr konungr;  
 hafði hann þá ok saman komit því liði, er honum var ván; ferr  
 hann þá suðr í móti því liði, er hann vissi at austan myndi koma  
 til fultings við hann. Mœttisk þá herrinn allr fyrir norðan Jaðar,  
 35 ok leggja þá inn til Hafrsfjarðar. Þar lá þá fyrir Haraldr konungr  
 með her sinn; teksk þar þegar orrosta mikil, var bæði hǫrð ok  
 lǫng, en at lykðum varð þat, at Haraldr konungr hafði sigr, en  
 þar fellu þeir Eiríkr konungr ok Súlki konungr ok Sóti jarl,

bróðir hans. Þórir haklangr hafði lagt skip sitt í móti skipi Haraldz konungs ok var Þórir berserkr mikill; var þar allhørd atsókn, áðr Þórir haklangr fell; var þá hroðit alt skip hans. Þá flýði Kjotvi konungr ok í hólma nokkurn, þar er vígi var mikit; síðan flýði alt lið þeira, sumt á skipum, en sumt hljóp 5 á land upp ok svá it øfra suðr um Jaðar; svá segir Hornklofi:

- |                             |                          |    |
|-----------------------------|--------------------------|----|
| 51. Heyrðir í Hafrsfirði,   | stóðum Nøkkva brá,       |    |
| hvé hizug barðisk           | es vas styrjar væni;     |    |
| konungr enn kynstóri        | hlømmun vas á hlífum,    |    |
| við Kjotva enn auðlagða;    | áðr Haklangr felli.      | 10 |
| knerrir kómu austan,        | 54. Leiddisk þá fyr Lúfu |    |
| kaps of lystir,             | landi at halda           |    |
| með gínøndum høfðum         | hiltmi inum halsdigra,   |    |
| ok grøfnum tinglum.         | holm lézk at skjaldi;    |    |
| 52. Hlaðnir vøru hølða      | slógusk und sesspiljur,  | 15 |
| ok hvíttra skjalda,         | es sárir vøru,           |    |
| vigra vestrænna             | létu upp stjolu stúpa,   |    |
| ok valskra sverða;          | stungu í kjøl høfðum.    |    |
| grenjuðu berserkir,         | 55. Á baki létu blíkja,  | 20 |
| guðr vas á sinnum,          | barðir vøru grjóti,      |    |
| emjuðu ulfheðnar            | Sváfnis salnæfrar        |    |
| ok ísørn dúðu.              | seggir hyggjandi;        |    |
| 53. Freistuðu ens framráða, | æstusk austkylfur        |    |
| es þeim flýja kendi,        | ok of Jaðar hljópu       |    |
| allvalds austmanna,         | heim ór Hafrsfirði,      | 25 |
| es býr at Útsteini;         | hugðu á mjøðdrykkju.     |    |

#### K. 19. Haraldr konungr varð einvaldr at Nóregi.

Eptir orrostu þessa fekk Haraldr konungr enga mótstöðu í Nóregi; váru þá fallnir allir inir mestu fjándmenn hans, en sumir flýðir ór landi, ok var þat allmikill mannfjöldi, þviat 30 þá byggðusk stór eyðilønd; þá byggðisk Jamtaland ok Helsingjaland ok var þó áðr hvártveggja nokkut byggt af Norðmønnum. Í þeim ófriði, er Haraldr konungr gekk til landz í Nóregi, þá funnusk ok byggðusk útlønd, Færeyjar ok Ísland; þá var ok mikil ferð til Hjaltlandz, ok margir ríkismenn af Nóregi flýðu 35 útlaga fyrir Haraldri konungi ok fóru í vestrvíking, váru í Orkneyjum eða Suðreyjum á vetrum, en á sumrum herjuðu þeir í Nóreg ok gerðu þar mikinn landzskaða; margir váru

þeir ok ríkismenn, er gengu til handa Haraldi konungi ok gerðusk hans menn ok byggðu lönð með honum.

K. 20. Frá börnum Haraldz konungs.

Haraldr konungr var nú einvaldi orðinn allz Nóregz. Þá  
5 mintisk hann þess, er mærin sú in mikilláta hafði mælt til hans; hann sendi þá menn til hennar ok lét hana hafa til sín ok lagði hana hjá sér; þessi váru börn þeira: Alof var ellzt, þá var Hrcækr, þá Sigtryggr, Fróði ok Þorgils.

K. 21. Kvánfang Haraldz konungs.

10 Haraldr konungr átti margar konur ok mörq börn; hann fekk þeirar konu, er Ragnhildr hét, dóttir Eiríks konungs af Jótlandi; hon var kǫlluð Ragnhildr in ríka, þeira sonr var Eiríkr blóðøx. Enn átti hann Svanhildi, dóttur Eysteins jarls; þeira börn váru Ólafr Geirstaða-álfr, Björn ok Ragnarr rykkill. Enn  
15 átti Haraldr konungr Áshildi, dóttur Hringz Dagssonar ofan af Hringaríki; þeira börn váru Dagr ok Hringr, Guðrøðr skirja, Ingigerðr. Svá segja menn, at þá er Haraldr konungr fekk Ragnhildar ríku, at hann léti þá af ix. konum sínum; þess getr Hornklofi:

20 56. Hafnaði Holmrýgjum ok Hólga ættar  
ok Hǫrða meyjum konungr enn kynstóri,  
hverri enni heinversku es tók konu danska.

Börn Haraldz konungs váru þar hver upp fœdd, sem móðerni áttu. Guthormr hertogi hafði vatni ausit inn ellzta son Haraldz  
25 konungs ok gaf nafn sitt; hann knésetti þann svein ok fôstraði ok hafði með sér í Vík austr; fœddisk hann þar upp með Guthormi hertoga. Guthormr hertogi hafði alla stjórn landzins um Víkina ok um Uplöndin, þá er konungr var eigi nær.

K. 22. Vestrferð Haraldz konungs.

30 Haraldr konungr spurði, at víða um mitt landit herjuðu víkingar, þeir er á vetrum váru fyrir vestan haf. Hann hafði þá leiðangr úti hvert sumar ok kannaði eyjar ok útsker, en hvar sem víkingar urðu varir við her hans, þá flýðu allir ok flestir á haf út, en er konungi leiddisk þetta, þá varð þat á einu sumri, at  
35 Haraldr konungr siglði með her sinn vestr um haf, kom hann fyrst við Hjaltland ok drap þar alla víkinga, þá er eigi flýðu undan. Síðan siglir hann suðr til Orkneyja ok hreinsaði þar alt

af víkingum. Eptir þat ferr hann alt í Suðreyjar ok herjar þar; hann drap þar marga víkinga, þá er fyrir liði réðu áðr; hann átti þar margar orrostur ok hafði optast sigr. Þá herjaði hann á Skotland ok átti þar orrostur; en er hann kom vestr í Mön, þá höfðu þeir áðr spurt, hvern hernað hann hafði gort þar í landi, 5 þá flýði alt fólk inn á Skotland ok var þar aleyða af mönnum; braut var ok flutt alt fé þat, er mátti; en er þeir Haraldr konungr gengu á land, þá fengu þeir ekki herfang; svá segir Hornklofi:

57. Menfegir bar margar	áðr fyr eljunprúðum	10
margspakr (Niðar varga	allr herr Skota þverri	
lundr vann sókn á sandi)	lögðis eids af láði	
sandmens í bý randir;	lœbrautar varð flœja.	

Í þessu bili fell Ívarr, sonr Rognvaldz Mœra-jarls, en í bætr þess gaf Haraldr konungr Rognvaldi jarli, er hann siglði vestan, 15 Orkneyjar ok Hjaltland, en Rognvaldr gaf þegar Sigurði, bróður sínum, bæði lönðin, ok var hann vestr eptir, þá er konungr siglði austr; gaf hann áðr Sigurði jarldóm. Þá kom til lags við hann Þorsteinn rauðr, sonr Óláfs hvíta ok Auðar innar djúpúðgu. Þeir herjuðu á Skotland ok eignuðusk Katanes ok 20 Suðrland alt til Ekkjalsbakka. Sigurðr jarl drap Melbrigða tønn, jarl skozkan, ok batt höfuð hans við slagálar sér ok laust á kykvavöðva sínum á tønnina, er skagði ór höfðinu; kom þar í blástr ok fekk hann þar af bana, ok er hann heygðr á Ekkjalsbakka. Þá réð lönðum Guthormr, sonr hans, einn vetr ok dó 25 barnlauss. Síðan settusk í lönðin víkingar, Danir ok Norðmenn.

### K. 23. Skorit hár Haraldz konungs.

Haraldr konungr var á veizlu á Mœri at Rognvaldz jarls; hafði hann þá eignazk land alt; þá tók konungr þar laugar ok þá lét Haraldr konungr greiða hár sitt, ok þá skar Rognvaldr 30 jarl hár hans, en áðr hafði verit óskorit ok ókembt x. vetr. Þá kœlluðu þeir hann Harald lúfu, en síðan gaf Rognvaldr honum kenningarnafn ok kallaði hann Harald inn hárfagra, ok sögðu allir, er sá, at þat var it mesta sannnefni, þvíat hann hafði hár bæði mikit ok fagrt. 35

### K. 24. Gøngu-Hrólftr útlægr gorr.

Rognvaldr Mœra-jarl var inn mesti ástvin Haraldz konungs, ok konungr virði hann mikils. Rognvaldr átti Hildi,

dóttur Hrólfs nefju; synir þeira váru þeir Hrólfr ok Þórir. Rognvaldr jarl átti ok frillusonu; hét einn Hallaðr, annarr Einarr, inn iii. Hrollaugr; þeir váru rosknir, þá er inir skírbornu bræðr þeira váru börn. Hrólfr var víkingr mikill; hann var svá  
 5 mikill maðr vexti, at engi hestr mátti bera hann, ok gekk hann, hvargi sem hann fór; hann var kallaðr Gøngu-Hrólfr. Hann herjaði mjök í Austrvegu. Á einu sumri, er hann kom ór víking austan í Víkina, þá hjó hann þar strandhogg. Haraldr konungr var í Víkinni; hann varð mjök reiðr, þá er hann  
 10 spurði þetta, þvíat hann hafði mikit bann á lagt at ræna innan landz. Konungr lýsti því á þingi, at hann gerði Hrólfr útlaga af Nóregi. En er þat spurði Hildir, móðir Hrólfs, þá fór hon á fund konungs ok bað friðar Hrólfi; konungr var svá reiðr, at henni týði ekki, at biðja; þá kvað Hildir þetta:

15 58. Hafnið Nefju nafna, ilt 's við ulf at ylfask,  
 nú rekið gand ór landi, Yggr valbríkar, slíkan;  
 horskan hólða barma, muna við hilmis hjarðir  
 hví bellið því stillir? hægr, ef rennr til skógar.

Gøngu-Hrólfr fór síðan vestr um haf í Suðreyjar, ok þaðan  
 20 fór hann vestr í Valland ok herjaði þar ok eignaðisk þar jarlsríki mikit ok byggði þar mjök Norðmönnum, ok er þar síðan kallat Norðmanndí. Af Hrólfs ætt eru komnir jarlar í Norðmanndí. Sonr Gøngu-Hrólfs var Viljálmr, faðir Ríkarðar, fōður annars Ríkarðar, fōður Roðberts lōngumspáða, fōður Viljálms  
 25 bastarðar Engla-konungs; frá honum eru síðan komnir Engla-konungar allir. Ragnhildr drótning ríka lifði síðan iii. vetr, er hon kom í Nóreg, en eptir dauða hennar fór Eiríkr, sonr þeira Haraldz konungs, til fóstrs í Fjörðu til Þóris hersis Hróaldzsonar ok fōddisk hann þar upp.

30 K. 25. Frá Svása jōtni.

Haraldr konungr fór einn vetr at veizlum um Uplōnd ok lét búa sér til jólaveizlu á Poptyn. Jólaaptan kom Svási fyrir dyrr, þá er konungr sat yfir borði, ok sendi konungi boð, at hann skyldi út ganga til hans; en konungr brásk reiðr við  
 35 þessum sendiboðum, ok bar inn sami maðr reiði konungs út, sem honum hafði borit boðin, en Svási bað bera eigi at síðr annat sinn erendit, ok kvað sik vera þann finninn, er konungr hafði játat at setja gamma sinn annan veg brekkunnar þar, en konungr gekk út ok varð honum þess jázi at fara heim með honum ok

gekk yfir brekkuna með áeggjan sumra sinna manna, þótt sumir  
 letti. Þar stóð upp Snæfríðr, dóttir Svása, kvinna fríðust, ok  
 byrjaði konungi ker fult mjaðar, en hann tók alt saman ok  
 hǫnd hennar, ok þegar var sem eldzhiti kvæmi í hǫrund hans,  
 ok vildi þegar hafa samræði við hana á þeiri nótt, en Svási 5  
 sagði, at þat myndi eigi vera, nema at honum nauðgum, nema  
 konungr festi hana ok fengi at lögum, en konungr festi Snæfríði  
 ok fekk, ok unni svá með ærslum, at ríki sitt ok alt þat, er honum  
 byrjaði, þá fyrir lét hann. Þau áttu iiii. sonu, einn var Sigurðr  
 hrísi, Hálfðan háleggr, Guðrøðr ljómi, Rognvaldr réttilbeini. 10  
 Síðan dó Snæfríðr, en litr hennar skipaðisk á engan veg, var  
 hon þá jamrjóð, sem þá, er hon var kvik. Konungr sat æ yfir  
 henni, ok hugði, at hon myndi lifna. Fór svá fram iii. vetr,  
 at hann syrgði hana dauða, en allr landzlyðr syrgði hann viltan;  
 en þessa villu at lægja kom til lækna Þorleifr spaki, er með 15  
 viti lægði þá villu fyrst með eptirmæli með þessum hætti: »eigi  
 er, konungr, kynligt, at þú munir svá fríða konu ok kynstóra  
 ok tígnir hana á dúni ok á guðvefi, sem hon bað þik, en tígn  
 þín er þó minni, en hæfir, ok hennar í því, at hon liggir ofrlengi  
 í sama fatnaði, ok er miklu sannara, at hon sé hræð, ok sé 20  
 skipt undir henni klæðum«. En þegar er hon var hræð ór  
 rekkjunni, þá slær ýldu ok óþefani ok hvers kyns illum fnyk af  
 líkamanum; var þá hvatat at báli ok var hon brend; blánaði áðr  
 allr líkaminn ok ullu ór ormar ok eðlur, froskar ok pǫddur ok  
 allz kyns illyrmi. Seig hon svá í ǫsku, en konungrinn steig til 25  
 vizku ok hugði af heimsku, stýrði síðan ríki sínu ok styrkdisk,  
 gladdisk hann af þegnum sínum, en þegnar af honum, en ríkit  
 af hváru tveggja.

## K. 26. Frá Þjóðólfi ór Hvini.

Eptir þat er Haraldr konungr hafði reynt svik finnunnar, 30  
 varð hann svá reiðr, at hann rak frá sér sonu sína ok finnunnar  
 ok vildi eigi sjá þá. En Guðrøðr ljómi fór á fund Þjóðólfs ins  
 hvinverska, fóstrföður síns, ok bað hann fara með sér til konungs,  
 þvíat Þjóðólfr var ástvinr konungs, en konungr var þá á  
 Uplöndum. Þeir fara síðan, en er þeir kómu til konungs síð 35  
 aptans, ok settusk niðr útarliga ok dulðusk; konungr gekk á  
 gólfinu ok sá á bekkina, en hann hafði veizlu nokkura ok var  
 mjøðr blandinn; þá kvað hann þetta fyrir munni sér:

59. Mjök eru mínir rekkar ok hér komnir hárir;  
til mjöðgjarnir fornir hví eruð ævar margir?

Þá svaraði Þjóðólfr:

60. Höfðum vér í höfði með vellbrota vitrum;

5 hogg at eggja leiki váruma þá til margir.

Þjóðólfr tók ofan höttinn, ok kendi konungr hann þá ok fagnaði honum vel. Þá bað Þjóðólfr konung, at hann skyldi eigi fyrir líta sonu sína — »þvíat fúsir væri þeir at eiga betra móðerni, ef þú hefðir þeim þat fengit«. Konungr játaði honum því ok  
10 bað hann hafa Guðrøð heim með sér, svá sem hann hafði fyrr verit, en Sigurð ok Hálfðan bað hann fara á Hringaríki, en Rognvald á Haðaland. Þeir gera svá sem konungr bauð, gerðusk þeir allir vaskligir menn ok vel búnir at íþróttum. Haraldr konungr sat þá um kyrt innan landz, ok var friðr góðr ok árferð.

15 K. 27. Upphaf Torf-Einars jarls í Orkneyjum.

Rognvaldr jarl á Mœri spurði fall Sigurðar bróður síns ok þat, at þá sátu í lönðunum víkingar. Þá sendi hann vestr Hallað, son sinn, ok tók hann jarlsnafn ok hafði lið mikit vestr, en er hann kom til Orkneyja, þá settisk hann í lönðin; en bæði á haust  
20 ok um vetr ok um vár fóru víkingar um Eyjar, námu nesnám ok hjoggu strandhogg. Þat leiddisk Hallaði jarli at sitja í eyjunum; veltisk hann þá ór jarldóminum ok tók hölðsrétt; fór hann síðan austr í Nóreg. En er Rognvaldr jarl spurði þetta, lét hann illa yfir ferð Hallaðar, sagði, at synir hans myndi verða ólíkir forellri  
25 sínu. Þá svaraði Einarr: »ek hefi lítinn metnað af þér, á ek við lítla ást at skiljask. Mun ek fara vestr til Eyja, ef þú vill fá mér styrk nokkurn. Mun ek því heita þér, er þér mun allmikill fagnaðr á vera, at ek mun eigi aptr koma til Nóregs«. Rognvaldr segir, at þat líkaði honum vel, at hann kvæmi eigi aptr —  
30 »þvíat mér er lítil ván, at frændum þínum sé sœmð at þér, þvíat móðurætt þín ǫll er þrælborin«. Rognvaldr fekk Einari eitt langskip ok skipaði þat til handa honum. Siglði Einarr um haustit vestr um haf, en er hann kom til Orkneyja, þá lágu þar fyrir víkingar ii. skipum, Þórir tréskegg ok Kálfr skurfa; Einarr  
35 lagði þegar til orrostu við þá ok sigraðisk, en þeir fellu báðir; þá var þetta kveðit:

61. Þá gaf hann Tréskegg trollum,  
Torf-Einarr drap Skurfu.

Hann var fyrir því kallaðr Torf-Einarr, at hann lét skera torf ok hafði þat fyrir eldivið, þvíat engi var skógr í Orkneyjum. Síðan gerðisk Einarr jarl yfir eyjunum ok var hann ríkr maðr; hann var ljótr maðr ok einsýnn ok þó manna skygnastr.

K. 28. Andlát Eiríks konungs Emundarsonar. 5

Guthormr hertogi sat optast í Túnsbergi ok hafði yfirsókn alt um Víkina, þá er konungr var eigi nær, ok hafði þar landvörn; var þar mjök herskátt af víkingum, en ófriðr var upp á Gautland, meðan Eiríkr konungr lifði Emundarson; hann andaðisk, þá er Haraldr konungr inn hárfagri hafði verit x. vetr 10 konungr í Nóregi.

K. 29. Dauði Guthorms hertoga.

Eptir Eirík var konungr í Svíþjóð Björn, sonr hans, l. vetra; hann var faðir þeira Eiríks ins sigrsæla ok Óláfs, fǫður Styrbjarnar. Guthormr hertogi varð sótt dauðr í Túnsbergi. Þá gaf 15 Haraldr konungr yfirsókn ríkis þess allz Guthormi syni sínum ok setti hann þar hǫfðingja yfir.

K. 30. Dauði Rǫgnvaldz Mœra-jarls.

Þá er Haraldr konungr var xl. at aldri, þá váru margir synir hans vel á legg komnir; þeir váru allir bráðgǫrvir. Kom þá 20 svá, at þeir unðu illa við, er konungr gaf þeim ekki ríki, en setti jarl í hverju fylki, ok þótti þeim jarlar vera smábornari, en þeir váru. Þá fóru til á einu vári Hálfðan háleggr ok Guðrøðr ljómi með mikla sveit manna ok kómu á óvart Rǫgnvaldi Mœra-jarli ok tóku hús á honum ok brendu hann inni við lx. manna. Þá 25 tók Hálfðan langskip iii. ok skipaði ok siglir síðan vestr á haf, en Guðrøðr settisk þar at lǫndum, sem áðr hafði haft Rǫgnvaldr jarl. En er Haraldr konungr spurði þetta, þá fór hann þegar með liði miklu á hendr Guðrøði, sá Guðrøðr engan annan sinn kost, en gefask upp í vald Haraldz konungs, ok sendi konungr 30 hann austr á Agðir. En Haraldr konungr setti þá yfir Mœri Þóri, son Rǫgnvaldz jarls, ok gipti honum Álofu, dóttur sína, er kǫlluð var árbót. Þórir jarl þegjandi hafði þá ríki þvilíkt, sem haft hafði Rǫgnvaldr jarl, faðir hans.

K. 31. Dauði Hálfðanar háleggs. 35

Hálfðan háleggr kom vestr til Orkneyja ok mjök á óvart, ok flýði Einarr jarl þegar ór eyjunum ok kom aprt þegar sama



haust ok kom þá óvart Hálfðani. Þeir hittusk ok varð skömm orrosta ok flýði: Hálfðan ok var þat við nótt sjálfa; lágu þeir Einarr tjaldalausir um nóttina, en um morgininn, er lýsa tók, þá leituðu þeir flóttamanna um eyjarnar, ok var hverr drepinn, þar er staðinn varð. Þá mælti Einarr jarl: »eigi veit ek, segir 5 þar er staðinn varð. Þá mælti Einarr jarl: »eigi veit ek, segir hann, hvárt ek sé út á Rínansey mann eða fugl, stundum hefsk upp, en stundum leggsk niðr«. Síðan fóru þeir þannug til ok fundu þar Hálfðan hálegg ok tóku hann höndum. Einarr jarl kvað vísu þessa um aptaninn, áðr hann lagði til orrostu:

- 10 62. Sékat ek Hrólfs ór hendi      en í kveld, meðan knýjum,  
     né Hrollaugi fljúga      of kerstraumi, rómu,  
     dorr á dolga mengi,      þegjandi sitr þetta  
     dugir oss fõður hefna;      Þórir jarl á Mœri.

Þá gekk Einarr jarl til Hálfðanar; hann reist orrn á baki honum 15 við þeima hætti, at hann lagði sverði á hol við hrygginn ok reist rifin öll ofan á lendar, dró þar út lungun; var þat bani Hálfðanar; þá kvað Einarr:

63. Rekit hefk Rõgnvalds dauða,      verpið snarpir sveinar,  
     rétt skiptu því normir,      þvít sigri vér rõðum  
 20 nú 's folkstuðill fallinn,      (skatt velk hönum harðan),  
     at fjórðungi mínum;      at Háfœtu grjóti.

Síðan settisk Einarr jarl at Orkneyjum, sem fyrr hafði hann haft. En er tíðendi þessi spyrjask í Nóreg, þá kunnu þessu stórilla bræðr hans ok tóldu hefnda fyrir vert, ok margir sönnuðu 25 þat aðrir. En er Einarr jarl spýrr þetta, þá kvað hann:

64. Eru til míns fjõrs margir      en þat vitu þeygi  
     menn of sannar deilðir      þeir, áðr mik hafi feldan,  
     ór ýmissum áttum      hverr ilþorna arnar  
     ósmábornir gjarnir;      undir hlýtr at lúta.

30                    K. 32. Sætt Haraldz konungs ok Einars jarls.

Haraldr konungr bauð liði út ok dró saman her mikinn ok fór síðan vestr til Orkneyja, en er Einarr jarl spurði, at konungr var austan kominn, þá ferr hann yfir á Nes; þá kvað hann vísu:

- 35 65. Margr verðr sekr of sauði      hætt segja mér hõlðar  
     seggr með fõgru skeggi,      við hugfullan stilli,  
     en ek at ungs í Eyjum      Haralds hefk skarð í skildi  
     allvalds sonar falli;      (skala ugga þat) hõggvit.

Þá fóru menn ok orðsendingar millum konungs ok jarls; kom þá svá, at þar var á komit stefnulagi, ok finnask þeir sjálfir ok festi þá jarl alt í konungs dóm; Haraldr konungr dæmði á hendr Einari jarli ok öllum Orkneyingum at gjalda lx. marka gullz; bøndum þótti gjald ofmikit; þá bauð jarl þeim, at hann myndi 5 einn saman gjalda ok skyldi hann eignask þá óðul öll í eyjunum; þessu játuðu þeir mest fyrir þá sök, at inir snauðu áttu lítlar jarðir, en inir auðgu hugðusk mundu leysa sín óðul, þegar er þeir vildu; leysti jarl alt gjaldit við konung; fór konungr þá austr eptir um haustit. Var þat lengi síðan í Orkneyjum, at 10 jarlar áttu óðul öll, alt þar til er Sigurðr Hlǫðvisson gaf aprt óðulin. /

## K. 33. Kvánfang Eiríks konungs.

Guthormr, sonr Haraldz konungs, hafði landvörn fyrir Víkinni ok fór hann með herskipum it ýtra, en er hann lá í 15 Elfarkvíslum, þá kom þar Sólvi klofi ok lagði til bardaga við hann; þar fell Guthormr. Hálfðan svarti ok Hálfðan hvíti lágu í víking ok herjuðu um Austrveg. Þeir áttu orrostu mikla á Eistlandi; þar fell Hálfðan hvíti. Eiríkr var at fóstri með Þóri hersi Hróaldszsyni í Fjörðum; honum unni Haraldr konungr 20 mest sona sinna ok virði hann mest. Þá er Eiríkr var xii. vetra gamall, gaf Haraldr konungr honum v. langskip, ok fór hann í hernað, fyrst í Austrveg ok þá suðr um Danmörk ok um Frísland ok Saxland, ok dvaldisk í þeiri ferð iii. vetr. Eptir þat fór hann vestr um haf ok herjaði um Skotland ok Bretland, Írland ok 25 Valland ok dvaldisk þar aðra iiiii. vetr. Eptir þat fór hann norðr á Finnörk ok alt til Bjarmalandz ok átti hann þar orrostu mikla ok hafði sigr. Þá er hann kom aprt á Finnörk, þá fundu menn hans í gamma einum konu þá, er þeir höfðu enga sét jamvæna; hon nefndisk fyrir þeim Gunnhildr ok sagði, at faðir 30 hennar bjó á Hálogalandi, er hét Özurr tóti — »ek hefi hér verit til þess, segir hon, at nema kunnostu at finnum tveim, er hér eru fróðastir á örkinni; nú eru þeir farnir á veiðar, en báðir þeir vilja eiga mik, ok báðir eru þeir svá vísir, at þeir rekja spor sem hundar bæði á þá ok á hjarni, en þeir kunnu svá 35 vel á skíðum, at ekki má forðask þá, hvárki menn né dýr, en hvatki er þeir skjóta til, þá hœfa þeir; svá hafa þeir fyrir komit hverjum manni, er hér hefir komit í nánd, ok ef þeir verða reiðir, þá snýsk jörð um fyrir sjónum þeira, en ef nokkut kvikt

verður fyrir sjónum þeira, þá fellr dautt niðr. Nú meguð þér fyrir engan mun verða á veg þeira, nema ek fela yðr hér í gammanum; skuluð þér þá freista, ef vér fáim drepit þá«. Þeir þekðusk þetta, at hon fal þá. Hon tók linsekk einn, ok hugðu  
 5 þeir, at aska væri í; hon tók þar í hendi sinni ok sori því um gammann útan ok innan. Líttu síðarr koma finnar heim; þeir spyrja, hvat þar er komit; hon segir, at þar er ekki komit; finnum þykkir þat undarligt, er þeir höfðu rakit spor alt at gammanum, en síðan finna þeir ekki. Þá gera þeir sér eld ok  
 10 matbúa, en er þeir váru mettir, þá býr Gunnhildr rekkju sína; en svá hafði áðr farit iii. nætr, at Gunnhildr hefir sofit, en hvárr þeira hefir vakat yfir öðrum fyrir afbrýðis sakir. Þá mælti hon: »farið nú hegat ok liggi á sína hlið mér hvárr ykkarr«; þeir urðu þessu fegnir ok gerðu svá; hon helt sinni hendi um háls  
 15 hvárum þeira. Þeir sofna þegar, en hon vekr þá, ok enn brálliga sofna þeir, ok svá fast, at hon fær varliga vakit þá, ok enn sofna þeir, ok fær hon þá fyrir engan mun vakit þá, ok þá setr hon þá upp ok enn sofa þeir; hon tekr þá selbelgi tvá mikla ok steypir yfir höfuð þeim ok bindr at sterkliga fyrir neðan  
 20 hendrnar; þá gerir hon bending konungsmönnum, hlaupa þeir þá fram ok bera vápn á finna ok fá hlaðit þeim, draga þá út ór gammanum. Um nóttina eptir váru reiðarþrumur svá stórar, at þeir máttu hvergi fara, en at morni fóru þeir til skips ok höfðu Gunnhildi með sér ok færðu Eiríki. Fóru þeir Eiríkr þá  
 25 suðr til Hálogalandz. Hann stefndi þá til sín Ozuri tóta; Eiríkr segir, at hann vill fá dóttur hans; Ozurr játir því, fær þá Eiríkr Gunnhildar ok hefir hana með sér suðr í land.

#### K. 34. Frá sonum Haraldz.

Haraldr konungr var þá l. at aldri, er synir hans váru  
 30 margir rosknir, en sumir dauðir. Þeir gerðusk margir ofstopa-  
 menn miklir innan landz ok váru sjálfir ósáttir; þeir ráku af eignum jarla konungs, en suma drápu þeir. Haraldr konungr stefndi þá þing fjölment austr í landi ok bauð til Uplendingum. Þá gaf hann sonum sínum konunganöfn ok setti þat í lögum,  
 35 at hans ættmenn skyldi hverr konungdóm taka eptir sinn föður, en jarldóm sá, er kvensifr væri af hans ætt kominn. Hann skipti landi með þeim, lét hafa Vingulmörk, Raumaríki ok Vestfold, Pelamörk, þat gaf hann Óláfi, Birni, Sigtryggvi, Fróða, Þorgísli, en Heiðmörk ok Guðbrandzdali, þat gaf hann Dag ok Hring

ok Ragnari; Snæfríðarsonum gaf hann Hringaríki, Haðaland, Þótn ok þat, er þar liggur til; Guthormi hafði hann gefit til yfirsóknar frá Elfi til Svínasundz of Ránríki; hann hafði hann sett til landvarnar austr við landz-enda, sem fyrr er ritat. Haraldr konungur sjálf var optast um mitt land, Hrcerekr ok 5 Guðrøðr váru jafnan innan hirðar með konungi ok höfðu veizlur stórar á Hørðalandi ok Sogni. Eiríkr var með Haraldi konungi feðr sínum; honum unni hann mest sona sinna ok virði hann mest; honum gaf hann Hálogaland ok Norðmœri ok Raumsdal. Norðr í Prándheimi gaf hann yfirsókn Hálfðani svarta ok Hálf- 10 dani hvíta ok Sigrøði. Hann gaf sonum sínum í hverju þessu fylki hálfar tekjur við sik, ok þat með, at þeir skyldu sitja í há sæti, skqr hæra en jarlar, en skqr lægra, en hann sjálf, en þat sæti eptir hans dag ætlaði sér hverr sona hans, en hann sjálf ætlaði þat Eiríki, en Þroendir ætluðu þat Hálfðani svarta, en 15 Víkverir ok Uplendingar unnu þeim bezt ríkis, er þar váru þeim undir hendi. Af þessu varð þar mikit sundrþykki enn af nýju milli þeira brøðra. En með því at þeir þóttusk hafa lítit ríki, þá fóru þeir í hernað, svá sem sagt er at Guthormr fell í Elfar- kvíslum fyrir Sglva klofa. Eptir þat tók Óláfr við því ríki, er 20 hann hafði haft. Hálfðan hvíti fell á Eistlandi, Hálfðan háleggr fell í Orkneyjum. Þeim Þorgísli ok Fróða gaf Haraldr konungur herskip, ok fóru þeir í vestrvíking ok herjuðu um Skotland ok Bretland ok Írland. Þeir eignuðusk fyrst Norðmanna Dyflinni. Svá er sagt, at Fróða væri gefinn banadrykkur, en Þorgísl var 25 lengi konungur yfir Dyflinni ok var svikinn af Írum ok fell þar.

## K. 35. Dauði Rognvaldz réttilbeina.

Eiríkr blóðøx ætlaði at vera yfirkonungur allra brøðra sinna, ok svá vildi ok Haraldr konungur vera láta; váru þeir feðgar lönfum ásamt. Rognvaldr réttilbeini átti Haðaland; hann nam 30 fjölkyngi ok gerðisk seiðmaðr. Haraldi konungi þóttu illir seiðmenn. Á Hørðalandi var sá seiðmaðr, er hét Vitgeirr; konungur sendi honum orð ok bað hann hætta seið; hann svaraði ok kvað:

66. Þat 's vø lítill,	es Rognvaldr síðr	
at vér síðim	réttilbeini,	35
karla börn	hróðmøgr Haralds,	
ok kerlinga,	á Haðalandi.	

En er Haraldr konungur heyrði þetta sagt, þá með hans ráði fór Eiríkr blóðøx til Uplanda ok kom á Haðaland. Hann brendi inni

Rognvald bróður sinn með lxxx. seiðmanna, ok var þat verk lofat mjök. Guðrøðr ljómi var um vetrinn með Þjóðólfi í Hvini, fóstrföður sínum, á kynnissókn ok hafði skútu alskipaða ok vildi hann fara norðr á Rogaland. Þá lögðusk á stormar miklir, en  
 5 Guðrøði var títt um ferð sína ok lét hann illa um dvöolina; þá kvað Þjóðólfr:

67. Fariða ér, áðr fleyja                      vindbýsna skalt, vísi  
       flatvöllr, heðan, batnar,                    víðfrægr, heðan bíða;  
       (verpr) Geitis veg (grjóti)                vesið með oss, unz verði  
 10 Guðrøðr (of sæ stóran);                    veðr, nú 's brim fyr Jaðri.  
 Guðrøðr fór sem áðr, hvat sem Þjóðólfr mælti; en er þeir kómu fyrir Jaðar, þá kafði skipit undir þeim, ok létusk þar allir.

### K. 36. Fall Bjarnar kaupmannz.

- 15 Björn, sonr Haraldz konungs, réð þá fyrir Vestfold ok sat optast í Túnsbergi, en var lítt í hernaði. Til Túnsbergs sóttu mjök kaupskip bæði þar um Víkina ok norðan ór landi ok sunnan ór Danmörk ok af Saxlandi. Björn konungr átti ok kaupskip í ferðum til annarra landa ok aflaði sér svá dýrgripa eða annarra  
 20 fanga, þeira er hann þóttisk hafa þurfa. Bræðr hans kölluðu hann farmann eða kaupmann. Björn var vitr maðr ok vel stilltr ok þótti vænn til höfðingja; hann fekk sér gott kvánfang ok makligt; hann gat son, er Guðrøðr hét. Eiríkr blóðøx kom ór Austrveg með herskip ok lið mikit; hann beiddisk af Birni bróður  
 25 sínum, at taka við sköttum ok skyldum þeim, er Haraldr konungr átti á Vestfold, en hinn var áðr vanði, at Björn færði konungi skatt eða sendi menn með; vildi hann enn svá ok vildi eigi af höndum greiða. En Eiríkr þóttisk vista þurfa ok tjalda ok drykkjar. Þeir bræðr þreyttu þetta með kappmælum, ok fekk  
 30 Eiríkr eigi at heldr ok fór brot ór býnum. Björn fór ok ór boenum um kveldit ok upp á Sæheim. Eiríkr hvarf aptr, fór upp um nóttina á Sæheim eptir Birni, kom þar, er þeir sátu yfir drykkju; Eiríkr tók hús á þeim, en þeir Björn gengu út ok bórðusk; þar fell Björn ok mart manna með honum; Eiríkr tók  
 35 þar herfang mikit ok fór norðr í land. Þetta verk líkaði stórilka Víkverjum, ok var Eiríkr þar mjök óþokkaðr, fóru þau orð um, at Óláfr konungr myndi hefna Bjarnar, ef honum gæfi færi á. Björn konungr liggr í Farmannzhaugi á Sæheimi.

## K. 37. Sætt konunga.

Eiríkr konungr fór um vetrinn eptir norðr á Mœri ok tók veizlu í Sölva fyrir innan Agðanes; en er þat spurði Hálfðan svartí, fór hann til með her ok tók hús á þeim. Eiríkr svaf í útiskemmu ok komsk út til skógar við v. mann, en þeir Hálfðan 5 brendu upp bæinn ok lið alt, þat er inni var; kom Eiríkr á fund Haraldz konungs með þessum tíðendum. Konungr varð þessu ákafliga reiðr ok samnaði her saman ok fór á hendr Þrændum; en er þat spyrr Hálfðan svartí, þá býðr hann út liði ok skipum ok verðr allfjqlmennr ok lagði út til Staðs fyrir innan 10 Þórsbjörg. Haraldr konungr lá þá sínu liði út við Reinsléttu. Fóru þá menn milli þeira. Guthormr sindri hét einn gøfugr maðr; hann var þá í liði með Hálfðani svartá, en fyrr hafði hann verit með Haraldí konungi ok ástvinr beggja þeira. Guthormr var skáld mikit: hann hafði ort sitt kvæði um hvárn 15 þeira feðga; þeir høfðu honum boðit laun fyrir, en hann neitti ok beiddisk, at þeir skyldu veita honum eina bæn, ok høfðu þeir því heitit. Hann fór þá á fund Haraldz konungs ok bar sættarorð millum þeira ok bað þá hvárn tveggja þeira bænar ok þess, at þeir skyldu sættask, en konungar gerðu svá mikinn metnað 20 hans, at af hans bæn sættusk þeir. Margir aðrir gøfgir menn fluttu þetta mál með honum. Var þat at sætt, at Hálfðan skyldi halda ríki ulla, því er áðr hafði hann haft; skyldi hann ok láta óhætt við Eirík bróður sinn. Eptir þessi søgu orti Jórunn skáldmær nokkur erendi í Sendibít: 25

68. Haralds frákr Hálfðan spyrja sýnisk svärtleitr reyni  
herðibrogð, en lögðis sjá bragr, ins hárfagra.

## K. 38. Fœddr Hákon góði.

Hákon Grjótgarðzson Hlaða-jarl hafði alla yfirsókn í Prándheimi, þá er Haraldr konungr var annarstaðar í landi, ok hafði 30 Hákon mestan metnað í Þrændalögum af konungi. Eptir fall Hákonar tók Sigurðr, sonr hans, ríki ok gerðisk jarl í Prándheimi; hann hafði atsetu á Hlōðum. Með honum fœddusk upp synir Haraldz konungs, Hálfðan svartí ok Sigrøðr, en áðr vóru þeir undir hendi Hákonar, fōður hans. Þeir vóru mjök jafnaldrar, 35 synir Haraldz ok Sigurðr. Sigurðr jarl fekk Bergljótar, dóttur Þóris jarls þegjanda; móðir hennar var Álof árbót, dóttir Haraldz hárfagra. Sigurðr jarl var allra manna vitrastr. En

er Haraldr konungr tók at eldask, þá settisk hann optliga at stórbúum, er hann átti á Hjørðalandi á Alreksstöðum eða á Sæheimi, á Fitjum, eða á Útsteini, ok í Kqrmt á Qgvaldznesi. Þá er Haraldr konungr var nær lxx., gat hann son við konu  
 5 þeiri, er Þóra er nefnd morstrstong; hon var æzkuð ór Morstr; hon átti góða frændr; hon var í frændsemistölu við Hjørða-Kára; hon var kvinna vænst ok in fríðasta; hon var kqlluð konungs ambátt. Váru þá margir þeir konungi lýðskyldir, er vel váru ættbornir, bæði karlar ok konur. Sá var siðr um gqfugra manna  
 10 þqrn, at vanda menn mjok til at ausa vatni eða gefa nafn. En er at þeiri stefnu kom, er Þóru var ván, at hon myndi barn ala, þá vildi hon fara á fund Haraldz konungs; hann var þá norðr á Sæheimi, en hon var í Morstr. Hón fór þá norðr á skipi Sigurðar jarls; þau lágu um nóttina við land; þar ól Þóra barn uppi á  
 15 hellunni við bryggjusporð, þat var sveinbarn. Sigurðr jarl jós sveininn vatni ok kallaði eptir feðr sínum, Hákonu Hlaða-jarli; sá sveinn var snimma fríðr ok mikill vexti ok mjok líkr feðr sínum. Haraldr konungr lét sveininn fylgja móður sinni, ok váru þau at konungsbúum, meðan sveininn var ungr.

20 K. 39. Orðsending Aðalsteins konungs.

Aðalsteinn hét þá konungr í Englandi, er þá hafði nýtekit við konungdómi; hann var kallaðr inn sigrsæli ok inn trúfasti. Hann sendi menn til Nóregs á fund Haraldz konungs með þess konar sending, at sendimaðr gekk fyrir konung; hann selr  
 25 konungi sverð gullbúit með hjóltum ok meðalkafla, ok qll umgerð var búin með gulli ok silfri ok sett dýrligum gimsteinum; helt sendimaðrinn sverðzhjóltunum til konungsins ok mælti: »hér er sverð, er Aðalsteinn konungr mælti at þú skyldir við taka«. Tók konungr meðalkaflann, ok þegar mælti sendimaðrinn: »nú tóktu  
 30 svá, sem várr konungr vildi, ok nú skaltu vera þegn hans, er þú tókt við sverði hans«. Haraldr konungr skilði nú, at þetta var með spotti gqrt, en hann vildi enskis mannz þegn vera, en þó mintisk hann þess, sem hans háttr var, at hvert sinn er skjót æði eða reiði hljóp á hann, at hann stilti sik fyrst ok  
 35 lét svá renna af sér reiðina ok leit á sakar óreiðr; nú gerir hann enn svá ok bar þetta fyrir vini sína, ok finna þeir allir saman hér ráð til, þat it fyrsta, at láta sendimenn heim fara óspilta.

## K. 40. Ferð Hauks til Englandz.

Annat sumar eptir sendi Haraldr konungr skip vestr til Englandz ok fekk til stýrimann Hauk hábrók; hann var kappi mikill ok inn kærsti konungi; hann fekk í hönd honum Hákon, son sinn. Haukr fór þá vestr til Englandz á fund Aðalsteins 5 konungs ok fann hann í Lundúnum; þar var þá boð fyrir ok veizla virðilig. Haukr segir sínum mönnum, þá er þeir koma at hǫllinni, hvernug þeir skulu hátta inngöngunni, segir, at sá skal síðarst út ganga, er fyrstr gengr inn, ok allir standa jafnfram fyrir borðinu ok hvern þeira hafa sverð á vinstri hlið 10 ok festa svá yfirhöfnina, at eigi sé sverðit. Síðan ganga þeir inn í hǫllina; þeir váru xxx. manna. Gekk Haukr fyrir konung ok kvaddi hann. Konungr biðr hann velkominn. Þá tók Haukr sveininn Hákon ok setr á kné Aðalsteini konungi. Konungr sér á sveininn ok spyr Hauk, hví hann ferr svá. Haukr svarar: 15 »Haraldr konungr bað þik fóstura honum ambáttarbarn«. Konungr varð reiðr mjök ok greip til sverðz, er var hjá honum, ok brá svá, sem hann vildi drepa sveininn. »Knésett hefir þú hann nú, segir Haukr, nú máttu myrða hann, ef þú vill, en ekki mantu með því eyða öllum sonum Haraldz konungs«. Gekk 20 Haukr síðan út ok allir hans menn, ok fara leið sína til skips ok halda í haf, er þeir eru at því búnir, ok kómu aptr til Nóregs á fund Haraldz konungs, ok líkaði honum nú vel, þvíat þat er mál manna, at sá væri ótígnari, er öðrum fósturaði barn. Í þvílíkum viðskiptum konunga fannsk þat, at hvárr þeira vildi 25 vera meiri en annarr ok varð ekki misdeili tígna þeira at heldr fyrir þessar sakar; hvárrtveggi var yfirkonungr síns ríkis til dauðadags.

## K. 41. Skírðr Hákon.

Aðalsteinn konungr lét skíra Hákon ok kenna rétta trú 30 ok góða siðu ok allz konar kurteisi. Aðalsteinn konungr unni honum svá mikit, meira en öllum frændum sínum, ok út í frá unni honum hvern maðr, er hann kunni. Hann var síðan kallaðr Aðalsteinsfóstri. Hann var inn mesti íþróttamaðr, meiri ok sterkari ok fríðari, en hvern maðr annarra, hann var vitr ok 35 orðsnjallr ok vel kristinn. Aðalsteinn konungr gaf Hákon sverð þat, er hjöltin váru ór gulli ok meðalkaflinn, en brandrinn var þó betri; þar hjó Hákon með kvernstein til augans; þat var



síðan kallat Kvernbítir; þat sverð hefir bezt komit til Nóregs; þat átti Hákon til dauðadags.

K. 42. Leiddr Eiríkr til ríkis.

Haraldr konungr var þá áttroedr at aldri, gerðisk hann þá  
 5 þungføerr, svá at hann þóttisk eigi mega fara yfir land eða  
 stjórna konungs málum. Þá leiddi hann Eirík, son sinn, til  
 hásetis síns ok gaf honum vald yfir landi öllu. En er þat spurðu  
 aðrir synir Haraldz konungs, þá settisk Hálfðan svarti í  
 konungshásæti; tók hann þá til forráða allan Prándheim; hurfu  
 10 at því ráði allir Þrændir með honum. Eptir fall Bjarnar  
 kaupmannz tók Óláfr bróðir hans ríki yfir Vestfold ok til fóstrs  
 Guðrøð, son Bjarnar. Tryggvi hét sonr Óláfs, ok váru þeir  
 Guðrøðr fóstbroedr ok mjök jafnaldra ok báðir inir efnligstu  
 ok atgørvimenn miklir; Tryggvi var hverjum manni meiri ok  
 15 sterkari. En er Víkverjar spurðu, at Hørdar høfðu tekit til  
 yfirkonungs Eirík, þá tóku þeir Ólaf til yfirkonungs í Víkinni,  
 ok helt hann því ríki. Þetta líkaði Eiríki stórilla. Tveim vetrum  
 síðarr varð Hálfðan svarti bráðdauðr inn í Prándheimi at veizlu  
 nõkkurri, ok var þat mál manna, at Gunnhildr konungamóðir  
 20 hefði keypt at fjölkunnigri konu, at gera honum banadrykk.  
 Eptir þat tóku Þrændir Sigrøð til konungs.

K. 43. Dauði Haraldz konungs.

Haraldr konungr lifði iii. vetr, síðan er hann hafði Eiríki  
 gefit einvald ríkisins; var þá á Rogalandi eða á Hørdalandi at  
 25 stórbúum, er hann átti. Eiríkr ok Gunnhildr áttu son, er Haraldr  
 konungr jós vatni ok gaf nafn sitt, segir svá, at sá skyldi  
 konungr vera eptir Eirík fõður sinn. Haraldr konungr gipti  
 flestar døtr sínar innan landz jorlum sínum, ok eru þaðan  
 komnar miklar kynkvíslir. Haraldr konungr varð sóttðauðr á  
 30 Rogalandi, er hann heygðr á Haugum við Karmtsund. Í Hauga-  
 sundi stendr kirkja, en við sjálfan kirkjugarðinn í útnorðr er  
 haugr Haraldz konungs ins hárfagra; fyrir vestan kirkjuna ligg  
 legsteinn Haraldz konungs, sá er lá yfir legi hans í hauginum,  
 ok er steinninn hálfz fjogrtánda fets langr ok nær ii. álna breiðr.  
 35 Í miðjum hauginum var leg Haraldz konungs; þar var sett  
 steinn annarr at høfði, en annarr at fótum, ok lögð þar hellan  
 á ofan, en hlaðit grjóti tveim megin útan undir. Þeir steinar  
 standa nú þar í kirkjugarðinum, er þá váru í hauginum ok nú var

frá sagt. Svá segja fróðir menn, at Haraldr inn hárfagri hafi verit allra manna fríðastr sýnum ok sterkastr ok mestr, inn orvasti af fé ok allvinsæll við sína menn; hann var hermaðr mikill ondverða æfi, ok þýða menn þat nú, at vitat hafi um tré þat it mikla, er móður hans sýndisk í draumi fyrir burð hans, er inn neðsti hlutr trésins var rauðr sem blóð, en þá var leggrinn upp frá fagr ok grœnn, at þat jartegnði blóma ríkis hans, en at ofanverðu var hvítt tréit; þar sýndisk þat, at hann myndi fá elli ok hæru; kvistir ok limar trésins boðaði afkvæmi hans, er um alt land dreifðisk, ok af hans ætt hafa verit jafnan síðan konungar í Nóregi.

## K. 44. Fall Óláfs ok Sigrøðar.

Eiríkr konungr tók allar tekjur þær, sem konungr átti um mitt land, inn næsta vetr eptir andlát Haraldz konungs, en Óláfr austr um Víkina, en Sigrøðr, bróðir þeira, hafði alt um Þrœndalög. Eiríki líkaði þetta stórilla, ok fóru þau orð um, at hann myndi með styrk eptir leita við brœðr sína, ef hann mætti fá einvaldzríki yfir landi öllu, svá sem faðir hans hafði gefit honum. En er Óláfr ok Sigrøðr spurja þetta, þá fara sendimenn milli þeira; því næst gera þeir stefnulag sitt, ok ferr Sigrøðr um vârit austr til Víkr, ok finnask þeir Óláfr brœðr í Túnsbergi ok dvalðusk þar um hríð. Þat sama vár býðr Eiríkr út lið miklu ok skipum ok snýr austr til Víkr. Eiríkr konungr fekk svá mikit hraðbyri, at hann siglði dag ok nótt, ok fór engi njósn fyrir honum, ok er hann kom til Túnsbergs, þá gengu þeir Óláfr ok Sigrøðr með lið sitt austr ór bænum á brekkuna ok fylkðu þar. Eiríkr hafði lið miklu meira ok fekk hann sigr, en þeir Óláfr ok Sigrøðr fellu þar báðir, ok er þar haugr hvárs tveggja þeira á brekkunni, sem þeir lágu fallnir. Eiríkr fór um Víkina ok lagði undir sik ok dvalðisk þar lengi sumars. Tryggvi ok Guðrøðr flýðu þá til Uplanda. Eiríkr var mikill maðr ok fríðr, sterkr ok hreystimaðr mikill, hermaðr mikill ok sigrsæll, ákafamaðr í skapi, grimmr, óþýðr ok fálátr. Gunnhildr, kona hans, var kvinna fegrst, vitr ok margkunnig, glaðmælt ok undirhyggjumaðr mikill ok in grimmasta. Þau váru börn þeira Eiríks ok Gunnhildar: Gamli var elztr, Guthormr, Haraldr, Ragnfrøðr, Ragnhildr, Erlingr, Guðrøðr, Sigurðr slefa. Öll váru börn Eiríks fríð ok mannvæn.

## Uphaf sögu Hákonar góða.

K. I. Hákon Aðalsteinsfóstri til konungs tekinn.

Hákon Aðalsteinsfóstri var þá á Englandi, er hann spurði andlát Haraldz konungs, föður síns; bjósk hann þá þegar til ferðar. Fekk Aðalsteinn konungr honum lið ok góðan skipakost  
5 ok bjó hans fyr allvegliga, ok kom hann um haustit til Nóregs. Þá spurði hann fall bræðra sinna ok þat, at Eiríkr konungr var þá í Víkinni; siglði þá Hákon norðr til Prándheims ok fór á fund Sigurðar Hlaða-jarls, er allra spekinga var mestr í Nóregi, ok fekk þar góðar viðtökur, ok bundu þeir lag sitt  
10 saman; hét Hákon honum miklu ríki, ef hann yrði konungr. Þá létu þeir stefna þing fjölment, ok á þinginu talaði Sigurðr jarl af hendi Hákonar ok bauð bóndum hann til konungs. Eptir þat stóð Hákon sjálfur upp ok talaði; mæltu þá ii. ok ii. sín á milli, at þar væri þá kominn Haraldr inn hárfagri ok orðinn  
15 ungr í annat sinn. Hákon hafði þat uphaf síns máls, at hann beiddi bæendr at gefa sér konungsnafn ok þat með, at veita sér fylgd ok styrk til at halda konungdóminum, en þar í mót bauð hann þeim, at gera alla bæendr óðalborna ok gefa þeim óðul sín, er byggja. At þessu ørendi varð rómr svá mikill, at  
20 allr búandamúgrinn œpði ok kallaði, at þeir vildu hann til konungs taka, ok var svá gort, at Þrændir tóku Hákon til konungs um allt land; þá var hann xv. vetra; tók hann sér þá hirð ok fór yfir land. Þau tíðendi spurðusk á Uplönd, at Þrændir höfðu sér konung tekit slíkan at öllu, sem Haraldr inn hárfagri  
25 var, nema þat skildí, at Haraldr hafði allan lýð í landi þrælkat ok áþját, en þessi Hákon vildi hverjum manni gott ok bauð aptr at gefa bóndum óðul sín, þau er Haraldr konungr hafði af þeim tekit. Við þau tíðendi urðu allir glaðir, ok sagði hverr

qðrum, flaug þat sem sinueldr alt austr til landzenda. Margir bæendr fóru af Uplöndum at hitta Hákon konung, sumir sendu menn, sumir gerðu orðsendingar ok jartegnir, allir til þess, at hans menn vildu gerask. Konungr tók því þakksamliga.

## K. 2. Frá Hákonni konungi.

5

Hákon konungr fór qndurðan vetr á Uplönd, stefndi þar þing, ok dreif alt fólk á hans fund, þat er komask mátti; var hann þá til konungs tekinn á qllum þingum; fór hann þá austr til Víkr. Þar kómu til hans Tryggvi ok Guðrøðr, bræðrasynir hans, ok margir aðrir, er upp tölðu harma sína, þá er hlotit 10 hqfðu af Eiríki, bróður hans. Eiríks óvinsælð óx æ því meir, sem allir menn gerðu sér kærta við Hákon konung ok heldr hqfðu sér traust til at mæla, sem þótti. Hákon konungr gaf konungsnafn Tryggva ok Guðrøði ok ríki þat, sem Haraldr konungr hafði gefit feðrum þeira; Tryggva gaf hann Ránríki 15 ok Vingulmörk, en Guðrøði Vestfold, en fyrir því, at þeir váru ungrir ok bernskir, þá setti hann til gqfga menn ok vitra at ráða landi með þeim, gaf hann þeim land með þeim skildaga, sem fyrr hafði verit, at þeir skyldi hafa helming skylda ok skatta við hann. Fór Hákon konungr norðr til Þrándheims, 20 er váraði, it øfra um Uplönd.

## K. 3. Ferð Eiríks ór landi.

Hákon konungr dró saman her mikinn í Þrándheimi, er váraði, ok réð til skipa; Víkverjar hqfðu ok her mikinn úti, ok ætluðu til móts við Hákon. Eiríkr bauð ok liði út um 25 mitt land, ok varð honum ilt til liðs, þvíat ríkismenn margir skutusk honum ok fóru til Hákonar, en er hann sá engi efni til mótstöðu í móti her Hákonar, þá siglði hann vestr um haf með því liði, er honum vildi fylgja, fór hann fyrst til Orkneyja ok hafði þaðan með sér lið mikit; þá siglði hann suðr til Eng- 30 landz ok herjaði um Skotland, hvar sem hann kom við land; hann herjaði ok alt norðr um England. Aðalsteinn Engla- konungr sendi orð Eiríki ok bauð honum at taka af sér ríki í Englandi, sagði svá, at Haraldr konungr, faðir hans, var mikill vinr Aðalsteins konungs, svá at hann vill þat virða við son 35 hans. Fóru þá menn í milli þeira konunganna, ok sættusk á þat með einkamálum, at Eiríkr konungr tók Norðimbraland at halda af Aðalsteini konungi ok verja þar land fyrir Dqnum ok

5 öðrum víkingum. Eiríkr skyldi láta skírask ok kona hans ok  
 börn þeira ok alt lið hans, þat er honum hafði fylgt þangat.  
 Tók Eiríkr þenna kost, var hann þá skírðr ok tók rétta trú.  
 Norðimbraland er kallat fimtungr Englandz. Hann hafði atsetu  
 10 í Jórvík, þar sem menn segja, at fyrr hafi setit Loðbrókar-synir.  
 Norðimbraland var mest byggt Norðmönnum, síðan er  
 Loðbrókar-synir unnu landit; herjuðu Danir ok Norðmenn  
 optliga þangat, síðan er vald landzins hafði undan þeim gengit.  
 Mörg heiti landzins eru þar gefin á nórcæna tungu, Grímsboer  
 10 ok Hauksfljót ok mörg önnur.

#### K. 4. Fall Eiríks konungs.

Eiríkr konungr hafði fjölmenni mikit um sik, helt þar fjöldi  
 Norðmanna, er austan hafði farit með honum, ok enn kómu  
 margir vinir hans síðan af Nóregi. Hann hafði land lítit. Þá  
 15 fór hann jafnan í hernað á sumrum, herjaði á Skotland ok  
 Suðreyjar, Írland ok Bretland, ok aflaði sér svá fjár. Aðal-  
 steinn konungr varð sótt dauðr; hann hafði verit konungr xiv.  
 vetr ok viii. vikur ok iii. daga. Síðan var konungr í Englandi  
 Játmundr, bróðir hans; var honum ekki um Norðmenn; var  
 20 Eiríkr konungr eigi í kærleikum við hann, ok fóru þá þau  
 orð um af Játmundi konungi, at hann myndi annan höfðingja  
 setja yfir Norðimbraland. En er þat spurði Eiríkr konungr, þá  
 fór hann í vestrvíking ok hafði ór Orkneyjum með sér Arnkel  
 ok Erlend, sonu Torf-Einars. Síðan fór hann í Suðreyjar ok  
 25 váru þar margir víkingar ok herkonungar, ok réðusk til liðs  
 með Eiríki konungi. Helt hann þá öllu liðinu fyrst til Írlandz  
 ok hafði þaðan lið slíkt, er hann fekk; síðan fór hann til  
 Bretlandz ok herjaði þar. Eptir þat siglði hann suðr undir Eng-  
 land ok herjaði þar sem í öðrum stöðum, en alt lið flýði, þar  
 30 sem hann fór. Ok með því at Eiríkr var hreystimaðr mikill  
 ok hafði her mikinn, þá treystisk hann svá vel liði sínu, at  
 hann gekk langt á land upp ok herjaði ok leitaði eptir mönnum.  
 Óláfr hét konungr sá, er Játmundr konungr hafði þar sett til  
 landvarnar; hann dró saman her óvígjan ok fór á hendr Eiríki  
 35 konungi ok varð þar mikil orrosta, fellu mjök enskir menn,  
 ok þar sem einn fell, kómu iii. af landi ofan í staðinn, ok inn  
 øfra hluta dagsins snýr mannfallinu á hendr Norðmönnum, ok  
 fell þar mikit fólk, ok at lykðum þess dags fell Eiríkr konungr  
 ok v. konungar með honum; þessir eru nefndir: Gothormr ok

synir hans ii., Ívarr ok Hárekr; þar fell ok Sigurðr ok Rognvaldr; þar fell ok Arnkell ok Erlendr, synir Torf-Einars. Þar varð allmikil mannfall af Norðmönnum, en þeir, er undan kómusk, fóru til Norðimbralandz ok sögðu Gunnhildi ok sonum hennar þessi tíðendi.

5

## K. 5. Ferð Gunnhildarsona.

En er þau Gunnhildr urðu þessa vqr, at Eiríkr konungr var fallinn, ok hann hafði áðr herjat land Engla-konungs, þá þykjask þau vita, at þeim mun þar vera eigi friðvænt; búask þau þá þegar í brot af Norðimbralandi ok hafa skip þau 9ll, 10 er Eiríkr konungr hafði átt, höfðu lið þat ok alt, er þeim vildi fylgja, ok óf lausafjár, er þar hafði saman dregizk í sköttum á Englandi, en sumt hafði fengizk í hernaði. Þau halda liði sínu norðr til Orkneyja ok staðfestusk þar um hrið. Þá var þar jarl Þorfiðr hausakljúfr, sonr Torf-Einars. Tóku þá synir 15 Eiríks undir sik Orkneyjar ok Hjaltland ok höfðu skatta af, ok sátu þar um vetrum, en fóru í vestrvíking á sumrum, herjuðu um Skotland ok Írland; þess getr Glúmr Geirason:

69. Hafði fqr til ferju  
fróðr Skáneyjar góða  
blakkríðandi bekkja  
barnungr þaðan farna.  
Rógeisu vann ræsir  
ráðvandr á Skotlandi  
sendan seggja kindar  
sverðbautinn her Gauti.

70. Dolgeisu rak dísar,  
drótt kom mörq á flóttá, 20  
gumna vinr at gamni  
gjóðum írskar þjóðir;  
foldar rauð ok feldi  
Freyr í manna dreyra  
sunnr, á sigr of hlynninn, 25  
seggi mækis eggjar.

## K. 6. Orrosta á Jótlandi.

Hákon konungr Aðalsteinsfóstri lagði undir sik allan Nóreg, þá er Eiríkr, bróðir hans, hafði brot flýit. Hákon konungr sótti inn fyrsta vetr vestr í landit, eptir þat norðr í Þrándheim ok 30 sat þar. En fyrir þær sakir, at eigi þótti friðligt, ef Eiríkr konungr leitaði vestan um haf með her sinn, sat hann fyrir því með lið sitt um mitt land í Firdafylki ok Sogni, áHörðalandi ok Rogalandi. Hákon setti Sigurð Hlaða-jarl yfir 9ll Þreöndalög, svá sem hann hafði fyrr haft ok Hákon, faðir hans, af Haraldi 35 konungi inum hárfagra. En er Hákon konungr spurði fall Eiríks konungs, bróður síns, ok þat, at synir Eiríks konungs höfðu ekki traust í Englandi, þá þótti honum lítil ógn af þeim standa, fór

þá með liði sínu á einu sumri austr í Vík. Í þann tíma herjuðu Danir mjök í Víkina ok gerðu þar opt mikinn skaða, en er þeir spurðu, at Hákon konungr var þar kominn með her mikinn, þá flýðu allir undan, sumir suðr til Hallandz, en þeir, er nærr  
 5 meirr váru Hákon konungi, stefndu út á hafit ok svá suðr til Jótlandz. En er Hákon konungr varð þessa varr, þá siglði hann eptir þeim með allan her sinn, en er hann kom til Jótlandz ok menn urðu við þat varir, þá draga þeir her saman ok vilja verja land sitt ok ráða til orrostu við Hákon konung; varð  
 10 þar orrosta mikil, barðisk Hákon konungr svá djarfliga, at hann var fyrir framan merki ok hafði hvárki hjálm né brynju. Hákon konungr hafði sigr ok rak flótta langt á land upp; svá kvað Guthormr sindri í Hákonardrápu:—

	71. Bifrauknum trað bekkjar	svangœðir rak síðan,
15	blárøst konungr ára;	sótti, Jalfaðs flótta,
	mætr hlóð mildingr Jótum	hrókr Gylfa þar hylja
	mistar vífs í drífu;	hrafnvíns at mun sínum.

#### K. 7. Orrosta í Eyrarsundi.

Síðan helt Hákon konungr liði sínu sunnan til Selundar  
 20 ok leitaði vikinga; hann ræri með ii. snekkjur fram í Eyrarsund; þar hitti hann xi. víkingasnekkjur ok lagði þegar til orrostu við þá, ok lauk svá, at hann hafði sigr ok hrauð 9ll víkingaskipin; svá segir Guthormr sindri:

	72. Almdrósar fór eisu	þás ellifu allar
25	élrunnr mörum sunnan	allreiðr Dana skeiðar
	trjónu tingls á grœna	valsendir hrauð vandar,
	tveimr einum selmeina,	viðfrægr at þat síðan.

#### K. 8. Hernaðr Hákonar konungs í Danmörk.

Eptir þat herjaði Hákon konungr víða um Selund ok rænti  
 30 mannfólkit, en drap sumt, en sumt hertók hann, tók gjöld stór af sumum, fekk þá enga mótstöðu; svá segir Guthormr sindri:

73. Selund náði þá síðan	vals ok Vinða frelsi
sóknheggr und sik leggja	við, Skáneyjar síðu.

Síðan fór Hákon konungr austr fyrir Skáneyjarsíðu ok herjaði  
 35 alt, tók gjöld ok skatta af landinu ok drap alla vikinga, hvar sem hann fann, bæði Dani ok Vinðr; fór hann alt austr fyrir Gautland ok herjaði þar ok fekk þar stór gjöld af landinu; svá segir Guthormr sindri:

74. Skattgilda vann skyldir gollskýflir vann gjöflastr  
skautjalfaðar Gauta; geirveðr í fgr þeiri.  
Hákon konungr fór aprt um haustit með lið sitt ok hafði fengit  
ógrynni fjár. Hann sat um vetrinn í Víkinni við áhlaupum, ef  
Danir ok Gautar gerði þar. 5

## K. 9. Frá Tryggva konungi.

Þat haust kom Tryggvi konungr Ólafsson ór vestrvíking;  
hafði hann þá áðr herjat um Írland ok Skotland. Um várit fór  
Hákon konungr norðr í land ok setti Tryggva konung, bróðurson  
sinn, yfir Víkina, at verja fyrir ófriði ok eignask slíkt af þeim 10  
lǫndum í Danmǫrku, er Hákon konungr hafði it fyrra sumarit  
skattgild; svá segir Guthormr sindri:

75. Ok sóknhattar setti þann es áðr frá Írum  
svellrjóðr at því fljóði iðvandr of kom skíðum  
Ónars, eiki grónu, salbrigðandi Sveigðis 15  
austr geðboeti hraustan, svanvangs liði þangat.

## K. 10. Frá Gunnhildar-sonum.

Haraldr konungr Gormsson réð þá fyrir Danmǫrku; honum  
líkaði stórilla þat er Hákon konungr hafði herjat í land hans,  
ok fóru þau orð um, at Dana-konungr myndi hefnask vilja, en 20  
þat varð þó ekki svá bráðliga. En er þetta spurðu Gunnhildar-  
synir hvártveggja, at ófriðr var millum Danmerkr ok Nóregs,  
þá byrja þau ferð sína vestan.\* Þau giptu Ragnhildi, dóttur  
Eiríks, Arnfinni, syni Þorfinnz hausakljúfs; settisk þá enn  
Þorfiðr jarl at Orkneyjum, en Eiríkssynir fóru í brot. Gamli 25  
Eiríksson var þá nokkuru elztr ok var hann þó eigi roskinn  
maðr. En er Gunnhildr kom til Danmerkr með sonu sína, þá  
fór hon á fund Haraldz konungs ok fekk þar góðar viðtekjur;  
fekk Haraldr konungr þeim veizlur í ríki sínu, svá miklar, at  
þau fengu vel haldit sik ok menn sína, en hann tók til fóstrs 30  
Harald Eiríksson ok knésetti hann; fœddisk hann þar upp í hirð  
Dana-konungs. Sumir Eiríkssynir fóru í hernað, þegar er þeir  
höfðu aldr til ok ofluðu sér fjár, herjuðu um Austrveg; þeir  
váru snimma menn fríðir ok fyrr rosknir at afli ok atgǫrvi  
en at vetratali; þess getr Glúmr Geirason í Gráfeldardrápu: 35

76. Austrlǫndum fórsk undir slíðrtungur lét syngva  
allvaldr, sás gaf skǫldum, sverðleiks reginn; ferðir  
(hann fekk gagn at gunni) sendi gramr at grundu  
gunnhǫrga, slög, mǫrgum; gollvarpaða snarpar.



Eiríkssynir snørusk þá ok með her sinn norðr í Víkina ok herjuðu þar, en Tryggvi konungr hafði her úti ok helt til móts við þá, ok áttu þeir orrostur margar ok höfðu ýmsir sigr. Herjuðu Eiríkssynir stundum í Víkina, en Tryggvi stundum  
5 um Halland ok Sjáland.

#### K. 11. Fœddr Hákon inn ríki.

Þá er Hákon var konungr í Nóregi, var friðr góðr með bóðndum ok kaupmönnum, svá at engi grandaði öðrum né annars fé; þá var ár mikit bæði á sjá ok á landi. Hákon konungr var  
10 allra manna glaðastr ok málsnjallastr ok lítillátastr; hann var maðr stórvitr ok lagði mikinn hug á lagasetning. Hann setti Gulapingslög með ráði Þorleifs spaka ok hann setti Frostapingslög með ráði Sigurðar jarls ok annarra Þrœnda, þeira er vitrastir váru. En Heiðsævislög hafði sett Hálfðan svart,  
15 sem fyrr er ritit. Hákon konungr hafði jólaveizlu í Þrándheimi, hafði Sigurðr jarl búit fyrir honum á Hlqðum. Ina fyrstu jólanótt ól Bergljót, kona jarls, sveinbarn. Eptir um daginn jós Hákon konungr svein þann vatni ok gaf nafn sitt, ok óx sveinn sá upp ok varð síðan ríkr maðr ok gøfugr. Sigurðr jarl  
20 var inn kærsti vinr Hákonar konungs.

#### K. 12. Frá Eysteini illa.

Eysteinn Uplendinga-konungr, er sumir kalla inn ríkja en sumir inn illa, hann herjaði í Þrándheim ok lagði undir sik Eynafylki ok Sparbyggvafylki, ok setti þar yfir son sinn, er  
25 hét . . . . . En Þrœndir drápu hann. Eysteinn konungr fór annat sinn herfgr í Þrándheim ok herjaði þá víða ok lagði undir sik. Þá bauð hann Þrœndum, hvárt þeir vildu heldr hafa at konungi þræl hans, er hét Þórir faxi, eða hund, er Saurr hét, en þeir kuru hundinn, þviat þeir þóttusk þá mundu heldr  
30 sjálfráða. Þeir létu síða í hundinn iii manna vit, ok gó hann til tveggja orða, en mælti it þriðja. Helsi var honum gørt ok viðjar af silfri ok gulli, en þegar er saurugt var, báru hirðmenn hann á herðum sér; hásæti var honum búit, ok hann sat á haugi sem konungar ok bjó í eyjunni iðri ok hafði atsetu, þar sem  
35 hét Saurshaugr. Þat er sagt at honum varð at bana, at vargar lögðusk á hjorð hans, en hirðmenn eggjuðu hann at verja fé sitt; hann gekk af hauginum, ok fór þangat til, sem vargarnir váru, en þeir rifu hann þegar í sundr. Mørg undr qnnur gerði

Eysteinn konungr við Þreendi. Af þeim hernaði ok ófrið flýðu margir hofðingjar ok mart fólk flýði ódul sín. Ketill jamti, sonr Qnundar jarls ór Sparabúi, fór austr um Kjöl ok mikill mannfjöldi með honum ok hofðu búferli sín með sér. Þeir ruddu markir ok byggðu þar stór heruð; þat var síðan kallat Jamtaland. 5 Sonarsonr Ketils var Þórir helsingr; hann fór fyrir víga sakir af Jamtalandi ok austr yfir markir þær, er þar verða, ok byggði þar, ok sótti þannug fjöldi mannz með honum, ok þat er kallat Helsingjaland; gengr þat alt austr til sjávar. Helsingjaland byggðu Svíar alt it eystra með hafinu. En er Haraldr konungr 10 inn hárfagri ruddi ríki fyrir sér, þá stókk enn fyrir honum fjöldi mannz ór landi, Þreindir ok Naumdœlir, ok gerðusk þá enn byggðir austr um Jamtaland, ok sumir fóru alt í Helsingjaland. Helsingjar hofðu kaupferðir sínar til Svíþjóðar ok váru þannug lýðskyldir at öllu, en Jamtr váru mjök allz í millum, ok gaf 15 engi at því gaum, fyrr en Hákon setti frið ok kaupferðir til Jamtalandz ok vingaðisk þar við ríkismenn; þeir sóttu síðan austan á hans fund ok játuðu honum hlýðni sinni ok skattgjöfum ok gerðusk hans þegnar, þvíat þeir spurðu gott til hans, vildu þeir heldr þýðask undir hans konungdóm, en undir Svía-konung, 20 þvíat þeir váru af Norðmanna-ætt komnir, en hann setti þeim lög ok landzrétt. Svá gerðu ok allir Helsingjar, þeir er æzkaðir váru um Kjöl norðan.

### K. 13. Frá Hákonu konungi.

Hákon konungr var vel kristinn, er hann kom í Nóreg, 25 en fyrir því at þar var land alt heiðit ok blótskapr mikill ok stórmenni mart, en hann þóttisk liðs þurfa mjök ok alþýðuvinsælð, þá tók hann þat ráð, at fara leyniliga með kristninni, helt sunnudaga ok frjádaga föstu; hann setti þat í lögum, at hefja jólahald þann tíma, sem kristnir menn, ok skyldi þá hverr 30 maðr eiga mælisöl, en gjalda fé ella, ok halda heilagt, meðan öl ynnisk, en áðr var jólahald hafit hokunótt, þat var miðsvetrarnótt, ok haldin iii.-náttajól. Hann ætlaði svá, er hann festisk í landinu ok hann hefði frjálsliga undir sik lagt alt land, at hafa þá fram kristniboð; hann gerði svá fyrst, at hann lokkaði 35 þá menn, er honum váru kærstir, til kristni; kom svá með vinsælð hans, at margir létu skírask, en sumir létu af blótum. Hann sat lögum í Þrándheimi, þvíat þar var mestr styrkr landzins. En er Hákon konungr þóttisk fengit hafa styrk af

nokkurum ríkismönnum at halda upp kristninni, þá sendi hann  
 til Englandz eptir byskupi ok öðrum kennimönnum, ok er þeir  
 kómu í Nóreg, þá gerði Hákon konungr þat bert, at hann vildi  
 bjóða kristni um alt land, en Mærir ok Raumdælicir skutu þannug  
 5 sínu máli, sem Þrændir váru. Hákon konungr lét þá vígja  
 kirkjur nokkurar ok setti þar presta til, en er hann kom í  
 Þrándheim, þá stefndi hann þing við bændr ok bauð þeim kristni.  
 Þeir svara svá, at þeir vilja þessu máli skjóta til Frostþings,  
 ok vilja þá, at þeir komi ór öllum fylkjum þeim, sem eru í  
 10 Þrændalögum, segja, at þá munu þeir svara þessu vandmæli.

## K. 14. Frá blótum.

Sigurðr Hlaða-jarl var inn mesti blótmaðr, ok svá var  
 Hákon faðir hans; helt Sigurðr jarl upp blótveizlum öllum af  
 hendi konungs þar í Þrændalögum. Þat var forn siðr, þá er  
 15 blót skyldi vera, at allir bændr skyldu þar koma, sem hof var,  
 ok flytja þannug fong sín, þau er þeir skyldu hafa, meðan veizlan  
 stóð. At veizlu þeiri skyldu allir menn öl eiga; þar var ok  
 drepinn allz konar smali ok svá hross, en blóð þat alt, er þar  
 kom af, þá var þat kallað hlaut, ok hlautbollar þat, er blóð  
 20 þat stóð í, ok hlautteinar, þat var svá gort sem stöklar, með  
 því skyldi rjóða stallana öllu saman, ok svá veggi hofsins útan  
 ok innan, ok svá stökkva á mennina, en slátr skyldi sjóða til  
 mannfagnaðar; eldar skyldu vera á miðju gólfi í hofinu ok þar  
 25 hofðingi var, þá skyldi hann signa fullit ok allan blótmatinn,  
 skyldi fyrst Óðins full — skyldi þat drekka til sigrs ok ríkis  
 konungi sínum — en síðan Njarðar full ok Freys full til árs  
 ok friðar. Þá var mörgum mönnum títt, at drekka þar næst  
 Braga full, menn drukku ok full frænda sinna, þeira er heygðir  
 30 hofðu verit, ok váru þat minni kolluð. Sigurðr jarl var manna  
 orvastr; hann gerði þat verk, er frægt var mjök, at hann gerði  
 mikla veizlu á Hlöðum ok helt einn upp öllum kostnaði; þess  
 getr Kormákr Ögmundarson í Sigurðardrápu:

77.	Hafit maðr ask né eskis	Hver myni vés við valdi
35	afspring með sér þingat	vægi kind of bægjask;
	fésærandá at föera	því fúr-Rognir fagnar
	fats. <i>Véltu goð Þjasa.</i>	fens. <i>Vá Gramr til menja.</i>

## K. 15. Þing á Frostu.

Hákon konungr kom til Frostapings ok var þar komit allfjölment af bóndum. En er þing var sett, þá talaði Hákon konungr, hóf þar fyrst, at þat væri boð hans ok boen við böendr ok búþegna, ríka ok óríka, ok þar með við alla alþýðu, unga 5 menn ok gamla, sælan ok vesælan, konur sem karla, at allir menn skyldu kristnask láta ok trúa á einn guð, Krist Máriú son, en hafna blótum öllum ok heiðnum goðum, halda heilagt inn vii. dag hvern við vinnum öllum, fasta ok inn vii. hvern dag. En þegar er konungr hafði þetta upp borit fyrir alþýðu, 10 þá var þegar mikill kurr, kurrðu böendr um þat, er konungr vildi vinnur taka af þeim, ok sagði, at við þat mátti landit eigi byggva, en verkalyðr ok þrælar kölluðu þat, at þeir mætti eigi vinna, ef þeir skyldi eigi mat hafa, — sögðu ok, at þat var skaplöstr Hákonar konungs ok föður hans ok þeira frænda, at 15 þeir váru illir af mat, svá þótt þeir væri mildir af gulli. Ásbjörn af Meðalhúsum ór Gaulardal stóð upp ok svaraði ørendi hans ok mælti: »þat hugðu vér böendr, Hákon konungr, segir hann, at þá er þú hafðir it fyrsta þing haft hér í Þrandheimi ok höfðum þik til konungs tekinn ok þegit af þér óðul vár, at vér hefðim 20 þá höndum himin tekit, en nú vitum vér eigi, hvárt heldr er, at vér munum frelsi þegit hafa, eða muntu nú láta þrælka oss af nýju með undarligum hætti, at vér mynim hafna átrúnaði þeim, er feðr várir hafa haft fyrir oss ok alt forellri, fyrst um brunasöld, en nú haugsöld, ok hafa þeir verit miklu göfgari 25 en vér, ok hefir oss þó dugat þessi átrúnaðr. Vér höfum lagt til yðar svá mikla ástúð, at vér höfum þik ráða látit með oss öllum lögum ok landzrétt. Nú er þat vili várr ok samþykki bóndanna, at halda þau lög, sem þú settir oss hér á Frostapingi ok vér játuðum þér; viljum vér allir þér fylgja ok þik til konungs halda, meðan einn hverr er lífs bóndanna, þeira er hér 30 eru nú á þinginu, ef þú, konungr, vilt nokkut hóf við hafa, at beiða oss þess eins, er vér megum veita þér ok oss sé eigi ógeranda. En ef þér vilið þetta mál taka með svá mikilli freku, at deila afli ok ofríki við oss, þá höfum vér böendr gort ráð 35 vart, at skiljask allir við þik ok taka oss annan höfðingja, þann er oss haldi til þess, at vér megim í frelsi hafa þann átrúnað, sem vér viljum. Nú skaltu, konungr, kjósa um kosti þessa,

áðr þing sé slitit«. At ørendi þessu gerðu bændr róm mikinn ok segja, at þeir vilja svá vera láta.

#### K. 16. Svör Sigurðar jarls.

En er hljóð feksk, þá svaraði Sigurðr jarl, sagði, at »þat  
 5 er vili Hákonar konungs at samþykkja við yðr, bændr, ok láta  
 aldri skilja yðra vináttu«. Bændr segja, at þeir vilja, at konungr  
 blóti til árs þeim ok friðar, svá sem faðir hans gerði. Staðnar  
 þá kurrinn ok slíta þeir þinginu. Síðan talaði Sigurðr jarl við  
 konung, at hann skyldi eigi fyr taka með öllu, at gera, sem  
 10 bændr vildu, segir, at eigi myndi annat hlýða — »er þetta,  
 konungr, sem sjálfir þér meguð heyra, vili ok ákafi höfðingja ok  
 þar með allz fólks. Skulu vér, konungr, hér finna til gott ráð  
 nokkut« — ok samðisk þat með þeim konungi ok jarli.

#### K. 17. Frá blótum.

Um haustit at vetri var blótveizla á Hljóðum, ok sótti þar  
 til konungr. Hann hafði jafnan fyrr verit vanr, ef hann var  
 staddr, þar er blót váru, at matask í litlu húsi með fá menn,  
 en bændr tölðu at því, er hann sat eigi í háseti sínu, þá er  
 20 mestr var mannfagnaðr; sagði jarl, at hann skyldi eigi þá svá  
 gera; var ok svá, at konungr sat í háseti sínu. En er it fyrsta  
 full var skenkt, þá mælti Sigurðr jarl fyrir ok signaði Óðni  
 ok drakk af horninu til konungs. Konungr tók við ok gerði  
 krossmark yfir. Þá mælti Kárr af Grýtingi: »hví ferr konungrinn  
 nú svá; vill hann enn eigi blóta?«. Sigurðr jarl svarar: »kon-  
 25 ungr gerir svá, sem þeir allir, er trúa á mátt sinn ok megin  
 ok signa full sitt Þór. Hann gerði hamarsmark yfir, áðr hann  
 drakk«. Var þá kyrt um kveldit. Eptir um daginn, er menn  
 gengu til borða, þá þustu bændr at konungi, sögðu, at hann  
 skyldi eta þá hrossaslátr. Konungr vildi þat fyrir engan mun.  
 30 Þá báðu þeir hann drekka soðit. Hann vildi þat eigi. Þá báðu  
 þeir hann eta flotit. Hann vildi þat ok eigi, ok var þá við  
 atgöngu. Sigurðr jarl segir, at hann vill sætta þá, ok bað þá  
 hætta storminum ok bað hann konung gína yfir ketilhödduna,  
 er soðreykinn hafði lagt upp af hrossaslátrinu, ok var smjör  
 35 haddan. Þá gekk konungr til ok brá línúuk um hödduna ok  
 gein yfir ok gekk síðan til hásetis ok líkaði hvárigum vel.

## K. 18. Blótveizla á Mærini.

Um vetrinn eptir var búit til jóla konungi inn á Mærini; en er at leið jólnum, þá lögðu þeir stefnu með sér átta hofðingjar, er mest réðu fyrir blótum í öllum Þrændalögum. Þeir váru iiii. útan ór Þrándheimi: Kárr af Grýtingi ok Ásbjörn 5 af Meðalhúsum, Þorbergr af Varnesi, Ormr af Ljoxu, en af Innþrændum Blótólfr af Ölvishaugi, Narfi af Staf ór Veradal, Þrándr haka af Eggju, Þórir skegg af Húsabœ í eyjunni iðri. Þessir viii. menn bundusk í því, at þeir iiii. af Útþrændum skyldu eyða kristninni, en þeir iiii. af Innþrændum skyldu neyða 10 konung til blóta. Útþrændir fóru iiii. skipum suðr á Mœri ok drápu þar presta iii. ok brendu kirkjur iii., fóru aptr síðan. En er Hákon konungr ok Sigurðr jarl kómu inn á Mærini með her sinn, þá váru þar bœndr komnir allfjølment. Inn fyrsta dag at veizlunni veittu bœndr honum atgöngu ok báðu hann 15 blóta, en hétu honum afarkostum ella. Sigurðr jarl bar þá mál í millum þeira, kœmr þá svá, at Hákon konungr át nökkura bita af hrosslifr, drakk hann þá öll minni krossalaust, þau er bœndr skenktu honum. En er veizlu þeiri var lokit, fór konungr ok jarl þegar út á Hlaðir; var konungr allókátr ok bjósk þegar 20 í brot með öllu liði sínu ór Þrándheimi, ok mælti svá, at hann skyldi fjølmenhari koma í annat sinn í Þrándheim ok gjalda þá Þrændum þenna fjándskað, ær þeir hofðu til hans gört. Sigurðr jarl bað konung gefa Þrændum þetta ekki at sök, segir svá, at konungi myni ekki þat duga at heitask eða herja á 25 innanlandzfólk, ok þar sízt, er mestr styrkr var landzins, sem í Þrándheimi var. Konungr var svá reiðr, at ekki mátti orðum við hann koma; fór hann í brot ór Þrándheimi ok suðr á Mœri, dvalðisk þar um vetrinn ok um várit: en er sumraði, dró hann lið at sér, ok váru þau orð á, at hann myndi fara með her þann 30 á hendr Þrændum.

## K. 19. Orrosta á Ögvaldznesi.

Hákon konungr var þá á skip kominn ok hafði lið mikit. Þá kómu honum tíðendi sunnan ór landi, þau at synir Eiríks konungs váru komnir sunnan af Danmørk í Víkina, ok þat fylgði, 35 at þeir hofðu elt af skipum Tryggva konung Ólafsson austr við Sótanes; hofðu þeir þá víða herjat í Víkinni, ok hofðu margir menn undir þá gengit. En er konungr spurði þessi tíðendi, þá

þóttisk hann liðs þurfa; sendi hann þá orð Sigurði jarli at koma til sín ok svá öðrum höfðingjum, þeim er honum var liðs at ván. Sigurðr jarl kom til Hákonar konungs ok hafði allmikit lið; váru þar þá allir Þrændir, þeir er um vetrinn höfðu mest  
 5 gengit at konunginum, at pynda hann til blóta; váru þeir þá allir í sætt teknir af fortölum Sigurðar jarls. Fór Hákon konungr þá suðr með landi, en er hann kom suðr um Stað, þá spurði hann, at Eiríkssynir váru þá komnir á Norðr-Agðir; fóru þá hvárir í móti öðrum; varð fundr þeira á Kormt. Gengu  
 10 þá hvárir af skipum ok börðusk á Ögvaldnesi; váru hvárir-tveggju allfjöldmennir; varð þar orrosta mikil, sótti Hákon konungr hart fram, ok var þar fyrir Gothormr konungr Eiríksson með sína sveit, ok eigask þeir höggvaskipti við. Þar fell Gothormr konungr ok var merki hans niðr höggvit; fell þar  
 15 þá mart lið um hann; því næst kom flótti í lið Eiríkssona, ok flýðu þeir til skipanna ok røru í brot ok höfðu látit mikit lið; þess getr Guthormr sindri:

- |                          |                          |
|--------------------------|--------------------------|
| 78. Valþagnar lét vegnum | þar gekk Njorðr af Nirði |
| vígnest saman bresta     | nadds hámana raddar      |
| 20 handar vafs of höfðum | valbrands víðra landa    |
| hlymmildingum gildir;    | vápnunduðum sunda.       |
- Hákon konungr fór til skipa sinna ok helt austr eptir Gunnhildarsonum; fóru þá hvárir-tveggju, sem mest máttu, þar til er þeir kómu á Austr-Agðir. Þá siglðu Eiríkssynir á haf ok  
 25 suðr til Jótlandz; þess getr Guthormr sindri:
- |                            |                         |
|----------------------------|-------------------------|
| 79. Almdrógar varð ægis    | þöðsækir helt bríkar,   |
| (opt sinn ek þess minnumk) | bræðr, sínum, ok flæðu  |
| barma öld fyr Baldri       | undan, allar kindir     |
| bensíks víta ríkis;        | Eireks, á haf snekkjum. |
- 30 Síðan fór Hákon konungr norðr aptr til Nóregs, en Eiríkssynir dvöðusk þá enn í Danmörk langa hríð.

#### K. 20. Lagasetning Hákonar konungs.

Eptir þessa orrostu setti Hákon konungr þat í lögum um alt land með sjá ok svá langt upp á land, sem lax gengr ofarst,  
 35 at hann skipaði allri byggð ok skipti í skipreiður, en hann skipti skipreiðum í fylki. Í hverju fylki var þá á kveðit, hversu mörq skip váru eða hversu stór skyldi út gera ór hverju fylki, þá er almenningr væri úti, ok skyldi almenningr vera skyldr út at gera, þegar er útlendr herr væri í landi. Þat skyldi ok fylgja

útboði því, at vita skyldi gera á háam fjöllum, svá at hvern mætti sjá frá öðrum. Segja menn svá, at á vii. nóttum fór herboðit frá inum synzta vita í ina nærzta þinghá á Hálogalandi.

## K. 21. Frá Eiríkssonum.

Eiríkssynir váru mjök í hernaði í Austrvegi, en stundum 5 herjuðu þeir í Nóreg, svá sem fyrr er ritat, en Hákon konungur réð Nóregi; var þá ok árferð góð í landi ok góðr friðr; hann var ok inn vinsælasti.

## K. 22. Ferð Eiríkssona til Nóregs.

Þá er Hákon hafði verit konungur í Nóregi xx. vetr, kómu 10 sunnan ór Danmörk synir Eiríks ok hófðu allmikit lið. Þat var mikit lið, er þeim hafði fylgt í hernaði, en þó var miklu meiri Dana-herr, er Haraldr Gormsson hafði fengit þeim í hendr. Þeir fengu hraðbyri mikit ok siglðu út af Vendli ok kómu útan at Ögðum, heldu síðan norðr með landi, ok siglðu síðan dag 15 ok nótt, en vitum var ekki upp skotit, fyrir þá sök, at sú var síðvenja, at vitar fóru austan eptir landi, en austr þar hafði ekki orðit vart við ferð þeira. Þat bar ok enn til, at konungur hafði viðrlög mikil, ef vitar væri rangt upp bornir, þeim mönnum, er kunnir ok sannir urðu at því, fyrir þá sök, at 20 herskip ok víkingar fóru um úteyjar ok herjuðu, ok hugðu landzmenn, at þar mundu fara synir Eiríks; var þá vitum upp skotit ok varð herhlaup um land alt. En Eiríkssynir fóru aprt til Danmerkr ok hófðu engan Dana-her haft, nema sitt lið, en stundum váru þat annars konar víkingar. Varð Hákon konungur 25 þessu mjök reiðr, er starf ok fékostnaðr varð af þessu, en ekki gagn; bæendr tölðu ok at fyrir sína hqnd, er svá fór, ok var þessi sök til, er engi njósn fór fyrir um ferð Eiríkssona, fyrr en þeir kómu norðr í Ulfasund; þeir lágu þar vii. nætr, fór þá sögn it øfra um eiðit norðr um Mœri, en Hákon konungur var 30 þá á Sunn-Mœri í ey þeiri, er Fræði heitir, þar sem heitir Birkiströnd at búi sínu, ok hafði ekki lið nema hirð sína ok bæendr þá, er verit hófðu í boði hans.

## K. 23. Frá Agli ullserk.

Njósnarmenn kómu til Hákonar konungs ok sögðu honum 35 erendi, at Eiríkssynir váru með her mikinn fyrir sunnan Stað; þá lét hann kalla til sín þá menn, er þar váru vitrastir, ok



leitaði ráðs við þá, hvárt hann skal berjask við sonu Eiríks, þótt liðsmunr sé mikill, eða skal hann fara norðr undan ok fá sér lið meira. Egill ullserkr er nefndr bóndi einn, er þar var þá, gamlaðr mjök ok hafði verit meiri ok sterkari hverjum 5 manni, ok inn mesti orrostumaðr. Hann hafði lengi borit merki Haralds konungs ins hárfagra. Egill svaraði ræðu konungs: »var ek í nokkurum orrostum með Haraldi konungi, feðr yðrum, barðisk hann stundum við meira liði, stundum við minna; hafði hann jafnan sigr; aldri heyrða ek hann leita þess ráðs, at vinir 10 hans skyldu kenna honum at flýja. Munum vér ok eigi þér þat ráð kenna, konungr, þvíat vér þykkjumk eiga hqfðingja rqskvann; þér skuluð ok eiga trausta fylgð af oss«. Margir aðrir studdu ok þá þetta mál. Konungr sagði ok svá, at hann var þess fúsari at berjask með þat, er til fengisk. Var þat þá 15 ráðit. Lét konungr þá skera upp herqr ok senda alla vega frá sér ok lét draga lið saman, slíkt er hann fekk. Þá mælti Egill ullserkr: »þat óttuðumk ek um hríð, er friðr þessi inn mikli var, at ek mynda verða ellidauðr inni á pallstrám mínum; en 20 nú vera, at svá megi verða«.

#### K. 24. Orrosta við Fræðarberg.

Sønir Eiríks heldu norðr um Stað, þegar er leiði gaf. En er þeir kómu norðr um Stað, þá spyrja þeir, hvar Hákon konungr var, ok halda til móts við hann. Hákon konungr hafði ix. 25 skip; hann lagðisk norðr undir Fræðarberg í Féeyjar-sundi, en Eiríkssynir lögðu at fyrir sunnan bergit. Þeir hqfðu meirr en xx. skip. Hákon konungr sendi þeim boð ok bað þá á land ganga, segir, at hann hafði þeim völl haslat á Rastarkálf; þar eru sléttir vellir ok miklir, en fyrir ofan gengr brekka lqng 30 ok heldr lág. Gengu Eiríkssynir þar af skipum sínum ok norðr yfir hálsinn fyrir innan Fræðarberg ok svá fram á Rastarkálf. Egill mælti þá til Hákonar konungs, bað hann fá sér x. menn ok x. merki; konungr gerði svá; gengr þá Egill með menn sína upp undir brekkuna, en Hákon konungr gekk upp á völlinn 35 með sitt lið, setti upp merki ok fylkði ok sagði svá: »vér skulum hafa fylking langa, svá at þeir kringi eigi um oss, þótt þeir hafi lið meira«. Gerðu þeir svá, varð þar orrosta mikil ok in snarpasta. Egill lét þá setja upp merki þau x., er hann hafði, ok skipaði svá mqqnum þeim, er báru, at þeir skyldu ganga sem

næst brekkunni ok láta stundarhríð í millum hvers þeira. Þeir gerðu svá ok gengu fram með brekkunni sem næst, svá sem þeir mundu vilja koma á bak þeim Eiríkssonum. Þat sá þeir, er øfstir stóðu í fylkingu Eiríkssona, at merki mǫrg fóru óðfluga ok gnæfuðu fyrir ofan brekkuna, ok hugðu, at þar myndi fylgja lið 5 mikit, ok myndi vilja koma á bak þeim milli ok skipanna. Gerðisk þar þá kall mikit, sagði hverr øðrum, hvat títt var. Því næst kom flótti í lið þeira; en er þat sá konungarnir, þá flýðu þeir; Hákon konungr sótti þá hart fram, ok ráku þeir flóttann ok feldu lið mikit. 10

## K. 25. Frá Eiríkssonum.

Gamli Eiríksson, þá er hann kom upp á hálsinn fyrir ofan bergit, þá snørisk hann aptr ok sá þá, at ekki lið fór eptir, meira en þat, er þeir höfðu áðr barzk viðr, ok þetta var prettr einn; þá lét Gamli konungr blása herblástr ok setja upp merki, ok 15 skaut á fylking; hurfu at því allir Norðmenn, en Danir flýðu til skipanna; en er Hákon konungr ok hans lið kom at, þá varð þar orrosta í annat sinn in snarpasta. Hafði þá Hákon konungr meira lið. Lauk svá, at Eiríkssynir flýðu; sóttu þeir þá suðr af hálsinum, en sumt lið þeira opaði suðr á bergit, ok fylgði 20 Hákon konungr þeim. Völlr slétt er austan af hálsinum ok vestr á bergit, ok þá hamrar brattir vestr af. Þá opuðu menn Gamla upp undan á bergit, en Hákon konungr sótti at þeim svá djarfliga, at hann drap suma, en sumir hljópu vestr af berginu ok váru hváirtveggju drepnir, ok skilðisk konungr svá fremi 25 við, er hvert barn var dautt.

## K. 26. Fall Gamla konungs.

Gamli Eiríksson flýði ok af hálsinum ok ofan á jöfnu fyrir sunnan bergit. Þá snørisk Gamli konungr enn í mót ok helt upp orrostu, kom þá enn lið til hans; þá kómu ok allir bræðr hans 30 með miklar sveitir. Egill ullserkr var þá fyrir Hákonar mǫnnum ok veitti harða atgöngu, ok skiptusk þeir Gamli konungr höggum við. Fekk Gamli konungr sár stór, en Egill fell ok mart lið með honum. Þá kom at Hákon konungr með þær sveitir, er honum höfðu fylgt; varð þá enn ný orrosta. Sótti þá enn Hákon konungr 35 hart fram ok hjó menn til beggja handa sér ok feldi hvern yfir annan; svá segir Guthormr sindri:

80. Hræddr fór hjörva raddar gerra gramr í snerru  
 herr fyr malma þverri; geirvífa sér hlífa,  
 rógeisu gekk ræsir hinn's yfrinn gat jöfra  
 ráðsterkr frammar merkjum; óskkvánar byr mána.
- 5 Eiríkssynir sá menn sína alla vega falla frá sér; þá snúask þeir  
 á flótta til skipa sinna, en þeir, er fyrri höfðu flýit á skipin, þá  
 höfðu þeir út hrundit skipunum, en sum skipin váru þá uppi  
 fjöruð. Þá hljópu allir Eiríkssynir á sund ok þat lið, er þeim  
 fylgði; þar fell Gamli Eiríksson, en aðrir bræðr hans náðu  
 10 skipunum ok heldu brot síðan með þat lið, er eptir var, ok heldu  
 síðan suðr til Danmarkar.

#### K. 27. Heygðr Egill ullserkr.

- Hákon konungr tók þar skip þau, er uppi hafði fjarat, er átt  
 höfðu Eiríkssynir, ok lét draga á land upp. Þar lét Hákon  
 15 konungr leggja Egil ullserk í skip ok með honum alla þá menn,  
 er af þeira liði höfðu fallit, lét bera þar at jörð ok grjót. Hákon  
 konungr lét ok fleiri skip upp setja ok bera á valinn, ok sér þá  
 hauga enn fyrir sunnan Fræðarberg. Eyvindr skáldaspillir orti  
 vísu þessa, þá er Glúmr Geirason hælðisk í sinni vísu um fall  
 20 Hákonar konungs:

81. Fyrr rauð Fenris varra þás óstirfinn arfa  
 flugvarr konungr sparra Eiríks of rak (geira  
 (malmhríðar svall meiðum nú tregr gætigauta  
 móðr) í Gamla blóði, grams fall) á sæ alla.
- 25 Hávir bautasteinar standa hjá haugi Egils ullserks.

#### K. 28. Hersaga til Hákonar konungs.

- Þá er Hákon konungr Aðalsteinsfóstri hafði verit konungr  
 í Nóregi xxvi. vetr, síðan er Eiríkr bróðir hans fór ór landi, þá  
 varð þat til tíðenda, at Hákon konungr var staddr á Hördalandi  
 30 ok tók veizlu í Storrð á Fitjum; hafði hann þar hirð sína ok  
 boendr marga í boði sínu. En er konungr sat yfir dagverðar-  
 borði, þá sá varðmenn, er úti váru, at skip mörg siglðu sunnan  
 ok áttu eigi langt til eyjarinnar. Þá mælti hverr við annan, at  
 segja skyldi konungi, at þeir hugðu, at herr myndi at þeim fara,  
 35 en þat þótti engum dælt, at segja konungi hersögu, þvíat hann  
 hafði þar mikit við lagt, hverjum er þat gerði, en þat þótti þó  
 ógeranda, at konungr vissi eigi þetta; en þá gengr einn hverr  
 þeira inn í stofuna ok bað Eyvind Finnsson ganga út með sér

skjótt, segir, at in mesta nauðsyn var á. Eyvindr gekk þegar, er hann kom út, þar er sjá mátti til skipanna; þá sá hann þegar, at þar fór herr mikill, gekk aptr þegar í stofuna ok fyrir konung ok mælti: »lítil er líðandi stund, en löng matmálsstund«. Konungr leit móti honum ok mælti: »hvat ferr?« Eyvindr kvað: 5

82. Blóðøxar téa beiða                   Heldr es vant, en ek vilda  
brakþings fetilstinga                   veg þinn konungr, segja  
(oss gerask hnept) ens hvassa       (fám til fornra vápna  
hefnendr (setu-efni).                   fljótt) hersögu drótni.

Konungr segir: »ertu svá góðr drengr, Eyvindr, at þú munt eigi 10  
hersögu segja, nema sonn sé«. Lét þá konungr taka ofan borðit; gekk hann þá út ok sá til skipanna, sá þá, at þat váru herskip, mælti þátil manna sinna, hvert ráð taka skyldi, hvárt berjask skal með lið þat, er þeir hafa, eða ganga til skipa ok sigla norðr undan. »Er oss þat auðsætt, segir konungr, at vér munum nú 15  
berjask við liðsmun miklu meira, en fyrr höfum vér átt, ok hefir oss opt þó þótt mikill misjafnaðr liðs várs, þá er vér höfum orrostu átt við sonu Gunnhildar«. Menn veittu hér ekki skjótan órskurð; þá segir Eyvindr:

83. Samira, Njörðr, enn norðar,       nú's þats rekr á Rakna       20  
naddregns, hvötum þegni           rymleið flota breiðan  
(vér getum bili at þolva)           (grípum vér í greipar  
borðmærar skæ fœra;               gunnborð) Haraldr sunnan.

Konungr svarar: »hraustliga er þetta mælt ok nær skaplyndi mínu, en þó vil ek heyra fleiri manna órskurð um þetta mál«. 25  
En er menn þóttusk skilja, hversu konungr vildi vera láta, þá svöruðu margir, sögðu, at heldr vildu falla með drengskap, en flýja fyrir Dönum at óreyndu, sögðu, at opt höfðu þeir sigr fengit, þá er þeir höfðu barizk við minna lið. Konungr þakkaði þeim vel orð sín ok bað þá vápnask, ok svá gera menn. Konungr 30  
steypir brynju á sik ok gyrðir sik með sverðinu Kvernbit, setr á höfuð sér hjálm gullroðinn, tekr kesju í hönd sér ok skjöld á hlið; þá skipar hann hirðinni í eina fylking ok bóndum þar með ok setti upp merki sín.

#### K. 29. Frá fylking Eiríkssona.

35

Haraldr Eiríksson var þá höfðingi yfir þeim bræðrum eptir fall Gamla. Þeir bræðr höfðu þar her mikinn haft sunnan af Danmörku. Þar váru þá í liði með þeim móðurbræðr þeira, Eyvindr skreyja ok Álfr askmaðr; þeir váru sterkir menn ok

hraustir ok inir mestu manndrápamenn. Eiríkssynir heldu skipum sínum til eyjarinnar ok gengu á land upp ok fylkðu, ok er svá sagt, at eigi myndi vera minni liðsmunr, en vi menn mundu vera um einn, at Eiríkssynir mundu fjölmennari.

5 K. 30. Frá fylking Hákonar konungs.

Hákon konungr hafði þá fylkt liði sínu, ok segja menn svá, at konungr steypði af sér brynjunni, áðr orrosta tóksk; svá segir Eyvindr skáldaspillir í Hákonarmálum:

84.	Bróður fundu Bjarnar	gótt hafði enn gjöfli
10	í brynju fara,	gengi Norðmanna
	konung enn kostsama	œgir Eydana,
	kominn und gunnfana,	stóð und árhjalmi.
	drúpðu dolgráar,	86. Hrauzk ór hervóðum,
	en darraðr hristisk,	hratt á vøll brynju
15	upp vas þá hildir of hafin.	vísi verðungar,
		áðr til vígs tœki.

85.	Hét á Háleygi	Lék við ljóðmøgu,
	sems á Holmrygi	skyldi land verja
	jarla einbani,	gramr enn glaðværi,
20	fór til orrostu,	stóð und gollhjalmi.

Hákon konungr valði mjök menn í hirð með sér at afli ok hreysti, svá sem gørt hafði Haraldr konungr, faðir hans. Þórálf inn sterki Skólmsson var þar ok gekk á aðra hlið konungi; hann hafði hjálm ok skjöld, kesju ok sverð, þat er kallat var Fetbreiðr.

25 Þat var kallat, at þeir Hákon konungr væri jamsterkir; þess getr Þórðr Sjáreksson í drápu þeiri, er hann orti um Þórálf:

87.	Þars þøðharðir þørðusk	ok gimsløngvir ganga
	bands jódraugar landa,	gífrs hlémána drífu
	lystr gekk herr til hjørva	nausta blakks et næsta
30	hnits í Storð á Fitjum,	Norðmanna gram þorði.

En er fylkingar gengu saman, varð þar orrosta óð ok mannskœð; en er menn høfðu skotit spjótum, þá brugðu menn sverðum, gekk þá Hákon konungr ok Þórálf með honum fram um merkit ok hjó til beggja handa; svá segir Eyvindr skáldaspillir:

35	88. Svá beit þá sverð	brøkuðu broddar,
	ór siklings hendi	brotnuðu skildir,
	váðir Vafaðar	glumruðu glymringar
	sem í vatn brygði;	í gotna hausum.

89. Trøddusk torgur	róma varð í eyju,
fyr Týs ok bauga	ruðu konungar
hjalta harðfótum	skírar skjaldborgir
hausar Norðmanna;	í skatna blóði.

Hákon konungur var auðkendr, meiri en aðrir menn, lýsti ok af 5  
hjálmimum, er sólin skein á; var vápnaburðr mikill at honum; þá  
tók Eyvindr Finnzson hǫtt ok setti yfir hjálm konungs.

K. 31. Fall Eyvindar skreyju.

Eyvindr skreyja kallaði þá hátt: »leynisk Norðmanna-  
konungur nú, eða hefir hann flýit, eða hvar er nú gullhjálmrinn?» 10  
Gekk Eyvindr þá fram ok Álfr bróðir hans með honum, ok  
hjoggu til beggja handa ok létu, sem óðir eða galnir væri. Hákon  
konungur mælti hátt til Eyvindar: »haltu svá fram stefnunni, ef  
þú vilt finna Norðmanna-konung«; svá segir Eyvindr skálda-  
spillir: 15

90. Baðat valgrindar vinda	ef svipkenni svinnan
veðrheyjandi Skreyju,	sigminnigr vilt finna,
gumnum hollr né golli,	fram halt, Njóts, at nýtum
Gefnar sinni stefnu —	Norðmanna gram þannig.

Var þá ok skamt at bíða, at Eyvindr kom þar, reiddi upp sverðit 20  
ok hjó til konungs. Þórálfr skaut við honum skildinum ok  
stakraði Eyvindr við, en konungur tók sverðit Kvernbít tveim  
hǫndum ok hjó til Eyvindar ofan í hjálminn, klauf hjálminn ok  
hǫfuðit alt í herðar niðr. Þá drap Þórálfr Alf askmann. Svá  
segir Eyvindr skáldaspillir: 25

91. Veitk at beit enn bitri	ófælinn klauf Ála
byggving meðaldyggvan	éldraugs skarar hauga
bulka skíðs ór bóðum	gollhjoltuðum galtar
benvöndr konungs hǫndum;	grönduðr Dana brandi.

Eptir fall þeira bræðra gekk Hákon konungur svá hart fram, at 30  
þá hrökk alt fólk fyrir honum. Slær þá í lið Eiríkssona felmt ok  
flóttu því næst, en Hákon konungur var í öndverðri sinni fylking  
ok fylgði fast flóttamönnum ok hjó títt ok hart; þá flaug or ein,  
er fleinn er kallaðr, ok kom í hǫnd Hákonu konungi upp í músina  
fyrir neðan oxl, ok er þat margra manna sǫgn, at skósveinn 35  
Gunnhildar, sá er Kispingr er nefndr, hljóp fram í þysinum ok  
kallaði: »gefi rúm konungsbananum«, ok skaut fleininum til  
Hákonar konungs, en sumir segja, at engi viti, hvern skaut; má  
þat vel ok vera, þvíat orvar ok spjót ok allz konar skotvápn flugu

svá þykt sem drífa; fjölði mannz fell af Eiríkssonum bæði á vígvellinum ok á leið til skipanna ok svá í fjörinni, ok fjölði hljóp á kaf; mart komsk á skipin, allir Eiríkssynir, ok røru þegar undan, en Hákonar-menn eptir þeim; svá segir Þórðr Sjáreksson:

- |    |   |   |
|----|---|---|
| 5  | 92. Varði varga myrði<br>vitt, svá skal frið slíta,<br>(jöfur vildu þann eldask)<br>öndurt folk (at löndum).<br>Starf hófsk upp, þás arfi | 93. Prot vas sýnt, þás settusk<br>sinn róðrs við þrom stinnan<br>(mannr lét önd ok annarr<br>ófár) búendr sárir.<br>Afreks veit, þats jofri<br>allríkr í styr slíkum<br>göndlar Njörðr. sás gerði,<br>gekk næst, hugins drekku. |
| 10 | ötta valdi (á flötta)<br>golls (en gramr vas fallinn)<br>Gunnhildar kom sunnan.   |   |

### K. 32. Dauði Hákonar konungs.

Hákon konungr gekk út á skeið sína, lét þá binda sár sitt,  
 15 en þar rann blóð svá mjök, at eigi fekk stöðvat, ok er á leið dag,  
 þá ómætti konung, sagði hann þá, at hann vill fara norðr á  
 Álreksstaði til bús síns, en er þeir kómu norðr at Hákonarhelli,  
 þá lögðu þeir þar at, var þá konungr nær lífláti, kallaði hann þá  
 á vini sína, ok segir þeim skipan þá, er hann vill hafa á um ríkit;  
 20 hann átti dóttur eina barna, er Þóra er nefnd, ok engan son;  
 hann bað þá senda þau orð Eiríkssonum, at þeir skyldu konungar  
 vera yfir landi, en hann bað af þeim virkða vinum sínum ok  
 frændum, — »en þótt mér verði lífs auðit, segir hann, þá mun  
 ek af landi fara ok til kristinna manna ok bæta þat, er ek hefi  
 25 brotit við guð, en ef ek dey hér í heiðni, þá veiti mér hér gropt  
 þann, er yðr sýnisk«. Ok litlu síðarr andaðisk Hákon konungr  
 þar á hellunni, sem hann hafði fœddr verit. Hákon konungr var  
 svá mjök harmaðr, at bæði vinir ok óvinir grétu dauða hans ok  
 kǫlluðu, at eigi myndi jafngóðr konungr koma síðan í Nóreg.  
 30 Vinir hans fluttu lík hans norðr á Sæheim á Norðr-Hörðaland  
 ok urpu þar haug mikinn ok lögðu þar í konung með alvæpni sitt  
 ok inn bezta búnað sinn, en ekki fé annat; mæltu þeir svá fyrir  
 grepti hans, sem heiðinna manna siðr var til, vísuðu honum til  
 Valhallar. Eyvindr skáldaspillir orti kvæði eitt um fall Hákonar  
 35 konungs, ok svá þat, hversu honum var fagnat; þat eru kǫlluð  
 Hákonarmál ok er þetta uphaf:

- |  |   |
|--|---|
| 94. Göndul ok Skögul<br>sendi Gautatýr<br>at kjósa of konunga, | hverr Yngva ættar,<br>skyldi með Öðni fara<br>ok í Valhøll at vesa. |
|--|---|

- [2. Bróður fundu þær Bjarn-  
ar . . . . . (s. 88)
3. Hét á Háleygi (s. 88)
4. Hrauzk ór hervöðum . . .  
(s. 88)
5. Svá beit þá sverð . . .  
(s. 88)
6. Tröðusk torgur . . .  
(s. 89)
7. Brunnu beneldar  
í blóðgum undum,  
lutu langbarðar  
at lýða fjörvi,  
svarraði sárgymir  
á sverða nesi,  
fell flóð fleina  
í fjöru Stordar.
8. Blendusk við roðnum  
und randar himni  
Sköglar veðr, léku  
við ský of bauga,  
umðu oddláar  
í Óðins veðri,  
hné mart manna  
fyr mækis straumi.
9. Sötu þá döglingar  
með sverð of togin,  
með skarða skjöldu  
ok skotnar brynjur,  
vasa sá herr  
í hugum ok átti  
til Valhallar vega.
10. Gøndul þat mælti,  
studdisk geirs skapti:  
vex nú gengi goða,  
es Hókonni hafa  
með her mikinn  
heim bönd of boðit.
11. Vísi þat heyrði,  
hvat valkyrjur mæltu,
- mærar af mars baki,  
hyggiliga létu  
ok hjalmaðar sötu  
ok hofðusk hlifar fyrir.
12. Hví þú svá gunni — kvað 5  
Hákon,  
skiptir geir-Skögul,  
vörum þó verðir gagns frá  
goðum.
- Vér því völdum — kvað 10  
Skögul,  
es þú velli helt,  
en þínir fiendr flugu.
13. Ríða vit skulum,  
kvað en ríkja Skögul, 15  
grænna heima goða,  
Óðni at segja,  
at nú mun allvaldr koma  
á hann sjalfan at séa.
14. Hermóðr ok Bragi, 20  
kvað Hroptatýr,  
gangið í gøgn grami,  
alls konungr ferr,  
sás kappi þykkir,  
til hallar hinig. 25
15. Ræsir þat mælti,  
vas frá rómu kominn,  
stóð allr í dreyra drifinn,  
illúðigr mjök  
þykkir oss Óðinn vesa, 30  
séumk vér hans of hugi.
16. Einherja grið  
skalt þú allra hafa,  
þigg þú at Qsum ql,  
jarla bági, 35  
þú átt inni hér  
átta bræðr — kvað Bragi.
17. Gerðar órar,  
kvað enn góði konungr,  
viljum vér sjalfir hafa, 40



- |    |                           |                        |
|----|---------------------------|------------------------|
|    | hjalm ok brynju           | at góðu getit.         |
|    | skal hirða vel,           | 20. Mun óbundinn       |
|    | gótt es til gors at taka. | á ýta sjöt             |
|    | 18. Þá þat kyndisk,       | Fenrisulfr of fara,    |
| 5  | hvé sá konungr hafði      | áðr jafngóðr           |
|    | vel of þyrmt véum,        | á auða tröð            |
|    | es Hókon bóðu             | konungmaðr komi.       |
|    | heilan koma               | 21. Deyr fé,           |
|    | röð öll ok regin.         | deyja frændr,          |
| 10 | 19. Góðu dægri            | eyðisk land ok láð,    |
|    | verðr sá gramr of borinn, | síts Hókon fór         |
|    | es sér getr slíkan sefa;  | með heiðin goð         |
|    | hans aldar                | morg es þjóð of þéuð.] |
|    | mun æ vesa                |                        |
-

## Sagan af Haraldi konungi gráfeld.

### K. I. Uphaf Eiríkssona.

Eiríkssynir tóku þá konungdóm yfir Nóregi, síðan er Hákon konungr var fallinn. Var Haraldr mest fyrir þeim at virðingu ok hann var ellztr þeira, er þá lifðu. Gunnhildr, móðir þeira, hafði mjök landráð með þeim; hon var þá kǫlluð konungamóðir. 5 Þá váru hǫfðingjar í landi: Tryggvi Ólafsson austr í landi ok Guðrøðr Bjarnarson á Vestfold, Sigurðr Hlaðajarl í Þrándheimi, en Gunnhildarsynir hǫfðu mitt land. Inn fyrsta vetr þá fóru orð ok sendimenn milli þeira Gunnhildarsona ok þeira Tryggva ok Guðrøðar, ok var þar alt mælt til sætta, at þeir skyldu hafa 10 þvílíkan hlut ríkis af Gunnhildarsonum, sem þeir hǫfðu áðr haft af Hákonni konungi. Glúmr Geirason er maðr nefndr; hann var skáld Haraldz konungs ok hreyðtimaðr mikill; hann orti vísu þessa eptir fall Hákonar:

95. Vel hefr hefnt, en (hafna es dǫkkvalir drekka 15  
hjør̃s berdraugar fjǫrvi) dolgbrands (fyr ver handan  
folkrakkr of vant fylkir roðin frá k benja rauðra  
framligt, Haraldr Gamla, reyr) Hǫkonar dreyra.

Þessi vísa varð allkær, en er þetta spýrr Eyvindr Finnsson, kvað hann vísu, er fyrr er ritin: 20

96. Fyrr rauð Fenris varra — —

Var sú vísa ok mjök flutt. En er þat spýrr Haraldr konungr, þá gaf hann Eyvindi þar fyrir dauðasǫk, alt til þess at vinir þeira sættu þá með því, at Eyvindr skyldi gerask skáld hans, svá sem hann hafði áðr verit Hákonar konungs; var frændsemi milli 25 þeira mikil, svá at Gunnhildr var móðir Eyvindar, dóttir Hálf-danar jarls, en móðir hennar var Ingibjörg, dóttir Haraldz konungs ins hárfagra. Þá orti Eyvindr vísu um Harald konung:

97. Lítt kvóðu þik láta                      þás ófolgin ylgjar  
landvörðr, es brast, Hǫrða,            endr ór þinni hendi  
benja hagl á brynjum,                      fetla svell til fyllar  
(bugusk almar) geð falma,                fullegg, Haraldr, gullu.
- 5 Gunnhildarsynir sátu mest um mitt land, þvíat bæði þótti þeim  
ekki trúligt, at sitja undir hendi Þrændum eða Víkverjum, er  
mestir höfðu verit vinir Hákonar konungs, en stórmenni mart  
í hvárum tveggja stað. Þá fóru menn at bera sættarboð í milli  
þeira Gunnhildarsona ok Sigurðar jarls, þvíat þeir fengu engar  
10 skyldir áðr ór Þrándheimi, ok varð þat at lykðum, at þeir gerðu  
sætt sína, konungar ok jarl, ok bundu swardögum. Skyldi  
Sigurðr jarl hafa slíkt ríki af þeim í Þrándheimi, sem hann hafði  
fyrir haft af Hákonu konungi; váru þeir þá sáttir kallaðir. Allir  
synir Gunnhildar váru kallaðir sinkir, ok var þat mælt, at þeir  
15 fæli lausafé í jörðu; um þat orti Eyvindr skáldaspillir:
98. Bórum, Ullr, of alla,                      99. Fullu skein á fjöllum  
ímunlauks, á hauka                          fallsól bráa vallar  
fjöllum Fýrisvalla                              Ullar kjóls of allan  
fræ Hákonar ævi;                                aldr Hókonar sköldum;  
20 nú hefr folkstríðir Fróða                      nú's alfróðull elfar  
fáglýjaðra þýja                                  jötna dolgs of folginn  
meldr í móður holdi                              (röð eru ramrar þjóðar  
mellu dolgs of folginn.                              rík) í móður líki.
- Þá er Haraldr konungr spurði um vísur þessar satt, þá sendi  
25 hann orð Eyvindi, at hann skyldi koma á fund hans, en er  
Eyvindr kom, þá bar konungr sakar á hann ok kallaði hann óvin  
sinn, — »ok samir þér þat illa, segir hann, at veita mér ótrúnað,  
þvíat þú hefir áðr gortk minn maðr«. Þá kvað Eyvindr vísu:
100. Einn dróttin hefk áttan,                      trúr vask tyggja dýrum,  
30 jöfurr dyrr, an þik fyrra                      tveim skjöldum lékk aldri,  
bellir bragningr elli),                              fyllik flokk þinn stillir,  
biðkat mér ens þriðja;                              fellr á hendr mér elli.
- Haraldr konungr lét festa sér fyrir mál þetta sinn dóm. Eyvindr  
átti gullhring mikinn ok góðan, er kallaðr var Moldi; hann hafði  
35 verit tekinn löngu áðr ór jörðu; hring þann segir konungr at  
hann vill hafa, ok var þá engi annarr kostur á. Þá kvað Eyvindr:
101. Skyldak, skerja foldar                      es, valjarðar, verðum,  
skíðrennandi, síðan                              veljandi, þér selja  
þursa »tøse« frá þvísa                              lyngva mens, þats lengi,  
40 þinn góðan byr finna,                              látr, minn faðir átti.

Fór þá Eyvindr heim, ok er ekki þess getit, at hann fyndi síðan Harald konung.

### K. 2. Frá Gunnhildarsonum.

Gunnhildarsynir tóku kristni á Englandi, sem fyrr var ritit. En er þeir kómu til forráða í Nóregi, þá fengu þeir ekki áleiðis 5 komit, at kristna menn í landi, en alt þar, er þeir kómu því við, þá brutu þeir niðr hof ok spiltu blótum ok fengu af því mikla óvináttu; var þat á þeira dögum, at árferð spiltisk í landi, þvíat konungar váru margir, ok hafði hverr þeira hirð um sik, þurptu þeir mikils við um kostnað, ok váru þeir inir féggjornustu, 10 en ekki heldu þeir mjök lög þau, er Hákon konungr hafði sett, nema þat er þeim þótti fellt. Þeir váru allir inir fríðustu menn, sterkir ok stórir, íþróttamenn miklir; svá segir Glúmr Geirason í drápu þeiri, er hann orti um Harald Gunnhildarson:

102. Kunni tolf, sás, tanna, ógnar stafr, of jofra, 15  
tíðum, Hallinskiða íþróttir, framm sótti.

Optliga fóru þeir bræðr allir saman, en stundum sér hverr; þeir váru menn grimmir ok hraustir, orrostumenn miklir ok mjök sigrsælir.

### K. 3. Ráðagørðir Gunnhildar ok sona hennar. 20

Gunnhildr konungamóðir ok synir hennar váru opt á tali ok málstefnum ok réðu landráðum, ok eitt sinn spyr Gunnhildr sonu sína: »hvernug ætli þér at láta fara um ríki í Prándheimi?; þér berið konunganofn, svá sem fyrr höfðu haft langfedgar yðrir, en þér hafið lítit lið ok land ok eruð margir til skiptis. Víkina 25 austr hafa þeir Tryggvi ok Guðrøðr ok hafa þeir þar nokkura tiltölu fyrir ættar sakir, en Sigurðr jarl ræðr öllu í Þrændalögum, ok veit ek þat eigi, hver skylda yðr berr til þess, at láta jarl einn ráða ríki svá mikit undan yðr; þykki mér þat undarligt, er þér farið hvert sumar í víking á önnur lönd, en látið jarl 30 innan landz taka af yðr fǫðurleifð yðra. Lítit myndi Haraldi þykkja, er þú ert eptir heitinn, fǫðurfǫður þínum, at setja jarl einn af ríki ok lífi, er hann vann allan Nóreg undir sik ok réð síðan til elli«. Haraldr segir: »þat er eigi svá, segir hann, at taka Sigurð jarl af lífdögum, sem at skera kið eða kálf. 35 Sigurðr jarl er ættstórr ok frændmargr, vinsæll ok vitr; vætti ek, ef hann spyr með sonnu, at hann á ófriðar ván af oss, þá eru þar allir Þrændir, sem hann er; eigum vér þar þá ekki

ørendi, nema ilt eina; lízk mér svá, sem engum várum bræðra þykki tryggt, at sitja undir hendi þeim Þrændum«. Þá segir Gunnhildr: »vér skulum þá fara alt annan veg með váru ráði, gera oss minna fyrir. Haraldr ok Erlingr skolu sitja í haust á 5 Norð-Mœri; mun ek ok fara með yðr; skulu vér þá öll saman freista, hvat at sýslisk«. Nú gera þau á þessa leið.

#### K. 4. Ráðagørð Gunnhildarsona ok Grjótgarðz.

Bróðir Sigurðar jarls hét Grjótgarðr; hann var yngri miklu þeira ok virðr minna, hafði hann ok ekki tignarnafn, en 10 hann helt þó sveit ok var í víking á sumrum ok fekk sér fjár. Haraldr konungr sendi menn inn í Þrándheim á fund Sigurðar jarls með vingjöfum ok vinmælum, segir, at Haraldr konungr vill leggja við hann þvilíka vináttu, sem áðr hafði Sigurðr jarl haft við Hákon konung; þat fylgði ok orðsending, at jarl skyldi 15 koma á fund Haraldz konungs, skyldu þeir þá binda at fullu vináttu sína. Sigurðr jarl tók vel sendimönnum ok vináttu konungs, segir þat, at hann mátti ekki fara á fund konungs fyrir fjölskyldum sínum, en sendi konungi vingjafir ok orð góð ok blíð í móti vináttu hans. Fóru sendimenn í brot. Þeir fóru 20 á fund Grjótgarðz ok fluttu til hans it sama ørendi, vináttu Haraldz konungs ok heimboð ok þar með góðar gjafir. En er sendimenn fóru heim, þá hét Grjótgarðr ferð sinni. Ok at ákveðnum degi kœmr Grjótgarðr á fund Haraldz konungs ok Gunnhildar; var þar við honum tekit allfeginsamliga; var hann 25 þar hafðr í inum mestum kærleikum, svá at Grjótgarðr var hafðr við einkamál ok marga leynda hluti, kœmr þar niðr, at sú rœða var uppi hœfð til Sigurðar jarls, sem þau hœfðu áðr samit, konungr ok drótning, tœlðu þau fyrir Grjótgarði, hversu jarl hafði hann lítinn mann gørt, en ef hann vildi vera í þessu ráði 30 með þeim, þá segir konungr, at Grjótgarðr skyldi vera jarl hans ok hafa ríki þat alt, er áðr hafði Sigurðr jarl haft; kom svá at þau sœmðu þetta með einkamálum, at Grjótgarðr skyldi halda njósn til, nær líkast væri at veita atferð Sigurði jarli ok gera þá orð Haraldri konungi. Fór þá Grjótgarðr heim við svá 35 búit ok þá gjafir góðar af konungi.

#### K. 5. Dauði Sigurðar jarls.

Sigurðr jarl fór um haustit inn í Stjóradal ok var þar á veizlum. Þaðan fór hann út á Qgló ok skyldi þar taka veizlur.

Jarl hafði jafnan mikit fjölmenni um sik, meðan hann trúði illa konungum. Með því at þá höfðu farit vináttumál með þeim Haraldi konungi, þá hafði hann nú ekki mikla sveit manna. Grjótgarðr gerði þá njósn til Haraldz konungs, at eigi myndi í annat sinn vænna at fara at jarli. Ok þegar á sǫmu nótt <sup>5</sup> fóru konungarnir, Haraldr ok Erlingr, inn eptir Þrándheimi ok höfðu skip iiii. ok lið mikit, sigla um nóttina við stjórnuhljóð. Kom þá Grjótgarðr til móts við þá, kómu ofanverða nótt á Qgló, þar sem Sigurðr jarl var á veizlu, lögðu þar eld í hús ok brendu bæinn ok jarl inni með öllu liði sínu, fóru braut <sup>10</sup> árdegis um morgininn út eptir firði ok svá suðr á Mœri ok dvöldusk þar langa hríð.

#### K. 6. Uhaf Hákonar jarls Sigurðarsonar.

Hákon, sonr Sigurðar jarls, var þá inn í Þrándheimi ok spurði þessi tíðendi; var þegar herhlaup mikit um allan <sup>15</sup> Þrándheim; var þar á vatn dregit hvert skip, er herfoert var; en er herr sá kom saman, þá tóku þeir til jarls ok höfðingja yfir liðit Hákon, son Sigurðar jarls. Heldu þeir liði því út eptir Þrándheimi. En er þetta spyrja Gunnhildarsynir, þá fara þeir suðr í Raumsdal ok á Sunn-Mœri; halda þá hvárir njósnum <sup>20</sup> til annarra. Sigurðr jarl var drepinn ii. vetrum eptir fall Hákonar konungs; Eyvindr skáldaspillir segir svá í Háleygjatali:

103. Ok Sigurð,	104. Ok qðlingr	
hinn's svǫnum veitti	í qlun jarðar	
hrókabjór	alnar orms	25
Haddingja vals	ófælinn varð	
Farmatýs,	lífs of lattr,	
fjǫrvi næmðu	þars landrekar	
jarðráðendr	Týs óttung	
á Qglói.	í tryggð sviku.	30

Hákon jarl helt Þrándheim með styrk frænda sinna iii. vetr, svá at Gunnhildarsynir fengu engar tekjur í Þrándheimi. Hann átti nokkurar orrostur við Gunnhildarsonu, en drápusk marga menn fyrir; þess getr Einarr skálaglamm í Velleklu, er hann orti um Hákon jarl.

105. Ok oddneytir úti	ok rauðmána reynir	35
eißvandr flota breiðan	rógsegl Heðins bóga	
(gladr) í Gǫndlar veðrum	upp hóf jǫfra kappi	
(gramr svafði bil) hafði;	etju lund at setja.	

106. Vasat ofbyrjar orva  
 odda vífs í drífu  
 sverða sverrifjarðar  
 svanglýjaði at frýja;  
 5 brakrognir skók bogna  
 (barg ofþyrmir varga)  
 Enn getr Einarr, hvernug Hákon jarl hefnði föður síns:  
 108. Berk fyr hefnð, þás hrafna  
 (hljóm) lof (togins skjóma  
 10 hann nam) vörðr (at vinna)  
 vann síns föður hranna.  
 109. Ringði (hjors) á hersa  
 (hríðremmir) fjör víða  
 laufa veðr at lífi  
 lífköld Hørsars drífu.
- Eptir þetta fóru milli beggja vinir ok báru sættarorð milli þeira,  
 15 þvíat bóndum leiddisk hernaðr ok ófriðr innan landz, ok kómr  
 svá með ráði ríkra manna, at sætt var gör milli þeira, svá  
 at Hákon jarl skyldi hafa þvílíkt ríki í Þrándheimi, sem haft  
 hafði Sigurðr jarl faðir hans, en konungar skyldu hafa þvílíkt  
 ríki, sem Hákon konungr hafði haft fyrir þeim, ok var þat þá  
 20 bundit fullum trúnaði. Þá gerðisk kærleikr mikill með þeim  
 Háconi jarli ok Gunnhildi, en stundum beittusk þau vélræðum;  
 leið svá fram aðra iii. vetr; sat þá Hákon um kyrt í ríki sínu.

## K. 7. Frá gráfeld.

- Haraldr konungr sat optast á Hǫrðalandi ok Rogalandi,  
 25 ok svá þeir fleiri bræðr. Þeir sátu optliga í Harðangri. Þat var  
 á einu sumri, at hafskip kom af Íslandi, er áttu íslenzkir menn.  
 Þat var hlaðit af vararfeldum, ok heldu þeir skipinu til  
 Harðangrs, þvíat þeir spurðu, at þar var fjölmenni mest fyrir.  
 En er menn kómu til kaupa við þá, þá vildi engi kaupa  
 30 vararfeldina. Þá ferr stýrimaðr á fund Haraldz konungs, þvíat  
 honum var hann áðr málkunnigr, ok segir honum til þessa  
 vandræða. Konungr segir, at hann mun koma til þeira, ok hann  
 gerir svá. Haraldr konungr var maðr lítillátr ok gleðimaðr  
 mikill. Hann var þar kominn með skútu alskipaða. Hann leit  
 35 á varning þeira ok mælti við stýrimann: »viltu gefa mér einn  
 gráfeldinn? »Gjarna, segir stýrimaðr, þótt fleiri sé«. Þá tók  
 konungr einn feldinn ok skikði. Síðan gekk hann ofan í skútuna.  
 En áðr þeir røru í brot, hafði hverr hans manna feld keyptan.  
 Fám dögum síðarr kom þar svá mart manna, þeira er hverr

vildi feld kaupa, at eigi fengu hálfir, þeir er hafa vildu. Síðan var hann kallaðr Haraldr gráfeldr.

## K. 8. Fœddr Eiríkr jarl.

Hákon jarl fór einn vetr til Uplanda ok á nokkura gisting ok lagðisk með konu einni, ok var sú lítillar ættar. En þá er 5 þaðan liðu stundir, gekk sú kona með barni, en er barn þat var alit, var þat sveinn, ok var vatni ausinn ok hét Eiríkr. Móðirin flutti sveininn til Hákonar jarls ok segir, at hann var faðirinn. Jarl lét sveininn upp fœðask með manni þeim, er kallaðr var Þorleifr inn spaki; hann bjó upp í Meðaldal; hann 10 var ríkr maðr ok auðigr ok vin mikill jarls; var Eiríkr brátt mannvænn, inn fríðasti sýnum, mikill ok sterkr snimma. Jarl lét fátt um til hans. Hákon jarl var ok allra manna fríðastr sýnum, ekki hár maðr, vel sterkr ok íþróttamaðr mikill, spakr at viti ok hermaðr inn mesti. 15

## K. 9. Dráp Tryggva konungs.

Þat var á einu hausti, at Hákon jarl fór til Uplanda, en er hann kom út á Heiðmörk, þá kœmr þar í móti honum Tryggvi konungr Óláfsson ok Guðrøðr konungr Bjarnarson; þar kom ok 20 Dala-Guðbrandr. Þeir áttu stefnulag með sér ok sátu lengi á einmæli, en þat kom upp, at hverr þeira skyldi vera vin annars, ok skiljask síðan. Fór hverr heim til síns ríkis. Þetta spyr Gunnhildr ok synir hennar, ok er þeim grunnr á, at þeir myni hafa gørt landráð nokkur við konungafna. Tala þau optliga þetta sín á milli. En er váraði, þá lýsa þeir Haraldr konungr ok 25 Guðrøðr konungr, bróðir hans, at þeir munu fara um sumarit í víking vestr um haf eða í Austrveg, sem þeir váru vanir. Þá draga þeir lið at sér ok hrinda skipum á vatn ok búask. En er þeir drukku brotferðaröl sitt, þá váru drykkjur miklar ok mart mælt við drykkinn; þá kom þar, er mannjöfnuðr varð ok þá 30 var rœtt um konunga sjálfa, mælti maðr, at Haraldr konungr væri framast þeira brœðra at öllum hlutum. Því reiddisk Guðrøðr mjök, segir svá, at hann skal í engu hafa minna hlut en Haraldr, segir ok, at hann er búinn, at þeir reyni þat; var þá brátt hvártveggi þeira reiðr, svá at hvárr bauð öðrum til 35 vígs ok hljópu til vápna. En þeir, er vitrir váru ok miðr druknir, stöðvuðu þá ok hljópu í milli, fóru þá hvárir til skipa sinna, en engi var ván þá, at þeir mætti allir saman fara; siglði þá



Guðrøðr austr með landi, en Haraldr stefndi til hafs út, sagði, at hann myndi sigla vestr um haf, en er hann kom út um eyjar, þá stefndi hann austr hafleið með landi. Guðrøðr konungr siglði þjóðleið austr til Víkr ok svá austr yfir Foldina. Þá sendi hann  
 5 Tryggva konungi orð, at hann skyldi koma til móts við hann, ok færi þeir báðir um sumarit í Austrveg at herja. Tryggvi konungr tók því vel ok líkliga. Hann spurði, at Guðrøðr hafði lítit lið. Fór þá Tryggvi konungr á fund hans með eina skútu. Þeir funnusk fyrir austan Sótanes við Veggina. En er þeir  
 10 gengu á málstefnu, þá hljópu at menn Guðrøðar ok drápu Tryggva konung ok xii. menn með honum, ok liggir hann þar, sem nú er kallat Tryggva-hrør.

#### K. 10. Fall Guðrøðar konungs.

Haraldr konungr siglði mjök útleið; hann stefndi inn í  
 15 Víkina ok kom um nótt til Túnsbergs. Þá spurði hann, at Guðrøðr konungr var á veizlu þar skamt upp á land. Fóru þeir Haraldr konungr upp þannug, kómu þar um nóttina ok taka hús á þeim. Þeir Guðrøðr konungr ganga út, varð þar skömm viðtaka, áðr Guðrøðr konungr fell ok mart manna með honum.  
 20 Ferr þá Haraldr konungr heim, ok til fundar við Guðrøð konung bróður sinn; leggja þeir þá undir sik Víkina alla.

#### K. 11. Frá Haraldí grenska.

Guðrøðr konungr Bjarnarson hafði sér fengit gott kvánfang ok makligt. Þau áttu son, er Haraldr hét; hann var sendr til  
 25 fósturs upp á Grenland til Hróa ins hvíta, lenzz mannz. Sonr Hróa var Hrani inn víðförlí; váru þeir Haraldr mjök jafnaldrar ok fóstbræðr. Eptir fall Guðrøðar, föður síns, flýði Haraldr, er kallaðr var inn grenski, fyrst til Uplanda ok með honum Hrani, fóstri hans, ok fáir menn með þeim. Dvalðisk hann þar  
 30 um hríð með frændum sínum. Eiríkssynir leituðu mjök eptir þeim mönnum, er í sökum váru bundnir við þá, ok þeim öllum mest, er þeim var upreistar af ván. Þat réðu Haraldí frændr hans ok vinir, at hann færi ór landi í brot. Haraldr grenski fór þá austr til Svíþjóðar ok leitaði sér skipanar, ok at koma  
 35 sér í sveit með þeim mönnum, er í hernað fóru, ok fá sér fjár. Haraldr var inn gørviligsti maðr. Tósti hét maðr í Svíþjóð, er einn var ríkastr ok gøfgastr í því landi, þeira er eigi bæri tígna-rnafn. Hann var inn mesti hermaðr ok var löngrum í hernaði;

hann var kallaðr Skoðlar-Tósti. Haraldr grenski kom sér þar í sveit ok var með Tósta um sumarit í víkingu, ok virðisk Haraldr hverjum manni vel. Haraldr var eptir um vetrinn með Tósta. Sigríðr hét dóttir Tósta, ung ok fríð ok svarkr mikill. Hon var síðan gipt Eiríki Svía-konungi inum sigrsæla, ok var þeira sonr Óláfr scenski, er síðan var konungr í Svíþjóð. Eiríkr varð sótt dauðr at Upsöllum x. vetrum síðarr en Styrbjörn fell.

## K. 12. Frá Hákonu jarli.

Gunnhildarsynir buðu út liði miklu ór Víkinni, fara svá norðr með landi ok hafa lið ok skip ór hverju fylki, gera þat bert, at þeir munu her þeim stefna norðr til Þrándheims á hendr Hákonu jarli. Þessi tíðendi spyrr jarl ok samnar her saman ok ræðr til skipa. En er hann spyrr til hers Gunnhildarsona, hversu mikinn þeir hafa, þá heldr hann liði sínu suðr á Mœri, ok herjar alt þar er hann fór ok drap mikit mannfólk, ok þá sendi hann aprt Þrænda-her ok bóandalíðit alt, en hann fór herskildi um Mœri hváratveggju ok Raumsdal ok hafði njósnir alt fyrir sunnan Stað um her Gunnhildarsona, ok er hann spurði, at þeir váru komnir í Fjörðu ok biðu byrjar at sigla norðr um Stað, þá siglði Hákon jarl norðan fyrir Stað ok útleið, svá at ekki sá af landi segl hans, lét svá ganga hafleiðis austr með landi ok kom fram í Danmörk; siglði þá í Austrveg ok herjaði þar um sumarit. Gunnhildarsynir heldu liði sínu norðr til Þrándheims ok dvöldusk þar mjök lengi, tóku þar skatta alla ok skyldir, en er á leið sumarit, þá settusk þar eptir Sigurðr slefa ok Guðrøðr, en Haraldr ok aðrir þeir bræðr fóru þá austr í land, ok leiðangrslíð þat, er farit hafði um sumarit.

## K. 13. Frá Hákonu jarli ok Gunnhildarsonum.

Hákon jarl fór um haustit til Helsingjalandz ok setti þar upp skip sín, fór síðan landveg um Helsingjaland ok Jamtaland ok svá austan um Kjöl, kómu ofan í Þrándheim; dreif þegar lið til hans ok réð hann til skipa. En er þat spyrja Gunnhildarsynir, þá stíga þeir á skip sín ok halda út eptir firði; en Hákon jarl ferr út á Hlaðir ok sat þar um vetrinn, en Gunnhildarsynir sátu á Mœri ok veittu hvárir qðrum árásir ok drápusk menn fyrir. Hákon jarl helt ríki sínu í Þrándheimi, ok var þar optast á vetrum, en fór á sumrum stundum austr á Helsingjaland ok tók þar skip sín ok fór í Austrveg ok herjaði

þar á sumrum, en stundum sat hann í Prándheimi ok hafði her úti, ok heldusk þá Gunnhildarsynir ekki fyrir norðan Stað.

#### K. 14. Dráp Sigurðar slefu.

Haraldr gráfeldr fór á einu sumri með her sinn norðr til  
 5 Bjarmalandz ok herjaði þar ok átti orrostu mikla við Bjarma á Vinu-bakka. Þar hafði Haraldr konungr sigr ok drap mart fólk, herjaði þá víða um landit ok fekk ófamikit fé; þess getr Glúmr Geirason:

110. Austr rauð jofra þrýstir      gótt hlaut gumna sættir,  
 10 orðrakkr fyr bý norðan      geirveðr, í fgr þeiri,  
     brand, þars bjarmskar kindir,      þðlingi feksk ungum  
     brennanda, sák renna;      orð, á Vinu borði.

Sigurðr konungr slefa kom til bús Klypps hersis; hann var sonr Þórðar Hqrða-Kárasonar; hann var ríkr maðr ok kynstórr.  
 15 Klyppr var þá eigi heima, en Álof, kona hans, tók vel við konungi, ok var þar veizla góð ok drykkjur miklar. Álof, kona Klypps hersis, var Ásbjarnar-dóttir, systir Járnskeggja norðan af Yrjum; Hreiðarr var bróðir Ásbjarnar, faðir Styrkårs, fōður Eindriða, fōður Einars þambarskelfis. Konungr gekk um nóttina  
 20 til hvílu Álofar ok lá þar at óvilja hennar. Síðan fór konungr í brot. Eptir um haustit fóru þeir Haraldr konungr ok Sigurðr, bróðir hans, upp á Vqrs ok stefndu þar þing við bæendr. En á þinginu veittu bæendr þeim atfgr ok vildu drepa þá en þeir kómusk undan ok fóru í brot síðan; fór Haraldr konungr í Harðangr, en  
 25 Sigurðr konungr fór á Álreksstaði. En er þat spyrr Klyppr hersir, þá heimtask þeir saman frændr ok veita atferð konungi; var hqfðingi fyrir ferðinni Vémundr vqlubrjótr; en er þeir koma á bæinn, þá ganga þeir at konungi. Klyppr lagði konung með sverði í gognum ok varð þat bani hans, en þegar í stað  
 30 drap Erlingr gamli Klypp.

#### K. 15. Fall Grjótgarðz.

Haraldr konungr gráfeldr ok Guðrōðr konungr, bróðir hans, draga saman her mikinn austan ór landi ok heldu liði því norðr til Prándheims. En er þat spyrr Hákon jarl, þá samnaði hann  
 35 liði at sér ok helt suðr á Mœri ok herjar. Þá var þar Grjótgarðr, fōðurbróðir hans, ok skyldi hafa landvorn af Gunnhildarsonum. Hann bauð her út, svá sem konungar hqfðu orð til sent. Hákon jarl helt til fundar við hann ok til bardaga; þar fell Grjótgarðr

ok tveir jarlar með honum ok mart lið annat; þessa getr Einarr skálaglamm:

III. Hjalmgrápi vann hilmir	at forsnjallir fellu	
harðr, Lopts vinar, barða,	fúrs í Próttar skúrum,	
því kom vöxtr í Vinu	(þat fær þjóðar snytri)	5
vínheims, fiendr sína,	þrír jarlssynir (tírar).	

Síðan siglði Hákon jarl út til hafs ok svá útleið suðr með landi. Hann kom fram suðr í Danmörk, fór þá á fund Haraldz Gormssonar, Dana-konungs, fær þar góðar viðtökur, dvalðisk með honum um vetrinn. Þar var ok með Dana-konungi maðr sá, er Haraldr hét; hann var sonr Knúts Gormssonar, bróðursonr Haraldz konungs; hann var kominn ór víking, hafði lengi herjat ok fengit óf lausafjár; hann var kallaðr Gull-Haraldr; hann þótti vel til kominn at vera konungr í Danmörk.

K. 16. Fall Erlings konungs. 15

Haraldr konungr ok þeir bræðr heldu liði sínu norðr til Prándheims ok fengu þar enga mótstöðu, tóku þar skatt ok skyld ok allar konungs tekjur ok létu bæendr gjalda stór gjöld, þvíat konungar höfðu þá langa hríð lítit fé fengit ór Prándheimi, er Hákon jarl hafði þar setit með fjölmenni miklu ok átt ófrið við konunga. 20 Um haustit fór Haraldr konungr suðr í land með þat lið flest, er þar átti heimili, en Erlingr konungr sat þar eptir með sínu liði. Hann hafði þá enn miklar krafir við bæendr ok gerði harðan rétt þeira, en bæendr kurrðu illa ok báru eigi vel skaða sinn. Ok um vetrinn sǫmnuðusk bæendr saman ok fá lið mikit, stefna síðan at 25 Erlingi konungi, þar sem hann var á veizlu ok halda við hann orrostu; fell Erlingr konungr þar ok mikil sveit manna með honum. Þá er Gunnhildarsynir réðu fyrir Nóregi, gerðisk hallæri mikit, ok var því meira at, sem þeir höfðu lengr verit yfir landi, en búendr kendu þat konungum, ok því með, at konungar váru 30 féggjarnir ok varð harðr réttir bónda. Svá kom um síðir, at nálíga misti landzfólkit víðarst korns ok fiska. Á Hálogalandi var svá mikill sultr ok seyra, at þar óx nálíga ekki korn, en snjár lá þá á öllu landi at miðju sumri, ok bú alt var inn bundit at miðju sumri; svá kvað Eyvindr skáldaspillir; hann kom út ok dreif 35 mjök:

III. Snýr á Svǫlnis vǫru,	birki hind of bundit
svá hófum inn sem Finnar	brums, at miðju sumri.

Eyvindr orti drápu um alla Íslendinga, en þeir launuðu svá, at hverr bóndi gaf honum skattpenning; sá stóð iii. penninga silfrs vegna ok hvítr í skor. En er silfrit kom fram á alþingi, þá réðu menn þat af, at fá smiða til at skíra silfrit; síðan var gørr af  
 5 feldardálkr, en þar af var greitt smiðarkaupit, þá stóð dálkrinn l. marka; hann sendu þeir Eyvindi, en Eyvindr lét höggva í sundr dálkinn ok keypti sér bú með. Þá kom ok þar um vár við útver nokkurr broddr af síld. Eyvindr skipaði róðrarferju húskorlum sínum ok landzbúum ok røri þannug til, sem síldin  
 10 var rekin; hann kvað:

113. Lótum langra nóta  
 lōgsóta verfótum  
 at spáþernum sporna  
 sporðfjōðruðum norðan,

vita ef akrmurur jōkla,  
 ølgerðr, falar verði,  
 ítr, þærs upp of róta  
 unnsvín, vinum mínum.

15 Ok svá vendiliga var upp gengit alt lausafé hans, er hann hafði keypt til bús sér, at hann keypti síldina með bogaskoti sínu; hann kvað:

20 114. Fengum feldar stinga  
 fjōrð- ok galt við -hjōrðu,  
 þanns álhímíns- útan  
 oss -lendingar sendu;

mest selda ek mínar  
 við mæ-ørum sævar  
 — hallæri veldr hvōru —  
 hlaupsíldr Egils gaupna.

## Hér hefr upp sögu Óláfs konungs Tryggvasonar.

### K. 1. Fæddr Óláfr Tryggvason.

Ástríðr hét kona sú, er átt hafði Tryggvi konungr Ólafsson; hon var dóttir Eiríks bjóðaskalla, er bjó á Oprostöðum, ríks mannz. En eptir fall Tryggva, þá flýði Ástríðr á brot ok fór á launungu með lausafé þat, er hon mátti með sér hafa. Henni 5 fylgði fóstrfaðir hennar, sá er Þórólfr lúsarskegg hét; hann skildisk aldregi við hana, en aðrir trúnaðarmenn hennar fóru á njósn, hvat spurðisk af óvinum hennar eða hvar þeir fóru. Ástríðr gekk með barni Tryggva konungs. Hon lét flytja sik út í vatn eitt, ok leyndisk þar í hólma nokkurum ok fáir menn með 10 henni; þar fœddi hon barn, þat var sveinn. En er hann var vatni ausinn, þá var hann kallaðr Óláfr eptir fœðurfœður sínum. Þar leyndisk hon um sumarit, en er nótt myrkði ok dag tók at skemma, en veðr at kólna, þá byrjaði Ástríðr ferð sína ok Þórólfr með henni ok fátt manna, fóru þat eina með byggðum, er þau 15 leyndusk um nætr, ok funnu enga menn. Þau kómu fram einn dag at kveldi til Eiríks á Oprostöðum, fœður Ástríðar. Þau fóru leyniliga, sendi Ástríðr menn til bæjarins at segja Eiríki, en hann lét fylgja þeim í eina skemmu ok setja þeim borð við inum beztum fongum. En er þau Ástríðr höfðu þar dvalzk litla hríð, 20 þá fór brot fœruneyti hennar, en hon var eptir ok ii. þjónostukonur með henni ok sonr hennar Óláfr, Þórólfr lúsarskegg ok Þorgils, sonr hans, vi. vetra gamall; þau váru þar um vetrinn.

### K. 2. Frá Gunnhildarsonum.

Haraldr gráfeldr ok Guðrøðr, bróðir hans, fóru eptir dráp 25 Tryggva Ólafssonar til búa þeira, er Tryggvi hafði átt, en þá var Ástríðr í brott ok spurðu þeir ekki til hennar. Sá pati kom

fyrir þá, at hon myndi vera með barni Tryggva konungs. Fóru þeir um haustit norðr í land, svá sem fyrr er ritit. En er þeir funnu Gunnhildi, móður sína, sögðu þeir alla atburði um þessi tíðendi, er þá höfðu gorkz í fgr þeira. Hon spurði at vendiliga, þar sem var Ástríðr. Þeir segja slíkan kvitt þar af, sem þeir  
 5 höfðu heyrt. En fyrir þá sök, at þat haust it sama áttu Gunnhildarsynir deilu við Hákon jarl ok svá um vetrinn eptir, sem fyrr er ritit, varð þá engi eptirleitán höfð um Ástríði ok son hennar á þeim vetri.

### 10 K. 3. Ferð Ástríðar.

Eptir um várit sendi Gunnhildr njósarmenn til Uplanda ok alt í Vikina, at njósna um þat, hvat um hag Ástríðar myndi vera. En er sendimenn koma apr, þá kunnu þeir þat helzt at segja Gunnhildi, at Ástríðr myndi vera við feðr sínum Eiríki,  
 15 segja ok þess meiri ván, at hon mun þar upp fœða son þeira Tryggva konungs. Þá gerir Gunnhildr þegar sendimenn ok býr þá vel at vápnum ok hestum, ok hafa þeir xxx. manna, ok var þar til forráða ríkr maðr, vinr Gunnhildar, er Hákon er nefndr. Hon bað þá fara á Oprostaði til Eiríks ok hafa þaðan son  
 20 Tryggva konungs ok fœra Gunnhildi. Þá fara sendimenn alla leið sína. En er þeir áttu skamma leið til Oprostaða, þá verða varir við ferð þeira vinir Eiríks ok báru honum njósn um ferð sendimanna at kveldi dags. En þegar um nóttina bjó Eiríkr brotferð Ástríðar, fekk henni góða leiðtoga ok sendi hana austr  
 25 til Svíþjóðar á fund Hákonar ins gamla, vinar síns, ríks mannz. Fóru þau í brot, er mikit lifði nætr. Þau kómu at kveldi dags í herað, er Skaun heitir, ok sá þar bæ mikinn ok fóru þannug til ok báðu sér nætrvistar. Þau dulðusk ok höfðu vánd klæði. Sá bóndi er nefndr Björn eitrkveisa, auðigr maðr ok illr þegn, hann  
 30 rak þau í brot, fóru þau um kveldit í annat þorp skamt þaðan, er hét í Vizkum. Þorsteinn hét þar bóndi sá, er þau herbergði ok veitti þeim góðan forbeina um nóttina; sváfu þau í góðum umbúnaði.

### K. 4. Frá sendimönnum.

35 Hákon ok þeir menn Gunnhildar kómu á Oprostaði snemma um morgin ok spyrja at Ástríði ok syni hennar. Eiríkr segir, at hon er ekki þar; þeir Hákon rannsökuðu bæinn ok dvöldusk lengi um daginn ok fá nokkura njósn um ferð Ástríðar; ríða þá

sömu leið ok koma síðla um kveldit til Bjarnar eitrkveisu í Skaun, taka þar gisting. Þá spyr Hákón Björn, ef hann kynni honum nokkut segja til Ástríðar. Hann segir, at þar kómu menn um daginn ok báðu gistingar, — »en ek rak þau brot ok munu þau vera herbergð hér nokkur í þorpinu«. Verkmaðr Þorsteins fór um kveldit ór skógi ok kom til Bjarnar, þvíat þat var á leið hans; varð hann varr við, at gestir váru þar, eða hvert ørendi þeira var; hann segir Þorsteini bónda. En er lifði þriðjungr nætr, vakði Þorsteinn upp gesti sína, bað þau brot fara, mælti styggliga. En er þau váru komin á veg út ór garðinum, þá segir Þorsteinn þeim, at sendimenn Gunnhildar váru at Bjarnar ok fóru at leita þeira. Þau báðu þeim hjálpar nokkurrar; hann fekk þeim leiðtoga ok vist nokkura; fylgði sá þeim fram á skóginn, þar sem var vatn nokkut ok hólmi einum reyri vaxinn. Þau máttu vaða í hólmann út; þar fálu þau sik í reyrnum. Snimma dags reið Hákón frá Bjarnar í byggðina, ok hvar sem hann kom, spurði hann eptir Ástríði. En er hann kom til Þorsteins, þá spyr hann, ef þau sé þar komin. Hann segir, at þar váru menn nokkurir ok fóru móti degi austr á skóginn. Hákón bað Þorstein fara með þeim, er honum var leið kunnig eða leyni. Þorsteinn fór með þeim, en er hann kom í skóginn, vísaði hann þeim þvert frá því, sem Ástríðr var. Fóru þeir þann dag allan at leita ok funnu þau eigi, fara aptr síðan ok segja Gunnhildi sín ørendi. Ástríðr ok hennar fǫruneyti fóru leið sína, kómu fram í Svíþjóð til Hákonar gamla; dvalðisk Ástríðr þar ok sonr hennar, Óláfr, til hana hríð í góðum fagnaði.

#### K. 5. Sendiferð Hákonar.

Gunnhildr konungamóðir spyr, at Ástríðr ok Óláfr, sonr hennar, eru í Svíaveldi; þá sendi hon enn Hákón ok gott fǫruneyti með honum austr til Eiríks Svía-konungs með góðar gjafar ok vináttumál. Var þar við sendimönnum vel tekit; váru þeir þar í góðu yfirlæti. Síðan berr Hákón upp fyrir konungi ørendi sín, segir, at Gunnhildr hafði til þess orð send, at konungr skyldi styrkt fá hann, svá at hann hafi við sér Óláf Tryggvason til Nóregs — »vill Gunnhildr fósttra hann«. Konungr fær honum menn, ok ráða þeir á fund Hákonar gamla, býðr Hákón Óláfi at fara við sér með vinsamligum orðum mörgum. Hákón gamli svarar vel ok segir, at móðir hans skal ráða ferð hans, en Ástríðr vill fyrir engan mun, at sveinninn fari. Fara sendimenn í brot



ok segja svá búit Eiríki konungi; síðan búask sendimenn at fara heim, biðja enn konung, at fá sér styrk nokkurn, at hafa sveininn brot, hvárt sem Hákon gamli vill eða eigi. Fær konungr þeim enn sveit manna. Koma sendimenn til Hákonar gamla ok krefja  
 5 þá, at sveinninn fari við þeim; en er því var seint tekit, þá hafa þeir frammi mikilmæli ok heita afarkostum ok láta reiðuliga. Þá hleypr fram þræll einn, er Bursti er nefndr, ok vill ljósta Hákon, ok komask þeir nauðuliga í brot óbarðir af þrælinum. Fara síðan heim til Nóregis ok segja sína ferð Gunnhildi, ok svá, at þeir  
 10 hafa sét Óláf Tryggvason.

#### K. 6. Frá Sigurði Eiríkssyni.

Sigurðr hét bróðir Ástríðar, sonr Eiríks bjóðaskalla; hann hafði þá lengi verit af landi á brot ok verit austr í Garðaríki með Valdamar konungi, hafði Sigurðr þar metnað mikinn.  
 15 Fýstisk Ástríðr at fara þannug til Sigurðar, bróður síns. Fekk Hákon gamli henni gott fgruneyti ok ǫll góð fng; fór hon með kaupmönnum nokkurum. Þá hafði hon verit ii. vetr með Hákonni gamla. Óláfr var þá iii.-vetr. En er þau heldu austr í hafit, þá kómu at þeim víkingar; þat váru Eistr; hertóku þeir bæði menn  
 20 ok fé, en drápu suma, en sumum skiptu þeir með sér til ánaugar. Þar skilðisk Óláfr við móður sína ok tók við honum Klerkón, eistneskr maðr, ok þeim Þórólfi ok Þorgilsi. Klerkóni þótti Þórólfr gamall til þræls, þótti ok ekki forverk í honum ok drap hann, en hafði sveinana með sér ok seldi þeim manni, er Klerkr  
 25 hét, ok tók fyrir hafr einn vel góðan. Inn iii. maðr keypti Óláf ok gaf fyrir vesl gott eða slagning; sá hét Réás; kona hans hét Rékón, en sonr þeira Rékóni. Þar var Óláfr lengi ok vel haldinn, ok unni bóandi honum mikit. Óláfr var vi. vetr á Eistlandi í þessarri útlegd.

#### 30 K. 7. Frelstr Óláfr af Eistlandi.

Sigurðr Eiríksson kom til Eistlandz í sendiferð Valdamars konungs af Hólmgarði, ok skyldi hann heimta þar í landi skatta konungs. Fór Sigurðr ríkuliga með marga menn ok fé mikit. Hann sá á torgi svein, fríðan mjök, ok skilði, at sá myndi þar  
 35 útlendr, ok spyr hann at nafni ok ætt sinni. Hann nefndi sik Óláf, en Tryggva Ólafsson fður sinn, en móður sína Ástríði, dóttur Eiríks bjóðaskalla. Þá kannaðisk Sigurðr við, at sveinninn var systurson hans. Þá spurði Sigurðr sveininn, hví hann væri

þar kominn. Óláfr sagði honum alla atburði um sitt mál. Sigurðr bað hann fylgja sér til Réás bóanda. En er hann kom þar, þá keypti hann sveinana báða, Ólaf ok Þorgils, ok hafði með sér til Hólmgarðz, ok lét ekki upvíst um ætt Óláfs, en helt hann vel.

## K. 8. Dráp Klerkóns.

5

Óláfr Tryggvason var staddr einn dag á torgi; var þar fjölmenni mikit; þar kendi hann Klerkón, er drepit hafði fóstura hans, Þórólf lúsarskegg. Óláfr hafði lítila æxi í hendi ok setti í höfuð Klerkóni, svá at stóð í heila niðri, tók þegar á hlaup heim til herbergis ok sagði Sigurði, frænda sínum, en Sigurðr kom 10 Óláfi þegar í herbergi drótningar, ok segir henni tíðendi; hon hét Allógía; bað Sigurðr hana hjálpa sveininum. Hon svaraði ok leit á sveininn, segir, at eigi má drepa svá fríðan svein, bað kalla menn til sín með alvæpni. Í Hólmgarði var svá mikil fríðhelgi, at þat váru lög at drepa skyldi hvern, er mann drap 15 óðæmðan; þeystisk allr lýðr eptir sið þeira ok lögum ok leitaði eptir sveininum, hvar hann var kominn. Þá var sagt, at hann var í garði drótningar ok þar herr mannz alvápnadr; var þá sagt konungi. Gekk hann þá til með sínu liði ok vildi eigi, at þeir berðisk; kom hann þá griðum á ok því næst sættum; dæmði 20 konungr bœtr, en drótning helt gjöldum upp. Síðan var Óláfr með drótningu, ok var hon allkær til hans. Þat váru lög í Garðaríki, at þar skyldu ekki vera konungbornir menn, nema at konungs ráði. Þá segir Sigurðr drótningu, hvernar ættar Óláfr var, eða fyrir hverja sök hann var þar kominn, at hann mátti 25 ekki vera heima í sínu landi fyrir ófríði, bað hana þetta ræða við konung. Hon gerði svá, bað konung hjálpa við konungssyni þessum, svá harðliga sem hann var leikinn, ok kómu svá fortohur hennar, at konungr játti henni þessu, tók þá Ólaf í sitt vald ok helt hann vegliga, svá sem konungssøni byrjaði at vera haldinn. 30 Óláfr var ix. vetra, er hann kom í Garðaríki, en dvaldisk þar með Valdamar konungi aðra ix. vetr. Óláfr var allra manna fríðastr ok mestr, sterkastr ok um fram alla menn at íþróttum, þá er frá er sagt af Norðmönnum.

## K. 9. Frá Hákonu jarli.

35

Hákon jarl Sigurðarson var með Haraldi Gormssyni, Dana-konungi, um vetrinn eptir, er hann hafði flýit Nóreg fyrir Gunnhildarsonum. Hákon hafði svá stórar áhyggjur um vetrinn,

at hann lagðisk í rekkju ok hafði andvokur miklar, át ok drakk þat einu, er hann mátti halda við styrk sinn. Þá sendi hann menn sína leyniliga norðr í Þrándheim til vina sinna ok lagði ráð fyrir þá, at þeir skyldu drepa Erling konung, ef þeir mætti við komask, sagði, at hann myndi aptr hverfa til ríkis síns, þá er sumraði. Þann vetr drápu Þrændir Erling, sem fyrr er ritat. Með Hákon ok Gull-Haraldi var kær vinátta, bar Haraldr fyrir Hákon ráðagörðir sínar, segir Haraldr, at hann vildi þá setjask at landi ok vera eigi lengr á herskipum, spurði hann Hákon, hvat hann hygði, hvárt Haraldr konungr myndi vilja skipta ríki við hann, ef hann krefði. »Þat hygg ek, segir Hákon, at Dana-konungr mun engra varna þér réttenda; en þó veiztu þá gørr þetta mál, ef þú ræðir fyrir konungi; vætti ek, at þú fáir eigi ríkit, ef þú krefr eigi«. Brátt eptir þessa ræðu talaði Gull-Haraldr við Harald konung, svá at nær váru margir ríkismenn, beggja vinir. Krafði þá Gull-Haraldr Harald konung, at hann skipti ríki við hann í helminga, svá sem burðir hans váru til ok ætt þar í Danaveldi. Við þetta ákall varð Haraldr konungr reiðr mjök, sagði, at engi maðr krefði þess Gorm konung, fōður hans, at hann skyldi gerask hálfkonungr yfir Danaveldi, eigi heldr hans fōður Hōrða-Knútt eða Sigurð orm-í-auga eða Ragnar loðbrók — gerði sik þá svá reiðan ok óðan, at ekki mátti við hann mæla.

#### K. 10. Frá Gull-Haraldi.

Gull-Haraldr unði þá miklu verr en áðr, hann hafði þá ekki ríki heldr en fyrr, en reiði konungs. Kom hann þá til Hákonar vinar síns ok kærði sín vandræði fyrir honum ok bað hann heilla ráða, ef til væri, þau er hann mætti ríki ná, sagði, at hann hafði þat helzt hugsat, at sœkja ríki með styrk ok vápnum. Hákon bað hann þat fyrir engum manni mæla, svá at spyrðisk, segir hann, — »liggr þar líf yðart við, hugsa þetta með sjálfum þér, til hvers þú munt fœrr verða; þarf til slíkra stórræða, at maðr sé djarfr ok øruggr, spara hvárki til góða hluti né illa, at þá megi fram ganga þat, er upp er tekít. En hitt er ófœrt, at hefja upp stór ráð ok leggja niðr síðan með ósœmð«. Gull-Haraldr svarar: »svá skal ek þetta upp taka tilkallit, at eigi skal ek mínar hendr til spara, at drepa konung sjálfan, ef ek kem í fœri, með því er hann vill synja mér þess ríkis, er ek á at hafa at réttu«. Skilja þeir þá ræðu sína. Haraldr konungr gekk þá til fundar við Hákon, ok taka þeir tal sitt. Segir konungr

jarli, hvert ákall Gull-Haraldr hefir haft við hann til ríkis, ok svor þau, er hann veitti, segir svá, at hann vill fyrir engan mun minka ríki sitt, — »en ef Gull-Haraldr vill nokkut halda á þessu tilkalli, þá er mér lítit fyrir, at láta drepa hann, þvíat ek trúi honum illa, ef hann vill eigi af þessu láta«. Jarl svarar: »þat hygg ek, at Haraldr hafi svá fremmi þetta upp kveðit, at hann mun eigi þetta láta niðr falla. Er mér þess ván, ef hann reisir ófrið hér í landi, at honum verði gott til liðs ok mest fyrir sakir vinsælda fōður hans, en þat er yðr in mesta ófœra, at drepa frænda yðarn, þvíat allir menn munu hann kalla saklausan at svá búnu. Eigi vil ek ok þat mitt ráð kalla, at þú gerir þik minna konung, en faðir þinn var, Gormr, jók hann ok mjök sitt ríki, en minkaði í engan stað«. Þá segir konungr: »hvert er þá þitt ráð Hákon?, skal ek eigi miðla ríki ok ráða eigi af hendi mér þenna ugg?«. »Vit skulum finnask nokkurum dögum síðarr, segir Hákon jarl, vil ek hugsa áðr þetta vandamál ok veita þá nokkurn órskurð«. Gekk þá konungr í brot ok allir hans menn.

#### K. 11. Ráðagørð Haraldz konungs ok Hákonar jarls.

Hákon jarl hafði nú af nýju inar mestu áhyggjur ok ráðagørðir ok lét fá menn vera í húsinu hjá sér. Fám dögum síðarr kom Haraldr til jarls ok taka þeir þá tal. Spyr konungr, ef jarl hafi hugsat þá ræðu, er þeir kómu á fyrra dags. »Þar hefi ek, segir jarl, vakat um dag ok nótt síðan, ok finnsk mér þat helzt ráð, at þú hafir ok stýrir ríki því öllu, er faðir þinn átti ok þú tókt eptir hann, en fá Haraldí, frænda þínum, í hendr annat konungsríki, þat er hann megi sœmdarmaðr af verða«. »Hvert er þat ríki?, segir konungr, er ek má heimilliga fá Haraldí, ef ek hefi óskert Danaveldi«. Jarl segir: »þat er Nóregr. Konungar þeir, er þar eru, eru illir öllu landzfólki, vill hverr maðr þeim ilt, sem vert er«. Konungr segir: »Nóregr er land mikit ok hart fólk, ok er ilt at sækja við útlendan her. Gafsk oss svá, þá er Hákon varði landit, létu vér lið mikit, en varð engi sigr unninn. Er Haraldr Eiriksson fósterson minn ok knésetningr«. Þá segir jarl: »lõngu vissa ek þat, at þér hōfðuð opt veittan styrk Gunnhildarsonum, en þeir hafa yðr þó engu launat, nema illu. Vér skulum komask miklu léttligarr at Nóregi, en berjask til með allan Dana-her. Sentu boð Haraldí, fóstresyni þínum, bjóð honum at taka af þér land ok lén, þat

sem þeir höfðu fyrr hér í Danmörk. Stefn honum á þinn fund. Nú má Gull-Haraldr þá lítila stund afla ríkis í Nóregi af Haraldi konungi gráfæld«. Konungr segir, at þetta mun kallat ilt verk, at svíkja fósterson sinn. »Þat munu Danir kalla, segir jarl, at  
 5 betra er þat skipti, at drepa viking nórcenan, heldr en bróðurson sinn danskank«. Tala þeir nú hér um langa hríð, þar til er þetta semsk með þeim.

#### K. 12. Sendiboð Haraldz Gormssonar til Nóregs.

Gull-Haraldr kom enn til tals við Hákon. Segir jarl  
 10 honum, at hann hefir nú fylgt hans málum, svá at meiri ván er, at nú myni konungsríki liggja laust fyrir honum í Nóregi — »skulu vit þá, segir hann, halda félagskap okrum. Mun ek þá mega veita þér mikit traust í Nóregi«; hafðu fyrst þat ríki. Haraldr konungr er nú gamall mjök, en hann á þann einn son,  
 15 er hann ann lítit ok frilluson er. Talar jarl þetta fyrir Gull-Haraldi, þar til er hann lætr sér þetta vel líka. Síðan tala þeir optliga allir, konungr ok jarl ok Gull-Haraldr. Síðan sendi Dana-konungr menn sína norðr í Nóreg á fund Haraldz gráfældz. Var sú ferð búin allvegliga, fengu þeir þar góðar viðtökur ok  
 20 funnu Harald konung; segja þeir þau tíðendi, at Hákon jarl er í Danmörk ok liggir banvænn ok nær ørviti, ok þau önnur tíðendi, at Haraldr Dana-konungr bauð til sín Haraldi gráfæld, fóstersyni sínum, ok taka þar af sér veizlur, svá sem þeir bræðr höfðu fyrr haft þar í Danmörk, ok bað Harald koma til sín  
 25 ok finna sik á Jótlandi. Haraldr gráfældr bar þetta mál fyrir Gunnhildi ok aðra vini sína, lögðu menn þar allmisjafnt til, sumum þótti þessi fgr ekki trúlig, svá sem þar var mönnum fyrir skipat; hinir váru fleiri, er fýstu at fara skyldi, þvíat þá var svá mikill sultr í Nóregi, at konungar fengu varliga  
 30 foett lið sitt. Þá fekk fjórðrinn þat nafn, er konungar sátu optast, at hann hét Harðangr; árferð var í Danmörk at nokkurri hlítu, hugðusk menn þá þar mundu fong fá, ef Haraldr konungr fengi þar lén ok yfirsókn. Var þat ráðit, áðr sendimenn fóru í brot, at Haraldr konungr myndi koma til Danmarkar  
 35 um sumarit á fund Dana-konungs ok taka af honum þenna kost, sem bauð Haraldr konungr.

## K. 13. Svikræði Haraldz konungs ok Hákonar jarls við Gull-Harald.

Haraldr gráfeldr fór um sumarit til Danmarkar ok hafði iii. langskip; þar stýrði einu Arinbjörn hersir ór Fjörðum. Haraldr konungr siglði út ór Víkinni ok til Limafjarðar ok lagðisk þar at Hálsi. Var honum sagt, at Dana-konungr myndi 5 þar koma brátt. En er þetta frá Gull-Haraldr, þá heldr hann þannug með ix. skipum. Hann hafði áðr búit lið þat at fara í víking. Hákon jarl hafði þá ok búit sitt lið ok ætlaði ok í víking; hafði hann xii. skip ok ǫll stór. En er Gull-Haraldr var brot farinn, þá segir Hákon jarl konungi: »nú veit ek eigi, 10 nema vér róim leiðangrinn ok gjaldim leiðvítit. Nú mun Gull-Haraldr drepa Harald gráfeld; síðan mun hann taka konungdóm í Nóregi; ætlar þú þann þér þá tryggvan, ef þú fær honum svá mikinn styrk?, en hann mælti þat í vetr fyrir mér, at hann myndi drepa þik, ef hann kvæmisk í færi. Nú mun ek vinna 15 Nóreg undir þik ok drepa Gull-Harald, ef þú vill því heita mér, at ek skyla auðvelliga sættask við yðr fyrir þat; vil ek þá gerask yðarr jarl ok binda þat swardögum ok vinna Nóreg undir yðr með yðrum styrk, halda þá síðan landinu undir yðarr ríki ok gjalda yðr skatta, ok ertu þá meiri konungr, en þinn 20 faðir, ef þú ræðr ii. þjóðlondum«. Þetta semsk með þeim konungi ok jarli; ferr þá Hákon með liði sínu at leita Gull-Haraldz.

## K. 14. Fall Haraldz konungs gráfeldz at Hálsi.

Gull-Haraldr kom til Háls í Limafirði, bauð hann þegar Haraldi gráfeld til orrostu, en þótt Haraldr hefði lið minna, 25 þá gekk hann þegar á land ok bjósk til orrostu, fylkði liði sínu; en áðr fylkingar gengi saman, þá eggjar Haraldr gráfeldr hart lið sitt ok bað þá bregða sverðum; hljóp þegar fram í ǫndverða fylking ok hjó til beggja handa. Svá segir Glúmr Geirason í Gráfeldardrápu: 30

115. Mælti mætra hjalta	víðlendr of bað vinda	30
malmóðinn sá, blóði,	verðung Haraldr sverðum,	
þróttar orð, es þorði	frægt þótti þat flotnum	
þjóðum vǫll at rjóða —	fylkis orð, at morði.	
Par fell Haraldr gráfeldr; svá segir Glúmr Geirason:		
116. Varð á víðu borði	gætir Glamma sóta	35
viggjum hollr at liggja	garðs ey Limafjarðar.	

Sendir fell á sandi (olli jöfra spjalli)  
 sævar bals at Halsi orðheppinn (því morði).

Par fell flest lið Haraldz konungs með honum; þar fell Arinbjörn hersir. Þá var liðit frá falli Hákonar Aðalsteinsfóstra xv. vetr, en frá falli Sigurðar Hlaðajarls xiii. vetr. Svá segir Ari prestur Þorgilsson, at Hákon jarl væri xiii. vetr yfir fǫðurleifð sinni í Þrándheimi, áðr Haraldr gráfeldr fell, en vi. vetr ina síðorstu, er Haraldr gráfeldr lifði, segir Ari, at Gunnhildarsynir ok Hákon þorðusk, ok stukku ýmsir ór landi.

10 K. 15. Dauði Gull-Haraldz.

Hákon jarl ok Gull-Haraldr funnusk lítlu síðarr en Haraldr gráfeldr fell; leggr þá Hákon jarl til orrostu við Gull-Harald, fær Hákon þar sigr, en Haraldr var handtekinn ok lét Hákon hann festa á gálga. Síðan fór Hákon jarl á fund Dana-konungs ok sættisk við hann auðvelliga um dráp Gull-Haraldz, frænda hans. Síðan býr Haraldr konungr her út um alt sitt ríki ok fór með dc. skipa. Þar var þá með honum Hákon jarl ok Haraldr grenski, sonr Guðrøðar konungs, ok mart annarra ríkismanna, þeira er flýit höfðu óðul sin fyrir Gunnhildarsonum. Helt Dana-konungr her sínum sunnan í Víkina ok gekk landfólk alt undir hann; en er hann kom til Túnsbergs, þá dreif til hans mikit fjölmenni, ok fekk Haraldr konungr lið þat alt í hendr Hákon jarli, er til hans hafði komit í Nóregi, ok gaf honum til forráða Rogaland ok Hjørðaland, Sogn, Firðafylki, Sunn-Mœri ok Raumsdal ok Norð-Mœri — þessi vii. fylki gaf Haraldr konungr Hákon jarli til forráða með þvílíkum formála, sem Haraldr inn hárfagri gaf sonum sínum, nema þat skilði, at Hákon skyldi eignask þar ok svá í Þrándheimi öll konungsbú ok landzskyldir, hann skyldi ok hafa konungsfé, sem hann þyrpti, ef herr væri í landi. Haraldr konungr gaf Haraldri grenska Vingulmørk, Vestfold ok Agðir til Liðandisness ok konungsnafn, ok lét hann þar hafa ríki með öllu slíku, sem at fornu höfðu haft frændr hans ok Haraldr inn hárfagri gaf sonum sínum. Haraldr grenski var þá xviii. vetra ok varð síðan frægr maðr. Ferr þá Haraldr Danakonungr heim með allan Dana-her.

K. 16. Ferð Gunnhildarsona ór landi.

Hákon jarl fór með liði sínu norðr með landi. En er Gunnhildr ok synir hennar spurðu þessi tíðendi, þá samna þau





sem opt verðr, þá er herflokkar ganga yfir land, at þeir, er fyrir eru, leita sér hjálpar, hverr þannug, sem vænst þykkir. Hákon jarl spyrr þessi tíðendi, at ófriðr var suðr um Mœri. Réð jarl þá til skipa ok lét skera upp herqr, býsk sem hvatligast ok helt út eptir firði. Varð honum gott til liðs; varð fundr þeira Ragnfrøðar ok Hákonar jarls á Sunn-Mœri norðarliga. Helt Hákon þegar til orrostu, hann hafði lið meira ok skip smæri; orrosta varð hqrð ok veitti Hákonni þyngra, þeir þorðusk um stafna, sem þar var siðr til. Straumr var í sundinu ok hóf 10 qll skipin saman inn at landinu. Jarl lét ok hamla at landi, þar er honum þótti bezt til upgöngu. En er skipin kendu niðr, þá gekk jarl ok alt lið hans af skipunum ok drógu upp, svá at óvinir þeira skyldu eigi mega út draga. Síðan fylkði jarl á vellinum ok eggjaði Ragnfrøð til upgöngu. Þeir Ragnfrøðr lögðu 15 útan at, ok skutusk á langa hríð; vildi Ragnfrøðr ekki á land ganga, ok skilðusk at svá búnu. Helt Ragnfrøðr sínu liði suðr um Stað, þvíat hann óttaðisk landher, ef drifi til Hákonar jarls. En jarl lagði fyrir því eigi optarr til orrostu, at honum þótti borðamunr ofmikill. Fór hann þá um haustit norðr til Þránd- 20 heims ok var þar um vetrinn, en Ragnfrøðr konungr hafði þá alt fyrir sunnan Stað Firdafylki, Sogn, Hqrðaland, Rogaland. Hafði hann fjölmenni mikit um vetrinn; ok er váraði, bauð hann leiðangri út ok fekk lið mikit, fór hann þá um qll þau fylki at afla sér liðs ok skipa ok annarra fanga, þeira er hann þurpti.

25 K. 18. Orrosta í Sogni.

Hákon jarl bauð liði út, þá er váraði, alt norðan ór landi. Hann hafði mikit lið af Hálogalandi ok Naumudali, svá at alt frá Byrðu til Staðs hafði hann lið af qllum sjálqndum, honum drósk herr um qll Þroendalqg, svá um Raumsdal. Svá er at 30 kveðit, at hann hafði her af iiiii. fólkqndum; honum fylgðu vii. jarlar, ok hqrðu þeir allir saman ógrynni liðs; svá segir í Velleklu:

122. Hitt vas meir, at Mœra  
morðfikinn lét norðan  
35 folkverjandi fyrva  
fqr til Sogns of gqrva;  
ýtti Freyr af fjórum  
folklqndum (sá branda  
Ullr stoð af því allri  
40 yrþjóð) Heðins byrjar.

123. Ok til móts á Meita  
mjúkhurðum fram þurðu  
með svqrgæli Sqrva  
sjau landrekar randa;  
glumði allr, þás Ullar  
eggþings Heðins veggjar  
(gnótt flaut nás fyr nesjum)  
Nóregr, saman fóru.

Hákon jarl helt liði þessu öllu suðr um Stað. Þá spurði hann, at Ragnfrøðr konungr með her sinn væri farinn inn í Sogn, snøri þá þannug sínu liði, ok varð þar fundr þeira Ragnfrøðar. Lagði jarl skipum sínum at landi ok haslaði völl Ragnfrøði konungi ok tók orrostustað; svá segir í Velleklu: 5

124. Varð fyr Venða myrði, hlymnarfi bað hverfa  
viðfrægt en, gramr, síðan hlífar flagðs, ok lagði  
gerðisk mest at morði jalks við öndurt fylki  
mannfall, við styr annan; öndur »förf«, at landi.

Þar varð allmikil orrosta. Hafði Hákon jarl lið miklu meira ok 10 fekk sigr. Þetta var á Þinganesi, þar er mættisk Sogn ok Höfðaland. Ragnfrøðr konungr flýði til skipa sinna, en þar fell af liði hans öcc. manna; svá segir í Velleklu:

125. Ströng varð gunnr, áðr knátti hafs at höfðum  
gunnar (hagnaðr vas þat) bragna 15  
gammi nás und hramma folkeflandi fylkir  
þröngvimeidr of þryngvi fangsæll þaðan ganga.  
þrimr hundruðum lunda,

Eptir orrostu þessa flýði Ragnfrøðr konungr ór Nóregi, en Hákon jarl friðaði land ok lét fara aptr norðr her þann inn 20 mikla, er honum hafði fylgt um sumarit, en hann dvalðisk þar um haustit ok um vetrinn.

#### K. 19. Kvánfang Hákonar jarls.

Hákon jarl gekk at eiga konu þá, er hét Þóra, dóttir Skaga Skoptasonar, ríks mannz. Þóra var allra kvinna fríðust; þeira 25 synir váru Sveinn ok Hemingr; Bergljót hét dóttir þeira, er síðan átti Einarr þambarskelfir. Hákon jarl var kvennamaðr mikill ok átti mörg börn. Ragnhildr hét dóttir hans; hana gipti hann Skopta Skagasyni, bróður Þóru. Jarl unni Þóru svá mikit, at hann gerði sér svá miklu kærri, en aðra menn, frændr Þóru, 30 ok var þó Skopti, mágr hans, mest metinn af öllum frændum hennar. Jarl veitti honum stórar veizlur á Mæri. En hvert sinn er þeir váru í leiðangri, þá skyldi Skopti leggja skip sitt næst skipi jarls, en engum skyldi þat hlýða, at leggja skip milli skipa þeira. 35

#### K. 20. Fall Tíðenda-Skopta.

Þat var á einu sumri, er Hákon jarl hafði leiðangr úti, þá stýrði þar skipi með honum Þorleifr spaki. Eiríkr var ok þar í fōr; var hann þá x. vetra eða xi. En er þeir lögðu til hafnar á

kveldum, þá lét Eiríkr sér ekki líka annat, en þeir legði til lægis næst skipi jarls. En er þeir kómu suðr á Mæri, þá kom þar Skopti, mágr jarls, með langskip, vel skipat. En er þeir róa at flotanum, þá kallar Skopti, at Þorleifr skyli rýma höfnina fyrir  
 5 honum ok leggja ór læginu. Eiríkr svarar skjótt, það Skopta leggja í annat lægi. Þetta heyrði Hákon jarl, at Eiríkr, sonr hans, þóttisk nú svá ríkr, at hann vill ekki vægja fyrir Skopta, kallar jarl þegar, það þá leggja ór læginu, segir, at þeim myndi annarr vera verri, segir, at þeir mundu vera barðir. En er  
 10 Þorleifr heyrði þetta, hét hann á menn sína ok það leggja skipit ór tengslum, ok svá var gort; lagði þá Skopti í lægit, þat sem hann var vanr at hafa næst skipi jarls. Skopti skyldi segja tíðendi ǫll jarli, þá er þeir váru báðir samt, en jarl sagði Skopta tíðendi, ef hann spurði fyrr; hann var kallaðr Tíðenda-Skopti. Um  
 15 vetrinn eptir var Eiríkr með Þorleifi fóstura sínum, en um vórit snimma fekk Eiríkr sér sveit manna. Þorleifr gaf honum skútu xv.-sessu með ǫllum reiða, tjöldum ok vistum. Helt Eiríkr þá út eptir firði ok síðan suðr á Mæri. Tíðenda-Skopti fór með xv.-sessu, skipaða, millum búa sinna, en Eiríkr leggr til móts við  
 20 hann ok til bardaga; þar fell Skopti, en Eiríkr gaf grið þeim mǫnnum, er þá stóðu upp; svá segir Eyjólfur dáðaskáld í Banda-drápu:

126. Meita fór at móti  
 mjök síð of dag skíði  
 25 ungr með jofnu gengi  
 útvers frǫmum hersi,  
 þás riðloga reiðir  
 randvallar lét falla  
 (ulfteitir gaf ótu  
 30 opt blóðǫflum) Skopta.

Síðan siglði Eiríkr suðr með landi ok kom fram í Danmǫrk, fór þá á fund Haraldz konungs Gormssonar ok var þar með honum um vetrinn. En eptir um vórit sendi Danakonungr Eirík norðr í Nóregr ok gaf honum jarldóm ok þar með Vingulmǫrk ok  
 35 Raumaríki til yfirsóknar, með þeima hætti, sem fyrr höfðu þar haft skattkonungar; svá segir Eyjólfur dáðaskáld:

128. Folkstýrir vas, fára,  
 finnz ǫlknarrar linna  
 suðr at sævar naðri  
 40 setbergs, gamall vetra,

127. Hoddsveigir lét hniga  
 harða ríkr, þás barðisk,  
 (-logreifis brátt lífi  
 land-) mens Kíar (sanda).  
 Stálægir nam stíga  
 stafns flatbalkar hrafna  
 af dynbeiði dauðum.  
 Dregr land at mun banda.

Eiríkr jarl var síðan höfðingi mikill.

## K. 21. Ferð Óláfs ór Gørðum.

Óláfr Tryggvason var þessar hríðir allar í Garðaríki ok hafði þar it mesta yfirlát af Valdimar konungi ok kærleika af drótningu. Valdimarr konungr setti hann hofðingja yfir herlið þat, er hann sendi til at verja land sitt. Átti Óláfr þar nokkurar 5 orrostur ok varð herstjórnin vel í hendi; helt hann þá sjálfr sveit mikla hermanna með sínum kostnaði, þeim er konungr veitti honum. Óláfr var qrr maðr við sína menn, varð hann af því vinsæll. En varð þat, sem optliga kann verða, þar er útlendir menn hefjask til ríkis eða til svá mikillar frægðar, at þat verði 10 umfram innlenzka menn, at margir ofundudu þat, hversu kær hann var konungi ok eigi síðr drótningu; mæltu menn þat fyrir konungi, at hann skyldi varask at gera Ólaf eigi ofstóran — »fyrir því at slíkr maðr er þér hættastr, ef hann vill sik til þess ljá, at gera yðr mein eða yðru ríki, er svá er búinn at atgørvi 15 ok vinsæld, sem hann er; vitum vér ok eigi, hvat þau drótning tala jafnan«. Þat var síðr mikill inna ríku konunga, at drótning skyldi eiga hálfu hirðina ok halda með sínum kostnaði ok hafa þar til skatta ok skyldir, svá sem þyrpti; var þar ok svá með Valdimar konungi, at drótning hafði eigi minni hirð, en konungr, 20 ok kepðusk þau mjök um ágætismenn, vildi hvártveggja til sín hafa. Nú gerðisk svá, at konungr festi trúnað á slíkar rœður, sem mælt var fyrir honum, ok gerðisk hann nokkut fár ok styggr til Óláfs; en er Óláfr fann þat, þá segir hann drótningu, ok þat með, at hann fýstisk at fara í norðrlönd, ok segir, at frændr 25 hans hafa þar fyrr ríki haft, ok honum þykkir líkast, at þar myni þroski hans mestr verða. Drótning biðr hann vel fara, segir, at hann myni þar gøfugr þykkja, sem hann væri. Síðan býr Óláfr ferð sína ok gekk á skip ok helt svá út í hafit í Eystrasalt. En er hann siglði austan, þá kom hann við Borgundarhólm ok veitti 30 þar uprás ok herjaði, en landzmenn sóttu ofan ok heldu orrostu við hann, ok fekk Óláfr sigr ok herfang mikit.

## K. 22. Kvánfang Óláfs konungs Tryggvasonar.

Óláfr lá við Borgundarhólm ok fengu þar veðr hvast ok storm sjávar, ok megu þeir þar eigi við festask ok sigla þaðan 35 suðr undir Vindland ok fá þar hofn gøða, fara þar alt með friði ok dvöldusk þar um hríð. Búrizláfr hét konungr í Vindlandi; hans døetr váru þær Geira, Gunnhildr ok Ástríðr. Geira konungs-

dóttir hafði þar vald ok ríki, sem þeir Óláfr kómu at landi. Dixin er sá maðr nefndr, er mest forráð hafði með Geiru drótningu. En er þau höfðu spurt, at þar váru við land komnir ókunnrir menn, þeir er tíguliga létu yfir sér ok þeir fóru þar með friði, 5 þá fór Dixin á fund þeira með orðsending drótningar Geiru, þá, at hon vill bjóða þeim monnum til vetrvistar, er þar váru komnir, þvíat þá var mjök liðit á sumarit, en veðráttu hörð ok stormar miklir. En er Dixin kom þar, þá varð hann brátt þess varr, at þar réð fyrir ágætr maðr bæði at ætt ok ásýnum. Dixin segir 10 þeim, at drótning bauð þeim til sín með vináttu-boði. Óláfr þekðisk þat boð ok fór um vetrinn til Geiru drótningar, ok sýndisk hvárt þeira öðru afarvel, svá at Óláfr hefir uppi orð sín ok biðr Geiru drótningar, ok verðr þat at ráði gørt, at Óláfr fær Geiru drótningar þann vetr. Gerðisk hann þar þá forráðamaðr þess 15 ríkis með henni. Hallfrøðr vandræðaskáld getr þess í drápu þeiri, er hann orti um Óláf konung:

129. Hilmir lét at Holmi (hvat of dylði þess hólðar?)  
hræskóð roðin blóði hörð ok austr í Gørðum.

#### K. 23. Hákon jarl helt sköttum Danakonungs.

20 Hákon jarl réð fyrir Nóregi ok galt engan skatt fyrir þá sök, at Dana-konungr veitti honum skatta alla, þá er konungr átti í Nóregi til starfs ok kostnaðar, er jarl hafði til at verja landit fyrir Gunnhildarsonum.

#### K. 24. Útboð Haraldz konungs.

25 Otta keisari var þá í Saxlandi. Hann sendi boð Haraldi Dana-konungi, at hann skyldi taka skírn ok trú rétta ok þat landzfólk, er hann stýrði, en at öðrum kosti sagði keisari, at hann myndi fara með her á hendr honum. Þá lét Dana-konungr búa landvarnir sínar, lét þá vel upp halda Danavirki ok búa herskip 30 sín; þá sendi konungr boð í Nóreg Háconi jarli, at hann skyldi koma til hans snimma um várit með allan her þann, sem hann fengi. Bauð Hákon jarl her út um várit af öllu ríki sínu ok varð hann allfjölmeðr ok helt hann liði því til Danmerkr ok fór til fundar við Dana-konung. Tók konungr allsœmiliga við honum. 35 Margir aðrir höfðingjar váru þá með Dana-konungi, þeir er honum veittu lið; hafði hann þá allmiklit lið.

K. 25. Orrostur Óláfs konungs Tryggvasonar.

Óláfr Tryggvason hafði verit um vetrinn í Vindlandi, sem fyrir er ritit. Hann fór um vetrinn til þeira heraða þar á Vindlandi, er legit höfðu undir Geiru drótningu ok höfðu þá undan horfit allri hlýðni ok skattgjöfum þannug. Þar herjar Óláfr ok 5 drap marga menn, brendi fyrir sumum, tók fé mikit ok lagði undir sik þau ríki, fór síðan aprtr til borgar sinnar. Snimma um vart bjó Óláfr skip sín ok siglði síðan í haf. Hann siglði undir Skáni, veitti þar uppgöngu, en landmenn sömnuðusk saman ok heldu orrostu, ok hafði Óláfr sigr ok fekk herfang mikit. Síðan 10 siglði hann austr til Gotlandz; þar tók hann kaupskip, er Jamtr áttu. Þeir veittu vörn mikla ok lauk svá, at Óláfr hrauð skipit ok drap mart manna ok tók fé alt. Þriðju orrostu átti hann á Gotlandi, hafði Óláfr þar sigr ok fekk mikit herfang; svá segir Hallfrøðr vandræðaskáld:

130. Endr lét Jamta kindir  
allvaldr í styr falla  
(vanðisk hann) ok Venða  
végrimmr (á þat snimma);

hættir vas hersa dróttinn  
hjórdjarfr Gota fjörvi;  
gollskerði frákr gerðu  
geirþey á Skáneyju.

15

K. 26. Orrosta við Danavirki.

20

Ótta keisari dró saman her mikinn; hann hafði lið af Saxlandi ok Fraklandi, Fríslandi, ok af Vindlandi fylgði honum Búrizláfr konungr með mikinn her, ok í liði var með honum Óláfr Tryggvason, mágr hans. Keisari hafði riddaraher mikinn ok miklu meira fótgönguher; hann hafði ok af Holtsetalandi 25 mikinn her. Haraldr Dana-konungr sendi Hákon jarl með Norðmanna-her þann, sem honum fylgði, suðr til Danavirkis at verja þar landit; svá segir í Velleklu:

131. Hitt vas auk, es eykir  
aurborðs á vit norðan  
und sigrunni svinnum  
sunnr Danmarkar runnu,  
ok holmfjöturs hjalmi  
Hörða valdr of faldinn  
Dofra danskra jöfra  
dróttinn fund of sótti.

132. Ok, við frost, at freista  
fémildir konungr vildi  
myrk- Hlōðvinjar -markar  
mordalfs, þess's kom norðan,  
þás valserkjar virki  
veðrhirði bað stirðan  
fyr hlymnjörðum hurðar  
Hagbarða gramr varða.

30

35

Ótta keisari kom með her sinn sunnan til Danavirkis, en Hákon jarl varði með sínu liði borgarveggina. Danavirki er svá háttat,

at firðir ii. ganga í landit, sínum megin landz hvárr, en milli fjarðarbotna höfðu Danir gort borgarvegg mikinn af grjóti ok torfi ok viðum ok grafit díki breitt ok djúpt fyrir utan, en kastalar fyrir borgarhlíðum. Þá varð orrosta mikil; þess getr 5 í Velleklu:

133. Vasat í gogn, þótt gerði þás með fylki Frísa  
 garðrøgnir styr harðan, fór gunnviðurr sunnan  
 gengiligt at ganga, (kvaddi vígs) ok Venda  
 geirrásar, her þeira, (vágs blakriði) Frakka.

10 Hákon jarl setti fylkingar yfir öll borgarhlíð, en hitt var þó meiri hlutr liðs, er hann lét fara alt með borgarveggjunum ok verja þar, sem helzt var at sótt; fell þar mart af keisarans liði, en þeir fengu ekki unnit at borginni. Snýr þá keisari í brot ok leitaði þar ekki lengr til; svá segir í Velleklu:

15 134. Prymr varð logs, þars lögðu sundfæxa kom Söxum  
 leikmiðjungar, Þriðja, sækibróttir á flótta,  
 (arngreddir varð) odda þar svát gramr með gumnum  
 (andvígr) saman randir; garð yrþjóðum varði.

Eptir þessa orrostu fór Hákon jarl aptr til skipa sinna ok ætlaði 20 þá at sigla norðr aptr í Nóreg, en honum gaf eigi byr; lá hann þá út í Limafirði.

K. 27. Skírðr Haraldr konungr Gormsson ok Hákon jarl.

Ótta keisari snýr þá her sínum til Slés, dregr hann þar at sér skipaher, flytr þar liðit yfir fjörðinn á Jótland. En er þat 25 spyrr Haraldr Dana-konungr, þá ferr hann í móti með sinn her, ok verðr þar orrosta mikil, ok at lykðum fær keisari sigr, en Dana-konungr flýði undan til Limafjarðar ok fór út í Mårsey; fóru þá menn milli þeira konungs ok var komit griðum á ok stefnulagi. Fundusk þeir Ótta keisari ok Dana-konungr í 30 Mårsey. En þá boðaði Poppó, byskup heilagr, trú fyrir Haraldri konungi ok hann bar glóanda járn í hendi sér ok sýndi Haraldri konungi hõnd sína óbrunna. Síðan lét Haraldr konungr skírask með allan Dana-her. Haraldr konungr hafði áðr orð send Hákonu jarli, þá er konungr sat í Mårsey, at jarl skyldi koma til liðveizlu 35 við hann; var jarl þá kominn til eyjarinnar, er konungr hafði skírask látit; sendir þá konungr orð, at jarl skyldi koma til fundar við hann. En er þeir hittask, þá nauðgar konungr jarli til at láta skírask; var þá Hákon jarl skírðr ok þeir menn allir, er þar fylgðu honum. Fekk þá konungr í hendr honum presta ok

aðra lærða menn ok segir, at jarl skal láta skíra alt lið í Nóregi; skilðusk þeir þá, ferr Hákon jarl út til hafs ok bíðr þar byrjar. En er veðr þat kœmr, er honum þótti sem hann myndi í haf bera, þá skaut hann á land upp öllum lærðum monnum, en hann siglði þá út á haf, en veðr gekk til útsuðrs ok vestr. Siglir jarl þá 5 austr í gögnum Eyrarsund, herjar hann þá á hvártveggja land; síðan siglir hann austr fyrir Skáneyrarsíðu ok herjaði þar ok hvar sem hann kom við land; en er hann kom austr fyrir Gautasker, þá lagði hann at landi, gerði hann þá blót mikit; þá kómu þar fljúgandi hrafnar ii. ok gullu hátt; þá þykkisk jarl 10 vita, at Óðinn hefir þegit blótit ok þá mun jarl hafa dagráð til at berjask. Þá brennir jarl skip sín öll ok gengr á land upp með liði sínu öllu ok fór alt herskildi. Þá kom at móti honum Óttarr jarl; hann réð fyrir Gautlandi; áttu þeir saman orrostu mikla; fær þar Hákon jarl sigr, en Óttarr jarl fell ok mikill hluti liðs 15 með honum. Hákon jarl ferr um Gautland hvártveggja ok alt með herskildi, til þess er hann kœmr í Nóreg; ferr síðan landveg alt norðr í Þrándheim; frá þessu segir í Velleklu:

- |  |   |          |
|--|---|----------|
| 135. Flóttu gekk til fréttar<br>fellingjörðr á velli,<br>draugr gat dolga Sögu<br>dagråd Heðins váða,<br>ok haldboði hildar<br>hrægamma sá ramma;<br>Týr vildi sá týna<br>teinlautar fjör Gauta. | bara maðr lyngs en lengra<br>loptvarðaðar barða<br>(alt vann gramr of gengit<br>Gautland) frá sæ randir.  | 20       |
| 136. Háði jarl, þars áðan<br>engi mannr, und ranni<br>hyrjar þing, at herja,<br>hjörlautar, kom, Sörla;  | 137. Valföllum hlóð völlu,<br>varð ragna konr gagni,<br>hríðar óss, at hrósa,<br>(hlaut Óðinn val) Fróða;<br>hver séi if, nema jöfra<br>ættrýri goð stýra?<br>Rammaukin kveðk ríki<br>rögn Hökonar magna. | 25<br>30 |

K. 28. Heimferð Óttu keisara.

Ótta keisari fór aprt í Saxland í ríki sitt; skilðusk þeir Dana-konungr með vináttu. Svá segja menn, at Ótta keisari gerði guðsifjar við Svein, son Haraldz konungs, ok gaf honum nafn sitt, ok var hann svá skírðr, at hann hét Ótta Sveinn. 35 Haraldr Dana-konungr helt vel kristni alt til dauðadags. Búrizláfr konungr fór þá til Vindlandz ok með honum Óláfr, mágr hans. Þessar orrostu getr Hallfrøðr vandræðaskáld í Óláfsdrápu:



138. Þoðserkjar hjó birki  
barklaust í Danmörku

hleypimeidr fyr Heiða  
hlunnviggja bý sunnan.

K. 29. Ferð Óláfs konungs af Vindlandi.

Óláfr Tryggvason var iii. vetr á Vindlandi, ádr Geira kona  
5 hans tók sótt, þá er hana leiddi til bana. Óláfi þótti þat svá  
mikill skaði, at hann festi ekki ynði á Vindlandi síðan; réð hann  
sér þá til herskipa ok fór enn í hernað, herjaði fyrst um Frisland  
ok þar næst um Saxland ok alt í Flæmingjaland; svá segir  
Hallfrøðr vendræðaskáld:

10 139. Tíðhoggvit lét tyggi,  
Tryggva sonr, fyr styggvan  
Leiknar hest á lesti  
ljótvoxinn hræ Saxa;  
vinhróðigr gaf víða  
15 vísi margra Frísa

blökku brúnt at drekka  
blóð kveldriðu stóði.  
140. Rógs brá rekka lægri  
ríkr Valkera líki;  
herstefnir lét hröfnum  
hold Flæmingja goldit.

K. 30. Hernaðr Óláfs konungs.

Síðan helt Óláfr Tryggvason til Englandz ok herjaði víða  
um landit; hann siglði alt norðr til Norðimbralandz ok herjaði  
þar; þaðan helt hann norðr til Skotlandz ok herjaði þar víða.  
20 Þaðan siglði hann til Suðreyja ok átti þar nokkurar orrostur;  
síðan helt hann suðr til Manar ok barðisk þar. Hann herjaði  
ok víða um Írland; þá helt hann til Bretlandz ok herjaði víða  
þat land, ok svá þar, er kallat er Kumraland. Þaðan siglði hann  
vestr til Vallandz ok herjaði þar; þá sigldi hann vestan ok ætlaði  
25 til Englandz; þá kom hann í eyjar þær, er Syllingar heita, vestr  
í hafit frá Englandi; svá segir Hallfrøðr vendræðaskáld:

141. Gerðisk ungr við Engla  
ofvægr konungr bægja,  
naddskúrur réð nærir  
30 Norðimbra sá morði;  
eyddi ulfa greddir  
ógnblíðr Skotum víða  
(gerði seims) með sverði  
(sverðleik í Mön skerðir).

142. Ýdrógar lét øgir  
eyverskan her deyja  
(Týr vas tjörva dýrra  
tírar gjarn) ok Íra;  
barði brezkraur jarðar  
byggvendr, ok hjó tyggi  
(gróðr þvarr geira hríðar  
gjóði) kumrskar þjóðir.

35 Óláfr Tryggvason var iii. vetr í hernaði, síðan er hann fór af  
Vindlandi, til þess er hann kom í Syllingar.

## K. 31. Skírðisk Óláfr konungr í Syllingum.

Óláfr Tryggvason, þá er hann lá í Syllingum, spurði hann, at þar í eyjunni var spámaðr nokkurr, sá er sagði fyrir óorðna hluti, ok þótti mǫrgum mǫnnum þat mjök eptir ganga. Gerðisk Óláfi forvitni á, at reyna spádóm mannz þess; hann sendi þann 5 af mǫnnum sínum, er fríðastr var ok mestr, ok bjó hann sem vegligast, ok bað hann segja, at hann væri konungr, þvíat Óláfr var þá frægr orðinn af því um ǫll lönd, at hann var fríðari ok gǫfugligri ok meiri en allir menn aðrir; en síðan er hann fór ór Garðaríki, hafði hann eigi meira af nafni sínu, en kallaði sik 10 Óla ok kvazk vera gerzkr. En er sendimaðr kom til spámannz-ins ok sagðisk vera konungr, þá fekk hann þessi andsvǫr: »ekki ertu konungr, en þat er ráð mitt, at þú sér trúr konungi þínum«; ekki sagði hann fleira þessum manni. Fór sendimaðr aptr ok segir Óláfi, ok fýsti hann þess at meirr at finna þenna mann, er 15 hann heyrði slík andsvǫr hans, ok tók nú ifa af honum, at hann væri eigi spámaðr; fór þá Óláfr á hans fund ok átti tal við hann ok spurði eptir, hvat spámaðr segði Óláfi fyrir, hvernug honum myndi ganga til ríkis eða annarrar hamingju. Einsetumaðrinn svaraði með helgum spádómi: »þú munt verða ágætr konungr ok 20 ágæt verk vinna; þú munt mǫrgum mǫnnum til trúar koma ok skírnar, muntu bæði þér hjálpa í því ok mǫrgum ǫðrum, ok til þess at þú ifir eigi um þessi mín andsvǫr, þá máttu þat til marks hafa: þú munt við skip þín svikum mœta ok flokkum ok mun á bardaga rœtask ok muntu týna nokkuru liði ok sjálf sár fá 25 ok muntu af því sári banvænn vera ok á skildi til skips borinn; en af þessu sári muntu heill verða innan vii. náttu ok brátt við skírn taka«. Síðan fór Óláfr ofan til skipa sinna ok þá mœtti hann þar ófríðarmǫnnum þeim, er hann vildu drepa ok lið hans, ok fóru þeira viðskipti, svá sem einsetumaðr hafði sagt honum, 30 at Óláfr var sárr borinn á skip út, ok svá, at hann var heill á vii. nóttum. Þóttisk þá Óláfr vita, at þessi maðr myndi honum sanna hluti sagt hafa ok þat, at hann var sannr spámaðr, hvaðan af sem hann hefði þann spádóm. Fór þá Óláfr annat sinn at finna þenna mann, talaði þá mart við hann, spurði vendiliga, hvaðan 35 honum kom sú speki, er hann sagði fyrir óorðna hluti. Einsetumaðr segir, at sjálf guð kristinna manna lét hann vita alt þat, er hann forvitnaðisk, ok segir þá Óláfi mǫrg stórmerki guðs, ok af þeim fortǫlum játti Óláfr, at taka skírn, ok svá var, at

Óláfr var skírðr þar ok alt fǫruneyti hans. Dvalðisk hann þar mjök lengi ok nam rétta trú ok hafði þaðan með sér presta ok aðra lærða menn.

K. 32. Óláfr fekk Gyðu.

5 Óláfr siglði ór Syllingum um haustit til Englandz; lá þar í hofn einni, fór þá með friði, þvíat England var kristit ok hann var ok kristinn. En þar fór um landit þingboð nokkut ok allir menn skyldu til þings koma; en er þing var sett, þá kom þar drótning ein, er Gyða er nefnd, systir Óláfs kvárans, er konungr  
10 var á Írlandi í Dyflinni. Hon hafði gipt verit á Englandi jarli einum ríku; var sá þá andaðr, en hon helt eptir ríkinu; en sá maðr var í ríki hennar, er nefndr er Álfvini, kappi mikill ok hólmgöngumaðr; hann hafði beðit hennar, en hon svaraði svá, at hon vildi kær af hafa, hvern hon vildi eiga af þeim mönnum,  
15 er í hennar ríki váru, ok var fyrir þá sök þings kvatt, at Gyða skyldi sér mann kjósa. Var þar kominn Álfvini ok búinn með inum beztum klæðum, ok margir aðrir váru þar vel búnir. Óláfr var þar kominn ok hafði vásklæði sín ok loðkápu ýzta, stóð með sína sveit út í frá qðrum mönnum. Gyða gekk ok leit sér á  
20 hvern mann, þann er henni þótti nokkut mannmót at; en er hon kom þar, sem Óláfr stóð, ok sá upp í andlit honum ok spyrr, hverr maðr hann er. Hann nefndi sik Óla — »ek em útlendr maðr hér« segir hann. Gyða mælti: »viltu eiga mik, þá vil ek kjósa þik?«. »Eigi vil ek neita því« segir hann; hann spurði,  
25 hvert nafn þessarrar konu var, ætt eða øðli. »Ek em, segir hon, konungsdóttir af Írlandi. Var ek gipt higat til landz jarli þeim, er hér rēð ríki. Nú síðan er hann andaðisk, þá hefi ek stýrt ríkinu; menn hafa beðit mín ok engi sá, er ek vilda giptask, en ek heiti Gyða«. Hon var ung kona ok frið; tala þau síðan  
30 þetta mál ok semja þat sín á milli; festir Óláfr sér Gyðu. Álfvina líkar nú ákafliga illa; en þat var siðr á Englandi, ef ii. kepðusk um einn hlut, at þar skyldi vera til hólmganga. Byðr Álfvini Óláfi Tryggvasyni til hólmgöngu um þetta mál. Þeir leggja með sér stefnulag til bardaga ok skulu vera xii. hvárir.  
35 En er þeir finnask, mælir Óláfr svá við sína menn, at þeir geri svá, sem hann gerir; hann hafði mikla øxi. En er Álfvini vildi höggva sverði til hans, þá laust hann sverðit ór höndum honum, ok annat högg sjálfan hann, svá at Álfvini fell. Síðan batt Óláfr hann fast; fóru svá allir menn Álfvina, at þeir váru

barðir ok bundnir ok leiddir svá heim til herbergja Óláfs. Síðan bað hann Álfvina fara ór landi brot ok koma eigi aptr, en Óláfr tók allar eigur hans. Óláfr fekk þá Gyðu ok dvalðisk á Englandi, en stundum á Írlandi. Þá er Óláfr var á Írlandi, var hann staddr í herferð nökkurri, ok fóru þeir með skipum, ok 5 þá er þeir þurftu strandhoggva, þá ganga menn á land ok reka ofan fjölda búsmala; þá kœmr eptir einn bóndi ok bað Ólaf gefa sér kýr þær, er hann átti; Óláfr bað hann hafa kýr sínar, ef hann mætti kenna — »ok dvel ekki ferð vára«. Bóndi hafði þar mikinn hjarðhund; hann vísaði hundinum í nautaflokkana, 10 ok váru þar rekin mörq hundruð nauta; hundrinn hljóp um alla nautaflokkana ok rak brott jammörq naut sem bóndi sagði, at hann ætti, ok váru þau öll á einn veg mörkuð. Þóttusk þeir þá vita, at hundrinn myndi rétt kent hafa; þeim þótti hundr sá furðu vitr; þá spyr Óláfr, ef bóndi vildi gefa honum hundinn; 15 »gjarna« segir bóndi. Óláfr gaf honum þegar í stað gullhring ok hét honum vináttu sinni. Sá hundr hét Vígi ok var allra hunda beztr; átti Óláfr hann lengi síðan.

## K. 33. Frá Haraldi Gormssyni.

Haraldr Gormsson Dana-konungr spurði, at Hákon jarl 20 hafði kastat kristni, en herjat land Dana-konungs víða. Þá bauð Haraldr Dana-konungr her út ok fór síðan í Nóreg. Ok er hann kom í þat ríki, er Hákon jarl hafði til forráða, þá herjar hann þar ok eyddi land alt ok kom liðinu í eyjar þær, er Sólundir heita. Fimm einir bæir stóðu óbrendir í Sogni í 25 Læradal, en fólk alt flýði á fjöll ok markir með þat alt, er komask mátti. Þá ætlaði Dana-konungr at sigla liði því til Íslandz ok hefna niðs þess, er allir Íslendingar höfðu hann niddan. Þat var í lögum haft á Íslandi, at yrkja skyldi um Dana-konung niðvísu fyrir nef hvert, er á var landinu, en sú 30 var sök til, at skip þat, er íslenzkir menn áttu, braut í Danmörk, en Danir tóku upp fé alt ok kölluðu vágrek, ok réð fyrir bryti konungs, er Birgir hét. Var nið ort um þá báða; þetta er í niðinu:

143. Þás sparn á mó marnar  
morðkunnr Haraldr sunnan,  
varð þá Venda myrðir  
vax eitt, í ham faxes,

en bergsalar Birgir  
bændum rækr í landi  
(þat sá öld) í jöldu  
óríkr fyrir líki.

35

Haraldr konungr bauð kungum manni at fara í hamförum til Íslandz ok freista, hvat hann kynni segja honum; sá fór í hvalslíki. En er hann kom til landzins, þá fór hann vestr fyrir norðan landit. Hann sá, at fjöll öll ok hólar váru fullir af landvéttum, sumt stórt, en sumt smátt. En er hann kom fyrir Vápnafjörð, þá fór hann inn á fjörðinn ok ætlaði á land at ganga. Þá fór ofan ór dalnum dreki mikill ok fylgðu honum margir ormar, þöddur ok eðlur, ok blésu eitri á hann; en hann lagðisk í brot ok vestr fyrir land alt fyrir Eyjafjörð; fór hann inn eptir þeim firði; þar fór móti honum fugl svá mikill, at vængirnir tóku út fjöllin tveggja vegna, ok fjöldi annarra fugla bæði stórir ok smáir. Braut fór hann þaðan ok vestr um landit ok svá suðr á Breiðafjörð ok stefndi þar inn á fjörð. Þar fór móti honum griðungr mikill ok óð á sæinn út ok tók at gella ógurliga; fjöldi landvéttu fylgði honum. Brott fór hann þaðan ok suðr um Reykjanes ok vildi ganga upp á Vikarskeiði. Þar kom í móti honum bergrisi ok hafði járnstaf í hendi, ok bar höfuðit hæra en fjöllin, ok margir aðrir jötnar með honum. Þaðan fór hann austr með endlöngu landi — »var þá ekki, segir hann, nema sandar ok øræfi ok brim mikit fyrir útan, en haf svá mikit millim landanna, segir hann, at ekki er þar fœrt langskipum«. Þá var Brodd-Helgi í Vápnafirði, Eyjólfur Valgerðarson í Eyjafirði, Þórðr gellir í Breiðafirði, Þóroddr goði í Qlfusi. Síðan snæri Dana-konungr liði sínu suðr með landi, fór síðan til Danmerkr, en Hákon jarl lét byggva land alt ok galt enga skatta síðan Dana-konungi.

#### K. 34. Fall Haraldz Gormssonar.

Sveinn, sonr Haraldz konungs, sá er síðan var kallaðr tjúguskegg, beiddisk ríkis af Haraldri konungi, föður sínum; en þá var enn sem fyrr, at Haraldr konungr vildi ekki tvískipta Danaveldi ok vill ekki ríki fá honum. Þá aflar Sveinn sér herskipa ok segir, at hann vill fara í víking. En er lið hans kom alt saman ok þá var kominn til liðs við hann af Jómsvíkingum Pálna-Tóki, þá helt Sveinn til Sjálandz ok inn í Ísafjörð. Þá var þar fyrir með skipum sínum Haraldr konungr, faðir hans, ok bjogusk at fara í leiðangr. Sveinn lagði til orrostu við hann; varð þar bardagi mikill; dreif þá lið til Haraldz konungs, svá at Sveinn varð ofrliði borinn ok flýði hann. Þar fekk Haraldr konungr sár þau, er hann leiddi til bana.

Síðan var Sveinn tekinn til konungs í Danmörk. Þá var Sigvaldi jarl yfir Jónsborg á Vindlandi; hann var sonr Strút-Haraldz konungs, er ráðit hafði fyrir Skáni. Bræðr Sigvalda váru þeir Hemingr ok Þorkell hávi. Þá var ok höfðingi yfir Jónsvíkingum Búi digri af Borgundarhólmi ok Sigurðr, bróðir 5 hans; þar var ok Vagn, sonr þeira Áka ok Þorgunnu, systur-sonr þeira Búa. Sigvaldi jarl hafði höndum tekit Svein konung ok flutt hann til Vindlandz til Jónsborgar ok nauðgaði hann til sætta við Búrizláf, Vinða-konung, ok til þess, at Sigvaldi jarl skyldi gera sætt milli þeira, — Sigvaldi jarl átti 10 þá Ástriði, dóttur Búrizláfs konungs, — ok at öðrum kosti segir jarl at hann myndi Svein konung fá í hendr Vinðum. En konungr vissi þat, at þeir mundu kvelja hann til bana; játti hann fyrir því sættargörð jarls. Jarl dømdi þat, at Sveinn konungr skyldi fá Gunnhildar, dóttur Búrizláfs konungs, en Búrizláfr 15 konungr skyldi fá Þyri Haraldz dóttur, systur Sveins konungs, en hvártveggi þeira skyldi halda ríkinu, ok skyldi vera friðr milli landa. Fór þá Sveinn konungr heim í Danmörk með Gunnhildi, konu sína. Þeira synir váru þeir Haraldr ok Knútr inn ríki. Í þann tíma heituðusk Danir mjök at fara með her 20 í Nóreg á hendr Hákonu jarli.

#### K. 35. Heitstrenging Jónsvíkinga.

Sveinn konungr gerði mannboð ríkt ok stefndi til sín öllum höfðingjum þeim, er váru í ríki hans; hann skyldi erfa Harald, föður sinn. Þá hafði ok andazk lítlu áðr Strút-Haraldr á Skáni 25 ok Véseti í Borgundarhólmi, faðir þeira Búa digra. Sendi konungr þá orð þeim Jónsvíkingum, at Sigvaldi jarl ok Búi ok bræðr þeira skyldu þar koma ok erfa feðr sína at þeiri veizlu, er konungr gerði. Jónsvíkingar fóru til veizlunnar með öllu liði sínu, því er fræknast var; þeir höfðu xl. skipa af Vindlandi, 30 en xx. skip af Skáni; þar kom saman allmiklit fjölmenni. Fyrsta dag at veizlunni, áðr Sveinn konungr stigi í háseti föður síns, þá drakk hann minni hans ok strengði heit áðr iii. vetr væri liðnir, at hann skyldi kominn með her sinn til Englandz ok drepa Aðalráð konung eða reka hann ór landi. Þat minni skyldu 35 allir drekka, þeir er at erfinu váru. Þá var skenkt höfðingjum Jónsvíkinga in stærstu horn af inum sterkasta drykk, er þar var. En er þat minni var af drukkit, þá skyldi drekka Krists minni allir menn, ok var Jónsvíkingum borit æ fullast ok

- sterkastr drykk. It iii. var Mikjál's minni, ok drukku þat allir. En eptir þat drakk Sigvaldi jarl minni fǫður síns ok strengði heit síðan, at áðr iii. vetr væri liðnir, skyldi hann vera kominn í Nóreg ok drepa Hákon jarl eða reka hann ór landi. Síðan
- 5 strengði heit Porkell hávi, bróðir hans, at hann skyldi fylgja Sigvalda til Nóregs ok flýja eigi ór orrostu, svá at Sigvaldi berðisk þá eptir. Þá strengði heit Búi digri, at hann myndi fara til Nóregs með þeim ok flýja eigi ór orrostu fyrir Hákon jarli. Þá strengði heit Sigurðr, bróðir hans, at hann myndi
- 10 fara til Nóregs ok flýja eigi, meðan meiri hlutr Jómsvíkinga berðisk. Þá strengði heit Vagn Akason, at hann skyldi fara með þeim til Nóregs ok koma eigi apr, fyrr en hann hefði drepit Þorkel leiru ok gengit í rekkju hjá Ingibjörgu, dóttur hans. Margir hǫfðingjar aðrir strengðu heit ýmissa hluta.
- 15 Drukku menn þann dag erfit, en eptir um morguninn, þá er Jómsvíkingar váru ódruknir, þóttusk þeir hafa fullmælt ok hafa málstefnur sínar ok ráða ráðum, hvernug þeir skulu til stilla um ferðina, ráða þat af, at búask þá sem skyndiligast; búa þá skip sín ok herlið; varð þat allfrægt víða um lönd.

20 K. 36. Eiríkr jarl dró lið at sér.

Eiríkr jarl Hákonarson spyr þessi tíðendi; hann var þá á Raumaríki; dró hann þegar lið at sér ok ferr til Uplanda ok svá norðr um fjall til Prándheims á fund Hákonar jarls, fǫður síns; þess getr Þórðr Kolbeinsson í Eiríksdrápu:

- 25 144. Ok sannliga sunnan súðlǫngum frá Sveiða  
 (sǫusk vítt búendr ítrir sunnr af dregnum hlunni  
 stríð) of stála meiða vangs á vatn of þrungit  
 stórhersǫgur fóru; viggmeiðr Dana skeiðum.

K. 37. Herboð Eiríks jarls.

- 30 Hákon jarl ok Eiríkr jarl látá skera upp herǫr um ǫll Þrændalǫg, senda boð á Mœri hvára tveggju ok í Raumsdal, svá norðr í Naumudal ok á Hálogaland, stefna síðan út ǫllum almenning at liði ok skipum; svá segir í Eiríksdrápu:

145. Mjǫk lét margar snekkjur þás ólítill útan  
 35 (mærdar ǫrr) sem knǫrru oddherðir fór gerða  
 (óðr vex skalds) ok skeiðar (mǫrg vas lind fyr landi)  
 skjaldhlynr á brim dynja, lönd síns fǫður rǫndu.

Hákon jarl helt þegar suðr á Mæri á njósn ok í liðsamnað; en Eiríkr jarl dró saman herinn ok flutti norðan.

K. 38. Ferð Jómsvíkinga í Nóreg.

Jómsvíkingar heldu liði sínu til Limafjarðar ok siglðu þaðan út á hafit ok höfðu lx. skipa ok koma at Qgdum; halda 5 þegar liðinu norðr á Rogaland, taka þá at herja, þegar er þeir koma í ríki Hákonar jarls, ok fara svá norðr með landi ok alt herskildi. Geirmundr er sá maðr nefndr, er fór með hleypiskútu eina ok nokkurir menn með honum. Hann kom fram á Mæri ok fann þar Hákon jarl, gekk inn fyrir borð ok sagði jarli 10 tíðendi, at herr var suðr í landi. kominn af Danmørk. Jarl spurði, ef hann vissi sannendi á því. Geirmundr brá upp hendinni annarri, ok var þar af höggvinn hreifinn, segir, at þar váru jartegnir, at herr var í landinu. Síðan spyrr jarl inniliga at um her þenna. Geirmundr segir, at þar váru Jómsvíkingar ok 15 höfðu drepit marga menn ok víða rænt — »fara þeir þó, segir hann, skjótt ok ákafliga. Vætti ek, at eigi myni áðr langt líða, en þeir myni hér niðr koma«. Síðan ræri jarl alla fjórðu inn með öðru landi, en út með öðru, fór dag ok nótt ok hafði njósn it øfra um Eið, svá suðr í fjórðu, svá ok norðr, þar er 20 Eiríkr fór með herinn; þess getr í Eiríksdrápu:

146. Setti jarl, sás atti,	margr skalf hlumr, en hvergi	
ógnfróðr, á lög stóði	huggendr bana uggðu,	
hrefnis, hōva stafna	þeir 's gótu sæ slíta,	
hóts Sigvalda at móti;	sárgamms, bløðum ára.	25

Ferr Eiríkr jarl með herinn norðan sem snúðuligast.

K. 39. Frá Jómsvíkingum.

Sigvaldi jarl helt liði sínu norðr um Stað, lagði fyrst til Hereyja. Landzmenn, þótt víkingar fynni, þá soggðu þeir aldri satt til, hvat jarlar höfðusk at. Víkingar herjuðu, hvar sem þeir 30 fóru. Þeir lögðu útan at Höð, runnu þar upp ok herjuðu, færðu til skipa bæði man ok bú, en drápu karla þá, er vígt var at. En er þeir fóru ofan til skipa, þá kom til þeira gamall bóndi einn, en þar fór nær sveit Búa; bóndinn mælti: »þér farið óhermannliga, rekið til strandar kýr ok kálfa, væri yðr meiri 35 veiðr at taka björninn, er nú er nær kominn á bjarnbásinn«. »Hvat segir karl? segja þeir, kantu nokkut segja oss til Hákonar



jarls?«. Bóndi segir: »hann fór í gær inn í Hjörundarfjörð, hafði jarl eitt skip eða ii., eigi váru fleiri en ííí, ok hafði ekki til yðvar spurt«. Þeir Búi taka þegar á hlaup til skipanna ok láta laust alt herfang; Búi mælti: »njótum vér nú, er vér höfum 5 fengit njósn, ok verum næstir sigrinum«. En er þeir koma á skipin, róa þeir þegar út; kallaði Sigvaldi jarl á þá ok spurði tíðenda. Þeir segja, at Hákon jarl var þar inn í fjörðinn. Síðan leysir jarl flotann, ok róa fyrir norðan eyna Höð ok svá inn um eyna.

10 K. 40. Upphaf Jómsvíkinga-orrostu.

Hákon jarl ok Eiríkr jarl, sonr hans, lágu í Hallkelsvík; var þar saman kominn herr þeira allr; höfðu þeir hált annat hundrað skipa ok höfðu þá spurt, at Jómsvíkingar höfðu lagt 15 útan at Höð. Røru þá jarlar sunnan at leita þeira, en er þeir koma þar, sem heitir Hjörungavágr, þá finnask þeir. Skipa þá hvárir tveggju sínu liði til atlogu; var í miðju liði merki Sigvalda jarls; þar skipaði Hákon jarl til atlogu; hafði Sigvaldi jarl xx. skip, en Hákon lx. Í liði Hákonar jarls váru höfðingjar Þórir hjörtr af Hálogalandi, annarr Styrkárr af Gimsum. Í 20 annan fylkingararm var Búi digri ok Sigurðr, bróðir hans, með xx. skipum; þar lagði í móti Eiríkr jarl Hákonarson lx. skipa ok með honum þessir höfðingjar: Guðbrandr hvíti af Uplöndum ok Þorkell leira, víkverskr maðr. Í annan fylkingararm lagði fram Vagn Ákason með xx. skipum, en þar í móti Sveinn 25 Hákonarson ok með honum Skeggi af Yrjum af Uphaugi ok Rognvaldr or Ærvík af Staði með lx. skipa; svá segir í Eiríksdrápu:

147. En í gøgn at gunni þær es jarl und órum  
glæheim skriðu mævar, ærins golls á Mœri  
30 rendi langt með landi (barms rak vigg und vörnum  
leiðangr, Dana skeiðar, valkesti) hrauð flestar.

Eyvindr segir ok svá í Háleygjatali:

148. Þar vas minstr jarðráðendr  
meinvinnöndum at Eyðönum,  
35 Yngvifreys þás sverðalfr  
öndverðan dag sunnan kníði  
fagnafundr, lagar stóð  
es flota þeystu at liði þeira.

Síðan lögðu þeir saman flotann, teksk þar in grimmasta orrosta ok fell mart af hvárum tveggjum ok miklu fleira af Hákonar liði, þvíat Jómsvíkingar þórðusk bæði hraustliga ok djarfliga ok snarpfuga ok skutu alt í gognum skjölduna, ok svá mikill vápnaburðr var at Hákonu jarli, at brynja hans var slitin til 5 ónýts, svá at hann kastaði af sér; þess getr Tindr Hallkelsson:

149. Varða, gims sem gerði	(hruðusk riðmarar) Róða	
gerðr bjúglima herða	(rastar) varð at kasta.	
(gnýr óx Fjólneis fúra)	150. Þars í sundr á sandi	
farlig sæing, jarli,	Sorla blés fyr jarli,	10
þás hringfóum hanga	(þess hefr seggja sessi)	
hrynserk Viðurr brynju	serk hringofinn (merki.)	

K. 41. Flótti Sigvalda jarls.

Jómsvíkingar höfðu skip stærri ok borðmeiri, en hvárir tveggju sóttu it djarfasta. Vagn Ákason lagði svá hart fram 15 at skipi Sveins Hákonarsonar, at Sveinn lét á hömlu síga, ok helt við flóttu. Þá lagði þannug til Eiríkr jarl ok fram í fylking móti Vagni. Þá lét Vagn undan síga, ok lágu skipin, sem í fyrstu höfðu legit. Þá réð Eiríkr aprt til liðs síns, ok höfðu þá hans menn undan hamlat, en Búi hafði þá höggvit tengslin 20 ok ætlaði at reka flóttann. Þá lagði Eiríkr jarl síbyrt við skip Búa, ok varð þá höggorrosta in snarpasta, ok lögðu þá ii. eða iii. Eiríks skip at Búa skipi einu. Þá gerði illviðri ok él svá mikit, at haglkornit eitt vá eyri. Þá hjó Sigvaldi tengslin ok snøri undan skipi sínu ok vildi flýja. Vagn Ákason kallaði á 25 hann, bað hann eigi flýja. Sigvaldi jarl gaf ekki gaum at, hvat hann sagði; þá skaut Vagn spjóti at honum ok laust þann, er við stýrit sat. Sigvaldi jarl røri í brot með hálfan fjórða tög skipa, en eptir lá hálf þriðri tøgr. Þá lagði Hákon jarl sitt skip á annat borð Búa; var þá Búa-mönnum skamt höggva í 30 millum. Vigfúss Vigaglúmsson tók upp nefstedja, er lá á þiljunum, er maðr hafði áðr hnoðit við hugró á sverði sínu. Vigfúss var allsterkr maðr; hann kastaði steðjanum tveim höndum ok færði í höfuð Ásláki hólmskalla, svá at geirrinn stóð í heila niðri. Áslák höfðu ekki áðr vápn bitit, en hann hafði 35 höggvit til beggja handa; hann var fóstri Búa ok stafnbúi. En annarr var Hávarðr höggvandi; hann var inn sterkasti maðr ok allfrækn. Í þessarri atsókn gengu upp Eiríks-menn á skip Búa ok aprt at lyptingunni at Búa. Þá hjó Þorsteinn miðlangr

til Búa um þvert nefit ok í sundr nefbjörgina; varð þat allmiklit sár. Búi hjó til Þorsteins útan á síðuna, svá at í sundr tók manninn í miðju. Þá tók Búi upp kistur tvær, fullar gullz, ok kallar hátt: »fyrir borð allir Búa liðar«; steypðisk Búi þá 5 útan borðz með kisturnar, ok margir hans menn hljópu þá fyrir borð, en sumir fellu á skipinu, þvíat eigi var gott, griða at biðja; var þá hroðit alt skip Búa með stöfnum, en síðan hvert at öðru. Síðan lagði Eiríkr jarl at skipi Vagns, ok var þar allhørð viðtaka; en at lykðum var hroðit skip þeira, en Vagn 10 handtekinn ok þeir xxx. ok fluttir á land upp bundnir. Þá gekk til Þorkell leira ok segir svá: »þess strengðir þú heit, Vagn, at drepa mik, en mér þykkir hitt nú líkara, at ek drepa þik«. Þeir Vagn sátu á einni lág allir saman. Þorkell hafði mikla øxi; hann hjó þann, er útarst sat á láginni. Þeir Vagn váru svá 15 bundnir, at einn strengr var snúinn at fótum allra þeira, en lausar váru hendr þeira; þá mælti einn þeira: »dálk hefi ek í hendi, ok mun ek stinga í jörðina, ef ek veit nokkut, þá er hofuðit er af mér«; hofuð var af þeim hoggvit, ok fell niðr dálkr ór hendi honum. Þá sat maðr friðr ok hærðr vel; hann sveipði 20 hárinu fram yfir hofuð sér ok rétti fram hálsinn ok mælti: »gerið eigi hárit í blóði«; einn maðr tók hárit í hönd sér ok helt fast. Þorkell reiddi at øxina; víkingrinn kipði hofðinu fast, lét sá eptir, er hárinu helt, reið øxin ofan á báðar hendr honum ok tók af, svá at øxin nam í jörðu stað. Þá kom at Eiríkr jarl 25 ok spurði: »hverr er þessi maðr inn friði?«. »Sigurð kalla mik, segir hann, ok em ek kenningarson Búa; eigi eru enn allir Jómsvíkingar dauðir«. Eiríkr segir: »þú munt vera at sonnu sannr sonr Búa; viltu hafa grið?« segir jarl. »Pat skiptir, hverr býðr« segir Sigurðr. »Sá býðr, segir jarl, er vald hefir til, 30 Eiríkr jarl«. »Vil ek þá« segir hann; var hann þá tekinn ór strenginum. Þá mælti Þorkell leira: »viltu jarl þessa menn alla láta grið hafa, þá skal aldregi með lífi fara Vagn Ákason«; hleypr þá fram með reidda øxina, en víkingr Skarði reiddi sik til fallz í strenginum ok fell fyrir fœtr Þorkatli. Þorkell fell 35 flatr um hann; þá greip Vagn øxina, hann reiddi upp ok hjó Þorkel með banahogg. Þá mælti jarl: »Vagn, viltu hafa grið?«. »Vil ek, segir hann, ef vér hofum allir«. »Leysi þá ór strenginum« segir jarl, ok svá var gørt; xviii. váru drepnir, en xii. þágu grið.

## K. 42. Dráp Gizurar af Valdresi.

Hákon jarl ok margir menn með honum sátu á tré einu; þá brast strengr á skipi Búa, en or sú kom á Gizur af Valdresi, lendan mann, hann sat næst jarli ok búinn allvegliga. Síðan gengu menn á skipit út ok fundu þeir Hávarð höggvanda ok stóð 5 á knjám við borðit út, þvíat fœtr váru af honum höggvir; hann hafði boga í hendi. En er þeir kómu á skipit út, þá spurði Hávarðr: »hveir fell af láginni?«. Þeir sögðu, at sá hét Gizurr. »Þá varð minna happit, en ek vilda« segir hann; »cerit var óhappit, segja þeir, en eigi skaltu vinna fleiri« — ok drepa 10 hann. Síðan var valrinn kannaðr ok borit fé til hlutskiptis; hálf þriðri tögur skipa var hroðinn af þeim Jómsvíkingum; svá segir Tindr:

151. Vann á Venða sinni	áðr hjörmeiðir hrjóða	
verðbjóðr hugins ferðar	(hætting vas þat) mætti	15
(beit sólgagarr seilar)	leiðar langra skeiða	
sverðs eggja spor (leggi),	(liðs) halfan tög þriðja.	

Síðan skilja þeir her þenna. Ferr Hákon jarl til Þrándheims, ok líkæði stórilla, er Eiríkr hafði grið gefit Vagni Ákasyni. Þat er sögn manna, at Hákon jarl hafi í þessarri orrostu blótit 20 til sigrs sér Erlingi, syni sínum, ok síðan gerði élit ok þá snøri mannfallinu á hendr Jómsvíkingum. Eiríkr jarl fór þá til Uplanda ok svá austr í ríki sitt, ok fór Vagn Ákason með honum. Þá gipti Eiríkr Vagni Ingibjörgu, dóttur Þorkels leiru, ok gaf honum langskip gott með ǫllum reiða ok fekk honum 25 skipan til; skilðusk þeir inir kærstu vinir. Ferr þá Vagn heim suðr til Danmerkr; varð hann síðan ágætr maðr, ok er mart stórmenni frá honum komit.

## K. 43. Dauði Haraldz grenska.

Haraldr grenski var konungr á Vestfold, sem fyrr er ritit; 30 hann fekk Ástu, dóttur Guðbrandz kúlu. Eitt sumar, þá er Haraldr grenski fór í Austrveg í hernað at fá sér fjár, þá kom hann í Svíþjóð. Þá var þar konungr Óláfr sœnski; hann var sonr Eiríks konungs ins sigrsæla ok Sigríðar, dóttur Skoqlar-Tósta; var Sigríðr þá ekkja ok átti mörq bú ok stór í Svíþjóð. 35 En er hon spurði, at þar var kominn við land skamt í brot Haraldr grenski, fóstbróðir hennar, þá sendi hon menn til hans ok bauð honum til veizlu; hann lagðisk þá ferð eigi undir höfuð

ok fór með mikla sveit manna. Þar var allgóðr fagnaðr; sat konungr ok drótning í hásæti ok drukku bæði samt um kveldit, ok var veitt allkappsamliga ǫllum mǫnnum hans. Um kveldit, er konungr fór til hvílu, þá var þar sæing, tǫlðuð þellum ok búin 5 dýrligum klæðum; í því herbergi var fátt manna. En er konungr var afklæddr ok kominn í hvílu, þá kom þar drótning til hans, ok skenkði honum sjálf ok lokkaði hann mjök til at drekka ok var in blíðasta; konungr var allmjök drukkinn ok bæði þau; þá sofnaði hann, en drótning gekk þá ok til svefns. Sigríðr var 10 in vitrasta kona ok forspá um marga hluti. Eptir um morguninn var veizla enn in kappsamligsta. En þar varð, sem jafnan verðr, þar er menn verða allmjök druknir, at inn næsta dag eptir varask flestir menn við drykkinn, en drótning var kát ok tǫlðu þau sín á milli, sagði hon svá, at hon virði eigi minna eignir 15 þær ok ríki, er hon átti í Svíþjóð, en konungdóm hans í Nóregi ok eignir. Við þessar ræður varð konungr óglaðr ok fansk fátt um alt ok bjósk í brot ok var allhugsjúkr, en drótning var in glaðasta ok leiddi hann í brot með stórgjöfum. Fór þá Haraldr um haustit aptr til Nóregs, var heima um vetrinn ok 20 heldr ókátr. Eptir um sumarit fór hann í Austrveg með liði sínu ok helt þá til Svíþjóðar, ok sendi orð Sigríði drótningu, þau, at hann vill finna hana. Hon reið ofan á fund hans ok talask þau við. Hann vekr brátt þat mál, ef Sigríðr vildi giptask honum. Hon segir, at þat var honum hégómamál, ok hann er áðr svá 25 vel kvánaðr, at honum er fullræði í. Haraldr segir, at Ásta er góð kona ok gǫfug — »en ekki er hon svá stórborin, sem ek em«. Sigríðr segir: »vera kann þat, at þú sér ættstærri, en hon; hitt mynda ek ætla, at með henni myndi vera nú beggja ykkur hamingja«. Lítlu skiptusk þau fleirum orðum við, áðr 30 drótning reið í brot. Haraldr konungi var þá heldr skapungt; hann bjósk at ríða upp á land ok enn á fund Sigríðar drótningar; margir hans menn lǫttu hann þess, en eigi at síðr fór hann með mikla sveit manna ok kom til þess bæjar, er drótning réð fyrir. It sama kveld kom þar annarr konungr; sá hét Vissavaldr 35 austan ór Garðaríki; sá fór at biðja hennar. Þeim var skipat konungunum í eina stofu mikla ok forna ok ǫllu liði þeira; eptir því var allr búnaðr stofunnar, en drykk skorti þar eigi um kveldit, svá áfenginn, at allir váru fulldruknir, ok hǫfuðverðir ok útverðir sofnuðu. Þá lét Sigríðr drótning um nóttina veita þeim 40 atgöngu bæði með eldi ok vápnum; brann þar stofan ok þeir menn,

sem inni váru, en þeir váru drepnir, er út kómsk. Sigríðr sagði þat, at svá skyldi hon leiða smákonungum at fara af öðrum löndum til þess at biðja hennar; síðan var hon kölluð Sigríðr in stórráða.

K. 44. Fæddr Óláfr konungr.

5

Þann vetr áðr var Jómsvíkinga-orrosta á Hjørungavági. Hrani hafði verit eptir at skipum, þá er Haraldr hafði gengit á land upp, með því liði, er eptir var, til forráða. En er þeir spurðu þat, at Haraldr var af lífi tekinn, þá fóru þeir í brot sem tíðast ok aprt til Nóregs ok sögðu þessi tíðendi. Hrani fór<sup>10</sup> á fund Ástu ok segir henni atburð um þeira, ok svá, hverra ærenda Haraldr fór á fund Sigríðar drótningar. Ásta fór þegar til Uplanda til föður síns, er hon hafði spurt þessi tíðendi, ok tók hann vel við henni; en bæði þau váru mjök reið um þá ráðaætlan, er verit hafði í Svíþjóð, ok þat, er Haraldr hafði<sup>15</sup> henni ætlat einlæti. Ásta Guðbrandzdóttir ól sveinbarn þá um sumarit; sá sveinn var nefndr Óláfr, er hann var vatni ausinn. Hrani jós hann vatni; var sá sveinn þar upp fæddr fyrst með Guðbrandi ok Ástu móður sinni.

K. 45. Frá Hákonu jarli.

20

Hákon jarl réð Nóregi alt it ýtra með sjá ok hafði hann til forráða xvi. fylki. En síðan er Haraldr inn hárfagri hafði svá skipat, at jarl skyldi vera í hverju fylki, þá helzk þat lengi síðan. Hákon jarl hafði xvi. jarla undir sér; svá segir í Velleklu:

152. Hvar viti öld und einum	Þess ríðr fúrs með fjórum	25
jarðbyggvi svá liggja	faldleikr Heðins reikar	
(þat skyli herr of hugsa)	logskunðaðar lindar	
hjarl sextían jarla?	lofkendr himins endum.	

Meðan Hákon jarl réð fyrir Nóregi, þá var góð árferð í landi ok góðr friðr innan landz með bóndum. Jarl var vinsæll við<sup>30</sup> búendr lengsta hríð ævi sinnar; en er á leið, þá gerðisk þat mjök at um jarl, at hann var ósiðugr um kvennafar; gerðisk þar svá mikit at, at jarl lét taka ríkra manna døtr ok flytja heim til sín ok lá hjá viku eða íí., sendi heim síðan, ok fekk hann af því óþokka mikinn af frændum kvinnanna, ok tóku<sup>35</sup> bæendr at kurra illa, svá sem Þrændir eru vanir, alt þat, er þeim er í móti skapi.

## K. 46. Ferð Þóris klökku

Hákon jarl fær nokkurn pata af því, at maðr mun sá vera fyrir vestan haf, er Áli nefndisk, ok halda þeir hann þar fyrir konung, en jarl grunaði af frásögn nokkurra manna, at vera  
 5 myndi nokkurr af konungaætt norrœnni; honum var sagt, at Áli kallaðisk gerzkr at ætt, en jarl hafði þat spurt, at Tryggvi Ólafsson hafði átt son þann, er farit hafði austr í Garðaríki ok þar upp fœzk með Valdimar konungi ok hét sá Óláfr. Hafði jarl ok mjök atspurningum leitt um þann mann ok grunaði, at sá  
 10 inn sami myndi nú vera kominn þar í Vestrlöndum. Maðr er nefndr Þórir klakka, vin mikill Hákonar jarls, ok var löngum í víking, en stundum í kaupferðum ok var víða kunnigt fyrir. Þenna mann sendi Hákon jarl vestr um haf, bað hann fara kaupferð til Dyflinnar, sem þá var mörgum títt, ok skynja þat,  
 15 hverr maðr Áli þessi væri; en ef hann spyr þat til sannz, at þar væri Óláfr Tryggvason eða nokkurr annarr af konungs ætt norrœnni, þá skyldi Þórir koma við hann svikræðum nokkurum, ef hann mætti.

## K. 47. Óláfr Tryggvason kom í Nóreg.

Síðan fór Þórir vestr til Írlandz til Dyflinnar ok spurði þar til Ála; var hann þar með Óláfi konungi kváran, mági sínum. Síðan kom Þórir sér í tal við Ála; Þórir var maðr orðspakr. En er þeir höfðu mjök lengi talat, þá tók Áli at spyrja af Nóregi, fyrst frá Uplendinga-konungum ok hverir þeir váru þá á lífi  
 25 eða hvat ríki þeir höfðu; hann spurði ok um Hákon jarl, hver vinsæld hans var í landinu. Þórir segir: »jarl er svá ríkr maðr, at engi þórir annat at mæla, en hann vill, en þat veldr, at hvergi er í annan stað til at ganga; en þér satt til at segja, þá veit ek margra göfugra manna skaplyndi ok svá alþýðunnar,  
 30 at þess væri fúsastir, ok búnastir, at nokkurr konungr kvæmi þar til ríkis af ætt Haraldz ins hárfagra, en vér sjám nú engan þann til, ok mest fyrir þá sök, at þat er nú reynt, at illa dugir at berjask við Hákon jarl«. En er þeir töludu þetta opt, þá lætr Óláfr í ljós fyrir Þóri nafn sitt ok ætt ok spyr hann ráðs, hvat  
 35 hann hyggi, ef Óláfr ferr til Nóregs, hvárt hann ætlar, at böendr myni vilja taka við honum at konungi. Þórir eggjaði hann ákafliga þessar ferðar ok lofaði hann mjök ok atgørvi hans. Tók Óláfr þá at fýsask mjök at fara til ættleifðar sinnar.

Siglir Óláfr þá vestan með v. skipum, fyrst til Suðreyja. Þórir var þar í fgr með honum. Síðan siglði hann til Orkneyja. Sigurðr jarl Hlǫðvisson lá þá í Rognvaldzey í Ásmundarvági með eitt langskip ok ætlaði at fara yfir á Katanes. Þá siglði Óláfr sínu liði vestan at eyjunum ok lagði þar til hafnar, þvíat 5 Pétlandzfiqrðr var eigi fœrr. En er konungr vissi, at jarl lá þar fyrir, þá lét hann jarl kalla til tals við sik; en er jarl kom til tals við konung, þá hófðu þeir áðr fátt talat, áðr konungr segir, at jarl skyldi skírask láta ok alt landzfólk hans, en at 10 qðrum kosti skyldi hann þá deyja þegar í stað, en konungr kvezk mundu fara með eld ok usla yfir eyjarnar ok eyða land þat, nema fólkít kristnaðisk. En svá sem jarl var þá við kominn, þá kaus hann þann af, at taka skírn; var hann þá skírðr ok alt þat fólk, er þar var með jarli. Síðan svarði jarl konungi eiða ok gerðisk hans maðr, fekk honum son sinn til gíslingar, er 15 hét Hvelpr eða Hundi, ok hafði Óláfr hann til Nóregs með sér. Siglði Óláfr þá austr í haf ok siglði af hafi útan at Morstr, gekk þar fyrst á land í Nóregi ok lét hann messu þar syngva í landtjaldi. En síðan var í þeim sama stað kirkja gqr. Þórir klakka segir konungi, at þat einu var honum ráð, at gera ekki 20 bert um, hverr hann var, ok láta enga njósn fara fyrir sér ok fara sem ákafligast á fund jarls ok láta hann óbúinn við verða. Óláfr konungr gerir svá, at hann ferr norðr náttfari ok dagfari, svá sem leiði gaf, ok gerði ekki landzfólkít vart við ferð sína, hverr þar fór. En er hann kom norðr til Agðaness, þá spurði 25 hann, at Hákon jarl er inn í firðinum ok þat með, at hann var ósáttir við bœndr. En er Þórir heyrði þetta sagt, þá var mjök annan veg, en hann hugði, þvíat eptir Jómsvíkinga-orrostu váru allir menn í Nóregi fullkomnir vinir Hákonar jarls, fyrir sigr þann, er hann hafði fengit ok frelsat land alt af ófriði; en nú 30 var illa at borit, at hófðingi mikill er kominn í landit, en bœndr váru ósáttir við jarlinn.

## K. 48. Flótti Hákonar jarls.

Hákon jarl var á veizlu í Gaulardal at Meðalhúsum, en skip hans lágu út við Viggju. Ormr lyrgja er maðr nefndr, 35 ríkr bóndi; hann bjó á Býnesi; hann átti konu þá, er Guðrún er nefnd, dóttir Bergþórs af Lundum; hon var kǫlluð Lundasól; hon var kvinna fríðust. Jarl sendi þræla sína til Orms þeira ørenda, at hafa Guðrúnu, konu Orms, til jarls. Þrælar báru



upp ørendi sín; Ormr það þá fyrst fara til náttverðar; en áðr  
 þrælur höfðu matazk, þá váru komnir til Orms margir menn  
 ór byggðinni, er hann hafði orð sent; lét Ormr þá engan kost,  
 at Guðrún færi með þrælunum. Guðrún mælti, það þræla svá  
 5 segja jarli, at hon myndi eigi til hans koma, nema hann sendi  
 eptir henni Þóru af Rimul; hon var húsfreyja rík ok ein af  
 unnostum jarls. Þrælarnir segja, at þeir skulu þar svá koma  
 öðru sinni, at bóndi ok húsfreyja munu þessa iðrask skambragz,  
 ok heitask þrælarnir mjök ok fara brot síðan. En Ormr lét fara  
 10 herqr fjogurra vegna um byggðina ok lét þat boði fylgja, at  
 allir skyldu með vápnum fara at Hákonijarli ok drepa hann,  
 ok sendi til Haldórs á Skerðingssteðju, en Haldórr lét þegar  
 fara herqr. Líttu áðr hafði jarl tekit konu mannz þess, er  
 Brynjólfr hét, ok var þat verk allmjök ópokkat, ok var þá við  
 15 sjálft, at herr myndi upp hlaupa. Eptir orboði hljóp upp múgi  
 mannz ok sótti til Meðalhúsa. En jarl fekk njósn ok fór af  
 bænum með lið sitt ok í dal djúpan, þann er nú er kallaðr  
 Jarlsdalr síðan, ok leyndusk þeir þar. Eptir um daginn hafði  
 jarl njósn alt af bóndaherinum. Bændr tóku vegu alla ok ætluðu  
 20 helzt, at jarl myndi hafa farit til skipa sinna, en fyrir skipunum  
 réð þá Erlendr, sonr hans, inn mannvænsti maðr. En er náttáði,  
 dreifði jarl liðinu ok það fara markleiði út til Orkadals, — »engi  
 maðr mun yðr mein gera, ef ek em hvergi í nánd; gerið orð  
 Erlendi, at hann fari út eptir firðinum, ok hittumk vit á Mœri.  
 25 Ek mun vel fá leynt mér fyrir bóndum«. Fór jarl þá ok þræll  
 hans með honum, er Karkr er nefndr; íss var á Gaul, ok hratt  
 jarl þar í hesti sínum ok þar lét hann eptir mottul sinn, en  
 þeir fóru í helli þann, er síðan er kallaðr Jarlshellir. Þá sofnuðu  
 þeir, en er Karkr vaknaði, þá segir hann draum sinn, at maðr  
 30 svartr ok illiligr fór hjá hellinum ok hræddisk hann þat, at hann  
 myndi inn ganga, en sá maðr sagði honum, at Ulli var dauðr.  
 Jarl segir, at Erlendr myndi drepinn. Enn sofnar Þormóðr karkr  
 öðru sinni ok lætr illa í svefni; en er hann vaknar, segir hann  
 draum sinn, at hann sá þá inn sama mann fara ofan aprtr ok það  
 35 þá segja jarli, at þá váru lokin sund öll. Karkr segir jarli  
 drauminn; hann grunaði, at slíkt myndi vera fyrir skamlífi hans.  
 Síðan stóð hann upp, ok gengu þeir á bæinn Rimul; þá sendi jarl  
 Kark á fund Þóru, það hana koma leyniliga til sín; hon gerði  
 svá ok fagnar vel jarli. Jarl það hana fela sik um nokkurra náttu  
 40 sakir, þar til er bændr ryfi samnaðinn. »Hér mun þín leitast,

segir hon, um bæ minn, bæði úti ok inni, þvíat þat vitu margir, at ek mun gjarna hjálpa þér, alt þat er ek má; einn staðr er sá á mínum bæ, er ek mynda eigi kunna at leita slíks mannz; þat er svínabœli nökkut«. Þau kómu þannug til; mælti jarl: »hér skulu vér um búask, lífsins skal nú fyrst gæta«. Þá gróf þrællinn þar 5 gróf mikla ok bar í brot moldina; síðan lagði hann þar viðu yfir. Þóra segir jarli þau tíðendi, at Óláfr Tryggvason var kominn útan í fjörðinn, ok hafði hann drepit Erlend, son hans. Síðan gekk jarl í gröfina ok báðir þeir Karkr, en Þóra gerði yfir með viðum ok sópaði yfir moldu ok myki ok rak þar yfir svínin; 10 svínabœli þat var undir steini einum miklum.

## K. 49. Dauði Erlendz.

Óláfr Tryggvason helt útan í fjörðinn með v. langskipum, en þar ræri innan í móti Erlendr, sonr Hákonar jarls, með iii. skipum; en er skipin nálgudusk, þá grunaði þá Erlend, at ófriðr 15 myndi vera, ok snúa at landi. En er Óláfr sá langskipin eptir firðinum fara ok róa í móti sér, þá hugði hann þar mundu fara Hákon jarl ok bað róa eptir þeim sem ákafast. En er þeir Erlendr váru mjök komnir at landi, røru þeir á grunn ok hljópu þegar fyrir borð ok leituðu til landz. Þá rendu at skip Óláfs. Óláfr sá, 20 hvar lagðisk maðr, fríðr forkunnliga; Óláfr greip hjálmunvölinn ok kastar at þeim manni, ok kom hoggit í höfuð Erlendi, syni jarls, svá at haussinn brotnaði til heila; lét Erlendr þar líf sitt. Þeir Óláfr drápu þar mart manna, en sumt kom á flóttu, sumt tóku þeir ok gáfu grið ok höfðu af tíðendasögn; var þá Óláfi 25 sagt, at bændr höfðu rekit Hákon jarl ok hann var forflótti fyrir þeim ok dreift var öllum flokki hans. Síðan koma bændr á fund Óláfs, ok verða hvárir öðrum fegnir ok taka þegar samlag sitt. Taka bændr hann til konungs yfir sik, ok taka allir eitt ráð, at leita eptir Hákon jarli, ok fara upp í Gaulardal, ok þykkir 30 þat líkast, at jarl myni vera á Rimul, ef hann er nökkur á bæjum, þvíat Þóra var þar kærstr vin hans í þeim dal. Fara þeir þannug ok leita jarls úti ok inni ok finna hann eigi, ok þá átti Óláfr húsping úti í garðinum; hann stóð upp á stein þann inn mikla, er þar stóð hjá svínabœlinu. Þá talaði Óláfr ok varð þat í rœðu 35 hans, at hann myndi þann mann gæða bæði fé ok virðing, er Hákon jarli yrði at skaða. Þessa rœðu heyrði jarl ok Karkr. Þeir höfðu ljós hjá sér. Jarl mælti: »hví ertu svá bleikr, en stundum svartr sem jörð; er eigi þat, at þú vilir svíkja mik?«.

»Eigi« segir Karkr. »Vit várum fœddir á einni nótt, segir jarl, skamt mun ok verða milli dauða okkars«. Þá fór Óláfr konungur á brot, er kveldaði; en er náttáði, þá helt jarl vöku yfir sér, en Karkr sofnaði ok lét illiliga. Þá vakði jarl hann ok spurði, hvat 5 hann dreyndi. Hann segir: »ek var nú á Hlõðum ok lagði Óláfr Tryggvason gullmen á háls mér«. Jarl svarar: »þar mun Óláfr láta hring blóðrauðan um háls þér, ef þú finnr hann; vara þú þik svá, en af mér muntu gott hljóta, svá sem fyrr hefir verit, ok svík mik eigi«. Síðan vökdou þeir báðir, svá sem hvárr vekði 10 yfir öðrum, en í móti degi þá sofnaði jarl ok brátt lét hann illa, ok svá mikit varð at því, at jarl skaut undir sik hælunum ok hnakkanum, svá sem hann myndi vilja upp rísa, ok lét hátt ok ógurliga. En Karkr varð hræddr ok felmsfullr ok greip kníf mikinn af linda sér ok skaut gögnum barka jarli ok skar út ór. 15 Þat var bani Hákonar jarls. Síðan sneið Karkr höfuð af jarli ok hljóp í brot ok kom eptir um daginn inn á Hlaðir ok færði höfuð jarls Óláfi konungi; hann segir ok þá þessa atburði um ferðir þeira Hákonar jarls, sem nú er áðr ritit. Síðan lét Óláfr konungur leiða hann í brot ok hoggva höfuð af.

20 K. 50. Grýting höfuðs Hákonar jarls.

Þá fór Óláfr konungur ok fjöldi bónda með honum út til Niðarhólms ok hafði með sér höfuð Hákonar jarls ok Karks. Sá hólmr var þá hafðr til þess, at drepa þar þjófa ok illmenni, ok stóð þar gálgi, ok lét hann þar til bera höfuð Hákonar jarls ok 25 Karks. Gekk þá til allr herrinn ok æpði upp ok grýtti þar at ok mæltu, at þar skyldi níðingr fara með öðrum níðingum. Síðan láta þeir fara upp í Gaulardal ok taka þar búkinn ok drógu í brot ok brendu. Varð hér svá mikill mátt at fjándskap þessum, er Þrœndir gerðu til Hákonar jarls, at engi maðr mátti nefna hann 30 annan veg, en jarl inn illa; var þetta kall haft lengi síðan. En hitt er satt at segja frá Hákonni jarli, at hann hafði marga hlutj til þess at vera höfðingi, fyrst kynkvísli stórar, þar með speki ok kœnleik at fara með ríkdóminum, røskleik í orrostum ok þar með hamingjuna at vega sigrinn ok drepa fjándmennina; svá 35 segir Þorleifr Rauðfeldarson:

153. Hákon, vitum hvergi	þú hefr öðlinga Öðni
(hafizk hefr runnr af gunni)	(etr hrafn af ná getnum),
fremra jarl und ferli	vesa mátt af því vísi
(folkránar) þér mána;	víðlendr, níu senda.

Manna orvastr var Hákon jarl, en ina mestu óhamingju bar slíkr hofðingi til dánardægrs síns. En þat bar mest til er svá varð, at þá var sú tíð komin, at fyrir dæmask skyldi blótskaprinn ok blótmenninir, en í stað kom heilog trúa ok réttir siðir.

K. 51. Óláfr Tryggvason tók konungdóm yfir Nóregi. 5

Óláfr Tryggvason var til konungs tekinn í Prándheimi á allzherjarþingi um land alt, svá sem haft hafði Haraldr inn hárfagri. Hjóp þá upp múgr ok margmenni ok vildi eigi annat heyra, en Óláfr Tryggvason skyldi konungr vera. Fór Óláfr þá um land alt ok lagði undir sik; snørusk til hlýðni við hann allir 10 menn í Nóregi, jamt þeir hofðingjar á Uplöndum eða í Víkinni, er áðr hofðu land haldit af Dana-konungi, þá gerðusk þeir menn Óláfs konungs ok heldu land af honum. Fór hann svá yfir land inn fyrsta vetr ok eptir um sumarit. Eiríkr jarl Hákonarson ok Sveinn bróðir hans ok aðrir frændr þeira ok vinir flýðu landit 15 ok sóttu austr í Svíaveldi til Óláfs konungs ins scenska ok fengu þar góðar viðtökur; svá segir Þórðr Kolbeinsson:

154. Meinrennir, brá (manna) 155. Hafði sér við særi	
(margs fýsa sköpp), varga,	(slíks vas vön at hönun) -
ljóða litlu síðarr	auðs, an upp of kvæði, 20
læ Hákonar ævi,	Eirekr í hug meira;
en til lands, þess 's lindar	sótti reiðr at ráðum
lådstafr vegit hafði	(rann engi því manna),
hraustr, þás hann fór vestan,	þrályndi gafsk Þrændum,
hygg kómu son Tryggva.	þrænzkr jarl konung scenskan 25

K. 52. Kvánfang Loðins.

Loðinn er maðr nefndr, víkverskr, auðigr ok ættaðr vel; hann var optlaga í kaupferðum, en stundum í hernaði. Þat var eitt sumar, at Loðinn fór kaupferð í Austrveg; átti hann einn skip þat ok hafði mikinn kaupeyri. Hann helt til Eistlandz ok 30 var þar í kaupstefnu um sumarit; en þá er markaðrinn stóð, þá var þangat fluttr margs konar kaupskapr; þar kom man mart falt. Þar sá Loðinn konu nokkura, er seld hafði verit mansali; ok er hann leit á konuna, þá kendi hann, at þar var Ástriðr Eiríksdóttir, er átt hafði Tryggvi konungr, ok var þá ólík því, 35 sem fyrr, er hann sá hana; hon var þá fól ok grunnleit ok illa klædd. Hann gekk til hennar ok spurði, hvat ráðs hennar var. Hon segir: »þungt er frá því at segja; ek em seld mansali, en

hingat hofð til solu«. Síðan konnaðusk þau við, ok vissi Ástríðr skyn á honum; það hon síðan, ef hann vildi kaupa hana ok hafa heim með sér til frænda sinna. »Ek mun gera þér kost á um þat, segir hann; ek man flytja þik til Nóregs, ef þú vill giptask mér«.

5 En með því at Ástríðr var þá nauðuliga við komin ok þat annat, at hon vissi, at Loðinn var maðr stórættaðr, vaskr ok auðigr, þá heitr hon honum þessu til útlausnar sér. Síðan keypti Loðinn Ástríði ok hafði heim með sér til Nóregs ok fekk hennar þar með frændaráði. Þeira börn váru þau Þorkell nefja ok Ingiríðr,

10 Ingigerðr. Dætr Ástríðar ok Tryggva konungs váru þær Ingi-  
björg ok Ástríðr, sönir Eiríks bjóðaskalla váru þeir Sigurðr karlshöfuð, Jósteinn ok Þorkell dyðrill ok váru allir gófgir menn ok auðgir ok áttu bú austr í landi. Bræðr ii. bjoggu í Vík austr; hét annarr Þorgeirr, en annarr Hyrningr; þeir fengu dætra

15 Loðins ok Ástríðar.

#### K. 53. Óláfr konungr kristnaði Víkina.

Haraldr Gormsson Dana-konungr, þá er hann hafði við kristni tekit, þá sendi hann boð um alt ríki sitt, at allir menn skyldu skírask láta ok snúask til réttar trúar. Hann fylgði sjálf

20 því boði ok veitti þar styrk ok refsing at, þar er eigi gengi við ella. Hann sendi ii. jarla í Nóreg með lið mikit, er svá hétu . . . ; þeir skyldu boða kristni í Nóregi; þat gekk við í Víkinni, þar er ríki Haraldz konungs stóð yfir, ok skírðisk þá mart landzfólk. En eptir dauða Haraldz, þá fór brátt Sveinn tjúguskegg, sonr

25 hans, í hernað, bæði í Saxland ok Fríslanð ok at lykðum til Eng-  
landz. En þeir í Nóregi, er við kristni hofðu tekit, þá hurfu þeir aptr til blóta, svá sem fyrr ok menn gerðu norðr í land. En er Óláfr Tryggvason var konungr orðinn í Nóregi, þá dvalðisk hann lengi um sumarit í Víkinni, kómu þar margir til hans frændr

30 hans, en sumir mágar, en margir hofðu verit miklir vinir fofur hans, ok var honum þar fagnat með allmiklum kærleik. Þá kallar Óláfr til tals við sik móðurbræðr sína, Loðin stjúpfoður sinn, mága sína, Þorgeir ok Hyrning; bar síðan fyrir þá með inum mesta alhuga þat mál, at þeir skyldu sjálfir undir taka með

35 honum ok fylgja síðan með öllum krapti, at hann vill kristniboð upp hefja um alt ríki sitt, segir at hann skal því áleiðis koma, at kristna alt í Nóregi, eða deyja at ofrum kosti — »ek skal gera yðr alla mikla menn ok ríka, þvíat ek trúi yðr bezt fyrir sakir frændsemi eða annarra tengða«. Allir þeir játuðu þessu, at gera

hvat sem hann bauð ok fylgja honum til þess allz, er hann vildi, ok allir þeir menn, er þeira ráðum vilja fylgja. Gerði Óláfr konungr þegar bert fyrir alþýðu, at hann vill bjóða kristni öllum mönnum í ríki sínu. Tóku þeir þegar fyrstir undir at játa þessu boði, er áðr höfðu undir gengit; váru þeir ok ríkastir af þeim mönnum, er þá váru við staddir, ok gerðu allir aðrir at þeira dæmum. Váru þá skírðir menn allir austr um Víkina. Fór þá konungr norðr í Víkina ok bauð öllum mönnum at taka við kristni, en þeir er í móti mæltu, veitti hann stórar refsingar, drap suma, suma lét hann hamlá, suma rak hann af landi á brot. Kom þá svá, at um þat ríki alt, er fyrr hafði stýrt Tryggvi konungr, faðir hans, ok svá þat, er átt hafði Haraldr grenski, frændi hans, gekk þat fólk alt undir kristni boði þat, er Óláfr boðaði; ok var þat sumar ok eptir um vetrinn alkristit um Víkina.

15

## K. 54. Frá Hǫrðum.

Óláfr konungr fór snimma um vǫrit út í Víkina ok hafði lið mikit; fór þá norðr á Agðir, en hvar sem hann átti þing við bændr, þá boðaði hann öllum mönnum at skírask, ok gengu menn undir kristni, þvíat engi feksk upreist af bóndum móti konungi, ok var fólkit skírt, hvar sem hann fór. Menn þeir váru á Hǫrðalandi margir ok gofgir, er komnir váru af ætt Hǫrða-Kára; hann átti iii. sonu; einn var Þorleifr spaki, annarr Ögmundr, faðir Þórólfs skjálgs, föður Erlings af Sóla; iii. var Þórðr, faðir Klyps hersis, er drap Sigurð slefu Gunnhildarson, iii. Ölmóðr, faðir Áskels, föður Asláks Fitja-skalla; þessi áttbogi var þá mestr ok gofgastr á Hǫrðalandi. En er þeir frændr spurðu til vannkvæðis þessa, at konungr fór austan með landi ok hafði lið mikit ok braut forn lög á mönnum, en allir sættu refsingum ok afarkostum, þeir er í móti mæltu, þeir frændr gerðu stefnulag milli sín ok skulu gera ráð fyrir sér, þvíat þeir vita, at konungr mun brátt koma á fund þeira, ok semsk þat með þeim, at þeir skulu koma allir fjölment til Gulapings ok stefna þar fund við Óláf konung Tryggvason.

35

## K. 55. Kristnat Rogaland.

Óláfr stefndi þing, þegar er hann kom á Rogaland; en er búöndum kom þingboð, þá samnask þeir fjölment saman ok með alvæpni; en er þeir koma saman, taka þeir tal ok ráðagörð ok ætla til þess iii. menn, þá

er málsnjallastir váru í þeira flokki, at svara Óláfi konungi á þinginu ok tala móti honum, ok þat með, at þeir vilja eigi ganga undir ólög, þótt konungr bjóði þeim. En er boendr koma til þings ok þing var sett, þá stóð Óláfr konungr upp ok talaði fyrst blíðliga til bónda. Fansk þat þó í hans máli, at hann vill, at þeir taki við kristni, það þá til með fǫgrum orðum, en at lykðum lét hann þat fylgja við þá, er í móti mæltu ok eigi vildu undir ganga boð hans, at þeir mundu sæta af honum reiði ok refsingum ok hǫrðum afarkostum, hvar sem hann mætti við komask. En er konungr lauk máli sínu, þá stóð upp sá af bóndum, er einna var snjallastr ok fyrst var til þess tekinn, at svara skyldi Óláfi konungi. En er hann vildi til máls taka, þá setr at honum hósta ok þrøngva svá mikinn, at hann fekk engu orði upp komit ok sezsk hann niðr. Þá stendr upp annarr bóndi ok vill sá eigi fallask láta annsvörin, þótt inum fyrra hefði eigi vel til tekizk; en er sá hefr upp mál sitt, þá var hann svá stamr, at hann fekk engu orði upp komit; tóku þá allir at hlæja, er á heyrðu; settisk þá bóndi niðr. Þá stóð upp inn iiii. ok vill tala í móti Ólafi konungi, en er sá tók til máls, var hann svá háss ok rámr, at engi maðr heyrði þat, er hann talaði, ok settisk niðr. Þá varð engi til af bóndum at mæla í móti konungi. En er boendr fengu engi til annsvara við konung, þá varð engi upreist þeira til mótsþóðu við konung. Kom þá svá, at allir játtu því, er konungr bauð; var þá skirt þingfólk þat alt, áðr konungr skilðisk þar viðr.

#### K. 56. Kvánboen Erlings Skjálgsssonar.

Óláfr konungr stefndi liði sínu til Gulapings, þvíat boendr hafa honum þau orð send, at þeir vilja þar svara máli hans. En er þar koma hvárirtveggju til þings, þá vill konungr fyrst eiga tal sitt við landzhǫfðingja. En er þeir koma á stefnu allir saman, þá berr konungr upp sín ørendi ok býðr þeim at taka við skírneptir boði hans. Þá segir Ólmóðr inn gamli: »rætt hǫfum vér frændr um mál þetta vár í millum ok munu vér allir hverfa at einu ráði. Með því konungr, at þú ætlar at pynda oss frændr til slíkra hluta, at brjóta lög vár, ok brjóta oss undir þik með nǫkkurri nauðung, þá munu vér í móti standa með ǫllu afli, ok fái þeir sigr, er auðit verðr. En ef þú vill, konungr, leggja nǫkkura farsæliga hluti til vár frænda, þá máttu þat gera svá vel, at vér munum allir hverfa til þín með fullkominni þjónustu«. Konungr segir: »hvers vilið þér mik beiða til þess, at sætt vár

verði sem bezt?«. Þá segir Ólmóðr: »þat er it fyrsta, ef þú vilt gipta Ástríði, systur þína, Erlingi Skjalgssyni, frænda várum, er vér kóllum nú mannvænstan allra ungra manna í Nóregi«. Óláfr konungr segir, at honum þykkir líkligt, at þat gjaforð myni vera gott, segir, at Erlingr er ættaðr vel ok maðr inn 5 líkligsti sýnum, en þó segir hann at Ástríðr á svqr þessa máls. Síðan ræddi konungr þetta við systur sína. »Lítt nýt ek nú þess, segir hon, at ek em konungsdóttir ok konungssystir, ef mik skal gipta ótígnum manni; mun ek enn heldr biða nokkura vetr annars gjaforðz« — ok skilðu þau ræðuna at sinni. 10

## K. 57. Kristnat Hqrðaland.

Óláfr konungr lét taka hauk, er Ástríðr átti, ok lét plokka af fjaðrar allar ok sendi henni síðan. Þá mælti Ástríðr: »reiðr er bróðir minn nú«. Síðan stóð hon upp ok gekk til konungs; hann fagnaði henni vel. Þá mælti Ástríðr, segir, at hon vill, at 15 konungr sé fyrir hennar ráði, slíkt, sem hann vill. »Þat hugða ek, segir konungr, at ek mynda fá vald til at gera þann tíginn mann, sem ek vil, hér í landi«. Lét konungr þá kalla til tals Ólmóð ok Erling ok alla þá frændr. Var þá talat bónorð þetta; lauk svá, at Ástríðr var fóstnuð Erlingi. Síðan lét konungr 20 setja þingit ok bauð bóþndum kristni; var þá Ólmóðr ok Erlingr forgangsmaðr at flytja þetta konungsmál ok þar með allir frændr þeira; þar þá engi maðr traust til at mæla í móti; var þá skirt þat alt fólk ok kristnat.

## K. 58. Brullaup Erlings Skjalgssonar.

Erlingr Skjalgsson gerði um sumarit brullaup sitt ok var þar allmikil fjölmenni; þar var Óláfr konungr. Þá bauð konungr at gefa Erlingi jarldóm. Erlingr segir svá: »hersar hafa verit frændr mínir, vil ek ekki hafa nafn hæra en þeir. Hitt vil ek þiggja, konungr, af yðr, at þér látið mik vera mestan með því 30 nafni hér í landi«. Konungr játti honum þat. Ok at skilnaði þeira veitti Óláfr konungr Erlingi mági sínum norðan frá Sognsæ ok austr til Líðandisness með þvílíkum hætti, sem Haraldr inn hárfagri hafði veitt sonum sínum ok fyrr er ritit.

## K. 59. Kristniboð í Nóregi.

Þetta sama haust stefndi Óláfr konungr iiiii. fylkna þing norðr á Staði á Dragseiði; þar skyldu koma Sygnir ok Firðir,



Sunnmærir ok Raumdælir. Fór Óláfr konungr þannug með allmikil fjölmenni, er hann hafði haft austan ór landi, ok svá þat lið, er þá hafði komit til hans á Rogalandi ok Hǫrðalandi. En er Óláfr konungr kom þar til þings, þá boðaði hann þar kristni sem  
 5 í ǫðrum stöðum. En fyrir því at konungr hafði þar styrk mikinn fjölmennis, ok óttuðusk þeir þat; en at lykðum þess máls, þá bauð konungr þeim ii. kosti, annathvært at þeir tæki kristni ok léti skírask, eða at ǫðrum kosti, at þeir skyldi halda við hann orrostu. En er bæendr sá eigi fong til at berjask við konung, þá var hitt  
 10 ráð upp tekit, at alt fólk kristnaðisk. En Óláfr konungr ferr þá með liði sínu á Norð-Mæri ok kristnar hann þat fylki. Síðan siglir hann inn á Hlaðir ok lætr brjóta ofan hofit ok taka alt fé ok alt skraut ór hofinu ok af goðinu; hann tók gullhring mikinn ór hofshurðunni, er Hákon jarl hafði látit gera. Síðan lét Óláfr  
 15 konungr brenna hofit. En er bæendr verða þessa varir, þá láta þeir fara herǫr um ǫll fylki ok stefna her út ok ætla at konungi. Óláfr konungr helt þá liði sínu út eptir firði ok stefnir síðan norðr með landi ok ætlar at fara norðr á Hálogaland ok kristna þar; en er hann kom norðr í Bjarnauro, þá spyrr hann þat af  
 20 Hálogalandi, at þeir hafa þar her úti ok ætla at verja land fyrir konungi. Eru þeir þar hǫfðingjar fyrir liði Hárekr ór Þjóttu ok Þórir hjortr ór Vágum, Eyvindr kinnrifa. En er Óláfr konungr spyrr þetta, þá snýr hann leið sinni ok siglir suðr með landi. En er hann kom suðr um Stað, þá fór hann alt tómligarr ok kom  
 25 þó ǫndverðan vetr austr alt í Víkina.

#### K. 60. Bónorð Óláfs konungs.

Sigríðr drótning í Svíþjóð, er kǫlluð var in stórráða, sat at búum sínum. Þann vetr fara menn milli Óláfs konungs ok Sigríðar drótningar, ok hóf Óláfr konungr þar upp bónorð sitt  
 30 við Sigríði drótningu, en hon tók því líkliga, ok var þat mál fest með einkamálum. Þá sendi Óláfr konungr Sigríði drótningu gullhring þann inn mikla, er hann hafði tekit ór hofshurðinni á Hlǫðum, ok þótti þat hǫfuðgersimi. Stefnulag skyldi vera til þessa mála eptir um vǫrit í Elfinni við landamæri. En er hringr  
 35 þessi, er Óláfr konungr hafði sent Sigríði drótningu, var svá mjök lofaðr af ǫllum mǫnnum, þá vǫru með drótningu smíðar hennar, bræðr ii. En er þeir hǫfðu hringinn með hǫndum ok handvéttu ok mæla einmæli milli sín, þá lét drótning kalla þá til sín ok spyrr, hvat þeir spottaði at hringinum. Þeir dylja þess;

hon segir at þeir skulu fyrir hvern mun láta hana vita, hvat þeir hafa at funnit. Þeir segja, at fals sé í hringinum. Síðan lét hon brjóta í sundr hringinn, ok fansk þar eir í innan. Þá varð drótning reið ok segir, at Óláfr myndi falsa hana at fleira en þessu einu. Penna sama vetr fór Óláfr konungr upp á Hringaríki ok kristnaði 5 þar. Ásta Guðbrandzdóttir giptisk brátt eptir fall Haraldz grenska þeim manni, er nefndr er Sigurðr sýr; hann var konungr á Hringaríki. Sigurðr var sonr Hálfðanar, en hann var sonr Sigurðar hrísa Haraldzsonar ins hárfagra. Þá var þar með Ástu Óláfr, sonr þeira Haraldz grenska; hann fœddisk upp í æsku 10 með Sigurði sýr, stjúpfaður sínum. En er Óláfr konungr Tryggvason kom á Hringaríki at boða kristni, þá lét skírask Sigurðr sýr ok Ásta, kona hans, ok Óláfr, sonr hennar, ok gerði Óláfr Tryggvason guðsifjar við Ólaf Haraldzson; þá var hann iii.-vetr. Fór Óláfr konungr þá enn út í Víkina ok var þar um 15 vetrinn. Þann var hann inn iii. vetr konungr yfir Nóregi.

K. 61. Tal þeira Óláfs konungs ok Sigríðar stórráðu.

Snimma um vário fór Óláfr konungr austr til Konungahellu til stefnu móti Sigríði drótningu. En er þau funnusk, þá töludu þau þat mál, er roett hafði verit um vetrinn, at þau mundu gera 20 samgang sinn, ok fór þat mál alt líkliga. Þá mælti Óláfr konungr, at Sigríðr skyldi taka skírn ok rétta trú. Hon segir svá: »ekki mun ek ganga af trú þeiri, er ek hefi fyrr haft ok frændr mínir fyrir mér. Mun ek ok ekki at því telja, þótt þú trúir á þann guð, er þér líkar«. Þá varð Óláfr konungr reiðr mjök ok mælti 25 brálliga: »hví mun ek vilja eiga þik hundheiðna«, ok laust í andlit henni með glófa sínum, er hann helt á. Stóð hann upp síðan ok bæði þau. Þá mælti Sigríðr: »þetta mætti verða vel þinn bani«. Síðan skildu þau, fór konungr norðr í Víkina, en drótning austr í Svíaveldi. 30

K. 62. Seiðmanna brenna.

Óláfr konungr fór þá til Túnsbergs ok átti þar þá enn þing ok talaði á þinginu, at þeir menn allir, er kunnir ok sannir yrði at því at fœri með galdra ok gærningar, eða seiðmenn, þá skyldu allir fara af landi á brot. Síðan lét konungr rannsaka eptir þeim 35 mǫnnum um þær byggðir, er þannug váru í námunda, ok boða þeim ǫllum til sín. En er þeir kómu þar, þá var einn maðr af þeim, er nefndr er Eyvindr kelda; hann var sonarsonr Rognvaldz

réttilbeina, sonar Haraldz hárfagra. Eyvindr var seiðmaðr ok allmjök fjölkunnigr. Óláfr konungr lét skipa þessum mönnum öllum í eina stofu ok lét þar vel um búask, lét gera þeim þar veizlu ok fá þeim sterkan drykk, ok þá er þeir váru druknir, lét  
 5 Óláfr leggja eld í stofuna ok brann stofa sú ok alt þat fólk, er þar var inni, nema Eyvindr kelda komsk út um ljórann ok svá í brot; en er hann var langt í brott kominn, fann hann menn þá á leið sinni, er fara ætluðu til konungs, ok bað þá svá segja konungi, at Eyvindr kelda var brot kominn ór eldinum ok hann  
 10 mun aldri síðan koma á vald Óláfs konungs, en hann mun alt fara á sömu leið, sem fyrr gerði hann um alla kunnustu sína. En er þessir menn kómu á fund Óláfs konungs, þá segja þeir slíkt frá Eyvindi, sem hann hafði þeim boðit. Konungi lætr illa yfir, er Eyvindr var eigi dauðr.

15 K. 63. Dráp Eyvindar keldu.

Óláfr konungr fór, er váraði, út eptir Víkinni ok tók veizlur at stórbúum sínum ok sendi boð alt um Víkina, at hann vill lið hafa úti um sumarit ok fara norðr í land. Síðan fór hann norðr á Agðir; ok er á leið langaföstu, þá sótti hann norðr á Rogaland  
 20 ok kom páskauptan í Kqrmt á Ögvaldznes. Var þar búin fyrir honum páskaveizla; hann hafði nær ccc. manna. Þá sömu nótt kom þar við eyna Eyvindr kelda; hann hafði langskip alskipat; váru þat alt seiðmenn ok annat fjölkyngisfólk. Eyvindr gekk upp af skipi ok sveit hans ok mögnuðu fjölkyngi sína. Gerði  
 25 Eyvindr þeim hulizhjálmi ok þokumyrkr svá mikit, at konungr ok lið hans skyldi eigi mega sjá þá. En er þeir kómu mjök svá til bæjarins á Ögvaldznesi, þá gerðisk ljóss dagr; varð þá mjök annan veg, en Eyvindr hafði ætlat; þá kom mjörkvi sá, er hann hafði gørt með fjölkyngi, yfir hann ok hans forneyti, svá at  
 30 þeir sá eigi heldr augum en hnakka, ok fóru alt í hring ok kring. En varðmenn konungs sá þá, hvar þeir fóru, ok vissu eigi, hvat lið þat var. Var þá sagt konungi, stóð hann þá upp ok alt liðit ok klæddisk. En er konungr sá, hvar þeir Eyvindr fóru, bað hann sína menn vápna sik ok ganga til ok vita, hvat mönnum þat væri.  
 35 En er konungsmenn kendu þar Eyvind, þá tóku þeir hann höndum ok alla þá ok leiddu þá til konungs. Segir þá Eyvindr allan atburð um sína ferð. Síðan lét konungr taka þá alla ok flytja í flœðisker ok binda þá þar. Lét Eyvindr svá líf sitt ok allir þeir. Er þat síðan kallat Skrattasker.

## K. 64. Frá Óláfi konungi ok vélum Óðins.

Svá er sagt, þá er Óláfr konungr var á veizlunni á Ögvald-  
nesi, at þar kom eitt kveld maðr gamall ok orðspakr mjök, hafði  
høtt síðan; hann var einsýnn; kunni sá maðr segja af öllum  
løndum. Hann kom sér í tal við konung; þótti konungi gaman 5  
mikit at rœðum hans ok spurði hann margra hluta, en gestrinn  
fekk órlausn til allra spurninga, ok sat konungr lengi um kveldit;  
þá spyrr konungr, ef hann vissi, hvern Ögvaldr hafði verit, er  
nesit ok bærinn var við kendr. Gestrinn segir, at Ögvaldr  
var konungr ok hermaðr mikill ok blét kú eina mest ok 10  
hafði hann hana með sér, hvargi er hann fór, ok þótti honum þat  
heilnæmlikt at drekka jafnan mjólk hennar — »Ögvaldr konungr  
barðisk við konung þann, er Varinn hét; í þeiri orrostu fell  
Ögvaldr konungr; var hann þá hér heygðr skamt frá bænum ok  
settir upp bautasteinar, þeir er hér standa enn. En í annan stað 15  
skamt heðan var heygð kýrin«. Slíka hluti sagði hann ok marga  
aðra frá konungum eða öðrum fornum tíðendum. En er lengi  
var setit um nóttina, þá minti byskup konung á, at mál væri at  
ganga at sofa; gerði konungr þá svá. En er hann var af klæddr  
ok hafði í rekkju lagzk, þá settisk gestrinn á fótškorna ok talaði 20  
enn lengi við konung. Þótti konungi orðz vant, er annat var  
mælt. Þá mælti byskup til konungs, segir, at mál væri at sofa;  
gerði konungr þá svá, en gestrinn gekk út. Litlu síðarr vaknaði  
konungr ok spurði þá eptir gestinum ok bað hann kalla til sín,  
en gestr fansk þá hvergi. Eptir um morgininn lét konungr kalla 25  
til sín steikara ok þann, er drykkinn varðveitti, ok spyrr, ef  
nøkkurr okunnr maðr hefði komit til þeira. Þeir segja, þá er  
þeir skyldu matbúa, kom þar maðr nøkkurr ok sagði, at furðuill  
slátr suðu þeir til konungs borðz; síðan fekk hann þeim ii. nauts-  
síður digrar ok feitar, ok suðu þeir þær með öðru slátri. Þá segir 30  
konungr, at þá vist alla skyldi ónýta, segir, at þetta myndi engi  
maðr verit hafa, ok þar myndi verit hafa Óðinn, sá er heiðnir  
menn høfðu lengi á trúat, sagði, at Óðinn skyldi þá engu áleiðis  
koma at svíkja þá.

## K. 65. Þing í Prándheimi.

35

Óláfr konungr dró þá saman lið mikit austan ór landi um  
sumarit ok helt liði því norðr til Prándheims ok lagði fyrst inn

til Niðaróss; síðan lét hann fara þingboð um allan fjórðinn ok stefndi viii. fylkna þing á Frostu, en bændr stefndu þingboði í herqr ok stefndu saman þegn ok þræl um allan Prándheim. En er konungr kom til þings, þá var kominn bóndamúgrinn með  
 5 alvæpni. En er þing var sett, þá talaði konungr fyrir lýðnum ok bauð þeim at taka við kristni. En er hann hafði lítla hríð talat, þá kǫlluðu bændr ok báðu hann þegja, segja, at ella mundu þeir veita honum atgöngu ok reka hann í brot — »gerðu vér svá, sögðu þeir, við Hákon Aðalsteinsfóstra, þá er hann bauð oss þvilík boð,  
 10 ok virðu vér þik eigi meira en hann«. En er Óláfr konungr sá æði bóandanna ok þat með, at þeir höfðu her svá mikinn, at eigi mátti við standa, þá veik hann rœðunni ok snøri til samþykkis við bændr, segir svá: »ek vil, at vér gerim sætt vára, svá sem vér höfum áðr lagt með oss; vil ek fara þar til, er þér hafið it  
 15 mesta blót yðvart, ok sjá þar síðu yðra. Tökum þá ráð várt um síðu, hverja vér viljum hafa, ok samþykkjum þá þat allir«. En er konungr talaði linliga til bónda, þá mýkðusk hugir þeira, ok fór síðan alt talit líkliga ok sáttegnarlíga, ok var þat ráðit at lykðum, at vera skyldi miðsumarsblót inn á Mærini, ok skyldu þar  
 20 til koma allir höfðingjar ok ríkir bændr, svá sem siðr var til; þar skyldi ok koma Óláfr konungr.

#### K. 66. Frá Járnkeggja.

Skeggi er nefndr ríkr bóndi; hann var kallaðr Járnkeggi; hann bjó á Uphaugi á Yrjum. Skeggi talaði fyrst á þinginu í  
 25 móti Óláfi konungi ok var mest fyrir bóndum at mæla í móti kristninni. Þeir slitu þinginu með þessum hætti. Fóru þá bændr heim, en konungr á Hlaðir.

#### K. 67. Veizla á Hlǫðum.

Óláfr konungr lá skipum sínum í Nið ok hafði xxx. skipa ok  
 30 frítt lið ok mikit, en sjálfr konungr var optliga á Hlǫðum með hirðsveit sína. En er mjök leið at því, er blótít skyldi vera inn á Mærini, þá gerði Óláfr konungr veizlu mikla á Hlǫðum, sendi boð inn á Strind ok upp í Gaulardal ok bauð til sín höfðingjum ok ǫðrum stórbóndum. En er veizla var búin ok boðsmenn höfðu  
 35 til sótt, þá var þar it fyrsta kveld veizla fǫgr ok veitt. allkapsamliga; váru menn mjök druknir. En eptir um nóttina sváfu þá allir menn í ró þar. Um morgininn eptir, er konungr var klæddr, lét hann syngva sér tíðir, ok er messu var lokit, þá lét konungr

blása til húspings; gengu þá allir menn hans af skipum ok fóru til þings. En er þing var sett, stóð konungr upp ok talaði ok mælti svá: »vér áttum þing inn á Frostu; bauð ek þá búqndum, at þeir skyldu láta skírask, en þeir buðu mér þar í mót, at ek skylda hverfa til blóta með þeim, svá sem gort hafði Hákon 5 konungr Aðalsteinsfóstri; kom þat ásamt með oss, at vér skyldim finnask inn á Mærini ok gera þar blót mikit. En ef ek skal til blóta hverfa með yðr, þá vil ek gera láta it mesta blót, þat sem titt er, ok blóta mǫnnum. Vil ek eigi til þess velja þræla eða illmenni; skal til þess velja, at fá goðunum, ina ágætustu menn; 10 nefni ek til þess Orm lyrgju af Meðalhúsum, Styrkár af Gimsum, Kár af Grýtingi, Asbjörn Þorbergsson af Varnesi, Orm af Lyxu, Haldór af Skerðingsteðju«, — ok þar með nefnir hann aðra v., þá er ágætastir váru, segir svá, at hann vill þessum blóta til árs ok friðar, ok lét þegar veita þeim atgöngu. En er bœndr sá, at 15 þeir höfðu eigi liðskost við konungi, þá biðja þeir sér griða ok bjóða alt ráð sitt á vald konungs; semsk þat á milli þeira, at allir bœndr, þeir er þar váru komnir, létu skírask ok veittu konungi svardaga til þess, at halda rétta trú, en leggja niðr blótskap allan. Hafði konungr þá menn þessa alla í boði sínu, 20 alt þar til er þeir fengu sonu sína eða bræðr eða aðra náfrændr í gisling til konungs.

## K. 68. Frá þingi.

Ólafr konungr fór með öllu liði sínu inn í Prándheim. En er hann kom inn á Mærini, þá váru þar komnir allir höfðingjar 25 Þrœnda, þeir er þá stóðu mest í móti kristninni, ok höfðu þar með sér alla stórbœndr þá, er fyrr höfðu haldit upp blótum í þeim stað; var þar þá fjölment ok eptir því, sem fyrr hafði verit á Frostuþingi. Lét þá konungr krefja þings, ok gengu hvárir-tveggju með alvæpni til þings, en er þing var sett, þá talaði 30 konungr ok bauð mǫnnum kristni. Járnскеggi svaraði máli konungs af hendi bónda, segir hann, at bœndr vildu enn sem fyrr, at konungr bryti ekki lög á þeim — »viljum vér, konungr, segir hann, at þú blótir, sem hér hafa gort aðrir konungar fyrir þér«. At hans rœðu gerðu bœndr mikinn róm ok segja, at þeir 35 vildi alt vera láta, sem Skeggi mælti. Þá segir konungr, at hann vill fara í hofit ok sjá siðu þeira, er þeir blóta. Bóqndum líkar þat vel, fara til hofsins hváirtveggju.

## K. 69. Kristnaðr Þrándheimr.

Óláfr konungr gengr nú í hofit ok fáir menn með honum ok fáir af bóndum; en er konungr kom þar, sem goðin váru, þá sat þar Þórr ok var mest tígnaðr af öllum goðum, búinn með 5 gulli ok silfri. Óláfr konungr hóf upp refði gullbúit, er hann hafði í hendi, ok laust Þór, svá at hann fell af stallinum; síðan hljópu at konungsmenn ok skýfðu ofan öllum goðum af stöllum; en meðan konungr var inni í hofinu, þá var drepinn Járnскеggi úti fyrir hofsdurunum ok gerðu þat konungsmenn. En en konungr kom til liðsins, þá bauð hann bóndum íi. kosti, annan 10 þann, at þeir skyldu þá allir við kristni taka, en at öðrum kosti halda við hann bardaga, en eptir lát Skeggja, þá varð engi forgangsmáðr at í bónda liði, at reisa merki í móti Óláfi konungi; varð hinn kostr upp tekinn at ganga til konungs ok hlýða 15 því, er hann bauð. Þá lét Óláfr konungr skíra fólk alt þat, er þar var, ok tók gíslar af bóndum til þess, at þeir skyldu halda kristni sína. Síðan lét Óláfr konungr fara menn sína um öll fylki í Þrándheimi, mælti þá engi maðr í móti kristninni; var þá skírt þar alt fólk í Þreidalögum.

20

## K. 70. Bøejargørð.

Óláfr konungr fór liði sínu út til Niðaróss; þá lét hann reisa þar hús á Niðar-bakka ok skipaði svá, at þar skyldi vera kaupstaðr, gaf monnum þar toptir til at gera sér þar hús, en hann lét gera konungsgarð upp frá Skipakrók. Lét hann þannug 25 flytja um haustit öll fong þau, er þurpti til vetrsetu, ok hafði hann þar allmikil fjölmenni.

## K. 71. Kvánfang Óláfs konungs.

Óláfr konungr gerði stefnulað frændum Járnскеggja ok bauð þeim bætr, en þar váru til svara margir gøfgir menn; 30 Járnскеggi átti dóttur, er Guðrún er nefnd; kom þat at lykðum í sáttmál þeira, at Óláfr konungr skyldi fá Guðrúnar. En er brullaupsstefna sú kom, þá gengu þau í eina rekkju, Óláfr konungr ok Guðrún. En ina fyrstu nótt, er þau lágu bæði samt, þegar konungr var sofnáðr, þá brá hon knífi ok vill leggja á 35 honum. En er konungr varð þessa varr, tók hann knífinn frá henni ok stóð upp ór hvílunni ok gekk til manna sinna ok segir, hvat orðit hafði. Tók Guðrún þá ok klæði sín ok allir þeir menn,

er henni höfðu þannug fylgt. Fóru þau í brot leið sína ok kom Guðrún ekki síðan í sama rekkju Óláfi konungi.

## K. 72. Gorr Traninn.

Þetta sama haust lét Óláfr konungr reisa langskip mikit á eyrunum við Nið; þat var snekkja; hafði hann þar til smíði 5 marga. En öndverðan vetr, þá er skipit var algjört, þá var xxx. at rúmatali, stafnhátt ok ekki mikit í sér; þat skip kallaði konungr Tranann. Eptir dráp Járnскеggja var lík hans flutt út á Yrjar ok liggir hann í Skeggjahaugi á Austrátt.

## K. 73. Þangbrandr fór til Íslandz.

10

Þá er Óláfr konungr Tryggvason hafði verit ii. vetr konungr at Nóregi, var með honum saxneskr prestr, sá er nefndr er Þangbrandr; hann var ofstopamaðr mikill ok vígamaðr, en klerkr góðr ok maðr vaskr; en fyrir sakir óspekðar hans, þá vildi konungr eigi hann með sér hafa ok fekk honum sendiferð 15 þá, at hann skyldi fara til Íslandz ok kristna landit; var honum kaupskip fengit, ok er frá hans ferð þat at segja, at hann kom til Íslandz í Austfjörðu í Álptafjörð inn syðra ok var eptir um vetrinn með Halli á Síðu. Þangbrandr boðaði kristni á Íslandi, ok af hans orðum lét Hallr skírask ok hjón hans ǫll ok margir 20 aðrir höfðingjar, en miklu fleiri vǫru hinir, er í móti mæltu. Þorvaldr veili ok Vetrliði skáld ortu nið um Þangbrand, en hann drap þá báða. Þangbrandr dvalðisk ii. vetr á Íslandi ok varð iii. manna bani, áðr hann fór í brot.

## K. 74. Frá Hauki ok Sigurði.

25

Sigurðr er maðr nefndr, annarr Haukr, þeir vǫru háleyskir ok höfðusk mjök í kaupferðum. Þeir höfðu farit eitt sumar vestr til Englandz. En er þeir kómu aptr til Nóregs, þá siglðu þeir norðr með landi, en á Norð-Mœri urðu þeir fyrir liði Óláfs konungs. En er konungi var sagt, at þar vǫru komnir 30 nokkurir menn háleyskir ok vǫru heiðnir, þá lét konungr kalla stýrimenn til sín; hann spyrr þá, ef þeir vildi skírask láta, en þeir kveða þar nei við. Síðan talaði konungr fyrir þeim á marga vega, ok stóðaði þat ekki; þá hét hann þeim dauða eða meizlum; þeir skipuðusk ekki við þat; þá lét hann setja þá í járn ok hafði þá 35 með sér nokkura hríð, ok vǫru þeir í fjöttrum haldnir. Konungr talaði optliga fyrir þeim, ok týði þat ekki; ok á einni nótt



hurfu þeir í brot, svá at engi maðr spurði til þeira eða vissi, með hverjum hætti þeir kómusk í brot. En um haustit kómu þeir fram norðr með Háreki í Þjóttu, tók hann vel við þeim, ok váru þeir þar um vetrinn með honum í góðu yfirlæti.

5 K. 75. Frá Háreki í Þjóttu.

Pat var um várit einn góðan veðrdag, at Hárekr var heima ok fátt manna á bönum, þótti honum daufligt. Sigurðr mælti við hann, ef hann vill, at þeir rói nokkur ok skemti sér; þat líkar Háreki vel; ganga síðan til strandar ok draga fram vi-  
 10 æring einn, tók Sigurðr ór naustinu segl ok reiða, er fylgði skipinu, svá sem þeir váru opt vanir at fara, at hafa segl, er þeir fóru at skemta sér; Hárekr gekk á skip ok lagði stýri í lag. Þeir Sigurðr bræðr fóru með alvæpni, svá sem þeir váru vanir jafnan heima at ganga með bóanda; þeir váru báðir manna  
 15 sterkastir; en áðr þeir gengi út á skipit, koptuðu þeir út smjörlaupum nokkurum ok brauðkass ok báru milli sín mikla mungátsbyttu á skipit. Síðan røru þeir frá landi, en er þeir váru skamt komnir frá eyjunni, þá fœra þeir bræðr segl upp, en Hárekr stýrði; þar þá brátt frá eyjunni. Þá ganga þeir bræðr  
 20 aptr, þar til er Hárekr sat; Sigurðr mælti til Háreks bónda: »nú skaltu kjósa hér um kosti nokkura, sá er inn fyrsti, at láta okr bræðr fyrir ferð várri ráða ok stefnu; hinn er annarr, at láta okr binda þik; sá er inn þriði, at vit munum drepa þik«. Hárekr sá þá, hvernug komit var hans máli; hann var andvigr  
 25 ekki betr en öðrum þeira bræðra, ef þeir væri jafnbúnir, kaus hann því þann af, er honum þótti nokkuru vildastr, at láta þá ráða fyrir ferðinni; batt hann þat swardögum við þá ok seldi þeim trú sína til þess. Síðan gekk Sigurðr til stjórnar ok stefndi  
 30 suðr með landi; gæta þeir bræðr þess, at þeir skyldu hvergi menn finna, en byri gaf sem bezt. Létta þeir ferðinni eigi fyrr, en þeir koma suðr í Þrándheim ok inn til Niðaróss, ok finna þar Óláf konung. Síðan lét Óláfr konungr kalla Hárek á tal við sik ok bauð honum at skírask; Hárekr mælti í móti; þetta tala þeir konungr ok Hárekr marga daga, stundum fyrir mǫrgum  
 35 mǫnnum, en stundum í einmæli, ok kœmr hér ekki ásamt. En at lykðum segir konungr Háreki: »nú skaltu fara heim, ok vil ek ekki granda þér fyrst; heldr þat til, at frændsemi er mikil milli okkar ok þat annat, at þú munt kalla, at ek hafa með svikum fengit þik, en vit þat til sannz, at ek ætla mér í sumar at koma norðr

þannug ok vitja yðar Háleygjanna; skuluð þér þá vita, hvárt ek kann refsa þeim, er neita kristninni. Hárekr lét vel yfir því at hann kvæmi sem fyrst þaðan í brott. Óláfr konungr fekk Háreki skútu góða, roru á borð x. menn eða xii., lét þat skip búa sem bezt at þllum fongum; konungr fekk Háreki xxx. manna, vaskra 5 drengja ok vel búinna.

## K. 76. Dauði Eyvindar kinnrifu.

Hárekr ór Þjóttu ferr þegar í brott ór bœnum, sem fyrst mátti hann, en Haukr ok Sigurðr váru með konungi ok létu skirask báðir. Hárekr fór leið sína, þar til er hann kom heim 10 í Þjóttu. Hann sendi orð Eyvindi kinnrifu, vin sínum, ok bað svá segja honum, at Hárekr ór Þjóttu hafði funnit Óláf konung ok hafði eigi kúgask látit til þess at taka við kristni; hitt annat bað hann segja honum, at Óláfr konungr ætlar um sumarit at fara með her á hendr þeim, segir Hárekr, at þeir munu þar 15 verða varhuga við at gjalda, bað Eyvind koma sem fyrst á sinn fund. En er þessi ærendi váru borin Eyvindi, þá sér hann, at yfrin nauðsyn mun til vera, at gera þar fyrir þat ráð, at þeir verði eigi upptækir fyrir konungi. Ferr Eyvindr sem skyndiligast með léttiskútu, ok fáir menn á. En er hann kom 20 til Þjóttu, fagnar Hárekr honum vel; ok þegar skjótt ganga þeir á tal, Hárekr ok Eyvindr, annan veg frá bœnum. En er þeir hafa lítla hríð talat, þá koma þar menn Óláfs konungs, þeir er Háreki höfðu norðr fylgt, taka þá höndum Eyvind ok leiða hann til skips með sér, fara síðan í brot með Eyvind. Létta þeir eigi 25 fyrr sinni ferð, en þeir koma til Þrándheims ok finna Óláf konung í Niðarósi. Var þá Eyvindr fluttr til tals við Óláf konung. Bauð konungr honum at taka skírn sem öðrum mönnum. Eyvindr kvað þar nei við. Konungr bað hann blíðum orðum at taka við kristni ok segir honum marga skynsemi ok svá 30 byskup. Eyvindr skipaðisk ekki við þat. Þá bauð konungr honum gjafar ok veizlur stórar, en Eyvindr neitti þllu því. Þá hét konungr honum meizlum eða dauða. Ekki skipaðisk Eyvindr við þat. Síðan lét konungr bera inn munnlaug fulla af glóðum ok setja á kvið Eyvindi, ok brast brátt kviðrinn sundr. Þá 35 mælti Eyvindr: »taki af mér munnlaugina, ek vil mæla orð nokkur, áðr ek dey« — ok var svá gort. Þá spurði konungr: »viltu nú, Eyvindr, trúa á Krist?«. »Nei, segir hann, ek má

enga skírn fá, ek em einn andi, kviknaðr í mannzlíkam með fjölkyngi Finna, en faðir minn ok móðir fengu ekki fyrr barn áttæ. Síðan dó Eyvindr ok hafði verit inn fjölkungasti maðr.

K. 77. Kristnat Hálogaland.

5 En um várit eptir lét Óláfr konungr búa skip sín ok lið. Þá hafði hann sjálfr Tranann. Hafði konungr þá mikit lið ok frítt. En er hann var búinn, helt hann liðinu út eptir firði ok síðan norðr fyrir Byrðu ok svá norðr á Hálogaland, en hvar sem hann kom við land, þá átti hann þing, bauð hann þar öllu  
10 fólki at taka skírn ok rétta trú; þar þá engi maðr traust til at mæla í móti, ok kristnaðisk þá land alt, þar sem hann fór. Óláfr konungr tók veizlu í Þjóttu at Háreks; þá var hann skírðr ok alt lið hans; gaf Hárekr konungi gjafar stórar at skilnaði ok gerðisk hans maðr ok tók veizlur af konungi ok lenz mannz  
15 rétt.

K. 78. Fall Þóris hjartar.

Rauðr inn rammi er nefndr bóndi einn, er bjó í firði þeim, er Sálpti heitir, í Goðey. Rauðr var maðr stórauðigr ok hafði marga húskarlar; hann var ríkr maðr; fylgði honum mikill fjöldi  
20 Finna, þegar er hann þurpti. Rauðr var blótmaðr mikill ok mjök fjölkunnigr. Hann var vin mikill þess mannz, er fyrr var nefndr, Þórir hjörtr; váru þeir báðir hofðingjar miklir. En er þeir spurðu, at Óláfr konungr fór með her mannz sunnan um Hálogaland, þá samna þeir her at sér ok bjóða skipum út  
25 ok fá lið mikit. Rauðr hafði dreka mikinn ok gullbúin hofuð á; var þat skip xxx. at rúmatali ok mikit at því; Þórir hjörtr hafði ok mikit skip. Þeir halda liði því suðr í móti Óláfi konungi. En er þeir hittask, þá leggja þeir til orrostu við Óláf konung; varð þar mikill bardagi ok gerðisk brátt mannfall ok  
30 snøri því í lið Háleygja ok hruðusk skip þeira ok því næst sló á þá felmt ok ótta; røri Rauðr með dreka sinn út til hafs ok því næst lét hann draga segl sitt. Rauðr hafði jafnan byr, hvert er hann vildi sigla, ok var þat af fjölkyngi hans. Er þat at segja skjótast af ferð Rauðs, at hann siglði heim í Goðey.  
35 Þórir hjörtr flýði inn til landz, ok hljópu þar af skipum, en Óláfr konungr fylgði þeim, hljópu þeir ok af skipum ok ráku þá ok drápu, varð konungr þá enn fremstr sem jafnan, þá er slíkt skyldi þreyta. Hann sá, hvar Þórir hjörtr hljóp, hann var allra

manna fóthvatastr. Konungr rann eptir honum ok fylgði honum Vígi, hundr hans. Þá mælti konungr: »Vigi, tak hjörtinn«. Vígi hljóp fram eptir Þóri ok þegar upp á hann. Þórir nam stað við. Þá skaut konungr kesju at Þóri; Þórir lagði sverði til hundzins ok veitti honum sár mikit, en jamskjótt fló kesja 5 konungsins undir hǫnd Þóri, svá at út stóð um aðra síðuna; lét Þórir þar líf sitt, en Vígi var borinn sárr til skipa. Óláfr konungr gaf grið ǫllum mǫnnum þeim, er báðu ok kristni vildu taka.

K. 79. Ferð Óláfs konungs til Goðeyja.

10

Óláfr konungr helt liði sínu norðr með landi ok kristnaði alt fólk, þar sem hann fór. En er hann kom norðr at Sálpti, ætlaðisk hann at fara inn í fjörðinn ok finna Rauð, en hregg veðrs ok stakastormr lá innan eptir firði, ok lá konungr þar til viku ok helzk it sama hreggviðri innan eptir firði, en it ýtra 15 var blásandi byrr at sigla norðr með landi; siglði þá konungr alt norðr í Ǫmð, ok gekk þar alt fólk undir kristni. Síðan snýr konungr ferð sinni aptr suðr. En er hann kom norðan at Sálpti, þá var hregg út eptir firði ok sjádrif. Konungr lá þar nokkurar nætr, ok var veðr it sama. Þá talaði konungr við Sigurð byskup 20 ok spurði eptir, ef hann kynni þar nokkut ráð til leggja. Byskup segir, at hann myndi freista, ef guð vill sinn styrk til leggja, at sigra þenna fjándakrapt.

K. 80. Frá Sigurði byskup.

Sigurðr byskup tók allan messuskrúða sinn ok gekk fram í 25 stafn á konungsskipi, lét tendra kerti ok bar reykelsi, setti röðukross upp í stafninn, las þar guðspjall ok margar bœnir aðrar, stækði vígðu vatni um alt skipit. Síðan bað hann taka af tjöldin ok róa inn á fjörðinn. Konungr lét þá kalla til annarra skipa, at allír skyldu róa eptir honum. En er róðr var greiddr á 30 Trǫnunn, þá gekk hon inn á fjörðinn, ok kendu þeir engan vind á sér, er því skipi røru, ok svá stóð toptin eptir í varrsímanum, at þar var logn, en svá laus sjárokan brot frá hvárn tveggja veg, at hvergi sá fjöllin fyrir. Røri þá hvert skip eptir ǫðru þar í logninu; fóru þeir svá allan dag ok eptir um nóttina, kómu lítlu 35 fyrir dag í Goðeyjar. En er þeir kómu fyrir bæ Rauðs, þá flaut þar fyrir landi dreki hans sá inn mikli. Óláfr konungr gekk þegar upp til bæjarins með lið sitt, veittu þar atgöngu lopti því, er

Rauðr svaf í, ok brutu upp, hljópu menn þar inn; var þá Rauðr handtekinn ok bundinn, en drepnir þeir menn aðrir, er þar váru inni, en sumir handteknir. Þá gengu konungsmenn at skála þeim, er húskarlar Rauðs sváfu í; váru þar sumir drepnir, en sumir bundnir, sumir barðir. Lét þá konungr leiða Rauð fyrir sik, bauð honum at láta skírask, — »mun ek þá, segir konungr, ekki taka af þér eigu þína, vera heldr vin þinn, ef þú kant til gæta«. Rauðr æpði á móti því, segir, at aldri skyldi hann á Krist trúa, ok guðlastaði mjök. Konungr varð þá reiðr ok sagði, at Rauðr skyldi hafa inn versta dauða. Þá lét konungr taka hann ok binda opinn á slá eina, lét setja kefli á millum tanna honum ok lúka upp svá munninn; þá lét konungr taka l yngorm einn ok bera at munnni honum, en ormrinn vildi eigi í munninn ok hrökðisk frá í brot, þvíat Rauðr blés í móti honum. Þá lét konungr taka hvannjólatrumbu ok setja í munn Rauð, en sumir menn segja, at konungr léti taka lúðr sinn ok setja í munn honum ok lét þar í orminn, lét bera útan at slájárn glóanda; hrökðisk þá ormrinn í munn Rauð ok síðan í hálsinn ok skar út um síðuna; lét Rauðr þar líf sitt. Óláfr konungr tók þar ófa mikit fé í gulli ok silfri ok ǫðru lausafé í vápnum ok margs konar dýrgripum; en menn alla, þá er fylgt hǫfðu Rauð, lét konungr skíra, en þá, er þat vildu eigi, lét hann drepa eða kvelja. Þá tók Óláfr konungr dreka, er Rauðr hafði átt, ok stýrði sjálfr, þvíat þat var miklu meira skip ok fríðara, en Traninn, fram var á drekahǫfuð, en aprtr krókr ok fram af sem sporðr ok hvártveggi svírinn ok allr stafninn var með gulli lagðr; þat skip kallaði konungr Orminn, þvíat þá er segl var á lopti, skyldi þat vera fyrir vængi drekans; var þetta skip fríðast í Nóregi ǫllum. Eyjar þær, er Rauðr byggði, heita Gylling ok Hæring, en allar saman heita þær Goðeyjar, ok Goðeyjastraurm fyrir norðan, milli ok meginlandz. Óláfr konungr kristnaði fjórð þann allan, ferr síðan leið sína suðr með landi, ok varð í þeiri ferð mart þat, er í frásögn er fœrt, er tröll ok illar véttir glettusk við menn hans ok stundum við hann sjálfan. En vér viljum heldr rita um þá atburði, er Óláfr konungr kristnaði Nóreg eða ǫnnur þau lönd, er hann kom kristni á. Óláfr konungr kom líði sínu þat sama haust í Prándheim ok helt til Niðaróss ok bjó sér þar til vetrsetu. — Þat vil ek nú næst rita láta, at segja frá íslenzkum mönnum. —

K. 81. Frá Íslendingum.

Þetta sama haust kómu til Niðaróss útan af Íslandi Kjartan Ólafsson, Høskullzsonar, ok dótturson Egils Skallagrímssonar, er einn hefir kallaðr verit mannvænstr maðr þeira, er fœzk hafi á Íslandi. Þar var þá ok Haldórr, sonr Guðmundar á Møðruvøllum, 5 ok Kolbeinn, sonr Þórðar Freysgoða, bróðir Brennu-Flosa, fjórði Svertingr, sonr Rúnólfs goða. Þessir vóru allir heiðnir ok margir aðrir, sumir ríkir en sumir óríkir; þá kómu ok af Íslandi gofgir menn, er kristni høfðu tekit af Pangbrandi, Gizurr hvíti, sonr Teits Ketilbjarnarsonar, en móðir hans var Alof, dóttir Bøðvars 10 hersis Víkinga-Kárasonar; bróðir Bøðvars var Sigurðr, faðir Eiríks bjóðaskalla, föður Ástríðar, móður Óláfs konungs. Hjalti hét einn íslenzkr maðr Skeggjason; hann átti Vilborgu, dóttur Gizurar hvíta. Hjalti var ok kristinn, ok tók Óláfr konungr feginsamliga við þeim mágum, Gizuri ok Hjalta, ok vóru þeir 15 með honum. En þeir íslenzkir menn, er fyrir skipum réðu ok heiðnir vóru, þá leituðu þeir til brautsiglingar, þegar konungr var í bœnum, þvíat þeim var sagt, at konungr nauðgaði alla menn til kristni, en veðr gekk í þrá þeim ok rak þá apr undir Niðarhólm; þeir réðu þar fyrir skipum Þórarinn Nefjólfsson, 20 Hallfrøðr skáld Óttarsson, Brandr inn orvi, Þorleikr Brandzson. Þetta var sagt Óláfi konungi, at Íslendingar vóru þar nokkurum skipum ok heiðnir allir ok vildu flýja fund konungs. Þá sendi konungr menn til þeira ok bannaði þeim braut at halda, bað þá leggja inn til bæjar, ok gerðu þeir svá ok báru ekki af skipum 25 sínum.

K. 82. Skírðir Íslendingar.

Þá kom Mikjálsmessa; lét konungr þá halda mjök, lét syngva messu hátíðliga. Íslendingar gengu til ok hlýddu song fögrum ok kluknahljóði. En er þeir kómu til skipa sinna, sagði 30 hverr þeira, hvernug líkat hafði atferð kristinna manna. Kjartan lét vel yfir, en flestir aðrir løstuðu, en þat er, sem mælt er, at mörg eru konungs eyru; var konungi þetta sagt; þá gerði hann þegar um daginn mann eptir Kjartani ok bað hann koma til sín. Kjartan gekk til konungs með nokkura menn; fagnaði hann 35 honum vel. Kjartan var allra manna mestr ok fríðastr ok vel orði farinn. En er þeir konungr høfðu fám orðum við skipzk,

þá bauð konungr Kjartani at taka við kristni. Kjartan segir, at hann vill því eigi níta, ef hann skal þá hafa vináttu konungs. Konungr heitr honum vináttu sinni fullkominni, ok semja þeir konungr þetta sáttmál milli sín. Annan dag eptir var Kjartan  
 5 skírðr ok Bolli Þorláksson frændi hans ok alt fǫruneyti þeira; var Kjartan ok Bolli í boði konungs, meðan þeir váru í hvítaváðum, ok var konungr allkærr til þeira.

### K. 83. Skírðr Hallfrøðr vandræðaskáld.

Óláfr konungr gekk einn dag úti á stræti, en menn nokkurir  
 10 gengu í móti þeim, ok sá, er fyrstr gekk, fagnaði konungi. Konungr spurði þann mann at nafni, sá nefndisk Hallfrøðr. Þá mælti konungr: »ertu skáldit?«. Hann segir :»kann ek yrkja«. Þá mælti konungr: »þú munt vilja taka kristni ok gerask síðan minn maðr«. Hann segir: »kostr skal á því vera, at ek mun  
 15 skírask, ef þú, konungr, veitir mér sjálfr guðsifjar; af engum manni øðrum vil ek þat þiggja«. Konungr segir: »ek vil þat gera«. Var þá Hallfrøðr skírðr ok helt konungr honum undir skírn. Síðan spurði konungr Hallfrøð: »viltu nú gerask minn maðr?«. Hallfrøðr segir: »ek var fyrr hirðmaðr Hákonar jarls;  
 20 nú vil ek ekki gerask þér handgenginn ok engum øðrum hǫfðingjum, nema þú heitir mér því, at mik hendi enga þá hluti, er þú rekir mik frá þér«. »Svá at einu er mér sagt, segir konungr, frá þér, Hallfrøðr, at þú ert ekki svá vitr eða spakr, at mér er ørvænt, at þú gerir þá hluti, er ek vil fyrir engan mun við sœma.«  
 25 »Dreptu mik þá« segir Hallfrøðr. Konungr mælti: »þú ert vandræðaskáld, en minn maðr skaltu nú vera«. Hallfrøðr svarar: »hvat gefr þú, konungr, mér at nafnfesti, ef ek skal heita vandræðaskáld?«. Konungr gaf honum sverð, ok fylgði engi umgerð. Konungr mælti: »yrk nú vísu um sverðit ok lát sverð  
 30 vera í hverju vísuorði«. Hallfrøðr kvað:

156. Eitt es sverð, þats, sverða,	muna vansverðat verða,
sverðauðgan mik gerði,	(verðr emk þriggja sverða)
fyr svipnjǫrðum sverða	jarðar hljótr, ef yrði
sverðótt mun nú verða;	umbgerð at því sverði.

35 Þá fekk konungr honum umgerð. Af Hallfrøðar kvæðum tókum vér vísendi ok sannendi, þat er þar er sagt frá Óláfi konungi Tryggvasyni.

## K. 84. Skírðir Íslendingar.

Þetta sama haust kom Þangbrandr prestur af Íslandi til Óláfs konungs ok segir sínar farar eigi sléttar, segir, at Íslendingar höfðu gørt nið um hann, en sumir vildu drepa hann, ok lét enga ván, at þat land myndi kristit verða. Óláfr konungr varð svá 5 öðr ok reiðr, at hann lét blása öllum íslenzkum mönnum saman, þeim er þar váru í böenum, ok mælti síðan, at alla skyldi drepa. En Kjartan ok Gizurr ok Hjalti ok aðrir þeir, er þá höfðu við kristni tekit, gengu til hans ok mæltu: »eigi muntu, konungr, vilja ganga á bak orðum þínum, þvíat þú mælir svá, at engi 10 maðr skal svá mikit hafa gørt til reiði þinnar, at eigi viltu þat upp gefa þeim, er skírask vilja ok láta af heiðni. Nú vilja þessir allir íslenzkir menn, er hér eru nú, skírask láta, en vér munum finna bragð þat til, er kristni mun við gangask á Íslandi; eru hér margir ríkra manna synir af Íslandi, ok munu feðr þeira 15 mikit liðsinni veita at þessu máli. En Þangbrandr fór þar, sem hér með yðr, með ofstopa ok manndráp, ok þolðu menn honum þar ekki slíkt«. Tók þá konungr at hlýða á slíkar ræður; váru þá skírðir allir íslenzkir menn, þeir sem þar váru þá.

## K. 85. Frá íþróttum Óláfs konungs.

20

Óláfr konungr var mestr íþróttamaðr í Nóregi, þeira, er menn hafa frá sagt, um alla hluti; hverjum manni var hann sterkari ok fimari, ok eru þar margar frásagnir ritaðar um þat; ein sú, er hann gekk í Smalsarhorn ok festi skjöld sinn í ofanvert bjargit, ok enn þat, er hann hjalp hirðmanni sínum, þeim 25 er áðr hafði klifit bjargit, svá at hvárki mátti komask upp né ofan, en konungr gekk til hans ok bar hann undir hendi sér ofan á jöfnu. Óláfr konungr gekk eptir árum útbyrðis, er menn hans røru á Orminum, ok hann lék at þrimr handsöxum, svá at jafnan var eitt á lopti, ok hendi æ meðalkaflann. Hann vá 30 jafnt báðum höndum ok skaut ii. spjótum senn. Óláfr konungr var allra manna glaðastr ok leikinn mjök, blíðr ok litillátr, ákafamaðr mikill um alla hluti, stórgjöfull, sundrgerðamaðr mikill, fyrir öllum mönnum um frækneik í orrostum, allra manna grimmastr, þá er hann var reiðr, ok kvalði óvini sína mjök, suma 35 brendi hann í eldi, suma lét hann ólma hunda rífa í sundr, suma lemja eða kasta fyrir hábjörg. Váru af þeim sökum vinir hans



ástúðgir við hann, en óvinir hans hræddusk við hann; var því mikil framkvæmd hans, at sumir gerðu hans vilja með blíðu ok vináttu, en sumir fyrir hræzlu sakir.

K. 86. Skírðr Leifr Eiríksson.

5 Leifr, sonr Eiríks rauða, þess er fyrstr byggði Grænland, var þetta sumar kominn af Grænlandi til Nóregs; fór hann á fund Óláfs konungs ok tók við kristni ok var um vetrinn með Óláfi konungi.

K. 87. Fall Guðrøðar konungs.

10 Guðrøðr, sonr Eiríks blóðæxar ok Gunnhildar, hafði verit í hernaði í vestríondum, síðan er hann flýði land fyrir Hákon jarli. En á þessu sumri, er nú er áðr frá sagt, þá er Óláfr konungr Tryggvason hafði iiii. vetr ráðit fyrir Nóregi, þá kom Guðrøðr til Nóregs ok hafði mörq herskip; hann hafði þá sigt  
15 út af Englandi, ok er hann kom í landván við Nóreg, þá stefndi hann suðr með landinu, þangat er honum var minni ván fyrir Óláfs konungs; siglir Guðrøðr suðr til Víkinnar. En þegar er hann kom til landz, tók hann at herja ok brjóta undir sik landz-fólk, en beiddi sér viðtöku. En er landzmenn sá, at herr mikill  
20 var kominn á hendr þeim, þá leita menn sér griða ok sætta ok bjóða konungi, at þingboð skyli fara yfir land ok bjóða honum heldr viðtöku en þola her hans, ok váru þar lögð frest á, meðan þingboð færi yfir. Krafði þá konungr vistagjaldz, meðan sú biðandi skyldi vera. En bændr kjósa hinn kost heldr, at búa  
25 konungi veizlur þá stund alla, er hann þurfti, til þess, ok tók konungr þann kost, at hann fór um land at veizlum með sumt lið sitt, en sumt gætti skipa hans. En er þetta spyrja þeir brøðr, Hyrningr ok Þorgeirr, mágar Óláfs konungs, þá samna þeir sér liði ok ráða sér til skipa, fara síðan norðr í Víkina ok koma  
30 á einni nótt með liði sínu, þar sem Guðrøðr konungr var á veizlu, veita þar atgöngu með eldi ok vápnum; fell þar Guðrøðr konungr ok flest alt liðit hans, en þat, er á skipunum hafði verit, var sumt drepit, en sumt komsk undan ok flýði víz vegar. Váru þá dauðir allir synir Eiríks ok Gunnhildar.

35 K. 88. Gorr Ormrinn langi.

Þann vetr eptir, er Óláfr konungr hafði komit af Hálogalandi, lét hann reisa skip mikit inn undir Hlaðhómrum, þat er

meira var miklu, en þannur þau skip, er þá váru í landinu, ok eru enn þar bakkastokkar þeir, svá at sjá má. Þorbergr skafhogg er nefndr sá maðr, er stafnasmíðr var at skipinu, en þar váru margir aðrir at, sumir at fella, sumir at telgja, sumir saum at slá, sumir til at flytja við. Váru þar allir hlutir vandaðir 5 mjök til; var skipit bæði langt ok breitt ok borðmikit ok stórviðat. En er þeir báru skipit borði, þá átti Þorbergr nauðsynjaærendi at fara heim til bús síns ok dvalðisk þar mjök lengi. En er hann kom aptr, þá var skipit fullborða. Fór konungr þegar um kveldit ok Þorbergr með honum ok sjá þá skipit, 10 hvernug orðit sé, ok mælti hverr maðr, at aldri hefði sét langskip jammikit eða jamfrítt. Ferr þá konungr aptr í bæinn. En snimma eptir um morgininn ferr konungr enn til skipsins ok þeir Þorbergr; váru þá smíðar þar áðr komnir, stóðu þeir allir ok höfðusk ekki at. Konungr spurði, hví þeir færi svá. Þeir 15 segja, at spilt var skipinu ok maðr myndi gengit hafa frá framstafni til lyptingar ok sett í borðit ofan hvert skýlihoggg at öðru. Gekk konungr þá til ok sá, at satt var, mælti þegar ok svarði um, at sá maðr skyldi deyja, ef konungr vissi, hverr fyrir ofundar sakir hefði spilt skipinu — »en sá, er mér kann 20 þat segja, skal mikil gæði af mér hljóta«. Þá segir Þorbergr: »ek mun kunna segja yðr, konungr, hverr þetta verk mun gørt hafa«. »Mér er eigi þess at öðrum manni meiri ván, segir konungr, at þetta happ myni henda, en at þér, at verða þess viss ok kunna mér segja«. »Segja mun ek þér, konungr, segir hann, 25 hverr gørt hefir — ek hefi gørt«. Þá svarar konungr: »þá skaltu bæta svá, at jamvel sé, sem áðr var; þar skal líf þitt við liggja«. Síðan gekk Þorbergr til ok tegði borðit, svá at öll gengu ór skýlihoggin. Konungr mælti þá ok allir aðrir, at skipit væri miklu fríðara á þat borð, er Þorbergr hafði skorit; 30 það konungr hann þá svá gera á bæði borð ok það hann hafa mikla þökk fyrir. Var þá Þorbergr höfuðsmíðr fyrir skipinu, þar til er gørt var; var þat dreki ok gørr eptir því, sem Ormr sá, er konungr hafði haft af Hálogalandi, en þetta skip var miklu meira ok at öllum hlutum meir vandat; þat kallaði hann Orm 35 inn langa, en hinn Orm inn skamma. Á Orminum langa váru iiii. rúm ok xxx. Höfuðin ok krókrinn var alt gullbúit; svá váru há borðin, sem á hafskipum. Þat hefir skip verit bezt gørt ok með mestum kostnaði í Nóregi.

## K. 89. Frá Eiríki jarli Hákonarsyni.

Eiríkr jarl Hákonarson ok bræðr hans ok margir aðrir gofgir frændr þeira fóru af landi á brot eptir fall Hákonar jarls. Fór Eiríkr jarl austr í Svíþjóð á fund Óláfs Svía-konungs ok 5 fengu þeir þar góðar viðtökur. Veitti Óláfr konungr þar jarli friðland ok veizlur stórar, svá at hann mátti þar vel halda sik í landi ok lið sitt; þess getr Þórðr Kolbeinsson:

157. Meinrennir, brá (manna) — — —

158. Hafði sér við særi — — —

10 Lið mikit sótti af Nóregi til Eiríks jarls, þat er landflóttá varð fyrir Óláfi konungi Tryggvasyni. Tók Eiríkr jarl þá þat ráð, at hann réð sér til skipa ok fór í hernað at fá sér fjár ok liði sínu. Hann helt fyrst til Gotlandz ok lá þar við lengi um sumarit ok sætti kaupskipum, er siglðu til landzins, eða víkingum, 15 stundum gekk hann upp á landit ok herjaði þar víða með sjánum; svá segir í Bandadrápu:

159. Mærr vann miklu fleiri

malmhríð jofurr síðan

(eðr frógum þat) aðra;

20 Eirekr und sik geira.

þás garð-Váli gerði

Gotlands vala strandir

Virvils vítt of herjat.

veðrmildr ok semr hildi.

Síðan siglði Eiríkr jarl suðr til Vindlandz ok hitti hann fyrir Staurinum víkingaskip nokkur ok lagði til orrostu við þá; þá fekk Eiríkr jarl sigr en drap víkingana; svá segir í Bandadrápu:

160. Stýrir lét at Stauri

25 stafnviggs hofuð liggja

(gramr vélti svá) gumna;

gunnblíðr ok ræðr síðan.

sleit at sverða móti

svorð víkinga hørðu

unda mór fyr eyri.

jarl goðvörðu hjarli.

## K. 90. Hernaðr Eiríks í Austrveg.

30 Eiríkr jarl siglði um haustit aptr til Svíþjóðar ok var þar vetr annan. En at vári bjó jarl her sinn ok siglði síðan í Austrveg; en þá er hann kom í ríki Valdamars konungs, tók hann at herja ok drepa mannfólkit ok brenna alt þar sem hann fór, ok eyddi landit. Hann kom til Aldeigjuborgar ok settisk 35 þar um, þar til er hann vann staðinn, drap þar mart fólk, en braut ok brendi borgina alla, ok síðan fór hann víða herskildi um Garðaríki; svá segir í Bandadrápu:

161. Oddhríðar fór eyða

(óx hríð at þat) síðan

logfágandi (lögðis)

land Valdamars brandi;

Aldeigju brauzt, ægir sú varð hildr með hólðum  
(oss numnask skil) gumna; hørð; komt austr í Garða.

Eiríkr jarl var í þessum hernaði öllum samt v. sumur, en er hann kom ór Garðaríki, fór hann herskildi um alla Aðalsýslu ok Eysýslu, ok þar tók hann iiiii. víkingaskeiðr af Dønnum ok drap 5 alt af, svá segir í Bandadrápu:

162. Frák, hvar fleina sævar	163. Öttuð hjaldr, þars hólðar,	
fúrherðir styr gerði	hlunnviggs, í bý runnu,	
endr í eyja sundi;	gætinjörðr, við Gauta;	
Eirekr und sik geira;	gunnbliðr ok ræðr síðan.	10
hrauð fúrgjafall tíjorar	herskildi fór hildar	
folkmeiðr Dana skeiðar	(hann þverði frið mǫnnum)	
(vér frógum þat) vága.	óss of allar sýslur.	
veðrmildir ok semr hildi.	jarl goðvörðu hjarli.	

Eiríkr jarl fór til Danmarkar, þá er hann hafði einn vetr verit 15 í Svíaveldi; hann fór á fund Sveins tjúguskeggs Dana-konungs ok bað til handa sér Gyðu, dóttur hans, ok var þat at ráði gort; fekk þá Eiríkr jarl Gyðu; vetri síðarr áttu þau son, er Hákon hét. Eiríkr jarl var á vetrum í Danmörk, en stundum í Svíaveldi, en í hernaði á sumrum. 20

K. 91. Kvánfang Sveins konungs.

Sveinn Dana-konungr tjúguskegg átti Gunnhildi, dóttur Búrizláfs Vinða-konungs. En í þenna tíma, sem nú var áðr frá sagt, var þá þat til tíðenda, at Gunnhildr drótning tók sótt ok andaðisk, en lítlu síðarr fekk Sveinn konungr Sigríðar innar 25 stórráðu, dóttur Skoqlar-Tósta, móður Óláfs ins scenska, Svía-konungs. Tóksk þar þá með tengðum konunga kærleikar ok með öllum þeim Eiríki jarli Hákonarsyni.

K. 92. Kvánfang Búrizláfs konungs.

Búrizláfr Vinða-konungr kærði mál þat fyrir Sigvalda jarli, 30 mági sínum, at sættargörð sú var rofin, er Sigvaldi jarl hafði gort milli Sveins konungs ok Búrizláfs konungs. Búrizláfr konungr skyldi fá Þyri Haraldsdóttur, systur Sveins konungs, en þat ráð hafði ekki fram gengit, þvíat Þyri setti þar þvert nei fyrir, at hon myndi giptask vilja heiðnum manni ok gömlum. Nú segir 35 Búrizláfr konungr jarli, at hann vili heimta þann máldaga ok bað jarl fara til Danmerkr ok hafa Þyri drótningu til sín. Sigvaldi jarl lagðisk þá ferð eigi undir höfuð ok ferr á fund Sveins Dana-

konungs ok berr þetta mál fyrir hann, ok kœmr jarl svá fortölum  
 sínum, at Sveinn konungr fær í hendr honum Þyri, systur sína,  
 ok fylgðu henni konur nokkurar ok fóstfræðir hennar, er nefndr  
 er Qzurr Agason, ríkr maðr, ok nokkurir menn aðrir. Kom þat  
 5 í einkamál með konungi ok jarli, at eignir þær í Vindlandi, er átt  
 hafði Gunnhildr drótning, skyldi þá hafa Þyri til eiginorðz ok þar  
 með aðrar stórar eignir í tilgjöf sína. Þyri grét sárliga ok fór  
 mjök nauðig. En er þau jarl kómu í Vindland, þá gerði Búrizláfr  
 konungr brullaup sitt ok fekk Þyri drótningar. En er hon var  
 10 með heiðnum monnum, þá vildi hon hvárki þiggja mat né drykk  
 af þeim, ok fór svá fram vii. nætr. En þá var þat á einni nótt, at  
 Þyri drótning ok Qzurr hljópusk í brot í náttmyrkri ok til skógar.  
 Er þat skjótast frá þeira ferð at segja, at þau koma fram í Dan-  
 mörk, ok þorir Þyri þar fyrir engan mun at vera fyrir þá sök, at  
 15 hon veit, ef Sveinn konungr spyr, bróðir hennar, til hennar þar,  
 at hann mun skjótt senda hana aptr til Vindlandz. Fara þau alt  
 hulðu hofði, þar til er þau koma í Nóreg. Létti Þyri ferðinni eigi  
 fyrr, en þau koma á fund Óláfs konungs; tók hann við þeim vel  
 ok váru þau þar í góðum fagnaði; segir Þyri konungi alt um sín  
 20 vandræði ok biðr hann hjálpræða, biðr sér friðar í hans ríki. Þyri  
 var kona orðsnjöll ok virðisk konungi vel ræður hennar, sá hann,  
 at hon var fríð kona, ok kœmr í hug, at þetta myni vera gott  
 kvánfang, ok víkr þannug ræðunni, spyr, ef hon vill giptask  
 honum. En svá sem þá var hennar ráði komit, þótti henni vandí  
 25 mikill ór at ráða, en í annan stað sá hon, hversu farsæligt gjaforð  
 þetta var, at giptask svá ágætum konungi, ok það hann ráða fyrir  
 sér ok sínu ráði. Ok svá sem um þetta var talat, þá fekk Óláfr  
 konungr Þyri drótningar. Þetta brullaup var gort um haustit, þá  
 er konungr hafði komit norðan af Hálogalandi. Var Óláfr  
 30 konungr ok Þyri drótning í Niðarósi um vetrinn. En eptir um  
 várit þá kærði Þyri drótning opt fyrir Óláfi konungi ok grét  
 sárliga þat er eignir hennar váru svá miklar í Vindlandi, en hon  
 hafði eigi fjárhlut þar í landi, svá sem drótningu sœmði, stundum  
 það hon konung fögurum orðum, at hann skyldi fá henni eign sína,  
 35 segir, at Búrizláfr konungr var svá mikill vin Óláfs konungs,  
 at þegar, er þeir fynnsk, myndi konungr fá Óláfi konungi alt þat,  
 er hann beiddisk. En er þessar ræðu urðu varir vinir Óláfs  
 konungs, þá létu allir konung þessarrar farar. Svá segir, at þat  
 var einn dag snimma um várit, at konungr gekk eptir stræti, en  
 40 við torg gekk maðr í móti honum með hvannir margar ok undar-

liga stórar þann tíma várs. Konungr tók einn hvannnjóla mikinn í hönd sér ok gekk heim til herbergis Þyri drótningar. Þyri sat inn í stofunni ok grét, er konungr kom inn. Konungr mælti: »sé hér hvannjóla mikinn, er ek gef þér«. Hon laust við hendinni ok mælti: »størrum gaf Haraldr Gormsson, en miðr æðraðisk 5 hann at fara af landi ok sækja eign sína, en þú gerir nú, ok reyndisk þat þá, er hann fór hingat í Nóreg ok eyddi mestan hlut landz þessa, en eignaðisk alt at skyldum ok sköttum, en þú þorir eigi at fara í gögnum Danaveldi fyrir Sveini konungi, bróður mínum«. Óláfr konungr hljóp upp við, er hon mælti 10 þetta, ok mælti hátt ok svarði við: »aldri skal ek hræddr fara fyrir Sveini konungi, bróður þínum, ok ef okrir fundir verða, þá skal hann fyrir láta«.

#### K. 93. Útboð Óláfs konungs.

Óláfr konungr stefndi þing í bænum lítlu síðarr. Hann gerði 15 þá bert fyrir allri alþýðu, at hann mun leiðangr hafa úti um sumarit fyrir landi, ok hann vill nefnd hafa ór hverju fylki bæði at skipum ok liði, segir þá, hversu mǫrg skip hann vill þaðan hafa ór firðinum. Síðan gerir hann orðsending bæði norðr ok suðr með landi it ýtra ok it øfra ok lætr liði út bjóða. Óláfr 20 konungr lætr þá setja fram Ormynn langa ok öll önnur skip sín, bæði stór ok smá, stýrði hann sjálfr Orminum langa. Ok þá er menn váru þar ráðnir til skipanar, þá var þar svá mjök vandat lið ok valit, at engi maðr skyldi vera á Orminum langa ellri en sextøgr eða yngri en tvítøgr, en valðir mjök at afli ok hreysti. 25 Þar váru fyrst til skoraðir hirðmenn Óláfs konungs, þvíat þat var valit af innanlandzmonnum ok útanlandz alt þat, er sterkast var ok frœknast.

#### K. 94. Manntal á Orminum.

Ulfr rauði hét maðr, er bar merki Óláfs konungs ok í stafni 30 var á Orminum, ok annarr Kolbjörn stallari, Þorsteinn oxafótr, Víkarr af Tiundalandi, bróðir Arnljóts gellina. Þessir váru á rausninni í soxum: Vakr elfski Raumason, Bersi inn sterki, Án skyti af Jamtalandi, Práendr rammi af Pelamörk ok Öpyrmir, bróðir hans, þeir Háleygir: Práendr skjálgi, Ögmundr sandi, 35 Hlødvir langi ór Saltvík, Hárekr hvassi; þeir innan-Þrændir: Ketill hávi, Þorfinnr eisli, Hávarðr ok þeir bræðr ór Orkadal. Þessir váru í fyrirrúmi, Björn af Stuðlu, Þorgímur ór Hvini

Þjóðólfsson, Asbjörn ok Ormr, Þórðr ór Njarðarlaug, Þorsteinn hvíti af Oprostodum, Arnórr mærski, Hallsteinn ok Þorkr ór Fjörðum, Eyvindr snákr, Bergdórr bestill, Hallkell af Fjølum, Óláfr drengr, Arnfinnr sygnski, Sigurðr bíldr, Einarr hǫrski ok  
 5 Finn, Ketill rygski, Grjótgarðr rǫskvi. Þessir váru í krapparúmi: Einarr þambarskelfir; hann þótti þeim eigi blutgengr, þvíat hann var xviii. vetra; Hallsteinn Hlífarson, Þórolfr, Ívarr smetta, Ormr skógarnef — ok margir aðrir menn, mjök ágætir, váru á Orminum, þótt vér kunnim eigi nefna; viii. menn váru í hálfrymi  
 10 á Orminum ok var valit einum manni ok einum; xxx. váru í fyrirrúmi. Þat var mál manna, at þat mannval, er á Orminum var, bar eigi minna af ǫðrum monnum um friðleika ok afl ok fræknleik, en Ormrinn af ǫðrum skipum. Þorkell nefja, bróðir konungs, stýrði Orminum skamma; Þorkell dyðrill ok Jósteinn,  
 15 móðurbroedr konungs, hǫfðu Tranann, ok var hvártveggja þat skip allvel skipat. Ellifu stórskip hafði Óláfr konungr ór Þrándheimi ok umfram tvítǫgssessur ok smæri skip.

#### K. 95. Kristnat Ísland.

En er Óláfr konungr hafði mjök búit lið sitt ór Niðarósi, þá  
 20 skipaði hann monnum um ǫll Þrændalǫg í sýslur ok ármenningar; þá sendi hann til Íslandz Gizur hvíta ok Hjalta Skeggjason, at boða kristni á Íslandi, ok fekk með þeim prest þann, er Þormóðr er nefndr, ok fleiri vígða menn, en hafði eptir með sér í gisling  
 25 Haldór Guðmundarson, Kolbein Þórðarson, Sverting Rúnólfsson. Ok er þat sagt af ferð þeira Gizurar ok Hjalta, at þeir kómu til Íslandz fyrir alþingi ok fóru til þings, ok á því þingi var kristni í lög tekin á Íslandi, ok þat sumar var skírt alt mannfólk.

#### K. 96. Kristnat Grœnland.

Óláfr konungr sendi ok þat sama vár Leif Eiríksson til  
 30 Grœnlandz, at boða þar kristni, ok fór hann þat sumar til Grœnlandz; hann tók í hafi skipsǫgn þeira manna, er þá váru ófærir ok lágu á skipsflaki, ok þá fann hann Vínland it góða ok kom um sumarit til Grœnlandz ok hafði þannug með sér prest ok kenni-  
 35 menn ok fór til vistar í Brattahlíð til Eiríks, fǫður síns. Menn kǫlluðu hann síðan Leif inn hepna, en Eiríkr faðir hans sagði, at þat var samskulda, er Leifr hafði borgit skipsǫgn manna ok þat, er hann hafði flutt skémanninn til Grœnlandz; þat var prestr.

## K. 97. Ferð Óláfs konungs.

Óláfr konungr fór með liði sínu suðr með landi; sóttu þá til fundar við hann vinir hans margir, ríkismenn þeir, er til ferðar váru búnir með konungi; var þar inn fyrsti maðr Erlingr Skjálgrsson, mágr hans, ok hafði hann skeið ina miklu; hon var 5 xxx. at rúmatali, ok var þat skip allvel skipat. Þá kómu ok til konungs mágar hans, Hyrningr ok Þorgeirr, ok stýrði hvártveggi miklu skipi. Margir aðrir ríkismenn fylgðu honum; hann hafði 1x. langskipa, er hann fór ór landi, ok siglði suðr fyrir Danmørk gögnum Eyrarsund, ok í þeiri ferð kom Óláfr konungr til Vind- 10 landz ok gerði stefnulag við Búrizláf konung, ok funnusk þeir konungar; töludu þeir þá um eignir þær, er Óláfr konungr heimti, ok fóru allar ræður líkliga milli konunga, ok var góðr greiðskapr um þær heimtingar, er Óláfr konungr þóttisk þar eiga. Dvalðisk Óláfr konungr þar lengi um sumarit, fann þar marga vini sína. 15

## K. 98. Frá Svía-konungi.

Sveinn konungr tjúguskegg átti þá Sigríði ina stórráðu, sem fyrr er ritit. Sigríðr var inn mesti óvin Óláfs konungs Tryggvasonar ok fann þat til saka, at Óláfr konungr hafði slitit einkamálum við hana ok lostit hana í andlit, svá sem fyrr var ritit. Hon 20 eggjaði mjök Svein konung til at halda orrostu við Óláf konung Tryggvason ok segir, at þat var ærin sök við Óláf konung, er hann hafði lagzk hjá Þyri, systur hans — »at ólofi yðru, ok myndi ekki inir fyrri frændr yðrir slíkt þola«; hafði Sigríðr drótning slíkar fortölur optliga í munni, ok kom hon svá sínum 25 fortöllum, at Sveinn konungr var fullkominn at gera þat ráð. Ok snimma um vart sendi Sveinn konungr menn austr í Svíþjóð á fund Óláfs Svía-konungs, mágs síns, ok Eiríks jarls, ok lét segja þeim, at Óláfr Nóregskonungr hafði leiðangr úti ok ætlaði at fara um sumarit til Vindlandz; fylgði þat orðsending, at Svía- 30 konungr ok jarl skyldu her úti hafa ok fara til móts við Svein konung; skyldu þeir þá allir saman leggja til orrostu við Óláf konung. En Svía-konungr ok Eiríkr jarl váru þessarrar ferðar albúnir ok drógu þá saman skipaer mikinn af Svíaveldi; fóru því liði suðr til Danmerkr ok kómu þar svá, at Óláfr konungr 35 Tryggvason hafði áðr austr siglt; þess getr Haldórr ókristni, er hann orti um Eirík jarl:



164. Út bauð jöfra hneitir           hverr vildi þá hǫlða  
 élmóðr af Svíþjóðu           hrægeitunga feitir,  
 (sunnr helt gramr til gunnar) (mór fekk) á sæ (sára  
 gunnbliks liði miklu;           syg) Eireki fylgja.
- 5 Þeir Svía-konungr ok Eiríkr jarl heldu til fundar við Dana-  
 konung ok hǫfðu þá allir saman ógrynni hers.

#### K. 99. Svíkræði Sigvalda jarls.

Sveinn konungr, þá er hann hafði sent eptir herinum, þá  
 sendi hann Sigvalda jarl til Vindlandz at njósna um ferð Óláfs  
 10 konungs Tryggvasonar ok gildra svá til, at fundr þeira Sveins  
 konungs mætti verða ok Óláfs konungs. Ferr þá Sigvaldi jarl  
 leið sína ok kom fram á Vindlandi, fór til Jómsborgar ok síðan á  
 fund Óláfs konungs Tryggvasonar. Váru þar mikil vináttumál  
 þeira á milli, kom jarl sér í inn mesta kærleik við konung. Ástríðr,  
 15 kona jarls, dóttir Búrizláfs konungs, var vin mikill Óláfs konungs,  
 ok var þat mjök af inum fyrrum tengðum, er Óláfr konungr hafði  
 átt Geiru, systur hennar. Sigvaldi jarl var maðr vitr ok ráðugr,  
 en er hann kom sér í ráðagørð við Ólaf konung, þá dvalði hann  
 mjök ferðina hans austan at sigla ok fann til þess mjök ýmsa  
 20 hluti, en lið Óláfs konungs lét geysiilla ok váru menninir mjök  
 heimfúsir, er þeir lágu albúnir, en veðr byrvæn. Sigvaldi jarl  
 fekk njón leyniliga af Danmørk, at þá var austan kominn herr  
 Dana-konungs ok Eiríkr jarl hafði þá ok búinn sinn her ok þeir  
 hǫfðingjarnir mundu þá koma austr undir Vindland ok þeir hǫfðu  
 25 á kveðit, at þeir mundu biða Óláfs konungs við ey þá, er Svǫlð  
 hét, svá þat, at jarl skyldi svá til stilla, at þeir mætti þar finna  
 Ólaf konung.

#### K. 100. Ferð Óláfs af Vindlandi.

Þá kom pati nǫkkurr til Vindlandz, at Sveinn Dana-konungr  
 30 hefði her úti, ok gerðisk brátt sá kurr, at Sveinn Dana-konungr  
 myndi vilja finna Ólaf konung, en Sigvaldi jarl segir konungi:  
 »ekki er þat ráð Sveins konungs at leggja til bardaga við þik með  
 Dana-her einn saman, svá mikinn her sem þér hafið. En ef yðr  
 er nǫkkurr grunnr á því, at ófriðr myni fyrir, þá skal ek fylgja  
 35 yðr með mínu liði, ok þótti þat enn styrkr, hvar sem Jómsvíkingar  
 fylgðu hǫfðingjum; mun ek fá þér xi. skip vel skipuð«. Konungr  
 játaði þessu. Var þá lítit veðr ok hagstöett. Lét konungr þá  
 leysa flotann ok blása til brotlögu; drögu menn þá segl sín, ok

gengu meira smáskipin öll, ok siglðu þeir undan á hafit út, en jarl siglði nær konungsskipinu ok kallaði til þeira, það konung sigla eptir sér — »mér er kunnast, segir hann, hvar djúpast er um eyjasundin, en þér munuð þess þurfa með þau in stóru skip«. Siglði þá jarl fyrir með sínum skipum; hann hafði xi. skip, en 5 konungr siglði eptir honum með sínum stórskipum. Hafði hann ok þar xi. skip, en allr annarr herrinn siglði út á hafit. En er Sigvaldi jarl siglði útan at Svøld, þá ræri í móti þeim skúta ein; þeir segja jarli, at herr Dana-konungs lá þar í hofninni fyrir þeim; þá lét jarl hlaða seglunum, ok róa þeir inn undir eyna; 10 Halldórr ókristni segir svá:

165. Eyna fór ok einu	þás húnlagar hreina
(unnviggs konungr sunnan	hafði jarl of krafða
(sverð rauð) mætr (at morði)	(sætt gekk seggja áttar
(meiðr) sjau tögum skeiða,	sundr) Skönunga fundar. 15

Hér segir, at þeir Óláfr konungr ok Sigvaldi jarl höfðu lxx. skipa ok einu meirr, þá er þeir siglðu sunnan.

#### K. 101. Frá tali konunganna.

Sveinn Dana-konungr ok Óláfr Svía-konungr ok Eiríkr jarl váru þar þá með allan her sinn. Þá var fagrt veðr ok hjart sólskin; 20 gengu þeir nú á hólminn allir höfðingjar ok sveitir með þeim ok sá, er skipin siglðu út á hafit mjök mǫrg saman, ok nú sjá þeir, hvar siglir eitt mikit skip ok glæsiligt; þá mæltu báðir konungarnir: »þetta er mikit skip ok ákafafagrt; þetta mun vera Ormr inn langi«. Eiríkr jarl svarar ok segir, at »ekki er þetta Ormr 25 inn langi«, — ok svá var sem hann sagði; þetta skip átti Eindriði af Gimsum. Litlu síðarr sá þeir, hvar annat skip siglði miklu meira en it fyrra. Þá mælti Sveinn konungr: »hræddr er Óláfr Tryggvason nú, eigi þorir hann at sigla með höfuðin á skipi sínu«. Þá segir Eiríkr jarl: »ekki er þetta konungs skip; kenni 30 ek þetta skip ok seglit, þvíat stafat er seglit; þetta er Erlingr Skjálgsson; látum sigla þá; betra er oss skarð ok missa í flota Óláfs konungs, en þetta skip þar svá búit«. En stundu síðarr sá þeir ok kendu skip Sigvalda jarls, ok viku þau þannug at hólmanum; þá sá þeir, hvar siglðu iii. skip, ok var eitt mikit 35 skip. Mælti þá Sveinn konungr, biðr þá ganga til skipa sinna, segir, at þá ferr Ormr inn langi. Eiríkr jarl segir: »mǫrg hafa þeir önnur stór skip ok glæsilig, en Orm inn langa, biðum enn«. Þá mæltu mjök margir menn: »eigi vill Eiríkr jarl nú berjask ok

hefna fœður síns; þetta er skömm mikil, svá at spyrjask mun um  
 öll lönd, ef vér liggjum hér með jammiklu liði, en Óláfr konungr  
 sigli á hafit út hér hjá oss sjálfum«. En er þeir höfðu þetta  
 talat um hríð, þá sá þeir, hvar siglðu iii. skip, ok eitt af þeim  
 5 var dreki allmikill ok mjök gullbúinn. Þá stóð upp Sveinn kon-  
 ungr ok mælti: »hátt mun Ormrinn bera mik í kveld; honum skal  
 ek stýra«. Þá mæltu margir, at Ormrinn var furðumikit skip  
 ok frítt, rausn mikil, at láta gera slíkt skip. Þá mælti Eiríkr  
 jarl, svá at nokkurir menn heyrðu: »þótt Óláfr konungr hefði  
 10 ekki meira skip en þetta, þá myndi Sveinn konungr þat aldri fá  
 af honum með einn saman Dana-her«. Dreif þá fólkit til skipanna  
 ok ráku af tjöldin. En er höfðingjar ræddu þetta milli sín, sem  
 nú er sagt, þá sá þeir, hvar siglðu iii. skip allmikil ok it ii.ii.  
 síðast, ok var þat Ormr inn langi. En þau in stóru skip, er  
 15 áðr höfðu siglt ok þeir hugðu, at Ormrinn væri, þat var it fyrra  
 Traninn, en it síðarra Ormr inn skammi. En þá er þeir sá  
 Orminn langa, kendu allir, mælti þá engi í mót, at þar myndi  
 sigla Óláfr Tryggvason, gengu þá til skipanna ok skipuðu til  
 atlögunnar. Váru þat einkamál þeira höfðingjanna, Sveins kon-  
 20 ungs ok Óláfs konungs ok Eiríks jarls, at sinn þriðjung Nóregs  
 skyldi eignask hverr þeira, ef þeir feldi Ólaf konung Tryggvason,  
 en sá þeira höfðingja, er fyrst gengi á Orminn, skyldi eignask  
 alt þat hlutskipti, er þar feksk, ok hverr þeira þau skip, er sjálfr  
 hryði. Eiríkr jarl hafði barða einn geysimikinn, er hann var  
 25 vanr at hafa í víking; þar var skegg á ofanverðu barðinu hváru  
 tveggja; en niðr frá járnspöng þykk ok svá breið sem barðit ok  
 tók alt í sjá ofan.

#### K. 102. Frá liði Óláfs konungs.

Þá er þeir Sigvaldi jarl røru inn undir hólmann, þá sá þat  
 30 þeir Þorkell dyðrill af Trananum ok aðrir skipstjórnamenn,  
 þeir er með honum fóru, at jarl snøri sínum skipum undir  
 hólmann, þá hlóðu þeir ok seglum ok røru eptir honum ok  
 kölluðu til þeira, spurðu, hví þeir fóru svá. Jarl segir, at hann  
 vill bíða Óláfs konungs — »ok er meiri ván, at ófriðr sé fyrir  
 35 oss«. Létu þeir þá fljóta skipin, þar til er Þorkell nefja kom  
 með Orminn skamma ok þau iii. skip, er honum fylgðu, ok váru  
 þeim sögð in sömu tíðendi; hlóðu þeir þá ok sínum seglum ok  
 létu fljóta ok biðu Óláfs konungs, en þá er konungrinn siglði  
 innan at hólmanum, þá røri allr herrinn út á sundit fyrir þá.

En er þeir sá þat, þá báðu þeir konunginn sigla leið sína, en leggja eigi til orrostu við svá mikinn her. Konungr svarar hátt ok stóð upp í lyptingunni: »láti ofan seglit, ekki skulu mínir menn hyggja á flótta; ek hefi aldri flýit í orrostu; ráði guð fyrir lífi mínu, en aldri mun ek á flótta leggja«. Var svá gort, 5 sem konungr mælti. Svá segir Hallfrøðr:

166. Geta skal máls þess, es mæla	baða hertryggðar hyggja	
menn at vápna sennu	hnekkir sína rekka	
dolga fangs við drengi	(þess lífa þjóðar sessa	
dáðqflgan þor kvóðu —	þróttar orð) á flótta.	10

K. 103. Lagt saman skipum Óláfs konungs.

Óláfr konungr lét blása til samloðu qllum skipum sínum; var konungsskip í miðju liði, en þar á annat borð Ormr inn skammi, en annat borð Traninn. En þá er þeir tóku at tengja stafnana, þá bundu þeir saman stafnana á Orminum langa ok 15 Orminum skamma. En er konungr sá þat, kallaði hann hátt, bað þá leggja fram betr it mikla skipit ok láta þat eigi aptast vera allra skipa í herinum. Þá svarar Úlfr inn rauði: »ef Orminn skal því lengra fram leggja, sem hann er lengri en qnnur skip, þá mun ávint verða um soxin«. Konungr segir: »eigi vissa 20 ek, at ek ætta stafnbúann bæði rauðan ok ragan«. Úlfr segir: »ver þú eigi meirr baki lyptingina en ek mun verja stafninn«. Konungr helt á boga ok lagði qr á streng ok snøri at Úlfi. Úlfr mælti: »skjót annan veg, konungr, þannug sem meiri er þorfin; þér vinn ek þat er ek vinn«. 25

K. 104. Frá Óláfi konungi.

Óláfr konungr stóð í lypting á Orminum, bar hann hátt mjok; hann hafði gyltan skjöld ok gullroðinn hjálm; var hann auðkendr frá qðrum monnum; hann hafði rauðan kyrtill stuttan utan um brynju. En er Óláfr konungr sá, at riðluðusk 30 flokkarnir ok upp váru sett merki fyrir hofðingjum, þá spurði hann: »hverr er hofðingi fyrir liði því, er gegnt oss er?«. Honum var sagt, at þar var Sveinn konungr tjúguskegg með Dana-her. Konungr svarar: »ekki hræðumk vér bleyður þær, engi er hugr í Dqnum; — en hverr hofðingi fylgir þeim 35 merkjum, er þar eru út í frá hæggra veg?«. Honum var sagt, at þar var Óláfr konungr með Svía-her. Óláfr konungr segir: »betra væri Svíum heima ok sleikja um blótbolla sína, en ganga

á Ormínn undir vápn yður. En hverir eigu þau in stóru skip, er þar liggja út á bakborða Dönum?«. »Þar er, segja þeir, Eiríkr jarl Hákonarson«. Þá svarar Óláfr konungr: »hann mun þykkjask eiga við oss skaplígan fund, ok oss er ván snarprar 5 orrostu af því líði; þeir eru Norðmenn, sem vér erum«.

## K. 105. Uphaf orrostu.

Síðan greiða konungar atróðr, lagði Sveinn konungr sitt skip móti Orminum langa, en Óláfr konungr scenski lagði út frá ok stakk stöfnum at ýzta skipi Óláfs konungs Tryggvasonar, 10 en öðrum megin Eiríkr jarl. Tóksk þar þá hörð orrosta. Sigvaldi jarl lét skotta við sín skip ok lagði ekki til orrostu. Svá segir Skúli Þorsteinsson — hann var þá með Eiríki jarli —:

167. Fylgðak Frísa dolgi	þás til móts við mæti
(fekk ungr) þars spjör sungu	malmþings í dyn hjalma
15 (nú fiðr öld, at eldumk)	sunnr fyr Svöldar mynni
(aldrbót) ok Sigvalda,	sárlauk roðinn bórum.

Ok enn segir hér frá þessum tíðendum Hallfróðr:

168. Þar hykk víst til mjök mistu	nœfr vá einn við jofra
(morg kom drótt á flóttu)	allvaldr tváa snjalla
20 gram, þanns gunni framði,	(frægt es til slíks at segja
gengis þrœnzkra drengja,	siðar) en jarl enn þriðja.

## K. 106. Flótti Sveins konungs ok Óláfs konungs.

Þessi orrosta var in snarpasta ok allmannskœð. Frambyggjar á Orminum langa ok Orminum skamma ok Trananum færðu 25 akkeri ok stafnljá í skip Sveins konungs, en áttu vápnin at bera á þá niðr undir fœtr sér; hruðu þeir öll þau skip, er þeir fengu haldit, en konungrinn Sveinn ok þat líð, er undan komsk, flýði á önnur skip, ok því næst lögðu þeir frá ór skotmáli, ok fór þessi herr, svá sem gat Óláfr konungr Tryggvason. Þá lagði 30 þar at í staðinn Óláfr Svía-konungr, ok þegar er þeir kómu nær stórskipum, þá fór þeim, sem hinum, at þeir létu líð mikit ok sum skip sín, ok lögðu frá við svá búit. En Eiríkr jarl síbyrði Barðanum við it ýzta skip Óláfs konungs ok hrauð þat ok hjó þegar þat ór tengslum, en lagði þá at því, er þar var 35 næst, ok barðisk til þess, er þat var hroðit. Tók þá líðit at hlaupa af inum smærum skipunum ok upp á stórskipin, en jarl hjó hvert ór tengslunum, svá sem hroðit var, en Danir ok Svíar lögðu þá í skotmál ok öllum megin at skipum Óláfs konungs.

En Eiríkr jarl lá ávalt síbyrt við skipin ok átti hoggorrostu, en svá sem menn fellu á skipum hans, þá gengu aðrir upp í staðinn, Danir ok Svíar. Svá segir Haldórr:

169. Gerðisk snarpra sverða,	dolgs kvóðu fram fylgja	
slitu drengir frið lengi	fráns leggbita hönnum	5
þars gollin spjör gullu,	scenska menn at sennu	
gangr of Orm enn langa;	sunnr ok danska runna.	

Þá var orrosta in snarpasta, ok fell þá mjök liðit, ok kom svá at lykðum, at öll váru hroðin skip Óláfs konungs nema Ormrinn langi; var þar þá alt lið á komit, þat er vígt var hans manna. 10 Þá lagði Eiríkr jarl Barðanum at Orminum síbyrt ok var þar hoggorrosta; svá segir Halldórr:

170. Fjörð kom heldr í harðan,	þás borðmikinn Barða	
hnitu reyr saman dreyra,	brynflagðs Reginn lagði	
tungl skörusk þá tingla	(jarl vann hjalms at holmi	15
tangar, Ormr enn langi,	hríð) við Fáfnis síðu.	

K. 107. Frá Eiríki jarli.

Eiríkr jarl var í fyrirrúmi á skipi sínu, ok var þar fylkt með skjaldborg; var þá bæði þar hoggorrosta ok spjótum lagt ok kastat öllu því, er til vápna var, en sumir skutu bogaskoti 20 eða handskoti. Var þá svá mikill vápnaburðr á Ormynn, at varla mátti hlífum fyrir sik koma, er svá þykt flugu spjót ok orvar, þvíat öllum megin lögðu herskip at Orminum. En menn Óláfs konungs váru þá svá óðir, at þeir hljópu upp á borðin til þess at ná með sverðzhoggum at drepa fólkit, en margir lögðu eigi 25 svá undir Ormynn, at þeir vildi í hoggorrostu vera. En Óláfsmenn gengu flestir út af borðunum ok gáðu eigi annars, en þeir berðisk á sléttum velli, ok sukku niðr með vápnum sínum; svá segir Hallfrøðr:

171. Sukku niðr af Naðri	vanr mun Ormr, þótt Ormi	30
(naddfár) í þøð sárir	alldýrr konungr stýri,	
(baugs gerðut við vægjask)	hvars skríðr með lið lýða,	
verkendr Heðins serkjar;	lengi slíkra drengja.	

K. 108. Frá Einari þambarskelfi.

Einarr þambarskelfir var á Orminum aptr í krapparúmi; 35 hann skaut af boga ok var allra manna harðskeytastr. Einarr skaut at Eiríki jarli ok laust í stýrishnakkann fyrir ofan hofuð jarli, ok gekk alt upp á reyrböndin; jarl leit til ok spurði, ef

þeir vissi, hverr þar skaut, en jamskjótt kom önnur or, svá nær jarli, at flaug milli síðunnar ok handarinnar ok svá aptr í höfðafjölinu, at langt stóð út broddrinn. Þá mælti jarl við þann mann, er sumir nefna Finn, en sumir segja, at hann væri finzkr, 5 — sá var inn mesti bogmaðr —: »skjóttu mann þann inn mikla í krapparúminu«. Finnur skaut, ok kom orin á boga Einars miðjan í því bili, er Einarr dró it iii. sinn bogann; brast þá boginn í ii. hluti. Þá mælti Óláfr konungr: »hvat brast þar svá hátt?«. Einarr svarar: »Nóregr ór hendi þér konungr«. »Eigi 10 mun svá mikill brestr orðinn, segir konungr, tak boga minn ok skjót af« — ok kastaði boganum til hans. Einarr tók bogann ok dró þegar fyrir odd orvarinnar ok mælti: »ofveykr, ofveykr allvaldz bogi« — ok kastaði aptr boganum, tók þá skjöld sinn ok sverð ok barðisk.

15 K. 109. Frá Óláfi konungi.

Óláfr konungr Tryggvason stóð í lypting á Orminum ok skaut optast um daginn, stundum bogaskoti, en stundum gaflokum ok jafnan tveim senn. Hann sá fram á skipit ok sá sína menn reiða sverðin ok höggva títt ok sá, at illa bitu, mælti þá 20 hátt: »hvárt reiðið þér svá slæliga sverðin, er ek sé, at ekki bita yðr?«. Maðr sagði: »sverð vár eru slæ ok brotin mjök«. Þá gekk konungr ofan í fyrirúmit ok lauk upp hásetiskistuna, tók þar ór mörg sverð hvöss ok fekk mönnum; en er hann tók niðr inni hægri hendi, þá sá menn, at blóð rann ofan undan 25 brynstúkunni; engi veit, hvar hann var sárr.

K. 110. Upganga á Orminn.

Mest var vörnin á Orminum ok mannskæðust af fyrirúmsmönnum ok stafnbúum; þar var hvártveggja valit mest mannfólkit ok hæst borðin. En er lið fell fyrst um mitt skip ok þar 30 er fátt stóð upp mannanna um sigluskeiðit, þá réð Eiríkr jarl til upgöngunnar ok kom upp á Orminn með xv. mann. Þá kom í móti honum Hyrningr, mágr Óláfs konungs, með sveit manna, ok varð þar inn harðasti bardagi, ok lauk svá, at jarl hrökk ofan aptr á Barðann, en þeir menn, er honum höfðu fylgt, fellu 35 sumir, en sumir váru særðir; þess getr Þórðr Kolbeinsson:

172. Þar vas hjalmaðs herjar	orð fekk gótt, es gerði
Hropts við dreyrgar toptir	grams vörn blóum hjörvi,
— — — — —	(höll bilar hára fjalla)
— — — — —	Hyrningr (áðr þat fyrnisk).

Þá varð enn in snarpasta orrosta, ok fellu þá margir menn á Orminum; en er þyntisk skipan á Orminum til varnarinnar, þá réð Eiríkr jarl annat sinn til upgöngu á Orminn; varð þá enn hørð viðtaka. En er þetta sá stafnbúar á Orminum, þá gengu þeir aptr á skipit ok snúask til varnar móti jarli ok veita harða 5 viðrtöku. En fyrir því, at þá var svá mjök fallit lið á Orminum, at víða váru auð borðin, tóku þá jarlsmenn víða upp at ganga. En alt þat lið, er þá stóð upp til varnar á Orminum, sótti aptr á skipit, þar til sem konungr var. Svá segir Haldórr ókristni, at Eiríkr jarl eggjaði þá sína menn: 10

173. Hét á heiptar nýta	þás hafvita höfðu
hugreifr (með Aleifi	hallendr of gram snjallan
aptr stökk þjóð of þoptur)	(varð fyr Vinða myrði
þengill sína drengi,	vápneiðr) lokit skeiðum.

K. III. Hroðinn Ormrinn langi.

15

Kolbjörn stallari gekk upp í lypting til konungs; þeir höfðu mjök líkan klæða búnað ok vápna; Kolbjörn var ok allra manna mestr ok fríðastr. Varð nú enn í fyrirrúminu in snarpasta orrosta. En fyrir þá sök, at þá var svá mikit fólk komit upp á Orminn af liði jarls, sem vera mátti á skipinu, en skip hans 20 lögðu at öllum megin útan at Orminum, en lítit fjölmenni til varnar móti svá miklum her, nú þótt þeir menn væri bæði sterkir ok frækniir, þá fellu nú flestir á lítilli stundu. En Óláfr konungr sjálfr ok þeir Kolbjörn báðir hljópu þá fyrir borð, ok á sitt borð hvárr. En jarlsmenn höfðu lagt útan at smáskútur ok drápu 25 þá, er á kaf hljópu, ok þá er konungr sjálfr hafði á kaf hlaupit, vildu þeir taka hann höndum ok færa Eiríki jarli; en Óláfr konungr brá yfir sik skildinum ok steypðisk í kaf; en Kolbjörn stallari skaut undir sik skildinum ok hlífði sér svá við spjótum, er lagt var af skipum þeim, er undir lágu, ok fell hann svá á 30 sjáinn, at skjöldrinn varð undir honum, ok komsk hann því eigi í kaf svá skjótt ok varð hann handtekinn ok dreginn upp í skútuna, ok hugðu þeir, at þar væri konungrinn. Var hann þá leiddr fyrir jarl, en er þess varð jarl varr, at þar var Kolbjörn, en eigi Óláfr konungr, þá váru Kolbirni grið gefin. En í þessi 35 svipan hljópu allir fyrir borð af Orminum, þeir er þá váru á lífi Óláfs konungs menn, ok segir Hallfrøðr svá, at Þorkell nefja, konungsbróðir, hljóp síðarst allra manna fyrir borð:



174. Ógrœðir sá auða                      áðr hjaldrþorinn heldi  
armgrjóts Trana fljóta                  hugframr í þøð ramri  
(hann rauð geir at gunni                snotr af snœris vitni  
glæðr) ok báða Naðra,                    sunds Þorketill undan.

5

## K. 112. Eyjasøgn.

Svá var fyrr ritit, at Sigvaldi jarl kom til fõruneytis við Óláf konung í Vindlandi ok hafði jarl x. skip, en þat xi., er á váru menn Ástríðar konungsdóttur, konu Sigvalda jarls. En þá er Óláfr konungr hafði fyrir borð hlaupit, þá æpði herrinn 10 allr sigróp, ok þá lustu þeir árum í sjá jarl ok hans menn ok røru til bardaga; þess getr Haldórr ókristni:

175. Drógusk vítt at vígi                  gnýr varð á sæ sverða  
    Vinða skeiðr ok ginðu                  (sleit ørn gera beitu)  
    Þriðja hauðs á þjóðir                  dýrr vá drengja stjóri,  
15 þunn gølkn éarinnunnum;              drótt kom mørg á flóttá.

En sú Vinða-snekkjan, er menn Ástríðar váru á, røri brot ok aptr undir Vindland, ok var þat þegar rœða margra manna, at Óláfr konungr myndi steipt hafa af sér brynjunni í kafi ok kafat út undan langskipunum, lagzk síðan til Vinða-snekkjunnar, 20 ok hefði menn Ástríðar flutt hann til landz. Ok eru þar margar frásagnir um ferðir Óláfs konungs gørvvar síðan af sumum mønnum, en á þessa leið segir Hallfrøðr:

176. Veitkat hitt, hvárt Heita              alls sannliga segja,  
    hungrdeyfi skalk leyfa                  sárr mun gramr at hvøru  
25 dynsæðinga dauðan                      (hætt 's til hans at fréttá),  
    dýrbliks eða þó kvikvan,              hvártveggja mér seggir.

En hvernug sem þat hefir verit, þá kom Óláfr konungr Tryggvason aldriki síðan til ríkis í Nøregi, en þó segir Hallfrøðr vandræðaskáld á þessa leið:

- 30 177. Sá vas ørr, of ævi,                      vesa kveðr øld ör éli  
    oddbragðs, hinn 's þat sagði,            Áleif kominn stála  
    at lofða gramr lifði,                      (menn geta máli sønnu  
    læstyggis sonar Tryggva;                  mjøk) 's verr an svá (ferri).

Ok enn þetta:

- 35 178. Mundut þess, es þegna                  margdýrr koma stýrir  
    þróttharðan gram sótti,                  (geta þykkjat mér gotnar  
    frák, með liði lýða                      glíklígs) ör styr slíkum.  
    landherr, þar skøp verða,                179. Enn segir auðar kenni  
    at mundjökuls myndi                      austr ör malma gnaustan

seggr frá sörum tyggja	siklings ór styr miklum
sumr eða brott of kumnum;	(kanka mart við manna)
nú 's sannfregit sunnan	morð (veifanar orði).

K. 113. Frá Eiríki jarli Hákonarsyni.

Eiríkr jarl Hákonarson eignaðisk Orminn langa með 5  
sigrinum ok hlutskipti mikit ok stýrði jarl Orminum frá  
fundinum; svá segir Haldórr:

180. Hjalmfaldinn bar hilmí	en sunnr at gný Gunnar	
hrings at miklu þingi	gláðr tók jarl við Naðri;	
(skeið glæstu þá þjóðir)	áðr varð egg at rjóða	10
þangat Ormr enn langi,	ættgóðr Hemings bróðir.	

Sveinn, sonr Hákonar jarls, hafði þá fest Hólmsfríði, dóttur  
Óláfs Svía-konungs. En er þeir skiptu Nóreagsveldi milli sín,  
Sveinn Dana-konungur ok Óláfr Svía-konungur ok Eiríkr jarl, þá  
hafði Óláfr konungur iii. fylki í Prándheimi ok Mæri hvára- 15  
tveggju ok Raumsdal ok austr Ránriki frá Gautelfi ok til Svína-  
sundz; þetta ríki fekk Óláfr konungur í hendr Sveini jarli með  
þvílíkum formála, sem fyrr höfðu haft skattkonungar eða jarlar  
af yfirkonungum. En Eiríkr jarl hafði iii. fylki í Prándheimi,  
Hálogaland ok Naumudal, Fjörðu ok Fjalir, Sogn ok Hørðaland 20  
ok Rogaland ok norðan Agðir alt til Líðandisness; svá segir  
Þórðr Kolbeinsson:

181. Veitk, fyr Erling útan,	182. Allvalds nutu aldir,	
ár at hersar vöru	una líkar vel slíku;	
(lofak fasta Tý) flestir	skyldr létsk hendi at halda	25
(farlandz) vinir jarla,	hann of Nóregs mǫnnum;	
en ept víg frá Veigu	en Sveinn konungur sunnan	
(velk orð) und gram norðan	sagðr es dauðr, en auðir	
land eða lengra stundu	(fátt bilar flestra ýta	
lagðisk suðr til Agða.	fár) hans býir vöru.	30

Sveinn Dana-konungur hafði þá enn Víkina, svá sem hann hafði 30  
fyrir haft, en hann veitti Eiríki jarli Raumaríki ok Heiðmǫrk.  
Sveinn Hákonarson tók jarldóm af Óláfi inum scenska. Sveinn  
jarl var allra manna fríðastr, er menn hafi sét. Eiríkr jarl ok  
Sveinn jarl létu báðir skírask ok tóku rétta trú; en meðan 35  
þeir réðu fyrir Nóregi, létu þeir gera hvern, sem vildi, um  
kristnihaldit, en forn lög heldu þeir vel ok alla landzsiðu ok váru  
menn vinsælir ok stjórnsamir. Var Eiríkr jarl mjök fyrir þeim  
brœðrum um forráð ǫll.

## K. 1. Upphaf sögu ins helga Óláfs konungs.

Óláfr sonr Haraldz ins grenska, fæddisk upp með Sigurði sýr, stjúpföður sínum, ok Ástu móður sinni. Hrani inn viðförla var með Ástu; hann veitti föstr Óláfi Haraldzsyni. Óláfr var snimma gørviligr maðr, fríðr sýnum, meðalmaðr á vøxt; vitr  
5 var hann ok snimma ok orðsnjallr. Sigurðr sýr var búsyllumaðr mikill ok hafði menn sína mjök í starfi, ok hann sjálfr fór optliga at sjá um akra ok eng eða fénað ok enn til smíða, eða þar-er menn störfuðu eitthvat.

## K. 2. Frá Óláfi ok Sigurði konungi sýr.

10 Þat var eitt sinn, at Sigurðr konungr vildi ríða af bæ, þá var engi maðr heima á bænum; hann kvaddi Ólaf, stjúpson sinn, at sǫðla sér hest. Óláfr gekk til geitahúss, tók þar bukk þann, er mestr var, ok leiddi heim ok lagði á sǫðul konungs; gekk þá ok segir honum, at þá hafði hann búit honum reiðskjóta. Þá  
15 gekk Sigurðr konungr til ok sá, hvat Óláfr hafði gǫrt; hann mælti: »auðsætt er, at þú munt vilja af höndum ráða kvaðningar mínar; mun móður þinni þat þykkja sœmiligt, at ek hafa engar kvaðningar við þik, þær er þér sé í móti skapi; er þat auðsætt, at vit munum ekki vera skaplíkir; muntu vera miklu skapstærri,  
20 en ek em«. Óláfr svarar fá ok hló við ok gekk í brot.

## K. 3. Frá íþróttum Óláfs.

Óláfr Haraldzson, er hann óx upp, var ekki hár, meðalmaðr ok allþrekkligr, sterkr at afli, ljósjarpr á hár, breiðleit, ljóss ok rjóðr í andliti, eygðr forkunnar vel, fagreygr ok snareygr,  
25 svá at ótti var at sjá í augu honum, ef hann var reiðr. Óláfr var íþróttamaðr mikill um marga hluti, kunni vel við boga ok syndr vel, skaut manna bezt handskoti, hagr ok sjónhannarr um

smíðir allar, hvárt er hann gerði eða aðrir menn. Hann var kallaðr Óláfr digri. Var hann djarfr ok snjallr í máli, bráðgörr at öllum þroska, bæði afli ok vizku, ok hugþekkr var hann öllum frændum sínum ok kunnmönnum, kappsamr í leikum ok vildi fyrir vera öllum öðrum, sem vera átti fyrir tígnar sakir hans ok burða.

K. 4. Uphaf hernaðar Óláfs konungs.

Óláfr Haraldzson var þá xii. vetra gamall, er hann steig á herskip fyrsta sinn. Ásta, móðir hans, fekk til Hrana, er kallaðr var konungsfóstri, til forráða fyrir liðinu ok í fgr með Óláfi, 10 þviat Hrani hafði opt áðr verit í viking. Þá er Óláfr tók við liði ok skipum, þá gáfu liðsmenn honum konungsnafn, svá sem siðvenja var til, at herkonungar, þeir er í viking váru, er þeir váru konungbornir, þá báru þeir konungsnafn þegar, þótt þeir sæti eigi at lönðum. Hrani sat við stýrihömlu; því segja sumir menn, at 15 Óláfr væri háseti, en hann var þó konungr yfir liðinu. Þeir heldu austr með landinu ok fyrst til Danmerkr; svá segir Óttarr svarti, er hann orti um Óláf konung:

- |                             |                             |    |
|-----------------------------|-----------------------------|----|
| 1. Ungr hratt á vit vengis, | varð nýtligust, norðan      |    |
| vígrakkr konungr, blakki    | (nú 'st ríkr af hvøt slíkr) | 20 |
| (þú hefr dýrum þrek) dreyra | frák til þess es íoruð,     |    |
| Danmarkar (þik vandan);     | fgr þín, konungr, gørva.    |    |

K. 5.

En er haustaði, siglði hann austr fyrir Svíaveldi, tók þá at herja ok brenna landit, þviat hann þóttisk eiga Svíum at 25 launa fullan fjándskap, er þeir höfðu tekit af lífi fōður hans. Óttarr svarti segir þat berum orðum, at hann fór þá austr ór Danmørk:

- |                            |                              |    |
|----------------------------|------------------------------|----|
| 2. Öttuð örum skreyttum    | sléit mjök róin mikla        |    |
| austr í salt með flaustum  | mørg ör und þér böru.        | 30 |
| (böruð) land af landi      | 3. Drótt vas drjúgligr ötti, |    |
| (landvøðr, á skip randir); | dolglinns, at fgr þinni,     |    |
| neyttuð segls ok sættuð    | svanbræðir; namt síðan       |    |
| sundvarpaði stundum;       | Svíþjóðar nes hrjóða.        |    |

K. 6. Orrosta in fyrsta.

35

Þat haust barðisk Óláfr við Sótasker ina fyrstu orrostu; þat er í Svíaskerjum. Þar barðisk hann við víkinga, ok er sá

Sóti nefndr, er fyrir þeim réð; hafði Óláfr lið miklu minna ok skip stærri. Hann lagði sín skip milli boða nökkura, ok var vikingunum óhægt at at leggja; en þau skip, er næst lágu þeim, þá kómu þeir á stafnljám ok drógu þau at sér ok hruðu þá skipin. Víkingarnir lögðu frá ok höfðu látit lið mikit. Sigvatr skáld segir frá þessari orrostu í því kvæði, er hann talði orrostur Óláfs konungs:

- |    |                          |                             |
|----|--------------------------|-----------------------------|
| 4. | Langr bar út enn unga    | (kank til margs) en (manna) |
|    | jöfra kund at sundi      | (minni) fyrsta sinni        |
| 10 | (þjóð uggði sér síðan)   | hann rauð æstr fyr austan   |
|    | sæmeiðr (konungs reiði); | ulfs fót við sker Sóta.     |

#### K. 7. Hernaðr í Svíþjóð.

Óláfr konungr helt þá austr fyrir Svíþjóð ok lagði inn í Loginn ok herjaði á bæði lönð. Hann lagði alt upp til Sigtúna ok lá við fornu Sigtúnir. Svá segja Svíar, at þar sé enn grjóthlög þau, er Óláfr lét gera undir bryggjusporða sína. En er haustaði, þá spurði Óláfr konungr til þess, at Óláfr Svía-konungr dró saman her mikinn, ok svá þat, at hann hafði járnum komit yfir Stoksund ok sett lið fyrir. En Svía-konungr ætlaði, at Óláfr konungr myndi þar biða fræra, ok þótti Svía-konungi lítils vert um her Óláfs konungs, þvíat hann hafði lítit lið. Þá fór Óláfr konungr út til Stokssunda ok komsk þar eigi út. Kastali var fyrir austan sundit, en herr mannz fyrir sunnan. En er þeir spurðu, at Svía-konungr var á skip kominn ok hafði her mikinn ok fjöldu skipa, þá lét Óláfr konungr grafa út í gögnum Agnafit til hafs. Þá váru regn mikil. En um alla Svíþjóð fellr hvert rennanda vatn í Löginn, en einn óss er til hafs ór Leginum ok svá mjór, at margar ár eru breiðari. En þá er regn eru mikil ok snjánám, þá falla vötnin svá ósiliga, at forsfall er út um Stoksund, en Löggrinn gengr svá mjök upp á löndin, at víða flóar. En er grøptrinn kom út í sjáinn, þá hljóp vatnit ok straumrinn út; lét þá Óláfr konungr á skipum sínum leggja öll stýri ór lagi ok draga segl við hún. Byrr var á blásandi. Þeir stýrðu með árum ok gengu skipin mikinn út yfir grunnit ok kómu öll heil á hafit. En Svíar fóru þá á fund Óláfs Svía-konungs ok sögðu honum, at Óláfr digri var þá kominn út á haf. Svía-konungr veitti þeim stórar átölur, er gætt skyldu hafa, at Óláfr kvæmisk eigi út. Þat er nú síðan kallat Konungssund, ok má þar ekki stórskipum fara, nema þá er vötn ósask mest. En þat er

sumra manna sögn, at Svíar yrði varir við, þá er þeir Óláfr hófðu út grafit fitina ok vatnit fell út, ok svá, at Svíar fóru þá til með her mannz ok ætluðu at banna Óláfi, at hann færi út, en er vatnit gróf út tveggja vegna, þá fellu bakkarnir ok þar fólkitt með, ok týndisk þar fjöldi liðs; en Svíar mæla þessu í 5 mót ok telja hégóma, at þar hafi menn farizk. Óláfr konungr siglði um haustit til Gotlandz ok bjósk þar at herja. En Gotar hófðu þar samnað ok gerðu menn til konungs ok buðu honum gjald af landinu; þat þekðisk konungr ok tekr gjald af landinu; ok sat þar um vetrinn. Svá segir Óttarr: 10

5. Gildir, komt at gjaldi rann, en (maðr of minna  
gotneskum her, flotna; margr býr of þrek) varga  
þorðut þér at varða hungur fráku austr (an yngvi),  
þjóðlond firar røndu; Eysýslu lið, þeyja.

## K. 8. Orrosta önnur.

15

Hér segir svá, at Óláfr konungr fór, er váraði, austr til Eysýslu ok herjaði, veitti þar landgöngu, en Eysýslir kómu ofan ok heldu orrostu við hann; þar hafði Óláfr konungr sigr, rak flóttu, herjaði ok eyddi landit. Svá er sagt, at fyrst er þeir Óláfr konungr kómu í Eysýslu, þá buðu bæendr honum gjald; 20 en er gjaldit kom ofan, þá gekk hann í móti með liði alvápnuðu; ok varð þá annan veg en bæendr ætluðu, þvíat þeir fóru ofan með ekki gjald, heldr með hervápnum, ok þorðusk við konung, sem fyrr var sagt. Svá segir Sigvatr skáld:

6. Þar vas enn, at önnur sitt óttu fjör fótum 25  
Aleifr (né svik fólusk) (fár beið ór stað sára)  
odda þing í eyddri enn, þeirs undan runnu,  
Eysýslu gekk heyja; allvaldr, búendr gjalda.

## K. 9. Orrosta þriðja.

Síðan siglði hann aprt til Finnlandz ok herjaði þar ok gekk 30 á land upp, en lið alt flýði á skóga ok eyddi byggðina at fé öllu. Konungr gekk upp á landit langt ok yfir skóga nokkura; þar váru fyrir dalbyggðir nokkurar; þar heita Herdalar. Þeir fengu lítit fé, en ekki af mönnum. Þá leið á daginn, ok snæri konungr ofan aprt til skipa. En er þeir kómu á skóginn, þá 35 dreif lið at þeim öllum megin ok skaut á þá ok sóttu at fast; konungr bað þá hlíta sér. En áðr konungr kvæmi af skóginum, lét hann marga menn, ok margir urðu sárir; kom síðan um

kveldit til skipa. Þeir Finnar gerðu um nóttina æðiveðr með fjölkyngi ok storm sjávar. En konungr lét upp taka akkerin ok draga segl, ok beittu um nóttina fyrir landit; mátti þá enn sem optarr meira hamingja konungs en fjölkyngi Finna; fengu þeir 5 beitt um nóttina fyrir Bálagarðz-síðu ok þaðan í hafit út. En herr Finna fór it øfra, svá sem konungr siglði it ýtra. Svá segir Sigvatr:

- |    |                           |                         |
|----|---------------------------|-------------------------|
| 7. | Hríð varð stáls í stríðri | en austr- við ló leysti |
|    | ströng Herdala göngu      | -leið víkinga skeiðar.  |
| 10 | Finnlendinga at fundi     | Bálagarðs at barði      |
|    | fylkis niðs en þriðja,    | brimskíðum lá síða.     |

#### K. 10. Orrosta in fjórða í Suðrvík.

Þá siglði Óláfr konungr til Danmerkr, hitti hann þar Þorkel inn háva, bróður Sigvalda jarls, ok rézk Þorkell til ferðar með 15 honum, þvíat hann var þá búinn áðr at fara í hernað. Siglðu þeir þá suðr fyrir Jótlandz-síðu ok þar sem heitir Suðrvík, ok unnu þeir víkingaskip mǫrg. En víkingar þeir, er jafnan lágu úti ok réðu fyrir liði miklu, létu sik konunga kalla, þótt þeir ætti engi lönd til forráða. Lagði Óláfr konungr þar til bardaga; varð 20 þar orrosta mikil, fekk þar Óláfr konungr sigr ok fé mikit. Svá segir Sigvatr:

- |    |                              |                           |
|----|------------------------------|---------------------------|
| 8. | En kvóðu gram Gunnar         | þás ólítill úti           |
|    | galdrs upphöfum valda        | jöfra liðs á miðli        |
|    | (dýrð fráð þeims vel varðisk | fríðr gekk sundr í slíðri |
| 25 | vinnask) fjórða sinni,       | Suðrvík, Dönum kuðri.     |

#### K. 11. Orrosta in fimta við Fríslanð.

Þá siglði Óláfr konungr suðr til Fríslanðz ok lá fyrir Kinnlima-síðu í hvössu veðri. Þá gekk konungr á land með lið sitt, en landzmenn riðu ofan í móti þeim ok þorðusk við 30 þá; svá segir Sigvatr skáld:

- |    |                           |                         |
|----|---------------------------|-------------------------|
| 9. | Víg vant, hlenna hneigir, | þás við rausn at ræsis  |
|    | hjölmum grimt et fimta    | reið herr ofan skeiðum, |
|    | (þolðu hlýr fyr hári      | en í gögn at gunni      |
|    | hríð Kinnlima-síðu),      | gekk hilmis lið rekkum. |

#### 35 K. 12. Dauði Sveins tjúguskeggs.

Óláfr konungr siglði þá vestr til Englandz. Sveinn tjúguskegg Dana-konungr var þenna tíma í Englandi með Dana-her

ok hafði þar þá setit um hríð ok haft land Aðalráðs konungs. Höfðu þá Danir víða gengit yfir England, var þá svá komit, at Aðalráðr konungr hafði flýit landit ok farit suðr í Valland. Þetta sama haust, er Óláfr konungr kom til Englandz, urðu þau tíðendi þar, at Sveinn konungr Haraldzson varð bráðdauðr um 5  
nótt í rekkju sinni, ok er þat sagn enskra manna, at Eaðmundr inn helgi hafi drepit hann með þeima hætti, sem inn helgi Merkúriús drap Júlíanúm níðing. En er þat spurði Aðalráðr Engla-konungr, þá snýr hann þegar aptr til Englandz. En þá er hann kom aptr í landit, sendi hann orð öllum þeim mönnum, 10  
er fé vildu þiggja til þess at vinna land með honum. Dreif þá mikit fjölmenni til hans. Þá kom til liðs við hann Óláfr konungr með mikla sveit Norðmanna. Þá lögðu þeir fyrst til Lundúna ok útan í Temps, en Danir heldu borginni. Öðrum megin árinna er mikit kaupún, er heitir Súðvirki; þar höfðu Danir mikinn 15  
umbúnað, grafit díki stór ok settu fyrir innan vegg með viðum ok grjóti ok torfi ok höfðu þar í lið mikit. Aðalráðr konungr lét þar veita atsókn mikla, en Danir vörðu, ok fekk Aðalráðr konungr ekki at gort. Bryggjur váru þar yfir ána milli borgarinnar ok Súðvirkis svá breiðar, at aka mátti vognum á víxl. Á 20  
bryggjunum váru vígi gort, bæði kastalar ok borðþok forstreymis, svá at tók upp fyrir miðjan mann, en undir bryggjunum váru stafir, ok stóðu þeir niðr grunn í ánni. En er atsókn var veitt, þá stóð herrinn á bryggjunum um allar þær ok varði þær. Aðalráðr konungr var mjök hugsjúkr, hvernug hann skyldi 25  
vinna bryggjurnar. Hann kallaði á tal alla höfðingja hersins ok leitaði ráðs við þá, hvernug þeir skyldu koma ofan bryggjunum. Þá segir Óláfr konungr, at hann mun freista at leggja til sínu liði, ef aðrir höfðingjar vilja at leggja. Á þeiri málstefnu var þat ráðit, at þeir skyldu leggja her sinn upp undir 30  
bryggjurnar; bjó þá hverr sitt lið ok sín skip.

## K. 13. Orrosta in sétta.

Óláfr konungr lét gera flaka stóra af viðartágum ok af blautum víði ok taka í sundr vandahús ok lét þat bera yfir skip sín svá vítt, at þat tók af borðum út; þar lét hann setja undir 35  
stafi svá þykt ok svá hátt, at bæði var hægt at vega undan ok ýrit stint fyrir grjóti, ef ofan væri á borit. En er herrinn var búinn, þá veita þeir atróðr neðan eptir ánni; ok er þeir koma nær bryggjunum, þá var borit ofan á þá bæði skot ok grjót



svá stórt, at ekki helt við, hvárki hjálmur né skildir, ok skipin meiddusk sjálf ákafliga; lögðu þá margir frá. En Óláfr konungr ok Norðmanna-lið með honum røru alt upp undir bryggjurnar ok báru kaðla um stafina, þá er upp heldu bryggjunum, ok tóku þá ok røru öllum skipunum forstreymis, sem mest máttu þeir. Stafirnir drógusk með grunni, alt til þess er þeir váru lausir undir bryggjunum. En fyrir því at vápnaðr herr stóð á bryggjunum þykt, þar var bæði grjót mart ok hervápn mǫrg, en stafirnir váru undan brotnir, bresta af því niðr bryggjurnar, ok fellr fólkitt mart ofan á ána, en alt annat liðit flýði af bryggjunum, sumt í borgina, en sumt í Súðvirki. Eptir þat veittu þeir atgöngu í Súðvirki ok unnu þat. En er borgarmenn sá þat, at áin var unnin Temps, svá at þeir máttu ekki banna skipfarar upp í landit, þá hræddusk þeir skipfarar ok gáfu upp borgina ok tóku við Aðalráði konungi. Svá segir Óttarr svarti:

10. Enn brauzt, éla kennir                   Höfðu hart of krafðir  
     Yggs, gunnþorinn bryggjur,           (hildir óx við þat), skildir,  
     linns, (hefr lönd at vinna)           gang, en gamlir sprungu,  
     Lundúna (þér snúnat).                 gunnþings éarnhringar.
- 20 Ok enn kvað hann þetta:
11. Komt í land ok lendir,                 harðr vas fundr, sás færðuð  
     láðvǫrðr, Aðalráði                     friðlands á vit niðja  
     (þín naut rekka rúni)                   (réd áttstuðill áðan)  
     ríki eflðr (at slíku);                   Játmundar (þar grundu).
- 25 Enn segir Sigvatr frá þessu:
12. Rétt 's, at sókn vas en sétta         sverð bitu vǫlsk, en vǫrðu  
     (snarr þengill bauð Englum           víkingar þar díki;  
     at) þars Aleifr sótti                   átti sumt í sléttu  
     (Yggs) Lundúna bryggjur;           Súðvirki lið búðir.

30   K. 14. Orrosta in sjaunda.

Óláfr konungr var um vetrinn með Aðalráði konungi; þá áttu þeir orrosta mikla á Hringmara-heiði á Úlfkelslandi; þat ríki átti þá Úlfkell snillingr; þar fengu konungarnir sigr; svá segir Sigvatr skáld:

- 35 13. Enn lét sjaunda sinni                 stóð Hringmara-heiði  
     sverðþing háit verða                   (herfall vas þar) alla  
     endr á Úlfkels landi                   Ellu kind, es olli  
     Aleifr, sem ek fer máli;               arfvǫrðr Haralds starfi.

Enn segir Óttarr svá frá þessarri orrostu:

- |                             |                          |   |
|-----------------------------|--------------------------|---|
| 14. Þengill, frá k at þunga | laut fyr yðr, áðr létti, |   |
| þinn herr skipum ferri      | landfólk í gny branda,   |   |
| (rauð Hringmara-heiði)      | Engla ferð, at jörðu,    |   |
| hlöð valkøstu (blóði),      | ótt en mǫrg á flóttu.    | 5 |

Þá lagðisk landit enn víða undir Aðalráð konung, en þingamenn ok Danir heldu mǫrgum borgum, ok víða heldu þeir þá enn landinu.

#### K. 15. Orrosta in átta ok níunda.

Óláfr konungr var höfðingi fyrir herinum, þá er þeir heldu 10 til Kantarabyrgis ok þorðusk þar, alt til þess er þeir unnu staðinn, drápu þar fjölða liðs ok brendu borgina; svá segir Óttarr svarti:

- |                           |                           |    |
|---------------------------|---------------------------|----|
| 15. Atgöngu vant, Yngvi,  | lék við rǫnn af ríki,     |    |
| ætt siklinga mikla;       | (rétt bragna konr gagni)  | 15 |
| blíðr hilmir, tókt breiða | aldar frá k at aldri,     |    |
| borg Kantara of morgin;   | eldr ok reykr, of beldir. |    |

Sigvatr telr þessa ina áttu orrostu Óláfs konungs:

- |                              |                            |    |
|------------------------------|----------------------------|----|
| 16. Veitk at víga mætir      | sinn mǫttut bæ banna       |    |
| virðum háttir enn átta       | borg Kantara (sorgar       | 20 |
| (styrkr gekk vǫrðr) at virki | mart fekk) þrúðum (Þǫrtum) |    |
| (verðungar) styr gerði;      | portgreifar Áleifi.        |    |

Óláfr konungr hafði landvǫrn fyrir Englandi ok fór með herskipum fyrir land ok lagði upp í Nýjamóðu, — þar var fyrir þingamannalið —, ok átti þar orrostu, ok hafði Óláfr konungr 25 sigr; svá segir Sigvatr skáld:

- |                              |                               |    |
|------------------------------|-------------------------------|----|
| 17. Vann ungr konungr Englum | nú hefk orrostur, austan,     |    |
| ótrauðr skarar rauðar,       | ógnvalds níu talðar,          |    |
| endr kom brúnt á branda      | herr fell danskr, þars dǫrrum |    |
| blóð í Nýjamóðu;             | dreif mest at Áleifi.         | 30 |

Óláfr konungr fór þá víða um landit ok tók gjöld af monnum, en herjaði at ǫðrum kosti; svá segir Óttarr:

- |                             |                            |    |
|-----------------------------|----------------------------|----|
| 18. Máttit enskrar ættar    | guldut gumnar sjaldan      |    |
| ǫld, þars tókt við gjöldum, | goll dǫglingi hollum;      |    |
| vísi, vægðarlausum,         | stundum frá k til strandar | 35 |
| viðfrægr, við þér bægja;    | stór þing ofan fóru.       |    |

Þar dvalðisk Óláfr konungr í þat sinn iii. vetr.

## K. 16. Orrosta in tíunda í Hringsfirði.

En it þriðja vár andaðisk Aðalráðr konungr; tóku þá konungdóm synir hans, Eaðmundr ok Eaðvarðr. Þá fór Óláfr konungr suðr um sjá, ok þá barðisk hann í Hringsfirði ok vann 5 kastala á Hólunum, er víkingar sátu í; hann braut kastalann; svá segir Sigvatr skáld:

- |     |                           |                          |
|-----|---------------------------|--------------------------|
| 19. | Tøgr vas fullr í fōgrum   | ból lét hann á Hóli      |
|     | folkveggs drifa-hreggi    | hátt, 's víkingar óttu,  |
|     | (helt, sem hilmir mælti)  | (þeir bóðut sér síðan    |
| 10  | Hringsfirði (lið þingat); | slíks skotnaðar) brotna. |

## K. 17. Orrosta ellipta ok in tólpta ok þrettánda.

Óláfr konungr helt liði sínu vestr til Gríslupolla ok barðisk þar við víkinga fyrir Viljálmsbœ; þar hafði Óláfr konungr sigr; svá segir Sigvatr:

- |    |  |                            |
|----|--|----------------------------|
| 15 | 20. Áleifr vant, þars jōfrar,                                | þat frákvíg, at vítti,     |
|    | ellipta styr, fellu  | Viljalms fyr bœ, hjalma    |
|    | (hrings komt af því þingi                                    | (tala minst es þat telja), |
|    | þollr) í Gríslupollum;                                       | tryggs jarls, háit snarla. |
|    | Því næst barðisk hann vestr í Fetlafirði, sem segir Sigvatr: |                            |
| 20 | 21. Tōnn rauð tōlpta sinni                                   | (varð) í Fetlafirði        |
|    | tír fylgjandi ylgjar   | (fjorbann lagit mōnnum).   |

Þaðan fór Óláfr konungr alt suðr til Seljupolla ok átti þar orrostu. Þar vann hann borg þá, er hét Gunnvaldzborg — hon var mikil ok forn —, ok þar tók hann jarl, er fyrir rēð borginni, 25 er hét Geirfiðr. Þá átti Óláfr konungr tal við borgarmennina; hann lagði gjald á borgina ok á jarl til útlausnar xii. þúsundir gullskillinga; slíkt fé var honum goldit af borginni, sem hann lagði á; svá segir Sigvatr:

- |     |                               |                         |
|-----|-------------------------------|-------------------------|
| 22. | Þrettánda vann Þrœnda         | upp lét gramr í gamla   |
| 30  | (þat vas flótta bōl) dróttinn | Gunnvaldsborg of morgin |
|     | snjallr í Seljupollum         | (Geirfiðr hét sá) gōrva |
|     | sunnarla styr kunnan;         | gengit jarl ok fenginn. |

## K. 18. Orrosta in fjórtánda ok draumr Óláfs konungs.

Eptir þat helt Óláfr konungr liði sínu vestr í Karlsár ok 35 herjaði þar, átti þar orrostu. En þá er Óláfr konungr lá í Karlsám ok beið þar byrjar ok ætlaði at sigla út til Nōrvasunda ok þaðan út í Jōrsalaheim, þá dreymði hann merkiligan draum,

at til hans kom merkiligr maðr ok þrekligr ok þó ógurligr ok mælti við hann, bað hann hætta ætlan þeiri, at fara út í lönd — »far aptr til óðala þinna, þvíat þú munt vera konungr yfir Nóregi at eilífu«. Hann skilði þann draum til þess, at hann myndi konungr vera yfir landi ok hans ættmenn langa ævi. 5

## K. 19. Orrosta in fimtánda.

Af þeiri vitran snøri hann aptr ferðinni ok lagðisk við Peituland ok herjaði þar ok brendi þar kaupstað þann, er Varrandi hét; þess getr Óttarr:

23. Njóðuð, ungr, at eyða reynðuð, ræsir, steinda 10  
ógnateitr, jöfurr, Peitu; rönð á Túskaalandi.

Ok enn segir Sigvatr svá:

24. Malms vann, Mœra hilmir, varð fyr víga Njörðum  
munnrjóðr, es kom sunnan, Varrandi sæ fjarri  
gang, þars gamlir sprungu brendr á byggðu landi 15  
geirar, upp at Leiru; (bær heitir svá) Peitu.

## K. 20. Frá Rúðu-jörlum.

Óláfr konungr hafði verit í hernaði vestr í Vallandi ii. sumur ok einn vetr. Þá var liðit frá falli Óláfs konungs Tryggvasonar xiii. vetr. Þá váru í Vallandi jarlar tveir, Viljálmr ok 20 Róðbert; faðir þeira var Ríkarðr Rúðu-jarl, þeir réðu fyrir Norðmandí. Systir þeira var Emma drótning, er Aðalráðr Engla-konungr hafði átt; sönir þeira váru þeir Eaðmundr ok Eatvarðr inn góði, Eatvígr ok Eatgeirr. Ríkarðr Rúðu-jarl var sonr Ríkarðar, sonar Viljálms langaspjóts, hann var sonr Gøngu- 25 Hrólfis jarls, þess er vann Norðmandí; hann var sonr Røgnvaldz Mœra-jarls ins ríka, sem fyrr er ritat. Frá Gøngu-Hrólfi eru komnir Rúðu-jarlar, ok tölðu þeir lengi síðan frændsemi við Nóregs höfðingja ok virðu þeim þat lengi síðan ok váru inir mestu vinir Norðmanna alla stund, ok áttu með þeim friðlönd 30 allir Norðmenn, þeir er þat vildu þekkjask. Um haustit kom Óláfr konungr í Norðmandí ok dvalðisk þar um vetrinn í Signu ok hafði þar friðland.

## K. 21. Frá Einari þambarskelfi.

Eptir fall Óláfs Tryggvasonar gaf Eiríkr jarl grið Einari 35 þambarskelfi, syni Eindriða Styrkárssonar. Einarr fór með jarli norðr í Nóreg, ok er sagt, at Einarr hafi verit allra manna

sterkastr ok beztr bogmaðr, er verit hafi í Nóregi, ok var harðskeyti hans umfram alla menn aðra; hann skaut með bakkakólfi í gognum uxahúð hráblauta, er hekk á ási einum; skíðfærr var hann allra manna bezt, inn mesti var hann íprótta-  
 5 maðr ok hreystimaðr; hann var ættstórr ok auðigr. Eiríkr jarl ok Sveinn jarl giptu Einari systur sína, Bergljótu Hákonar-  
 dóttur; hon var inn mesti skörungur; Eindriði hét sonr þeira. Jarlar gáfu Einari veizlur stórar í Orkadal, ok gerðisk hann ríkastr ok gøfgastr í Prøndalögum; ok var hann inn mesti  
 10 styrkr jörlunum ok ástvinr.

### K. 22. Frá Erlingi Skjálgsyni.

Eiríkr jarl lét sér ekki líka, at Erlingr Skjálgssson hefði svá mikit ríki, ok tók hann undir sik allar konungseigur, þær er Óláfr konungr hafði veitt Erlingi. En Erlingr tók jamt sem  
 15 áðr allar landzskyldir um Rogaland, ok guldu landzbúar opt tvinnar landzskyldir, en at øðrum kosti eyddi hann jarðar-  
 byggðina. Lítit fekk jarl af sakeyri, þviat ekki heldusk þar sýslu-  
 menninir, ok því at eins fór jarl þar at veizlum, ef hann hefði mikit fjölmenni. Þess getr Sigvatr:

20	25. Erlingr vas svá jarla,	næst gaf sína systur
	ótt es, skjöldungr, mátti	snarr búþegna harri
	Áleifs mágr svát ægði	Ulfs feðr (vas þat) aðra
	aldyggs sonar Tryggva;	(aldrípta) Rognvaldí.

Eiríkr jarl orti fyrir því ekki á at berjask við Erling, at hann  
 25 var frændstórr ok frændmargr, ríkr ok vinsæll; sat hann jafnan með fjölmenni, svá sem þar væri konungshirð. Erlingr var opt á sumrum í hernaði ok fekk sér fjár, þviat hann helt teknum hætti um rausn ok stórmenzku, þótt hann hefði þá minni veizlur ok óhallkvæmri en um daga Óláfs konungs, mágs síns. Erlingr  
 30 var allra manna fríðastr ok mestr ok sterkastr, vígr hverjum manni betr ok um allar ípróttir líkastr Óláfi konungi Tryggvasyni. Þess getr Sigvatr:

35	26. Erlingi varð engi	þrek bar seggr við sóknir
	annarr lendra manna,	sinn, þvit fyrst gekk innan,
	orr sás átti fleiri	mildr, í marga hildi,
	orrostur, fjölkostigr;	mest, en ór á lesti.

Þat hefir jafnan verit mál manna, at Erlingr hafi gøfgastr allra lendra manna verit í Nóregi. Þau váru börn Erlings ok Ástríðar: Áslákr, Skjálgr, Sigurðr, Loðinn, Þórir ok Ragnhildr,

er átti Þorbergr Árnason. Erlingr hafði jafnan með sér lxxxx. frelsingja eða fleira, ok var þat bæði vetr ok sumar, at þar var máldrykkja at dagverðarborði, en at náttverði var ómælt drukkit. En þá er jarlar váru nær, hafði hann cc. manna eða fleira. Aldri fór hann fámeðri en með xx.-sessu alskipaða. Erlingr átti 5 skeið mikla, ii. rúm ins xl. ok þó mikil at því; hann hafði hana í víking eða stefnuleiðangr, ok váru þar á cc. manna eða meirr.

K. 23. Frá Erlingi Skjálgsyni.

Erlingr hafði jafnan heima xxx. þræla ok umfram annat man; hann ætlaði þrælum sínum dagsverk, ok gaf þeim stundir 10 síðan ok lof til, at hverr, er sér vildi vinna um røkr eða um nætr, hann gaf þeim akrloñd at sá sér korni ok fœra ávøxtinn til fjár sér; hann lagði á hvern þeira verð ok lausn; leystu margir sik in fyrstu misseri eða önnur, en allir þeir, er nøkkurr þrifnaðr var yfir, leystu sik á ííi. vetrum. Með því fé keypti Erlingr 15 sér annat man; en leysingjum sínum vísaði hann sumum í síldfiski, en sumum til annarra féfanga; sumir ruddu markir ok gerðu þar bú í; öllum kom hann til nøkkurs þroska.

K. 24. Frá Hákonu jarli.

Þá er Eiríkr jarl hafði ráðit fyrir Nóregi xii. vetr, kom til 20 hans orðsending Knúts Dana-konungs, mágs hans, at Eiríkr jarl skyldi fara með honum vestr til Englandz með her sinn, þvíat Eiríkr var frægr mjök af hernaði sínum, er hann hafði borit sigr ór ii. orrostum, þeim er snarpastar høfðu verit á Norðrløndum, önnur sú, er þeir Hákon jarl ok Eiríkr bõrðusk við 25 Jómsvíkinga, en sú önnur, er Eiríkr barðisk við Óláf konung Tryggvason. Þess getr Þórðr Kolbeinsson:

27. Enn hefk leyfð, þars, lofða, at skyldligast skyldi  
 lofkenda frá k sendu, (skilk, hvat granir lézk vilja)  
 at hjalmsömum hilmí, endr til ásta fundar 30  
 hjarls drótna boð jarli, Eirekr koma þeira.

Jarl vildi eigi undir høfuð leggjask orðsending konungs, fór hann ór landi, en setti eptir í Nóregi landz at gæta Hákon jarl, son sinn, ok fekk hann í hønd Einari þambarskelfi, mági sínum, at hann skyldi hafa landráð fyrir Hákonu, þvíat hann var þá eigi ellri en 35 xvii. vetra.

## K. 25.

Eiríkr kom á England til fundar við Knút konung ok var með honum, þá er hann vann Lundúnaborg. Eiríkr jarl barðisk fyrir vestan Lundúnaborg; þar feldi hann Úlfkel snilling; svá segir Þórðr:

28. Gollkennir lét gunni                      fekk -regnþorinn Røkkva  
     (græðis hests) fyr vestan                  rann-, of þingamönnum,  
     (Þundr vá leyfðr til landa)              ýglig hogg, þars eggjar,  
     Lundún saman bundit;                      Úlfkell, bláar skulfu.
- 10 Eiríkr jarl var á Englandi einn vetr ok átti nokkurar orrostur, en annat haust eptir ætlaði hann til Rúmferðar, þá andaðisk hann af blóðláti þar á Englandi.

## K. 26. Dráp Eaðmundar.

Knútr konungr átti margar orrostur á Englandi við sonu  
 15 Aðalráðs Engla-konungs, ok höfðu ýmsir betr. Hann kom þat sumar til Englandz, sem Aðalráðr andaðisk; þá fekk Knútr konungr Emmu drótningar; váru börn þeira Haraldr, Hørdaknútr, Gunnhildr. Knútr konungr sættisk við Eaðmund konung; skyldi hafa hálf England hvárr þeira. Á sama mánaði drap  
 20 Heinrekr strjóna Eaðmund konung. Eptir þat rak Knútr konungr af Englandi alla sonu Aðalráðs konungs; svá segir Sigvatr:

29. Ok senn sonu                                      Aðalráðs eða  
     sló hvern ok þó                                      út flæmði Knútr.

## 25                      K. 27. Frá Óláfi ok Aðalráðs-sonum.

Þat sumar kómu synir Aðalráðs konungs af Englandi til Rúðu í Valland til móðurbrøðra sinna, er Óláfr Haraldzson kom vestan ór víking, ok váru allir þann vetr í Norðmandi ok bundu lag sitt saman með þeim skildaga, at Óláfr konungr skyldi hafa  
 30 Norðimbraland, ef þeir eignaðisk England af Dönnum. Þá sendi Óláfr konungr um haustit Hrana, fóstra sinn, til Englandz at eflask þar at liði, ok sendu Aðalráðssynir hann með jartegnum til vina sinna ok frænda, en Óláfr konungr fekk honum lausafé mikit at spenja lið undir þá, ok var Hrani um vetrinn í Englandi  
 35 ok fekk trúnað margra ríkismanna, ok var landzmönnum betr viljat, at hafa samlenda konunga yfir sér, en þó var þá orðinn

svá mikill styrkr Dana í Englandi, at alt landzfólk var undir brotit ríki þeira.

K. 28. Orrostur Óláfs konungs.

Um várit fóru þeir vestan allir saman, Óláfr konungr ok synir Aðalráðs konungs, kómu til Englandz þar er heitir Jungu- 5 furða, gengu þar á land upp með liði sínu ok til borgar. Þar váru fyrir margir þeir menn, er þeim höfðu liði heitit; þeir unnu borgina ok drápu mart manna. En er við urðu varir Knúts konungs menn, þá drógu þeir her saman ok urðu brátt fjölmennir, svá at synir Aðalráðs konungs höfðu ekki liðsafla við ok sá þann 10 sinn kost helzt at halda í brot ok apr vestr til Rúðu. Þá skildisk Óláfr konungr við þá ok vildi eigi fara til Vallandz. Hann sigldi norðr með Englandi alt til Norðimbralandz, hann lagði at í höfn þeiri, er kölluð er Furuvald, ok barðisk þar við bæjarmenn ok fekk þar sigr ok fé mikit. 15

K. 29. Ferð Óláfs konungs í Nóreg.

Óláfr konungr lét þar eptir vera langskipin, en bjó þaðan knörru tvá ok hafði hann þá xx. menn ok cc., albrynjat ok valit mjök. Hann sigldi norðr í haf um haustit, ok fengu ofviðri 20 mikit í hafi, svá at mannhætt var, en með því at þeir höfðu liðs-

30. Valfasta, bjótt vestan,	næði straumr, ef stæði,	
veðrorr, tváa knörru	strangr kaupskipum angra,	
(hætt hafid ér í ótta	innan borðs á unnum	
opt) skjöldunga þopti;	erringar- lið -verra.	25

Ok enn svá:

31. Eigi hrædduzk ægi,	opt, varð fars, en forsi	
ér fóruð sæ stóran,	flaust hratt af sér brøttum,	
allvaldr of getr aldar	neytt, áðr Nóreg beittuð,	
engi nýtri drengi;	niðjungr Haralds, miðjan.	30

Hér segir þat, at Óláfr konungr kom útan at miðjum Nóregi, en sú ey heitir Sæla, er þeir tóku land, út frá Staði. Þá mælti konungr, lét þat mundu vera tímadað, ér þeir höfðu lent við Sælu í Nóregi, ok kvað þat vera mundu góða vitneskju, er svá hafði at borizk. Þá gengu þeir upp á eya; stigr konungr þar öðrum 35 fæti, sem var leira nokkur, en studdisk öðrum fæti á kné; þá mælti hann: »fell ek nú« segir konungr. Þá segir Hrani: »eigi felltu, konungr, nú festir þú fætr í landi«. Konungr hló við ok



mælti: »vera má svá, ef guð vill«. Ganga þá ofan til skipa ok siglðu suðr til Úlfasunda. Þar spurðu þeir til Hákonar jarls, at hann var suðr í Sogni, ok var hans þá ván norðr, þegar er byr gæfi, ok hafði hann eitt skip. /

5 K. 30. Tekinn Hákon jarl í Sauðungssundi.

Óláfr konungr helt inn af leið skipum sínum, er hann kom suðr yfir Fjalir, ok snøri inn til Sauðungssunda ok lagðisk þar, lágu sínum megin sundzins hváru skipinu ok höfðu milli sín kaðal digran. Á þeiri sǫmu stundu ræri at sundinu Hákon jarl Eiríks-  
 10 son með skeið skipaðri, ok hugðu þeir vera í sundinu kaupskip ii., róa þeir í sundit fram milli skipanna. Nú draga þeir Óláfr konungr strenginn upp undir miðjan kjöl skeiðinni ok undu með vindásam; þegar er nokkur festi, gekk upp aptr en steypðisk fram, svá at sjárin fell inn um sǫxin, fylði skeiðna ok því næst  
 15 hólfði. Óláfr konungr tók þar af sundi Hákon jarl ok alla þá menn hans, er þeir náðu handtaka, en suma drápu þeir, en sumir sukku niðr; svá segir Ottarr:

32.	Blágjóða, tókt, bræðir	ungr sóttir þú, Próttar
	bengjalfrs, ok þá sjalfa,	þings mágreinnir, hingat
20	skatti gnœgðr, með skreyttu	(máttit jarl) þaus óttuð
	skeið Hókonar reiði;	áttlönd (fyr því standa).

Hákon jarl var upp leiddr á skipit konungs; var hann allra manna fríðastr, er menn höfðu sét; hann hafði hár mikit ok fagrt sem silki, bundit um höfuð sér gullhlaði; settisk hann í  
 25 fyrirrúmit. Þá mælti Óláfr konungr: »eigi er þat logit af yðr frændum, hversu fríðir menn þér eruð sýnum, en farnir eruð þér nú at hamingju«. Þá segir Hákon: »ekki er þetta óhamingja, er oss hefir hent; hefir þat lengi verit, at ýmsir hafa sigraðir verit; svá hefir ok farit með yðrum ok várum frændum, at ýmsir  
 30 hafa betr haft, en ek lítt kominn af barnsaldri; váru vér nú ok ekki vel við komnir at verja oss, vissum vér nú ekki vánir til ófriðar; kann vera, at oss takisk annat sinn betr til en nú«. Þá svarar Óláfr konungr: »grunar þik ekki þat, jarl, at hér hafi svá at borit, at þú mynir hvárki fá heðan í frá sigr né ósigr?«. Jarl  
 35 segir: »þér munuð ráða, konungr, at sinni«. Þá segir Óláfr konungr: »hvat viltu til vinna, jarl, at ek láta þik fara, hvert er þú vill, heilan ok ósakaðan?«. Jarl spyrr, hvers hann vildi beiðask. Konungr segir: »enskis annars en þú farir ór landi ok gefir svá upp ríki yðart ok sverir þess eiða, at þér haldið eigi

orrostu heðan í frá gegn mér«. Jarl svarar, lézk svá gera mundu. Nú vinnr Hákon jarl Óláfi konungi eiða, at hann skal aldri síðan berjask í móti honum ok eigi verja Nóreg með ófriði fyrir Óláfi konungi né sækja hann. Þá gefr Óláfr konungr honum grið ok ǫllum hans mǫnnum; tók jarl við skipi því, er hann hafði áðr haft. 5 Róa menn í brot leið sína. Þess getr Sigvatr skáld:

33. Ríkr kvað sér at sækja	strangr hitti þar þengill	
Sauðungs konungr nauðir,	þann jarl, es varð annarr	
fremðar gjarn, í fornu	æztr ok ætt gat bazta	
fund Hǫkonar sunði;	ungr á danska tungu.	10

K. 31. Ferð Hákonar jarls.

Eptir þetta býr jarl sik sem skyndiligast ór landi ok siglir vestr til Englandz ok hittir þar Knút konung, móðurbróður sinn, segir honum alt, hvernug farit hefir með þeim Óláfi konungi. Knútr konungr tók við honum forkunnar vel, setti hann Hákon 15 innan hirðar með sér ok gefr honum mikit vald í sínu ríki; dvalðisk Hákon jarl þar nú langa hríð með Knúti. Þá er þeir Sveinn ok Hákon réðu Nóregi, gerðu þeir sátt við Erling Skjálgsson, ok var bundit með því, at Áslákr, sonr Erlings, fekk Gunnhildar, dóttur Sveins jarls; skyldu þeir feðgar, Erlingr ok 20 Áslákr, hafa veizlur þær allar, er Óláfr konungr Tryggvason hafði fengit Erlingi. Gerðisk Erlingr þá fullkominn vinr jarlanna, ok bundu þeir þat swardögum sín á milli.

K. 32. Viðrbúnaðr Ástu.

Óláfr konungr inn digri snýr austr með landi ok átti víða 25 þing við bóendr, ok ganga margir til handa honum, en sumir mæla í móti, þeir er váru frændr eða vinir Sveins jarls. Fór Óláfr konungr fyrir því skyndiliga austr til Víkr ok heldr liði sínu inn í Víkina ok setr upp skip sín, snýr þá á land upp. Ok er hann kom á Vestfold, þá fǫgnuðu honum þar vel margir menn, 30 þeir sem verit hǫfðu kunnmenn eða vinir fǫður hans; þar var ok mikil ætt hans um Foldina. Hann fór um haustit á land upp á fund Sigurðar konungs, mágs síns, ok kom þar snimma einn hvern dag. En er Óláfr konungr kœmr nær býnum, þá hljópu þar fyrir þjónostusveinar til bæjarins ok inn í stofuna. Ásta, 35 móðir Óláfs konungs, sat þar inni ok konur nǫkkurar með henni; þá segja sveinarnir henni um ferð Óláfs konungs, ok svá, at hans var þangat brátt ván. Ásta stendr upp þegar ok hét á karla ok

konur at búask um þar sem bezt; hon lét iii. konur taka búnað stofunnar ok búa skjótt með tjöldum ok um bekki; ii. karlar báru hálminn á gólfitt, ii. settu trápizuna ok skapkerit, ii. settu borðit, ii. settu vistina, ii. sendi hon brott af býnum, ii. báru inn qlit, en  
 5 allir aðrir, konur ok karlar, gengu út í garðinn. Sendimenn fóru til Sigurðar konungs, þar sem hann var, ok færðu honum tignar-  
 klæði hans ok hest hans með gyltum sǫðli, en bitullinn settr smelt-  
 um steinum ok allr gyltr; iii. menn sendi hon fjogurra vegna í  
 byggðina ok bauð til sín ǫllu stórmenni at þiggja veizlu, er hon  
 10 gerði fagnaðarǫl í móti syni sínum. Alla menn aðra, er fyrir  
 vǫru, lét hon taka inn bezta búnað, er til áttu, en þeim lánaði hon  
 klæði, er eigi áttu sjálfir.

### K. 33. Frá búnaði Sigurðar konungs.

Sigurðr konungr sýr var þá staddr út á akri, er sendimenn  
 15 kómu til hans ok segja honum þessi tíðendi ok svá alt þat, er  
 Ásta lét at hafask heima á bœnum. Hann hafði þar marga menn,  
 sumir skáru korn, sumir bundu, sumir óku heim korni, sumir  
 hlóðu í hjálma eða í hlǫður; en konungr ok ii. menn með honum  
 gengu stundum á akrinn, stundum þar er hlaðit var korninu.  
 20 Svá er sagt um búnað hans, at hann hafði kyrtil blán ok blár  
 hosur, háva skúa ok bundna at legg, grá kápu ok grán hǫtt víðan  
 ok url um andlit, staf í hendi ok ofan á silfrhólkr gyltr ok í  
 silfrhringr. Svá er sagt frá lunderni Sigurðar konungs, at hann  
 var sýslumaðr mikill ok búnaðarmaðr um fé sitt ok bú ok réð  
 25 sjálftr búnaði; engi var hann skartsmaðr ok heldr fámálugr; hann  
 var allra manna vitrastr, þeira er þá vǫru í Nóregi, ok auðgastr  
 at lausafé; hann var friðsamr ok óágjarn. Ásta, kona hans, var  
 ǫr ok ríklunduð. Þessi vǫru börn þeira: Guthormr var elztr, þá  
 Gunnhildr, þá Hálfðan, þá Ingiríðr, þá Haraldr. Þá mæltu sendi-  
 30 menn: »þau orð bað Ásta at vit skyldim bera þér, at nú þœtti  
 henni allmiklu máli skipta, at þér tœkisk stórmannliga, ok bað  
 þess, at þú skyldir meir líkjask í ætt Haraldz ins hárfagra at  
 skaplyndi en Hrana mjónef, móðurfǫður þínum, eða Nereid jarli  
 inum gamla, þótt þeir hafi verit spekingar miklir«. Konungr  
 35 segir: »tíðendi mikil segi þér, enda berið þér allákaflika; látit  
 hefir Ásta mikit yfir þeim mǫnnum fyrr, er henni var minni  
 skylda til, ok sé ek, at sama skaplyndi hefir hon enn; ok tekr  
 hon þetta með miklum ákafa, ef hon fær svá út leiddan son sinn,  
 at þat sé með þvilíkri stórmenzku, sem nú leiðir hon hann inn.

En svá lízk mér, ef þetta skal vera, at þeir, er sik veðsetja í þetta mál, munu hvárki sjá fyrir fé sínu eða fjörvi. Þessi maðr, Óláfr konungr, bersk í móti miklu ofrefli, ok á honum ok hans ráðum liggr reiði Dana-konungs ok Svía-konungs, ef hann heldr þessu fram«. 5

## K. 34. Veizla.

Nú er konungr hafði þetta mælt, þá sezkr hann niðr ok lét draga af sér skóklæði ok setti á fœtr sér kordúnahosur ok batt með gyltum sporum, þá tók hann af sér kápuna ok kyrtillin ok klæddi sik með pellzklæðum ok ýzt skarlatskápu, gyrði sik með sverði búnu, setr gyltan hjálm á hofuð sér, stigr þá á hest sinn. Hann gerði verkmennt í byggðina ok tók sér xxx. manna vel búna, er riðu heim með honum. En er þeir riðu upp í garðinn fyrir stofuna, þá sá hann qðrum megin í garðinum, hvar brunaði fram merki Óláfs konungs ok þar hann sjálfr með ok c. manna með honum ok allir vel búnir; þá var ok skipat mōnnum alt milli húsanna. Fagnaði Sigurðr konungr af hesti Óláfi konungi, stjúpsyni sínum, ok liði hans ok bauð honum inn til drykkju með sér; en Ásta gekk til ok kysti son sinn ok bauð honum með sér at dveljask ok alt heimult, lōnd ok lið, er hon mætti veita honum. Óláfr konungr þakkaði henni vel orð sín. Hon tók í hōnd honum ok leiddi hann eptir sér í stofuna ok til hásætis. Sigurðr konungr fekk menn til at varðveita klæðnað þeira ok gefa korn hestum þeira, en hann gekk til hásætis síns, ok var sú veizla gōr með inu mesta kappi. 25

## K. 35. Málstefna Óláfs konungs ok Sigurðar konungs.

En er Óláfr konungr hafði þar eigi lengi verit, þá var þat einn hvern dag, at hann heimti til tals við sik ok á málstefnu Sigurð konung, mág sinn, ok Ástu, móður sína, ok Hrana, fóstra sinn. Þá tók Óláfr konungr til máls: »svá er, segir hann, sem yðr er kunnigt, at ek em kominn hingat til landz ok verit áðr langa hríð útan landz; hefi ek ok mínir menn haft þat einu alla þessa stund til framflutningar oss, er vér hōfum sótt í hernaði, ok í mōrgum stōðum orðit til at hætta bæði lífi ok sálu; hefir margr maðr fyrir oss, sá er saklauss hefir verit, orðit at láta féit, en sumir lífit með, en yfir þeim eignum sitja útlendir menn, er átti minn faðir ok hans faðir ok hverr eptir annan várra frænda, ok em ek óðalborinn til. Ok láta þeir sér eigi þat 35

einhlítt, heldr hafa þeir undir sik tekit eigur allra várra frænda,  
 er at langfeðgatali erum komnir frá Haraldi inum hárfagra;  
 miðla þeir sumum lítit af, en sumum með öllu ekki. Nú skal  
 því upp lúka fyrir yðr, er mér hefir mjök lengi í skapi verit, at  
 5 ek ætla at heimta fǫðurarf minn, ok mun ek hvárki koma á fund  
 Dana-konungs né Svía-konungs at biðja þá né einna muna um,  
 þótt þeir hafi nú um hríð kallat sína eign, þat er var arfr Haraldz  
 hárfagra; ætla ek heldr, yðr satt til at segja, at sækja oddi ok  
 eggju frændleifð mína ok kosta þar at allra frænda minna ok  
 10 vina ok þeira allra, er at þessu ráði vilja hverfa með mér. Skal  
 ek ok svá upp hefja þetta tilkall, at annat hvárt skal vera, at ek  
 skal eignask ríki þat alt til forráða, er þeir feldu frá Óláf  
 konung Tryggvason, frænda minn, eða ek skal hér falla á  
 frændleifð minni. Nú vænti ek um þik, Sigurðr mágr, eða aðra  
 15 þá menn í landinu, er óðalbornir eru hér til konungsdóms at  
 lögum þeim, er setti Haraldr hárfagri, þá mun yðr eigi svá  
 mikilla muna á vant, at þér munið upp hefjask at reka af höndum  
 frændaskomm þessa, at eigi munuð þér alla yðr við leggja at  
 efla þann, er forgangsmáðr vill vera at hefja upp ætt vára. En  
 20 hvárt sem þér vilið lýsa nokkurn manndóm um þenna hlut, þá  
 veit ek skaplyndi alþýðunnar, at til þess væri öllum títt, at komask  
 undan þrælkan útlendra hǫfðingja, þegar er traust yrði til. Hefi  
 ek fyrir þá sök þetta mál fyrir engan mann borit fyrr en þik, at  
 ek veit, at þú ert máðr vitr ok kant góða forsjá til þess, hvernug  
 25 reisa skal frá uphafi þessa ætlan, hvárt þat skal fyrst ræða af  
 hljóði fyrir nokkurum mönnum, eða skal þat bera þegar í  
 fjölmæli fyrir alþýðu; heft ek nú nokkut roðit tǫnn á þeim, er  
 ek tók höndum Hákon jarl, ok er hann nú ór landi stokkinn ok  
 gaf hann mér með swardögum þann hluta ríkis, er hann átti áðr.  
 30 Nú ætla ek oss munu létlara falla at eiga um við Svein jarl einn  
 saman, heldr en þá, at þeir væri báðir til landvarnar«. Sigurðr  
 konungr svarar nú: »eigi býr þér lítit í skapi, Óláfr konungr; er  
 þessi ætlan meirr af kappi en forsjá, at því sem ek virði, enda er  
 þess ván, at langt myni í milli vera lítilmenzku minnar ok áhuga  
 35 þess ins mikla, er þú munt hafa; þvíat þá er þú vart lítt af  
 barnaldri kominn, vartu þegar fullr af kappi ok ójafnaði í öllu  
 því, er þú máttir; ertu nú ok reyndr mjök í orrostum ok samit  
 þik eptir síðvenju útlendra hǫfðingja. Nú veit ek, at svá fremmi  
 munt þú þetta hafa upp tekit, at ekki mun tjá at letja þik; er ok  
 40 várkunn á, at slíkir hlutir liggi í miklu rúmi þeim, er nokkurir

eru kappsmenn, er ǫll ætt Haraldz hárfagra ok konungdómr fellr niðr. En í engum heitum vil ek bindask, fyrr en ek veit ætlan eða tiltekju annarra konunga á Uplöndum; en vel hefir þú þat gort, er þú lézt mik fyrr vita þessa ætlan, en þú bærir þat í hámmæli fyrir alþýðu; heita vil ek þér umsýslu minni við konunga 5 ok svá við aðra höfðingja eða annat landzfólk; svá skal þér, Óláfr konungr, heimult fé mitt til styrks þér. En svá fremmi vil ek, at vér berim þetta fyrir alþýðu, er ek sé, at nokkur framkvæmd mætti at verða eða nokkurr styrkr fæsk til þessa stórræðis, fyrir því at svá skaltu til ætla, at mikit er í fang tekit, ef þú 10 vilt kappi deila við Ólaf Svía-konung ok við Knút, er nú er bæði konungr í Englandi ok Danmörk, ok mun rammar skorður þurfa við at reisa, ef hlýða skal. En ekki þykki mér ólíkligt, at þér verði gott til liðs, þvíat alþýðan er gjörn til nýjungarinnar: fór svá fyrr, er Óláfr konungr Tryggvason kom til landz, at allir 15 urðu því fegnir, ok naut hann þó eigi lengi konungdómsins«. Þá er svá var komit ræðunni, tók Ásta til orða: »svá er mér um gefit, sonr minn, at ek em þér fegin orðin, ok því fegnust, at þinn þroski mætti mestr verða; vil ek til þess engi hlut spara, þann er ek á kosti; en hér er lítt til ráðastoda at sjá, er ek em; 20 en heldr vilda ek, þótt því væri at skipta, at þú yrðir yfirkonungr í Nóregi, þótt þú lifðir eigi lengr í konungdóminum en Óláfr Tryggvason, heldr en hitt, at þú værir eigi meiri konungr en Sigurðr sýr ok yrðir ellidaudr«. Ok eptir þessi orð slitu þeir málstefnunni. Dvalðisk Óláfr konungr þar um hríð með ǫllu liði 25 sínu. Sigurðr konungr veitti þeim annan hvern dag at borðhaldi fiska ok mjólk, en annan hvern slátr ok mungát.

#### K. 36. Frá Uplendinga-konungum.

Í þenna tíma váru margir Uplendinga-konungar, þeir er fyrir fylkjum réðu, ok váru þeir flestir komnir af ætt Haraldz 30 ins hárfagra. Fyrir Heiðmörk réðu ii. bræðr, Hrærekr ok Hringr, en í Guðbrandzdølum Guðrøðr. Konungr var ok á Raumaríki. Einn konungr var ok sá, er hafði Þótn ok Haðaland; á Valdresi var ok konungr. Sigurðr konungr sýr átti stefnulang við fylkiskonunga uppi á Haðalandi, ok var á þeiri stefnu Óláfr 35 Haraldzson. Þá bar Sigurðr upp fyrir fylkiskonunga, þá sem hann hafði stefnulang við gort, ráðastofnan Óláfs mágs síns ok biðr þá styrks bæði at liði ok ráðum ok samþykki, telr þá upp, hver nauðsyn þeim var á, at reka af höndum þat undirbrot, er

Danir ok Svíar hafa þá undir lagt, segir, at nú mun til verða sá maðr, er fyrir mun ganga í þessu ráði, telr þá upp mǫrg snildarverk, þau er Óláfr konungr hefir gǫrt í ferðum sínum ok hernaði. Þá segir Hrœrekr konungr: »satt er þat, at mjök er niðr fallit

5 ríki Haraldz konungs ins hárfagra, er engi hans ættmaðr er yfirkonungr í Nóregi. Nú hafa menn hér í landi ýmiss við freistat. Var Hákon Aðalsteinsfóstri konungr, ok unðu allir því vel; en er Gunnhildar-synir réðu fyrir landi, þá varð ǫllum leitt þeira ofríki ok ójafnaðr, at heldr vildu menn hafa útlenda konunga yfir sér ok vera sjálfráðari, þvíat útlendir hǫfðingjar váru

10 þeim jafnan fjarri ok vǫnduðu lítt um siðu manna, hǫfðu slíkan skatt af landi, sem þeir skildu sér, en er þeir urðu ósáttir, Haraldr Dana-konungr ok Hákon jarl, þá herjuðu Jómsvíkingar í Nóreg; þá rézk í móti þeim allr múgr ok margmenni ok hratt þeim ófriði

15 af sér; eggjuðu menn þá til þess Hákon jarl, at halda landi fyrir Dana-konungi ok verja oddi ok eggju; en er hann þóttisk fullkominn til ríkis af styrk landzmannna, þá gerðisk hann svá harðr ok frekr við landzfólkit, at menn þöldu honum eigi, ok drápu Prœndir sjálfir hann ok hófu þá til ríkis Óláf Tryggvason, er

20 óðalborinn var til konungdóms ok fyrir allra hluta sakir vel til hǫfðingja fallinn; geystisk at því allr landzmúgr at vilja hann hafa at konungi yfir sér ok reisa þá upp af nýju þat ríki, er eignazk hafði Haraldr inn hárfagri. En er Óláfr þóttisk fullkominn at ríki, þá var fyrir honum engi maðr sjálfráði; gekk

25 hann við freku at við oss smákonungana at heimta undir sik þær skyldir allar, er Haraldr inn hárfagri hafði hér tekit, ok enn sumt frekara, en at siðr váru menn fyrir honum sjálfráða, at engi réð, á hvern guð trúa skyldi. En er hann var frá landi tekinn, þá hǫfum vér nú haldit vináttu við Danakonung, ok

30 hǫfum vér af honum traust mikit haft um alla hluti, er vér þurfum at krefja, en sjálfræði ok hóglífi innanlandz ok ekki ofríki. Nú er þat at segja frá mínu skaplyndi, at ek uni vel við svá búit; veit ek eigi þat, þótt minn frændi sé konungr yfir landi, hvárt batna skal við þat minn réttir nǫkkut, en ella

35 mun ek engan hlut eiga í þessarri ráðagørð. Þá mælti Hringr, bróðir hans: »birta mun ek mitt skaplyndi; betra þykki mér, þótt ek hafa it sama ríki ok eignir, at minn frændi sé konungr yfir Nóregi, heldr en útlendir hǫfðingjar, ok mætti enn vára ætt upp hefja hér í landi; en þat er mitt hugboð um þenna

40 mann, Óláf, at auðna hans ok hamingja myni ráða, hvárt hann

skal ríki fá eða eigi; en ef hann verður einvaldzkonungr yfir Nórégi, þá mun sá þykkja betr hafa, er stærri hluti á til at telja við hann um hans vináttu. Nú hefir hann í engan stað meira kost en einn hvern várr, en því minna, at vér höfum nokkur lönd ok ríki til forráða, en hann hefir allz engi; erum vér ok eigi síðr óðalbornir til konungdóms. Nú viljum vér gerask svá miklir líðsinnismenn hans, at unna honum innar æztu tígnar hér í landi ok fylgja þar at með öllum várum styrk. Hví myni hann oss þat eigi vel launa ok lengi muna með góðu, ef hann er svá mikill manndómsmaðr, sem ek hygg ok allir segja? Nú munum vér á þá hættu leggja, ef ek skal ráða, at binda við hann vináttu«. Eptir þat stóð upp hvern at öðrum ok talaði, ok kom þar niðr, at þess váru flestir fúsari at binda félagsskap við Óláf konung. Hann hét þeim sinni vináttu fullkominni ok réttarbót, ef hann yrði einvaldzkonungr yfir Nórégi. Binda þeir þá sætt sína með swardögum.

#### K. 37. Gefit Óláfi konungsnafn.

Eptir þat stefndu konungar þing; þá bar Óláfr konungr upp fyrir alþýðu þessa ráðagørð ok þat tilkall, er hann hefir þar til ríkis, biðr þá bæendr sér viðrtöku til konungs yfir landi, heitr þeim þar í móti lögum fornum ok því, at verja land fyrir útlendum her ok höfðingjum; talar hann um þat langt ok snjalt ok fekk góðan róm at máli sínu. Þá stóðu upp konungar ok töludu annarr at öðrum, ok fluttu allir þetta mál ok ørendi fyrir lýðinum. Varð þat þá at lykðum, at Óláfi var gefit konungsnafn yfir landi öllu ok dæmt honum land at uplenzkum lögum.

#### K. 38. Ferð Óláfs konungs um Uplönd.

Þá hóf Óláfr konungr upp ferð sína ok lét bjóða upp veizlur fyrir sér, þar sem konungsbú váru; fór hann fyrst um Haðaland, ok þá sótti hann norðr í Guðbrandzdala; fór þá svá sem Sigurðr sýr hafði getit, at lið dreif til hans svá mart, at hann þóttisk eigi hálf þurfa, ok hafði hann þá nær ccc. manna. Þá endusk honum ekki veizlurnar, sem ákveðit var; þvíat þat hefir verit siðvenja, at konungar fóru um Uplönd með lx. manna eða lxx., en aldri meirr en c. manna. Fórn konungr skjótt yfir ok var eina nótt í sama stað. En er hann kom norðr til fjallz, þá byrjar hann ferð sína, kœmr norðr um fjallit ok fór til þess,



er hann kom norðr af fjallinu. Óláfr konungr kom ofan í Updal ok dvalðisk þar um nótt. Síðan fór hann Updalsskóg ok kom fram í Meðaldal, krafði þar þings ok stefndi þar til sín bóndum. Síðan talaði konungr á þinginu ok krafði bændr sér viðrtøku, 5 bauð þeim þar í móti rétt ok lög, svá sem boðit hafði Óláfr konungr Tryggvason. Bóendr höfðu engi styrk til þess at halda ósætt við konung, ok lauk svá, at þeir veittu konungi viðrtøku ok bundu þat swardögum. En þó höfðu þeir áðr gørt njósn ofan í Orkadal ok svá í Skaun ok létu segja um ferð Óláfs 10 konungs alt þat, er þeir vissu af.

#### K. 39. Útboð um Þrándheim.

Einarr þambarskelfir átti bú á Húsabæ á Skaun; en er honum kom njósn um farar Óláfs konungs, þá lét hann þegar skera upp heror ok senda iiii. vega, stefndi saman þegn ok þræl 15 með alvæpni, ok fylgði þat boði, at þeir skyldu verja land fyrir Óláfi konungi. Orboð fór til Orkadals ok svá til Gaulardals, ok drósk þar alt herr saman.

#### K. 40. Ferð Óláfs konungs í Þrándheim.

Óláfr konungr fór með liði sínu ofan til Orkadals, fór 20 hann allspakliga ok með friði. En er hann kom út á Grjótar, mætti hann þar bóandasamnaði, ok höfðu þeir meirr en dcc. manna; fylkði þá konungr liði sínu, þviat hann hugði, at bændr myndi berjask vilja. En er bændr sá þat, þá tóku þeir at fylkja ok varð þeim alt ómjúkara, þviat áðr var ekki um ráðit, hverr 25 höfðingi skyldi vera fyrir þeim. En er Óláfr konungr sá þat, at bóndum tóksk ógreitt, þá sendi hann til þeira Þóri Guðbrandzson, en er hann kom, segir Þórir, at Óláfr konungr vill ekki berjask við þá; hann nefndi xii. menn, þá er ágætastir váru í þeira flokki, at koma til fundar við Ólaf konung. En bændr 30 þekðusk þat ok ganga fram yfir egg nökkura, er þar verðr, þar til er stóð fylking konungs. Þá mælti Óláfr konungr: »þér bændr hafið nú vel gørt, er ek á kost at tala við yðr, þviat ek vil þat yðr segja um ørendi mitt hingat til Þrándheims, — þat er í uphafi, at ek veit, at þér hafið áðr spurt, at vér Hákon 35 jarl fundumk í sumar, ok lauk svá várum skiptum, at hann gaf mér ríki þat alt, er hann átti hér í Þrándheimi, en þat er, sem þér vituð, Orkdælafylki ok Gauldælafylki ok Strindafylki ok Eynafylki; en ek hefi hér vitnismenn, þá er þar váru ok handsal okkat

jarls sá ok heyrðu orð ok eiða ok allan skildaga, er jarl veitti mér; vil ek yðr lög bjóða ok frið, eptir því sem fyrir mér bauð Óláfr konungr Tryggvason. Hann talaði langt ok snjalt, ok kom þar at lokum, at hann bauð bóndum ii. kosti, þann annan, at ganga til handa honum ok veita honum hlýðni, sá 5 var annarr at halda þá við hann orrostu. Síðan fóru bændr aptr til liðs síns ok sögðu sín ørendi, leituðu þá ráðs við alt fólkit, hvern þeir skyldu af taka. En þótt þeir kærði þetta um hríð milli sín, þá kuru þeir þat af, at ganga til handa konungi; var þat þá eiðum bundit af hendi bónda. Skipaði konungr þá 10 ferð sína, ok gerðu bændr veizlur í móti honum. Fór konungr þá út til sjávar ok ræðr sér þar til skipa; hann hafði langskip, xx.-sessu, af Gelmini frá Gunnars; annat skip, xx.-sessu, hafði hann af Vigggjum frá Loðins; iii. skip, tvítugsessu, hafði hann af Qngrum í Nesi; þann bæ hafði átt Hákon jarl, en þar réð 15 fyrir ármaðr sá, er Bárðr hvíti er nefndr. Konungr hafði skútur iii. eða v.; fór hann ok skyndiliga ok helt inn eptir firði.

#### K. 41. Ferð Sveins jarls.

Sveinn jarl var þá inn í Prándheimi at Steinkerum ok lét þar búa til jólaveizlu; þar var kaupstaðr. Einarr þambarskelfir 20 spurði, at Orkdælar hǫfðu gengit til handa Óláfi konungi; þá sendi hann njósnarmenn til Sveins jarls; fóru þeir fyrst til Niðaróss ok tóku þar róðrarskútu, er Einarr átti; þeir fóru síðan inn eptir firði ok kómu einn dag síðarla inn til Steinkera ok báru þessi ørendi jarli ok segja alt um ferð Óláfs konungs. 25 Jarl átti langskip, er flaut tjaldat fyrir býnum; lét hann þegar um kveldit flytja á skipit lausafé sitt ok klæðnað manna ok drykk ok vist, svá sem skipit tók við, ok røru út þegar um nóttina ok kómu í lýsing í Skarnsund. Þar sá þeir Ólaf konung róa útan eptir firði með lið sitt; snýr jarl þá at landi inn fyrir 30 Masarvík, — þar var þykk skógr; þeir lögðu svá nær berginu, at lauf ok limar tóku út yfir skipit. Þá hjoggu þeir stór tré ok settu alt á útborða í sjá ofan, svá at ekki sá skipit fyrir laufinu, ok var eigi alljóst orðit, þá er konungr røri inn um þá. Logn var veðrs; røri konungr inn um eyna; en er sýn 35 fal milli þeira, røri jarl út á fjørð ok alt út á Frostu, lögðu þar at landi; þar var hans ríki.

## K. 42. Ráðagørð Sveins jarls ok Einars.

Sveinn jarl sendi menn út í Gaulardal eptir Einari mági sínum; en er Einarr kom til jarls, þá segir jarl honum alt um skipti þeira Óláfs konungs ok svá þat, at hann vill liði samna 5 ok fara á fund Óláfs konungs ok berjask við hann. Einarr svarar svá: »vér skulum fara ráðum með, halda til njösn, hvat Óláfr konungr ætlask fyrir; látum þat eitt til vár spyrja, at vér sémm kyrrir, kann þá vera, ef hann spyr eigi liðsamnað várn, at hann setisk inn at Steinkerum um jólin, þvíat þar 10 er nú vel fyrir búit. En ef hann spyr, at vér höfum liðsamnað, þá mun hann stefna þegar út ór firði, ok höfum vér hans þá ekki«. Svá var gørt, sem Einarr mælti; fór jarl á veizlur upp í Stjóradal til bónda. Óláfr konungr, þá er hann kom til Steinkera, tók hann upp veizluna ok lét bera á skip sín ok aflaði til byrðinga 15 ok hafði með sér bæði vist ok drykk ok bjósk í brot sem skyndiligast ok helt út alt til Niðaróss; þar hafði Óláfr konungr Tryggvason látit efna til kaupstaðar, sem fyrr var ritit. En er Eiríkr jarl kom til landz, þá eflði hann á Hlōðum, þar sem faðir hans hafði höfuðbæ sinn látit vera; en hann órækti hús 20 þau, er Óláfr hafði látit gera við Nið; váru þau þá niðr fallin sum, en sum stóðu ok váru heldr óbyggvilig. Óláfr konungr helt skipum sínum upp í Nið; lét hann þar þegar búask um í þeim húsum, er upp stóðu, en reisa upp þau, er niðr váru fallin, ok hafði þar at fjölða mannz; lét ok þá flytja upp í húsinn 25 bæði drykkinn ok vistina ok ætlaði þar at sitja um jólin. En er þat spurði Sveinn jarl ok Einarr, þá gera þeir ráð sín í øðrum stað.

## K. 43. Frá Sigvati skáld.

Þórðr Sigvalda-skáld hét maðr íslenzkr; hann hafði verit 30 lengi með Sigvalda jarli ok síðan með Þorkatli háva, bróður jarls, en eptir fall jarls þá var Þórðr kaupmaðr. Hann hitti Ólaf konung, er hann var í vestríking, ok gerðisk hans maðr ok fylgði honum síðan; var hann þá með konungi, er þetta var tíðenda. Sigvatr var son Þórðar; hann var at fóstri með Þorkatli at 35 Apavatni. En er hann var nálíga vaxinn maðr, þá fór hann útan af landi með kaupmönnum, ok kom skip þat um haustit til Þrándheims, ok vistuðusk þeir menn í heraði. Þann sama vetr kom Óláfr konungr í Þrándheim, svá sem nú var ritit.

En er Sigvatr spurði, at Þórðr, faðir hans, var þar með konungi, þá fór Sigvatr til konungs, hitti Þórð, fœður sinn, ok dvalðisk þar um hríð. Sigvatr var snimma skáld gott; hann hafði ort kvæði um Ólaf konung ok bauð konungi at hlýða. Konungr segir, at hann vill ekki yrkja láta um sik, segir at hann kann 5 ekki at heyra skáldskap; þá kvað Sigvatr:

34. Hlýð mínum brag, meiðir þótt ǫllungis allra,  
myrkblás, þvít kank yrkja, allvaldr, lofi skalda,  
alltíginn — mátt eiga þér fæk hróðrs at hvóru  
eitt skald — drasils tjalda; hlít, annarra nítið. 10

Óláfr konungr gaf Sigvati at bragarlaunum gullhring þann, er stóð hálfu mörk. Sigvatr gerðisk hirðmaðr Óláfs konungs; þá kvað hann:

35. Ek tók lystr, né ek lasta þollr, gazt húskarl hollan  
(leyfð ið es) þat síðan, (hǫfum ráðit vel báðir) 15  
sóknar Njórðr, við sverði látrs, en ek lánar-dróttin,  
— sá 's mín vili — þínu; linns blóða, mér góðan.

Sveinn jarl hafði látit taka um haustit hálfu landaura af Íslandz-farinu, svá sem fyrr var vant, þvíat Eiríkr jarl ok Hákon jarl hǫfðu þær tekjur sem aðrar at helmingi þar í Þrándheimi. 20 En er Óláfr konungr var þar kominn, þá gerði hann til sína menn at heimta hálfu landaura af Íslandz-förum, en þeir fóru á fund konungs; þeir báðu Sigvat liðveizlu; þá gekk hann fyrir konung ok kvað:

36. Gerþöenn mun ek gunnar landaura veit, líru 25  
gammteitǫndum heitinn látr-þverrandi, af knerri  
(áðr þógum vér ægis enn af ganga, engjar,  
eld) ef nú biðk felda: ek hef sjalfr krafit, halfa.

#### K. 44. Frá Sveini jarli.

Sveinn jarl ok þeir Einarr þambarskelfir drógu saman her 30 mikinn ok fóru út til Gaulardals it øfra ok stefna út til Niðaróss ok hǫfðu nær xx. hundruð manna. Menn Óláfs konungs váru út á Gaularási ok heldu hestvörð; þeir urðu varir við, er herrinn fór ofan ór Gaulardal ok báru þá konungi njósn um miðnætti. Stóð Óláfr konungr þegar upp ok lét vekja liðit, gengu þeir 35 þegar á skip ok báru út ǫll klæði sín ok vápn ok þat alt, er þeir gátu með komizk, røru þá út ór ánni; kom þá jamskjótt jarlsliðit til bæjarins; tóku þeir þá jólavistina alla, en brendu húsin ǫll. Fór Óláfr konungr út eptir firði til Orkadals ok

gekk þar af skipum; fór þá upp um Orkadal alt til fjallz ok austr yfir fjall til Dala. Frá þessu er sagt, at Sveinn jarl brendi bæ í Niðarósi, í flokki þeim, er ortr er um Klæng Brúsason:

- 5 37. Brunnu allvalds inni (eimr skaut á her hrími)  
— eldr hykk at sal feldi — halfgöf við Nið sjalfa.

#### K. 45. Frá Óláfi konungi.

Óláfr konungr fór þá suðr eptir Guðbrandzdöllum ok þaðan út á Heiðmörk, fór alt at veizlum um hávetri, en dró saman her,  
10 er váraði, ok fór út í Víkina; hann hafði mikit lið af Heiðmörk, er konungar fengu honum; fóru þaðan lendir menn margir; í þeirri ferð var Ketill kálfr á Hringunesi; Óláfr konungr hafði ok lið af Raumaríki. Sigurðr konungr sýr, mágr hans, kom til liðs við hann með mikla sveit manna; sækja þeir þá út til sjávar  
15 ok ráða sér til skipa ok búask innan ór Víkinni; þeir höfðu frítt lið ok mikit. En er þeir höfðu búit lið sitt, lögðu þeir út til Túnsbergs.

#### K. 46. Frá liði Sveins jarls.

Sveinn jarl samnar liði alt um Þrándheim þegar eptir jólin  
20 ok býðr út leiðangri, býr ok skipin. Í þenná tíma var í Nóregi fjöldi lendra manna; óru þeir margir ríkir ok svá ættstórir, at þeir váru komnir af konunga ættum eða jarla ok áttu skamt til at telja, váru ok stórauðgir. Var þar alt traust konunganna eða jarlanna, er fyrir landi réðu, er lendir menn váru; þvíat svá  
25 var í hverju fylki, sem lendir menn réðu fyrir bóndaliðinu. Vel var Sveinn jarl vingaðr við lenda menn; varð honum gott til liðs. Einarr þambarskelfir, mágr hans, var með honum ok margir aðrir lendir menn ok margir þeir, er áðr um vetrinn höfðu trúnaðareiða svarit Óláfi konungi bæði lendir menn ok bæendr. Þeir  
30 fóru þegar ór firðinum, er þeir váru búnir, ok heldu suðr með landi ok drógu at sér lið ór hverju fylki. En er þeir kómu suðr fyrir Rogaland, þá kom til móts við þá Erlingr Skjálgrsson ok hafði mikit lið, ok með honum margir lendir menn; heldu þá öllu liðinu austr til Víkr; þat var, er á leið langaföstu, er  
35 Sveinn jarl sótti inn í Víkina. Jarl helt liðinu inn um Grenmar ok lagðisk við Nesjar.

## K. 47. Frá liði Óláfs konungs.

Þá helt Óláfr konungr sínu liði út eptir Víkinni; var þá skamt í milli þeira, vissu þá hvárir til annarra laugardag fyrir pálmunnudag. Óláfr konungr hafði þat skip, er kallat var Karlhöfði, þar var á framstafni skorit konungshöfuð; hann sjálfr 5 hafði þat skorit. Þat höfuð var lengi síðan haft í Nóregi á skipum þeim, er höfðingjar stýrðu.

## K. 48. Tala Óláfs konungs.

Sunnudagsmorgininn, þegar er lýsti, stóð Óláfr konungr upp ok klæddisk, gekk á land, lét þá blása öllu liðinu til landgöngu. 10 Þá átti hann tal við liðit ok segir alþýðu, at hann hefir þá spurt, at skamt mun milli þeira Sveins jarls: »skulum vér nú, segir hann, við búask, þvíat skamt mun vera til fundar várs; vápnisk menn nú ok búi hvern sik ok sitt rúm, þar er áðr er skipat, svá at allir sé þá búnir, er ek læt blása til brautlögunnar; róum síðan 15 samfast, fari engir fyrr en allr ferr flotinn, dvelisk ok engi þá eptir, er ek rœ ór höfninni, þvíat eigi megum vér vita, hvárt vér munum jarlinn hitta, þar er nú liggr hann, eða munu þeir sækja í móti oss; en ef fund várn berr saman ok takisk orrosta, þá heimti várir menn saman skipin ok sé búnir at tengja; hlífum 20 oss fyrst ok gætum várna várra, at vér berim eigi á sæ eða kastim á glæ; en er festisk orrosta ok skipin hafa saman bundizk, gerið þá sem harðasta hríðna, ok dugi hvern sem mannlíkast«.

## K. 49. Orrosta fyrir Nesjum.

Óláfr konungr hafði á sínu skipi c. manna, ok höfðu allir 25 hringabrynjur ok valska hjálma; flestir hans menn höfðu hvíta skjöldu ok á lagðr inn helgi kross með gulli, en sumir dregnir rauðum steini eða blám; kross lét hann ok draga í enni á öllum hjálmum með bleiku. Hann hafði hvítt merki, þat var ormr. Þá lét hann veita sér tíðir; gekk síðan á skip sitt ok bað menn snæða 30 ok drekka nokkut. Síðan lét hann blása herblástr ok leggja út ór höfninni. En er þeir kómu fyrir höfnina, þar er jarl hafði legit, þá var lið jarls vápnat ok ætlaði þá at róa út ór höfninni; en er þeir sá konungslíð, þá tóku þeir at tengja skipin ok settu upp merki ok bjoggusk við. En er Óláfr konungr 35 sá þat, þá greiddu þeir atróðrinn, lagði konungr at jarls skipi; tóksk þar þá orrosta; svá segir Sigvatr skáld:

38. Veitti sókn, þars sótti, snjallr helt at, sás olli  
siklingr firum mikla, eirlaust konungr, þeira,  
(blóð fell rautt á Róða en Sveins liðar, sýnum  
rein) í hofn at Sveini; saman bundu skip, fundi.
- 5 Hér segir þat, at Óláfr konungr helt til orrostu, en Sveinn lá fyrir í hofninni. Sigvatr skáld var þar í orrostu; hann orti þegar um sumarit eptir orrostu flokk þann, er Nesjavísur eru kallaðar, ok segir þar vandliga frá þessum tíðendum:
39. Þat erumk kunt, hvé kennir odda frosts fyr austan  
10 Karlhofða lét jarli Agðir nær of lagðan.  
Orrosta var in snarpasta, ok var þat langa hríð, er ekki mátti yfir sjá, hvernug hniga myndi; fell þá mart af hvárumtveggjum ok fjöldi varð sárt; svá segir Sigvatr:
40. Vasa sigmána Sveini þvít kvistingar kostu  
15 sverða gnýs at frýja (koma herr í stað verra)  
góðs né gorrar hríðar óttu sín, þars sóttusk,  
gunnreifum Aleifi, seggir hvárta tveggja.
- Jarl hafði lið meira, en konungr hafði einvala lið á sínu skipi, þat er honum hafði fylgt í hernaði, ok búit svá forkunnliga, sem fyrr  
20 var sagt, at hverr maðr hafði hringabrynju; urðu þeir ekki sárir; svá segir Sigvatr:
41. Teitr, sák okr í ítru en mín at flug fleina  
allvalds liði falla falsk und hjalm enn valska  
(gerðisk harðr) of herðar (okr vissak svá, sessi)
- 25 hjörðynr) svalar brynjur; svört skör (við her gorrva).  
En er lið tók at falla á skipum jarls, en sumt sárt, ok þyntisk þá skipanin á borðunum.

## K. 50. Flótti Sveins jarls.

- Þá réðu til uppgöngu menn Óláfs konungs; var þá merkit  
30 upp borit á þat skip, er næst var jarlsskipi, en konungr sjálf fylgði fram merkinu; svá segir Sigvatr:
42. Stöng óð gylt þars gengum þági vas, sem þessum  
Göndlar serks und merkjum þengils, á jó strengjar,  
gnýs fyr gogfum ræsi mjöð, fyr málma kveðju,  
35 greiðendr á skip reiðir; mær heiðþegum bæri.
- Þar var snörp orrosta, ok fellu mjök Sveins menn, en sumir hljópu þá fyrir borð; svá segir Sigvatr:
43. Vér drifum hvatt, þars heyra (rönd klufu roðnir brandar)  
hátt vápna-brak knátti, reiðir upp á skeiðar;

en fyr borð, þars þorðusk, (nár flaut út við eyri  
— búinn fengusk skip — gengu ófár) búendr sárir.

Ok enn þetta:

44. Qld vann ossa skjöldu þar hykk ungan gram gongu  
(auðsætt vas þat) rauða (gunn sylg) es vér fylgðum, 5  
(hljóms), þás hvítir kómu, (blóðs fekk -svorr)þars slæðusk  
(hringmiðlondum) þingat, sverð, upp í skip gerðu.

Þá tók at snúa mannfallinu upp á lið jarls; sóttu þá konungsmenn at jarlsskipi, ok var við sjálf, at þeir mundu upp ganga á skipit. En er jarl sá, í hvert óefni komit var, þá hét hann á frambyggja, 10 at þeir skyldu hoggva tengslin ok leysa skipin út; þeir gerðu svá. Þá færðu konungsmenn stafnljá á skeiðarkylfuna ok heldu þeim. Þá mælti jarl, at stafnbúar skyldu af hoggva kylfuna; svá gerðu þeir; svá segir Sigvatr:

45. Sjálfr bað svartar kylfur þás til góðs, en gjóði, 15  
Sveinn harðliga skeina; gort, fengusk hræ svortum  
nær vas áðr í óra Yggs, lét herr of hoggvit  
auðvón róit hönnum, hrafni skeiðar stafna.

Einarr þambarskelfir hafði sitt skip lagt á annat borð jarlsskipi; koptuðu þeir þá akkeri í framstafn á jarlsskipi, ok fluttusk þá 20 svá allir samt út á fjörðinn. Eptir þat flýði alt lið jarls ok ræri út á fjörðinn. Bersi Skáldtorfuson var í fyrirrúmi á skipi Sveins jarls; en er skipit leið fram frá flotanum, þá segir Óláfr konungr hátt, er hann kendi Bersa, þvíat hann var auðkendr, — hverjum manni vænni ok búinn forkunnar vel at vápnum ok at klæðum: 25 »farið heilir, Bersi«. Hann segir: »verið heilir, konungr«. Svá segir Bersi í flokki þeim, er hann orti, þá er hann kom á vald Óláfs konungs ok sat í fjotrurum:

46. Hróðrs batt heilan líða »elgs«, mun ek eigi fylgja  
hagkennanda þenna, út, hriðboði, síðan, 30  
en snarroeki slíku hests, at hverjum kosti,  
svarat unnum vér Gunnar: hranna, dýrra manni.  
orð seldum þau elda 48. Krýpk eigi svá, sveigir  
úthauðrs boða, trauðir, sára linns, — í ári  
knarrar, hapt, sem ek keypta, búum ólítinn Áta 35  
kynstórs, at við brynju. qndur þér til handa —,  
47. Sveins raunir hefk sénar, at ek, herstefnir, hafna,  
(snart rekninga bjartar) heiðmildr, eða þá leiðumk,  
þars (svaltungur sungu) ungr kunnak þar þrøngvi  
saman fórum vér, stórar; þínn, hollvini mína. 40



## K. 51. Ferð Sveins jarls ór landi.

Nú flýðu sumir menn jarls á land upp, sumir gengu til gríða. Þá røru þeir Sveinn jarl út á fjörðinn ok lögðu þeir saman skip sín, ok töludu hofðingjar milli sín; leitar jarl ráða við lenda  
 5 menn. Erlingr Skjalgsson réð þat, at þeir skyldu norðr sigla í land ok fá sér lið ok berjask enn við Ólaf konung. En fyrir því at þeir hofðu látit lið mikit, þá fýstu flestir allir, at jarl færi ór landi á fund Svía-konungs, mágs síns, ok eflðisk þaðan at liði; ok fylgði Einarr því ráði, þvíat honum þótti sem þeir hefði  
 10 þá engi fong til at berjask við Ólaf konung. Skilðisk þá lið þeira, siglði jarl suðr um Foldina, ok með honum Einarr þambarskelfir; Erlingr Skjalgsson ok enn margir aðrir lendir menn, þeir er eigi vildu flýja óðul sín, fóru norðr til heimila sinna; hafði Erlingr um sumarit fjölmenni mikit.

## K. 52. Frá Sveini jarli.

15

Óláfr konungr ok hans menn sá, at jarl hafði saman lagt sínum skipum; þá eggjaði Sigurðr konungr sýr, at þeir skyldu leggja at jarli ok láta þá til stáls sverfa með þeim. Óláfr konungr segir, at hann vill sjá fyrst, hvert ráð jarl tekr, hvárt  
 20 þeir halda saman flokkinum eða skilsk við hann liðit. Sigurðr kvað hann ráða mundu — »en þat er mitt hugboð, segir hann, við skaplyndi þitt ok ráðgirn, at seint tryggvir þú þá stórbukkana, svá sem þeir eru vanir áðr at halda fullu til móts við hofðingja«. Varð ok ekki af atlogunni; sá þeir þá brátt, at jarls lið skilðisk.  
 25 Þá lét Óláfr konungr rannsaka valinn; lágu þeir þar nokkurar nætr ok skiptu herfanginu. Þá kvað Sigvatr skáld vísur þessar:  
 49. Þess getk, meirr at missi 50. Frýrat oss í ári  
 morðórr, sás fór norðan, innþrœnz, þótt lið minna,  
 harða margr í hørðum gort hugðak svá, snertu,  
 30 heimkvömu styr þeima; snotr mæ, konungs væri;  
 sökkt af sunda blakki brúðr mun heldr at háði  
 »sunnu mörq« til grunna, hafa drótt, þás framm sótti  
 satt 's at Sveini mœttum, (fold ruðum skers) ef skyldi,  
 »samknúta«, vér úti. skeggi, aðra tveggja.

35

Ok enn þessa:  
 51. Afli vex, þvít efla  
 Uplendingar sendi

(Sveinn, funduð þat) þenna  
 þilblakks, konungs, vilja,

raun es hins, at Heinir (þeir ætla flug) fleira  
 (hrælinns) megu vinna. folkrekks an þl drekka.  
 Óláfr konungr gaf gjafar Sigurði konungi sýr, mági sínum, at  
 skilnaði, ok svá þórum höfðingjum, þeim er honum höfðu lið  
 veitt; hann gaf Katli af Hringunesi karfa xv.-sessu, ok flutti 5  
 Ketill karfann upp eptir Raumelfi ok alt upp í Mjors.

K. 53. Frá Óláfi konungi.

Óláfr konungr helt til njósnum um farar jarls; en er hann  
 spurði þat, at jarl var ór landi farinn, þá fór hann vestr eptir  
 Víkinni; dreif þá lið til hans, var hann til konungs tekinn á 10  
 þingum; fór hann svá alt til Líðandisness. Þá spurði hann, at  
 Erlingr Skjálgsson hafði samnað mikinn; dvalðisk hann þá ekki  
 á Norðr-Ögðum, þvíat hann fekk hraðbyri; fór hann sem  
 skyndiligast norðr til Prándheims, þvíat honum þótti þar vera  
 alt megin landzins, ef hann fengi þar undir sik komit, meðan jarl 15  
 var ór landi. En er Óláfr konungr kom í Prándheim, þá varð þar  
 engi upreist í móti honum, ok var hann þar til konungs tekinn  
 ok settisk þar um haustit í Niðarósi ok bjó þar til vetrvistar ok  
 lét þar húsa konungsgarð ok reisa þar Clemenskirku í þeim stað,  
 sem nú stendr hon. Hann markaði toptir til garða ok gaf bóndum 20  
 ok kaupmönnum eða þeim þórum, er honum sýndisk ok húsa  
 vildu. Hann sat þar fjölmeðr, þvíat hann treystisk illa Þrændum  
 um trúleik, ef jarl kvæmi aptr í landit; váru berastir í því  
 Innþrændir, ok fekk hann þaðan engar skyldir.

K. 54. Hernaðr Sveins jarls.

Sveinn jarl fór fyrst til Svíþjóðar á fund Óláfs Svía-  
 konungs, mágs síns, ok segir honum alt frá viðskiptum þeira  
 Óláfs digra ok leitaði þá ráða af Svíakonungi, hvat hann skal  
 upp taka. Konungr segir, at jarl skal vera með honum, ef hann  
 vill þat, ok hafa þar ríki til forráða, þat er honum þykki sœmiligt 30  
 — »ok at þórum kosti, segir hann, skal ek fá þér gnógan liðsafla  
 at sœkja landit af Óláfi«. Jarl kaus þat, þvíat þess fýstu allir  
 hans menn, þeir er áttu eignir stórar í Nóregi margir, er þar  
 váru með honum. En er þeir sátu yfir þessarri ráðagørð, þá  
 kom þat ásamt, at þeir skyldu eptir um vetrinn ráða til at fara 35  
 landveg um Helsingjaland ok Jamtaland ok svá ofan í Prándheim,

þvíat jarl treystisk Innþrændum bezt við sik um traustit ok liðveizlu, ef hann kvæmi þar; en þó gera þeir þat ráð, at fara um sumarit fyrst í Austrveg í hernað ok fá sér fjár.

K. 55. Dauði Sveins jarls.

5 Sveinn jarl fór með lið sitt austr í Garðaríki ok herjaði þar; dvalðisk hann þar um sumarit; en er haustaði, snøri hann aprt liði sínu til Svíþjóðar. Þá fekk hann sótt þá, er hann leiddi til bana. Eptir andlát jarls fór lið þat, er honum hafði fylgt, aprt til Svíþjóðar, en sumir snøru til Helsingjalandz ok þaðan til  
10 Jamtalandz ok þá austan um Kjøl til Þrándheims, ok segja þeir þau tíðendi, er gøzrk hǫfðu í ferð þeira; var þá sannspurt andlát Sveins jarls.

K. 56. Frá Þrændum.

Einarr þambarskelfir ok sú sveit, er honum hafði fylgt, fór  
15 um vetrinn til Svía-konungs ok var þar í góðu yfirlæti; þar var ok mart annarra manna, er jarli hafði fylgt. Svía-konungi hugnaðisk stórilla við Óláf digra þat er hann hafði sezkt í skattland hans, en rekit í brot Svein jarl; konungr hét þar fyrir Óláfi inum mestum afarkostum, þá er hann mætti við komask; segir  
20 hann, at eigi mun Óláfr svá djarfr vera, at hann myni taka undir sik þat veldi, er jarl hafði átt; því fylgðu allir Svía-konungs menn, at svá myndi vera. En er Þrændir spurðu til sannz, at Sveinn jarl var andaðr ok hans var ekki ván til Nóregs, þá snørisk ǫll alþýða til hlýðni við Óláf konung. Fóru þá margir  
25 menn innan ór Þrándheimi á fund Óláfs konungs ok gerðusk menn hans, en sumir sendu orð ok jartegnir, at þeir vildu þjóna honum. Fór hann þá um haustit inn í Þrándheim ok átti þing við bændr; var hann þar í hverju fylki til konungs tekinn. Hann fór þá út til Niðaróss ok lát þangat flytja allar konungsskyldir ok efnaði  
30 þar til vetrsetu.

K. 57. Húsaðr konungs-garðr.

Óláfr konungr lét húsa konungsgarð í Niðarósi. Þar var gør mikil hirðstofa, ok dyrr á báðum endum; hásæti konungs var í miðri stofunni, ok innar frá sat Grímkell hirðbyskup hans, en  
35 þar næst aðrir kennimenn hans, en útar frá ráðgjafar hans; í ǫðru ǫndugi gegnt honum sat stallari hans Bjørn digri, þar næst gestir. Ef gøfgir menn kómu til konungs, var þeim vel skipat.

Við elda skyldi þá ǫl drekka. Hann skipaði mönnum í þjónostur, svá sem siðr konunga var til. Hann hafði með sér lx. hirðmanna ok xxx. gesta ok setti þeim mála ok lög; hann hafði ok xxx. húskarla, er starfa skyldu í garðinum slíkt er þurpti ok til at flytja; hann hafði ok marga þræla. Í garðinum var ok mikill 5 skáli, er hirðmenn sváfu í; þar var ok mikil stofa, er konungr átti hirðstefnur í.

### K. 58. Frá siðum Óláfs konungs.

Þat var siðr konungs, at rísa upp snimma um morna ok klæðask ok taka handlaugar, ganga síðan til kirkju ok hlýða óttu- 10 song ok morguntíðum ok ganga síðan á stefnur ok sætta menn eða tala þat annat, er honum þótti skylt; hann stefndi til sín ríkum ok óríkum ok ǫllum þeim, er vitrastir váru. Hann lét opt telja fyrir sér lög þau, er Hákon Aðalsteinsíóstri hafði sett í Þrándheimi. Hann skipaði lögnum með ráði inna vitrustu 15 manna, tók af eða lagði til, þar er honum sýndisk þat; en kristinn rétt setti hann með umráði Grímkels byskups ok annarra kennimanna ok lagði á þat allan hug at taka af heiðni ok fornar venjur, þær er honum þótti kristnispell í. Svá kom, at bæendr játtu þessum lögum, er konungr setti. Svá segir Sigvatr: 20

52. Loftbyggvir, mátt leggja unnar, allra manna,

lands rétt, þanns skal standask, eykja, liðs á miðli.

Óláfr konungr var maðr siðláttr, stilttr vel, fámálugr, ǫrr ok féggjarn. Þá var þar með konungi Sigvatr skáld, sem fyrr var sagt, ok fleiri íslenzkir menn. Óláfr konungr spurði eptir 25 vendiliga, hvernug kristinn dómr væri haldinn á Íslandi, þá þótti honum mikilla muna ávant, at vel væri, þvíat þeir sögðu frá kristnihaldinu, at þat var lofat í lögum, at eta hross ok bera út börn, sem heiðnir menn, ok enn fleiri hlutir, þeir er kristnispell var í. Þeir sögðu ok konungi frá mǫrgu stórmenni, því er þá 30 var á Íslandi. Skapti Þóroddzson hafði þá lögssögu á landinu. Víða af lǫndum spurði hann at siðum manna þá menn, er glögst vissu, ok leiddi mest atspurningum um kristinn dóm, hvernug haldinn væri bæði í Orkneyjum ok á Hjaltlandi ok ór Færeyjum, ok spurðisk honum svá til, sem víða myndi mikit á skorta, at 35 vel væri. Slíkar rœður hafði hann opt í munni eða um lög at tala eða um landzrétt.

## K. 59. Dauði Asgauts ármannz.

Þann sama vetr kómu austan ór Svíþjóð sendimenn Oláfs  
 konungs ins scenska, ok réðu bræðr ii. fyrir, Þorgautr skarði ok  
 Ásgautr ármaðr, ok höfðu xxiiii. menn. En er þeir kómu austan  
 5 um Kjöl í Veradal, þá stefndu þeir þing við bæendr ok tóluðu við  
 þá, heimtu þar skyld ok skatt af hendi Svía-konungs. En bæendr  
 báru ráð sín saman, ok kom ásamt með þeim, at þeir mundu  
 gjalda slíkt, sem Svía-konungr beiddi, ok heimti Oláfr konungr  
 10 gjalda hvárum tveggja skyldir. Fóru sendimenn í brot ok út  
 eptir dalinum, ok á hverju þingi, er þeir áttu, fengu þeir af  
 bóndum in sǫmu svǫr en ekki fé; fóru þá út í Skaun ok áttu þar  
 þing ok kröfðu þar enn skatta, ok fór alt á sǫmu leið sem fyrr.  
 Þá fóru þeir í Stjóradal ok kröfðu þar þinga, en bæendr vildu ekki  
 15 til koma; þá sá sendimenn, at þeira ørendi varð ekki, vildi  
 Þorgautr þá aptr austr — »ekki þykki mér vit konungsørendi  
 rekit hafa, segir Ásgautr, vil ek fara á fund Oláfs konungs digra;  
 þó skjóta bæendr þangat sínu máli«. Nú réð hann, ok fóru þeir  
 út til bæjarins ok tóku þeir herbergi í böenum. Þeir gengu til  
 20 konungs eptir um daginn, — hann sat þá um borðum —,  
 kvøddu hann ok segja, at þeir fóru með ørendum Svía-konungs.  
 Konungr bað þá koma til sín eptir um daginn. Annan dag, þá  
 er konungr hafði hlýtt tíðum, gekk hann til þinghúss síns ok  
 lét þangat kalla menn Svía-konungs ok bað þá bera upp ørendi  
 25 sín. Þá talaði Þorgautr ok segir fyrst, hverra ørenda þeir fóru  
 ok váru sendir ok þat síðan, hvernug Innþændir höfðu svarat;  
 eptir þat beiddi hann, at konungr veitti órskurð, hvert þeira  
 ørendi skyldi þangat verða. Konungr segir: »meðan jarlar réðu  
 hér fyrir landi, þá var þat ekki undarligt, at landzmenn væri  
 30 þeim lýðskyldir, þvíat þeir váru hér ættbornir til ríkis, heldr  
 en þat at lúta til útlendra konunga, ok var þó réttara, at jarlar  
 veitti hlýðni ok þjónostu konungum þeim, er réttkomnir váru  
 hér til ríkis, heldr en útlendum konungum ok at hefjask upp  
 með ófriði í móti réttum konungum ok fella þá frá landi; en  
 35 Oláfr scenski konungr, er kallar til Nóregs, þá veit ek eigi,  
 hverja tiltölu hann hefir, þá er sannlig sé, en hitt megum vér  
 muna, hvern mannskaða vér höfum fengit af honum ok hans  
 frændum«. Þá segir Asgautr: »eigi er undarligt, at þú sér kallaðr  
 Oláfr digri, allstórliga svarar þú orðsending slíks höfðingja;

óglöggt veiztu, hversu þungbær þér mun vera reiði konungs, ok hefir þeim svá orðit, er váru með meira krapti, en mér sýnisk þú munu vera; en ef þú vilt þrálíga halda ríkinu, þá mun þér hinn til, at fara á fund hans ok gerask hans maðr; munu vér þá biðja með þér, at hann fái þér at láni þetta ríki«. 5 Þá segir konungr ok tók hógliga til orða: »ek vil ráða þér annat ráð, Asgautr, farið nú aptr austr til konungs yðars ok segið honum svá, at snimma í vár mun ek búask at fara austr til landamæris, þar er at fornu hefir skilt ríki Nóregs konungs ok Svía-konungs; má hann þá þar koma, ef hann vill, at vit 10 semim sætt okra, ok hafi þat ríki hvárr okkarr, sem óðalborinn er til«. Þá snúa sendimenn í brot ok aptr til herbergis ok bjoggusk í brot, en konungr gekk til borða. Sendimenn gengu þá í konungsgarðinn, ok er durverðir sá þat, segja þeir konungi. Hann bað þá sendimenn eigi inn láta — »ek vil ekki við 15 þá mæla« segir hann. Fóru þá sendimenn í brot. Þá segir Þorgautr, at hann mun aptr snúa ok hans menn, en Asgautr segir, at hann vill reka konungssørendi. Þá skiljask þeir; ferr þá Þorgautr inn á Strind, en Asgautr ok þeir xii. saman snúa upp til Gaulardals, hann ætlar at fara suðr á Mœri ok reka 20 þar sýslu Svía-konungs. En er Óláfr konungr varð þess varr, þá sendi hann gestina út eptir þeim; þeir hittu þá út á nesi við Stein, tóku þá höndum ok leiddu inn á Gaularás, reistu þar gálga ok hengðu þá þar, er sjá mátti útan af firði af þjóðleið. Þorgautr spurði þessi tíðendi, áðr hann fór ór Þrándheimi; fór 25 hann síðan alla leið, þar til er hann hitti Svía-konung ok segir honum þat, er gorkz hafði í þeira fgr; konungr varð allreiðr, er hann heyrði þetta sagt; skorti þar þá eigi stór orð.

#### K. 60. Sætt Óláfs konungs ok Erlings Skjálgssonar.

Eptir þat um várít bauð Óláfr konungr liði út ór Þránd- 30 heimi ok bjósk at fara austr í land. Þá bjósk ór Niðarósi Íslandzfar. Þá sendi Óláfr konungr orð ok jartegnir Hjalta Skeggjasyni ok stefndi honum á fund sinn, en sendi orð Skapta lqgsogumanni ok qðrum þeim mǫnnum, er mest réðu lqgum á Íslandi, at þeir skyldi taka ór lqgum, er honum þótti mest 35 í móti kristnum dómi; þar með sendi hann vinsamlig orð qllum landzmǫnnum jafnsaman. Konungr fór suðr með landi ok dvalðisk í hverju fylki ok þingaði við bændr; en á hverju þingi lét hann upp lesa kristin lqg ok þau boðorð, er þar fylgðu; tók

hann þá þegar af við lýðinn margar óvenjur ok heiðinn dóm, þvíat jarlar höfðu vel haldit forn lög ok landzrétt, en um kristnihald létu þeir gera hvern sem vildi. Var þá svá komit, at víðast um sjábyggðir váru menn skírðir, en kristin lög váru  
5 ókunn flestum mǫnnum; en um updali ok fjallbyggðir var víða alheiðit, þvíat þegar er lýðrinn varð sjálfráða, þá festisk þeim þat helzt í minni um átrúnaðinn, er þeir höfðu numit í barnæsku. En þeir menn, er eigi vildu skipask við orð konungs um kristnihaldit, þá hét hann afarkostum bæði ríkum ok óríkum.  
10 Óláfr var til konungs tekinn um alt land á hverju lögþingi, mælti þá engi maðr í móti honum. Þá er hann lá í Karmtsundi, fóru orð milli þeira Erlings Skjálgssonar, þau at þeir skyldu sættask, ok var lagðr sættarfundr í Hvítungsey. En er þeir fundusk, tǫluðusk þeir sjálfir við um sættina; þótti Erlingi þá  
15 annat nokkut finnask í orðum hans, en honum hafði verit frá sagt, þvíat hann mælti til þess, at hann vildi hafa veizlur þær allar, er Óláfr Tryggvason hafði fengit honum, en síðan jarlar Sveinn ok Hákon — »man ek þá gerask þinn maðr ok hollr vinr« segir hann. Konungr segir: »svá lízk mér, Erlingr, sem  
20 eigi sé þér verra at taka af mér jammiklar veizlur, sem þú tókt af Eiríki jarli, þeim manni, er þér hafði gort inn mesta mannskaða; en ek man þik láta vera gofgastan mann í landinu, þó at ek vilja veizlurnar miðla at sjálfræði mínu, en eigi láta sem lendir menn sé óðalbornir til ættleifðar minnar, en ek skylda  
25 margföldum verðum yðra þjónostu kaupa«. Erlingr hafði ekki skaplyndi til at biðja konunginn né einna muna hér um, þvíat hann sá, at konungr var ekki leiðitamr; sá hann ok, at tveir kostir váru fyrir höndum, sá annarr, at gera enga sætt við konung ok hætta til, hvernug færi, eða ella láta konung einn fyrir  
30 ráða, ok tók hann þann upp, þótt honum þætti mjök í móti skapi sínu, ok mælti til konungs: »sú mun þér mín þjónosta hallkvæmst, er ek veiti þér með sjálfræði«. Þeir skilðu rœðuna. Eptir þat gengu til frændr Erlings ok vinir ok báðu hann til vægja ok færa við vit en eigi ofrkapp — »muntu, segja þeir,  
35 vera ávalt gofgastr lendra manna í Nóregi bæði at framkvæmð þinni ok frændum ok fjárafla«. Erlingr fann, at þetta var heilræði ok þeim gekk góðvili til, er slíkt mæltu; gerir hann svá, gengr til handa konungi með þeim skildaga, at konungr réð fyrir at skilja; skilðusk eptir þat ok váru sáttir at kalla.  
40 Fór Óláfr þá leið sína austr með landi.

## K. 61. Dráp Eilífs gauzka.

Pegar er Óláfr konungur kom í Víkina ok þat spurðisk, þá fóru Danir í brot, þeir er þar höfðu sýslur af Dana-konungi, ok sóttu þeir til Danmerkr ok vildu eigi biða Óláfs konungs. En Óláfr konungur fór inn eptir Víkinni ok hafði þing við böendr, 5 gekk undir hann þar alt landzfólk, tók hann þá allar konungsskyldir ok dvalðisk í Víkinni um sumarit. Hann helt austr yfir Foldina ór Túnsbergi ok alt austr um Svínasund. Þá tók til vald Svía-konungs; hann hafði þar sett yfir sýslumenn, Eilíf gauzka um inn nørðra hlut, en Hróa skjálga yfir inn eystra 10 hlut alt til Elfar; hann átti ætt tveim megin Elfar, en bú stór í Hising; hann var ríkir maðr ok stórauðigr; Eilífr var ok stórættaðr. Þá er Óláfr konungur kom liði sínu í Ránríki, þá stefndi hann þar þing við landzmenn, ok kómu til hans þeir menn, er eyjar byggðu eða nær sæ. En er þing var sett, þá 15 talaði Björn stallari ok bað böendr taka við Óláfi konungi, slíkt þar sem annars staðar hafði gørt verit í Nóregi. Brynjólfr úlfaldi hét einn bóandi göfugr; hann stóð upp ok mælti: »vitum vér böendr, hvert réttast er landaskipti milli Nóregs konungs at fornu ok Svía-konungs ok Dana-konungs, at Gautelfr hefir ráðit frá Væni til sævar, en norðan markir til Eiðaskógs, en þaðan Kilir alt norðr til Finnmarkar; svá ok þat, at ýmsir hafa gengit á annarra lönd; hafa Svíar löngum haft vald alt til Svínasundz, en þó yðr satt til at segja, veit ek margra manna vilja til þess, at betra þætti at þjóna Nóregs konungi, en menn 25 bera eigi áræði til þess; Svía-konungs ríki er bæði austr frá oss ok suðr, en þess ván, at Nóregs konungur mun fara norðr brátt í landit, þangat er landzmegin er meira, ok höfum vér þá ekki afla til at halda deilu við Gauta; nú verðr konungur at sjá heilt ráð fyrir oss; fúsir væri vér at gerask hans menn«. 30 En eptir þingit, þá var Brynjólfr um kveldit í boði konungs ok svá annan dag eptir, ok töludu þeir mart sín í millum í einmælum. Fór þá konungur austr eptir Víkinni. En er Eilífr spurði, at konungur var þar, þá lét hann bera njósn til fara hans. Eilífr hafði xxx. manna, sínna sveitunga; hann var í 35 byggðinni ofanverðri við markirnar ok hafði þar bóandasafnað. Margir böendr fóru á fund Óláfs konungs, en sumir sendu vináttuorð til hans. Þá fóru menn í milli Óláfs konungs ok Eilífs, ok báðu böendr hvárn tveggja lengi, at þeir legði þing-



stefnu milli sín ok réði frið með nokkuru móti, sögðu þat Eilífi,  
 at þeim var þess ván af konungi, ef ekki væri við skipazk hans  
 orð, at þeir mundu ván eiga af honum afarkosta, ok kváðu eigi  
 Eilíf skyldu lið skorta; var þá ráðit, at þeir skyldu ofan koma  
 5 ok eiga þing við bæendr ok konung. En þá sendi konungr Þóri  
 langa, gestahöfðingja sinn, ok þá xii. saman til Brynjólfs; þeir  
 höfðu brynjur undir kyrtlum, en höttu yfir hjálmum. Eptir um  
 daginn kómu bæendr fjölment ofan með Eilífi; þar var þá  
 Brynjólfir í hans liði ok Þórir í hans sveit. Konungr lagði  
 10 skipum útan þar at, er klettr nokkurr var ok gekk fram í sæinn;  
 gekk hann þar upp ok lið hans, settisk á klettinn, en völlr var  
 fyrir ofan, ok var þar bóandalíðit, en menn Eilífs stóðu uppi  
 í skjaldborg fyrir honum. Björn stallari talaði langt ok snjalt  
 af hendi konungs. En er hann settisk niðr, þá stóð Eilífir upp  
 15 ok tók til máls, ok í því bili stóð upp Þórir langi ok brá sverði  
 ok hjó til Eilífs á hálsinn, svá at af gekk höfuðit; þá hljóp  
 upp alt bóandalíðit, en inir gauzku tóku rás undan, drápu þeir  
 Þórir nokkura menn af þeim; en er herrinn stöðvaðisk ok létti  
 þysnum, þá stóð konungr upp ok mælti, at bæendr skyldu setjask  
 20 niðr; þeir gerðu svá; var þar mart talat; en at lykðum varð  
 þat, at bæendr gengu til handa konungi ok játuðu honum hlýðni,  
 en hann hét þeim því í mót, at skiljask eigi við þá ok vera  
 þar til þess, at þeir Óláfr Svía-konungr lyki einn veg sínum  
 vendræðum. Eptir þat lagði Óláfr konungr undir sik ina norðri  
 25 sýsluna ok fór um sumarit alt austr til Elfar, fekk hann allar  
 konungsskyldir með sænum ok um eyjar. En er á leið sumarit,  
 snørisk hann aprt í Víkina norðr ok lagði upp eptir Raumelfi.  
 Þar er fors mikill, er Sarpr heitir; nes gengr í ána norðan  
 at forsinum; þar lét Óláfr konungr gerða um þvert nesit af  
 30 grjóti ok torfi ok víðum ok grafa dái fyrir útan ok gerði þar  
 jarðborg mikla; en í borginni efnaði hann til kaupstaðar; þar  
 lét hann húsa konungsgarð ok gera Máriukirkju, hann lét þar  
 ok marka toptir til annarra garða ok fekk þar menn til at húsa;  
 hann lét um haustit þangat flytja þau fong, er til vetrvistar  
 35 þurpti, ok sat þar um vetrinn með fjölmenni mikit, en hafði  
 menn sína í öllum sýslum. Hann bannaði allar flutningar ór  
 Víkinni upp á Gautland, bæði síld ok salt; þess máttu Gautar  
 illa án vera. Hann hafði mikit jólaboð, bauð til sín ór heruðum  
 mörpum stórbúndum.

## K. 62. Uphaf Eyvindar úrarhorns.

Maðr er nefndr Eyvindr úrarhorn, æzkaðr af Austr-Ögðum; hann var mikill maðr ok kynstórr, fór hvert sumar í hernað stundum vestr um haf, stundum í Austrveg eða suðr til Frislandz; hann hafði xx.-sessu, snekkju ok vel skipaða. Hann hafði 5 verit fyrir Nesjum ok veitt Óláfi konungi lið; ok er þeir skilðusk þar, þá hét konungr honum vináttu sinni, en Eyvindr konungi liðsemð sinni, hvar sem hann vildi kraft hafa. Eyvindr var um vetrinn í jólaboði með Óláfi konungi ok þá þar góðar gjafar at honum. Þar var ok þá með honum Brynjólfr úlbaldi ok þá 10 at jólagjöf gullbúit sverð af konungi ok með bæ þann, er Vettaland heitir, ok er þat inn mesti höfuðbær. Brynjólfr orti vísu um gjafarnar, ok er þat niðrlag at:

53. Bragningr gaf mér  
brand ok Vettaland.

15

Þá gaf konungr honum lendz mannz nafn, ok var Brynjólfr inn mesti vinr konungs alla stund.

## K. 63. Dráp Práandar.

Þann vetr fór Práandr hvíti ór Prándheimi austr á Jamtaland at heimta skatt af hendi Óláfs konungs digra; en er hann hafði 20 saman dregit skattinn, þá kómu þar menn Svía-konungs; ok drápu Práand ok þá xii. saman ok tóku skattinn ok færðu Svía-konungi. Þetta spurði Óláfr konungr, ok líkaði honum illa.

## K. 64. Kristniboð í Víkinni.

Óláfr konungr lét bjóða um Víkina kristin lög með sama 25 hætti sem norðr í landi, ok gekk vel fram, þvíat Vikverjum váru miklu kunnari kristnir siðir en monnum norðr í landit, þvíat þar var bæði vetr ok sumar fjölmment af kaupmonnum bæði dōnskum ok saxneskum; Vikverjar höfðusk ok mjök í kaupferðum til Englandz ok Saxlandz eða Flæmingjalandz eða 30 Danmerkr, en sumir váru í víking ok höfðu vetrsetu á kristnum löndum.

## K. 65. Fall Hróa.

Um vārit sendi Óláfr konungr orð, at Eyvindr skyldi koma til hans; þeir tōluðu lengi einmæli. Eptir þat brátt bjósk Eyvindr 35 í víking. Hann siglði suðr eptir Víkinni ok lagði at í Ekreyjum

út frá Hising. Þar spurði hann, at Hrói skjálgi hafði farit norðr í Orðost ok hafði þar saman dregit leiðangr ok landskyldir, ok var hans þá norðan ván. Þá ræri Eyvindr inn til Haugasunda, en Hrói ræri þá norðan, ok hittusk þar í sundinu ok þorðusk. Þar  
5 fell Hrói ok nær xxx. manna, en Eyvindr tók alt fé, þat er Hrói hafði haft. Fór Eyvindr þá í Austrveg ok var þar í víking um sumarit.

K. 66. Fall Guðleiks ok Þorgauts skarða.

Maðr hét Guðleikr gerzki, hann var æzkaðr af Ögðum, hann  
10 var farmaðr ok kaupmaðr mikill, auðigr, ok rak kaupferðir til ýmissa landa; hann fór austr í Garðaríki optliga, ok var hann fyrir þá sök kallaðr Guðleikr gerzki. Þat vár bjó Guðleikr skip sitt ok ætlaði at fara um sumarit til Garða austr. Óláfr konungr sendi honum orð, at hann vill hitta hann. En er Guðleikr kom  
15 til hans, segir konungr honum, at hann vill gera félag við hann, bað hann kaupa sér dýrgripi þá, er torugætir eru þar í landi. Guðleikr segir þat á konungs forráði vera skulu. Þá lætr konungr greiða í hendr honum fé slíkt, sem honum sýndisk. Fór Guðleikr um sumarit í Austrveg. Þeir lágu nokkura hríð við  
20 Gotland; var þá sem opt kann verða, at eigi váru allir haldinorðir, ok urðu landzmenn varir við, at á því skipi var félagi Óláfs digra. Guðleikr fór um sumarit í Austrveg til Hólmgarðz ok keypti þar pell ágætlig, er hann ætlaði konungi til tignarklæða sér, ok þar með skinn dýr ok enn borðbúnað forkunnligan. Um  
25 haustit, er Guðleikr fór austan, þá fekk hann andviðri, ok lágu þeir mjök lengi við Eyland. Þorgautr skarði hafði um haustit borit njósn um farar Guðleiks; kom hann þar at þeim með langskip ok barðisk við þá; þeir vörðusk lengi, en fyrir því at liðsmunr var mikill, þá fell Guðleikr ok mart skipverja hans, ok  
30 mart var sárt. Tók Þorgautr fé þeira alt ok gørsimar Óláfs konungs; skiptu þeir Þorgautr fengi sínu öllu at jafnaði, en hann segir, at gørsimar skal hafa Svía-konungr —: »ok er þat, segir hann, nokkurr hlutr af skatti þeim, er hann á at taka af Nóregi«. Þorgautr fór þá austr til Svíþjóðar. Þessi tíðendi spyrjask brátt.  
35 Eyvindr úrarhorn kom lítlu síðarr til Eylandz. En er hann spyr þetta. þá siglir hann austr eptir þeim Þorgauti, ok hittask þeir í Svíaskerjum ok þorðusk; þar fell Þorgautr ok flest lið hans eða hljöp á kaf. Tók þá Eyvindr fé þat alt, er þeir höfðu tekit af Guðleiki, ok svá gørsimar Óláfs konungs. Eyvindr fór apr

til Nóregs um haustit; færði hann þá Óláfi konungi gørsimar sínar; þakkaði konungr honum vel sína ferð ok hét honum þá enn af nýju vináttu sinni. Þá hafði Óláfr konungr verit iii. vetr konungr í Nóregi.

K. 67. Fundr Óláfs konungs ok Rognvaldz jarls. 5

Þat sama sumar hafði Óláfr konungr leiðangr úti ok fór þá enn austr til Elfar ok lá þar lengi um sumarit. Þá fóru orð-sendingar milli Óláfs konungs ok Rognvaldz jarls ok Ingibjargar Tryggvadóttur, konu jarls. Hon gekk at með ǫllu kappi at veita Óláfi konungi; hon var aftakamaðr mikill um þetta mál. 10 Helt þar til hvártveggja, at frændsemi var mikil með þeim Óláfi konungi ok henni, ok þat annat, at henni mátti eigi fyrnask við Svía-konung þat, er hann hafði verit at falli Óláfs Tryggvasonar, bróður hennar, ok þóttisk fyrir þá sök eiga tiltölu at ráða fyrir Nóregi. Varð jarl af fortöllum hennar mjök snúinn 15 til vináttu Óláfs konungs; kom svá, at þeir konungr ok jarl lögðu stefnu með sér ok hittusk við Elfi; ræddu þar marga hluti ok mjök um viðskipti þeira Nóregs konungs ok Svía-konungs, ok sögðu báðir þat, sem satt var, at hvárum-tveggjum, Víkverjum ok Gautum, var in mesta landzauðn í því, at eigi 20 skyldi vera kaupfriðr milli landa, ok at lykðum settu þeir grið milli sín til annars sumars; gáfusk þeir gjafir at skilnaði ok mæltu til vináttu. Fór þá konungr norðr í Víkina, ok hafði hann þá konungstekjur allar til Elfar, ok alt landzfólk hafði þá undir hann gengit. Óláfr konungr scenski lagði ópokka svá mikinn 25 á Ólaf Haraldzson, at engi maðr skyldi þora at nefna hann réttu nafni, svá at konungr heyrði; þeir kǫlluðu hann inn digra mann ok veittu honum harðar átöglur jafnan, er hans var getit.

K. 68. Upphaf friðgørðarsögu. 30

Þændr í Víkinni ræddu sín í milli, at sá einn væri til, at konungar gerði sætt ok frið milli sín, ok tǫldusk illa við komnir, ef konungar herjaðisk á, en engi þorði þenna kurr djarfliga upp at bera fyrir konungi. Þá báðu þeir til Björn stallara, at hann skyldi þetta mál flytja fyrir konungi, at hann 35 sendi menn á fund Svía-konungs at bjóða sættir af sinni hendi. Björn var traudr til ok mæltisk undan; en við þæn margra vina sinna, þá hét hann at lykðum at ræða þetta fyrir konungi,

en kvað svá hugr um segja, sem konungr myndi ómjúkliga taka því at vægja í né einum hlut við Svía-konung. Þat sumar kom útan af Íslandi Hjalti Skeggjason at orðsendingu Óláfs konungs; fór hann þegar á fund Óláfs konungs, ok konungr tók vel við
   
 5 honum, bauð Hjalta með sér at vera ok vísaði honum til sætis hjá Birni stillara, ok váru þeir mætunautar; gerðisk þar brátt góðr félagsskapr. Eitt hvert sinn, þá er Óláfr konungr hafði stefnu við lið sitt ok við bóendr, ok réðu landráðum, þá mælti Björn stallari: »hverja ætlan hafið þér á, konungr, um ófrið
   
 10 þann, er hér er á milli Óláfs Svía-konungs ok yðar? Nú hafa hváirtveggju menn látit fyrir øðrum, en engi órskurðr er nú heldr en áðr, hvat hvarir skulu hafa af ríkinu? Þér hafið hér sētit í Víkinni einn vetr ok ii. sumur ok látit at baki yðr alt landit norðr heðan; nú leiðisk mǫnnum hér at sitja, þeim er
   
 15 eignir eða ódul eigu norðr í landi. Nú er þat vili lendra manna ok annarra liðsmanna ok svá bónda, at einn veg skeri ór, ok fyrir því at nú eru grið ok friðr settr við jarl ok Vestr-Gauta, er hér eru nú næstir, þá þykkir mǫnnum sá helzt kostur til, at þér sendið menn til Svía-konungs af yðarri hendi, ok munu
   
 20 margir menn vel undir þat standa, þeir er með Svía-konungi eru; þviat þat er hvárratveggju gagn, þeira er lǫndin byggva bæði hér ok þar«. At rœðu Bjarnar gerðu menn góðan róm. Þá mælti konungr: »ráð þetta, Björn, er þú hefir hér upp borit, þá er þat makligast, at þú hafir fyrir þér gǫrt, ok skaltu fara
   
 25 þessa sendifǫr; nýtr þú ef vel er ráðit, en ef mannháski gerisk af, þá veldr þú ofmiklu sjálfr um; er þat ok þín þjónosta, at tala í fjǫlmenni, þat er ek vil mæla láta«. Þá stóð konungr upp ok gekk til kirkju, lét syngva sér hámessu; síðan gekk hann til borða. Um daginn eptir mælti Hjalti til Bjarnar: »hví ertu
   
 30 ókátr maðr, ertu sjúkr eða reiðr manni nokkurum?« Björn segir þá rœðu þeira konungs ok segir þetta forsending. Hjalti segir: »svá er konungum at fylgja, at þeir menn hafa metnað mikinn ok eru framarr virðir en aðrir menn, en opt verða þeir í lífs-háska, ok verðr hvártveggja vel at kunna; mikit má konungs gæfa; nú mun framí mikill fásak í ferðinni, ef vel teksk«. Björn mælti: »auðvelliga tekr þú á um ferðina; muntu fara vilja með mér, þviat konungr mælti, at ek skylda mína sveitunga hafa í ferðina með mér«. Hjalti segir: »fara skal ek at vísu, ef þú vilt, þviat vannfengr mun mér þykkja sessunautrinn annarr,
   
 40 ef vit skiljumk«.

## K. 69. Ferð Bjarnar stallara.

Fám dögum síðarr, þá er Óláfr konungur var á stefnu, kom þar Björn ok þeir xii. saman; hann segir þá konungi, at þeir váru búnir at fara sendiförna ok hestar þeira stóðu úti sǫðlaðir — »vil ek nú vita, segir Björn, með hverjum ørendum ek skal 5 fara eða hver ráð þú leggur fyrir oss«. Konungur segir: »þér skuluð bera Svía-konungi þau min orð, at ek vil frið setja milli landa várra til þeira takmarka, sem Óláfr Tryggvason hafði fyrir mér, ok sé þat bundit fastmælum, at hvárigir gangi um fram; en um mannlát, þá þarf þess engi at geta, ef sættir skulu vera, 10 þviat Svía-konungur fær oss eigi með fé boett þann mannskaða, er vér höfum fengit af Svíum«. Þá stóð konungur upp ok gekk út með þeim Birni; þá tók hann upp sverð búit ok fingrgull ok seldi Birni — »sverð þetta gef ek þér; þat gaf mér í sumar Rognvaldr jarl; til hans skuluð þér fara ok bera honum þau 15 mín orð, at hann leggi til ráð ok sinn styrk, at þú komir fram ørendinu; þykki mér þá vel sýslat, ef þú heyrir orð Svía-konungs ok segi hann annat tveggja já eða nei. En fingrgull þetta fær þú Rognvaldi jarli; þessar jartegnir mun hann kenna«. Hjalti gekk at konungi ok kvaddi hann — »ok þurfum vér nú þess 20 mjök, konungur, at leggir hamingju þína á þessa ferð« — ok bað þá heila hittask. Konungur spurði, hvert Hjalti skyldi fara. »Með Birni« segir hann. Konungur segir: »boeta mun þat til um þessa ferð, at þú farir með þeim, þviat þú hefir opt reyndr verit at hamingju; vittu þat víst, at ek skal allan hug á leggja, ef 25 þat veður nokkut, ok til leggja með þér mína hamingju ok ǫllum yðr«. Þeir Björn riðu í brot leið sína ok kómu til hirðar Rognvaldz jarls; var þeim þar vel fagnat. Björn var frægr maðr af mǫrgum mǫnnum, kuðr bæði at sýn ok at máli þeim ǫllum, er sét höfðu Ólaf konung, þviat Björn stóð upp á hverju þingi ok 30 talaði konungs ørendi. Ingibjörg, kona jarls, gekk at Hjalta ok hvarf til hans; hon kendi hann, þviat hon var þá með Óláfi Tryggvasyni, bróður sínum, er Hjalti var þar, ok talði Hjalti frændsemi milli konungs ok Vilborgar, konu Hjalta; þeir váru bræðr, synir Víkinga-Kára, lenzd mannz á Vǫrs, Eiríkr bjóða- 35 skalli, faðir Astríðar, móður Óláfs konungs Tryggvasonar, ok Bǫðvarr, faðir Álofar, móður Gizurar hvíta, fǫður Vilborgar. Nú váru þeir þar í góðum fagnaði. Einn dag gengu þeir Björn á tal við jarl ok þau Ingibjörgu, þá berr Björn upp ørendi sín

ok sýnir jartegnir jarli. Jarl spyr: »hvat hefir þik, Björn, þess hent, er konungr vill dauða þinn; er þér at síðr fœrt með þessi orðsending, at ek hygg, at engi mun sá vera, er þessum orðum mælir fyrir Svía-konungi, at refsingalaust komisk í brot; miklur  
5 er Óláfr Svía-konungr maðr skapstœrri, heldr en fyrir honum sjálfum megi þær rœður hafa, er honum sé í móti skapi«. Þá segir Björn engan hlut hafa þann at borizk — »mér til handa, er Óláfr konungr hefir mér reizk um, en mǫrg er sú ráðagørð hans bæði fyrir sjálfum sér ok mǫnnum sínum, er hætting mun  
10 á þykkja, hvernug teksk, þeim mǫnnum, er áræðislitlir eru; en ǫll ráð hans hafa enn til hamingju snúizk hér til, ok vættu vér, at svá skyli enn fara. Nú er yðr þat, jarl, satt at segja, at ek vil fara á fund Svía-konungs ok eigi fyrr aptr hverfa, en ek hefi hann heyra látit ǫll þau orð, er Óláfr konungr bauð mér at flytja  
15 til eyrna honum, nema mér banni hel eða sjá ek heptr, svá at ek mega eigi fram koma; svá mun ek gera, hvárt sem þér vilid ñokkurn hug á leggja orðsending konungs eða engan«. Þá mælti Ingibjörg: »skjótt mun ek birta minn hug, at ek vil, jarl, at þér leggid á allan hug at stoða orðsending Óláfs konungs, svá  
20 at þetta ørendi komisk fram við Svía-konungs, hverngan veg sem hann vill svara; þótt þar liggi við reiði Svía-konungs eða ǫll eign vár eða ríki, þá vil ek miklu heldr til þess hætta, en hitt spyrisk, at þú leggisk undir hǫfuð orðsending Óláfs konungs fyrir hræzlu sakir fyrir Svía-konungi; hefir þú til þess burði ok  
25 frændastyrk ok alla atferð, at vera svá frjáls hér í Svía-veldi, at mæla mál þitt, þat er vel samir ok ǫllum mun þykkja áheyriligt, hvárt sem á heyra margir eða fáir, ríkir eða óríkir, ok þótt konungr sjálfir heyri á«. Jarl svarar: »ekki er þat blint, hvers þú eggjar; nú má vera, at þú ráðir þessu, at ek heita konungs-  
30 mǫnnum því at fylgja þeim, svá at þeir nái at flytja ørendi sín fyrir Svía-konungi, hvárt sem konungi líkar þat vel eða illa; en mínum ráðum vil ek láta fram fara, hvert tilstilli hafa skal; en ek vil eigi hlaupa eptir ákafa Bjarnar eða annars mannz um svá mikil vandamál; vil ek at þeir dvelisk með mér til þeirar stundar,  
35 er mér þykkir ñokkuru líkligast, at framkvæmd megi verða at þessu ørendi«. En er jarl hafði því upp lokit, at hann myndi fylgja þeim at þessu máli ok leggja til þess sinn styrk, þá þakkaði Björn honum vel ok kvazk hans ráðum vilja fram fara. Dvǫðusk þeir Björn með jarli mjök langa hríð.

## K. 70. Frá tali Bjarnar ok Ingibjargar Tryggvadóttur.

Ingibjörg var forkunnar vel til þeira; ræddi Björn fyrir henni um sitt mál ok þótti þat illa, er dveljask skyldi svá lengi ferðin. Þau Hjalti ræddu opt öll saman um þetta; þá mælti Hjalti: »ek mun fara til konungs, ef þér vilið; ek em ekki 5 norrœnn maðr; munu Sviar mér engar sakir gefa; ek hefi spurt, at með Svía-konungi eru íslenzkir menn í góðu yfirlæti, kunn- ingjar mínir, skáld konungs, Gizurr svarti ok Óttarr svarti; mun ek þá forvitnask, hvers ek verða varr af Svía-konungi, hvárt þetta mál mun svá óvænt, sem nú er látit, eða eru þar nokkur 10 önnur efni í; mun ek finna mér til ørendis slíkt sem mér þykkir fallit«. Þetta þótti Ingibjörgu ok Birni it mesta snarræði, ok réðu þau þetta með sér til staðfestu. Þýr þá Ingibjörg ferð Hjalta ok fekk honum ii. menn gauzka ok bauð þeim svá, at þeir skyldu honum fylgja ok vera honum hendilangir bæði um 15 þjónostu ok svá ef hann vildi senda þá. Ingibjörg fekk honum til skotsilfrs xx. merkr vegnar. Hon sendi orð ok jartegnir með honum til Ingigerðar, dóttur Óláfs konungs, at hon skyldi leggja allan hug á um hans mál, hvers sem hann kynni hana at krefja at nauðsynjum. Fór Hjalti, þegar er hann var búinn. En er 20 hann kom til Óláfs konungs, þá fann hann brátt skáldin Gizur ok Óttar, ok urðu þeir honum allfegnir ok gengu þeir þegar með honum fyrir konung, ok segja þeir honum, at sá maðr var þar kominn, er samlendr var við þá ok mestr maðr var þar at virðingu á því landi, ok báðu konung, at hann skyldi honum vel 25 fagna. Konungr bað þá Hjalta hafa með sér í sveit ok hans forunauta. En er Hjalti hafði þar dvalizk nokkura hríð ok gort sér menn kunna, þá virðisk hann vel hverjum manni. Skáldin váru opt fyrir konungi, þvíat þeir váru máldjarfir; sátu þeir opt um daga frammi fyrir hásaeti konungs ok Hjalti með þeim, 30 virðu þeir hann mest í öllu; gerðisk hann þá ok konungi málkunnigr; var konungr við hann málrœtinn ok spurði tíðenda af Íslandi.

## K. 71. Frá Sigvati skáld.

Þat hafði verit, áðr Björn fór heiman, at hann hafði beðit Sigvat 35 skáld til farar með sér; hann var þá með Óláfi konungi; en til þeirar farar váru menn ekki fúsir. Þar var vingott með þeim Birni ok Sigvati; hann kvað:



54. Áðr hefð gótt við góða      Björn, fagt opt at arna,  
grams stallara alla      íss, fyr mér at vísa  
átt, þás ossum drótni,      góðs, meguð gótt of ráða  
ógndjarfs, fyr kné hvarfa;      gunnrjóðr, alls vel kunnuð.
- 5 En er þeir riðu upp á Gautland, kvað Sigvatr vísur þessar:
55. Kátr vask opt, þás úti      56. Snjalls létum skip skolla  
örðigt veðr á fjörðum      skjöldungs við ey tjölduð  
vísa segl, í vási,      fyr ágætu úti  
vindblásit skóf Strinda;      öndurt sumar landi;  
10 hestr óð kafs at kostum      en í haust, þars hestar  
(kilir hristu men Lista),      hagþorns á mó sporna  
út þars eisa létum      (tekk ýmissar) Ekkils,  
undan skeiðr at sunði.      (iðir) hlautk at riða.
- En er þeir riðu upp um Gautland síð um aptan, þá kvað Sigvatr:
- 15 57. Jór rennr aptanskœru      nú 's þats blakkr of bekki  
allsvangr götur langar;      berr mik Dönum ferri,  
völl kná hófr til hallar      fákr laust drengs í díki  
(höfum lítinn dag) slíta;      (döegr mœtask nú) fœti.
- Þá riða þeir í kaupstaðinn at Skörum ok um strætít fram at
- 20 garði jarls; hann kvað:
58. Út munu ekkjur líta,      keyrum hross, svát heyri  
allsnúðula, prúðar      harða langt, at garði,  
—fljóð séa reykr—, hvar ríðum      hesta rós ór húsum  
Rögnvalds í bæ gögnum;      hugsvinn kona innan.

## K. 72. Frá Hjalta ok Óláfi konungi.

- 25 Einn hvern dag gekk Hjalti fyrir konung ok skáldin með honum. Þá tók Hjalti til máls: »svá er, konungr, sem yðr er kunnigt, at ek em hér kominn á þinn fund ok hefi ek farit langa leið ok torsóttá; en síðan er ek kom yfir hafit ok ek spurða til
- 30 tignar yðarrar, þá þótti mér ófróðligt, at fara svá aptr, at eigi hefða ek sét yðr ok vegsemð yðra. En þat eru lög milli Íslandz ok Nóregs, at íslenzkir menn, þá er þeir koma til Nóregs, gjalda þar landaura; en er ek kom yfir haf, þá tók ek við landaurum allra skipverja minna. En fyrir því at þat veit ek, at þat er
- 35 réttast, at þér eiguð þat veldi, er í Nóregi er, þá fór ek á yðarn fund at fœra yðr landaurana« — sýndi þá konunginum silfrit ok helti í skaut Gizuri svarta x mörkum silfrs. Konungr mælti: »fáir hafa oss slíkt fœrt um hríð ór Nóregi; vil ek, Hjalti, kunna yðr þökk ok auðúsu fyrir þat, er þér hafið svá mikla stund á lagt

at fœra oss landaurana, heldr en gjalda óvinum várum; en þó vil ek, at fé þetta þiggir þú af mér ok með vináttu mína«. Hjalti þakkaði konungi með mörpum orðum. Þaðan af kom Hjalti sér í inn mesta kærleik við konung ok var opt á tali við hann; þótti konungi, sem var, at hann var vitr maðr ok orðsnjallr. Hjalti 5 segir Gizuri ok Óttari, at hann er sendr með jartegnum til trausts ok vináttu til Ingigerðar konungsdóttur, ok biðr, at þeir skyldu koma honum til tals við hana. Þeir kveða sér lítit fyrir því, ganga einn hvern dag til húsa hennar; sat hon þar ok drakk með marga menn; hon fagnaði vel skáldunum, þvíat þeir váru 10 henni kunnir; Hjalti bar henni kveðju Ingibjargar, konu jarls, ok segir, at hon hefði sent hann þangat til trausts ok vináttu, ok bar fram jartegnir; konungsdóttir tók því vel ok kvað honum heimila skyldu sína vináttu. Sátu þeir þar lengi dags ok drukku; spurði konungsdóttir Hjalta margra tíðenda ok bað hann þar opt 15 koma til tals við sik. Hann gerði svá, kom þar optliga ok talaði við konungs-dóttur; segir henni þá af trúnaði frá ferð þeira Bjarnar, ok spyrr hvat hon hyggr, hvernug Svía-konungr myni taka þeim málum, at sætt væri gør milli þeira konunga. Konungsdóttir segir ok kvazk þat hyggja, at þess myndi ekki leita þurfa, 20 at konungr myndi sætt gera við Óláf digra; sagði, at konungr var svá reiðr orðinn Óláfi, at eigi má hann heyra, at hann væri nefndr. Þat var einn dag, at Hjalti sat fyrir konunginum ok talaði við hann; var þá konungr allkáttr ok drukkinn mjök; þá mælti Hjalti til konungs: »allmikla tígn má hér sjá margs konar, 25 ok er mér þat at sjón orðit, er ek hefi opt heyrt frá sagt, at engi konungr er jafngöfugr á Norðrlönd, sem þú. Allmikill harmr er þat er vér eigum svá langt hingat at sækja ok svá meinfœrt, fyrst hafsmegin mikit, en þá ekki friðsamt at fara um Nóreg þeim mörnum, er hingat vilja sækja með vináttu; eða hvárt leita 30 menn ekki við at bera sáttmál meðal ykkar Óláfs digra? Mjök heyrða ek þat rœtt í Nóregi, ok svá í vestra Gautlandi, at allir mundu þess fúsir vera, at friðr yrði, ok þat var mér sagt með sannendum frá orðum Nóregs konungs, at hann væri fúss at sættask við yðr, ok veit ek, at þat mun til koma, at hann mun 35 sjá þat, at hann hefir miklu minna afla, en þér hafið. Svá var þat mælt ok, at hann ætlaði at biðja Ingigerðar, dóttur þinnar, ok er slíkt ok vænst til heilla sátta, ok er hann inn mesti merkis-maðr, at því er ek heyrða réttorða menn frá segja«. Þá svarar konungr: »ekki skaltu mæla slíkt, Hjalti, en eigi vil ek fyr kunna 40

þik þessa orða, þvíat þú veizt eigi, hvat varask skal; ekki skal þann inn digra mann konung kalla hér í minni hirð, ok er til hans miklu minna skot en margir láta yfir, ok mun þér svá þykkja, ef ek segi þér, at sú mægð megi eigi maklig vera, þvíat  
 5 ek em inn x. konungr at Upsölum, svá at hverr hefir eptir annan tekit várra frænda ok verit einvaldzkonungr yfir Svíaveldi ok yfir mǫrgum öðrum stórum löndum, ok verit allir yfirkonungar annarra konunga á Norðrlöndum. En í Nóregi er lítill byggð ok þó sundrlaus; hafa þar verit smákonungar, en Haraldr inn hárfagri var mestr konungr í því landi, ok átti hann skipti við fylkiskonunga ok braut þá undir sik; kunni hann sér þann hagnað at ágirnask ekki Svía-konungs veldi; létu Svía-konungar hann fyrir því sitja í friði; ok enn var þat til, at frændsemi var meðal þeira. En þá er Hákon Aðalsteinsfóstri var í Nóregi, þá sat  
 15 hann í friði, þar til er hann herjaði í Gautland ok Danmǫrk; en síðan var eflidr flokkur á hendr honum, ok var hann felldr frá löndum. Gunnhildar-synir váru ok af lífi teknir, þegar er þeir gerðusk óhlýðnir Dana-konungi; lagði þá Haraldr Gormsson Nóreg við sitt ríki ok skattgildi, ok þótti oss þó Haraldr konungr  
 20 Gormsson vera minni fyrir sér en Upsala-konungar, þvíat Styrbjörn, frændi várr, kúgaði hann, ok gerðisk Haraldr hans maðr, en Eiríkr inn sigrsæli, faðir minn, steig þó yfir höfuð Styrbirni, þá er þeir reyndu sín á milli. En er Óláfr Tryggvason kom í Nóreg ok kallaðisk konungr, þá létum vér honum þat eigi hlýða;  
 25 fórum vit Sveinn Dana-konungr ok tókum hann af lífi. Nú hefi ek eignazk Nóreg ok eigi með minna ríki, en þú máttir nú heyra, ok eigi verr at komizk en ek hefi sótt með orrostu ok sigrat þann konung, er áðr réð fyrir. Máttu ætla, vitr maðr, at þat mun fjarri fara, at ek láta laust þat ríki fyrir þeim inum digra manni,  
 30 ok er þat undarligt, er hann man eigi þat, er hann kom nauðuligast út ór Leginum, þá er vér höfðum hann inni byrgt; hygg ek, at honum væri þá annat í hug, ef hann kvæmisk með fjörvi í brot, en þat at halda optarr deilu við oss Svíana. Nú skaltu, Hjalti, hafa eigi optarr í munni þessa ræðu fyrir mér.  
 35 Hjalta þótti óvænt á horfask, at konungr myndi vilja til hlýða sætta umleitanar; hann hætti þá ok tók aðra ræðu. Nǫkkuru síðarr, þá er Hjalti var á tali við Ingigerði konungsdóttur, sagði hann henni alla ræðu þeira konungs. Hon kvað sér slíkra svara ván af konungi. Hjalti bað hana nǫkkur orð til leggja við  
 40 konung ok kvað þat helzt tjá mundu. Hon kvað konung ekki

mundu á hlýða, hvat sem hon mælti — »en um má ek ræða, segir hon, ef þú vill«. Hjalti kvazk þess þokk kunna. Ingigerðr konungsdóttir var á tali við föður sinn einn hvern dag; en er hon fann, at konungi var skaplétt, þá mælti hon: »hverja ætlan hefir þú á um deilu ykra Óláfs digra; margir menn kæra nú þat 5 vandræði, kallask sumir hafa látit fé, sumir frændr fyrir Norðmönnum, ok engum yðrum manni kvæmt í Nóreg at svá búnu; var þat mjök ósynju, er kolluðu til ríkis í Nóregi; er land þat fátækt ok ilt yfirfarar, ok fólk ótryggt; vilja menn þar í landi hvern annan heldr at konungi en þik. Nú ef ek skylda ráða, 10 myndir þú láta vera kyrt at kalla til Nóregs, en brjótask heldr í Austrveg til ríkis þess, er átt höfðu inir fyrri Svía-konungar ok nú fyrir skömmu lagði undir sik Styrbjörn, frændi várr, en láta Ólaf digra hafa frændleifð sína ok gera sætt við hann«. Konungr segir reiðuliga: »þat er þitt ráð, Ingigerðr, at ek láta 15 af ríki í Nóregi, en gipta þik Óláfi digra; nei, segir hann, annat skal fyrr; heldr mun hitt, at í vetr á Upsala-þingi skal ek gera bert fyrir öllum Svíum, at almenningr skal úti at liði, áðr en ísa taki af vötnum; skal ek fara í Nóreg ok eyða þat land oddi ok eggju ok brenna alt ok gjalda þeim svá ótrúleik sinn«. Varð 20 konungr þá svá óðr, at honum mátti engu orði svara. Gekkk hon þá í brot. Hjalti helt vörð á ok gekkk þegar at finna hana, spyrr hann þá, hvert ørendi hennar varð til konungsins. Hon segir, at svá fór, sem hon vænti, at engum orðum mátti við konunginn koma ok hann heitaðisk í mót; ok bað hon Hjalta aldri geta 25 þessa máls fyrir konungi. Ingigerðr ok Hjalti, þá er þau tóluðu, ræddu optliga um Ólaf digra; sagði hann henni opt frá honum ok hans háttum ok lofaði sem hann kunni, ok var þat sannast frá at segja; hon lét sér þat vel skiljask. Ok enn eitt sinn, er þau tóluðu, þá mælti Hjalti: »hvárt skal ek, konungsdóttir, mæla 30 þat fyrir þér í orlofi, er mér býr í skapi?«. »Mæl þú, segir hon, svá at ek heyra ein«. Þá mælti Hjalti: »hvernug myndir þú svara, er Óláfr Nóregs konungr sendi menn til þín með þeim ørendum at biðja þín?«. Hon roðnaði ok svarar óbrátt ok stilliliga: »ekki hefi ek hugfest svör fyrir mér um þat, þvíat ek 35 ætla, at ek myna eigi þurfa til at taka þeira svara; en ef Óláfr er svá at sér gorr um alla hluti, sem þú segir frá honum, þá mynda ek eigi kunna æskja minn mann á annan veg, ef eigi er þat, at þér mynið heldr hóli gilt hafa í marga staði«. Hjalti segir, at engan blut hefir hann betr látit um konunginn en var. Þau 40

ræddu þetta sín í milli mjök optliga. Ingigerðr bað Hjalta varask at mæla þetta fyrir öðrum mönnum — »fyrir þá sök, at konung-  
inn mun verða þér reiðr, ef hann verðr þessa viss«. Hjalti segir  
þetta skáldunum Gizuri ok Öttari; þeir kváðu þat vera it mesta  
5 happaráð, ef framgengt mætti verða. Öttarr var máldjarfr maðr  
ok hofðingjakærr; var hann brátt at þessu máli við konungs-  
dóttur ok talði upp fyrir henni slíkt sem Hjalti um mannkosti  
konungsins. Ræddu þau Hjalti opt öll saman um þetta mál; ok  
er þau töludu jafnan ok Hjalti var sannfróðr at orðinn um  
10 ørendislok sín, þá sendi hann brot ina gauzku menn, er honum  
hofðu þannug fylgt, lét þá fara aprt til jarls með bréfum þeim,  
er Ingigerðr konungsdóttir ok þau Hjalti sendu jarli ok Ingi-  
björgu. Hjalti lét ok koma veðr á þau um ræður þær, er hann  
hafði upp hafit við Ingigerði, ok svá um svör hennar. Kómu  
15 sendimenn til jarls nokkuru fyrir jól.

#### K. 73. Ferð Óláfs konungs á Uplönd.

Þá er Óláfr konungr hafði sent þá Björn austr á Gautland,  
þá sendi hann aðra menn til Uplanda með þeim ørendum at boða  
veizlur fyrir sér, ok ætlaði hann fara þann vetr at veizlum yfir  
20 Uplönd, þvíat þat hafði verit siðr inna fyrri konunga at fara at  
veizlum inn iii. hvern vetr yfir Uplönd. Hóf hann ferðina um  
haustit ór Borg; fór konungr fyrst á Vingulmörk; hann háttaði  
svá ferðinni, at hann tók veizlur uppi í nánd markbyggðinni ok  
stefndi til sín öllum byggðarmönnum ok þeim öllum vendiligast,  
25 er first byggðu meginheruðum. Hann rannsakaði at um  
kristnihald manna; ok þar er honum þótti ábótavant kendi hann  
þeim rétta siðu ok lagði svá mikit við, ef nokkurir væri þeir,  
er eigi vildi af láta heiðninni, at suma rak hann brot ór landi,  
suma lét hann hamla at höndum eða fótum eða stinga augu út,  
30 suma lét hann hengja eða hoggva, en engi lét hann óhegndan,  
þann er eigi vildi guði þjóna. Fór hann svá um alt þat fylki.  
Jafnt hegndi hann ríka ok óríka. Hann fekk þeim kennimenn  
ok setti þá svá þykt í heruðum, sem hann sá, at bezt bar. Með  
þessum hætti fór hann um þetta fylki. Hann hafði ccc. vígra  
35 manna, þá er hann fór upp á Raumaríki. Honum fanzk þat brátt  
í, at kristnihaldit var því minna, er hann sótti meirr á landit  
upp; hann helt þó inu sama fram ok snøri öllum lýð á rétta trú  
ok veitti stórar refsingar þeim, er eigi vildu hlýða hans orðum.

## K. 74. Svíkræði Uplendinga-konunga.

Ok er þat spurði konungr sá, er þar réð fyrir Raumaríki, þá þótti honum gerask mikit vandmæli; þvíat hvern dag kómu til hans margir menn, er slíkt kærðu fyrir honum, sumir ríkir, sumir óríkir. Konungrinn tók þat ráð, at hann fór upp á 5 Heiðmörk á fund Hrœreks konungs, þvíat hann var þeira konunga vitrastr, er þar váru þá. En er konungar tóku tal sín í milli, þá kom þat ásamt með þeim, at senda orð Guðrøði konungi norðr í Dala ok svá á Haðaland til þess konungs, er þar var, ok biðja þá koma á Heiðmörk til fundar við þá Hrœrek 10 konung. Þeir lögðusk eigi ferð undir höfuð, ok hittusk þeir v. konungar á Heiðmörk, þar sem heitir á Hringisakri. Hringr var þar inn fimti konungr, bróðir Hrœreks konungs. Þeir konungarnir ganga fyrst einir saman á tal; tók sá fyrst til orða, er kominn var af Raumaríki ok segir frá ferð Óláfs digra 15 ok þeim ófriði, er hann gerði bæði í manna aftökum ok manna meizlum, suma rak hann ór landi, ok tók upp fé fyrir öllum þeim, er nokkut mæltu móti honum, en fór með her mannz um landit, en ekki með því fjölmenni, er lög váru til; hann segir ok, at fyrir þeim ófriði kvezk hann hafa þangat flýit, kvað ok 20 margra aðra ríkismenn hafa flýit ódul sín af Raumaríki, — »en þó at oss sé nú þetta vandræði næst, þá mun skamt til, at þér munuð fyrir slíku eiga at sitja, ok er fyrir því betra, at vér ráðim um allir saman, hvert ráð upp skal taka«. Ok er hann lauk sinni ræðu, þá viku konungar þar til svara, sem Hrœrekr var. 25 Hann mælti: »nú er fram komit þat, er mik grunaði, at vera myndi, þá er vér áttum stefnu á Haðalandi ok þér váruð allir ákafir, at hefja hann upp yfir höfuð oss, at hann myndi verða oss harðr í horn at taka, þegar er hann hefði einn vald yfir landi. Nú eru ii. kostir fyrir hendi, sá annarr, at vér farim á 30 fund hans allir ok látim hann skera ok skapa alt vár í milli, ok ætla ek oss þann beztan af at taka, en sá annarr, at rísa nú í mót, meðan hann hefir eigi víðara yfir landit farit. En þótt hann hafi ccc. manna eða cccc., þá er oss þat ekki ofrefli liðs, ef vér verðum á einu ráði allir; en optast sigrask þeim verr, er 35 fleiri eru jamríkir, heldr en hinum, er einn er oddviti fyrir liðinu, ok er þat mitt ráð heldr at hætta eigi til þess at etja hamingju við Óláf Haraldzson«. En eptir þat talaði hverr þeira konunga slíkt er sýndisk; létu sumir, en sumir fýstu, ok varð engi

órskurðr ráðinn, tölðu á hváru tveggja sýna annmarka. Þá tók til orða Guðrøðr Dala-konungr ok mælti svá: »undarligt þykki mér, er þér vefið svá mjök órskurði um þetta mál, ok eruð þér gagnhræddir við Óláf. Vér erum hér v. konungar, ok er engi 5 várr verr ættborinn heldr en Óláfr. Nú veittum vér honum styrk til at berjask við Svein jarl, ok hefir hann með várum afla eignazk land þetta. En ef hann vill nú fyrir muna hverjum várum þess ins lítla ríkis, er vér höfum áðr haft, ok veita oss pyndingar ok kúgan, þá kann ek þat frá mér, at segja, at ek vil 10 færask undan þrælkan konungs, ok kalla ek þann yðarn ekki at manna vera, er æðrask í því at vér takim hann af lífdögum, ef hann ferr í hendr oss upp hingat á Heiðmørk, fyrir því at þat er yðr at segja, at aldrigi strjúkum vér frjálst höfuð, meðan Óláfr er á lífi«. En eptir eggjan þessa snúa þeir allir at því 15 ráði. Þá mælti Hrcerekr: »svá lízk mér um ráðagørð þessa, sem vér mynim þurfa ramligt at gera samband vart, at engi skjöplisk í einurðinni við annan. Nú ætlið þér, at þá er Óláfr kœmr hingat á Heiðmørk, at veita honum atgöngu at ákveðinni stefnu, þá vil ek eigi þenna trúnað undir yðr eiga, at þér séð þá sumir norðr 20 í Döllum, en sumir út á Heiðmørk; vil ek, ef þetta ráð skal staðfesta með oss, at vér sém ásamt dag ok nótt, þar til er þetta ráð verðr framgengt«. Þessu játtu konungar, ok fara þá allir samt. Þeir láta búa veizlu fyrir sér út á Hringisakri ok drekka þar hverfing, en gera njósn frá sér út á Raumaríki; láta 25 þegar aðra njósnarmenn út fara, er aðrir snúa aptr, svá at þeir vitu dag ok nótt, hvat títt er um ferðir Óláfs eða um fjölmenni hans. Óláfr konungr fór at veizlum útan um Raumaríki ok alt með þvílíkum hætti, sem fyrr var sagt. En er veizlur endusk eigi fyrir fjölmennis sakir, þá lét hann þar bœndr til leggja at 30 auka veizlurnar, er honum þótti nauðsyn til bera at dveljask, en sumstaðar dvalðisk hann skemr en ætlat var, ok varð ferð hans skjótari, en á kveðit var, upp til vatzins. En er konungar höfðu staðfest þetta ráð sín í milli, þá senda þeir orð ok stefna til sín lendum mönnum ok ríkum bóndum ór öllum þeim fylkjum; en 35 er þeir koma þar, þá eigu konungar stefnu við þá eina saman ok gera fyrir þeim bert þetta ráð ok kveða á stefnudag, nær sjá ætlan skal framkvæmð verða; á þat kveða þeir, at hvern þeira konunga skyldi hafa ccc. manna; senda þeir þá aptr lenda menn, til þess at þeir skyldu liði samna ok koma til móts við 40 konunga, þar sem á kveðit var. Sjá ráðagørð líkaði flestum mönnum vel; en þó var, sem mælt er at hvern á vin með óvinum.

## K. 75. Hamlaðir Uplendinga-konungar.

Á þeiri stefnu var Ketill af Hringunesi. En er hann kom heim um kveldit, þá mataðisk hann at náttverði, en þá klæddisk hann ok húskarlar hans, ok fór ofan til vatz ok tók karfann, er Ketill átti, er Óláfr konungr hafði gefit honum, settu fram 5 skipit, var þar í naustinu allr reiðinn; taka þá ok skipask til ára ok róa út eptir vatni. Ketill hafði xl. manna, alla vel vápnaða. Þeir kómu um daginn snimma út til vatzenda. Fór þá Ketill með xx. menn, en lét aðra xx. eptir at gæta skips. Óláfr konungr var þá á Eiði á ofanverðu Raumaríki. Ketill kom þar, þá er 10 konungr gekk frá óttusöng; fagnaði hann Katli vel. Ketill segir, at hann vill tala við konung skjótt; þeir ganga á tal ii. saman. Þá segir Ketill konungi, hver ráð konungarnir hafa með höndum ok alla tilætlan, þá er hann var viss orðinn. En er konungr varð þess varr, þá kallar hann menn til sín, sendir suma í 15 byggðina, bað þá stefna til sín reiðskjótum, suma sendi hann til vatzins at taka róðrarskip þau, er þeir fengi, ok hafa í móti sér; en hann gekk þá til kirkju ok lét syngja sér messu; gekk síðan þegar til borða. En þá er hann hafði matazk, bjósk hann sem skyndiligast ok fór upp til vatzins; kómu þar skip í móti 20 honum; steig hann þá sjálfr á karfann ok með honum menn svá margir, sem karfinn tók við, en hverr annarra tók sér þar skip, sem helst fekk. Ok um kveldit, er á leið, létu þeir frá landi; logn var veðrs; þeir røru upp eptir vatninu; konungrinn hafði þá nærr cccc. manna. Fyrr en dagaði, kom hann upp til 25 Hringisakrs; urðu varðmenn eigi varir fyrr við, en liðit kom upp til bæjarins. Þeir Ketill vissu gǫrva, í hverjum herbergjum konungarnir sváfu; lét konungr taka öll þau herbergi ok gæta, at engi maðr kvæmisk í brot; biðu svá lýsingar. Konungarnir höfðu eigi liðskost til varnar, ok vátu þeir allir höndum teknir 30 ok leiddir fyrir konung. Hróerekr konungr var maðr forvitri ok harðráðr; þótti Óláfi konungi hann ótrúligr, þótt hann gerði nokkura sætt við hann. Hann lét blinda Hróerek báðum augum ok hafði hann með sér; en hann lét skera tungu ór Guðrøði Dala-konungi; en Hring ok aðra ii. lét hann sverja sér eiða ok 35 fara í brot ór Nóregi ok koma aldri aptr; en lenda menn eða boendr, þá er sannir vátu at þessum svikræðum, rak hann suma ór landi, sumir vátu meiddir, af sumum tók hann sættir. Frá þessu segir Óttarr svarti:



59. Lýtandi, hefr ljótu  
lands rjóðndum, -branda  
umbstillingar allar,  
ifla fold-, of goldit;  
5 hafa lézt heiðska jofra,  
herskorðandi, forðum  
mundangs laun, þás meinum,  
mætr gramr, við þik sættu.
60. Braut hafið, boðvar þreytir,  
10 (branda rjóðr) ór landi  
(meirr fansk þinn an þeira  
þrekr) döglinga rekna;  
Óláfr konungr lagði þá undir sik þat ríki, er þessir v. konungar  
höfðu átt, tók þá gíslar af lendum mönnum ok bóndum. Hann  
15 tók veizlugjöld norðan ór Döllum ok víða um Heiðmörk ok snæri  
þá út aptr á Raumaríki ok þá vestr á Haðaland. Þann vetr  
andaðisk Sigurðr sýr, mágr hans. Þá snæri Óláfr konungr á  
Hringaríki, ok gerði Ásta, móðir hans, veizlu mikla í móti  
honum. Bar þá Óláfr einn konungsnafn í Nóregi.

20 K. 76. Frá bræðrum Óláfs konungs.

- Svá er sagt, at Óláfr konungr var á veizlunni með Ástu,  
móður sinni, at hon leiddi fram börn sín ok sýndi honum. Kon-  
ungrinn setti á kné sér Guthorm, bróður sinn, en á annat kné  
Hálfðan, bróður sinn; konungrinn sá á sveinana; þá yglðisk  
25 hann ok leit reiðuliga til þeira; þá glúpnuðu sveinarnir. Þá bar  
Ásta til hans inn yngsta son sinn, er Haraldr hét, þá var hann  
iii.-vetr; konungrinn yglðisk á hann, en hann sá upp í mót  
honum; þá tók konungr í hár sveininum ok kipði; sveinninn tók  
upp í kanpinn konunginum ok hnykði. Þá mælti konungrinn:  
30 »hefnisamr muntu síðarr, frændi«. Annan dag reikaði konungr  
úti um bæinn ok Ásta, móðir hans, með honum. Þá gengu þau  
at tjörn nokkurri. Þar váru þá sveinarnir, synir Ástu, ok léku  
sér, Guthormr ok Hálfðan; þar váru gorrvir bæir stórir ok  
kornhlöður stórar, naut mörq ok sauðir; þat var leikr þeira.  
35 Skamt þaðan frá viðr tjörnina hjá leirvík nokkurri var Haraldr  
ok hafði þar tréspánu, ok flutu þeir við landit margir. Kon-  
ungrinn spurði hann, hvat þat skyldi? Hann kvað þat vera herskip  
sín. Þá hló konungr at ok mælti: »vera kann, frændi, at þar  
komi, at þú ráðir fyrir skipum«. Þá kallaði konungr þangat

Hálfðan ok Guthorm; þá spurði hann Guthorm: »hvat vildir þú flest eiga, frændi?«. »Akra« segir hann. Konungr mælti: »hversu víða akra myndir þú eiga vilja?«. Hann svarar: »þat vilda ek, at nesit væri þetta alt sáit hvert sumar, er út gengr í vatnit« — en þar stóðu x bæir. Konungrinn svarar: »mikit 5 korn mætti þar á standa«. Þá spurði hann Hálfðan, hvat hann vildi flest eiga. »Kýr« segir hann. Konungr spurði: »hversu margar vildir þú kýr eiga?«. Hálfðan segir: »þá er þær gengi til vats, skyldu þær standa sem þykst umhverfis vatnit«. Konungrinn svarar: »bú stór vilið þit eiga; þat er líkt feðr ykrum«. 10 Þá spyr konungr Harald: »hvat vildir þú flest eiga?«. Hann svarar: »húskarla« segir hann. Konungr mælti: »hvé marga viltu þá eiga?«. »Þat vilda ek, at þeir æti at einu máli kýr Hálfðanar bróður míns«. Konungr hló at ok mælti til Ástu: »hér muntu konung upp fœða, móðir«. Eigi er þá getit fleiri 15 orða þeira.

#### K. 77. Frá landzdeild í Svíþjóð ok lögum.

Í Svíþjóðu var þat forn landzsiðr, meðan heiðni var þar, at hofuðblót skyldi vera at Upsölum at góí; skyldi þá blóta til friðar ok sigrs konungi sínum, ok skyldu menn þangat sækja 20 um alt Svíaveldi, skyldi þar þá ok vera þing allra Svía; þar var ok þá markaðr ok kaupstefna ok stóð viku. En er kristni var í Svíþjóð, þá helzk þar þó lögþing ok markaðr. En nú síðan er kristni var alsíða í Svíþjóð, en konungar afræckðusk at sitja at Upsölum, þá var færðr markaðrinn ok hafðr kyndil- 25 messu; hefir þat haldizk alla stund síðan, ok er nú hafðr eigi meiri en þrjá daga. Er þar þing Svía, ok sækja þeir þar til um alt land. Svíaveldi liggir í mörpum hlutum. Einn hlutr er Vestra-Gautland ok Vermaland ok Markir ok þat, er þar liggir til, ok er þat svá mikit ríki, at undir þeim byskupi, er þar er 30 yfir, eru xi. hundruð kirkna. Annarr hlutr landz er Eystra-Gautland; þar er annarr byskupdómr; þar fylgir nú Gotland ok Eyland, ok er þat alt saman miklu meira byskupsveldi. Í Svíþjóð sjálfri er einn hluti landz, er heitir Suðrmannaland; þat er einn byskupdómr. Þá heitir Vestmannaland eða Fjaðrundaland; 35 þat er einn byskupdómr. Þá heitir Tíundaland inn þriði hlutr Svíþjóðar. Þá heitir inn fjórði Attaland; þá er inn fimti Sjáland ok þat er þar liggir til it eystra með hafinu. Tíundaland er gofgast ok bazt byggt í Svíþjóð; þangat lýtr til alt ríkit,

þar er konungsstóll ok þar er erkibyskupsstóll ok þar er viðkendr Upsala-auðr; svá kalla Svíar eign Svía-konungs, kalla Upsala-auð. Í hverri þeiri deild landzins er sitt lögþing ok sín lög um marga hluti; yfir hverjum lögum er lögmaðr, ok ræðr hann 5 mestu við bændr, þvíat þat skulu lög vera, er hann ræðr upp at kveða. En ef konungr eða jarl eða byskupar fara yfir landit ok eigu þing við bændr, þá svarar lögmaðr af hendi bónda, en þeir fylgja honum allir svá, at varla þora ofreflismenn at koma á alþingi þeira, ef eigi lofa bændr ok lögmaðr. En þar alt er 10 lögín skilr á, þá skulu öll hallask til móts við Upsalalög, ok aðrir lögmennt allir skulu vera undirmenn þess lögmannz, er á Tíundalandi er.

#### K. 78. Frá Þorgný lögmanni.

Þá var á Tíundalandi sá lögmaðr, er Þorgnýr hét; faðir 15 hans er nefndr Þorgnýr Þorgnýsson. Þeir langfeðgar höfðu verit lögmennt á Tíundalandi um margra konunga ævi. Þorgnýr var þá gamall; hann hafði um sik mikla hirð, hann var kallaðr vitrastr maðr í Svíaveldi; hann var frændi Rognvaldz jarls ok fóstfaðir hans. Nú er þar til máls at taka, er þeir menn kómu 20 til Rognvaldz jarls, er Ingigerðr konungsdóttir ok þau Hjalti höfðu sent austan; báru þeir fram sín ørendi fyrir Rognvald jarl ok Ingibjörgu, konu hans, ok sögðu þat, at konungsdóttir hafði opt rétt fyrir Svía-konungi um sættir milli þeira Óláfs konungs digra, ok hon var inn mesti vinr Óláfs konungs, en 25 Svía-konungr varð reiðr hvert sinni, er hon gat Óláfs, ok henni þótti engi ván um sættirnar at svá búnu. Jarl segir Birni, hvat hann hafði austan spurt; en Björn segir enn it sama, at hann mun eigi fyrr aptr hverfa, en hann hitti Svía-konung, ok segir, at jarl hefir honum því heitit, at hann skal fylgja honum á 30 fund Svía-konungs. Nú liðr fram vetrinum, ok þegar á bak jólum býr jarl ferð sína ok hefir lx. manna; þar var í fgr Björn stallari ok hans fgrunautar. Fór jarl austr alt í Svíþjóð; en er hann sótti upp í landit, þá sendi hann menn sína fram fyrir til Upsala ok sendi orð Ingigerði konungsdóttur, at hon 35 skyldi fara út á Ullarakr á móti honum; þar átti hon bú stór. En er konungsdóttur kómu orð jarls, þá lagðisk hon eigi ferðina undir höfuð ok bjósk hon með marga menn. Hjalti rézk til farar með henni. En áðr hann fœri í brot, gekk hann fyrir Ólaf konung ok mælti: »sittu allra konunga heilastr, ok er þat satt

at segja, at ek hefi hvergi þess komit, er ek hafa slíka tígn sét, sem með þér; skal ek þat orð bera, hvar sem ek kóm síðan; vil ek þess biðja yðr, konungr, at þú sér vinr minn«. Konungr svarar: »hví lætr þú svá brautfúslega?, hvert skaltu fara?«. Hjalti svarar: »ek skal ríða út á Ullarakr með Ingigerði, dóttur 5 þinni«. Konungr mælti: »farðu þá vel; vitr maðr ertu ok síðugr ok kant vel at vera með tignum monnum«. Gekk þá Hjalti í brot. Ingigerðr konungsdóttir reið til bús síns út á Ullarakr, lét þar búa veizlu mikla í mót jarli. Þá kom jarl þar, ok var honum vel fagnat; dvalðisk hann þar nokkurar nætr. Töluðu 10 þau konungsdóttir mart, ok flest um þá Svía-konung ok Nóregs-konung; segir hon jarli, at henni þykkir óvænt horfa um sættirnar. Þá mælti jarl: »hvernug er þér gefit, frændkona, um þat, ef Óláfr, Nóregs konungr, biðr þín?; sýnisk oss þat sem helzt myni til sætta einhlítt, ef mægðir þær mætti takask milli 15 þeira konunga; en ek vil ekki ganga með því máli, ef ek veit, at þat er þvert frá þínum vilja«. Hon segir: »faðir minn mun sjá kost fyrir mér; en annarra minna frænda ertu sá, er ek vil helzt mín ráð undir eiga, þau er mér þykkir miklu máli skipta. Eða hvé ráðligt sýnisk þér þetta?«. Jarl fýsti hana mjök ok 20 talði marga hluti upp til frama um Ólaf konung, þá er stórvegligr varu, sagði henni inniliga frá þeim atburðum, er þá höfðu fyrir skemstu górz, er Óláfr konungr hafði handtekna gort v. konunga á einum morni ok tekit þá alla af ríki, en lagt þeira eignir ok ríki við sitt veldi. Mart ræddu þau um þetta 25 mál ok urðu á allar ræður sátt sín í milli. Fór jarl í brot, er hann var at því búinn. Hjalti fór með honum.

#### K. 79. Frá Rognvaldi jarli ok Þorgný.

Rognvaldr jarl kom einn dag at kveldi til bús Þorgnýs lögmannz; þar var bær mikill ok stórkostligr; varu þar margir 30 menn úti; þeir fognuðu vel jarli ok tóku við hestum þeira ok reiða. Jarl gekk inn í stofuna, var þar inni fjölmenni mikit; þar sat í öndugi maðr gamall; engi mann höfðu þeir Björn sét jafnmikinn; skeggit var svá sitt, at lá í knjám honum ok breiddisk um alla bringuna; hann var vænn maðr ok gøfugligr. 35 Jarl gekk fyrir hann ok heilsaði honum. Þorgnýr fagnar honum vel ok bað hann ganga til sætis þess, er hann var vanr at sitja; jarl settisk öðrum megin gegnt Þorgný. Þeir dvöldusk þar nokkurar nætr, áðr jarl bar upp ørendi sín; bað hann, at þeir

Þorgnýr skyldu ganga í málstofu. Þeir Björn forunautar gengu þannug með jarli; þá tók jarl til máls ok segir frá því, at Óláfr Nóregs-konungr hafði senda menn sína austr þannug til friðgørðar, talaði ok um þat langt, hvert vandræði Vestr-Gautum  
 5 var at því, er ófriðr var þaðan til Nóregs; hann segir ok frá því, at Óláfr Nóregs konungr hafði þangat senda menn, ok þar váru þá sendimenn konungs, ok hann hafði þeim því heitit, at fylgja þeim á fund Svíakonungs; ok hann segir, at Svía-konungr tók þessu máli svá þungliga, at hann lét engum manni hlýða  
 10 skyldu at ganga með þessu máli — »nú er svá, fóstri, segir jarl, at ek verð eigi einhlítr at þessu máli; hefi ek fyrir því nú sótt á þinn fund, ok vætti ek þar heilla ráða ok trausts þíns«. En er jarl hætti sínu máli, þá þagði Þorgnýr um hríð; en er hann tók til máls, mælti hann: »undarliga skiptið þér til, girnizk at  
 15 taka tígnarnafn, en kunnit yðr engi forráð eða fyrirhyggju, þegar er þér komið í nokkurn vanda; hví skyldir þú eigi hyggja fyrir því, áðr þú hétir þeiri ferð, at þú hefir ekki ríki til þess at mæla í mót Óláfi konungi; þykki mér þat eigi óvirðiligrá, at vera í bóandatölu ok vera frjáls orða sinna, at mæla slíkt er  
 20 hann vill, þótt konungr sé hjá. Nú mun ek koma til Upsalaþings ok veita þér þat lið, at þú mælir þar óhræddr fyrir konungi slíkt, er þér líkar«. Jarl þakkaði honum vel þessi heit, ok dvalðisk hann með Þorgný ok reið með honum til Upsalaþings. Var þar allmikit fjölmenni; þar var Óláfr konungr með  
 25 hirð sinni. /

#### K. 80. Frá Upsala-þingi.

Inn fyrsta dag er þing var sett, sat Óláfr konungr á stóli ok þar hirð hans umhverfis. En annan veg á þingit sátu þeir á einum stóli Rognvaldr jarl ok Þorgnýr, ok sat þar fyrir þeim  
 30 hirð jarls ok húskarlasveit Þorgnýs; en á bak stólinum stóð bóndamúgrinn ok alt umhverfis í hring; sumir fóru á hæðir ok hauga at heyra þaðan til. En er tölud váru ørendi konungs, þau sem siðr var til at mæla á þingum, ok er því var lokit, þá stóð upp Björn stallari hjá stóli jarls ok mælti hátt: »Óláfr  
 35 konungr sendi mik hingat þess ørendis, at hann vill bjóða Svíakonungi sætt ok þat landaskipti, sem at fornu fari hefir verit milli Nóregs ok Svíþjóðar«. Hann mælti hátt, svá at Svíakonungr heyrði gørva; en fyrst er Svía-konungr heyrði nefndan Ólaf konung, þá hugði hann, at sá myndi reka nokkut hans

ørendi; en er hann heyrði roett um sætt ok landaskipti milli Svíþjóðar ok Nóregs, þá skilði hann, af hverjum rifjum rísa myndi; þá hljóp hann upp ok kallaði hátt, at sá maðr skyldi þegja; þá stóð jarl upp ok mælti, — hann sagði frá orðsending Óláfs digra ok sættarboðum við Óláf Svía-konung ok frá því, 5 at Vestr-Gautar sendu Óláfi konungi öll orð til, at sætt skyldi gera við Nóregrsmenn; taldi hann upp, hvert vandræði Vestr-Gautum var at því, at missa þeira hluta allra af Nóregi, er þeim var árbót í, en í annan stað at sitja fyrir áhlaupum þeira ok hernaði, ef Nóregrs-konungr samnaði her saman ok herjaði 10 á þá; jarl segir ok, at Óláfr Nóregrs-konungr hafði menn þangat sent þeira ørenda, at hann vill biðja Ingigerðar dóttur hans. En er jarl hætti at tala, þá stóð upp Svía-konungr; hann svarar þungliga um sættina, en veitti jarli átölur þungar ok stórar um dirfð þá, er hann hafði gort grið ok frið við inn digra mann ok 15 lagt við hann vináttu, taldi hann sannan at landráðum við sik, kvað þat makligt, at Rognvaldr væri rekinn ór ríkinu ok segir, at alt slíkt hlaut hann af áeggjan Ingibjargar, konu sinnar, ok kvað þat verit hafa it ósnjallasta ráð, er hann skyldi fengit hafa at girndum slíkrar konu; hann talaði langt ok hart, ok 20 snøri þá enn tölunni á hendr Óláfi digra. En er hann settisk niðr, þá var fyrst hljótt. Þá stóð upp Þorgnýr. En er hann stóð upp, þá stóðu upp allir bændr, þeir er áðr höfðu setit, ok þustu at allir, þeir er í öðrum stöðum höfðu verit, ok vildu hlýða til, hvat Þorgnýr mælti. Var þá fyrst gnýr mikill af 25 fjölmenni ok vápnum. En er hljóð feksk, þá mælti Þorgnýr: »annan veg er nú skaplyndi Svía-konunga, en fyrr hefir verit. Þorgnýr, fōðurfaðir minn, munði Eirík Upsala-konung Emundarson ok sagði þat frá honum, at meðan hann var á léttasta aldri, at hann hafði hvert sumar leiðangr úti ok fór til ýmissa landa 30 ok lagði undir sik Finnland ok Kirjálaland, Eistland ok Kúrland ok víða um austrlönd, ok mun enn sjá þær jarðborgir ok önnur stórvirki, þau er hann gerði, ok var hann ekki svá mikillátr, at eigi hlýddi hann mönnum, ef skylt áttu við hann at rœða. Þorgnýr, faðir minn, var með Birni konungi langa ævi; var honum hans siðr kunnigr; stóð um ævi Bjarnar hans ríki með 35 styrk miklum en engum þurð, var hann dæll sínum vinum. Ek má muna Eirík konung inn sigrsæla, ok var ek með honum í mörgum herförum; jók hann ríki Svía, en varði harðfengliga; var oss gott við hann ráðum at koma. En konungr þessi, er nú

er, lætr engi mann þora at mæla við sik, nema þat einu, er hann vill vera láta, ok hefir hann þar við alt kapp, en lætr skattlond sín undan sér ganga af eljanleysi ok þrekleysi. Hann girnisk þess at halda Nóregs-veldi undir sik, er engi Svía-konungr hefir 5 þat fyrr ágirnzk, ok gerir þat mǫrgum manni óró. Nú er þat vili várr bóandanna, at þú gerir sætt við Óláf digra, Nóregs-konung, ok giptir honum dóttur þína Ingigerði. En ef þú vilt vinna aptr undir þik ríki þau í Austrvegi, er frændr þínir ok forellri hafa þar átt, þá viljum vér allir fylgja þér þar til. Með 10 því at þú vilt eigi hafa þat, er vér mælum, þá munum vér veita þér atgöngu ok drepa þik ok þola þér eigi ófrið ok ólog; hafa svá gort inir fyrri forellrar várir; þeir steypðu v. konungum í eina keldu á Múlþingi, er áðr höfðu upp fylzk ofmetnaðar, sem þú við oss. Seg nú skjótt, hvárn kost þú vilt upp taka«. Þá gerði 15 lýðrinn þegar vápnabrak ok gný mikinn. Konungrinn stendr þá upp ok mælti, segir, at alt vill hann vera láta, sem bœndr vilja; segir, at svá hafa gort allir Svía-konungar, at láta bœndr ráða með sér öllu því, er þeir vildu. Staðnaði þá kurr bóandanna. En þá tóluðu höfðingjar, konungr ok jarl ok Þorgnýr, ok gera 20 þá frið ok sátt af hendi Svía-konungs, eptir því, sem Nóregs-konungr hefir áðr orð til send. Var á því þingi þat ráðit, at Ingigerðr, dóttir Óláfs konungs, skyldi vera gipt Óláfi konungi Haraldzsyni. Seldi konungr jarli í hendr festar hennar ok fekk honum í hendr alt sitt umboð um þann ráðahag, ok skilðusk þeir 25 á þinginu at svá loknum málum. En er jarl fór heim, þá hittusk þau Ingigerðr konungs-dóttir ok tóluðu sín í milli um þetta mál. Hon sendi Óláfi konungi slædur af pelli ok gullsamaðar mjök ok silkiræmur. Fór jarl aptr í Gautland ok Björn með honum. Björn dvalðisk þar lítla stund, ok fór hann þá aptr til 30 Nóregs með foruneyti sínu. Ok er hann hitti Óláf konung ok segir honum ørendislok þau, sem váru, þá þakkaði konungr honum vel ferðina ok segir, sem var, at Björn hafði gæfu til borit, at koma fram ørendinu í ófriði þessum. ✓

#### K. 81. Frá svikum Hrœreks konungs.

35 Óláfr konungr fór, er váraði, út til sævar ok lét búa skip sín ok stefndi til sín liði ok fór um várit alt út eptir Víkinni til Líðandisness, ok alt fór hann norðr á Hǫrðaland; sendi þá orð lendum mǫnnum ok nefndi alla ina ríkustu menn ór heruðum ok bjó þá ferð sem vegligast, er hann fór í mót festarkonu sinni.

Veizla sú skyldi vera um haustit austr við Elfi við landamæri. Óláfr konungr hafði með sér Hrœrek konungr blinda. En er hann var gróinn sára sinna, þá fekk Óláfr konungr ii. menn til þjónostu við hann ok lét hann sitja í hásæti hjá sér ok helt hann at drykk ok at klæðum engum mun verr, en hann hafði áðr 5 haldit sik sjálf. Hrœrekr var fámálugr ok svaraði stirt ok stutt, þá er menn ortu orða á hann. Þat var siðvenja hans, at hann lét skósvein sinn leiða sik úti um daga ok frá öðrum monnum; þá barði hann knapann; en er hann hljóp frá honum, þá segir hann Óláfi konungi, at sá sveinn vildi honum ekki 10 þjóna. Þá skipti Óláfr konungr við hann þjónostumonnum, ok fór alt sem áðr, at engi þjónostumaðr helzk við með Hrœreki konungi. Þá fekk Óláfr konungr til fylgðar ok til gæzlu við Hrœrek þann mann, er Sveinn hét, ok var hann frændi Hrœreks konungs ok hafði verit hans maðr áðr. Hrœrekr helt teknum 15 hætti um stirðlæti ok svá um einfarar sínar. En er þeir Sveinn váru ii. saman staddir, þá var Hrœrekr kátr ok málroetinn; hann mintisk þá á marga hluti, þá er fyrr höfðu verit, ok þat er um hans daga hafði at borizk, þá er hann var konungr, ok mintisk á ævi sína ina fyrri ok svá á þat, hverr því hafði brugðit, hans 20 ríki ok hans sælu, en gort hann at oþmusumanni — »en hitt þykki mér þó allra þyngst, segir hann, er þú eða aðrir frændr mínir, þeir er mannvænir höfðu verit, skulu nú verða svá miklir átlerar, at engrar svívirðingar skulu hefna, þeirar er á ætt várri er gort«. Þvílíkar harmtölur hafði hann opt uppi. Sveinn 25 svarar ok segir, at þeir ætti við ofreflismenn mikla at skipta, en þeir áttu þá lítla kosti. Hrœrekr mælti: »til hvers skulum vér lengi lifa við skommm ok meizlur?, nema svá beri til, at ek mætta blindr sigrask á þeim, er mik sigraði sofanda; svá heilir, drepum Ólaf digra; hann óttask nú ekki at sér; ek skal ráðit til setja, 30 ok eigi vilda ek hendrnar til spara, ef ek mætta þær nýta, en þat má ek eigi fyrir sakir blindleiks, ok skaltu fyrir því bera vápn á hann; en þegar er Óláfr er drepinn, þá veit ek þat af forspá, at ríkit hverfr undir óvini hans. Nú kann vera, at ek yrða konungr, þá skaltu vera jarl minn«. Svá kómu fortölur hans, 35 at Sveinn játaði at fylgja þessu óráði. Svá var ætlat ráðit, at þá er konungr bjósk at ganga til aptansongs, stóð Sveinn úti í svöllum fyrir honum ok hafði brugðit sax undir yfirhöfninni. En er konungr gekk út ór stofunni, þá bar hann skjótara at en Svein varði, ok sá hann í andlit konunginum; þá bliknaði hann 40



ok varð fqlr sem nár, ok fellusk honum hendr. Konungr fann á honum hræzlu ok mælti: »hvat er nú, Sveinn? viltu svíkja mik?«. Sveinn kastaði yfirhøfninni frá sér ok saxinu ok fell til fóta konungi ok mælti: »alt á guðs valdi ok yðru, konungr«.

5 Konungr bað menn sína taka Svein, ok var hann í járn settr. Þá lét konungr fœra sæti Hrcereks á annan pall; en hann gaf grið Sveini, ok fór hann af landi í brot. Konungr fekk þá Hrcereki annat herbergi at sofa í, en þat er hann svaf sjálfr í; svaf í því herbergi mart hirðmanna; hann fekk til ii. hirðmenn

10 at fylgja Hrcereki dag ok nótt; þeir menn høfðu lengi verit með Óláfi konungi, ok hafði hann þá reynt at trúleik við sik; ekki er þess getit, at þeir væri ættstórir menn. Hrcerekr konungr gerði ýmist, at hann þagði marga daga, svá at engi maðr fekk orð af honum, en stundum var hann svá kátr ok glaðr, at þeim þótti at

15 hverju orði gaman, því er hann mælti; en stundum mælti hann mart ok þó ilt einu; svá var ok, at stundum drakk hann hvern af stokki ok gerði alla ófœra, er nær honum váru, en optast drakk hann lítit. Óláfr konungr fekk honum vel skotsilfr. Opt gerði hann þat, þá er hann kom til herbergis, áðr hann lagðisk

20 til svefnis, at hann lét taka inn mjöð, nökkurar byttur, ok gaf at drekka qlum herbergismønnum; af því varð hann þokkasæll.

#### K. 82. Frá Finni lítla.

Maðr er nefndr Fiðr lítli, uplenzkr maðr, en sumir segja, at hann væri finzkr at ætt; hann var allra manna minztr ok allra

25 manna fóthvatastr, svá at engi hestr tók hann á rás; hann kunni manna bezt við skið ok boga; hann hafði lengi verit þjónostumaðr Hrcereks konungs ok farit opt ørenda hans, þeira er trúnaðar þurpti við; hann kunni vega um ql Uplönd; hann var ok málkunnigr þar qlu stórmenni. En er Hrcerekr konungr var tekinn

30 í fára gæzlu, þá slósk Finnr í fqr þeira, ok fór hann optast í sveit með knöpum ok þjónostumønnum, en hvert sinn er hann mátti, kom hann til þjónostu við Hrcerek konung ok opt í tal, ok vildi konungr skömmum samfast mæla við hann ok vildi ekki gruna láta tal þeira. En er á leið várit ok þeir sóttu út í Víkina, þá

35 hvarf Fiðr í brot frá liðinu nökkura daga; þá kom hann enn aprt ok dvalðisk um hríð. Svá fór opt fram, ok var at því engi gaumr gefinn, þvíat margir váru umrenningar með liðinu.

## K. 83. Dráp hírðmanna Óláfs konungs.

Óláfr konungr kom til Túnsbergs fyrir páska ok dvalðisk þar mjök lengi um várit; þar kom þá til bæjarins mart kaupskipa, bæði Saxar ok Danir ok austan ór Vík ok norðan ór landi; var þar almikit fjölmenni. Þá var ár mikit ok drykkjur miklar. Þat 5 barsk at á einu kveldi, at Hrærekr konungr var kominn til herbergis ok heldr síðla ok hafði mjök drukkit ok var þá allkátr; þá kom þar Finnr lítli með mjaðarbyttu, ok var þat grasaðr mjöðr ok inn sterkasti. Þá lét konungrinn gefa at drekka ǫllum þeim, er inni váru, alt til þess, er hverr sofnaði í sínu rúmi. Finnr var 10 þá í brot genginn, ljós brann í herberginu; þá vakði hann upp menn þá, er vanir váru at fylgja honum, ok segir, at hann vill ganga til garðz; þeir höfðu skriðljós með sér, en niðamyrrkr var úti; mikit salerni var í garðinum ok stóð á stöfum, en rið upp at ganga til duranna. En er þeir Hrærekr sátu í garðinum, þá 15 heyrðu þeir, at maðr mælti: »hogg þú fjándann«; þá heyrðu þeir brest ok dett, sem nokkut felli. Hrærekr konungr mælti: »fulldrukkit munu þeir hafa, er þar eigusk við; farið til skjótt ok skilið þá« Þeir bjoggusk skyndiliga ok hljópu út, en er þeir kómu á riðit, þá var sá hoggvinn fyrr, er síðarr gekk, ok drepnir 20 þó báðir. Þar váru komnir menn Hræreks konungs, Sigurðr hit, er verit hafði merkismaðr hans, ok þeir xii. saman; þar var þá Finnr lítli. Þeir drógu líkin upp milli húsanna, en tóku konunginn ok höfðu með sér, hljópu þá á skútu, er þeir áttu, ok røru í brot. Sigvatr skáld svaf í herbergi Óláfs konungs; hann 25 stóð upp um nóttina ok skósveinn hans með honum ok gengu út til ins mikla salernis; en er þeir skyldu apr ganga ok ofan fyrir riðit, þá skriðnaði Sigvatr ok fell á kné ok stakk niðr höndunum, ok var þar vátt undir; hann mælti: »þat hygg ek, at nú í kveld myni konungrinn hafa mǫrgum oss fengit karfafótinn« — ok hló 30 at. En er þeir kómu í herbergit þar sem ljós brann, þá spurði skósveinninn: »hefir þú skeint þik, eða hví ertu í blóði einu allr?«. Hann svarar: »ekki em ek skeindr, en þó mun þetta tíðendum gegna«. Hann vakði þá Þórð Fólason merkismann, rekkjufélaga sinn, ok gengu þeir út ok höfðu með sér skriðljós 35 ok fundu brátt blóðit; þá leituðu þeir ok funnu brátt líkin ok báru á kenzi; þeir sá ok, at þar lá tréstobbi mikill ok í skýlihoggg mikil, ok spurðisk þat síðan, at þat hafði gǫrt verit til ólíkenda, at teygja þá út, er drepnir váru. Þeir Sigvatr mæltu sín í milli,

at nauðsyn væri til, at konungr vissi þessi tíðendi sem bráðast. Þeir sendu sveininn þegar til herbergis þess, er Hrórekr konungr hafði verit; þar sváfu menn allir, en konungr var í brottu; hann vakði þá menn, er þar váru inni, ok segir tíðendingin; stóðu menn 5 upp ok fóru þegar þannug í garðinn, sem líkin váru. En þó at nauðsyn þætti til, at konungr vissi sem fyrst þessi tíðendi, þá þorði engi at vekja hann. Þá mælti Sigvatr til Þórðar: »hvárt viltu heldr, lagsmaðr, vekja konunginn eða segja honum tíðendingin?«. Þórðr svarar: »fyrir engan mun þori ek at vekja 10 hann, en segja mun ek honum tíðendingin«. Þá mælti Sigvatr: »mikit er enn eptir nætrinnar ok kann vera, áðr dagr sé, at Hrórekr hafi fengit sér þat fylskni, at hann verði síðan ekki auðfundinn, en þeir munu enn skamt brot komnir, þvíat líkin váru vörm; skal oss aldregi henda sú skömm, at vér látim eigi 15 konunginn vita þessi svik; gakk þú, Þórðr, upp í herbergit, ok bíð mín þar«. Þá gekk Sigvatr til kirkju ok vakði klokkarann ok bað hann hringja fyrir sál hirðmanna konungs ok nefndi mennina, þá er vegnir váru. Klokkarinn gerir sem hann bað. En við hringingina vaknaði konungr ok settisk upp; hann spurði, hvárt 20 þá væri óttusöngs mál. Þórðr svarar: »verri efni eru í, tíðendi mikil eru orðin; Hrórekr konungr er á brot horfinn, en drepnir hirðmenn yðrir ii.«. Þá spurði konungr eptir atburðum þeim, er þar höfðu orðit. Þórðr segir honum slíkt, er hann vissi. Þá stóð konungr upp ok lét blása til hirðstefnu; en er liðit kom 25 saman, þá nefndi konungr menn til at fara alla vega frá bönum at leita Hróreks á sæ ok landi. Þórir langi tók skútu ok fór með xxx. manna, ok er lýsti, sá þeir skútur ii. litlar fara fyrir þeim. En er þeir sásk røru hvárir sem mest máttu. Þar var Hrórekr konungr ok hafði xxx. manna. En er saman dró með 30 þeim, þá snøru þeir Hrórekr at landi, ok hljópu þar upp á land allir, nema konungr settisk upp í lyptingina; hann mælti, bað þá vel fara ok heila hittask. Því næst røru þeir Þórir at landi. Þá skaut Finnur lítli øru, ok kom sú á Þóri miðjan, ok fekk hann bana; en þeir Sigurðr hljópu allir í skóginn; en menn Þóris tóku 35 lík hans ok svá Hrórek konung ok fluttu út til Túnsbergs. Óláfr konungr tók þá við haldi Hróreks konungs; hann lét þá vandliga gæta hans ok galt mikinn varhuga við svikum hans, fekk til menn nótt ok dag at gæta hans. Hrórekr konungr var þá inn kátasti, ok fann engi maðr á honum, at eigi líkaði honum alt sem bezt.

## K. 84. Frá tilræði Hrøreks konungs.

Þat barsk at upstigningardag, at Óláfr konungr gekk til hámessu; þá gekk byskup með processio um kirkju ok leiddi konunginn, en er þeir kómu aptr í kirkju, þá leiddi byskup konung til sætis síns fyrir norðan í kórnum; en þar sat it næsta Hrørekr konungr, sem hann var vanr; hann hafði yfirhöfnina fyrir andliti sér. En er Óláfr konungr hafði niðr sezkr, þá tók Hrørekr konungr á 9xl honum hendinni ok þrýsti; hann mælti þá: »pellzklæði hefir þú nú, frændi«. segir hann. Óláfr konungr svarar: »nú er hátíð mikil haldin í minning þess, er Jésús Krístr sté til himna af jörðu«. Hrørekr konungr svarar: »ekki skil ek af, svá at mér hugfestisk þat, er þér segið frá Krísti; þykki mér þat mart heldr ótrúligt, er þér segið; en þó hafa mörg dæmi orðit í forneskju«. En er messan var upp hafin, þá stóð Óláfr konungr upp ok helt upp höndunum yfir höfuð sér ok laut til altaris, ok bar yfirhöfnina aptr af herðum honum. Hrørekr konungr spratt þá upp skjótt ok hart; hann lagði þá til Óláfs konungs saxknífi þeim, er rytningr er kallaðr: lagit kom í yfirhöfnina við herðarnar, er hann hafði lotit undan; skárusk mjök klæðin, en konungr varð ekki sárr. En er Óláfr konungr fann þetta tilræði, þá hljóp hann fram við á gólfít. Hrørekr konungr lagði til hans annat sinni saxinu ok misti hans ok mælti: »flýr þú nú, Óláfr digri, fyrir mér blindum«. Konungr bað sína menn taka hann ok leiða hann út ór kirkju, ok svá var gort. Eptir þessa atburði eggjuðu menn Ólaf konung at láta drepa Hrørek — »ok er þat, segja þeir, in mesta gæfuraun yðr, konungr, at hafa hann með yðr ok þyrma honum, hverigar óhæfur er hann tekr til; en hann liggir um þat nótt ok dag, at veita yðr líflát. En þegar er þér sendið hann á brot frá yðr, þá sjám vér eigi mann til þess, at svá fái gætt hans, at ørvænt sé, at hann komisk í brot. En ef hann verðr lauss, þá mun hann þegar flokk uppi hafa ok gera mart ilt«. Konungr svarar: »rétt er þat mælt, at margr hefir dauða tekit fyrir minni tilgørðir en Hrørekr; en trauðr em ek at týna þeim sigri, er ek fekk á Uplendinga-konungum, er ek tók þá v. á einum morni, ok náða ek svá öllu ríki þeira, at ek þurpta einskis þeira banamaðr verða, þvíat þeir váru allir frændr mínir; en þó fæ ek nú varliga sét, hvárt Hrørekr mun fá mik nauðgáðan til eða eigi, at ek láta drepa hann«. Hrørekr hafði fyrir þá sök

tekit hendinni á ǫxl Óláfi konungi, at hann vildi vita, hvárt hann var í brynju.

K. 85. Ferð Hræreks konungs til Islandz.

Maðr er nefndr Þórarinn Nefjólfs-son; hann var íslenzkr  
 5 maðr, hann var kynjaðr norðan um land; ekki var hann ættstórr  
 ok allra manna vitrastr ok orðspakastr; hann var djarfmæltr við  
 tigna menn; hann var farmaðr mikill ok var lǫngum útanlendis.  
 Þórarinn var manna ljótastr ok bar þat mest frá, hversu illa hann  
 var limaðr; hann hafði hendr miklar ok ljótar, en foetnrir váru  
 10 þó miklu ljótari. Þórarinn var þá staddr í Túnsbergi, er þessi  
 tíðendi urðu, er áðr var frá sagt; hann var málkunnigr Óláfi  
 konungi. Þórarinn bjó þá kaupskip, er hann átti, ok ætlaði til  
 Islandz um sumarit. Óláfr konungr hafði Þórarin í boði sínu  
 15 nokkura daga ok talaði við hann; svaf Þórarinn í konungs-  
 herbergi. Þat var einn morgin snimma, at konungrinn vakði, en  
 aðrir menn sváfu í herberginu; þá var sól farin lítt þat, ok var  
 ljóst mjök inni. Konungr sá, at Þórarinn hafði rétt fót annan  
 undan klæðum; hann sá á fótinn um hríð; þá vǫknuðu menn í  
 herberginu. Konungr mælti til Þórarins: »vakat hefi ek um hríð,  
 20 ok hefi ek sét þá sýn, er mér þykkir mikils um vert, en þat er  
 mannzfótr sá, er ek hygg, at engi skal hér í kaupstaðinum ljótari  
 vera« —, ok bað aðra menn hyggja at, hvárt svá sýndisk. En  
 allir er sá, þá sǫnnuðu, at svá væri. Þórarinn fann hvar til mælt  
 var, ok svarar: »fátt er svá einna hluta, at ǫrvænt sé, at hitti  
 25 annan slíkan, ok er þat líkligast, at hér sé enn svá«. Konungr  
 mælti: »heldr vil ek því at fulltingja, at eigi myni fásk jamljótr  
 fótr, ok svá þótt ek skylda veðja um«. Þá mælti Þórarinn: »búinn  
 em ek at veðja um þat við yðr, at ek mun finna í kaupstaðinum  
 ljótara fót«. Konungr segir: »þá skal sá okkarr kjósa bœn af  
 30 ǫðrum, er sannara hefir«. »Svá skal vera« segir Þórarinn; hann  
 brá þá undan klæðunum ǫðrum foetinum, ok var sá engum mun  
 fegri, ok þar var af in mesta táin. Þá mælti Þórarinn: »sé hér  
 nú, konungr, annan fót, ok er sjá því ljótari, at hér er af ein  
 táin, ok á ek veðféit«. Konungr segir: »er hinn fótrinn því ófegri,  
 35 at þar eru v. tær ferligar á þeim, en hér eru ii.iii.,ok á ek at  
 kjósa bœn at þér«. Þórarinn segir: »dýrt er dróttins orð, eða  
 hverja bœn viltu af mér þiggja?«. Hann segir: »þá, at þú flytir  
 Hrærek til Grænlandz ok færir hann Leifi Eiríkssyni«. Þórarinn  
 svarar: »eigi hefi ek komit til Grænlandz«. Konungr segir:

»farmaðr slíkr sem þú ert, þá er þér nú mál at fara til Grœn-  
 landz, ef þú hefir eigi fyrr komit«. Þórarinn svarar fá um þetta  
 mál fyrst; en er konungr helt fram þessarri málaleitan, þá veiksk  
 Þórarinn eigi með öllu af hendi ok mælti svá: »heyra skal ek yðr  
 láta, konungr, þœn þá, er ek hafða hugat at biðja, ef mér bærisk 5  
 veðféit, en þat er, at ek vilda biðja yðr hirðvistar; en ef þér  
 veitið mér þat, þá verð ek skyldari til at leggjask eigi undir höfuð  
 þat, er þér vilið kvatt hafa«. Konungr játaði þessu ok gerðisk  
 Þórarinn hirðmaðr hans. Þá bjó Þórarinn skip sitt, ok er hann  
 var búinn, þá tók hann við Hrœreki konungi. En er þeir 10  
 skilðusk, Óláfr konungr ok Þórarinn, þá mælti Þórarinn: »nú  
 berr svá til, konungr, sem eigi er œrvænt ok opt kann verða, at  
 vér komum eigi fram Grœnlandzferðinni, berr oss at Íslandi eða  
 öðrum lönðum — hvernug skal ek skiljask við konung þenna  
 þess, at yðr megi líka?«. Konungr segir: »ef þú kœmsk til 15  
 Íslandz, þá skaltu selja hann í hendr Guðmundi Eyjólfsyni eða  
 Skapta lögsgumanni eða öðrum nokkurum höfðingjum, þeim er  
 taka vilja við vináttu minni ok jartegnum. En ef þik berr at  
 öðrum lönðum, þeim er hér eru nærr, þá haga þú svá til, at þú  
 vitir vist, at Hrœrekr komi aldri síðan lífs til Nóregs; en ger 20  
 þat því at einu, ef þú sér engi önnur fœng á«. En er Þórarinn  
 var búinn ok byr gaf, þá siglði hann alt útleiði fyrir útan eyjar  
 ok norðr frá Líðandisnesi stefndi hann í haf út; honum byrjaði  
 ekki skjótt, en hann varaðisk þat mest at koma við landit; hann  
 siglði fyrir sunnan Ísland ok hafði vita af, ok svá vestr um landit 25  
 í Grœnlandzhaf; þá fekk hann réttu stóra ok válk mikil, en er  
 á leið sumarit, tók hann Ísland í Breiðafirði. Þorgils Arason  
 kom þá fyrst til þeira virðingamanna; Þórarinn segir honum  
 orðsending ok vináttumál ok jartegnir Óláfs konungs, er fylgðu  
 viðrtöku Hrœreks konungs. Þorgils varð við vel ok bauð til sín 30  
 Hrœreki konungi, ok var hann með Þorgilsí Arasyni um vetrinn.  
 Hann undi þar eigi ok beiddi, at Þorgils léti fylgja honum til  
 Guðmundar ok segir, at hann þóttisk þat spurt hafa, at með  
 Guðmundi var rausn mest á Íslandi, ok væri hann honum til  
 handa sendr; Þorgils gerði, sem hann beiddi, fekk menn til ok 35  
 lét fylgja honum til handa Guðmundi á Mjðruvöllum. Tók  
 Guðmundr vel við Hrœreki fyrir sakir konungs orðsendingar,  
 ok var hann með Guðmundi vetr annan; þá unði hann þar eigi  
 lengr. Þá fekk Guðmundr honum vist á lítlum bæ, er heitir á  
 Kálfskinni, ok var þar fátt hjóna; þar var Hrœrekr inn iii. vetr 40

ok sagði hann svá, at síðan er hann lét af konungdómi, at hann hefði þar verit svá, at honum hafði bezt þótt, þvíat þar var hann af öllum mest metinn. Eptir um sumarit fekk Hrøerek sótt, þá er hann leiddi til bana. Svá er sagt, at sá einn konungr hvílir á 5 Íslandi. Þórarinn Nefjólfs-son hafðisk síðan lengi í fõrum, en var stundum með Óláfi konungi.

#### K. 86. Orrosta í Úlfreksfirði.

Pat sumar, er Þórarinn fór með Hrøerek til Íslandz, þá fór Hjalti Skeggjason ok til Íslandz, ok leiddi Óláfr konungr hann í 10 brot með vingjöfum, er þeir skilðusk. Pat sama sumar fór Eyvindr úrarhorn í vestrvíking ok kom um haustit til Írlandz til Konofogor Íra-konungs. Þeir hittusk um haustit í Úlfreksfirði Íra-konungr ok Einarr jarl ór Orkneyjum, ok varð þar orrosta mikil; hafði Konofogor konungr lið miklu meira ok fekk sigr, 15 en Einarr jarl flýði einskipa ok kom svá um haustit aprt til Okneyja, at hann hafði látit flest alt lið ok herfang alt, þat er þeir höfðu fengit, ok unði jarl stórilla ferð sinni ok kendi ósigr sinn Norðmönnum þeim, er verit höfðu í orrostu með Íra-konungi.

#### 20 K. 87. Frá Óláfi konungi.

Nú er þar til máls at taka, er áðr var frá horfit, at Óláfr konungr inn digri fór brúðferð ok at sækja festarkonu sína, Ingigerði, dóttur Óláfs Svía-konungs. Konungr hafði lið mikit ok valit svá mjök, at honum fylgði alt stórmenni, þat er hann 25 mátti ná, ok hverr ríkismanna hafði með sér valit lið bæði at ættum ok þat er gørviligast var. Lið þat var búit með inum beztum fongum bæði at skipum ok vápnum ok klæðum. Þeir heldu liði sínu austr til Konungahellu. En er þeir kómu þar, þá spurðu þeir ekki til Svía-konungs, vóru þar ok engir menn komnir 30 af hans hendi. Óláfr konungr dvalðisk við Konungahellu lengi um sumarit ok leiddi mjök atspurningum, hvat menn kynni at segja til um ferðir Svía-konungs eða ráðaaetlan; en engi kunni honum þar víst af at segja. Þá gerði hann menn sína upp í Gautland til Røgnvaldz jarls ok lét hann spyrja eptir, ef hann 35 vissi, hvat til þar, er Svía-konungr kom eigi til stefnu, sem mælt var. Jarl segir, at hann vissi þat eigi — »en ef ek verð þess varr, segir hann, þá mun ek þegar senda menn mína til Óláfs konungs ok láta hann vita, hvert efni í er, ef þessi dvøl er fyrir

noðkurs sakir annars en af fjölskyldum þeim, er opt kann til bera, at ferðir Svía-konungs dveljask meirr, en hann ætlar.

K. 88. Frá börnum Svía-konungs.

Óláfr Svía-konungr Eiríksson átti fyrst friðlu, er Eðla hét, dóttir jarls af Vindlandi; hon hafði fyrir þat verit hertekin ok 5 kölluð konungs ambótt; börn þeira váru Emundr, Ástríðr, Hólmi-fríðr . . . . Enn gátu þau drótning son, ok var fæddr Jákobs-vokudag; en er skíra skyldi sveininn, þá lét byskup hann heita Jákob; þat nafn líkaði Svíum illa ok kölluðu, at aldrigi hefði Svía-konungr Jákob heitit. Öll váru börn Óláfs konungs frið 10 sýnum ok vel viti borin. Drótningin var ríklunduð ok ekki vel til stjúpbarna sinna; konungr sendi Emund, son sinn, til Vindlandz, ok fæddisk hann þar upp með móðurfrændum sínum, ok helt hann ekki kristni langa hríð. Ástríðr konungs-dóttir fæddisk upp í Vestra-Gautlandi at gøfugs mannz, er Egill hét; hon var 15 kvinna friðust ok bezt orðum farin, glaðmælt ok lítillát, mild af fé, en er hon var fulltíða at aldri, var hon optliga með feðr sínum ok þokkaðisk hverjum manni vel. Óláfr konungr var ríklundaðr ok óþýðr í máli; honum líkaði stórilla þat, er landzherr hafði gørt þys at honum á Upsala-þingi ok heitit honum afarkostum, 20 ok kendi þat mest Røgnvaldi jarli. Engi tilbúnað lét hann hafa um brúðferðina, svá sem mælt hafði verit um vetrinn, at hann skyldi gipta Ingigerði dóttur sína Óláfi digra, Nóregs konungi, ok fara þá um sumarit til landamæris. En er á leið, gerðisk mǫrgum mǫnnum forvitni á, hverja ætlan konungr myndi hafa, 25 eða hvárt hann myndi halda sáttmáli við Nóregs-konung, eða myndi hann rjúfa sáttina ok svá friðinn; margir váru um þetta hugsjúkir, en engi var svá djarfr, at þerði konung at spyrja máls um þetta; en margir kærðu þetta fyrir Ingigerði konungsdóttur ok báðu hana til at verða vísa, hvernug konungr myndi vilja. 30 Hon svarar: »ófús em ek til ræðu við konung, at tala um skipti þeira Óláfs digra, þvíat þar er hvárgi annars vin; hefir hann mér þá einu sinni illa svarat, er ek flutta mál Óláfs digra«. Ingigerði konungsdóttur fekk þetta mál áhyggju mikillar; var hon hugsjúk ok ókát, ok gerðisk henni forvitni mikil, hvat konungr myndi til 35 taka; grunaði hana þat meirr, at hann myndi eigi orð sín efna við Nóregs-konung, þvíat þat fanzk á, at í hvert sinni varð hann reiðr, er Óláfr digri var konungr kallaðr.



## K. 89. Frá veiði Svía-konungs.

Þat var einn dag snimma, at konungr reið út með hauka sína ok hunda ok með honum menn hans. En er þeir fleygðu haukunum, þá drap konungshaukr í einu renzli ii. orra; ok þegar 5 eptir þat rendi hann enn fram ok drap þá iii. orra; hundarnir hljópu undir ok tóku hvern fuglinn, er á jörð kom. Konungr hleypti eptir ok tók sjálfr veiði sína ok hælðisk mjök, segir svá: »langt mun yðr flestum til, áðr þér veiðið svá«. Þeir sonnuðu þat ok segja, at þeir ætluðu, at engi konungr myndi svá mikla 10 gæfu til bera um veiði sína. Reið þá konungr heim ok allir þeir; var hann þá allgláðr. Ingigerðr konungsdóttir gekk út ór herberginu; en er hon sá, at konungr reið í garðinn, snørisk hon þannug ok heilsaði honum. Hann fagnaði henni hlējandi ok bar þegar fram foglana ok segir frá veiði sinni ok mælti: »hvar 15 veiztu þann konung, er svá mikla veiði hafi fengit á svá lítilli stundu?«. Hon svarar: »góð morginveiðr er þetta, herra, er þér hafið veitt v. orra; en meira er þat, er Óláfr, Nóregs konungr, tók á einum morni v. konunga ok eignaðisk alt ríki þeira«. Ok er hann heyrði þetta, þá hljóp hann af hestinum ok snørisk við 20 ok mælti: »vittu þat, Ingigerðr, at svá mikla ást sem þú hefir lagt við þann inn digra mann, þá skaltu þess aldrigi njóta, ok hvárki ykkat annars; skal ek þik gipta nokkurum þeim hofðingja, er mér sé eigandi vináttu við; en ek má aldrigi vera vinr þess mannz, er ríki mitt hefir tekit at herfangi ok gørt mér skaða 25 margan í ránum ok manndrápum«. Skilðu þau svá sína ræðu, ok gekk leið sína hvárt þeira.

## K. 90. Frá Óláfi Nóregs-konungi.

Ingigerðr konungsdóttir var nú vís orðin ins sanna um ætlan Óláfs konungs ok gerði þegar menn ofan í Vestra-Gautland 30 til Rognvaldz jarls ok lét segja honum, hvat þá var títt með Svía-konungi ok brugðit var öllu sáttmáli við Nóregs-konung, ok það jarl við varask ok aðra Vestr-Gauta, at þeim myndi þá ósýnn friðr af Nóregs-mönnum. En er jarl spurði þessi tíðendi, sendir hann boð um alt sitt ríki ok það þá við varask, ef Nóregs-menn 35 vildi herja á þá. Jarl gerði ok sendimenn til Óláfs konungs digra ok lét segja honum þau orð, er hann hafði spurt, ok svá þat, at hann vill halda sætt ok vináttu við Ólaf konung, ok beiddi þess með, at konungr skyldi eigi herja á ríki hans. En er þessi orð-

sendiug kom til Óláfs konungs, varð hann reiðr mjök ok hugsjúkr, ok var þat nokkura daga, er engi maðr fekk orð af honum. Eptir þat átti hann húsping við lið sitt; þá stóð fyrst upp Björn stallari, hóf þar fyrst mál sitt, er hann hafði farit áðr um vetrinn austr til friðgørðar, ok segir, hversu Rognvaldr 5 jarl hafði honum vel fagnat; hann segir ok, hversu þverliga ok þungliga Svía-konungr hafði tekit í fyrstu þeim málum — »en sú sætt, er gør var, segir hann, var meirr af styrk fjölmennis ok ríki Þorgnýs ok liðveizlu Rognvaldz jarls, en af góðvilja Svía-konungs; ok þykkjumk vér fyrir þá sök vita, at konungr 10 mun því valda, er sættinni er brugðit, en þat mun ekki jarli at kenna; hann reyndum vér sannan vin Óláfs konungs. Nú vill konungr vita af höfðingjum ok af qðrum liðsmönnum, hver ráð hann skal upp taka, hvárt hann skal ganga upp á Gautland ok herja með þat lið, sem nú höfum vér, eða sýnisk yðr annat ráð 15 upp at taka?«. Hann talaði bæði langt ok snjalt. Eptir þat tölðu ríkismenn margir, ok kom þat mjök í einn stað niðr at lykðum, at allir lottu hernaðar ok mæltu svá: »þótt vér hafim lið mikit, þá er hér saman samnat ríkmenni ok gøfugmenni, en til herfara eru eigi verr fallnir ungir menn, þeir er gott þykkir 20 at afla sér fjár ok metnaðar. Er þat ok hátt ríkismanna, ef þeir skulu fara í bardaga eða orrostu, at þeir hafa með marga menn til forgöngu ok hlífðar sér, en eigi berjask opt verr þeir menn, er lítit eigu fé, heldr en þeir, er auðgir eru upp fœddir«. Ok af fortölum þeira var þat ráð konungs, at rjúfa leiðangrinn, 25 ok gaf þá hverjum leyfi heim at fara ok lýsti því, at annat sumar skyldi hann leiðangr úti hafa af öllu landi ok halda þá til móts við Svía-konung ok hefna þessa lausmælis; þat líkaði öllum vel. Fór þá Óláfr konungr norðr í Vikina ok settisk um haustit í Borg ok lét þangat draga öll fong, þau er hann þurpti til 30 vetrvistar, ok sat þar fjölmment um vetrinn.

## K. 91. Ferð Sigvats skáldz.

Menn mæltu allmisjafnt til Rognvaldz jarls; tölðu sumir, at hann væri sannr vinr Óláfs konungs, en sumum þótti ekki trúligt, ok kváðu hann ráða mundu því við Svía-konung, at hann 35 heldi orð sín ok sáttmál þeira Óláfs konungs digra. Sigvatr skáld var vinr mikill Rognvaldz jarls í orðum ok talaði opt um þat fyrir Óláfi konungi; hann bauð konungi at fara á fund Rognvaldz jarls ok njósna, hvers hann yrði varr frá Svía-kon-

ungi, ok freista, ef hann mætti nokkurri sætt við koma; konungi líkaði þat vel, þvíat honum þótti gott, fyrir trúnaðarmönnum sínum at tala optliga um Ingigerði konungsdóttur. Qundurðan vetr fór Sigvatr skáld ok þeir iii. saman ór Borg ok austr um 5 Markir ok svá til Gautlandz. En áðr þeir skilðusk, Óláfr konungr ok Sigvatr, þá kvað hann vísu:

62. Nú sitt heill (en) hallar 63. Nú eru mælt (en mála  
(hér finnumk meirr) þinnar meirr kunnum skil fleiri  
at, unz ek enn kóm vitja, orð, þaus oss of varða  
10 Áleifr konungr, mála; alls mest, konungr, flestra;  
skald biðr hins, at haldi goð láti þik gæta,  
hjalmdrífu viðr lífi geðharðr konungr, jarðar,  
— endisk leyfð — ok landi (víst hefki þann) þvít, þinnar,  
(lýkk vísu nú) þvísa. þú 'st til borinn (vilja).
- 15 Síðan fara þeir austr til Eiða ok fengu ilt far yfir ána, eikjukarfa  
nokkurn, ok kómusk nauðuliga yfir ána; Sigvatr kvað:  
64. Létk til Eiðs, þvít óðumk taki hlægiskip hauga  
aptrhvarf, dreginn karfa herr; sákat far verra;  
(vér stiltum svá) valtan létk til húms á hrúti  
20 vátr (til gloeps á báti); hætt; fórsk betr an vættak.  
Síðan fóru þeir um Eiðaskóg; Sigvatr kvað vísu:  
65. Vasa fýst, es rannk rastir hykka fót án flekkum  
reiðr of skóg frá Eiðum, (fell sár á il hvára),  
maðr of veit, at mættak hvast gengum þó þingat  
25 meinum, tolf ok eina; þann dag, konungs mönnum.  
Síðan fóru þeir um Gautland ok kómu at kveldi á þann bæ,  
er Hof heitir; þar var byrgð hurð, ok kómusk þeir eigi inn;  
hjónin segja, at þar var heilagt; braut hurfu þeir þaðan;  
Sigvatr kvað:  
30 66. Réðk til Hofs at hœfa; orð gatki fæst af fyrðum,  
hurð vas aprtr, en spurðumk (flogð baðk) en þau sögðu,  
(inn settak nef nenninn) hnekðumk heiðnir rekkar,  
niðrlútr fyrir útan; heilagt (við þau deila).  
Þá kom hann at oðrum garði; stóð þar húsfreyja í durum ok  
35 bað hann ekki þar inn koma, segir, at þau ætti álfablót; Sigvatr  
kvað:  
67. Gakkat inn, kvað ekkja, rýgr kvazk inni eiga  
armi drengr, in lengra; óþekk, sús mér hnekði,  
hræðumk ek við Óðins alfa-blót, sem ulfi  
40 (erum heiðnir vér) reiði; ótvín ór bæ sínum.

Annat kveld kom hann til iii. bóanda, ok nefndisk hverr þeira  
 Ólvir, ok ráku hann allir út; Sigvatr kvað:

68. Nú hafa hnekt, þeirs hnakka þó séumk hitt, at hlœðir  
 (heinflets) við, mér, settu hafskíðs myni síðan  
 (þeygi bella þollar) út hverr, es Ólvir heitir, 5  
 þrír samnafnar (tíri); alls mest, reka gesti.

Þá fóru þeir enn um kveldit ok hittu inn fjórða bóanda ok var  
 sá kallaðr beztr þegn þeira; út rak sá hann; Sigvatr kvað:

69. Fórk at finna þóru 70. Mista ek fyr austan  
 (fríðs vættak mér) síðan Eiðaskóg á leiðu 10  
 brjót, þanns bragar létu, ásta-bús, es ek æsta  
 blik, vildastan miklu; ókristinn hal vistar;  
 grefs leit við mér gætir ríks fanka son Saxa;  
 gerstr; þá 's illr enn versti saðr vas engr fyrir þaðra  
 (lítt reiðik þó lýða (út vask eitt kveld heitinn) 15  
 lqst) ef sjá 's enn bazti. inni (fjórur sinnur).

En er þeir kómu til Rognvaldz jarls, þá segir jarl, at þeir hefði  
 haft erfiða ferð; Sigvatr kvað:

71. Átt hafa sér, þeirs sóttu, 72. Drjúggenginn vas drengjum  
 sendimenn fyr hendi (ðrengr magnar lof þengils) 20  
 Sygna grams, með sagnir austr til jofra þrýstis  
 siklinga, fqr mikla; Eiðaskógr á leiðu;  
 spqrðumk fæst, en fyrða skyldit mér, áðr mildan  
 fong eru stór við gongur; minn dróttin komk finna,  
 vqrðr réð nýtr því 's norðan hlunns af hilmis runnum 25  
 Nóregs þinig fórum. hnekt dýrloga bekkjar.

Rognvaldr jarl gaf Sigvati gullhring. Ein kona mælti, at hann  
 hafði gengit til nokkurs með þau in svörtu augu; Sigvatr kvað:

73. Oss hafa augu þessi sjá hefr, mjoðnanna, manni  
 íslenzk, kona, vísat minn okunnar þinum 30  
 brattan stig at baugi fótr á fornar brautir  
 bjortum langt en svörtu; fulldrengila gengit.

En er Sigvatr kom heim til Óláfs konungs ok hann gekk inn  
 í hqllina, hann kvað ok sá á veggina:

74. Búa hilmis sal hjqlmum því á ungr konungr engi 35  
 hirðmenn, þeirs svan grenna (ygglaust es þat) dyggra  
 (hér kveðk) bens, ok brynjum, húsbúnaði at hrósa;  
 (beggja kost á veggjum); hqll es dýr með qlflu.

Síðan segir hann frá ferðum sínum ok kvað vísur þessar:

75. Hugstóra biðk heyra  
hressfoers jofurs (þessar)  
þolðak vás hvé (vísur)  
verðung (of fqr gerðak);  
5 En er hann talaði við konung, kvað hann:
76. Létk við yðr, es ítran,  
Aleifr, hugaz-mólum  
rétt, es ríkan hittak  
Rognvald, konungr, haldit;  
10 deildak mól ens milda,  
malma vqrðr, í gqrðum  
harða mqrq, né ek heyrða  
heiðmanns, tqlur greiðri.
77. Þik bað, sólar sökqvir,  
15 sínn halda vel, Rínar,  
hvern, es hingat árnar,  
húskarll nefi jarla;  
en hverr, 's austr vill sinna,  
(jafnvist es þat) Lista  
20 þengill, þinna drengja  
þar á hald und Rognvaldi.
78. Folk réð of sik, fylkir,  
flest, es ek kom vestan,  
ætt sem áðr of hvatti  
Eireks svika þeira;  
enn þvít jarla, frænða,  
eins, 's tókt af Sveini,  
yðr kveðk, jqrð, es, nqrðuð  
Ulfs bróður-lið stóðusk.
79. Sunr lét Ulfs meðal ykkar,  
Aleifr, tekit mólum,  
þétt fengum svqr, sátta  
(sakar leggið it) beggja;  
þér lét, þjófa rýrir,  
þær sem engar væri  
riptar reknar heiptir,  
Rognvaldr gefit, aldar.
- Sigvatr skáld kom til Rognvaldz jarls ok var þar í góðum fagnaði  
langa hrið. Þá spurði hann þat af ritsendingum Ingigerðar  
konungsdóttur, at til Óláfs Svía-konungs hqrðu komit sendimenn  
25 Jarisleifs konungs austan ór Hólmgarði, at biðja Ingigerðar,  
dóttur Óláfs Svía-konungs, til handa Jarisleifi, ok þat með, at  
Óláfr konungr tók þessu allvænt. Þá kom ok til hirðar Rogn-  
valdz jarls Ástriðr, dóttir Óláfs konungs; var þar þá gqr veizla  
mikil. Gerisk Sigvatr brátt málkunnigr konungsdóttur; kannað-  
30 isk hon við hann ok kynferði hans, þvítat Óttarr skáld, systurson  
Sigvats, hann hafði þar lengi verit í kærleikum með Óláfi Svía-  
konungi. Var þá mart talat; spurði Rognvaldr jarl, hvárt Óláfr  
Nóregs-konungr myndi fá vilja Ástriðar — »ok ef hann vill þat,  
segir hann, þá vætti ek þess, at um þetta ráð spyrir vér ekki  
35 Svía-konung eptir«. Slíkt sama mælti Ástriðr konungsdóttir.  
Eptir þat fóru þeir Sigvatr heim ok kómu lítlu fyrir jól til Borgar  
á fund Óláfs konungs. Brátt segir Sigvatr Óláfi konungi þau  
tíðendi, sem hann hafði spurt; var konungr fyrst allókatr, er  
Sigvatr segir honum bónorð Jarisleifs konungs; ok segir Óláfr  
40 konungr, at honum var illz eins ván at Svía-konungi — »nær

sem vér fám honum goldit með nokkurum minningum«. En er frá leið, spurði konungr Sigvat margra tíðenda austan af Gautlandi. Sigvatr segir honum mikit frá friðleik ok málsnild Ástríðar konungsdóttur, ok svá, at þat mæltu allir menn þar, at hon væri at engum hlut verr um sik en Ingigerðr, systir hennar. Konungi 5 felzk þat vel í eyru. Sagði Sigvatr honum allar ræður þær, er þau Ástríðr höfðu mælt sín í millum, ok fanzk konungi mart um þetta ok mælti þat: »eigi mun Svía-konungr þat hyggja, at ek myna þora at fá dóttur hans fyrir útan hans vilja«. En ekki var þetta mál borit fyrir fleiri menn. Óláfr konungr ok Sigvatr 10 skáld tóluðu opt um þetta mál. Konungr spurði Sigvat vandliga at, hvat hann kannaði af um Rognvald jarl — »hverr vinr hann er várr« segir hann. Sigvatr segir svá, at jarl væri inn mesti vinr Óláfs konungs. Sigvatr kvað þá:

80. Fast skalt, ríkr, við ríkan þann veitk, þinga kennir, 15  
 Rognvald, konungr, halda, þik baztan vin miklu  
 hann stendr þýðr af þinni á Austrvega eiga  
 þörf nótt ok dag, sóttum; alt með grœnu salti.

Eptir jólin fóru þeir Þórðr skotakollr, systurson Sigvats skáldz, ok annarr skósveinn Sigvats leyniliga frá hirðinni; þeir fóru 20 austr á Gautland; þeir höfðu farit áðr um haustit austr þangat með Sigvati. En er þeir kómu til hirðar jarls, þá báru þeir fram fyrir jarl jartegnir þær, er Óláfr konungr sjálfr hafði sent jarli af trúnaði. Þegar janskjótt býsk jarl til ferðar ok með honum Ástríðr konungsdóttir, ok höfðu nær c. manna, ok valit lið bæði 25 af hirðinni ok af ríkum bóndasonum, ok vandaðan sem mest allan búnað, bæði vápn ok klæði ok hesta; riðu síðan norðr til Nóregs til Sarpsborgar, kómu þar at kyndilmessu.

K. 92. Kvánfang Óláfs konungs.

Óláfr konungr hafði þar látit við búask; var þar allz konar 30 drykkir, er beztan mátti fá, ok öll önnur fong váru þar in beztu; hann hafði þá ok til sín stefnt ór heruðum mörgu stórmenni. En er jarl kom þar með sínu liði, þá fagnar konungr honum forkunnar vel, ok váru jarli fengin herbergi stór ok góð ok búin ítarliga ok þar með þjónostumenn ok þeir, er fyrir sá, at engan 35 hlut skyldi skorta, þann er veizlu mætti prýða. En er sú veizla hafði staðit nokkura daga, þá var konungr ok jarl ok konungsdóttir á málstefnu; en þat kom upp af tali þeira, at sú var ráðagørð, at Rognvaldr jarl fastnaði Ástríði, dóttur Óláfs Svía-

konungs, Óláfi Nóregs-konungi með þeirri heimanfylgju, sem áðr hafði skilit verit, at Ingigerðr, systir hennar, skyldi hafa heiman haft. Konungr skyldi ok veita Ástríði þvílíka tilgjöf, sem hann skyldi hafa veitt Ingigerði, systur hennar. Var þá sú veizla aukin, ok 5 var þá drukkit brullaup Óláfs konungs ok Ástríðar drótningar með mikilli vegsemð. Eptir þat fór Rognvaldr jarl aptr til Gautlandz, ok at skilnaði veitti konungr jarli góðar gjafir ok stórar, ok skilðusk inir kærstu vinir ok heldu því, meðan þeir lifðu báðir.

10 K. 93. Brugðit sætt við Nóregs-konung.

Eptir um várit kómu til Svíþjóðar sendimenn Jarisleifs konungs austan ór Hólmgarði ok fóru at vitja mála þeira, er Óláfr konungr hafði áðr um sumarit heitit at gipta Ingigerði, dóttur sína, Jarisleifi konungi. Óláfr konungr ræddi þetta mál 15 við Ingigerði ok segir, at þetta var hans vili, at hon giptisk Jarisleifi konungi. Hon svarar: »ef ek skal giptask Jarisleifi konungi, þá vil ek, segir hon, í tilgjöf mína Aldeigjuborg ok jarlsríki þat, er þar liggir til«. En sendimenn inir gerzku játuðu þessu af hendi konungs síns. Þá mælti Ingigerðr: »ef ek skal 20 fara austr í Garðaríki, þá vil ek ok kjósa mann ór Svíaveldi, er mér þykkir bazt til fallinn at fara með mér; vil ek ok þat til skilja, at hann hafi austr þar eigi minni nafnbót en hér, ok í engan stað verra rétt eða minna, eða metorð, en hann hefir hér«. Þessu játaði konungr, ok slíkt it sama sendimenn; seldi konungr 25 trú sína ok svá sendimenn til þessa máls. Þá spurði konungr Ingigerði, hvern sá maðr er í hans ríki, er hon vill kjósa til fylgðar við sik. Hon svarar: »sá maðr er Rognvaldr jarl Úlfsson, frændi minn«. Konungr svarar: »annan veg hefi ek hugat at launa Rognvaldi jarli dróttinsvikin, þau er hann fór til Nóregs 30 með dóttur mína ok seldi hana þar til frillu þeim inum digra manni ok þeim, er hann vissi várn óvin mestan, ok skal hann fyrir þá sök þetta sumar uppi hanga«. Ingigerðr bað fýður sinn þá at halda trú sína, er hann hafði selt henni; ok kom svá af boen hennar, at konungr segir, at Rognvaldr skyldi fara í griðum 35 á brot ór Svíaveldi ok koma eigi í augsýn konungi ok eigi til Svíþjóðar, meðan Óláfr væri konungr. Ingigerðr sendi þá menn á fund jarls ok lét segja honum þessi tíðendi ok gerði honum stefnulag, hvar þau skyldu hittask. En jarl bjósk þegar til ferðar ok reið upp í Eystra-Gautland ok fekk sér þar skip ok helt þá

liði sínu til fundar við Ingigerði konungsdóttur. Fóru þau öll saman um sumarit austr í Garðaríki. Þá giptisk Ingigerðr Jarisleifi konungi. Váru þeira synir Valdamarr, Vissivaldr, Holti inn frækni. Ingigerðr drótning gaf Rognvaldi jarli Aldeigjuborg ok þess jarls ríki, er þar fylgði. Var Rognvaldr 5 jarl þar lengi ok var ágætr maðr. Sønir Rognvaldz jarls ok Ingibjargar váru þeir Ulfr jarl ok Eilífr jarl.

#### K. 94. Saga Emundar lögmannz.

Maðr er nefndr Emundr af Skörum; hann var þar lögmaðr í Gautlandi vestra ok var manna vitrastr ok orðsnjallastr; hann 10 var ættstórr ok frændmargr, stórauðigr; hann var kallaðr undirhyggjumaðr ok meðallagi trúr; hann var maðr ríkastr í Vestra-Gautlandi, þá er jarl var á brot farinn. Þat vár, er Rognvaldr jarl fór af Gautlandi, þá áttu Gautar þing sín í milli ok kærðu þeir meðal sín optliga, hvat Svía-konungr myndi til taka; þeir 15 spurðu þat, at hann var þeim reiðr fyrir þat, er þeir höfðu vingazk við Óláf, Nóregs konung, heldr en haldit deilu við hann. Hann bar ok sakir á þá menn, er fylgt höfðu Ástríði, dóttur hans, til Nóregs. Mæltu þat sumir, at þeir skyldu leita sér trausts til Nóregs-konungs ok bjóða honum sína þjónostu; sumir 20 löttu þess ok sögðu, at Vestrgautar höfðu eigi styrk til þess at halda deilu í móti Svíum — »en Nóregs-konungr verðr oss fjarri, segja þeir, þvíat landzmegin hans er oss fjarri, ok er sá til fyrst, at gera menn til Sviakonungs ok freista, at vér komimk í sætt við hann. En ef þat fæsk eigi, þá er sá kostr, at leita sér 25 trausts til Nóregs-konungs«. Báðu þá bœndr Emund at fara þessa sendifgr; en hann kvað já við ok fór með xxx. manna ok kom fram í Eystra-Gautlandi; váru þar margir frændr hans ok vinir; fekk hann þar góðar viðrtekjur; hann átti þar tal við ina vitrustu menn um þetta vandmæli, ok kom þat alt ásamt með 30 þeim, ok þótti monnum þat siðlausu ok löglausu, er konungr gerði við þá. Fór þá Emundr upp í Svíþjóð ok átti þar tal við marga ríkismenn, ok kom þar alt í einn stað niðr. Hann helt þá fram ferð sinni til þess, er hann kom aptan dags til Upsala; tóku þeir sér þar gott herbergi ok váru þar um nóttina. Eptir um 35 daginn gekk Emundr á konungs fund, þá er konungr sat á stefnu ok fjölment um hann. Emundr gekk fyrir hann ok hneig honum ok kvaddi hann. Konungr sá í móti honum ok heilsaði honum ok spurði hann at tíðendum. Emundr svarar: »smá ein tíðendi eru



með oss Gautum; en þat þykkir oss nýnæmi, er Atti inn dælski á Vermalandi fór í vetr upp á markir með skíð sín ok boga; hann kǫllum vér mestan veiðimann. Hann hafði fengit á fjalli svá mikla grávǫru, at hann hafði fyllt skíðsleða sinn, svá sem mest gat hann flutt eptir sér. Þá snøri hann heim af mǫrkinni; hann sá einn íkorna í viðinum ok skaut at honum ok misti; þá varð hann reiðr ok lét lausan sleðann ok rendi eptir íkornanum; en íkorninn fór jafnan þar, sem þrǫngstr var skógrinn, en stundum í viðarrœtrnar, stundum í limar upp; þá siglði hann milli limanna í annat tré; en er Atti skaut at honum, þá fló æ fyrir ofan eða neðan; en aldri fór íkorni svá, at eigi sá Atti hann. Honum gerðisk svá mikit kapp á þessi veiði, at hann skreið þar eptir allan dag, en eigi at heldr gat hann veitt þann íkorna. En er myrkva tók, kastaði hann sér niðr á snæ, sem hann var vanr, ok lá þar um nóttina; veðr var drífanda. Eptir um daginn fór Atti at leita skíðsleða síns ok fann aldriǵi síðan ok fór heim við svá búit. Slík eru mín tíðendi herra«. Konungr segir: »lítill tíðendi, ef ekki er meira frá at segja«. Emundr svarar: »var enn fyrir skǫmmu þat er tíðendi má kalla, at Gauti Tófason fór með v. herskipum út eptir Gautelfi, en er hann lá í Ekreyjum, þá kómu þar Danir v. kaupskipum stórum. Þeir Gauti unnu skjótt iv. kaupskipin ok létu enga menn, en fengu óf fjár, en it v. skip komsk á haf undan, ok kómu þeir segli við. Gauti fór eptir þeim einskipa, dró fyrst eptir þeim; þá tók veðrit at vaxa, gekk þá meira kaupskipit, sóttisk þá hafit; vildi þá Gauti aptr snúa; þá gerði storm veðrs; braut hann skipit við Hlésey, týndisk fé alt ok meiri hlutr manna, en hans fǫrunautar skyldu bíða í Ekreyjum. Þá kómu at þeim Danir xv. kaupskipum ok drápu þá alla, en tóku alt fé, þat er þeir höfðu áðr fengit; svá gafsk þeim ágirnin«. Konungr svarar: »þetta eru mikil tíðendi ok frásǫguglig; en hvert er þitt ørendi hingat?«. Emundr svarar: »ek fer, herra, at leita órlausnar um vandmæli þau, er lǫg vár greinir ok Upsala-lǫg«. Konungr spyr: »hvat er þat, er þú vilt kæra?«. Emundr segir: »þar váru tveir menn øðli bornir, jafnir at ætt, en ójafnir at eignum ok skaplyndi; þeir deildu um jarðir ok gerði hvárr ǫðrum skaða ok sá meira, er ríkari var, áðr en þeira deila var niðr sett ok dæmt um á allzherjarþingi. Hlaut sá at gjalda, er ríkari var áðr; en at fyrsta sali galt hann gagl fyrir gás, grís fyrir gamalt svín; en fyrir mǫrk gullz brendz reiddi hann hálfu mǫrk gullz, en aðra hálfu mǫrk af leiri ok móðu, ok enn umfram hét hann

hinum afarkostum, er þetta fé tók í sína skuld. Hvat dæmið þér hér um, herra?« Konungr segir: »gjaldi fullum gjöldum þat, er dæmt var, en konungi sínum þrjú slík. En ef þat er eigi goldit fyrir jamlengð, þá fari hann útlagr af allri eigu sinni, falli fé hans hálf til konungsgarð, en hálf til þess, er hann átti sök at 5 bæta«. Emundr skírskotaði þessum órskurði undir þá menn alla, er þar váru ríkastir, ok skaut til þeira laga, er gengu á Upsalaþingi. Eptir þat heilsaði hann á konung ok gekk út síðan. En þá hófu aðrir menn sínar kærslur fyrir konungi. En er konungr kom til borðs, þá spurði hann, hvar Emundr lögmaðr væri; 10 honum var sagt, at hann var heima í herbergi. Þá mælti konungr: »gangi eptir honum, hann skal vera í boði mínu í dag«. Því næst kómu inn sendingar, ok þar eptir fóru inn leikarar með hǫrpur ok gígjur ok sǫngtól, ok þar næst skenkingar. Var konungr allkáttr ok hafði marga ríka menn í boði sínu, ok gáði 15 þá ekki Emundar. Drakk konungr þann dag allan ok svaf eptir um nóttina. En at morni, er konungr vaknaði, þá hugsaði hann, hvat Emundr hafði talat um daginn. En er hann var klæddr, lét hann kalla til sín spekinga sína. Óláfr konungr hafði með sér xii. ina spökustu menn, þeir sátu yfir dómum með honum ok réðu 20 um vǫndamál; en þat var eigi vandalaust, þvíat konungi líkaði illa, ef dómum var hallat frá réttu, en eigi hlýddi at mæla á móti honum. Á þeiri málstefnu tók konungrinn til orða ok bað þangat kalla Emund lögmann. En er sendimaðr kom aptr: »herra, segir hann, Emundr lögmaðr reið í brot gær dags, þegar er hann hafði 25 snætt«. Þá mælti konungr: »segið þat, góðir hǫfðingjar, hvat vissi sú lagafrétt, er Emundr spurði í gær?«. Þeir svǫruðu: »herra, þér munuð þat hugsat hafa, ef þat kom til annars en hann mælti«. Konungrinn mælti: »þeir ii. øðli bornir menn, er hann sagði þá frá er ósáttir hǫfðu verit ok þó annarr ríkari ok gerði 30 hvárr ǫðrum skaða, þar sagði hann frá okr Óláfi digra«. »Svá er, herra, sǫgðu þeir, sem þér segid«. Konungr segir: »dómr var á váru máli á Upsalaþingi. En hvar kom þat til, er hann sagði frá, at vangoldit var, er gagl var fyrir gás, en gríss fyrir gamalt svín, en leir hálf fyrir gull?«. Arnviðr blindi svarar: »herra, 35 segir hann, þat er ólíkast, segir hann, rautt gull ok leir, en meira skilr konung ok þræl. Þér hétuð Óláfi digra dóttur yðvarri, Ingigerði, er hon konungborin í allar álfur, af Upsvía ætt, er tignust er á Norðrlǫndum, þvíat sú ætt er komin frá goðunum sjálfum; en nú hefir Óláfr konungr fengit Ástríðar, en þó at hon 40

sé konungs barn, þá er ambótt móðir hennar, ok þó vindversk. Mikill munr er þeira konunga, er annarr þiggr slíkt með þökk, ok er þat með ván, at ekki megi jafnask einn Norðmaðr við Upsala-konung. Gjöldum þar allir þökk fyrir, at þat haldisk, 5 þvíat goðin hafa lengi haft rækð mikla á ástmönnum sínum, þótt nú óræki margir þann átrúnað«. Þeir váru bræðr iii, Arnviðr blindi — hann var sýndr svá lítt, at varla var hann herfærr, ok manna snjallastr; annarr var Þorviðr stami—hann fekk eigi mælt ii. orðum lengra samt; hann var þar maðr djarfastr ok einarðastr; 10 þriði hét Freyviðr daufi — hann heyrði illa. Þeir bræðr allir váru menn ríkir ok auðgir, kynstórir ok forvitra ok allir kærir konungi. Þá mælti Óláfr konungr: »hvat veit þat, er Emundr sagði frá Atta doelska?«. Þá svarar engi, ok sá hverr til annars. Konungr mælti: »segið nú«. Þá mælti Þorviðr stami: »Atti ats- 15 samr, ágjarn, illgjarn; doelskr, fólskr«. Þá mælti konungr: »hverr á þessa sneið?«. Þá svarar Freyviðr daufi: »herra, mæla munu menn berara, ef þat skal vera í yðru orlofi«. Konungr mælti: »tala nú, Freyviðr, í orlofi þat, er þú vill mæla«. Freyviðr tók þá til máls: »Þorviðr bróðir minn, er vár er vitrastr kallaðr, 20 kallar þann allan einn Atta ok atssaman; doelskan ok fólscan, þann kallar hann svá, er leiðr er friðrinn, svá at hann keppisk til smára hluta ok fær þó eigi, en lætr fyrir þá sök farsælliga hluti stóra. Nú em ek svá daufr, en svá hafa nú margir mælt, at ek hefi mátt skilja, at mönnum líkar illa, bæði ríkum ok alþýðu, 25 þat er þér, herra, haldið eigi orð yður við Nóregs-konung; en hitt enn verr, er þér rjúfið dóm allz-herjar, þann er gorr var á Upsala-þingi. Eigi þurfi þér at hræðask Nóregs-konung eða Dana-konung ok engan annan, meðan Svía-herr vill fylgja yðr; en ef landzfólkit snýsk á hendr yðr með einu samþykki, þá sjám 30 vér, vinir yðrir, eigi ráð til, þau er víst er at duga myni«. Konungr spyrr: »hverir gerask höfuðsmenn at því, at ráða land undan mér?« Freyviðr svarar: »allir Svíar vilja hafa forn lög ok fullan rétt sinn. Lítið á hitt, herra, hversu margir höfðingjar yðrir sitja hér nú yfir ráðagørðinni með yðr. Ek ætla hitt satt 35 at segja, at vér sém hér vi., er þér kallið ráðgjafa yðra, en allir aðrir hygg ek at á brot sé riðnir ok farnir í herað, ok eigu þar þing við landzfólkit, ok yðr satt at segja, þá er heror upp skorin ok send um land alt, ok stefnt refsþing. Allir vér bræðr höfum verit til beðnir at eiga hlut í þessi ráðagørð, en engi várr vill 40 eíga þat nafn, at heita dróttinsviki, þvíat eigi var svá várr

faðir«. Konungr tók þá til máls: »hvert órráð skulu vér nú hafa?; vandi mikill er nú til handa borinn; gefið nú ráð til, góðir höfðingjar, at ek fá haldit konungdóminum ok fǫðurarfi mínum, en ekki vil ek deila kappi við allan Svía-her«. Arnviðr blindi svarar: »herra, þat sýnisk mér ráð, at þér riðið ofan í 5 Arós með þat lið, er yðr vill fylgja, ok takið þar skip yður, ok farið svá út í Löginn, stefnið þá til yðar fólkinu, farið nú ekki með stirðlæti, bjóðið mǫnnum lög ok landzrétt, drepíð niðr herǫrinni; mun hon enn ekki víða hafa farit yfir landit, þvíat stund hefir skǫmm verit; sendið menn yðra, þá er þér trúið, til 10 fundar við þá menn, er þetta ráð hafa með höndum, ok freista ef þessi kurr mætti niðr setjask«. Konungr segir, at hann vill þetta ráð þekkjask — »vil ek, segir hann, at þér brœðr farið þessa ferð, þvíat ek trúi yðr bezt af mínum mǫnnum«. Þá mælti Þorviðr stami: »ek mun eptir vera, en Jákob fari; þess þarf«. 15 Þá mælti Freyviðr: »gerum svá, herra, sem Þorviðr mælir; hann vill eigi við yðr skiljask í þessum háska; en vit Arnviðr munum fara«. Þessi ráðagørð varð framgeng, at Óláfr konungr fór til skipa sinna, helt út í Löginn, ok jók honum þá brátt fjölmenni. En Freyviðr ok Arnviðr riðu út á Ullarakr ok höfðu með sér 20 Jákob konungsson ok drápu þó dul um hans ferð. Þeir urðu brátt varir við, at þar var fyrir samnaðr ok herhlaup, er bændr áttu þing dag ok nótt. En er þeir Freyviðr hittu þar fyrir frændr sína ok vini, þá segja þeir þat, at þeir vili ráðask í flokkinn; en því taka allir feginsamliga. Var þá þegar ráðum 25 skotit til þeira brœðra, ok dregsk þar til fjölmennit, ok mæla þó allir eitt ok segja svá, at þeir skulu aldri lengr hafa Óláf konung yfir sér ok eigi vilja þeir honum þola ólög ok ofdramb þat, er hann vill enskis mannz máli hlýða, þótt stórhöfðingjar segi honum sannendi. En er Freyviðr fann ákafa lýðsins, þá sá 30 hann, í hvert óefni komit var; hann átti þá stefnur við landhöfðingja ok talaði fyrir þeim ok mælti svá: »svá lízk mér, ef þetta stórræði skal fram fara, at taka Óláf Erikksson af ríkinu, sem vér Upsviarnir mynim skulu vera fyrir; hefir hér svá jafnan verit, at þat er Upsvía-höfðingjar hafa staðfest sín í millum, þá 35 hafa þeim ráðum hlýtt aðrir landzmenn. Eigi þurftu várir feðr at þiggja ráð at Vestr-Gautum um sína landstjórn. Nú verðum vér eigi þeir ættlerar, at Emundr þurfi oss ráð at kenna, vil ek, at vér bindim saman ráð vár, frændr ok vinir«. Þessu játuðu allir, ok þótti vel mælt. Eptir þat snýsk allr fjöldi lýðsins til 40

þess sambandz, er Upsvía-höfðingjar tóku með sér; váru þeir þá höfðingjar fyrir liði Freyviðr ok Arnviðr. En er þat fann Emundr, þá grunaði hann, hvárt þetta ráð myndi framgengt verða. Fór hann þá til fundar við þá bræðr, ok áttu þeir tal 5 saman; spyrr þá Freyviðr Emund: »hverja ætlan hafið þér um þat, ef Óláfr Eiríksson er af lífi tekinn, hvern konung vilið þér hafa?«. Emundr segir: »þann, er oss þykkir best til fallinn, hvárt sem sá er af höfðingjaætt eða eigi«. Freyviðr svarar: »eigi viljum vér Upsvíarnir, at korungdómr gangi ór langfeðgaætt 10 inna fornu konunga á várum dögum meðan svá góð fong eru til, sem nú er. Óláfr konungr á ii. sonu, ok viljum vér annan hvárn þeira til konungs, ok er þó þeira mikill munr; annarr er øðli borinn ok scenskr at allri ætt, en annarr er ambáttar sonr ok vindverskr at hálfri ætt«. At þessum órskurð varð rómr 15 mikill, ok vija allir Jákob til konungs. Þá mælti Emundr: »þér Upsvíarnir hafið vald til at ráða þessu at sinni, en hitt segi ek yðr, sem eptir mun ganga, at þeir sumir, er nú vilja ekki annat heyra, en konungdómr í Svíþjóð gangi í langfeðgaætt, nú munu þeir sjálfir lifa ok játa, þá er konungdómr mun í aðrar ættir 20 koma, ok mun þat betr hlýða«. Eptir þat létu þeir bræðr, Freyviðr ok Arnviðr, leiða fram á þingit Jákob konungsson ok létu honum þar gefa konungsnafn, ok þar með gáfu Svíar honum Qnundar nafn, ok var hann svá síðan kallaðr, meðan hann lifði. Þá var hann x. vetra eða xii. Eptir þat tók Qnundr 25 konungr sér hirð ok valdi með sér höfðingja, ok höfðu þeir allir saman lið svá mikit, sem honum þótti þurfa; en hann gaf þá heimfararleyfi qllum bóndamúgnum. Eptir þat fóru sendimenn í milli konunganna, ok því næst kom svá, at þeir hittusk sjálfir ok gerðu sætt sína; skyldi Óláfr vera konungr yfir landi, 30 meðan hann lifði; hann skyldi ok halda frið ok sætt við Nóregskonung ok svá við þá menn alla, er í þeiri ráðagørð höfðu vafizk. Qnundr skyldi ok konungr vera ok hafa þat af landi, er semðisk með þeim feðgum, en vera skyldr til þess, at fylgja þá bóndum, ef Óláfr konungr gerir nokkura þá hluti, er bæendr vildi eigi 35 þola honum. Eptir þat fóru sendimenn til Nóregs á fund Óláfs konungs með þeim ørendum, at hann skyldi fara í stefnuleiðangr til Konungahellu í móti Svía-konungi, ok þat með, at Svía-konungr vill, at þeir tryggvi sættir sínar. En er Óláfr konungr heyrði þessa orðsending, þá var hann enn sem fyrr gjarn til 40 friðarins, ok ferr hann með liði sínu sem ákveðit var. Kom þar þá Svía-konungr; ok er þeir mágar hittusk, þá binda þeir sætt

milli sín ok frið. Var þá Óláfr Svía-konungr góðr viðmælis ok mjúklyndr. Svá segir Þorsteinn fróði, at byggð sú lá í Hising, er ýmist hafði fylgt til Nóregs eða Gautlandz. Þá mæltu þeir konungarnir sín í milli, at þeir skyldu hluta um eign þá ok kasta til tenningum; skyldi sá hafa, er stœrra kastaði. Þá kastaði Svía-konungr vi. tvau ok mælti, at Óláfr konungr þurpti þá eigi at kasta. Hann segir ok hristi tenningana í hendi sér: »enn eru vi. tvau á tenningunum, ok er guði drótni mínum enn litit fyrir at láta þat upp horfa«. Hann kastaði ok horfðu upp vi. tvau. Þá kastaði Óláfr Svía-konungr ok enn tvau vi. Þá kastaði Óláfr Nóregs-konungr, ok var vi á qðrum, en annarr hraut í sundr, ok váru þar á vii. Eignaðisk hann þá byggðina. Eigi hofum vér heyrt getit fleiri tíðenda á þeim fundi. Skilðusk konungar sáttir.

## K. 95. Frá Óláfi konungi.

15

Eptir þessi tíðendi, er nú var frá sagt, snœri Óláfr konungr liði sínu aptr í Víkina; fór þá fyrst til Túnsbergs ok dvaldisk þar lítla hríð ok fór norðr í land ok um haustit alt norðr í Þrándheim ok lét þar búa til vetrvistar ok sat þar um vetrinn. Þá var Óláfr einvaldzkonungr yfir öllu því ríki, er haft hafði Haraldr inn hárfagri, ok því framarr, at hann var einn konungr yfir landi. Hann hafði þá fengit með friði ok sætt þann hluta landz, er áðr hafði haft Óláfr Svía-konungr; en þann hluta landz, er Dana-konungr hafði haft, tók hann með valdi ok réð fyrir þeim hluta slíkt sem annars staðar í landi. Knútr Dana-konungr réð í þann tíma bæði fyrir Englandi ok Danmörk ok sat hann sjálfr lengstum á Englandi, en setti hofðingja til landzstjórnar í Danmörk, ok veitti hann ekki tilkall í Nóreg í þann tíma.

## K. 96. Jarlasaga.

Svá er sagt, at á dögum Haraldz ins hárfagra, Nóregs konungs, byggðusk Orkneyjar; en áðr var þar víkingabœli. Sigurðr hét inn fyrsti jarl í Orkneyjum; hann var sonr Eysteins glumru ok bróðir Rognvaldz Mœrajarls, en eptir Sigurð Guðpormr, sonr hans i. vetr. Eptir hann tók jarldóm Torf-Einarr, sonr Rognvaldz jarls, ok var lengi jarl ok ríkr maðr. Hálfðan hálegggr, sonr Haraldz hárfagra, fór á hendr Torf-Einari, ok rak hann á brot ór Orkneyjum. Einarr kom þá aptr ok drap Hálfðan í Rínansey. Eptir þat fór Haraldr konungr með her í Orkneyjar. Einarr flýði þá upp á Skotland. Haraldr konungr

lét Orkneyinga sverja sér öll óðul sín. Eptir þat sættusk þeir konungr ok jarl, ok gerðisk jarl hans maðr ok tók lönð í lén af konungi ok skyldi enga gjalda skatta af, þvíat þar var herskátt mjök. Jarl galt konungi ix. marka gullz. Þá herjaði Haraldr konungr á Skotland, svá sem getit er í Glymdrápu. Eptir Torf-Einar réðu fyrir lönðum synir hans Arnkell, Erlendr, Þorfinnr hausakljúfr. Á þeira dögum kom af Nóregi Eiríkr blóðøx, ok váru þá jarlar honum lýðskyldir. Arnkell ok Erlendr fellu í hernaði, en Þorfinnr réð lönðum ok varð gamall. Synir hans 10 váru Arnfiðr, Hávarðr, Hlǫðvir, Ljótr, Skúli; móðir þeira var Grélǫð, dóttir Dungaðar jarls af Katanesi; móðir hennar var Gróa, dóttir Þorsteins rauðs. Á dögum Þorfinnz jarls ofarlíga kómu af Nóregi synir Blóðøxar, þá er þeir hófðu flýit fyrir Hákonu jarli. Var þá í Orkneyjum mikill yfirgangr þeira. Þorfiðr 15 jarl varð sótt dauðr. Eptir hann réðu lönðum synir hans, ok eru miklar frásagnir frá þeim. Hlǫðvir lifði þeira lengst ok réð þá einn lönðum; sonr hans var Sigurðr digri, er jarldóm tók eptir hann; hann var ríkr ok hermaðr mikill. Á hans dögum fór Óláfr Tryggvason ór vestrvíking með liði sínu ok lagði til 20 Orkneyja ok tók hönðum Sigurð jarl í Rognvaldzey; hann lá þar fyrir einskipa. Óláfr konungr bauð þá fjorlausn jarli, at hann skyldi taka skírn ok trú rétta ok gerask hans maðr ok bjóða kristni um allar Orkneyjar. Óláfr konungr tók í gísling son hans, er hét Hundi eða Hvelpr. Þaðan fór Óláfr til Nóregs 25 ok varð þar konungr. Hundi var með Óláfi konungi nokkura vetr, ok andaðisk hann þar; en síðan veitti Sigurðr jarl enga lýðskyldu Óláfi konungi; hann gekk þá at eiga dóttur Melkólms Skota-konungs, ok var þeira son Þorfinnr; enn váru synir Sigurðar jarls inir ellri, Sumarliði, Brúsi, Einarr rangmuðr. 30 Fimm vetrum eða fjórum eptir fall Óláfs Tryggvasonar fór Sigurðr jarl til Írlandz, en hann setti sonu sína ina ellri at ráða lönðum. Þorfinn sendi hann til Skota-konungs, móðurföður síns. Í þeiri ferð fell Sigurðr jarl í Brjáns-orrostu. En er þat spurðisk til Orkneyja, þá váru þeir bræðr til jarla teknir, 35 Sumarliði, Brúsi, Einarr, ok skiptu lönðum í þriðjunga með sér. Þorfinnr Sigurðarson var þá v. vetra, er Sigurðr jarl fell. En er fall hans spurðisk til Skota-konungs, þá gaf konungr Þorfinni frænda sínum Katanes ok Suðrland ok jarlsnafn með ok fekk menn til at stýra ríkinu með honum. Þorfinnr jarl var þegar 40 í upvexti bráðgörr at öllum þroska; hann var mikill ok sterkr,

ljótr maðr; ok þegar er honum óx aldr, var þat auðsýnt, at hann var ágjarn maðr, harðr ok grimmr ok forvitri; þess getr Arnórr jalaskáld:

81. Gorr lézk grund at verja      eri Einars hlýra,  
geðfrœkn ok til sökja,      engr mannr und skýranni.      5

K. 97. Frá Einari jarli ok Brúsa jarli.

Þeir bræðr, Einarr ok Brúsi, váru ólíkir í skaplyndi; Brúsi var hógværr ok samsmaðr mikill, vitr ok málsnjallr ok vinsæll. Einarr var stirðlyndr, fálátr ok óþýðr, ágjarn ok fégjarn ok hermaðr mikill. Sumarliði var líkr Brúsa í skaplyndi, ok var hann elztr ok lifði skemst þeira bræðra; hann varð sótt dauðr. Eptir andlát hans talði Þorfiðr til síns hluta í Orkneyjum. Einarr svarar því, at Þorfinnr hefði Katanes ok Suðrland, þat ríki, er áðr hafði átt Sigurðr jarl, faðir þeira, ok talði hann þat miklu meira en þriðjung Orkneyja ok vildi hann eigi unna 10 Þorfinni skiptis, en Brúsi lét uppi skipti fyrir sína hõnd — »ok vil ek, segir hann, ekki ágirnask at hafa meira af lönðum en þann þriðjung, er ek á at frjálu«. Þá tók Einarr undir sik ii. hluti eyja; gerðisk hann þá ríkr maðr ok fjölmeðr, var opt á sumrum í hernaði ok hafði útboð mikil í landinu, en allmisjafnt 20 varð til fengjar í víkingunni. Þá tók bóndum at leiðask þat starf, en jarl helt fram með freku ǫllum álogum, ok lét engum manni hlýða í móti at mæla; Einarr jarl var inn mesti ofstopamaðr. Þá gerðisk í hans ríki hallæri af starfi ok fékostnaði þeim, er bændr höfðu, en í þeim hluta landz, er Brúsi hafði, 25 var ár mikit ok hóglífi bóndum; var hann vinsæll.

K. 98.

Maðr hét Ámundi, ríkr ok auðigr, hann bjó í Hrossey í Sandvík á Hlaupandanesi. Þorkell hét sonr hans, ok var hann allra manna gørviligastr í Orkneyjum. Ámundi var inn vitrasti 30 maðr ok einna manna mest virðr í eyjunum. Þat var eitt vár, at Einarr jarl hafði þá útboð enn, sem hann var vanr, en bændr kurrðu illa ok báru fyrir Ámunda ok báðu hann mæla þeim nokkura forstoð við jarl. Hann svarar: »jarl er óahlýðinn« — ok telur ekki stoða munu, at biðja jarl né einnar bœnar um 35 þetta — »er vinátta vár jarls ok góð at svá búnu; en mér þykkir við váða búit, ef vér verðum rangsáttir, við skaplyndi hvárratveggju; mun ek mér, segir Ámundi, engu af skipta«. Þá



ræddu þeir þetta við Þorkel; hann var trauðr til ok hét þó um síðir við áeggjan manna. Amunda þótti hann ofbrátt heitit hafa. En er jarl átti þing, þá mælti Þorkell af hendi bónda ok bað jarl vægja monnum um álogur ok talði upp nauðsyn manna, en jarl 5 svarar vel ok segir, at hann skyldi mikils virða orð Þorkels — »ek hafða nú ætlat vi. skip ór landi at hafa, en nú skal eigi meirr hafa en iii., en þú Þorkell, bið eigi optarr slíkrar bœnar«. Bœndr þokkuðu vel Þorkatli liðveizlu sína. Fór jarl í víking ok kom aþtr at hausti. En eptir um várit hafði jarl sǫmu boð, sem hann 10 var vanr, ok átti þing við bœndr. Þá talaði Þorkell enn ok bað jarl vægja bóndum. Jarl svarar þá reiðuliga ok segir, at hlutr bónda skyldi þá versna við hans umræðu; gerði hann sik þá svá reiðan ok óðan, at hann mælti, at þeir skyldu eigi annat vár báðir heilir á þinginu; ok sleit síðan því þingi. En er Amundi varð viss, 15 hvat þeir Þorkell ok jarl höfðu við mælzk, þá bað hann Þorkel á brot fara, ok fór hann yfir á Katanes til Þorfinnz jarls. Þorkell var þar lengi síðan ok elskaði at jarli, er hann var ungr, ok var hann síðan kallaðr Þorkell fóstri ok var hann ágætr maðr. Fleiri váru þeir ríkismenn, er flýðu ór Orkneyjum óðul sín fyrir ríki 20 Einars jarl; flýðu flestir yfir á Katanes til Þorfinnz jarls, en sumir flýðu ór Orkneyjum til Nóregs, en sumir til ýmissa landa. En er Þorfinnr jarl rosknaðisk, þá gerði hann boð til Einars jarls, bróður síns, ok beiddi af honum ríkis þess, er hann þóttisk eiga í Orkneyjum; en þat var þriðjungr eyja. Einarr tók því 25 óbrátt, at minka ríki sitt. En er Þorfinnr spurði þat, þá býr hann lið út af Katanesi ok ferr út í eyjar. En er Einarr jarl varð þess viss, samnar hann liði ok ætlar at verja lǫndin. Brúsi jarl samnar ok liði ok ferr til móts við þá ok berr sættarorð í milli þeira. Var þat at sætt með þeim, at Þorfinnr skyldi hafa þriðjung 30 landa í Orkneyjum, svá sem hann átti at réttu. En Brúsi ok Einarr lögðu saman sinn hluta, skyldi Einarr hafa einn forræði fyrir þeim; en ef misdauði þeira yrði, þá skyldi sá þeira lǫnd taka eptir annan, er lengr lifði. En sá máldagi þótti þá ekki jafnligr, þvíat Brúsi átti son, er Rǫgnvaldr hét, en Einarr var sonlauss. 35 Setti þá Þorfinnr jarl sína menn til at varðveita ríki þat, er hann átti í Orkneyjum, en hann var optast á Katanesi. Einarr jarl var optast á sumrum í hernaði um Írland ok Skotland ok Bretland. Þat var eitt sumar, er Einarr jarl herjaði á Írland, at hann bardisk í Úlfreksfirði við Konofogor Íra-konung, svá sem fyrr 40 var ritit, at Einarr jarl fekk þar ósigr mikinn ok mannlát. Annat

sumar eptir fór Eyvindr úrarhorn vestan af Írlandi ok ætlaði til Nóregs; en er veðr var hvast ok straumar ófærir, snýr Eyvindr þá til Ásmundarvágs ok lá þar nokkura hríð veðrfastr. En er þat spurði Einarr jarl, þá helt hann þangat liði miklu, tók þar Eyvind ok lét drepa, en gaf grið flestum mǫnnum hans, ok fóru þeir 5 austr til Nóregs um haustit ok kómu á fund Óláfs konungs ok sögðu honum frá aftöku Eyvindar. Konungr svarar fá um, ok fannk þat á, at honum þótti þat mannskaði mikill ok mjök gǫrt í þrá sér, ok um flest var hann fámæltr, þat er honum þótti sér í móti skapi. Þorfinnr jarl sendi Þorkel fóstura út í eyjar at heimta 10 saman skatta sína. Einarr jarl kendi Þorkatli mjök upreist þá, er Þorfinnr hafði haft tilkall út í eyjar. Fór Þorkell skyndiliga ór eyjunum ok yfir á Katanes. Hann segir Þorfinni jarli, at hann var þess viss orðinn, at Einarr jarl ætlaði honum dauða, ef eigi hefði frændr hans ok vinir honum njósn borit — »nú mun ek, 15 segir hann, þann eiga á baugi, at láta þann verða fund okkarn jarls, er um skipti með oss; en þann kost annan, at fara lengra á brot ok þannug, er ekki sé hans vald yfir«. Jarl fýsti þess, at Þorkell skyldi fara austr til Nóregs á fund Óláfs konungs — »mundu, segir hann, mikils metinn, hvar sem kœmr með tígnum 20 mǫnnum, en ek veit beggja ykkar skaplyndi, þitt ok jarls, at þit munuð skamma stund mundask til«. Þá bjósk Þorkell ok fór um haustit til Nóregs ok síðan á fund Óláfs konungs ok var þar um vetrinn með konungi í kærleikum miklum; hafði hann Þorkel mjök við mál sín; þótti honum, sem var, at Þorkell var vitr maðr, 25 skǫrungr mikill; fannk konungi þat í rœðum hans, at hann misjafnaði mjök frásögu um jarlana ok var vinr mikill Þorfinnz, en lagði þungt til Einars jarls. Ok snemmendis um várit sendir konungr skip vestr um haf á fund Þorfinnz jarls ok orðsending, at jarl skyldi koma austr á konungs fund; en jarl lagðisk eigi þá 30 ferð undir höfuð, þvíat vináttumál fylgði orðsending.

#### K. 99. Dráp Einars jarls.

Þorfinnr jarl fór austr til Nóregs ok kom á fund Óláfs konungs ok fekk þar góðar viðtökur ok dvalðisk þar lengi um sumarit. En er hann bjósk vestr, gaf Oláfr konungr honum 35 langskip mikit ok gott með ǫllum reiða. Þorkell fóstri rézk þá til ferðar með jarli, ok gaf jarl honum þat skip, er hann hafði vestan haft um sumarit. Skilðusk þeir konungr ok jarl með kærleikum miklum. Þorfinnr jarl kom um haustit til Orkneyja.

En er Einarr jarl spurði þat, þá hafði hann fjölment ok lá á skipum. Brúsi jarl fór þá til fundar við þá báða bræðr ok bar sætt milli þeira; kom enn svá, at þeir sættusk ok bundu þat eiðum. Þorkell fóstri skyldi vera í sætt ok vináttu við Einarr jarl, ok var þat mælt, at hvárr þeira skyldi veita öðrum veizlu, ok skyldi jarl fyrri sækja til Þorkels í Sandvík. En er jarl var þar á veizlu, þá var veitt it kappsamligsta; var jarl ekki kátr. Þar var mikill skáli ok dyrr á báðum endum. Þann dag er jarl skyldi á brot fara, þá skyldi Þorkell fara með honum til veizlu.

10 Þorkell sendi menn á njósn fram á leiðina, er þeir skyldu fara um daginn; en er njósnarmenn kómu aptr, þá segja þeir Þorkatli, at þeir fundu þrennar sátir ok vápnaða menn — »ok hyggjum vér, segja þeir, at svik myni vera«. En er Þorkell spurði þetta, þá frestaði hann búnaðinum ok heimti menn sína at sér.

15 hann búask ok segir, at mál var at ríða. Þorkell segir, at hann átti mart at annask; hann gekk stundum út, en stundum inn; eldar váru á gólfinu; þá gekk hann inn um aðrar dyrr ok eptir honum maðr, er nefndr er Hallvarðr; hann var íslenzkr maðr ok austfirzkr; hann lauk aptr hurðunni. Þorkell gekk innar milli eldzins ok þess, er jarl sat. Jarl spurði: »ertu eigi enn búinn?«. Þorkell svarar: »nú em ek búinn«. Þá hjó hann til jarls ok í höfuðit. Jarl steypðisk á gólfít. Þá mælti Íslendingr: »hér sá ek alla versta fangaráðs, er þér dragið eigi jarl af eldinum«. Hann keyrði til spórðu ok setti undir hnakkabein jarli ok kipði honum

25 upp at pallinum. Þorkell ok þeir báðir fõrunautar gengu út skyndiliga aðrar dyrr en þeir höfðu inn gengit; stóðu þar úti menn Þorkels með alvæpni. En jarls menn tóku til hans, ok var hann þá dauðr, en öllum fellusk hendr til hefndarinnar; var þat ok, at bráðum bar at, ok varði engan mann þessa verks af

30 Þorkatli, þvíat þeir hugðu allir, at svá myndi vera, sem áðr var mælt, at vinátta væri með jarli ok Þorkatli; váru menn ok flestir vápnlausir inni, en margir áðr vinir Þorkels góðir; bar þat til með auðnu þeiri, er Þorkatli var auðit lengra lífs. Þorkell hafði þá lið, er hann kom út, engu minna en jarlsmenn. Fór Þorkell

35 þá til skips síns, en jarlsmenn í brot. Þorkell siglði þann dag þegar í brot ok austr í haf, ok var þat eptir vetrnætr, ok kom hann með heilu til Nóregs ok fór þegar sem skyndiligast á fund Óláfs konungs ok fekk þar góðar viðtökur; lét konungr yfir verki þessu vel; var Þorkell með honum um vetrinn.

## K. 100. Sætt Óláfs konungs ok Brúsa jarls.

Eptir fall Einars jarls tók Brúsi jarl þann hlut landa, er áðr hafði haft Einarr jarl, þvíat þat var á margra manna vitorði, með hverjum skildaga þeir Einarr ok Brúsi bræðr höfðu félag sitt gort. En Þorfinni þótti þat réttast, at hálfar eyjar hefði 5 hvárr þeira; en þó hafði Brúsi þann vetr ii. hluti landa. Eptir um vórit kallaði Þorfinnr til þeira landa við Brúsa, at hann vildi hafa helming við Brúsa, en Brúsi galt eigi jákvæði til þess. Áttu þeir þing ok stefnur at þeim málum; gengu þá vinir þeira at semja þetta mál, ok kom svá, at Þorfinnr lét sér ekki líka 10 annat en hafa helming eyja ok segir þat með, at Brúsi þurfti eigi at hafa meirr en þriðjung, með því skaplyndi, sem hann hafði. Brúsi segir: »ek unða því, segir hann, at hafa þriðjung landa, þann er ek tók í arf eptir föður minn; kallaði ok engi til þess í hönd mér; en nú hefi ek tekit annan þriðjung í arf eptir 15 bróður minn at réttum máldögum. En þó at ek sé vanføerr til, at deila kappi við þik, bróðir, þá mun ek þó annars í leita, en játa undan mér ríkit at svá búnu«. Þeir skilðu svá málstefnu þessa. En er Brúsi sá, at hann myndi eigi hafa afla til at standa jafnfætis við Þorfinn, þvíat Þorfinnr hafði ríki miklu meira ok traust af 20 Skota-konungi, móðurföður sínum, þá réð Brúsi þat af, at fara ór landi austr á fund Óláfs konungs, ok hafði með sér Rognvald son sinn; var hann þá x. vetra gamall. En er jarl hitti konung, þá tók hann vel við honum. En er jarl bar upp ørendi sín ok segir konungi allan málavøxt, þann er var með þeim bræðrum, 25 ok bað konung veita sér styrk til at halda ríki sínu, bauð þar fram í mót fullkomna vináttu sína. Konungr segir ok tók þar fyrst til máls, er Haraldr inn hárfagri hafði eignazk óðul ǫll í Orkneyjum, er jarlar höfðu haft jafnan síðan lönd þau at léni, en aldriki at eign — »en þat til jartegna, segir hann, at þá er Eiríkr blóðøx ok synir hans váru í Orkneyjum, váru jarlar þeim 30 lýðskyldir; en er Óláfr Tryggvason, frændi minn, kom þar, þá gerðisk Sigurðr jarl, faðir þinn, hans maðr. Nú hefi ek tekit arf allan eptir Ólaf konung; vil ek gera þér þann kost, at þú gerisk minn maðr, mun ek þá fá eyjarnar þér í lén; skulu vit þá freista, ef ek veiti þér minn styrk, hvárt betr skal at haldi koma, eða 35 Þorfinni bróður þínum traust Skota-konungs. En ef þú vill eigi þenna kost, þá mun ek eptir leita þeim eignum ok óðulum, er várir frændr ok forellrar hafa átt vestr þannug«. Þessar ræður

hugfesti jarl fyrir sér ok bar fyrir vini sína, leitaði ráðs við þá, hverju hann skyldi játa, hvárt hann skyldi at þessu sættask við Óláf konung ok gerask hans maðr — »en hitt er mér ósýnna, hverr minn hluti verðr at skilnaði várum, ef ek kveð nei við, þvíat 5 konungr hefir bert gort þat tilkall, er hann hefir til Orkneyja; en við stórræði hans ok þat er vér erum hér komnir, þá mun honum lítit fyrir at gera þat af várum kosti, sem honum sýnisk«. En þó at jarli þœtti á hvárutveggju anmarkar, þá tók hann þann kost, at leggja alt á vald konungs, bæði sik ok ríki sitt. Tók þá 10 Óláfr konungr af jarli vald ok forráð yfir öllum erfðalöndum jarls; gerðisk jarl þá hans maðr ok batt þat swardögum.

#### K. 101. Sætt jarla ok Óláfs konungs.

Þorfinnr jarl spurði þat, at Brúsi, bróðir hans, var farinn austr á fund Óláfs konungs at sækja traust af honum. En fyrir 15 því, at Þorfinnr hafði verit fyrr á fund Óláfs konungs ok komit sér þar í vináttu, þá þóttisk hann þar eiga vel fyrir búit ok vissi, at þar mundu margir flutninga-menn um hans mál, en þó vætti hann, at fleiri mundu vera, ef hann kvæmi sjálfr til; gerir Þorfinnr jarl þat ráð, at hann bjósk sem skyndiligast ok fór austr 20 til Nóregis ok ætlaði at sem minztr skyldi verða misfari þeira Brúsa, ok ekki skyldi hans ørendi til loka komask, áðr en Þorfinnr hitti konung. En þat var annan veg en jarl hafði ætlat, þvíat þá er Þorfinnr jarl kom á fund Óláfs konungs, var lokit ok gort alt um sáttmál konungs ok Brúsa jarls. Vissi ok eigi Þorfinnr 25 jarl, at Brúsi hefði upp gefit sitt ríki, fyrr en hann var kominn til Óláfs konungs. Ok þegar er þeir hittusk, Þorfinnr jarl ok Óláfr konungr, þá hóf Óláfr konungr upp sama ákall til ríkis í Orkneyjum, sem hann hafði haft við Brúsa jarl, ok beiddi Þorfinn þess ins sama, at hann skyldi játa konungi þeim hluta 30 landa, er hann átti áðr. Jarl svarar vel orðum konungs ok stilliliga ok segir svá, at honum þótti miklu máli skipta um vingan konungs — »ok ef þér, herra, þykkizk þurfa liðveizlu mína í mót öðrum höfðingjum, þá hafið þér áðr fult til þess unnit, en mér er eigi hent at veita yðr handgöngu, þvíat ek em 35 áðr jarl Skota-konungs ok honum lýðskyldr«. En er konungr fann undandrátt í svörum jarls um þá málaleitan, er hann hafði áðr upp hafit, þá mælti konungr: »ef þú vill, jarl, ekki gerask minn maðr, þá er hinn kost, at ek setja þann mann yfir Orkneyjar, er ek vil; en ek vil, at þú veitir þá swardaga at kalla þá

ekki til landa þeira ok láta þá í friði vera af þér, er ek set yfir lönðin. En ef þú vill hvárngan þenna kost, þá mun svá þykkja þeim, er lönðum ræðr, sem ófriðar myni af þér ván vera; má þér þá eigi undarligt þykkja, þótt dalr mæti hóli«. Jarl svarar ok bað hann gefa sér frest at hugsa þetta mál. Konungr gerði 5 svá, gaf jarli stund at ráða um þetta kør við menn sína. Þá beiddi hann þess, at konungr skyldi ljá honum fresta til annars sumars, ok færi hann fyrst vestr um haf, þvíat heima var ráðuneyti hans, en hann var bernskumaðr fyrir aldrs sakir. Konungr bað hann þá kjósa. Þorkell fóstri var þá með Óláfi 10 konungi; hann sendi mann til Þorfinnz jarls leyniliga ok bað hann eigi þat fyrir ætlask, hvatki er honum var í hug, at skiljask svá at sinni við Ólaf konung, at þeir væri eigi sáttir, svá sem hann var þá kominn í hendr konungi. Af þvílíkum minningum þóttisk jarl sjá, at einbeygðr myndi kostur at láta 15 konung þá fyrir ráða; þótti hinn eigi kostligr, at eiga enga ván sjálfr til ættleifðar sinnar, en veita til þess svardaga, at þeir hefði í ró ríki þat, er þar váru ekki til bornir. En fyrir því at honum þótti ósýnt um brotferð sína, þá kaus hann þat af, at ganga til handa konungi ok gerask hans maðr, svá sem 20 Brúsi hafði gørt. Konungr fann þat, at Þorfinnr var miklu skapstærri en Brúsi ok kunni verr pynding þessi; trúði konungr Þorfinni verr en Brúsa; sá konungr þat, at Þorfinnr myndi þykkjask styrks eiga ván af Skota-konungi, þótt hann brygðisk í þessu sáttmáli; skilði konungr þat af vizku sinni, 25 at Brúsi gekk tregliga at öllu sáttmáli, en mælti þat eina um, er hann ætlaði sér at halda; en þar er Þorfinnr var, þá er hann hafði ráðit, hvern hann vildi upp taka, þá gekk hann glatt at öllum skildaga ok dró um þat engan hlut, sem hann veitti in fyrstu ákvæði; en þat grunaði konung, at jarl myndi gera eptir sumar 30 sættir.

#### K. 102. Brotferð Þorfinnz jarls.

Þá er Óláfr konungr hafði hugsat fyrir sér alt þetta mál, lét hann blása til fjölmennrar stefnu, lét þangat kalla jarla. Þá mælti konungr: »sáttmál vár Orkneyinga-jarla vil ek 35 nú birta fyrir alþýðu. Þeir hafa nú játat mínu eiginorði yfir Orkneyjum ok Hjaltlandi ok gøzrk báðir mínir menn ok bundit þat alt svardögum, ok vil ek nú gefa þeim þat í lén, Brúsa þriðjung landa, Þorfinni annan þriðjung,

svá sem þeir höfðu fyrr átt, en þann þriðjung, er átti Einarr rangmuðr, þann læt ek fallit hafa í minn garð fyrir þat er hann drap Eyvind úrarhorn, hirðmann minn ok félagsmann ok kæran vin; vil ek sjá fyrir þeim hluta landa þat er 5 mér sýnisk. Þat vil ek ok til skilja við ykk jarla mína, at ek vil, at þit takið sættir af Þorkatii Ámundasyni fyrir aftöku Einars, bróður ykkars; vil ek, at sá dómr sé undir mér, ef þit vilði því játat hafa«. En þat var sem annat, at jarlar játtu því öllu, er konungr mælti. Gekk þá Þorkell fram ok festi 10 konungsdóm á þessu máli, ok sleit svá þessu þingi. Óláfr konungr dæmði bætr fyrir Einar jarl, slíkar sem fyrir iii. lenda menn; en fyrir sakir skyldi niðr falla þriðjungr gjalda. Þorfinnr jarl bað þá konung sér brautfararleyfis; en þegar er þat feksk, bjósk jarl sem skyndiligast. En er hann var albúinn, var þat 15 einn dag, er jarl drakk á skipi, at þar kom fyrir hann Þorkell Ámundason váveifliga ok lagði höfuð sitt í kné jarli ok bað hann þá gera af slíkt, er hann vildi. Jarl spurði, fyrir hví hann færi svá — »vér erum áðr menn sáttir at konungsdómi, ok statt þú upp, Þorkell«. Hann gerði svá. Þorkell mælti: »sætt 20 þeiri, er konungr gerði, mun ek hlíta um mál vár Brúsa, en þat er til þín kemr af, skaltu einn ráða; þótt konungr hafi mér skilít eignir eða landzvist í Orkneyjum, þá kann ek skaplyndi þitt, at mér er ófært í eyjar, nema ek fara í trúnaði yðrum, jarl; vil ek þat, segir hann, festa yðr, at koma aldri í Orkneyjar, 25 hvat sem konungr mælir um þat«. Jarl þagnaði ok tók seint til máls, hann mælti: »viltu heldr, Þorkell, at ek dæma um okkur mál, heldr en hlíta konungsdómi, þá mun ek hafa þat uphaf at sætt okkarri, at þú skalt með mér fara í Orkneyjar ok vera með mér ok skiljask eigi við mik, nema mitt lof eða leyfi 30 sé til; vera skyldr at verja land mitt ok allra verka þeira, er ek vil gera láta, meðan vit erum báðir á lífi«. Þorkell segir: »þat skal á yðru valdi, jarl, sem alt annat, þat er ek má ráða«. Gekk þá Þorkell til ok festi jarli þetta alt, sem hann kvað á. Jarl segir, at um féggjöld myndi hann síðarr á kveða; en hann 35 tók þá svardaga af Þorkatli. Snørisk Þorkell þá þegar til ferðar með jarli; fór jarl þegar á brot, er hann var búinn, ok sásk þeir Óláfr konungr aldregi síðan. Brúsi jarl dvalðisk þar eptir ok bjósk meirr í tómi; en áðr hann færi í brot, þá átti Óláfr konungr stefnur við hann ok mælti svá: »þat lízk mér, jarl, 40 at ek myna hafa þik at trúnaðarmanni þar fyrir vestan hafit;

ætla ek svá, at þú skylir hafa ii. hluti landa til forráða, þá sem þú hefir áðr haft; vil ek, at þú sér eigi minni maðr eða óríkari, er þú ert mér handgenginn, en áðr vartu. En ek vil festa trúnað þinn með því, at ek vil, at hér sé eptir með mér Rognvaldr, sonr þinn. Sé ek þá, er þú hefir mitt traust ok ii. 5 hluti landa, at þú mátt vel halda þínu at réttu fyrir Þorfinni, bróður þínum«. Brúsi tók þat með þökkum at hafa ii. hluti landa. Dvalðisk Brúsi síðan lítla hríð, áðr hann fór í brot, ok kom um haustit vestr til Orkneyja. Rognvaldr, sonr Brúsa, var austr eptir með Óláfi konungi; hann var allra mann fríðastr, hárit 10 mikit ok gult sem silki, hann var snimma mikill ok sterkr, manna var hann gørviligastr bæði fyrir vits sakir ok kurteisi; hann var lengi síðan með Óláfi konungi. Þessa getr Óttarr svarti í drápu þeiri, er hann orti um Ólaf konung:

82. Gegn, eru þér at þegnum,	engi varð á jörðu	15
þjóðskjöldunga góðra	ógnbráðr, áðr þér nõðum,	
haldið hæft á veldi,	austr, sás eyjum vestan,	
Hjaltlendingar kendir;	ynglingr, und sik þryngvi.	

### K. 103. Frá Brúsa ok Þorfinni jarli.

Þá er þeir bræðr kómu vestr til Orkneyja, Þorfinnr ok 20 Brúsi, þá tók Brúsi ii. hluti landa til forráða, en Þorfinnr þriðjung; hann var jafnan á Katanesi ok á Skotlandi, en setti menn sína yfir eyjar. Hafði Brúsi þá einn landvörn fyrir eyjunum; en í þann tíma var þar herskátt, þvíat Norðmenn ok Danir herjuðu mjök í vestrsvíking ok kómu opt við Orkneyjar, 25 þá er þeir fóru vestr eða vestan, ok námu nesnám. Brúsi talði at því við Þorfinn, bróður sinn, er hann hafði engar útgørðir fyrir Orkneyjum eða Hjaltlandi, en hafði skatta ok skyldir alt at sínum hluta. Þá bauð Þorfinnr honum þann kost, at Brúsi skyldi hafa þriðjung landa en Þorfinnr ii. hluti ok hafa einn 30 landvörn fyrir beggja þeira hönd. En þó at þetta skipti yrði eigi þá bráðfengis, þá er þó þat sagt í Jarlasögnum, at þetta skipti færi fram, at Þorfinnr hefði ii. hluti, en Brúsi þriðjung, þá er Knútr inn ríki hafði lagt undir sik Nóreg, en Óláfr konungr var ór landi farinn. Þorfinnr jarl Sigurðarson hefir verit 35 gøfgastr jarl í Eyjum ok haft mest ríki Orkneyingajarla; hann eignaðisk Hjaltland ok Orkneyjar, Suðreyjar; hann hafði ok mikit ríki á Skotlandi ok Írlandi; á þat kvað Arnórr jarlaskáld:



83. Hringstríði varð hlýða (rétt segik þjóð, hverr þótti  
herra frá Pursaskerjum Þorfinnr) til Dyflinnar.

Þorfinnr var inn mesti hermaðr; hann tók jarldóm v. vetra  
gamall ok réð meirr en lx. vetra ok varð sótt dauðr á ofanverðum  
5 dögum Haraldz Sigurðarsonar, en Brúsi andaðisk á dögum  
Knúts ins ríka, lítlum eptir fall Óláfs konungs ins helga.

#### K. 104. Frá Háreki ór Þjóttu.

Nú ferr tvennum sögum fram, ok skal þar nú til taka,  
sem frá var horfit, er frá því var sagt, er Óláfr Haraldzson  
10 hafði frið gort við Ólaf Svía-konung, ok þat, at Óláfr konungr  
fór þat sumar norðr til Þrándheims. Hann hafði þá verit kon-  
ungur v. vetr. Þat haust bjó hann til vetrsetu í Niðarósi ok  
sat þar um vetrinn. Þann vetr var með Óláfi konungi Þorkell  
fóstri Amundason, sem fyrr var ritat. Óláfr konungr leiddi  
15 þá mjök atspurningum um kristnihald, hvert þá væri í landinu,  
ok spurðisk honum svá til, sem ekki væri kristnihaldit, þegar  
er norðr sótti á Hálogaland, en þó skorti mikit á, at vel væri  
um Naumudal ok inn um Þrándheim. Maðr er nefndr Hárekr,  
sonr Eyvindar skáldaspillis; hann bjó í ey þeiri, er Þjóttá heitir,  
20 þat er á Hálogalandi. Eyvinndr hafði maðr verit ekki stórauðigr,  
ættstórr ok skörungr mikill. Í Þjóttu bjoggu þá smáir böendr  
ok eigi allfáir. Hárekr keypti þar einn bæ fyrst ok eigi  
allmikinn ok fór þar búðum til; en á fám misserum hafði hann  
rutt í brot öllum bóndum, þeim er þar bjoggu áðr, svá at hann  
25 átti þá einn alla eyna ok gerði þar þá höfuðbæ mikinn. Hárekr  
varð brátt vellauðigr; hann var spekingr mikill at viti ok  
framkvæmdarmaðr. Hann hafði lengi haft af höfðingjum metnað  
mikinn; hann var í frændsemistölu við Nóregs-konunga; af þeim  
söllum hafði Hárekr haft mikil metorð af landzhöfðingjum.  
30 Gunnhildr, föðurmóðir Háreks, var dóttir Hálfðanar jarls ok  
Ingibjargar, dóttur Haraldz ins hárfagra. Hárekr var þá heldr  
á öfra aldri, þá er þetta er tíðenda. Hárekr var mestr virðinga-  
maðr á Hálogalandi; hann hafði þá langa hríð finnkaup ok  
konungssýslu á mörkinni; hafði hann stundum einn haft, en  
35 stundum höfðu aðrir suma með honum. Ekki hafði hann komit  
á fund Óláfs konungs, en þó höfðu farit orð ok sendimenn  
millum þeira, ok var þat alt vingjarnligt; ok þann vetr, er  
Óláfr konungr sat í Niðarósi, fóru enn menn milli þeira Háreks  
ór Þjóttu. Þá lýsti konungr yfir því, at um sumarit eptir ætlaði

hann sér at fara norðr á Hálogaland ok alt norðr til landzenda; en þeir Háleygirnir hugðu allmisjafnt til þeira ferðar.

## K. 105. Frá Háleygjum.

Óláfr konungr bjósok nú um várit með v. skipum ok hafði nær ccc. manna. En er hann var búinn, þá byrjar hann ferð 5 sína norðr með landi, ok er hann kom í Naumdælafylki, stefndi hann þing við bændr. Var hann þá til konungs tekinn á hverju þingi. Hann lét þá ok þar, sem annars staðar, lög þau upp lesa, sem hann bauð mǫnnum þar í landi kristni at halda, ok lagði við líf ok limar eða aleigusok hverjum manni, er eigi vildi 10 undir ganga kristin lög. Veitti konungr þar mǫrgum mǫnnum stórar refsingar ok lét þat ganga jamt yfir ríka sem óríka; skilðisk hann svá við í hverju heraði, at alt fólk játti, at halda helga trú. En flestir ríkismenn ok margir stórbændr gerðu veizlur í mót konungi; fór hann svá norðr alt á Hálogaland. 15 Hárekr í Þjóttu veitti konungi veizlu, ok var þar allmikil fjölmenni ok veizla in prýðiligsta. Gerðisk Hárekr þá lendr maðr; Óláfr konungr fekk honum þá veizlur, svá sem hann hafði haft af inum fyrrum landzhöfðingjum.

## K. 106. Frá Ásmundi Grankelssøni.

20

Maðr er nefndr Grankell eða Granketill, auðigr bóandi, ok var þá heldr við aldr. En þá er hann var á ungaaldri, hafði hann í víkingu verit ok þá hermaðr mikill; hann var atgørvi- 25 maðr mikill um flesta hluti, þá er ípróttum gegndi. Ásmundr hét sonr hans, ok var hann um alla hluti líkr feðr sínum eða nökkvi framarr. Þat var margra manna mál, at fyrir sakir fríðleiks, afls ok ípróttu at hann hafi verit inn iii. maðr bezt at sér búinn í Nóregi; en fyrst hafa til verit nefndir Hákon Aðalsteinsfóstri ok Óláfr Tryggvason. Grankell bauð Óláfi konungi til veizlu, ok var þar veizla allkappsamlig; leiddi Grankell 30 hann stórum vingjöfum í brot. Konungr bauð Ásmundi at fara með sér ok lagði til þess mǫrg orð, en Ásmundr þóttisk eigi kunna at drepa hendi við veg sínum, ok rézk hann til ferðar með konungi ok gerðisk síðan hans maðr ok kom í ina mestu kærleika við konung. Óláfr konungr dvalðisk mestan hluta 35 sumars á Hálogalandi ok fór í allar þinghár ok kristnaði þar allan lýð. Þá bjó í Bjarkey Þórir hundr, hann var ríkastr maðr norðr þar; hann gerðisk þá lendr maðr Oláfs konungs. Margir

ríkir bóndasynir réðusk þá til ferðar við Óláf konung. Þá er á leið sumarit, kom konungr norðan ok snøri þá inn eptir Prándheimi til Niðaróss ok sat þar eptir um vetrinn. Ok þann vetr kom Þorkell fóstri vestan ór Orkneyjum, þá er hann hafði 5 drepit Einar jarl rangmunn. Þat haust var í Prándheimi hallæri á korni, en áðr hafði lengi verit góð árferð, en hallæri var alt norðr í land, ok því meira, er norðarr var, en korn var gott austr í land ok svá um Uplönd, en þess naut við í Prándheimi, at menn áttu þar mikil forn korn.

10 K. 107. Frá blótum Þrœnda.

Þat haust váru sögð Óláfi konungi þau tíðendi innan ór Prándheimi, at böendr hefði þar haft veizlur fjölmennar at vetrnóttum; váru þar drykkjur miklar; var konungi svá sagt, at þar væri minni öll signuð Ásum at fornum sið; þat fylgði 15 ok þeiri sögn, at þar væri drepit naut ok hross ok roðnir stallar af blóði ok framit blót ok veittr sá formáli, at þat skyldi vera til árbótar; þat fylgði því, at öllum mönnum þótti þat auðsýnt, at goðin höfðu reizk því, er Háleygir höfðu horfit til kristni. En er konungr spurði þessi tíðendi, þá sendi hann menn inn í 20 Prándheim ok stefndi til sín bóndum þeim, er hann réð til nefna. Maðr er nefndr Ölvir á Eggju; hann var kendr við bæ þann, er hann bjó á; hann var ríkr maðr ok ættstórr; hann var höfuðsmaðr ferðar þessar af hendi bónda til konungs. Ok er þeir koma á konungs fund, þá bar konungr á hendr bóndum þessi 25 kenzl. En Ölvir svarar af hendi bónda ok segir, at þeir hefði engar veizlur haft þat haust, nema gildi sín eða hvirfingsdrykkjur, en sumir vinaboð — »en þat, segir hann, er yðr er sagt frá orðtökum várum Þrœndanna, þá er vér drekkum, þá kunnu allir vitrir menn at varask slíkar rœður, en eigi kann ek 30 at synja fyrir heimska menn ok plóða, hvat þeir mæla«. Ölvir var maðr málsnjallr ok máldjarfr, varði hann allar þessar rœður við böendr. En at lykðum segir konungr, at Innþrændir mundu sér sjálfir bera vitni — »hvernug þeir eru trúaðir«. Fengu böendr þá leyfi til heimfarar; fóru þeir ok, þegar er þeir váru 35 búnir.

K. 108. Frá blótum Innþrœnda.

Síðarr um vetrinn var konungi sagt, at Innþrændir höfðu fjölment á Mærini, ok váru þar blót stór at miðjum vetri;

blótuðu þeir þá til friðar ok vetrarfars góðs. En er konungr þóttisk sannfróðr um þetta, þá sendir konungr menn ok orðsending inn í Þrándheim ok stefndi bóndum út til bæjar; nefndi enn til menn þá, er honum þóttu vitrastir. Bændr áttu þá tal sitt ok ræddu sín í milli um orðsending þessa; váru þeir allir 5 ófúsastir til ferðarinnar, er áðr hófðu farit um vetrinn. En við böen allra bónda, þá réð Ólvir til ferðarinnar; en er hann kom út til bæjar, fór hann brátt á konungs fund, ok tóku þeir tal. Bar konungr þat á hendr bóndum, at þeir hefði haft miðsvetrarblót. Ólvir svarar ok segir, at bændr váru ósannir at þeiri sök 10 — »hofðum vér, segir hann, jólaboð ok víða í heruðum samdrykkjur; ætla bændr eigi svá hnept til jólaveizlu sér, at eigi verði stór afhlaup, ok drukku menn þat, herra, lengi síðan; er á Mærini mikill hófuðstaðr ok hús stór, en byggð mikil umhverfis; þykkir mönnum þar til gleði gott at drekka mörgum 15 saman«. Konungr svarar fá ok var heldr styggr, þóttisk vita annat sannara en þat, er þá var frá borit. Bað konungr bændr aptr fara — »en ek mun, segir hann, þó verða viss ins sanna, at þér dylid ok gangid eigi í mót; en hversu sem hér til hefir verit, þá gerið slíkt eigi optarr«. Fóru þá bændr heim ok sögðu 20 sína ferð ok þat, at konungr var heldr reiðr.

#### K. 109. Dráp Ólvis á Eggju.

Óláfr konungr hafði veizlu mikla um páska, ok hafði marga bæjarmenn í boði sínu ok svá bændr. En eptir páska lét konungr setja fram skip sin ok bera til reiða ok árar, lét þilja 25 skipin ok tjalda ok lét fljóta skipin svá búin við bryggjur. Óláfr konungr sendi menn eptir páska í Veradal. Maðr er nefndr Þóraldi, ármaðr konungs; hann varðveitti konungs bú at Haugi; en konungr sendi honum orð, at hann skyldi koma til hans sem skyndiligast. Þóraldi lagðisk þá fgr eigi undir hófuð ok fór þegar út til bæjar með sendimönnum. Konungr kallar hann á einmæli ok spurði eptir, hvat sannendi væri á því, — »er mér er sagt frá síðum Innþröenda, hvárt svá er, at þeir snúask til blóta; vil ek, segir konungr, at þú segir mér sem er ok þú veizt sannast; ert þú til þess skyldr, þvíat þú ert minn maðr«. Þóraldi 30 svarar: »herra, þat vil ek yðr fyrst segja, at ek flutta hingat til bæjar sonu mína íí. ok konu ok lausafé alt, þat er ek máttu með komask. En ef þú vill hafa þessa sögu af mér, þá skal þat vera á yðru valdi; en ef ek segi svá sem er, þá muntu sjá

fyrir mínu ráði«. Konungr segir: »seg þú satt frá því, er ek spyr þik; en ek skal sjá fyrir ráði þínu, svá at þik skal ekki saka«. »Pat er yðr satt at segja, konungr, ef ek skal segja, sem er, at inn um Þrándheim er nálíga alt fólk alheiðit í átrúnaði, 5 þótt sumir menn sé þar skírðir. En þat er siðr þeira, at hafa blót á haust ok fagna þá vetri, annat at miðjum vetri, en it iii. at sumri, þá fagna þeir sumri. Eru at þessu ráði Eynir ok Sparbyggvar, Verdæli, Skeynir. Xii. eru þeir, er fyrir beitask um blótveizlunnar, ok á nú Ólvir í vár at halda upp veizlunni; 10 er hann nú í starfi miklu á Mærini, ok þangat eru til flutt öll fong, þau er til þarf at hafa veizlunnar«. En er konungr varð ins sanna viss, þó lét hann blása saman liði sínu ok lét segja monnum, at til skipa skyldi ganga. Konungr nefndi menn til skipstjórnar ok svá sveitarhöfðingja, eða hvert hvergi sveit 15 skyldi til skips. Var þá búizk skjótt; hafði konungr v. skip ok ccc. manna ok helt inn eptir firði; var góðr byrr ok tölðu snekkjurnar ekki lengi fyrir vindi; en þessa varði engan mann, at konungr myndi svá skjótt koma inn þannug. Konungr kom um nóttina inn á Mærina; var þar þegar sleginn mannhringr 20 um hús. Þar var Ólvir höndum tekinn, ok lét konungr drepa hann ok mjök marga menn aðra; en konungr tók upp veizlu þá alla ok lét flytja til skipa sinna ok svá fé þat alt, bæði húsbúnað ok klæðnað ok gripi, er menn höfðu þangat flutt, ok skipta sem herfangi með monnum sínum. Konungr lét ok veita 25 heimferð at bóndum þeim, en honum þóttu mestan hluta hafa at átt þeim ráðum; váru sumir höndum teknir ok járnsettir, en sumir kómusk á hlaupi undan, en fyrir mörgum var féit upp tekit. Konungr stefndi þá þing við bæendr; en fyrir því, at hann hafði marga ríkismenn höndum tekit ok hafði þá í sínu valdi, 30 þá réðu þat af frændr þeira ok vinir at játa konungi hlýðni, ok varð engi upreist í móti konungi gorr í þat sinn. Snøri hann þar öllu fólki á rétta trú ok setti þar kennimenn ok lét gera kirkjur ok vígja. Konungr lagði Ólvi ógildan, en kastaði sinni eigu á fé þat alt, er hann hafði átt; en um þá menn aðra, er 35 honum þótti mest sakbitnir, lét hann suma drepa, suma hamla, en suma rak hann ór landi, en tók fé af sumum. Konungr fór þá aprt út til Niðaróss.

## K. 110. Frá Arnasonum.

Maðr er nefndr Ární Armóðsson; hann átti Þóru, dóttur Þorsteins gálga. Þau váru börn þeira: Kálfr, Finnur, Þorbergur, Amundi, Kolbjörn, Arnbjörn, Ární, Ragnhildr — hana átti Hárekr ór Þjóttu. Ární var lendr maðr, ríkr ok ágætr, vinr 5 mikill Óláfs konungs. Þá váru með Óláfi konungi synir hans, Kálfr ok Fiðr; váru þar í miklum metnaði. Kona sú, er átt hafði Qlvir á Eggju, var ung ok frið, ættstór ok auðig; þótti sá kostur ágætagóðr, en forráð hennar hafði þá konungur. Þau Qlvir áttu ii. sonu unga. Kálfr Arnason beiddisk þess af konungi, at hann gipti honum konu þá, er Qlvir hafði átt; ok fyrir vináttu sakir veitti konungur honum þat ok þar með eignir þær allar, er Qlvir hafði átt; gerði konungur hann þá lendan mann, fekk honum þá umboð sitt inn um Prándheim; gerðisk Kálfr þá hqfðingi mikill ok var maðr forvitri. 15

## K. 111. Ferð Ólafs konungs á Uplönd.

Þá hafði Óláfr konungur verit vii. vetr í Nóregi. Þat sumar kómu til hans jarlar af Orkneyjum, Þorfinnr ok Brúsi; eignaðisk Óláfr konungur lönd þau, svá sem fyrr var ritit. Þat sumar fór Óláfr konungur um Mœri hváratveggju ok í Raumsdal um haustit; 20 þar gekk hann af skipum sínum ok fór þá til Uplanda ok kom fram á Lesjar. Hann lét þar taka alla ina beztu menn bæði á Lesjum ok á Dofrum, ok urðu þeir at taka við kristni eða dauða þola eða undan at flýja, þeir sem því kómu við. En þeir er við kristni tóku, fengu konungi sonu sína í hendr í gíslingar til 25 trúnaðar. Konungur var þar um nóttina, sem Bœar heita á Lesjum, ok setti þar fyrir presta. Síðan fór hann yfir Lorodal ok svá um Ljárdal, ok kom niðr þar sem Stafabrekka heitir; en á sú renn eptir dalnum, er Ótta heitir, ok er byggð fagr tveim megin árinna ok er kqlluð Lóar, ok mátti konungur sjá eptir 30 endilangri byggðinni. »Skaði er þat, segir konungur, at brenna skal byggð svá fagra« — ok stefndi ofan í dalinn með liði sínu, ok váru á bæ þeim um nótt, er Nes heitir, ok tók konungur sér þar herbergi í lopti einu, þar sem hann svaf sjálfr í, ok þat stendr enn í dag ok er ekki at því gqrt síðan, — ok var konungur þar 35 nætr v. ok skar upp þingboð ok stefndi til sín bæði af Vágum ok af Lóm ok af Hedal ok lét þat boði fylgja, at þeir skulu annat tveggja halda bardaga við hann ok þola bruna af honum eða taka

við kristni ok fœra honum sonu sína í gísling. Síðan kómu þeir á konungsfund ok gengu til handa honum; sumir flýðu suðr í Dala.

K. 112. Saga Dala-Guðbrandz.

5 Dala-Guðbrandr hefir maðr heitit, er svá var sem konungr væri yfir Döllum ok var hersir at nafni; honum jafnaði Sigvatr skáld at ríki ok víðlendi við Erling Skjálgs-son; Sigvatr kvað um Erling;

84.	Einn vissak þér annan	ykr kveðk jafna þykkja,
10	Jalks bríktoppuð glíkan	ormláðs hati, báða;
	(vitt réð gumna gætir)	lýgr hinn at sér, lægir
	Guðbrandr hét sá (lönnum);	linnsetrs, es telsk betri.

Guðbrandr átti son einn, þann er hér sé getit. Þá er Guðbrandr frá þessi tíðendi, at Óláfr konungr var kominn á Lóar ok nauðgaði  
 15 mönnum at taka við kristni, þá skar hann upp herqr ok stefndi öllum Dælum til bæjar þess, er Hundþorp heitir, til fundar við sik; ok þar kómu þeir allir, ok var ørgrynni liðs, fyrir því at þar liggir vatn þat nær, sem Løgr heitir, ok mátti þar jafnvel fara til á skipum sem á landi, ok átti Guðbrandr þar þing við þá  
 20 ok segir, at sá maðr var kominn á Lóar — »er Óláfr heitir, ok vill bjóða oss trú aðra, en vér höfum áðr, ok brjóta goð vár öll í sundr, ok segir svá, at hann eigi miklu meira goð ok mátkara, ok er þat furða, er jorð brestr eigi í sundr undir honum, er hann þorir slíkt at mæla, eða goð vár láta hann lengr ganga; ok vætti  
 25 ek, ef vér berum út Þór ór hofi váru, er hann stendr á þeima bæ ok oss hefir jafnan dugat, ok sér hann Ólaf ok hans menn, þá mun guð hans bráðna ok sjálfr hann ok menn hans ok at engu verða«. Þá æpðu þeir upp allir senn ok mæltu, at Óláfr skyldi aldrigi þaðan komask, ef hann kvæmi á fund þeira — »ok eigi  
 30 mun hann þora lengra at fara suðr eptir Döllum« segja þeir. Síðan ætluðu þeir til dcc. manna at fara á njósn norðr til Breiðu; en fyrir því liði var höfðingi sonr Guðbrandz, xviii. vetra gamall, ok margir aðrir ágætir menn með honum, ok kómu til bæjar þess er Hof heitir, ok váru þar þrjár nætr, ok kom þar mart lið til þeira; þat er flýit hafði af Lesjum ok Lóm ok Vágum, þeir er  
 35 eigi vildu undir kristni ganga. En Óláfr konungr ok Sigurðr byskup settu eptir kennimenn á Lóm ok á Vága. Síðan fóru þeir yfir um Urgu-røst ok kómu niðr á Sil ok váru þar um nóttina ok frágu þau tíðendi, at lið var mikit fyrir þeim. Þat

frágu ok búendr, er á Breiðunni váru, ok bjoggusk til bardaga móti konungi. En þá er konungr stóð upp, þá herklæddisk hann ok fór suðr eptir Silvöllum ok létti eigi fyrr en á Breiðunni ok sá þar mikinn her fyrir sér, búinn til bardaga. Síðan fylkði konungr liði sínu ok reið sjálfr fyrir ok orti orða á böendr ok 5 bauð þeim at taka við kristni. Þeir svöruðu: »þú munt öðru við koma í dag en gabba oss« — ok æpðu heróp ok þörfu vápnum á skjöldu sína. Konungsmenn hljópu þá fram, skutu spjótum; en búendr snöru þá þegar á flótta, svá at fátt eitt stóð eptir. Var þá sonr Guðbrandz höndum tekinn, ok gaf Óláfr konungr honum 10 grið ok hafði með sér. Þar var konungr iii. nætr. Þá mælti konungr við son Guðbrandz: »far þú aptr til föður þíns ok seg honum, at brátt mun ek þar koma«. Síðan fór hann heim aptr ok segir feðr sínum hörd tíðendi, at þeir höfðu hitt konung ok hófu bardaga við hann — »en lið várt flýði alt í fyrstunni þegar, 15 en ek varð handtekinn, segir hann; gáf konungr mér grið ok bað mik fara at segja þér, at hann kóm hér brátt; nú höfum vér eigi meirr hér en cc. manna af því liði öllu, er vér höfðum þá til móts við hann; nú ræð ek þér þat, faðir, at berjask ekki við þenna mann«. »Heyra má þat, segir Guðbrandr, at ór þér er 20 barðr kjarkr allr; ok fórtu þá illu heilli heiman; ok mun þér sjá för lengi uppi vera, ok trúir þú nú þegar á órar þær, er sjá maðr ferr með ok þér hefir illa neisu görva ok þínu liði«. Ok um nóttina eptir dreymði Guðbrandr, at maðr kom til hans ljóss ok stóð af honum mikil ógn, ok mælti við hann: »sonr þinn fór 25 enga sigrför á mót Óláfi konungi, en miklu muntu hafa minni, ef þú ætlar at halda bardaga við konung, ok muntu falla sjálfr ok alt lið þitt, ok munu vargar draga þik ok alla yðr ok hrafnar slíta«. Hann varð hræddr mjök við ógn þessa ok segir Þórði ístrumaga, er höfðingi var fyrir Dælum. Hann segir: »slíkt it 30 sama bar fyrir mik« segir hann. Ok um morguninn létu þeir blása til þings ok sögðu, at þeim þótti þat ráð, at eiga þing við þann mann, er norðan fór með ný boðorð, ok vita með hverjum sannendum hann ferr. Síðan mælti Guðbrandr við son sinn: »þú skalt nú fara á fund konungs þess, er þér gaf grið, ok xii. 35 menn með þér« — ok svá var gört. Ok þeir kómu á fund konungs ok segja honum sitt ørendi, at böendr vildu hafa þing við hann ok setja grið í milli konungs ok bónda. Konungr lét sér þat vel þokkask, ok bundu þat við hann einkamálum sín í milli, meðan sú stefna væri; ok fóru þeir aptr við svá búit ok segja Guðbrandi 40



ok Þórði, at grið váru sett. Konungr fór þá til bæjar þess, er Liðsstaðir heita, ok var þar v. nætr. Þá fór konungr á fund búanda ok átti þing við þá; en væta var á mikil um daginn. Síðan er þingit var sett, þá stóð konungr upp ok segir, at Læsir  
 5 ok á Lóm, á Vága hafa tekit við kristni ok brotit niðr blóthús sín — »ok trúa nú á sannan guð, er skóp himin ok jörð ok alla hluti veit«. Síðan sez kónungr niðr, en Guðbrandr svarar: »eigi vitum vér, um hvern þú ræðir; kallar þú þann guð, er þú sér eigi ok engi annarra, en vér eigum þann guð, er hvern dag má  
 10 sjá, ok er því eigi úti í dag, at veðr er vát; ok mun yðr hann ógurligr sýnask ok mikill fyrir sér; vænti ek, at yðr skjóti skelk í bringu, ef hann kœmr á þingit. En með því at þú segir, at guð yðarr má svá mikit, þá láttu hann nú svá gera, at veðr sé skýjat í morgin, en regn ekki, ok finnumk hér þá«. Síðan fór  
 15 konungr heim til herbergis, ok fór með honum sonr Guðbrandz í gísling, en konungr fekk þeim annan mann í móti. Um kveldit þá spyr konungr son Guðbrandz, hvernug goð þeira væri gort. Hann segir, at hann var merkör eptir Þór — »ok hefir hann hamar í hendi, ok mikill vexti ok holr innan, ok gorr undir  
 20 honum sem hjallr sé, ok stendr hann þar á ofan, er hann er úti; eigi skortir hann gull ok silfr á sér; iii. hleifar brauðs eru honum færðir hvern dag ok þar við slátr«. Síðan fóru þeir í rekkjur, en konungr vakði þá nótt ok var á bœnum sínum. En er dagr var, fór konungr til messu ok síðan til matar ok þá til þings; en  
 25 veðrinu var svá farit, sem Guðbrandr hafði fyrir mælt. Þá stóð byskup upp í kantarakápu ok hafði mítr á höfði ok bagal í hendi ok talði trú fyrir bøndum ok segir margar jartegnir, er guð hafði gort, ok lauk vel rœðu sinni. Þá svarar Þórðr ístrumagi: »mart mælir hyrningr sjá, er staf hefir í hendi, ok uppi á sem  
 30 veðrarhorn sé bjúgt; en með því at þit félagar þallið guð yðarn svá margar jartegnir gera, þá mæl þú við hann, at á morgin fyrir sól láti hann vera heið ok sólskin, ok finnumk þá, ok gerum þá annat hvárt, at verum sáttir um þetta mál, eða höldum bardaga« — ok skilðusk þá at sinni. /

35 K. 113. Skírðr Dala-Guðbrandr.

Kolbeinn sterki hét maðr, er var með Óláfi konungi; hann var kynjaðr ór Fjörðum; hann hafði þann búnað jafnan, at hann var gyrðr sverði ok hafði ruddu mikla í hendi, er menn kalla klubbu. Konungr mælti við Kolbein, at hann skyldi vera næst  
 40 honum um morguninn. Síðan mælti hann við menn sína: »gangið

þér þannug í nótt, sem skip bónda eru, ok borið raufar á ǫllum, en ríðið í brot eykjum þeira af bæjum, þar sem þeir eru á« — ok svá var gǫrt. En konungr var þá nótt alla á bænum ok bað guð þess, at hann skyldi leysa þat vandræði með sinni mildi ok miskunn. En er konungr hafði lokit tíðum, ok var þat móti 5 degi, síðan fór hann til þings. En er hann kom á þing, þá váru sumir bændr komnir: þá sá þeir mikinn fjölda búanda fara til þings, ok báru í milli sín manlíkan mikit, glæst alt með gulli ok silfri. En er þat sá bændr, þeir er á þinginu váru, þá hljópu þeir allir upp ok lutu því skrímsli. Síðan var þat sett á miðjan 10 þingvǫll. Sátu ǫðrum megin búendr, en ǫðrum megin konungr ok hans lið. Síðan stóð upp Dala-Guðbrandr ok mælti: »hvar er nú guð þinn, konungr; þat ætla ek nú, at hann beri heldr lágt hǫkuskeggit; ok svá sýnisk mér, sem minna sé karp þitt nú ok þess hyrnings, er þér kallið byskup ok þar sitr í hjá þér, heldr 15 en fyrra dag; fyrir því at nú er guð várr kominn, er ǫllu ræðr, ok sér á yðr með hvössum augum, ok sé ek, at þér eruð nú felmsfullir ok þorið varla augum upp at sjá. Nú fellið niðr hindrvitni yðra ok trúið á goð várt, er alt hefir ráð yðart í hendi« — ok lauk sinni ræðu. Konungr mælti við Kolbein, svá at 20 bændr vissu ekki til: »ef svá berr at í ǫrendi mínu, at þeir sjá frá goði sínum, þá slá þú hann þat hǫgg, sem þú mátt mest, með ruddunni«. Síðan stóð konungr upp ok mælti: »mart hefir þú mælt í morgun til vár; lætr þú kynliga yfir því, er þú mátt eigi sjá guð várn; en vér vættum. at hann mun koma brátt til vár. 25 Þú ógnar oss guði þínu, er blint er ok dauft ok má hvárki bjarga sér né ǫðrum ok kǫmsk engan veg ór stað, nema borinn sé; ok vænti ek nú, at honum sé skamt til illz; ok lítið þér nú til ok séð í austr, þar ferr nú guð várr með ljósi miklu«. Þá rann upp sól, ok litu bændr allir til sólarinnar. En í því bili laust Kolbeinn 30 svá goð þeira, svá at þat brast alt í sundr, ok hljópu þar út mýss, svá stórar sem kettir væri, ok eðlur ok ormar. En bændr urðu svá hræddir, at þeir flýðu, sumir til skipa; en þá er þeir hrundu út skipum sínum, þá hljóp þar vatn í ok fylði upp, ok máttu eigi á koma; en þeir, er til eykja hljópu, þá fundu eigi. 35 Síðan lét konungr kalla búendr ok segir, at hann vill eiga tal við þá; ok hverfa búendr aptr ok settu þing, ok stóð konungr upp ok talaði: »eigi veit ek, segir hann, hví sætir hark þetta ok hlaup, er þér gerid; en nú meguð þér sjá, hvat guð yðarr mátti, er þér báruð á gull ok silfr, mat ok vistir, ok sá nú, hverjar 40

véttir þess höfðu neytt, mýss ok ormar, eðlur ok þoddur; ok hafa þeir verr, er á slíkt trúa ok eigi vilja láta af heimsku sinni. Takið þér gull yðart ok gørsimar, er hér ferr nú um völlu, ok hafið heim til kvenna yðarra ok berið aldri síðan á stokka  
 5 eða á steina. En hér eru nú kostir ii. á með oss; annat tveggja, at þér takið nú við kristni eða haldið bardaga við mik í dag, ok beri þeir sigr af öðrum í dag, er sá guð vill, er vér trúum á«. Þá stóð Guðbrandr upp ok mælti: »skaða mikinn höfum vér farit um guð vart; ok þó með því, at hann mátti ekki  
 10 oss við hjálpa, þá viljum vér nú trúa á þann guð, sem þú trúir« — ok tóku þá allir við kristni. Þá skírði byskup Guðbrand ok son hans ok setti þar eptir kennimenn; ok skilðusk þeir vinir, sem fyrr váru óvinir, ok lét þar Guðbrandr gera kirkju í Dölnum.

15 K. 114. Kristnuð Heiðmörk.

Óláfr konungr fór síðan út á Heiðmörk ok kristnaði þar; þvíat þá er hann hafði tekit konunga, treystisk hann eigi at fara víða um land eptir slíkt stórvirki; var þá óvíða kristnat um Heiðmörk. En í þeiri ferð létti konungr eigi fyrr, en Heiðmörk  
 20 var alkristnuð ok þar vígðar kirkjur ok kennimenn til. Þá fór hann út á Þótn ok Haðaland ok rétti þar síðu manna, ok létti svá, at þar var alkristit. Þaðan fór hann á Hringaríki, ok gengu menn alt undir kristni. Þat frágu Raumar, at Óláfr konungr bjósk upp þannug, ok sömnudu liði miklu saman ok mæltu svá  
 25 sín í milli, at þat er þeim eimuni, sú yfirfor, er Óláfr hafði þar farit fyrra sinni. Þá kom móti honum bóndasamnaðr við á þá, er Nitja heitir. Höfðu bændr her mannz. En er þeir fundusk, ortu bændr þegar á til bardaga, en brátt brann við hlutr þeira ok hrukku þeir þegar undan ok váru bardir til þatnaðar, þvíat  
 30 þeir tóku við kristni. Fór konungr yfir þat fylki, ok skilðisk eigi fyrr við, en þar höfðu allir menn við kristni tekit. Þaðan fór hann austr í Sóleyjar ok kristnaði þá byggð. Þar kom til hans Óttarr svartí ok beiddisk at ganga til handa Óláfi konungi. Þann vetr hafði áðr andazk Óláfr Svía-konungr; þá  
 35 var Önundr Ólafsson konungr í Svíþjóð. Óláfr konungr snæri þá aprt á Raumaríki. Var þá mjök liðinn vetrinn. Þá stefndi Óláfr konungr þing fjölment í þeim stað, sem síðan hefir verit Heiðsævisþing. Setti hann þá þat í lögum, at til þess þings skyldi sækja Uplendingar, ok Heiðsævislög skyldu ganga um öll  
 40 fylki á Uplöndum ok svá víða annars staðar, sem síðan hafa þau

gengit. En er várar, sótti hann út til sævar, lét þá búa skip sín ok fór um várit út til Túnsbergs ok sat þar um várit, þá er þar var fjölmennast ok þungi var fluttr til bæjar af öðrum lönðum. Var þar þá árferð góð alt um Víkina ok til góðrar hlítar alt norðr til Staðs, en hallæri mikit alt norðr þaðan.

5

K. 115. Sætt Óláfs konungs ok Einars þambarskelfis.

Óláfr konungr sendi boð um várit vestr um Agðir ok alt norðr um Rogaland ok um Hjørðaland, at hann vill hvárki korn né malt né mjöl þaðan í brot láta selja; lét þat fylgja, at hann mun þangat koma með lið sitt ok fara at veizlum, svá sem 10 siðvenja var til. Fór þetta boð um þau fylki öll, en konungr dvalðisk í Víkinni um sumarit ok fór alt austr til landzenda. Einarr þambarskelfir hafði verit með Óláfi Svía-konungi, síðan er Sveinn jarl andaðisk, mágr hans, ok gøzrk Svía-konungs maðr, tekit þar af honum lén mikit. En er konungr var andaðr, þá 15 fýstisk Einarr at leita sér gríða til Óláfs digra, ok höfðu þar um várit farit orðsendingar milli. En er Óláfr konungr lá í Elfi, þá kom þar Einarr þambarskelfir með nokkura menn; ræddu þeir konungr þá um sætt sína, ok samðisk þat með þeim, at Einarr skyldi fara norðr til Þrándheims ok hafa eignir sínar allar ok 20 svá þær jarðir, er Bergljótu höfðu heiman fylgt. Fór Einarr þá norðr leið sína, en konungr dvalðisk í Víkinni ok var lengi í Borg um haustit ok öndurðan vetr.

K. 116. Sætt Óláfs konungs ok Erlings Skjálgssonar.

Erlingr Skjálgsson helt ríki sínu, svá at alt norðr frá 25 Sognsæ ok austr til Líðandisness réð hann öllu við böendr, en veizlur konungs hafði hann miklu minni en fyrr. Þá stóð þó sú ógn af honum, at engi lagði í aðra skál en hann vildi. Konungi þótti ofgangr at ríki Erlings. Maðr er nefndr Áslákr Fitjaskalli, kynstórr ok ríkr. Skjálgr, faðir Erlings, ok Áskell, faðir Ásláks, 30 váru bræðrasynir. Áslákr var mikill vinr Óláfs konungs, ok setti konungr hann niðr á Sunn-Hjørðalandi, fekk honum þar lén mikit ok veizlur stórar ok bað konungr hann halda til fullz við Erling. En þat varð ekki þannug, þegar er konungr var ekki nær; varð þá Erlingr einn at ráða, svá sem hann vildi, þeira í milli; var 35 hann ekki at mjúkari, at Áslákr vildi sik fram draga hjá honum; fóru þeira skipti svá at Áslákr helzk ekki við í sýslunni; fór hann á fund konungs ok segir honum frá viðskipti þeira Erlings.

Konungr bað Áslák vera með sér — »þar til er vér Erlingr finnumk«. Konungr gerði orð Erlingi, at hann skyldi koma til Túnsbergs um várit á fund konungs. En er þeir finnask, þá eiga þeir stefnur, ok mælti konungr: »svá er mér sagt frá ríki þínu, Erlingr, at engi sé sá maðr norðan frá Sognsæ til Líðandisness, er frelsi sínu haldi fyrir þér; eru þar margir þeir menn, er óðalbornir þóttisk til vera, at hafa réttendi af jafnbornum mönnum sér. Nú er hér Áslákr, frændi yðarr, ok þykkisk hann heldr kulda af kenna um yður viðrskipti. Nú veit ek þat eigi, hvárt heldr er, at hann hefir sakir til þess, eða skal hann hins at gjalda, er ek hefi hann þar sett yfir varnað minn. En þótt ek nefna hann til þess, þá kæra margir aðrir slíkt fyrir oss, bæði þeir er í sýslum sitja, ok svá ármenn, er bú varðveita ok veizlur skulu gera móti mér ok liði mínu«. Erlingr svarar: »því skal skjótt svara, segir hann, at því skal neita, at ek gefa þær sakir Ásláki né öðrum mönnum, at í þjónostu yðarri sé; en hinu skal játa, at þat er nú, sem lengi hefir verit, at hverr várr frænda vill öðrum meiri vera; svá hinu öðru skal játa, at ek geri þat lostigr, at beygja hálsinn fyrir þér, Óláfr konungr, en hitt mun mér orðigt þykkja, at lúta til Selþóris, er þrælborinn er í allar ættir, þótt hann sé nú ármaðr yðarr, eða annarra þeira, er hans makar eru at kynferð, þótt þér leggið metorð á«. Þá tóku til beggja vinir ok báðu, at þeir skyldu sættask, segja svá, at konungi var at engum manni styrkr jammikill, sem at Erlingi — »ef hann má vera yðarr fullkominn vinr«; í annan stað mæltu þeir til Erlings, at hann skyldi vægja til við konung, segja svá, ef hann helzk í vináttu við konung, at honum mun þá alt auðvelligt at koma slíku fram, sem hann vildi, við hvern annarra. Lauk svá stefnu þeirri, at Erlingr skyldi hafa sǫmu veizlur, sem hann hafði áðr haft, ok settusk niðr allar sakir þær, er konungr hafði á hendi Erlingi. Skyldi ok fara til konungs Skjálgr, sonr hans, ok vera með honum. Fór þá Áslákr aptr til búa sinna, ok váru þá sáttir at kalla. Erlingr fór ok heim til búa sinna ok helt teknum hætti um ríki sitt.

35

## K. 117. Uphaf sögu Selsbana.

Sigurðr hét maðr Þórisson, bróðir Þóris hundz í Bjarkey. Sigurðr átti Sigríði, dóttur Skjálgs, systur Erlings. Ásbjǫrn hét sonr þeira; hann þótti allmannvænn í upvexti. Sigurðr bjó í Qmð á Prándarnesi; hann var maðr stórauðigr, virðingamaðr

mikill; ekki var hann konungi handgenginn, ok var Þórir fyrir þeim bræðrum at virðingu, er hann var lendr maðr konungs; en heima í búnaði, þá var Sigurðr í engan stað minni rausnarmaðr; hann var því vanr, meðan heiðni var, at hafa iii. blót hvern vetr, eitt at vetrnóttum, en annat at miðjum vetri, iii. at sumri; en 5 er hann tók við kristni, þá helt hann þó teknum hætti um veizlur; hafði hann þá um haustit vinaboð mikit, ok enn jólaboð um vetrinn, ok bauð þá enn til sín mörpum mörnum; þriðju veizlu hafði hann um páska ok hafði þá ok fjölment. Slíku hélt hann fram, meðan hann lifði. Sigurðr varð sótt dauðr. Þá var Ásbjörn 10 xviii. vetra; tók hann þá arf eptir föður sinn; helt hann teknum hætti ok hafði iii. veizlur á hverjum vetri, sem faðir hans hafði haft. Þess var skamt í milli, er Ásbjörn hafði tekit við föðurarfi, ok þess, er árferð tók at versna ok sæði manna brugðusk. Ásbjörn helt inu sama um veizlur sínar, ok naut hann þá þess við, at þar 15 váru forn korn ok forn fong, þau er hafa þurfti. En er þau misseri liðu af ok önnur kómu, var þá korn engum mun betra en in fyrri. Þá vildi Sigríðr, at veizlur væri af teknar, sumar eða allar; Ásbjörn vildi þat eigi; fór hann þá um um haustit at hitta vini sína ok keypti korn þar sem hann gat, en þá af 20 sumum. Fór svá enn fram þann vetr, at helt veizlum öllum. En eptir um várit fengusk lítil sæði, þvíat engi gat frækorn at kaupa. Röeddi Sigríðr um, at fækka skyldi húskarla; Ásbjörn vildi þat eigi ok helt hann öllu inu sama þat sumar; korn var heldr óárvant. Þat fylgði ok þá, at svá var sagt sunnan ór 25 landi, at Óláfr konungr bannaði korn ok malt ok mjöl at flytja sunnan ok norðr í landit. Þá þótti Ásbirni vandask um tilfongin búsin; var þat þá ráð hans, at hann lét fram setja byrðing, er hann átti; þat var haffceranda skip at vexti; skipit var gott ok reiði vandaðr mjök til; þar fylgði segl, stafat með vendi. 30 Ásbjörn rézk til ferðar, ok með honum xx. menn; fóru norðan um sumarit, ok er ekki sagt frá ferð þeira, fyrr en þeir koma í Karmtsund aptan dags ok lögðu at við Ögvaldznes. Þar stendr þær mikill skamt upp á eyna Kormt, er heitir á Ögvaldznesi; þar var konungs bú, ágætr þær; þar réð fyrir Þórir selr; 35 var hann þar ármaðr. Þórir var maðr ættsmár ok hafði mannazk vel, starfsmaðr góðr, snjallr í máli, áburðarmaðr mikill, framgjarn ok óvæginn; hlýddi honum þat síðan, er hann fekk konungs styrk; hann var maðr skjótorðr ok ororðr. Þeir Ásbjörn lágu þar um nótt. En um morgininn, er ljóst var 40

orðit, gekk Þórir ofan til skips ok nokkurir menn með honum. Hann spurði, hverr fyrir skipi því réði inu vegliga. Ásbjörn segir til sín ok nefndi fōður sinn. Þórir spyrr, hvert hann skyldi fara it lengsta, eða hvað honum væri at ørendum.

5 Ásbjörn segir, at hann vill kaupa sér korn ok malt; segir hann, sem satt var, at hallæri var mikit norðr í land — »en oss er sagt, at hér sé vel ært; viltu, bóndi, selja oss korn? Ek sé, at hér eru hjálmar stórir; væri oss þat órlausn, at þurfa eigi lengra at fara«. Þórir svarar: »ek skal gera þér órlausn, at þú

10 þurfir eigi lengra at fara at kornkaupum eða víðara hér um Rogaland. Ek kann þat segja þér, at þú munt hér vel mega aptr hverfa ok fara eigi lengra, þvíat þú munt eigi korn hér fá né í øðrum stōðum, þvíat konungr bannar at selja heðan korn norðr í land — ok far aptr, Háleygr; sá mun þér inn

15 beztí«. Ásbjörn segir: »ef svá er, bóndi, sem þú segir, at vér munum ekki fá kornkaup, þá mun eigi minna mitt ørendi, en hafa kynnisókn á Sóla ok sjá híbýli Erlings frænda míns«. Þórir segir: »hversu mikla frændsemi átt þú við Erling?«. Hann segir: »móðir mín er systir hans«. Þórir segir: »vera kann þá,

20 at ek hafa þá ekki varliga mælt, ef þú ert systurson konungsins Rygja«. Þá kōstuðu þeir Ásbjörn tjoðdunum af sér ok snøru út skipinu. Þórir kallaði á þá: »farið nú vel ok komið hér, þá er þér farið aptr«. Ásbjörn segir, at svá skyldi vera. Fara þeir nú leið sína ok koma at kveldi á Jaðar. Fór Ásbjörn upp með

25 x. menn, en aðrir x. gættu skips. En er Ásbjörn kom til bæjar, fekk hann þar góðar viðtōkur ok var Erlingr við hann inn kátasti. Setti Erlingr hann it næsta sér ok spurði hann margra tíðenda norðan ór landi. Ásbjörn segir it ljósasta af ørendum sínum. Erlingr segir, at þat var þá eigi vel til borit, er konungr bannaði kornsōlur — »veit ek, segir hann, eigi þeira

30 manna ván hér, at traust myni til bera at brjóta orð konungs; verðr mér vanngætt til skaps konungs, þvíat margir eru spillendr at um vináttu vára«. Ásbjörn segir: »seint er satt at spyrrja; mér hefir kent verit á ungaaldri, at móðir mín væri

35 frjálsborin í allar hálfur ok þat með, at Erlingr á Sóla væri nú gōfgastr hennar frænda, en nú heyri ek þik segja, at þú sér eigi svá frjáls fyrir konungs þrælum, at þú megir ráða fyrir korni þínu slíkt er þér líkar«. Erlingr sá til hans ok glotti við tōnn ok mælti: »minna vitið þér af konungs ríki Háleygir en

40 vér Rygir; en qrorðr muntu heima vera; áttu ok ekki langt til

þess at telja. Drekkum nú fyrst, frændi, sjám í morgin, hvat títt er um ærendi þitt«. Gerðu þeir svá ok váru kátir um kveldit. Eptir um daginn talask þeir viðr, Erlingr ok Ásbjörn, ok mælti Erlingr: »hugsat hefi ek nokkut fyrir um kornkaupin þín, Ásbjörn, eða hversu vandr muntu vera at kaupunautum?«. Hann 5 segir, at hann hirði þat aldri, at hverjum hann keypti korn, ef honum væri heimult selt. Erlingr mælti: »þat þykki mér líkara, at þrælar mínir munu eiga korn, svá at þú munt vera fullkaupa; þeir eru ekki í lögum eða landrétt með þóðrum mǫnnum«. Ásbjörn segir, at hann vill þann kost. Þá var sagt 10 þrælunum til um þetta kaup; létu þeir korn fram ok malt ok seldu Ásbirni; hlóð hann skip sitt, sem hann vildi. En er hann var í brot búinn, leiddi Erlingr hann út með vingjöfum, ok skilðusk þeir með kærleikum. Fekk Ásbjörn byrleiði gott ok lagði at um kveldit í Karmtsundi við Ögvaldznes, ok váru þar 15 um nóttina. Þórir selr hafði þegar spurn af um farar Ásbjarnar ok svá þat, at skip hans var kafhlaðit. Þórir stefndi til sín liði um nóttina, svá at hann hafði fyrir dag lx. manna; hann fór á fund Ásbjarnar, þegar er lítt var lýst; gengu þeir þegar út á skipit. Þá váru þeir Ásbjörn klæddir, ok heilsaði Ásbjörn Þóri. 20 Þórir spyrr, hvat þunga Ásbjörn hefði á skipi. Hann segir, at korn ok malt var. Þórir segir: »þá mun Erlingr gera at vanða, at taka fyrir hégómamál öll orð konungs, ok leiðisk honum enn eigi þat, at vera hans mótstöðumaðr í öllu, ok er furða at, er konungr lætr honum alt hlýða«. Var Þórir málóði um hríð; 25 en er hann þagnaði, þá segir Ásbjörn, at korn höfðu átt þrælar Erlings. Þórir svarar snelt, at hann hirði eigi um prettu þeira Erlings — »er nú hitt til, Ásbjörn, at þér gangið á land, elligar færur mér yðr útbyrðis; þvíat mér viljum enga þröng hafa af yðr, meðan mér ryðjum skipit«. Ásbjörn sá, at hann hafði eigi 30 liðskost við Þóri, ok gengu þeir Ásbjörn á land upp, en Þórir lét flytja farminn allan af skipinu. En er rutt var skipit, þá gekk Þórir eptir skipinu; hann mælti: »furðugott segl hafa þeir Háleygirnir; taki byrðingssegl várt it forna ok fái þeim; þat er þeim fullgott, er þeir sigla lausum kili«. Svá var gort, at skipt 35 var seglunum. Fóru þeir Ásbjörn brot leið sína við svá búit ok stefndi hann þá norðr með landi ok létti eigi fyrr, en hann kom heim í öndverðan vetr, ok varð sjá for allfræg. Varð þá alt starf tekit af Ásbirni, at búa veizlur á þeim vetri. Þórir bauð Ásbirni til jólaveizlu ok móður hans ok þeim mǫnnum, er 40



þau vildu hafa með sér; Ásbjörn vildi eigi fara ok sat heima. Þat fann á, at Þóri þótti Ásbjörn gera óvirðiliga til boðsins; hafði Þórir í fleymingi um farar Ásbjarnar — »bæði er, segir hann, at mikill er virðingamunr vár frænda Ásbjarnar, enda  
 5 gerir hann svá, slíkt starf sem hann lagði á í sumar, at sækja kynnit til Erlings á Jaðar, en hann vill eigi hér fara í næsta hús til mín; veit ek eigi, hvárt hann hyggr, at Selþórir myni í hverjum hólma fyrir vera«. Slík orð spurði Ásbjörn til Þóris ok önnur þeim lík. Ásbjörn unði stórilla ferð sinni ok enn verr,  
 10 er hann heyrði slíkt haft at hlátri ok spotti. Var hann heima um vetrinn ok fór hvergi til heimboða.

#### K. 118. Dráp Selþóris.

Ásbjörn átti langskip; þat var snekkja xx-sessa, stóð í nausti miklu. Eptir kyndilsmessu lét hann setja fram skipit  
 15 ok bera til reiða ok lét búa skipit. Þá stefndi hann til sín vinum sínum ok hafði nær lxxxx. manna ok alla vel vápnaða. En er hann var búinn ok byr gaf, þá siglði hann suðr með landi, ok fara þeir ferðar sinnar, ok byrjar heldr seint; en er þeir sækja suðr í land, þá fóru þeir útleið meirr en þjóðleið. Ekki  
 20 varð til tíðenda um ferð þeira, fyrr en þeir kómu at kveldi fimta dag páska útan at Kqrmt. Hennig er þannug farit, at hon er mikil ey, lqng ok víðast ekki breið, liggir við þjóðleið fyrir útan; þar er mikil byggð ok víða er eyin óbyggð, þat er út liggur til hafsins. Þeir Ásbjörn lendu útan at eyjunni, þar er óbyggð  
 25 var. En er þeir höfðu tjaldat, þá mælti Ásbjörn: »nú skuluð þér vera eptir hér ok bíða mín; en ek mun ganga upp á eyna á njósn, hvat títt er í eyjunni, þvíat vér höfum ekki um spurt áðr«. Ásbjörn hafði vándan búnað ok hött síðan, fork í hendi, gyrðr sverði undir klæðum. Hann gekk á land upp ok yfir á  
 30 eyna. En er hann kom á nokkura hæð, þá er hann mátti sjá til bæjar á Qgvaldznesi ok svá fram í Karmtsund, þá sá hann mannfara miklar bæði á sæ ok á landi, ok sótti þat fólk alt til bæjar á Qgvaldznesi; honum þótti þat undarligt. Síðan gekk hann heim til bæjarins ok þar til, er þjónostumenn bjoggu mat;  
 35 heyrði hann þá þegar ok skilði rœður þeira, at Óláfr konungr var þar kominn til veizlu, svá þat með, at konungr var til borða genginn. Ásbjörn snæri þá til stofunnar, en er hann kom í forstofuna, þá gekk annarr maðr út, en annarr inn, ok gaf engi maðr at honum gaum; opin var stofuhurðin; hann sá, at Þórir

selr stóð fyrir hásetisborðinu. Þá var mjök á kveld liðit. Ásbjörn heyrði til, at menn spurðu Þóri frá skiptum þeira Ásbjarnar, ok svá þat, at Þórir sagði af langa sögu, ok þótti Ásbirni hann halla sýnt sögunni. Þá heyrði hann, at maðr mælti: »hvernug varð hann Ásbjörn, þá er þér rudduð skipit?«. 5 Þórir segir: »bar hann sik til nokkurrar hlítar ok þó eigi vel, þá er vér ruddum skipit, en er vér tókum seglit af honum, þá grét hann«. En er Ásbjörn heyrði þetta, þá brá hann sverðinu hart ok títt ok hljóp í stofuna, hjó þegar til Þóris; kom höggit útan á hálsinn; fell höfuðit á borðit fyrir konunginn, en búkrinn 10 á fœtr honum; urðu borðdúkarnir í blóði einu bæði uppi ok niðri. Konungr mælti, það taka hann ok var svá gørt, at Ásbjörn var tekinn hönðum ok leiddr út ór stofunni; en þá var tekinn borðbúnaðrinn ok dúkarnir ok í brot borinn, svá líkit Þóris var í brot borit, ok sópat alt þat er blóðugt var. Konungr 15 var allreiðr ok stilti vel orðum sínum, svá sem hann var vanr jafnan. Skjálgr Erlingsson stóð upp ok gekk fyrir konung ok mælti svá: »nú mun, sem optarr konungr, at þar mun til umbótar at sjá, er þér eruð; ek vil bjóða fé fyrir mann þenna, til þess at hann haldi lífi sínu ok limum, en þér konungr, skapið 20 ok skerir um alt annat«. Konungr segir: »er eigi þat dauðasök, Skjálgr, ef maðr brýtr páskafrið ok sú önnur, er hann drap mann í konungs herbergi; sú in iii., er ykkur fœður þínum mun þykkja lítils verð, er hann hafði fœtr mína fyrir höggstokkinn?«. Skjálgr svarar: »illa er þat, konungr, er yðr mislíkar; en elligar 25 væri verkit it bezta unnit. En ef verk þetta, konungr, þykkir yðr í móti skapi ok mikils vert, þá vætti ek, at ek þiggja mikit af yðr fyrir þjónustu mína; munu margir þat mæla, at yðr sé þat vel geranda«. Konungr segir: »þóttú sér mikils verð, Skjálgr, þá mun ek eigi fyrir þínar sakir brjóta löggin ok leggja 30 konungstígnina«. Skjálgr snýsk þá í brot ok út ór stofunni. Xii. menn höfðu þar verit með Skjálgi, ok fylgðu þeir honum allir, ok margir aðrir gengu með honum í brot. Skjálgr mælti til Þórarins Nefjólfssonar: »ef þú vilt hafa vináttu mína, þá legðu allan hug á, at maðrinn sé eigi drepinn fyrir sunnudag«. 35 Síðan ferr Skjálgr ok menn hans ok tóku röðrarskútu, er hann átti, ok róa suðr, svá sem á mátti taka, ok kómu í elding nætr á Jaðar, gengu þegar upp til bæjarins ok til lopts þess, er Erlingr svaf í. Skjálgr hljóp á hurðina, svá at hon brotnaði at nögllum. Við þat vaknar Erlingr ok aðrir, sem inni váru; hann 40

var skjótastr á fœtr ok greip upp skjöld sinn ok sverð ok hljóp til duranna ok spurði, hvern þar færi svá ákaft. Skjálgr segir til sín ok bað upp láta hurðina. Erlingr segir: »þat var líkligast, at þú myndir vera, ef allheimsliga fór, eða  
5 fara menn nokkurir eptir yðr?«. Var þá látin upp hurðin. Þá mælti Skjálgr: »þat vænti ek, þótt þér þykki ek fara ákafliga, at Ásbirni, frænda þínum, þykki ekki ofrskjótt, þar er hann sitr norðr á Ögvaldznesi í fjötrum; ok er þat mannligra at fara til ok duga honum«. Síðan hafask þeir feðgar orð við; segir  
10 þá Skjálgr Erlingi alla atburði um víg Selþóris.

#### K. 119. Frá Þórarni Nefjólfsyni.

Óláfr konungr settisk í sæti sitt, þá er um var búizk í stofunni, ok var hann allreiðr; hann spurði, hvat títt var um vegandann; honum var sagt, at hann var úti í svolum í gæzlu  
15 haðr. Konungr segir: »hví er hann eigi drepinn?«. Þórarinn Nefjólfsson segir: »herra, kallið ér eigi þat morðverk, at drepa menn um nætr?«. Þá mælti konungr: »seti hann í fjötur ok drepi hann í morgin«. Þá var Ásbjörn fjöttraðr ok byrgðr einn í húsi um nóttina. Eptir um daginn hlýddi konungr morgun-  
20 tíðum; síðan gekk hann á stefnur ok sat þar fram til hámessu; ok er hann gekk frá tíðum, mælti hann til Þórarins: »mun nú vera sólin svá há, at Ásbjörn, vinr yðarr, mun mega hanga«. Þórarinn segir ok laut konungi: »herra, sagði byskup inn fyrra frjádag, at sá konungr, er allz á vakt, ok þolði hann skapraunir,  
25 ok er sá sæll, er heldr má eptir honum líkja, en eptir hinum, er þá dæmdu manninn til dauða, eða þeim, er olli manndrápinu. Nú er eigi langt til morgins, ok er þá sýkn dagr«. Konungr leit við honum ok mælti: »ráða muntu þessu, at hann mun ekki í dag drepinn; skaltu nú taka við honum ok varðveita hann;  
30 ok vit þat til sannz, at þar liggr líf þitt við, ef hann kœmsk í brot með nokkuru móti«. Gekk þá konungr leið sína, en Þórarinn gekk þar til, er Ásbjörn sat í járnum. Lét Þórarinn þá af honum fjötur ok fylgði honum í stofu eina lítla ok lét þá fá honum drykk ok mat ok segir honum, hvat konungr hefði  
35 á lagt, ef Ásbjörn hlypi í brot. Ásbjörn segir, at Þórarinn þurpti ekki þat at óttask. Sat Þórarinn þar hjá honum lengi um daginn ok svá svaf hann þar um nóttina. Laugardag stóð konungr upp ok fór til morgintíða; síðan gekk hann á stefnur, ok var þar fjölment komit af bóndum, ok áttu þeir mart at kæra. Sat kon-

ungr þar lengi dags, ok varð heldr síð gengit til hámessu. Eptir þat gekk konungr til matar; en er hann hafði matazk, drakk hann um hríð, svá at borð váru uppi. Þórarinn gekk til prests þess, er kirkju varðveitti, ok gaf honum íi. aura silfrs til þess, at hann skyldi hringja til helgar. jamskjótt sem konungs borð 5 fóru upp. En er konungr hafði drukkit þá hríð, sem honum þótti felt, þá var borð upp tekit. Þá mælti konungr, segir, at þá var ráð, at þrælar færi með vegandann ok dræpi hann. Í því bili var hringt til helgar. Þá gekk Þórarinn fyrir konung ok mælti: »grið mun sjá maðr skulu hafa um helgina, þótt hann hafði 10 illa til gørt«. Konungr segir: »gættu hans, Þórarinn, svá at hann komisk eigi í brot«. Gekk þá konungr til kirkju ok fór til nónu, en Þórarinn sat enn um daginn hjá Ásbirni. Sunnudag gekk byskup til Ásbjarnar ok skriptaði honum ok gaf honum lof til at hlýða hámessu. Þórarinn gekk þá til konungs ok bað 15 hann fá menn til at varðveita vegandann — »vil ek nú, segir hann, viðr skiljask hans mál«. Konungr bað hann hafa þökk fyrir þat. Fekk hann þá menn til at varðveita Ásbjörn; var þá settr fjöturr á hann. En er til hámessu var gengit, þá var Ásbjörn leiddr til kirkju; stóð hann úti fyrir kirkjunni ok þeir, 20 er hann varðveittu; konungr ok öll alþýða stóð at messu.

#### K. 120. Sætt Erlings ok Óláfs konungs.

Nú er þar til máls at taka, er fyrr var frá horfit, er þeir Erlingr ok Skjálgr, sonr hans, gerðu ráð sín um þetta vannkvæði ok staðfestisk þat með áeggjan Skjálgs ok annarra sona hans, at 25 þeir samna liði ok skera upp heror; kom þá brátt saman lið mikit, ok réðu þeir til skipa, ok var þá skorat manntal, ok var nær xv. hundruð manna. Fóru þeir með þat lið ok kómu sunnudaginn í Kormt á Ögvaldznes ok gengu upp til bæjar með öllu liðinu ok kómu í þann tíma, er lokit var guðspjalli; gengu 30 þegar upp at kirkjunni ok tóku Ásbjörn, ok var brotinn fjöturr af honum. En við gny þenna ok vápnabrak, þá hljópu allir inn í kirkjuna, þeir er áðr váru úti; en þeir, er í kirkju váru, þá litu allir út, nema konungr, hann stóð ok sásk ekki um. Þeir Erlingr skipuðu liði sínu tveim megin strætis þess, er lá frá 35 kirkju ok til stofunnar; stóð Erlingr ok synir hans næst stofunni. En er allar tíðir váru sungnar, þá gekk konungr þegar út ór kirkju; gekk hann fyrst fram í kvína, en síðan hverr eptir öðrum hans manna. Þegar er hann kom heim at durunum, þá gekk

Erlingr fyrir dyrrnar ok laut konungi ok heilsaði honum. Konungr svarar, það guð hjálpa honum. Þá tók Erlingr til máls: »svá er mér sagt, at Ásbjörn, frænda minn, hafi sótt gløpska mikil, ok er þat illa, konungr, ef svá er orðit, at yðr sé misþokki at. Nú em ek því kominn at bjóða fyrir hann sætt ok yfirbætr 5 þvílíkar, sem þér vilið sjálfir gørt hafa, en þiggja þar í mót líf hans ok limar ok landzvist«. Konungr svarar: »svá lízk mér, Erlingr, sem þér mynið nú þykkjask hafa vald á um mál Ásbjarnar; veit ek eigi, hví þú lætr svá, sem þú skylir bjóða 10 sættir fyrir hann; ætla ek þik fyrir því hafa dregit saman her mannz, at nú ætlar þú at ráða vár í milli«. Erlingr segir: »þér skuluð ráða, ok ráða svá, at vér skilimk sáttir«. Konungr mælti: »ætlar þú at hræða mik, Erlingr? hefir þú því lið mikit?«. »Nei«, segir hann. »En ef annat býr í, þá mun ek 15 nú ekki flýja«. Erlingr segir: »eigi þarftu at minna mik á þat, at þeir hafa fundir okrir orðit hér til, er ek hefi lítinn liðskost haft við þér; en nú skál ekki leyna þik því, er mér býr í skapi, at ek vil, at vit skilimk sáttir; eða mér er ván, at ek hætta ekki til fleiri funda várra«. Erlingr var þá rauðr sem 20 blóð í andliti. Þá gekk fram Sigurðr byskup ok mælti til konungs: »herra, ek býð yðr hlýðni fyrir guðs sakir, at þér sættizk við Erling, eptir því sem hann býðr, at maðr sjá hafi lífs grið ok lima, en þér ráðið einir öllu sáttmáli«. Konungr svarar: »þér skuluð ráða«. Þá mælti byskup: »Erlingr, fáid þér konungi 25 festu þá, er honum líki; síðan gangi Ásbjörn til griða ok á konungs vald«. Erlingr fekk festur, en konungr tók við. Síðan gekk Ásbjörn til griða ok á konungs vald ok kysti á iönd konungs. Snøri þá Erlingr í brot með liði sínu; varð þá ekki at kveðjum. Gekk þá konungr inn í stofuna ok Ásbjörn með 30 honum; síðan lauk konungr upp sættargørðina ok mælti svá: »þat skal uphaf sættar okkarrar, Ásbjörn, at þú skalt ganga undir landzlög þau, at sá maðr, er drepr þjónostumann konungs, þá skal hann taka undir þá þjónostu sömu, ef konungr vill. Nú vil ek, at takir upp ármennig þessa, er Selþórir hefir 35 haft, ok ráð hér fyrir búi mínu á iögvaldznesi«. Ásbjörn segir, at svá skyldi vera, sem konungr vildi — »verð ek þó fyrst at fara til bús míns ok skipa þar til«. Konungr lét sér þat vel líka; fór hann þaðan til annarrar veizlu, þar sem gør var í móti honum, en Ásbjörn rézk þá til ferðar við foruneyti sitt. 40 Þeir höfðu legit í leynivágum þá stund alla, er Ásbjörn var í

brot; höfðu þeir njósn af, hvat títt var um hans ráð, ok vildu eigi í brot fara, fyrr en þeir vissi, hvat þar réðisk af. Síðan snýsk Ásbjörn til ferðar ok léttir eigi fyrr um várit, en hann kœmr norðr til bús síns. Hann var kallaðr Ásbjörn selsbani. En er Ásbjörn hafði heima verit eigi lengi, þá hittusk þeir Þórir, 5 frændrnir, ok talask við. Spyrir Þórir Ásbjörn vendiliga at um ferð hans ok alla atburði þá, sem þar höfðu orðit til tíðenda, en Ásbjörn sagði sögu þá, sem gengit hafði. Þá segir Þórir: »þá muntu þykkjask hafa rekit af hendi svívirðing þá, er þú vart ræntr á hausti?«. »Svá er, kvað Ásbjörn; eða hversu þykki 10 þér, frændi?«. »Þat skal skjótt segja, kvað Þórir, at ferð sú in fyrri, er þú fórt suðr í land, varð in svívirðligsta, ok stóð sú til nøkkurrar umbótar; en þessi fgr er bæði þín skomum ok frænda þinna, ef þat skal framgengt verða, at þú gerisk konungs þræll ok jafningi ins versta mannz, Þóris sels. Nú ger þú svá mann- 15 liga, at þú sit heldr at eignum þínum hér; skulum vér, frændr þínir, veita þér styrk til þess, at þú komir aldri síðan í slíkt ongþveiti«. Ásbirni þótti þetta vænligt; ok áðr þeir Þórir skilðisk, þá var þetta ráð staðfest, at hann skyldi sitja í búi sínu ok fara ekki síðan á konungs fund eða í hans þjónustu, 20 ok gerði hann svá ok sat heima at búum sínum.

#### K. 121. Frá Hørðum.

Eptir þat er þeir Óláfr konungr ok Erlingr Skjálgrsson höfðu hizk á Ögvaldznesi, þá hófsk með þeim af nýju sundrþykkit, ok óx til þess, er þar af gerðisk fullr fjándskapr milli þeira. 25 Fór Óláfr konungr at veizlum um Hørðaland um várit; ok þá fór hann upp á Vgrs, þvíat hann spurði, at fólk var þar lítt trúat. Hann átti þing við bœndr, þar sem á Vangi heitir; kómu þar bœndr fjölment ok með alvæpni, bauð konungr þeim at taka við kristni, en búendr buðu bardaga í mót; ok kom svá, 30 at hváirtveggju fylkðu liði sínu. Var þá svá um bœndr, at þeim skaut skelk í bringu, ok vildi engi fremstr standa; ok varð þat þá at lykðum, er þeim gegndi betr, at þeir gengu til handa konungi ok tóku kristni. Skilðisk konungr eigi þaðan, fyrr en þar var alkristnat orðit. Þat var einn dag, at konungr reið leið 35 sína ok song psálma sína; en er hann kom gegnt haugunum, nam hann stað ok mælti: »þau skal segja orð mín maðr manni, at ek kalla ráð, at aldri síðan fari Nóregsk konungr í milli þessa hauga«. Er þat ok sögn manna, at flestir konungar hafi

þat varazk síðan. Þá fór Óláfr konungr út í Ostrarfjörð, kom þar til skipa sinna, fór þá norðr í Sogn ok tók þar veizlur um sumarit. En er hausta tók, snøri hann inn í fjörðinn; fór þaðan upp á Valdres; þar var áðr heidit. Konungr fór sem ákafligast  
 5 upp til vatsins; kom þar á óvart bóndum ok tók þar skip þeira, gekk þar á sjálfr með öllu liði sínu. Síðan skar hann þingboð, ok settisk þingit svá nær vatninu, at konungr átti allan kost skipa, ef hann þættisk þurfa. Bœndr sóttu þingit með her mannz alvápnaðan. Konungr bauð þeim kristni; en búendr æpðu í móti  
 10 ok báðu hann þegja; gerðu þegar gný mikinn ok vápnabrak. En er konungr sá, at þeir vildu ekki til hlýða þess, er hann kendi þeim, ok þat annat, at þeir höfðu þann múg mannz, er ekki stózk við, þá snøri hann rœðunni, spurði þá at, ef nokkurir væri þeir menn á þinginu, er sakir þær ættisk við, er þeir vildi,  
 15 at hann setti í milli þeira. Þat fanzk brátt í orðum búanda, at margir váru þar rangsáttir sín í milli, er þá höfðu samhlaupa orðit at mæla móti kristninni. En þegar er búendr tóku at kæra sín vandræði, þá aflaði hverr þeira sér sveitar at flytja sitt mál fram; gekk því þann dag allan; at kveldi var slitit þinginu.  
 20 Þegar er búendr höfðu spurt, at Óláfr konungr hafði farit um Valdres ok hann var kominn í byggð, þá höfðu þeir látit fara heror ok stefnt saman þegn ok þræl; fóru með her þann í móti konungi; en þá var víða aleyða í byggðinni; bœndr heldu samnaðinum, þá er þinginu sleit; þess varð konungr viss; en  
 25 er hann kom á skip sín, þá lét hann róa um nóttina yfir þvert vatnit; þar lét hann upp ganga í byggðina, lét þar brenna ok ræna. Eptir um daginn røru þeir nes frá nesi; lét konungr alt brenna byggðina. En þeir búendr, er í samnaðinum váru, þá er þeir sá reyk ok loga til bæja sinna, þá urðu þeir lausir í  
 30 flokkinum; stefndi þá hverr í brot ok leitaði heim, ef hann mætti finna hýski sitt. En þegar er rof kom í liðit, þá fór hverr at oðrum, til þess er alt riðlaðisk í smá flokka. En konungr røri yfir vatnit ok brendi þá á hváru tveggja landi. Kómu þá bœndr til hans ok báðu miskunnar, buðu handgöngu sína.  
 35 Gaf hann hverjum manni grið, er til hans kom ok þess krafði, ok svá fé þeira. Mælti þá engi maðr við kristni; lét konungr þá skíra fólkit ok tók gíslar af búöndum. Dvalðisk konungr þar lengi um haustit; lét draga skipin um eið á milli vatna; fór konungr lítt um land uppi frá vötnum, þvíat hann trúði  
 40 illa bóndum; hann lét þar gerar kirkjur ok vígja ok setti kenni-

menn. En er konungi þótti ván frøra, þá sótti hann á land upp, kom þá fram á Þótni. Þess getr Arnórr jarlaskald, er Óláfr konungr hafði brent á Uplöndum, þá er hann orti um Harald, bróður hans:

85. Gengr í ætt, þats yngvi vildut oflgar aldir, 5  
 Upplendinga brendi áðr vas stýrt til váða,  
 (þjóð galt ræsis reiði) grams dolgum feksk galgi,  
 ronn (þess's fremstr es manna); gagnprýðanda hlýða.

Síðan fór Óláfr konungr norðr um Dala alt til fjallz ok nam eigi staðar, fyrr en hann kom í Þrándheim ok alt til Niðaróss, 10  
 bjó þar til vetrvistar ok sat þar um vetrinn. Sá var inn tíundi vetr konungdóms hans. Áðr um sumarit fór Einarr þambarskelfir ór landi ok fyrst vestr til Englandz, hitti þar Hákon jarl, mág sinn, ðvalðisk þar með honum um hríð. Síðan fór Einarr á fund Knúts konungs ok þá af honum stórar gjafar. Eptir þat 15  
 fór Einarr suðr um sæ ok alt suðr til Rúmaborgar ok kom aprt annat sumar; fór þá til búa sinna; hittusk þeir Óláfr konungr þá ekki.

K. 122. Fœddr Magnús konungr góði.

Álfhildr hét kona, er kǫlluð var konungs ambótt; hon var 20  
 þó af góðum ættum komin; hon var kvinna fríðust; hon var með hirð Óláfs konungs. En þat vár varð þat til tíðenda, at Álfhildr var með barni; en þat vissu trúnaðarmenn konungs, at hann myndi vera faðir barns þess. Svá bar at eina nótt, at Álfhildi stóð sótt; var þar fátt manna við statt, konur nokkurar ok prestr 25  
 ok Sigvatr skáld ok fáir aðrir. Álfhildr var þungliga haldin, ok gekk henni nær dauða; hon fæddi sveinbarn; ok var þat um hríð, er þau vissu óglöggt, hvárt lif var með barninu; en er barnit skaut öndu upp ok allómáttuliga, þá bað prestr Sigvat fara at segja konungi. Hann svarar: »ek þori fyrir engan mun at vekja 30  
 konunginn, þvíat hann bannar þat hverjum manni at bregða svefni fyrir honum, fyrr en hann vaknar sjálfr«. Prestrinn svarar: »nauðsyn berr nú til, at barn þetta fái skírn; mér sýnisk þat allólífligt«. Sigvatr mælti: »heldr þori ek til þess at ráða, 35  
 at þú skírir barnit, en ek vekja konung; ok mun ek ávítum upp halda ok gefa nafn«. Svá gerðu þeir, at sveinn sá var skírðr ok hét Magnús. Eptir um morgininn, þá er konungr var vaknaðr ok klæddr, var honum sagt alt frá þessum atburðum. Þá lét konungr kalla til sín Sigvat; konungr mælti: »hví vartu svá



- djarfr, at þú lézt skíra barn mitt, fyrr en ek vissað?«. Sigvatr svarar: »því at ek vilda heldr gefa guði ii. menn, en einn fjándanum«. Konungr mælti: »fyrir hví mundi þat við liggja?«. Sigvatr svarar: »barnit var at komit dauða, ok mundi þat fjándans
- 5 maðr, ef þat dœi heiðit; en nú var þat guðs maðr. Hitt er ok annat, at ek vissað þótt þú værir mér reiðr, at þar myndi eigi meira við liggja en líf mitt; en ef þú vill, at ek týna því fyrir þessa sök, þá vænti ek, at ek sjá guðs maðr«. Konungr mælti: »hví létstu sveininn Magnús heita?, ekki er þat vart ættanafn«.
- 10 Sigvatr svarar: »ek hét hann eptir Karla-Magnúsi konungi, þann vissað ek mann baztan í heimi«. Þá mælti konungr: »gæfumaðr ertu mikill, Sigvatr; er þat eigi undarligt, at gæfa fylgi vizku; hitt er kynligt, sem stundum kann verða, at sú gæfa fylgir óvizkum mönnum, at óvitrlig ráð snúask til hamingju«. Var þá
- 15 konungr allgláðr. Sveinn sá fœddisk upp ok var brátt efniligr, er aldr fór yfir hann.

## K. 123. Dráp Selsbana.

- Þat vár it sama fekk Óláfr konungr í hönd Ásmundi Grankelsyni sýslu á Hálogalandi hálfu til móts við Hárek í Þjóttu; en
- 20 hann hafði áðr haft alla, suma at veizlu, en suma at léni. Ásmundr hafði skútu ok á nær xxx. manna ok vápnaða vel. En er Ásmundr kom norðr, þá hittusk þeir Hárekr; segir Ásmundr honum, hvernug konungr hafði til skipat um sýsluna; lét þar fylgja jartegnir konungs. Hárekr segir svá, at konungr myndi
- 25 ráða, hverr sýslu hefði — »en þó gerðu ekki svá inir fyrri höfðingjar, at minka várn rétt, er ættbornir erum til ríkis at hafa af konungum, en fá þá í hendr bóandasonum þeim, er slíkt hafa fyrr ekki með höndum haft«. En þótt þat fynnisk á Háreki, at honum þótti þetta móti skapi, þá lét hann Ásmundr við sýslu taka,
- 30 sem konungr hafði orð til send. Fór þá Ásmundr heim til fœður síns; dvalðisk þar lítla hríð, fór þá síðan í sýslu sína norðr á Hálogaland; en er hann kom norðr í Langey, þá bjoggu þar brœðr ii.; hét annarr Gunnsteinn, en ii. Karli; þeir váru menn auðgir ok virðingamenn miklir. Gunnsteinn var bússýslumaðr ok
- 35 ellri þeira brœðra; Karli var fríðr sýnum ok skartsmaðr mikill; en hvártveggi þeira var íþróttamaðr um marga hluti. Ásmundr fekk þar góðar viðtökur ok dvalðisk þar um hríð; heimti þar saman ór sýslunni slíkt, er feksk. Karli rœddi þat fyrir Ásmundi, at hann vildi fara með honum suðr á fund Óláfs konungs ok leita

sér hirðvistar. Ásmundr fýsti þess ráðs ok hét umsýslu sinni við konung, at Karli fengi þat ørendi, sem hann beiddisk til; rézk hann þá til fõruneytis með Ásmundi. Ásmundr spurði þat, at Ásbjorn selsbani hafði farit suðr í Vága-stefnu ok hafði byrðing, er hann átti ok nær xx. menn á, ok hans var þá sunnan ván. Þeir 5 Ásmundr fóru leið sína suðr með landi ok hõfðu andviðri ok þó vind lítinn; siglðu skip í móti þeim, þau er vǫru af Vága-flota. Spurðu þeir þá af hljóði at um farar Ásbjarnar; var þeim svá sagt, at hann myndi þá sunnan á leið. Þeir Ásmundr ok Karli vǫru rekkjufélagar, ok var þar it kærsta. Þat var einn dag, er 10 þeir Ásmundr røru fram eptir sundi nõkkuru, þá siglði byrðingr móti þeim; var þat skip auðkent; þat var hlýrbirt, steint bæði hvítum steini ok rauðum; þeir hõfðu segl stafat með vendi. Þá mælti Karli við Ásmund: »opt ræðir þú um, at þér sé forvitni mikil á, at sjá hann Ásbjorn selsbana; eigi kann ek skip at kenna, 15 ef eigi siglir hann þar«. Ásmundr svarar: »ger svá vel, lagsmaðr, seg mér til, ef þú kennir hann«. Þá rendusk hjá skipin, ok mælti Karli: »þar sitr hann Selsbani við stýrit í blám kyrtli«. Ásmundr svarar: »ek skal fá honum rauðan kyrtli«. Síðan skaut hann Ásmundr at Ásbirni selsbana spjóti, ok kom á hann miðjan, 20 flaug í gõgnum hann, svá at fast stóð fram í hõfðafjølinni; fell Ásbjorn dauðr frá stýrinu. Fóru síðan hvárirtveggju leiðar sinnar. Fluttu þeir lík Ásbjarnar norðr á Þrándarnes. Lét þá Sigríðr senda eptir Þóri hund til Bjarkeyjar. Kom hann til, er búit var um lík Ásbjarnar eptir sið þeira. En er þeir fóru í 25 brot, valdi Sigríðr vinum sínum gjafir. Hon leiddi Þóri til skips; en áðr þau skilðisk, mælti hon: »svá er nú, Þórir, at Ásbjorn, sonr minn, hlýddi ástráðum þínum. Nú vanzk honum eigi líf til at launa þat, sem vert var; nú þótt ek sjá verr til fær, en hann myndi vera, þá skal ek þó hafa vilja til. Nú er hér gjõf, 30 er ek vil gefa þér, ok vilda ek, at þér kvæmi vel í hald« — þat var spjót — »hér er nú spjót þat, er stóð í gõgnum Ásbjorn, son minn, ok er þar enn blóðit á; máttu þá heldr muna, at þat mun hœfask ok sár þat, er þú sátt á Ásbirni, brøðursøni þínum. Nú yrði þér þá skõruliga, ef þú létir þetta spjót svá af hõndum, at 35 þat stœði í brjósti Óláfi digra. Nú mæli ek þat um, segir hon, at þú verðir hvers mannz níðingr, ef þú hefnir eigi Ásbjarnar«. Snøri hon þá í brot. Þórir varð svá reiðr orðum hennar, at hann mátti engu svara, ok eigi gáði hann spjótit laust láta ok eigi gáði hann bryggjunnar, ok mundi hann ganga á kaf, ef eigi 40

toeki menn til hans ok styddi hann, er hann gekk út á skipit. Þat var málaspjót ekki mikit ok gullrekinn falrinn á. Røru þeir Þórir þá í brot ok heim til Bjarkeyjar. Ásmundr ok þeir félagar fóru leið sína, til þess er þeir kómu suðr til Þrándheims ok á  
 5 fund Óláfs konungs. Sagði Ásmundr þá konungi, hvat til tíðenda hafði gørzok í fõrum hans. Gerðisk Karli hirðmaðr konungs. Heldu þeir Ásmundr vel vináttu sína. En orðtøk þau, er þeir Ásmundr ok Karli høfðu mælk við, áðr víg Ásbjarnar varð, þá fór þat ekki leynt, þvát þeir sjálfir søgðu konungi frá því;  
 10 en þar var, sem mælt er, at hverr á vin með óvinum; váru þeir þar sumir, er slíkt hugfestu, ok þaðan af kom þat til Þóris hundz.

#### K. 124. Frá Óláfi konungi.

Óláfr konungr bjósk um várit, er á leið, ok bjó skip sín;  
 15 síðan fór hann um sumarit suðr með landi, átti þing við bæendr, sætti menn ok síðaði land, tók ok konungs skyldir, hvar sem hann fór. Fór konungr um haustit alt austr til landzenda. Hafði Óláfr konungr þá kristnat land, þar sem stórheruð váru. Þá hafði hann ok skipat lögum um land alt. Hann hafði þá  
 20 ok lagt undir sik Orkneyjar, svá sem fyrr var sagt. Hann hafði ok haft orðsendingar ok gørt sér marga vini bæði á Íslandi ok Grœnlandi ok svá í Færeyjum. Óláfr konungr hafði sent til Íslandz kirkjuvið, ok var sú kirkja gør á Þingvelli, þar er alþingi er; hann sendi með klukku mikla, þá er enn er þar.  
 25 Þat var þá eptir, er Íslendingar høfðu fœrt lög sín ok sett kristinn rétt, eptir því sem orð hafði til send Óláfr konungr. Síðan fóru af Íslandi margir metorðamenn, þeir er handgengnir gerðusk Óláfi konungi; þar var Þorkell Eyjólfsson, Þorleikr Bollason, Þórðr Kolbeinsson, Þórðr Barkarson, Þorgeirr Hávararson, Þormóðr Kolbrúnarskáld. Óláfr konungr hafði sent vingjafir  
 30 mörögum høfðingjum til Íslandz; en þeir sendu honum þá hluti, er þar fengusk ok þeir væntu, at honum myndi helzt þykkja sending í. En í þessu vináttumarki, er konungr gerði til Íslandz, bjoggu enn fleiri hlutir, þeir er síðan urðu berir.

#### 35 K. 125. Frá ráðagørð Íslendinga.

Óláfr konungr sendi þetta sumar Þórarin Nefjólfsson til Íslandz með ørendum sínum, ok helt Þórarinn skipi sínu þá út ór Þrándheimi, er konungr fór, ok fylgði honum suðr á Mœri.

Siglði Þórarinn þá á haf út ok fekk svá mikit hraðbyri, at hann siglði á viii. dægum til þess, er hann tók Eyrar á Íslandi, ok fór þegar til alþingis ok kom þar, er menn váru at lögbergi; gekk þegar til lögbergs. En er menn höfðu þar mælt lögskil, þá tók Þórarinn til máls Nefjólfs-son: »ek skildumk fyrir ii. 5 nöttum við Óláf konung Haraldzson; sendi hann kveðju hingat til landz öllum höfðingjum ok landsstjórnarmönnum ok þar með allri alþýðu karla ok kvenna, ungu manni ok gömlum, sælum ok væslum, guðs ok sína ok þat með, at hann vill vera yðarr dróttinn, ef þér vilid vera hans þegnar, en hvárir annarra 10 vinir ok fultingsmenn til allra góðra hluta«. Menn svöruðu vel máli hans; kváðusk allir þat fegnir vilja, at vera vinir konungs, ef hann væri vinr hérlandzmannna. Þá tók Þórarinn til máls: »þat fylgir kveðjusending- konungs, at hann vill þess beiðask í vináttu af Norðlendingum, at þeir gefi honum ey eða 15 útsker, er liggir fyrir Eyjafirði, er menn kalla Grímsey; vill þar í mót leggja þau gœði af sínu landi, er menn kunna honum til at segja, en sendi orð Guðmundi á Mjðruvöllum til at flytja þetta mál, þvíat hann hefir þat spurt, at Guðmundr ræðr þar mestu«. Guðmundr svarar: »fúss em ek til vináttu Óláfs konungs, ok 20 ætla ek mér þat til gagns miklu meira en útsker þat, er hann beiðisk til; en þó hefir konungr þat eigi rétt spurt, at ek eiga meira vald á því en aðrir, þvíat þat er nú at almenning gørt. Nú munu vér eiga stefnu at vár á milli, þeir menn, er mest hafa gagn af eyjunni«. Ganga menn síðan til búða. Eptir þat 25 eigu Norðlendingar stefnu milli sín ok ræða þetta mál. Lagði þá hverr til slíkt er sýndisk. Var Guðmundr flytjandi þessa máls, ok snöru þar margir aðrir eptir því. Þá spurðu menn, hví Einarr, bróðir hans ræddi ekki um — «þykkir oss hann kunna, segja þeir, flest gløggst at sjá«. Þá svarar Einarr: »því em ek 30 fáræðinn um þetta mál, at engi hefir mik at kvatt; en ef ek skal segja mína ætlan, þá hygg ek, at sá myni til vera hérlandz- mönnum, at ganga ekki undir skattgjafar við Óláf konung ok allar álogur hér þvílíkar, sem hann hefir við menn í Nóregi; ok munu vér eigi þat ófrelsi gera einum oss til handa, heldr 35 bæði oss ok sonum várum ok allri ætt várri, þeiri er þetta land byggvir; ok mun ánauð sú aldrigi ganga eða hverfa af þessu landi; en þótt konungr sjá sé góðr maðr, sem ek trúi vel at sé, þá mun þat fara heðan frá sem hingat til, þá er konungaskipti verðr, at þeir eru ójafnir, sumir góðir, en sumir illir. En ef 40

landsmenn vilja halda frelsi sínu, því er þeir hafa haft, síðan er land þetta byggðisk, þá mun sá til vera, at ljá konungi enskis fangstaðar á, hvárki um landaeign hér né um þat, at gjalda heðan ákveðnar skuldir, þær er til lýðskyldu megi metask; 5 en hitt kalla ek vel fallit, at menn sendi konungi vingjafir, þeir er þat vilja, hauka eða hesta, tjöld eða segl, eða aðra þá hluti, er sendiligir eru; er því þá vel varit, ef vinátta kœmr í mót. En um Grímsey er þat at rœða, ef þaðan er engi hlutr fluttr, sá er til matfanga er, þá má þar fœða her mannz, ok ef þar er 10 útlendr herr ok fari þeir með langskipum þaðan, þá ætla ek mörpum kotbóndunum munu þykkja verða þröngt fyrir durum«. Ok þegar er Einarr hafði þetta mælt ok int allan útveg þenna, þá var 9ll alþýða snúin með einu samþykki, at þetta skyldi eigi fásk. Sá Þórarinn þá ærendislok sín um þetta mál.

15 K. 126. Frá svörum Íslendinga.

Þórarinn gekk annan dag til lögbergs ok mælti þá enn ærendi ok hóf svá: »Óláfr konungr sendi orð vinum sínum hingat til landz, nefndi til þess Guðmund Eyjólfsson, Snorra goða, Þorkel Eyjólfsson, Skapta lögsgögumann, Þorstein Hallzson; hann 20 sendi yðr til þess orð, at þér skylduð fara á fund hans ok sœkja þangat vináttuboð; mælti hann þat, at þér skylduð þessa ferð eigi undir höfuð leggjask, ef yðr þœtti nokkuru varða um hans vináttu«. Þeir svöruðu því máli, þokkuðu konungi boð sitt, kváðusk þetta segja mundu Þórarini síðarr um ferðir sínar, þá 25 er þeir hefði ráðit fyrir sér ok við vini sína. En er þeir höfðingjar tóku rœður sín í milli, þá sagði hverr sem sýndisk um ferð þessa. Snorri goði ok Skapti lottu þess, at leggja á þá hættu við Nóregs-menn, at allir senn fœri af Íslandi ok þangat, þeir menn er mest réðu fyrir landi; sögðu þeir, at af 30 þessi orðsending þótti þeim heldr grunir á dregnir um þat, er Einarr hafði getit, at konungr myndi ætla til pyndinga nokkurra við Íslendinga, ef hann mætti ráða. Guðmundr ok Þorkell Eyjólfsson fýstu mjök at skipask við orðsending Óláfs konungs ok kœlluðu þat sœmðarferð mikla mundu. En er þeir knjáðu 35 þetta mál milli sín, þá staðfestisk þat helzt með þeim, at þeir sjálfir skyldu eigi fara, en hverr þeira skyldi gera mann af hendi sinni, þann er þeim þœtti bezt til fallinn — ok skilðusk á því þingi við svá búit, ok urðu engar útanferðir á því sumri. En Þórarinn fór tvívegis um sumarit ok kom um haustit á

fund Óláfs konungs ok segir honum sitt ørendi, slíkt er orðit var, ok svá þat með, at hǫfðingjar mundu koma af Íslandi, svá sem hann hafði orð til sent, eða synir þeira elligar.

## K. 127. Frá Færeyingum.

Þat sama sumar kómu útan af Færeyjum til Nóregs at 5  
 crðsending Óláfs konungs Gilli lǫgsögumaðr, Leifr Qzurarson, Þórálfr ór Dímon ok margir aðrir bóndasynir; en Práendr í Gøtu bjósk til ferðar, en er hann var búinn mjök, þá tók hann fellisótt þá, er hann var hvergi fœrr, ok dvalðisk hann eptir. En er þeir Færeyingar kómu á fund Óláfs konungs, þá kallaði hann 10  
 þá á tal ok átti stefnu við þá; lauk hann þá upp við þá ørendi þau, er undir bjoggu ferðinni, ok segir þeim, at hann vildi hafa skatt af Færeyjum ok þat með, at Færeyingar skyldu hafa þau lǫg, sem Óláfr konungr setti þeim. En á þessi stefnu fanzk þat á orðum konungs, at hann myndi taka festu til þessa máls 15  
 af þeim færeyskum mǫnnum, er þá váru þar komnir, ef þeir vildi þat sáttmál swardǫgum binda; bauð þeim mǫnnum, er honum þóttu þar ágæztir, at þeir skyldu gerask honum handgengnir ok þiggja af honum metorð ok vináttu, en þeim inum færeyskum virðisk svá orð konungs, sem grunr myndi á vera, 20  
 hvernug þeira mál myndi snúask, ef þeir vildi eigi undir þat alt ganga, sem konungr beiddi þá. En þó at til þessa máls yrði fleiri stefnulǫg, áðr en þat lykðisk, þá varð þat framgengt alt, er konungr beiddisk. Gengu þeir til handa konungi ok gerðusk hirðmenn hans, Leifr ok Gilli ok Þórálfr, en allir þeir 25  
 fǫrunautar veittu swardaga Óláfi konungi til þess, at halda í Færeyjum þau lǫg ok þann landzrétt, sem hann setti þeim, ok skattgildi þat, er hann kvað á. Síðan bjoggusk þeir inir færeysku til heimferðar. En at skilnaði veitti konungr þeim vingjafir; en þeir, er honum hǫfðu handgengnir gǫrzk, fara þeir 30  
 ferðar sinnar, þá er þeir váru búnir. En konungr lét búa skip ok fekk manna til ok sendi þá menn til Færeyja, at taka þar við skatti þeim, er Færeyingar skyldu gjalda honum. Þeir urðu ekki snembúnir; ok er frá ferð þeira þat at segja, at þeir koma eigi aptr ok engi skattr á því sumri, er næst var eptir, 35  
 þvíat þeir hǫfðu ekki komit til Færeyja; hafði þar engi maðr skatt heimtan.

## K. 128. Kvánfang Ketils ok Þórðar.

Óláfr konungr fór um haustit inn í Víkina ok gerði orð fyrir sér til Uplanda ok lét boða veizlur; ok er hann ætlar sér um vetrinn at fara um Uplönd, síðan byrjar hann ferðina ok 5 fór til Uplanda. Dvalðisk Óláfr konungr þann vetr á Uplöndum, fór þar at veizlum ok leiðrétti þá hluti þar, er honum þótti ábóta vant; samði þá þar enn kristnina, er honum þótti þurfa. Þat gerðisk til tíðenda, þá er konungr var á Heiðmörk, at Ketill kálfr af Hringunesi hóf upp bónorð sitt; hann bað Gunnhildar, 10 dóttur Sigurðar sýrs ok dóttur Ástu; var Gunnhildr systir Óláfs konungs; átti konungr svør ok forráð máls þess; hann tók því vænliga; var þat fyrir þá sök, at hann vissi um Ketil, at hann var ættstórr ok auðigr, vitr maðr, hofðingi mikill; hann hafði ok lengi áðr verit vinr Óláfs konungs mikill, svá sem hér er 15 fyrr sagt; þat alt saman bar til þess, at konungr unni ráðs þessa Katli; var þetta framgengt, at Ketill fekk Gunnhildar; var Óláfr konungr at þessi veizlu. Óláfr konungr fór norðr í Guðbrandzdala, tók þar veizlur. Þar bjó sá maðr, er hét Þórðr Gothormsson, á bæ þeim, er á Steig heitir. Þórðr var maðr 20 ríkastr í inn nørðra hlut Dala. En er þeir konungr hittusk, þá hóf Þórðr upp bónorð sitt ok bað Ísríðar Guðbrandzdóttur, móðursystur Óláfs konungs; átti þar konungr svør þessa máls; en er at þeim málum var setit, þá var þat af ráðit, at þau ráð tókusk, ok fekk Þórðr Ísríðar; gerðisk hann síðan qlúðarvinr 25 Óláfs konungs ok þar með margir aðrir frændr Þórðar ok vinir, þeir er eptir honum hurfu. Fór Óláfr konungr þá aptr suðr um Þótn ok Haðaland, þá á Hringaríki ok þaðan út í Víkina. Fór hann um várit til Túnsbergs ok dvalðisk þar lengi, meðan þar var kaupstefna mest ok tilflutning; lét hann þá búa skip 30 sín ok hafði með sér fjölmenni mikit.

## K. 129. Frá Íslendingum.

Sumar þetta kom af Íslandi at orðsending Óláfs konungs Steinn, sonr Skapta lögsgumannz, Þóroddr, sonr Snorra goða, Gellir, sonr Þorkels, Egill, sonr Síðu-Hallz, bróðir Þórsteins. 35 Guðmundr Eyjólfsson hafði andazk áðr um vetrinn. Þeir inir íslenzku menn fóru þegar á fund Óláfs konungs, er þeir máttu við komask. En er þeir hittu konung, fengu þeir þar góðar viðtökur ok váru allir með honum. Þat sama sumar spurði Óláfr

konungr, at skip þat var horfit, er hann hafði sent til Færeyja eptir skatti it fyrra sumar ok þat hafði hvergi til landa komit, svá at spurt væri. Konungr fekk þá til skip annat ok þar menn með ok sendi til Færeyja eptir skatti; fóru þeir menn ok létu í haf, en síðan spurðisk ekki til þeira heldr en til inna fyrri, 5 ok váru þar margar getur á, hvat af skipum þeim myndi orðit.

## K. 130. Uphaf Knúts ríka.

Knútr inn ríki, er sumir kalla inn gamla Knút, hann var konungr í þann tíð yfir Englandi ok yfir Danaveldi. Knútr ríki var sonr Sveins tjúguskeggs Haraldzsonar. Þeir langfeðgar 10 höfðu ráðit langa ævi fyrir Danmörku. Haraldr Gormsson, fǫðurfaðir Knúts, hafði eignazk Nóreg eptir fall Haraldz Gunnhildarsonar ok tekit af skatta, sett þar til landgæzlu Hákon jarl inn ríka. Sveinn Dana-konungr, sonr Haraldz, réð ok fyrir Nóregi ok setti yfir til landgæzlu Eirík jarl Hákonarson. Réðu 15 þeir bræðr þá landi ok Sveinn Hákonarson, til þess er Eiríkr jarl fór vestr til Englandz at orðsending Knúts ins ríka, mágs síns, en setti þá eptir til ríkis í Nóregi Hákon jarl, son sinn ok systurson Knúts ins ríka, mágs síns. En síðan er Óláfr digri kom í Nóreg, þá tók hann fyrst höndum Hákon jarl ok setti hann 20 af ríki, svá sem fyrr er ritit. Fór þá Hákon til Knúts, móðurbróður síns, ok hafði verit síðan með honum alla stund, til þess er hér er komit sögunni. Knútr inn ríki hafði unnit England með orrostum ok barizk til ok hafði langt starf, áðr en landfólkit hefði honum hlýðit orðit. En er hann þóttisk 25 fullkominn þar til landstjórnar, þá mintisk hann, hvat hann þóttisk eiga þess ríkis, er hann hafði eigi sjálfr varðveizlu yfir, en þat var í Nóregi; hann þóttisk eiga at erfðum Nóreg allan, en Hákon, systurson hans, þóttisk eiga suman, ok þat með, at hann þóttisk með svivirðing látit hafa; sá var einn hlutr til 30 þess, er þeir Knútr ok Hákon höfðu kyrru haldit um tilkall í Nóreg, at þá fyrst, er Óláfr Haraldzson kom í land, hljóp upp allr múgr ok margmenni ok vildi ekki heyra annat, en Óláfr skyldi vera konungr yfir landi öllu; en þá síðan, er menn þóttusk verða ósjálfráðir fyrir ríki hans, þá leituðu sumir í brot ór landi; 35 höfðu farit mjök margir ríkismenn á fund Knúts konungs eða ríkra bónda synir ok gefit sér ýmist til ørenda; en hvern þeira, er kom á fund Knúts konungs ok hann vildi þýðask, þá fengu allir af honum fullar hendr fjár. Mátti þar ok sjá tign miklu



meiri en í qðrum stöðum, bæði at fjölmenni því, er þar var síðægris, ok umbúnaði þeim qðrum, er þar var í þeim herbergjum, er hann átti ok hann var sjálfr í. Knútr inn ríki tók skatt ok skyld af þeim þjóðlondum, er auðgust váru á Norðr-  
 5 lönðum; en þeim mun öllum er hann átti meiri at taka en aðrir konungar, þá gaf hann ok því öllu meira en hverr konungr annarra. Í öllu ríki hans var friðr svá góðr, at engi þorði þar á at ganga; en sjálfir landzmenn höfðu frið ok fornan landzrétt. Af slíku feksk honum frægð mikil um öll lönd. En þeir, er af Nóregi  
 10 kómu, kærðu ófrelsi sitt margir ok tjáðu þat fyrir Hákonu jarli, en sumir fyrir sjálfum konungi, at Nóregs-menn mundu þá vera búnir til at hverfa aptr undir Knút konung ok jarlinn ok þiggja af þeim frelsi sitt. Þessar ræður fellu jarli vel í skap, ok kærði þat fyrir konungi ok bað hann leita eptir, ef  
 15 Óláfr konungr vildi upp gefa ríkit fyrir þeim eða miðla með sáttmáli nokkuru; váru hér margir flutningsmenn með jarli í sinni.

#### K. 131. Frá sendimönnum Knúts konungs.

Knútr inn ríki sendi menn vestan af Englandi til Nóregs,  
 20 ok var þeira ferð búin allvegliga; höfðu þeir bréf ok innsigli Engla-konungs Knúts. Þeir kómu á fund Óláfs Haraldzsonar Nóregs-konungs um vórit í Túnsbergi. En er konungi var sagt, at þar váru komnir sendimenn Knúts ins ríka, þá varð hann styggr við, segir svá, at Knútr myndi enga menn þangat senda  
 25 með þeim ørendum, er honum eða hans mönnum myndi gagn í vera, ok var þat nokkura daga, er sendimenn náðu ekki fundi konungs. En er þeir fengu lof til at mæla við hann, þá gengu þeir fyrir konung ok báru fram bréf Knúts konungs ok segja ørendi þau, sem fylgðu, at Knútr konungr kallar sína eign á  
 30 Nóregi öllum ok telur, at hans forellrar hafa þat ríki haft fyrir honum; en fyrir þeim sökum, at Knútr konungr vill friðr þjóða til allra landa, þá vill hann eigi herskildi fara til Nóregs, ef annars er af kostri; en ef Óláfr konungr Haraldzson vill vera konungr yfir Nóregi, þá fari hann á fund Knúts konungs ok  
 35 taki landit í lén af honum ok gerisk hans maðr ok gjaldi honum skatta slíka, sem jarlar guldu fyrr. Síðan báru þeir bréf fram ok sögðu þau alt slíkt it sama. Þá svarar Óláfr konungr: »þat hefi ek heyrt sagt í fornum frásögnum, at Gormr, konungr Dana, þótti vera gildir þjóðkonungr ok réð hann fyrir Danmörku einni;

en þessum Dana-konungum, er síðarr hafa verit, þykkir þat ekki einhlítt. Er nú svá komit, at Knútr ræðr fyrir Danmörku ok fyrir Englandi, ok hefir hann þó nú undir sik brotit mikinn hluta Skotlandz. Nú kallar hann til ættleifðar minnar í hendr mér. Kunna skyldi hann hóf at um síðir um ágirni sína, eða 5 mun hann einn ætla at ráða fyrir öllum Norðrlöndum?, eða mun hann einn ætla at eta kál alt á Englandi? Fyrr mun hann því afla, en ek færa honum höfuð mitt eða veita honum lotning né eina. Nú skuluð þér segja honum þau mín orð, at ek mun verja oddi ok eggju Nóreg, meðan mér endask lífdagar til, enda 10 gjalda engum manni skatt af ríki mínu«. Eptir þenna órskurd bjoggusk á brot sendimenn Knúts konungs, ok váru eigi ørendi fegnir. — Sigvatr skáld hafði verit með Knúti konungi, ok gaf Knútr konungr honum gullhring, þann er stóð hálfá mörk. Þá var ok þar með Knúti konungi Bersi Skáldtorfuson, ok gaf 15 Knútr konungr honum tvá gullhringa, ok stóð hvárr hálfá mörk, ok þar með sverð búit; svá kvað Sigvatr:

86. Knútr hefr ok enn ítri þér gaf hann mörk eða meira  
alldádögufugr bóðum margvittr ok hjör bitran  
hendr, es hilmí fundum, golls (ræðr görva öllu 20  
Húnn, skrautliga búnar; goð sjalfr), en mér halfa. —

Sigvatr gerði at athvarfi við sendimenn Knúts konungs ok spurði þá margra tíðenda. Þeir sögðu honum slíkt, er hann spurði, af viðræðum þeira Óláfs konungs ok svá frá ørendislokum; þeir segja, at hann hefði þungliga tekit þeira málum — 25 »ok vitum vér eigi, segja þeir, af hverjum hann hefir traust til slíks, at neita því at gerask maðr Knúts konungs ok fara á fund hans; ok myndi sá hans kostr beztr, þvíat Knútr konungr er svá mildr, at aldri gera höfðingjar svá stórt til við hann, at eigi gefi hann þat alt upp, þegar er þeir fara á fund hans ok veita 30 honum lotning; var þat nú fyrir skömmu, er til hans kómu ii. konungar norðan af Skotlandi af Fífi ok gaf hann þeim upp reiði sína ok lönd þau öll, er þeir höfðu áðr átt, ok þar með stórar vingjafir; þá kvað Sigvatr:

87. Hafa allframir jöfrar seldi Áleifr aldri 35  
út sín höfuð Knúti (opt vá sigr) enn digri  
færð ór Fífi norðan haus í heimi þvísa  
(friðkaup vas þat) miðju; (hann) engum svá manni.

Sendimenn Knúts konungs fóru apr leið sína, ok byrjaði þeim vel um hafit; fóru þeir síðan á fund Knúts konungs ok sögðu 40

honum ørendislok sín ok svá þau álykðarorð, er Óláfr konungr mælti síðarst við þá. Knútr konungr svarar: »eigi getr Óláfr konungr rétt, ef hann ætlar, at ek myna einn vilja eta kál alt á Englandi; ek munda vilja heldr, at hann fynni þat, at mér býr  
 5 fleira innan rifja en kál eitt; þvíat heðan skulu honum kold ráð koma undan hverju rífi«. Þat sama sumar kómu af Nóregi til Knúts konungs Áslákr ok Skjálgr, synir Erlings af Jaðri, ok fengu þar góðar viðtökur, þvíat Áslákr átti Sigríði, dóttur Sveins jarls Hákonarsonar; váru þau bræðrabörn ok Hákon  
 10 jarl Eiríksson. Fekk Knútr konungr þeim bræðrum veizlur stórar þar með sér.

### K. 132. Frá Óláfi konungi.

Óláfr konungr stefndi til sín lendum mönnum sínum ok fjölmentisk mjök um sumarit, þvíat þau fóru orð um, at Knútr inn  
 15 ríki myndi fara vestan um sumarit. Þóttusk menn þat spyrja af kaupskipum þeim, er vestan kómu, at Knútr myndi saman draga her mikinn á Englandi. En er á leið sumarit, þá sannaði annarr, en annarr synjaði, at herr myndi koma. En Óláfr konungr var um sumarit í Víkinni ok hafði menn á njósn, ef Knútr konungr  
 20 kvæmi til Danmerkr. Óláfr konungr sendi menn um haustit austr til Svíþjóðar á fund Qnundar konungs, mágs síns, ok lét segja honum orðsendingar Knúts konungs ok tilkall þat, er hann hafði við Ólaf konung um Nóreg, ok lét þat fylgja, at hann hygði, ef Knútr legði Nóreg undir sik, at Qnundr myndi litla hrið þaðan  
 25 í frá í friði hafa Svíaveldi, ok kallar þat ráð, at þeir byndi saman ráð sín ok risi í móti, ok segir, at þá skorti eigi styrk til at halda deilu við Knút konung. Qnundr konungr tók vel orðsending Óláfs konungs ok sendi þau orð í mót, at hann vill leggja félag-skap af sinni hendi við Ólaf konung, svá at hvárr þeira veitti  
 30 þörum styrk til af sínu ríki, hvárr sem fyrr þarf. Þat var ok í orðsending milli þeira, at þeir skyldu finnask ok ætla ráð fyrir sér. Ætlaði Qnundr konungr at fara um vetrinn eptir yfir Vestra-Gautland; en Óláfr konungr efnaði sér til vetrsetu í Sarpsborg. Knútr inn ríki kom þat haust til Danmerkr ok sat  
 35 þar um vetrinn með fjölmenni mikit. Honum var sagt, at menn ok orðsendingar hefði farit milli Nóregs-konungs ok Svíakonungs ok þar myndi stórræði undir búá. Knútr konungr sendi menn um vetrinn til Svíþjóðar á fund Qnundar konungs, sendi honum stórar gjafir ok vinmæli, segir svá, at hann mætti vel

kyrr sitja um deilur þeira Óláfs digra — »þvíat Qnundr konungr, segir hann, ok ríki hans skal í friði vera fyrir mér«. En er sendimenn kómu á fund Qnundar konungs, þá báru þeir fram gjafir þær, er Knútr konungr sendi honum, ok vináttu hans með. Qnundr konungr tók þeim ræðum ekki fljótt, ok þóttusk sendi- 5 menn þat á finna, at Qnundr konungr myndi vera mjök snúinn til vináttu við Ólaf konung; fóru þeir aptr ok segja Knúti konungi ørendislok sín ok þat með, at þeir báðu hann engrar vináttu vænta af Qnundi konungi.

## K. 133. Bjarmalandz-ferð.

Vetr þann sat Óláfr konungr í Sarpsborg ok hafði fjölmenni 10 mikit. Þá sendi hann Karla inn háleyska norðr í land með ørendum sínum. Fór Karli fyrst til Uplanda, síðan norðr um fjall, kom fram í Niðarósi, tók þar fé konungs, svá mikit sem hann hafði orð til send, ok skip gott, þat er honum þótti vel til fallit 15 ferðar þeirar, er konungr hafði fyrir ætlat, en þat var at fara til Bjarmalandz norðr; var svá ætlat, at Karli skyldi hafa félag konungs ok eiga hálf tó fé hvárr við annan. Karli helt skipinu norðr á Hálogaland snimma um várit; rézk þá til ferðar með honum Gunnsteinn, bróðir hans, ok hafði hann sér kaupeyri; þeir 20 váru nær hálfum þriðja tigi manna á skipi því. Fóru þegar um várit snimmendis norðr á mörkina. Þórir hundr spurði þetta; þá gerði hann menn ok orðsending til þeira bræðra ok þat með, at hann ætlar at fara um sumarit til Bjarmalandz; vill hann, at þeir hafi samflot ok hafi at jafnaði þat, er til fengjar verðr. Þeir 25 Karli senda þau orð at móti, at Þórir skyli hafa xxv. menn, svá sem þeir höfðu; vilja þeir þá, at af fé því, er fæsk, sé skipt at jafnaði milli skipanna, fyrir útan kaupeyri þann, er menn höfðu. En er sendimenn Þóris kómu aptr, þá hafði hann fram látit setja langskipsbúzu mikla, er hann átti, ok látit búa. Hann hafði til 30 skips þess húskarla sína, ok váru á skipinu nær lxxx. manna. Hafði Þórir einn forráð liðs þess ok svá aflan þá alla, er fengisk í ferðinni. En er Þórir var búinn, helt hann skipi sínu norðr með landi ok hitti þá Karla norðr í Sandveri. Síðan fóru þeir allir saman, ok byrjaði vel. Gunnsteinn ræddi við Karla, bróður sinn, 35 þegar er þeir Þórir hittusk, at honum þótti Þórir vera hólzti fjölmeðr — »ok ætla ek, segir hann, at þat væri ráðligra, at vér snørím aptr ok færím ekki svá, at Þórir ætti alla kosti við oss, þvíat ek trúí honum illa«. Karli segir: »eigi vil ek aptr hverfa;

en þó er þat satt, ef ek hefða vitat, þá er vér vörum heima í Langey, at Þórir hundr myndi koma í ferð vára með lið svá mikit, sem hann hefir, at vér myndim hafa haft fleiri manna með oss«. Þeir bræðr ræddu þetta við Þóri, spurðu, hverju þat gegndi, er 5 hann hafði menn miklu fleiri með sér, en svá sem orð höfðu um farit. Hann svarar svá: »vér höfum skip mikit ok liðskýilt; þykki mér í háskaförum slíkum eigi góðum dreng of aukit«. Fóru þeir um sumarit optast þannug, sem skipin gengu til. Þá er byrlétt var, gekk meira skipit þeira Karla, siglðu þeir þá undan, en þá er hvassara var, sóttu þeir Þórir þá eptir; váru þeir 10 sjaldan allir saman, en vissusk þó til jafnan. En er þeir kómu til Bjarmalandz, þá lögðu þeir til kaupstaðar; tóksk þar kaupstefna; fengu þeir menn allir fullræði fjár, er fé höfðu til at verja. Þórir fekk óf grávöru ok bjór ok safala. Karli hafði ok 15 allmikit fé, þat er hann keypti, skinnavöru marga. En er þar var lokit kaupstefnu, þá heldu þeir út eptir ánni Vínu; var þá sundr sagt friði við landz-menn. En er þeir koma til hafs út, þá eigu þeir skiparastefnu; spyr Þórir, ef mönnum sé nokkurr hugr á at ganga upp á land ok fá sér fjár; menn svöruðu, at 20 þess váru fúsir, ef féföng lægi brýn við. Þórir segir, at fé myndi fásk, ef ferð sú tækisk vel — »en eigi óvænt, at mannhætta gerisk í förinni«. Allir sögðu, at til vildu ráða, ef fjárván væri. Þórir segir, at þannug væri háttat, þá er auðgír menn önduðusk, at lausafé skyldi skipta með inum dauða ok örfum hans; skyldi 25 hann hafa hálf t eða þriðjung, en stundum minna; þat fé skyldi bera út í skóga, stundum í hauga, ok ausa við moldu; stundum váru hús at gör; hann segir, at þeir skyldi búask til ferðarinnar at kveldi dags. Svá var mælt, at engi skyldi renna frá öðrum, engi skyldi ok eptir vera, þá er stýrimenn segði, at í brot skyldi. 30 Þeir létu menn eptir at gæta skipa, en þeir gengu á land upp. Váru fyrst vellir sléttir, en þar næst mörk mikil. Þórir gekk fyrr en þeir bræðr, Karli ok Gunnsteinn. Þórir bað menn fara hljóðsamliga — »ok hleypið af trjánum berki, svá at hvert tré sé frá öðru«. Þeir kómu fram í rjóðr eitt mikit, en í rjóðrinu var 35 skíðgarðr hár, hurð fyrir ok læst. Vi. menn af landzmönnum skyldu vaka yfir skíðgarðinum hverja nótt, sinn þriðjung hverir ii. Þá er þeir Þórir kómu til skíðgarðsins, váru vökumenn heim gengnir, en þeir, er þar næst skyldu vaka, váru eigi komnir á vörðinn. Þórir gekk at skíðgarðinum ok krækði upp á øxinni, 40 las sik upp eptir; fór svá inn um garðinn öðrum megin hliðsins.

Hafði Karli þá ok komizk yfir garðinn ǫðrum megin hliðsins Kómu þeir jamsnimma til hurðarinnar, tóku þá frá slagbranda ok luku upp hurðina. Gengu menn þá inn í garðinn. Mælti Þórir: »í garði þessum er haugr, hrært alt saman gull ok silfr ok mold; skulu menn þar til ráða; en í garðinum stendr goð 5 Bjarma, er heitir Jómáli; verði engi svá djarfr, at hann ræni«. Síðan ganga þeir á hauginn ok tóku fé sem mest máttu þeir ok báru í klæði sín; fylgði þar mold mikil, sem ván var. Síðan mælti Þórir, at menn skyldu í brot fara; segir hann svá: »nú skuluð þit brœðr, Karli ok Gunnsteinn, fyrstir fara, en ek mun 10 síðarst«. Snöru þeir þá allir út til hliðsins. Þórir veik aptr til Jómála ok tók silfrbolla, er stóð í knjám honum; hann var fullr af silfrpenningum; steypði hann silfrinu í kilting sína, en dró á hönd sér höddu, er yfir var bollanum; gekk þá út til hliðsins. Þeir fǫrunautar vǫru þá komnir allir út ór skíðgarðinum; urðu 15 þá varir við, at Þórir hafði eptir dvalizk. Karli hvarf aptr at leita hans, ok hittusk þeir fyrir innan hliðit; sá Karli, at Þórir hafði þar silfrbollann. Síðan rann Karli at Jómálanum; hann sá, at digrt men var á hálsi honum. Karli reiddi til øxina ok hjó í sundr tygilinn aptan á hálsinum, er menit var fest við; varð högg 20 þat svá mikit, at höfuðit hraut af Jómála; varð þá brestr svá mikill, at ǫllum þeim þótti undr at. Tók Karli menit; fóru þeir þá í brot. En jamskjótt sem brestrinn hafði orðit, kómu fram í rjóðrit varðmenninir ok blésu þegar í horn sín; því næst heyrðu þeir lúðragang alla vega frá sér; sóttu þeir þá fram at skóginum 25 ok í skóginn, en heyrðu til rjóðrsins aptr óp ok kall; vǫru þar Bjarmar komnir. Þórir hundr gekk síðarst allra manna liðs síns; ii. menn gengu fyrir honum ok báru fyrir honum sekk; þar var í því líkast sem aska; þar tók Þórir í hendi sinni ok sœri því eptir í slóðina; stundum kastaði hann því fram yfir liðit; fóru svá 30 fram ór skóginum á vølluna. Þeir heyrðu, at herr Bjarma fór eptir þeim með kalli ok gaulun illiligri. Pustu þeir þá fram ór skóginum eptir þeim ok svá á tvær hliðar þeim; en hvergi kómu Bjarmar svá nær þeim eða vápn þeira, at mein yrði at; en þat kǫnnuðu þeir af, at Bjarmar sæi þá eigi; en er þeir kómu til 35 skipanna, þá gengu þeir Karli fyrstir á skip, þvíat þeir vǫru fremstir áðr, en Þórir var lengst á landinu. Þegar er þeir Karli kómusk á skip sitt, kǫstuðu þeir tjöldum af sér ok slógu festum; síðan drógu þeir segl sitt upp; gekk skipit brátt út á hafit. En þeim Þóri tóksk alt seinna; var skip þeira óauðráðnara; en er 40

þeir tóku til segls, þá váru þeir Karli komnir langt undan landi. Sigldu þá hváirtveggju yfir Gandvík; nótt var þá enn ljós; sigldu þeir þá bæði nætr ok daga, alt til þess, er þeir Karli lögðu aptan dags at eyjum nokkurum; lögðu þar segl ok kóstuðu  
 5 akkerum ok biðu þar straumfallz, þvíat røst mikil var fyrir þeim. Þá koma þeir Þórir eptir; leggjask þeir ok um akkeri. Síðan skutu þeir báti; gekk Þórir á ok menn með honum ok røru þeir þá til skips þeira Karla; gekk Þórir upp á skipit. Þeir bræðr heilsuðu honum vel. Þórir bað Karla selja sér menit —  
 10 »þykkjumk ek makligastr at hafa kostgripi þá, er þar váru teknir, þvíat mér þóttuð þér mín njóta, er undankvæma vár var með engum mannháska; en mér þóttir þú, Karli, stýra oss til ins mesta geigs«. Þá segir Karli: »Óláfr konungr á fé þat alt at helmingi, er ek afla í ferð þessi; nú ætla ek honum menit; far  
 15 þú á fund hans, ef þú vill, kann þá vera, at hann fái þér menit, ef hann vill fyrir því eigi hafa, er ek tók þat af Jómálanum«. Þá svarar Þórir ok segir, at hann vill, at þeir fari upp á eyna ok skipti fengi sínu. Gunnsteinn segir, at þá skipti straumum ok mál væri at sigla. Síðan draga þeir upp strengi sína. En er  
 20 Þórir sá þat, fór hann ofan í bátinn; røru þeir til skips síns. Þeir Karli höfðu þá dregit segl sitt ok váru langt komnir, áðr þeir Þórir hefði upp komit sínu segli. Fóru þeir þá svá, at þeir Karli sigldu ávalt fremri, ok höfðu við hváirtveggju alt slíkt, er máttu. Þeir fóru svá til þess, er þeir kómu í Geirsver; þar er  
 25 bryggjulægi fyrst er norðan ferr. Þar kómu þeir fyrst hváirtveggju aptan dags ok lögðu þar til hafnar í bryggjulægi; lágu þeir Þórir inn í höfninni, en þeir Karli váru í útanverðri höfninni. En er þeir Þórir höfðu tjaldat, þá gekk hann á land upp ok þeir menn mjök margir saman; fóru þeir til skips Karla; höfðu þeir  
 30 þá um búizk. Þórir kallaði út á skipit ok bað stýrimenn á land ganga. Þeir bræðr gengu á land ok nokkurir menn með þeim. Þá hóf Þórir ina sōmu ræðu sem fyrr, at hann bað þá á land ganga ok bera fé til skiptis, er þeir höfðu tekit at herfangi. Þeir bræðr sōgðu, at engi væri nauðsyn á því, fyrr en þeir kvæmi heim  
 35 í byggð. Þórir segir, at þat var eigi siðvenja at skipta herfangi eigi fyrr en heima ok hætta svá til um einorð manna. Þeir ræddu um þetta nokkurum orðum, ok þótti sinn veg hvárum. Þá snøri Þórir í brot; ok er hann var skamt kominn, þá veik hann aptr ok mælti, at fōrunautar hans skyldu biða þar; hann kallar á Karla:  
 40 »ek vil niala við þik einmæli« segir hann. Karli gekk í móti

honum. En er þeir hittusk, lagði Þórir spjóti til hans á honum miðjum, svá at í gögnum stóð. Mælti þá Þórir: »kenna máttu Karli þar einn Bjarkeyinginn; hugða ek ok, at þú skyldir kenna spjótit Selshefni«. Karli dó þegar; en þeir Þórir gengu aptr til skipsins. Þeir Gunnsteinn sá fall Karla; runnu þeir þegar til ok 5 tóku líkit, báru til skips síns, brugðu þegar tjöldum ok bryggjum ok heimtusk út frá landi; síðan drógu þeir segl ok fóru leið sína. Þeir Þórir sá þat; þá reka þeir tjöld af sér ok búask sem ákafligast; en er þeir drógu seglit, þá gekk í sundr stagit; fór seglit ofan þverskipa, varð þeim Þóri þat dvöl mikil, áðr þeir 10 kvæmi upp öðru sinni seglinu. Váru þeir Gunnsteinn þá langt komnir, er skriðr var at skipi Þóris. Gerðu þeir Þórir bæði, siglðu ok røru undir; slíkt sama gerðu þeir Gunnsteinn. Fóru þá hváirtveggju sem ákafligast dag ok nótt; dró seint saman með þeim, þvíat þegar er eyjasundin tóku til, þá varð mjúkara 15 at víkja Gunnsteins skipi; en þó drógu þeir Þórir eptir, svá at þá er þeir Gunnsteinn kómu fyrir Lengjuvík, þá snúa þeir þar at landi ok hljópu upp af skipinu ok á land upp; en lítlu síðarr koma þeir Þórir þar ok hlaupa upp eptir þeim ok elta þá. Kona ein gat hólpit Gunnsteini ok fólgit hann; ok er svá sagt, at sú 20 væri fjölkunnig mjök; ok fóru þeir Þórir aptr til skips, tóku fé þat alt, er á var skipinu Gunnsteins, en báru grjót í staðinn; fluttu skipit út á fjörðinn, hjoggu á raufar ok sökðu niðr. Síðan fóru þeir Þórir heim til Bjarkeyjar. Þeir Gunnsteinn fóru fyrst mjök hulðu höfði; fluttusk á smábátum, fóru um nætr, en lágu um 25 daga; fóru svá til þess, er þeir kómu fram um Bjarkey ok alt til þess, er þeir kómu ór sýslu Þóris. Fór Gunnsteinn fyrst heim í Langey ok dvalði þar skamma hríð; fór hann þá þegar suðr á leið; létti hann eigi fyrr en hann kom suðr í Prándheim ok hitti þar Óláf konung ok segir honum tíðendi slík, sem orðin váru í 30 Bjarmalandz-ferðinni. Konungr lét illa yfir þeira ferð, en bauð Gunnsteini með sér at vera ok segir þat, at hann skyldi leiðrétta mál Gunnsteins, þá er hann mætti við komask. Gunnsteinn þekðisk þat boð, ok dvalðisk hann með Óláfi konungi;

## K. 134. Sendimenn Óláfs konungs.

35

Svá var sagt fyrr, at Óláfr konungr var þann vetr austr í Sarpsborg, er Knútr inn ríki sat í Danmørk. Önundr Svía-konungr reið þann vetr yfir Vestra-Gautland, ok hafði meirr en xxx. hundraða manna. Fóru þá menn ok orðsendingar milli þeira



Óláfs konungs; gerðu þeir sín í milli stefnulag, at þeir skyldu hittask um várit við Konungahellu. Frestuðu þeir fundinum fyrir þá sök, at þeir vildu vita, áðr þeir fynnsk, hverjar tiltekjur Knútr konungr hefði. En er á leið várit, bjósk Knútr konungr 5 með liði sínu at fara vestr til Englandz; hann setti eptir í Danmørk Hørðaknútr, son sinn, ok þar með honum Úlf jarl, son Þorgils sprakaleggs. Úlfr átti Ástríði, dóttur Sveins konungs, en systur Knúts ins ríka; þeira sonr var Sveinn, er síðan var konungr í Danmørk. Úlfr jarl var inn mesti merkismaðr. Knútr ríki fór 10 vestr til Englandz. En er þat spurðu konungar, Óláfr ok Qnundr, þá fóru þeir til stefnunnar ok hittusk í Elfi við Konungahellu. Varð þar fagnafundur ok vináttumál mikil, svá at þat var bert fyrir alþýðu; en þó ræddu þeir marga hluti sín í milli, þá er þeir ii. vissu, ok varð þat sumt síðarr framgengt ok öllum 15 augljóst. En at skilnaði konunga skiptusk þeir gjöfum við ok skilðusk vinir. Fór þá Qnundr konungr upp á Gautland, en Óláfr konungr fór þá norðr í Víkina ok síðan út á Agðir ok þaðan norðr með landi, ok lá hann mjök lengi í Eikundasundi ok beið byrjar. Hann spurði, at Erlingr Skjálgsson ok Jaðarbyggjar með 20 honum lágu í samnaði ok hófðu her mannz. Þat var einn dag, at menn konungs ræddu sín í milli um veðr, hvárt væri sunnan eða útsynningr, eða hvárt þat veðr væri segltækt eða eigi fyrir Jaðar; tölðu þat flestir, at ósiglanda væri. Þá svarar Halldórr Brynjólfs-son: »þat munda ek ætla, segir hann, at siglanda myndi þykkja 25 þetta veðr fyrir Jaðar, ef Erlingr Skjálgsson hefði veizlu búit fyrir oss á Sóla«. Þá mælti Óláfr konungr, at af skyldi láta tjöldin ok leggja um skipunum; var svá gørt; sigiðu þeir þann dag fyrir Jaðar, ok dugði veðr it bezta; lögðu at um kveldit í Hvítungsey. Fór konungr þá norðr á Hørðaland ok fór þar at 30 veizlum.

#### K. 135. Dráp Þórálfs.

Vár þat hafði farit skip af Nóregi út til Færeyja; á því skipi fóru orðsendingar Óláfs konungs til þess, at koma skyldi útan af Færeyjum einn hverr þeira hirðmanna hans, Leifr Qzurarson eða 35 Gilli lögsgumaðr eða Þórálfr ór Dímun. En er þessi orðsending kom til Færeyja ok þeim var sagt sjálfum, þá ræða þeir sín á milli, hvat undir mun búa orðsendingunni; ok kom þat ásamt með þeim, at þeir hugðu, at konungr myndi vilja spyrja eptir um þau tíðendi, er sumir menn hófðu fyrir satt, at þar myndi gørzk hafa

í eyjunum um misfarar sendimanna konungs, þeira tveggja skip-  
sagna, er engi maðr hafði af komizk. Þeir réðu þat af, at Þórálfr  
skyldi fara; rézk hann til ferðar ok bjó byrðing, er hann átti, ok  
aflaði þar til manna; váru þeir á skipi x. eða xii. En er þeir  
váru búnir ok biðu byrjar, þá var þat tíðenda í Austrey í Gøtu 5  
at Prándar, at einn góðan veðrdag gekk Prándr í stofu, en þeir  
lágu í þøllum bróðursynir hans ii., Sigurðr ok Þórðr, þeir váru  
Þorlákssynir; inn þriði hét Gautr inn rauði, hann var enn frændi  
þeira. Allir váru þeir fósttrar Prándar gørviligir menn; var  
Sigurðr elztr þeira ok fyrir þeim mest í øllu. Þórðr átti 10  
kenningar-nafn, var hann kallaðr Þórðr inn lági; hann var þó  
manna hæstr, ok var hitt þó meirr, at hann var þrekligr ok ramr  
at afli. Þá mælti Prándr: »mart skipask á mannz ævi; ótítt var  
þá þat, er vér várum ungir, at menn skyldu sitja eða liggja  
veðrdaga góða, þeir er ungir váru ok til allz vel færir; myndi þat 15  
eigi þykkja líkligt inum fyrrum mǫnnum, at Þórálfr ór Dímun  
myndi vera þroskamaðr meiri en þér; en byrðingr sá, er ek hefi  
átt ok hér stendr í nausti, ætla ek at nú gerisk svá forn, at fúni  
undir bráðinu; er hér hús hvert fult af ullu ok verðr ekki til verðz  
haldit; myndi eigi svá, ef ek væra nǫkkurum vetrum yngri«. 20  
Sigurðr hljóp upp ok hét á þá Gaut ok Þórð, kvazk eigi þola  
frýju Prándar. Ganga þeir út ok þar til, er húskarlar váru;  
ganga þeir til ok setja fram byrðinginn; létu þeir þá flytja til  
farm ok hlóðu skipit; skorti þar eigi heima farm til, svá reiði  
allr með skipi; bjoggu þeir þat á fám dǫgum; váru þeir ok menn 25  
x. eða xii. á skipi. Tóku þeir Þórálfr út eitt veðr allir, vissusk  
til jafnan í hafinu. Þeir kómu at landi í Hernu aptan dags; lǫgðu  
þeir Sigurðr útar við strǫndina, ok var þó skamt milli þeira. Þat  
varð til tíðenda um aptaninn, er myrkt var ok þeir Þórálfr ætluðu  
til rekna búask, þá gekk Þórálfr á land upp ok annarr maðr með 30  
honum; leituðu þeir sér staðar. Ok er þeir váru búnir ofan at  
ganga, þá segir sá svá, er honum fylgði, at kastat var klæði yfir  
hǫfuð honum; var hann tekinn upp af jørðu; í því bili heyrði  
hann brest; síðan var farit með hann ok reiddr til fallz; en þar  
var undir sær ok var hann keyrðr á kaf, en hann komsk á land; 35  
fór hann þar til er þeir Þórálfr hǫfðu skilizk; hitti hann þar  
Þórálfr, ok var hann klofinn í herðar niðr ok var hann þá dauðr.  
Ok er þeir skipverjar urðu þessa varir, þá báru þeir lík hans  
út á skip ok náttsett. Þá var Óláfr konungr á veizlu í Lygru;  
váru þangat orð gǫr. Var þá stefnt ǫrvarboð eða þing, ok var 40

konungr á þingi. Hann hafði þangat stefna látit þeim Færeyingum af báðum skipum, ok váru þeir til þings komnir. En er þing var sett, þá stóð konungr upp ok mælti: »þau tíðendi eru hér orðin, er því er betr at slík eru sjaldgæt; hér er af lífi

5 tekinn góðr drengr, ok hyggju vér, at saklauss sé; eða er nokkurr sá maðr á þingi, er þat kunni at segja, hverr valdi er verks þessa?« — en þar gekk engi við — þá mælti konungr: »ekki er því at leyna, hverr minn áhugi er um verk þetta, at ek hygg á hendr þeim Færeyingum; þykki mér þannug helzt

10 at unnit, sem Sigurðr Þorláksson myndi hafa vegit manninn, en Þórðr inn lági myndi hinn hafa fœrt á kaf; en þat fylgir, at ek mynda þess til geta, at þat myndi til saka vera funnit, at þeir myndi eigi vilja, at Þórálfr segði eptir þeim ódáðir þær, er hann myni vitat hafa, at satt er, en oss hefir verit grunr

15 á, um morð þau ok illvirki, at sendimenn mínir hafi þar verit myrðir«. En er konungr hætti ræðu sinni, þá stóð upp Sigurðr Þorláksson; hann mælti: »ekki hefi ek talat fyrr á þingum; ætla ek mik munu þykkja ekki orðfiman, en þó ætla ek ærna rauðsyn til vera at svara nokkuru; vil ek þess til geta, at ræða

20 þessi, er konungr hefir uppi haft, myni vera komin undan tungurótum þeira manna, er miklu eru óvitrari en hann ok verri; en þat er ekki leynt, at þeir munu fullkomliga vilja vœra várir óvinir. Er þat ólíkliga mælt, at ek mynda vera vilja skaðamaðr Þórálfs, þvíat hann var fóstbróðir minn ok góðr vinr; en ef

25 þar væri nokkur önnur efni í ok væri sakir milli okkar Þórálfs, þá em ek svá viti börinn, at ek mynda heldr til þessa verks hætta heima í Færeyjum, en hér undir handarjaðri yðrum, konungr. Nú vil ek þessa máls synja fyrir mik ok fyrir oss alla skipverja; vil ek þar bjóða fyrir eiða, svá sem lög yður standa

30 til; en ef yðr þykkir hitt í nokkuru fullara, þá vil ek flytja járnburð; vil ek, at þér séð sjálfir við skírsluna«. En er Sigurðr hætti ræðu sinni, þá urðu margir til flutningar ok báðu konung, at Sigurðr skyldi ná undanfærslu, þótti Sigurðr vel hafa talat ok kváðu hann ósannan mundu at vera því, er honum var kent.

35 Konungr segir: »um þenna mann mun stórum skipta; ok ef hann er loginn þessu máli, þá mun hann vera góðr maðr; en at öðrum kosti þá mun hann vera nokkuru djarfari, en dømi munu til vera, ok er þat eigi miðr mitt hugboð; en get ek, at hann beri sér sjálfir vitni um«. En við þœn manna, þá tók konungr

40 ungr festu af Sigurði til járnburðar; skyldi hann koma eptir

um daginn til Lygru; skyldi byskup þar gera skírslu, — ok sleit svá þinginu. Fór konungr apr til Lygru, en Sigurðr ok þeir fǫrunautar til skips síns. Tók þá brátt at myrkva af nótt. Þá mælti Sigurðr við þá fǫrunauta: »þat er þó satt at segja, at vér höfum komit í mikit vandkvæði ok orðit fyrir álygi 5 mikilli, ok er konungr sjá þrögðóttir ok vélráðr, ok mun auðsær várr kost, ef hann skal ráða, þvíat hann lét fyrst drepa Þórálf, en hann vill nú gera oss at óbótamönnum; er honum lítit fyrir at villa járnburð þenna. Nú ætla ek þann verr hafa, er til þess hættir við hann; nú leggsk ok innan eptir sundinu fjallagol 10 nokkut; ræð ek þat, at vér vindim segl vart ok siglim út á haf; fari Þrándr annat sumar með ull sína, ef hann vill selja láta; en ef ek komumk í brot, þá þykki mér þess ván, at ek koma aldri síðan til Nóregs«. Þeim fǫrunautum þótti þetta snjallræði; taka þeir at setja upp segl sitt ok láta ganga um 15 nóttina í haf út, sem mest megu þeir; þeir létta eigi fyrr, en þeir koma í Færeyjar ok heim í Gøtu. Lét Þrándr illa yfir ferð þeira; þeir svǫruðu eigi vel ok váru þó heima með Þrándi.

#### K. 136. Frá Íslendingum.

Brátt spurði Óláfr konungr þat, er þeir Sigurðr váru í 20 brot farnir, ok lagðisk þá þungr orðrómr á um þeira mál; váru þeir margir, at þá kǫlluðu þess ván, at þeir Sigurðr mundu sonnu sagðir, er áðr höfðu synjat fyrir hann ok mælt í móti. Óláfr konungr var fárœðinn um þetta mál, en hann þóttisk vita þá sannendi á því, er hann hafði áðr grunat. Fór konungr þá 25 ferðar sinnar ok tók veizlur, þar er fyrir váru gǫrvar. Óláfr konungr heimti til máls við sik þá menn, er komit höfðu af Íslandi, Þórodd Snorrason, Gelli Þorkelsson, Stein Skaptason, Egil Hallzson. Þá tók konungr til máls: »þér hafið í sumar vakit við mik þat mál, at þér vilduð búask til Íslandz-ferðar, en 30 ek hefi eigi veitt órslit hingat til um þat mál; nú vil ek segja yðr, hvernug ek ætla fyrir. Gellir, þér ætla ek at fara til Íslandz, ef þú vilt bera þannug ørendi mín; en aðrir íslenzkir menn, þeir er nú eru hér, þá munu engir til Íslandz fara, fyrr en ek spyr, hvernug þeim málum er tekit, er þú, Gellir, skalt þannug 35 bera«. En er konungr hafði þetta upp borit, þá þótti þeim, er fúsir váru fararinnar ok bannat var, súrskapr mikill hafðr við sik, ok þótti seta sín ill ok ófrelsi. En Gellir bjósk til ferðar ok fór um sumarit til Íslandz ok hafði með sér orðsendingar þær

þangat, er hann flutti fram annat sumar á þingi. En sú var orð-  
 sending konungs, at hann beiddi þess Íslendinga, at þeir skyldu  
 taka við þeim lögum, sem hann hafði sett í Nóregi, en veita honum  
 af landinu þegngildi ok nefgildi, penning fyrir nef hvert, þann  
 5 er x. væri fyrir alin vaðmáls. Þat fylgði því, at hann hét monnum  
 vináttu sinni, ef þessu vildi játa, en elligar afarkostum, þá sem  
 hann mætti við komask. Yfir þessu tali sátu menn lengi ok réðu  
 um sín í milli, ok kom þat ásamt at lykðum með allra samþykki,  
 at neita skattgjöfum ok öllum álogum, þeim er kraft var. Ok  
 10 fór Gellir þat sumar útan ok á fund Óláfs konungs ok hitti  
 hann þat haust í Vík austr, þá er hann var kominn af Gautlandi  
 ofan, svá sem ek vænti, at enn skal sagt verða síðarr í sögu  
 Óláfs konungs. Þá er á leið haustit, sótti Óláfr konungr norðr  
 í Þrándheim ok helt liði sínu til Niðaróss; lét þar búa til vetrsetu  
 15 sér. Sat Óláfr konungr þann vetr eptir í kaupangi; sá var inn  
 xiii. vetr konungsdóms hans.

#### K. 137. Frá byggving Jamtalandz.

Ketill jamti hét maðr, sonr Qnundar jarls ór Sparabúi í  
 Þrándheimi; hann flýði fyrir Eysteini konungi illráða austr um  
 20 Kjöl; hann ruddi markir ok byggði þar, sem nú heitir Jamta-  
 land. Austr þangat flýði ok fjölði manna ór Þrándheimi fyrir  
 þeim ófriði, þvíat Eysteinn konungr skattgildi Þrændi ok setti  
 þar til konungs hund sinn, er Saurr hét. Sonarsonr Ketils var  
 Þórir helsingr; við hann er kent Helsingjaland; þar byggði  
 25 hann. En er Haraldr inn hárfagri ruddi ríki fyrir sér, þá stukku  
 eun fyrir honum fjölði manna ór landi, Þrændir ok Naumdælir,  
 ok gerðusk þá enn byggðir austr um Jamtaland, ok fóru sumir  
 alt í Helsingjaland austan frá hafinu, ok váru þeir lýðskyldir  
 undir Svía-konung. En er Hákon Adalsteinsfóstri var yfir  
 30 Nóregi, þá settisk friðr ok kaupferð ór Þrándheimi til Jamta-  
 landz, en fyrir sakir vinsælða konungs, þá sóttu Jamtr austan  
 á fund hans ok játuðu honum hlýðni sinni ok guldu honum  
 skatt; setti hann þeim lög ok landrétt; vildu þeir heldr þýðask  
 undir hans konungdóm en undir Svía-konung, þvíat þeir váru  
 35 af Norðmanna ætt komnir; ok svá gerðu Helsingjar þeir allir,  
 er ækkaðir váru norðan um Kjöl, ok helzk þat lengi síðan, alt  
 til þess er Óláfr digri ok Óláfr inn scenski Svía-konungr deildu  
 um landaskipti, þá hurfu Jamtr ok Helsingjar undir Svía-  
 konung, ok réð þá landaskipti austan Eiðaskógr, en þá Kilir

alt norðr til Finnmerkr; tók Svía-konungr þá skatta af Helsingjalandi ok svá af Jamtalandi. En Óláfi konungi þótti þat komit hafa í sáttmál með þeim Svía-konungi, at annan veg skyldi fara skattr af Jamtalandi, en at fornu hafði verit; en þó hafði þat langa stund svá staðit, at Jamtr höfðu þá Svía-kon-<sup>5</sup> ungi skatt goldit, ok þaðan höfðu verit sýslumenn yfir landinu; vildu þá ok Svíar ekki heyra annat, en undir Svía-konung hyrfi alt land, þat er lá fyrir austan Kjölu. Var þat svá sem opt eru dæmi, þó at mágsemðir ok vinátta væri með konungum, at þó vildi hvártveggi hafa ríki þat alt, er hann þóttisk nokkura<sup>10</sup> tiltölu eiga. Hafði Óláfr konungr látit fara orð um til Jamtalandz, at þat var hans vili, at Jamtr veitti honum lýðskyldi, en heitit þeim afarkostum elligar; en Jamtr höfðu gort ráð sitt, at þeir vildu hlýðni veita Svía-konungi.

## K. 138. Saga Steins.

15

Þóroddr Snorrason ok Steinn Skaptason unðu illa, er þeir fóru eigi í sjálfræði. Steinn Skaptason var manna fríðastr ok bezt at sér górr um íþróttir, skáld gott ok skartsmaðr mikill ok metnaðarfullr. Skapti, faðir hans, hafði ort drápu um Ólaf konung ok hafði kent Steini; var svá ætlat, at hann skyldi færa<sup>20</sup> kvæðit konungi. Steinn bazk eigi orða ok ámælis við konung bæði sundrausum orðum ok samföstum. Báðir váru þeir Þóroddr óvarmæltir, segja svá, at konungr vildi verr hafa, en þeir, er sonu sína höfðu sent honum til trúnaðar, en konungr lagði þá í ófrelsi. Konungr reiddisk. Þat var einn hvern dag, er Steinn<sup>25</sup> Skaptason var fyrir konungi ok spurði hann máls, ef hann vildi hlýða drápu þeiri, er Skapti faðir hans hafði ort um konung. Hann segir: »hitt mun fyrst til, Steinn, at þú kveðir þat, er þú hefir ort um mik«. Steinn segir, at þat er ekki, er hann hefir ort — »em ek ekki skáld, konungr, segir hann, en þótt<sup>30</sup> ek kynna yrkja, þá myndi yðr þykkja þat, sem annat um mik, heldr lítivægligt«. Gekk Steinn þá í brot ok þóttisk finna, hvar til hann mælti. Þorgeirr hét ármaðr konungs, er réð fyrir búi hans í Orkadal; hann var þá með konungi ok heyrdi á roeður þeira Steins. Fór Þorgeirr heim lítlu síðarr. Þat var á einni<sup>35</sup> hverri nótt, at Steinn hljóp í brot ór bænum ok skósveinn hans með honum; fóru þeir upp um Gaularás, svá út til þess, er þeir kómu í Orkadal; en at kveldi kómu þeir til konungsbús þess, er Þorgeirr réð fyrir; bauð Þorgeirr Steini þar at vera

um nóttina ok spurði, hverju gegndi um farar hans. Steinn bað hann fá sér hest ok sleða með; sá hann, at þar var heim ekit korni. Þorgeirr segir: »eigi veit ek, hvernug af stenzk um fõr þína, hvárt þú ferr nõkkut í konungs leyfi; þótti mér 5 fyrra dags ekki mjúkt orð milli ykkar konungs«. Steinn mælti: »þótt ek sjá at engu sjálfráðr fyrir konungi, þá skal ek ekki svá fyrir þrælum hans«; brá hann sverði ok drap hann síðan ármanninn, en hann tók hestinn ok bað sveininn hlaupa á bak, en Steinn settisk í sleðann; fóru þá veginn, óku nótt alla; fóru 10 þeir ferðar sinnar, til þess er þeir kómu ofan á Mœri í Súrnadal; síðan fá þeir sér flutningar yfir fjörðu; fór hann sem ákafiligast. Ekki sögðu þeir monnum víg þetta, þar sem þeir kómu, en kõlluðusk vera konungsmenn; fengu þeir góðan forbeina, hvar sem þeir kómu. Þeir kómu at kveldi eins dags í Gizka til bús 15 Þorbergs Árnasonar; var hann eigi heima, en kona hans var heima Ragnhildr, dóttir Erlings Skjalgssonar. Fekk Steinn þar allgóðar viðtekjur, þvíat þar vátu áðr kunnleikar miklir með þeim. Sá atburðr hafði áðr orðit, þá er Steinn hafði farit af Íslandi, átti hann þá sjálfr skip þat, er hann kom af hafi útan 20 at Gizka ok lágu þar við eyna, þá lá Ragnhildr ok skyldi léttari verða ok var allþungt haldin, en prestur var engi í eyjunni ok engi nær. Var þá komit til kaupskipsins ok spurt at, ef þar væri prestur nõkkurr; þar var einn prestur á skipi, er Bárðr hét, vestfirzkr maðr ungr ok lærðr heldr lítt. Sendimenn báðu prest 25 fara með sér til húss; honum þótti sem þat myndi vera vandi mikill, en vissi fákunnandi sína ok vildi eigi fara. Þá lagði Steinn orð til við prest ok bað hann fara. Prestur svarar: »fara mun ek, ef þú ferr með mér; þykki mér traust at því til umráða«. Steinn segir, at hann vill víst þat til leggja. Síðan fara þeir 30 til bæjarins ok þar til, er Ragnhildr var. Litlu síðarr fœddi hon barn, þat var mæ, ok þótti heldr ómáttuligt. Þá skírði prestur barnit, en Steinn helt meyjunni undir skírn, ok hét sú mæ Þóra. Steinn gaf meyjunni fingrgull. Ragnhildr hét Steini vináttu sinni fullkominni, ok hann skyldi þangat koma á hennar 35 fund, ef hann þættisk hennar liðsemðar þurfa. Steinn segir svá, at hann myndi eigi fleirum meybörnum undir skírn halda — ok skilðusk þau at svá búnu. En nú var þar komit, er Steinn heimti þessi vilmæli at Ragnhildi ok segir, hvat hann hefir hent, ok svá þat, at hann mun hafa orðit fyrir reiði konungs. 40 Hon segir svá, at máttur skal at magni um liðveizlu hennar, bað

hann þaðan bíða Þorbergs, skipaði honum it næsta Eysteini orra, syni sínum; hann var þá xii. vetra gamall. Steinn gaf gjafir þeim Ragnhildi ok Eysteini. Þorbergr hafði spurt alt um farar Steins, fyrr en hann kvæmi heim, ok var hann heldr ófrýnn. Ragnhildr gekk til máls við hann ok segir honum um farar 5 Steins ok bað hann taka við Steini ok sjá á mál hans. Þorbergr segir: »ek hefi spurt, segir hann, at konungr hefir eiga látit orvarþing eptir Þorgeir, ok Steinn er útlagr gorr, svá þat, at konungr er inn reiðasti; ok kann ek mér meiri svinnu, en at takask á hendr einn útlendan mann ok hafa þar fyrir reiði konungs; 10 láttu Stein fara í brot heðan sem skjótast«. Ragnhildr svarar, segir, at þau mundu bæði í brot fara eða bæði þar vera. Þorbergr bað hana fara, hvert er hon vildi — »vænti ek þess, segir hann, þótt þú farir, at þú komir skjótt aptr, þvíat hér munu vera metorð þín mest«. Þá gekk fram Eysteinn orri, sonr þeira; 15 hann mælti ok segir svá, at hann mun eigi eptir vera, ef Ragnhildr færi í brot. Þorbergr segir, at þau lýstu mikla þrágirni ok ákaflyndi í þessu — »ok er þat nú vænst, segir hann, at þit ráðið þessu, þó þykkir ykkir allmiklu skipta; en ofmjök er þér ættgengt, Ragnhildr, at virða lítils orð Óláfs konungs«. Ragnhildr segir: »ef þér vex allmjök fyrir augum at halda Stein, þá far þú sjálfr með honum á fund Erlings, fõður míns, eða fá honum þat foruneyti, er hann komisk þangat í friði«. Þorbergr segir, at hann mun ekki Stein þangat senda — »ok mun Erlingi þó ærit mart til handa bera, þat er konungi sé misþokki á«. 25 Var Steinn þar um vetrinn. En eptir jól kómu til Þorbergs sendimenn konungs með þeim orðum, at Þorbergr skal koma á fund hans fyrir miðja fõstu, ok er lagt ríkt við þessa orðsending. Þorbergr bar þat fyrir vini sína ok leitaði ráðs, hvárt hann skyldi á þá hættu leggja, at fara á fund konungs at svá 30 fõrnu máli; en fleiri lottu ok kõlluðu þat ráð, at láta fyrr Stein af hõndum en fara á vald konungs. Þorbergr var hins fúsari, at leggjask eigi ferð undir hõfuð. Nõkkuru síðarr fór Þorbergr til fundar við Finn, bróður sinn, ok bar þetta mál fyrir hann ok bað hann til farar með sér. Finnr svarar, segir, at honum 35 þótti ilt ofkvæni slíkt, at þora eigi fyrir konu sinni at halda einorð við lánardróttin sinn. »Kost muatu eiga, segir Þorbergr, at fara eigi; en þó ætla ek, at þú letisk meirr fyrri hræzlu sakir, en hollostu við konung«. Skilðusk þeir reiðir. Síðan fór Þorbergr á fund Árna Arnasonar, bróður síns, ok segir honum 40



þetta mál svá búit ok það hann fara með sér til konungs. Árni segir: »undarligt þykki mér um þik, svá vitran mann ok fyrirleitinn, er þú skalt rasat hafa í svá mikla óhamingju ok hafa fengit konungs reiði, þar er engi bar nauðsyn til; þat væri  
 5 nökkur várkunn, at þú heidir frænda þinn eða fóstbróður, en þetta allz engi, at hafa tekizk á hendr mann íslenzkan, at halda útlaga konungs, ok hafa nú þik í veði ok alla frændr þína«. Þorbergr segir: »svá er sem mælt er: einn er aukvisi ættar hverrar; sú óhamingja fōður míns er mér auðsæst, hversu honum  
 10 glapnaði sona eign, er hann skyldi fá þann síðarst, er engi líkendi hefir várrar ættar ok dáðlauss er; myndi þat sannast, ef mér þœtti eigi við móður mína skōmm mælt, at ek mynda þik aldriki kalla várn bróður«. Snøri þá Þorbergr í brot ok fór heim ok var heldr ókátr. Síðan sendi hann orð norðr til Þránd-  
 15 heims á fund Kálfs, bróður síns, ok það hann koma til Agðaness móti sér. Ok er sendimenn hittu Kálf, þá hét hann ferðinni ok hafði engi orð fyrir. Ragnhildr sendi menn austr á Jaðar til Erlings, fōður síns, ok það hann senda sér lið. Þaðan fóru synir Erlings, Sigurðr ok Þórir, ok hafði hvárr þeira tvítōgsessu,  
 20 ok á lxxxx. manna. En er þeir kómu norðr til Þorbergs, þá tók hann við þeim sem bezt ok feginsamligast. Bjósk hann þá til farar ok hafði Þorbergr tvítōgsessu. Fóru þeir þá norðr leið sína. Ok er þeir kómu ....., þá lágu þar fyrir Finn ok Árni, brœðr Þorbergs, með ii. tvítōgsessur. Fagnaði Þorbergr  
 25 vel brœðrum sínum ok segir, at þá hefði tekit brýningunni. Finn kvað þess sjaldan hafa þurft við sik. Síðan fóru þeir með liði því öllu norðr til Þrándheims, ok var þar Steinn í fōr. Ok er þeir kómu til Agðaness, þá var þar fyrir Kálfr Arnason, ok hafði hann xx.-sessu vel skipaða. Fóru þeir með því liði inn  
 30 til Niðarhólms ok lágu þar um nótt. Eptir um morgininn áttu þeir tal sitt; vildi Kálfr ok synir Erlings, at þeir fœri öllu liðinu inn til bæjarins ok léti þá skeika at skōpuðu; en Þorbergr vildi, at fyrst væri með vægð farit ok láta boð bjōða; samþykðisk Finn því ok Árni. Var þá þat af ráðit, at þeir Finn ok Árni  
 35 fóru fyrst til fundar við Ólaf konung, fáir menn saman. Konungr hafði þá spurt um fjōlmenni þat, er þeir hōfðu, ok var hann heldr styggr í rœðunni þeira. Fiðr bauð boð fyrir Þorberg ok svá fyrir Stein — bauð hann, at konungr skyldi fé gera svá mikit, sem hann vildi, en Þorbergr hafa landzvist ok veizlur  
 40 sínar, Steinn lífs grið ok lima. Konungr segir: »svá lízk mér

sem þessi fór myni vera svá at þér mynið nú þykkjask hafa hálf ráð við mik eða meirr; en þess mun mik sízt vara af yðr brœðrum, at þér munduð með her fara í móti mér; keuni ek ráð þessi, er þeir Jaðarbyggjar munu hafa upp hafit; en ekki þarf mér fé bjóða«. Þá segir Finnur: »ekki hofum vér brœðr 5 haft fyrir þá sök liðsamnað, at vér mynim ófrið bjóða yðr, konungr; heldr berr hitt til, konungr, at vér viljum yðr fyrst bjóða vára þjónostu; en ef þér neitið ok ætlið Þorbergi nokkura afarkosti, þá munu vér fara allir með lið þat, er vér hofum, á fund Knúts ins ríka«. Þá leit konungrinn við honum ok mælti: »ef þér 10 brœðr vilið veita mér svardaga til þess, at fylgja mér innanlandz ok útanlandz ok skiljask eigi við mik, nema mitt lof ok leyfi sé til, eigi skuluð þér leyna mik, ef þér vitið mér ráðin svikræði, þá vil ek taka sætt af yðr brœðrum«. Síðan fór Finnur aptr til liðs síns ok segir þessa kosti, er konungr hafði gort 15 þeim; bera þeir nú saman orð sín; segir Þorbergr, at hann vill þenna kost fyrir sína hönd — »em ek ófúss, segir hann, at flýja af eignum mínum ok sækja til útlendra hofðingja; ætla ek mér munu ávalt at sœmð, at fylgja Óláfi konungi ok vera þar sem hann er«. Þá segir Kálfr: »enga eiða mun ek vinna 20 konungi, en vera þá eina hríð með konungi, er ek held veizlum mínum ok oðrum metorðum ok konungr vill vera vinr minn; ok er þat minn vili, at svá gerim vér allir«. Finnur svarar: »til þess mun ek ráða, at láta Ólaf konung einn ráða skildogum milli okkar«. Árni Arnason segir svá: »ef ek em ráðinn til at fylgja 25 þér, Þorbergr bróðir, þóttu vilir berjask við konung, þá skal ek eigi við þil skiljask, ef þú tekr betra ráð, ok mun ek fylgja ykkur Finni ok taka þann kost, sem þit séð ykr til handa«. Gengu þeir þá þrír brœðr á eitt skip, Þorbergr, Finnur, Árni, ok røru inn til bæjar ok síðan gengu þeir á konungs fund. Fór þá fram þetta sáttmál, at þeir brœðr svorðu konungi eiða. Þá leitaði Þorbergr Steini sættar við konung; en konungr segir, at Steinn skyldi fara í friði fyrir honum, hvert er hann vildi — »en eigi mun hann með mér vera síðan« segir hann. Þá fóru þeir Þorbergr út til liðsins. Fór þá Kálfr inn á Eggju, en Finnur 30 fór til konungs, en Þorbergr ok annat lið þeira fór heim suðr. Steinn fór suðr með sonum Erlings; en um vart snimma fór hann vestr til Englands, en síðan til handa Knúti inum ríka ok var með honum lengi í góðu yfirlæti.

## K. 139. Ferð Finnz Árnasonar á Hálogaland.

Þá er Finnr Árnason hafði litla hríð dvalizk með Óláfi konungi, var einn hvern dag, at konungr kallar Finn til máls við sik ok enn fleiri menn, þá er hann var vanr at hafa við 5 ráðagørðir sínar. Þá tók konungr til máls ok segir svá: »sú ráðagørð staðfestisk í skapi mér, at ek ætla í vár at bjóða út leiðangri af landi ǫllu, bæði at liði ok at skipum, ok fara síðan með her þann allan, er ek má til fá, í mót Knúti inum ríka, þvíat ek veit um tilkall þat, er hann hefir upp hafit til ríkis 10 í hendr mér, at hann mun eigi ætla at hafa þat fyrir hégómamál. Nú er þér þat at segja, Finnr Árnason, at ek vil, at þú farir sendiferð mína norðr á Hálogaland, ok hafið þar útboð, bjóðið út almenningi at liði ok at skipum ok stefnið því liði til móts við mik til Agðaness«. Síðan nefndi konungr aðra menn 15 til ok sendi suma inn í Prándheim, en suma suðr í land, svá at hann lét þetta boð fara um alt land. Þat er at segja frá fgr Finnz, at hann hafði skútu ok á nær xxx. manna; en er hann var búinn, fór hann ferðar sinnar, til þess er hann kom á Hálogaland; þá stefndi hann þing við bóendr; bar þá upp 20 ǫrendi sitt ok krafði leiðangrs. Bœndr áttu í heraði skip stór leiðangrsfœr; skipuðusk þeir við orðsending konungs ok bjoggu skip sín. En er Finnr sótti norðr á Hálogaland, þá átti hann þing, en sendi menn sína ǫkkura at krefja útboðsins, þar er honum sýndisk. Finnr sendi menn í Bjarkey til Þóris hundz, lét 25 þar krefja leiðangrs, sem annars staðar. En er Þóri kómu boð konungs, þá bjósk hann til ferðar ok skipaði af húskǫrlum sínum skip þat, er hann hafði haft áðr um sumarit til Bjarmalandz; bjó þat með sínum eins kostnaði. Finnr stefndi saman Hál-eygjum í Vágum, ǫllum þeim er norðr váru þaðan; kom þar 30 saman um várit lið mikit, ok biðu allir til þess, er Finnr kom norðan; var þar þá ok kominn Þórir hundr. En er Finnr kom, þá lét hann þegar blása til húspings leiðangrsliði ǫllu; en á þingi því sýndu menn vápn sín; svá var þá ok rannsakat útboðit í hverri skipreiðu. En er þat var greitt, þá mælti Finnr: »þik 35 vil ek at þessu kveðja, Þórir hundr, hver boð viltu bjóða Óláfi konungi fyrir aftǫku Karla, hirðmannz hans, eða fyrir rán þat, er þú tókt fé konungs norðr í Lengjuvik? Nú hefi ek umboð konungs til þessa máls; en ek vil nú vita svgr þín«. Þórir lítaðisk um ok sá til hvárrartveggju handar sér standa marga

menn alvápnada; kendi þar Gunnstein ok fjöldi annarra frænda Karla. Þá mælti Þórir: »skjót eru boð mín, Finnur, at ek vil mál alt festa í konungs dóm, þat er honum þykkir at við mik«. Finnur svarar: »hitt er nú vænst, at þér sé minni virðingar af unt, þvíat nú mun verða at festa minn dóm á, ef sættask skal«. 5 Þórir segir: »þá ætla ek enn allvel komit ok skal þat ekki undan draga«. Gekk þá Þórir fram til festu, ok skildi Finnur þat mál fyrir alt; síðan segir Finnur upp sættina, at Þórir skyldi gjalda konungi x merkr gullz, en Gunnsteini ok þeim frændum aðrar x. merkr, en fyrir rán ok féskaða inar þriðju x. merkr — »en 10 gjalda upp nú þegar« segir hann. Þórir segir: »þetta er mikit féggjald«. »Hinn er annarr kostur, at lokit sé sætt allri« segir Finnur. Þórir segir, at Finnur myndi ljá honum þeira fresta, at hann leitaði lána af sveitungum sínum. Finnur bað hann gjalda þar í stað, ok þó um fram, at Þórir skyldi fram selja menit þat 15 it mikla, er hann tók af Karla dauðum. Þórir kvazk ekki men hafa tekít. Þá gekk fram Gunnsteinn ok segir, at Karli hafði men á hálsi, þá er þeir skilðusk — »en þá var í brott, er vér tókum lík hans«. Þórir segir, at hann hefði ekki huga leitt um men þat — »en þótt vér hefðim nokkut men, þá mun þat heima 20 liggja í Bjarkey«. Þá setti Finnur spjótsoddinn fyrir brjóst Þóri ok segir, at hann skyldi þá fram selja menit; Þórir tók þá menit af hálsi sér ok seldi Finni. Síðan snæri Þórir í brot ok gekk út á skip sitt. Finnur gekk eptir honum út á skipit ok mart manna með honum. Gekk Finnur eptir skipinu, ok tóku þeir upp rúmin. 25 En við siglu sá þeir undir þiljum niðri tunnur ii. miklar, svá at þeim þótti mikil furða at; Finnur spurði, hvat í tunnum þeim var. Þórir segir, at þar lá í drykk hans. Finnur mælti: »hví gefr þú oss eigi at drekka, félagsmaðr, svá mikinn drykk sem þér hafid?«. Þórir mælti við mann sinn, at renna skyldi ór tunnunni í bolla. 30 Síðan var þeim Finni gefit at drekka, ok var þat inn bezti drykkur. Þá bað Finnur Þóri reida féit. Þórir gekk eptir skipinu fram ok aprt ok talaði við menn ýmsa. Finnur kallaði, bað hann bera fram féit. Þórir bað hann ganga upp á land ok kvazk þar mundu greiða. Þá gekk Finnur á land upp ok hans menn. Þá kom þar Þórir ok 35 greiddi silfr; var þar reitt ór einum sjóð x. merkr vegnar; þá lét hann fram knýtiskauta marga; var í sumum mörk vegin, sumum hálf eða aurar nokkurir. Þá mælti Þórir: »þetta er lánfé, er ýmsir menn hafa lét mér, þvíat uppi ætla ek skotsilfr mjök, þat er ek á«. Síðan gekk Þórir á skip út, en er hann kom aprt, 40

reiddi hann silfr smám ok smám; þá leið á daginn; en þegar er þinginu sleit, þá gengu menn til skipa sinna ok bjoggusk til brotlogu; tóku þá menn at sigla, þegar er búnir váru; kom þá svá, at flestir menn höfðu siglt. Sá Finnur þá, at þyntisk liðit um hann; kölluðu menn þá á hann ok báðu hann verða búinn. Var þá enn eigi greiddr einn þriðjungur fjárins; þá mælti Finnur: »seint gengr þó, Þórir, greizlan; sé ek, at þér þykkir mikit fyrir at greiða féit; skal nú ok kyrt láta vera fyrst; skaltu nú gjalda konungi þat er eptir er«. Stóð þá Finnur upp. Þórir segir: »vel þykki mér þat, Finnur, at vit skilim; en vilja skal ek til hafa at gjalda þessa skyld svá, at konungi þykki eigi vargoldit ok báðum ykkur«. Þá gekk Finnur til skips síns ok siglði fram eptir liði sínu. Þórir verðr seint búinn ór höfninni; en er segl þeira kom upp, þá heldu þeir út um Vestfjörð ok síðan á haf út ok svá suðr með landi, at sær var í miðjum hliðum eða stundum vatnaði land; lét svá ganga suðr, alt þar til er hann siglði í Englandzhaf, ok kom fram á Englandi; fór síðan á fund Knúts konungs, ok tók hann vel við honum. Kom þá þat upp, at Þórir hafði þá þar óf lausafjár, hafði þar þat fé alt, er þeir höfðu tekit á Bjarmalandi hváirtveggju ok Karli; en í tunnum þeim inum miklum þá var botn skamt frá hinum botni, ok var þar í millum drykkur, en tunnan sjálf hvár tveggja var full af grám skinnum ok bjór ok safala. Var Þórir þá með Knúti konungi. Finnur Arnason fór með liði því til Óláfs konungs, segir honum alt frá ferð sinni ok svá þat, at hann kvazk hyggja, at Þórir væri ór landi farinn ok vestr til Englandz á fund Knúts ins ríka — »ok ætla ek hann munu vera oss allóþarfann«. Konungr segir: »trúi ek því, at Þórir mun vera oss óvinr, ok þykki mér hann ávalt betri firr mér en nærr«.

30 K. 140. Deila Háreks ok Ásmundar Grankelssonar.

Ásmundr Grankelsson hafði verit þann vetr á Hálogalandi í sýslu sinni ok var heima með feðr sínum Grankeli. Þar liggur til hafs útver, er bæði var sela at veiða ok fugla, eggver ok fiskver, ok þat hafði legit at fornu fari til bæjar þess, er Grankell 35 átti. En Hárekr ór Þjóttu veitti þar tilkall; var þá svá komit, at hann hafði haft af verinu öll gøgn nokkur misseri. En þá þóttisk Ásmundr ok þeir feðgar hafa traust konungs til allra réttra mála. Fóru þeir feðgar þá báðir um várít á fund Háreks ok segja honum orð ok jartegnir Óláfs konungs, at Hárekr skyldi láta af

tilkalli um verit. Hárekr svarar því þungliga, segir, at Ásmundr fór til konungs með slíku rógi ok qðru — »hefi ek ǫll sannendi til míns máls; skyldir þú, Ásmundr, kunna at ætla þér hóf, þótt þú þykkisk nú mikill fyrir þér, er þú hefir konungs traust; er svá ok, ef þér skal hlýða at drepa suma hǫfðingja ok gera at 5 óbótamönnum, en ræna oss, er enn þóttumk fyrr meirr kunna at halda til fullz, þó at oss væri jafnbornir menn; en nú er þat allfjarri, at þér séð jafnaðarmenn mínir fyrir ættar sakir«. Ásmundr svarar: »þess kenna margir af þér, Hárekr, at þú ert frændstórr ok ofreflismaðr; sitja margir um skǫrðum hlut fyrir 10 þér, en þó er þat nú líkligast, at þú, Hárekr, verðir í annan stað til at leita, at hafa fram ójafnað þinn en við oss eða taka svá mjök aflaga, sem þetta er«. Skilðusk þeir síðan. Hárekr sendi húskarla sína x. eða xii. með róðrarferju nǫkkura mikla. Þeir fóru í verit, tóku þar allz konar veiðifang ok hlóðu ferjuna; en 15 er þeir váru brot búnir, þá kom þar at þeim Ásmundr Grankelsson með xxx. manna ok bað þá laust láta fang þat alt. Húskarlar Háreks svǫruðu um þat heldr óbrátt; síðan veittu þeir Ásmundr þeim atgöngu; kendi þá liðsmunar; váru húskarlar Háreks sumir barðir, sumir særðir, sumir á kaf færðir, ok fengr allr í brot 20 borinn af skipi þeira, ok hǫfðu þeir Ásmundr þat með sér. Kómu húskarlar Háreks heim við svá búit ok segja Háreki frá ferð sinni; hann svarar: »tíðendi þykkja nýnæmi ǫll; þetta hefir eigi fyrr gǫrt verit, at berja menn mína«. Var þat mál kyrt, ok lagði Hárekr eigi orð í ok var inn kátasti. Hárekr lét búa um vǫrit 25 snekkju tvítögssessu ok skipaði húskǫrlum sínum; ok var þat skip allvel búit bæði at mönnum ok ǫllum reiða. Fór Hárekr um vǫrit í leiðangr. En er hann fann Ólaf konung, þá var ok þar fyrir Ásmundr Grankelsson. Þá kom konungr á stefnulagi með Ásmundi ok Háreki ok sætti hann þá; var festr á konungs dómr. 30 Síðan lét Ásmundr fram flytja vitni til þess, at Grankell hafði átt verit; dæmði konungr eptir því; váru þá skǫkk málaefni; urðu bótalausir húskarlar Háreks, en dæmt verit til handa Grankeli. Hárekr segir, at honum var skammlaust, at hlíta konungs dómi, hvernug er mál þat skipaðisk síðan.

35

## K. 141. Saga Þóroddz.

Þóroddr Snorrason hafði dvalizk í Nóregi at ráði Óláfs konungs, þá er Gellir Þorkelsson fekk leyfi at fara til Íslandz, svá sem fyrr var ritit, ok var hann þá með Óláfi konungi ok unði

illa ófrelsi því, er hann skyldi eigi fara ferða sinna, þannug er hann vildi. Qndurðan vetr, þann er Óláfr konungr sat í Niðarósi, lýsti konungr því, at hann vill menn senda til Jamtalandz at heimta skatt; en til farar þeirar váru menn ófúsir, þvíat af lífi 5 váru teknir sendimenn Óláfs konungs, þeir er hann hafði fyrr sent, Þrándr hvíti ok þeir xii. saman, svá sem fyrr var ritit, ok hqfðu Jamtr síðan haldizk í lýðskyldu við Svía-konung. Þóroddr Snorrason bauzk til þeirar farar, þvíat hann hirði þá allítt, hvat yfir hann gekk, ef hann færi sjálfráði; þat þekðisk konungr, ok fóru þeir Þóroddr xii. saman. Þeir kómu fram austr á Jamtaland 10 ok sóttu heim þann mann, er Þórarr er nefndr; hann var þar lögmaðr ok metorðamaðr mestr; þeir fengu þar góðar viðtqkur. En er þeir hqfðu þar dvalizk lítla hríð, þá báru þeir upp ørendi sín fyrir Þórar. Hann segir, at fyrir þeim svqrum réðu engum 15 mun miðr en hann aðrir landzmenn ok hqfðingjar ok kvað þings skyldu til kveðja. Var svá gqrt, at þingboð var upp skorit ok stefnt þing fjqlment. Fór Þórarr til þings, en sendimenn dvqlðusk meðan at hans. Þórarr bar upp mál þetta fyrir alþýðu; en þat kom ásamt með qllum, at þeir vildu engan skatt gjalda 20 Nóregs-konungi, en sendimennina vildu sumir hengja láta, en sumir láta þá hafa til blóts; en hitt var af ráðit, at þeim skyldi halda þar, til þess er sýslumenn Svía-konungs kvæmi þar; skyldu þeir þá stafa fyrir þeim, slíkt er þeir vildi með ráði landzmanna, en gera hitt yfirbragð á, at sendimenn væri vel haldnir, at þeir 25 væri fyrir því dvalðir, at þeir skyldi skattsins bíða, ok skyldi skipta þeim á vistir tveim ok tveim saman. Þóroddr var með annan mann at Þórar. Þar var jólaveizla mikil ok samburðarql. Margir váru bændr þar í þorpinu, ok drukku þeir allir samt um jólin. Annat þorp var þaðan skamt; þar bjó mágr Þórar, ríkr 30 ok auðigr; hann átti sér son rosinn; þeir mágar skyldu drekka hálf jól at hvárs þeira ok fyrr at Þórar. Þeir mágar drukkusk á, en Þóroddr ok bóndason, ok kappdrykkja, ok um kveldit kappmæli ok mannjafnaðr með Norðmønnum ok Svíum ok því næst um konunga þeira, bæði þá, er fyrr hqfðu verit, ok þessa, er nú 35 váru, ok svá þau skipti, er verit hqfðu landa í milli í manndrápum ok ránum, þeim er verit hqfðu milli landa. Þá mælti bóandason: »ef várir konungar hafa fleiri menn látit, þá munu sýslumenn Svía-konungs jafna þat með xii. manna fjqrvi, þá er þeir koma sunnan eptir jólin, ok vituð þér ógqrla, veslir menn, til hvers þér 40 eruð dvalðir«. Þóroddr hugsaði sitt mál, ok margir drógu glott

at ok fundu þeim hneyxliyrði ok svá konungi þeira. Fór þat þá óleynt, er qlit mælti með þeim Jamtum, er Þóroddr hafði áðr ekki grunat. Eptir um daginn tóku þeir Þóroddr ql klæði sín ok vápn ok lögðu sér til handargagns. Eptir um nóttina, er menn váru sofnadir, hljópu þeir braut til skógar. Um morgoninn eptir, er 5 menn urðu varir við brauthlaup þeira, fóru menn eptir þeim með sporhunda ok hittu þá í skógi, þar er þeir höfðu fólqizk, ok höfðu þá heim ok í skemmu; þar var grøf djúp, váru þeir þar í látnir ok hurð læst fyrir; höfðu þeir lítinn mat ok engi klæði nema sín. Ok er kómu mið jól, fór Þórarr ok allir frelsingjar með honum 10 til mágs hans; skyldi hann þar drekka inn øfra hlut jólanna. Þrælur Þórarar skyldu gæta grafarinnar; en þeim var þá ætlaðr gnógr drykkr, en þeir stiltu lítt drykkjunni ok gerðu sik qlóða þegar um kveldit. En er þeir þóttusk fulldruknir, þá mæltu þeir sín í milli, er mat skyldu fœra grafarmönnum, at þá skyldi ekki 15 skorta. Þóroddr kvað kvæði ok skemti þeim þrælunum; en þeir kváðu hann mundu vera virkðamann ok gáfu honum kerti mjök mikit ok log á. Þá kómu þeir þrælarnir út, er áðr váru inni, ok kqllluðu ákafliga, at hinir skyldu inn fara; en þeir váru hvárir-tveggju qlóðir, svá at þeir luku hvárki aptr grøfina né skemmuna. 20 Þá ristu þeir Þóroddr í sundr í strengi feldi sína ok knýttu saman ok gerðu hnoða af endanum ok kqstuðu upp á skemmugólfit; þat vafðisk um qrkufót ok varð fast. Þeir leituðu þá til upp at fara; lypti Þóroddr fqrunaut sínum upp, til þess er hann stóð á qlxum honum; síðan las hann sik upp í gognum glugginn; þá skorti eigi 25 reip í skemmunni, ok lét hann ofan síga móti Þóroddi; en er hann skyldi draga Þórodd upp, þá fekk hann hvergi komit honum. Þá mælti Þóroddr, at hann skyldi kasta reipinu yfir bita þann, er var í húsinu, en gera lykkju á endanum, bera þar í viðu ok grjót, svá at þat væri meirr en jafnvægi hans; hann gerði svá; fór þá 30 sigin ofan í grøfina, en Þóroddr upp. Þeir tóku sér klæði í skemmunni, sem þeir þurftu. Þar váru inni hreinstokur nqkkurar, ok skáru þeir af fitjarnar ok bundu qfgar undir fœtr sér. En áðr þeir fœri brot, þá lögðu þeir eld í kornhloðu mikla, er þar var, ok hljópu síðan í brot í niðamyrkri; hlaðan brann ok mart annarra 35 húsa í þorpínu. Þeir Þóroddr fóru alla nótt á eyðimqrk ok fálusk at degi. Um morgininn var saknat þeira; var þá farit með sporhunda at leita þeira á alla vega frá bœnum; en hundarnir røkðu sporin aptr til bæjarins, þvíat þeir kendu af hreinsfitjunum ok røkðu þangat sporit, sem klaufirnar höfðu vitat af hreinsfitjunum, 40



ok varð ekki leitast þeira. Þeir Þóroddr fóru lengi á eyðimörkum ok kómu eitt kveld at lítlum húsabæ ok gengu þar inn; þar sat inni karlmaðr ok kona við eld; nefndisk hann Þórir ok segir, at sú var kona hans, er þar sat, ok svá at þau áttu húsakot þat; 5 bauð bóndi þeim þar at vera, en þeir þágu þat. Hann segir þeim, at því var hann þar kominn, at hann hafði flýit ór byggðinni fyrir víga sakir. Var þeim Þóroddi unninn góðr beini; mǫtuðusk þau ǫll við eldinn. Síðan var búit um þá Þórodd þar í seti, ok lögðusk þeir til svefns; en þá var enn logi á eldinum. Þá sá 10 Þóroddr, at þar gekk fram maðr ór ǫðru húsi, ok hafði hann engan mann sét jammikinn; sá maðr hafði skarlatasklæði, búin gullhlöðum, ok var inn vegligsti sýnum. Þóroddr heyrði, at hann ávitaði þau um þat, er þau tóku við gestum, en hǫfðu varla sér matbjörg. Húsfreyja svarar: »ver þú eigi reiðr, bróðir, sjaldan 15 hefir þetta at móti borit; veittu þeim heldr nokkura gagnsmuni, þvíat þú ert betr til fœrr en vit«. Þóroddr heyrði þann mikla mann nefndan Arnljót gellina, ok svá, at húsfreyja var systir hans, Þóroddr hafði heyrð getit Arnljóts ok þat með, at hann var inn mesti stígamaðr ok illvirki. Sváfu þeir Þóroddr um nóttina, 20 þvíat þeir vǫru mœddir áðr af gǫngu. En er lifa myndi þriðjungr nætr, þá kom þar Arnljótr, bað þá upp standa ok búask ferðar sinnar. Þeir Þóroddr stóðu þegar upp ok klæddusk; var þeim gefinn dagverðr. Síðan fekk Þórir skíð hvárum tveggja þeira. Arnljótr rézk til ferðar með þeim; steig hann á skíð; þau vǫru 25 bæði breið ok lǫng; en þegar er Arnljótr laust við geislinum, þá var hann hvar fjarri þeim; þá beið hann ok mælti, at þeir myndi hvergi komask at svá búnu; bað þá stíga á skíðin með sér. Þeir gerðu svá; fór Þóroddr nærri honum ok helt sér undir belti Arnljóts, en fǫrunautr Þóroddz helt honum. Skreið Arnljótr þá 30 svá hart, sem hann fœri lauss. Þeir kómu til sáluhúss nokkurs, er þriðjungr var af nótt, drápu sér þar eld ok bjoggu til matar. En er þeir mǫtuðusk, þá mælti Arnljótr, bað þá engu niðr kasta af matnum, hvárki beinum né mola. Arnljótr tók ór serk sínum silfrdisk einn ok mataðisk þar af. En er þeir vǫru mettir, þá 35 hirði Arnljótr leifar þeira. Síðan bjoggusk þeir til rekna. Í annan enda hússins var lopt uppi á þvertrjám; fóru þeir Arnljótr upp á loptit ok lögðusk þar til svefns. Arnljótr hafði hǫggspjót mikit, ok var gullrekinn falrinn, en skaptit svá hátt, at tók hendi til falsins, en hann var sverði gyrðr. Þeir hǫfðu bæði vápn sín ok 40 klæði uppi á loptinu hjá sér. Arnljótr bað þá vera hljóðsama;

hann lá fremstr á loptinu. Litlu síðarr kvámu þar til hússins menn xii. ; þat, váru kaupmenn, er fóru til Jamtalandz með varning sinn. En er þeir kvámu í húsit, gerðu þeir um sik glaum mikinn ok váru kátir; gerðu fyrir sér elda stóra. En er þeir mǫtubusk, þá kǫstuðu þeir út beinum ǫllum; síðan bjoggusk þeir til rekna 5 ok lǫgðusk niðr í seti þar við eldinn. En er þeir hǫfðu lítla hrið sofit, þá kom þar til hússins trǫllkona mikil; en er hon kom inn, sópaðisk hon um fast, tók beinin ok alt þat, er henni þótti ætt, ok sló í munn sér; síðan greip hon mann þann, er næst henni var, reif ok sleit allan, kastaði á eldinn. Þá vǫknuðu þeir aðrir 10 ok við illan draum ok hljópu upp; en hon færði til heljar hvern at ǫðrum, svá at einn var eptir á lífi; hljóp sá innar undir loptit ok kallar til hjálpar sér, ef nǫkkut væri þess í loptinu, er honum myndi duga; Arnljótr seiðisk til hans ok tók í herðar honum ok kipði honum upp í loptit. Þá slósk hon fram at eldinum ok tók 15 at eta mennina, þá er steikðir váru. Þá stóð Arnljótr upp ok greip hǫggspjót sitt ok setti milli herða henni, svá at út hljóp oddrinn um brjóstit; hon brá við hart ok kvað við illiliga ok hljóp út. Arnljóti varð laust spjótit, ok hafði hon þat með sér á brot. Arnljótr gekk til ok ruddi út hræum manna, setti fyrir 20 skálann hurð ok gætti, þvíat hon hafði þat alt frá brotit, er hon hljóp út. Sváfu þeir þá þat er eptir var nætrinnar. En er lýsti, stóðu þeir upp, ok átu þá fyrst dagverð sinn; en er þeir hǫfðu matazk, mælti Arnljótr: »nú munu vér hér skiljask; skuluð þér nú fara eptir akbraut þessi, er þeir fóru í gær hingat kaup- 25 menninir; en ek vil leita spjóts míns; mun ek hafa at verkkaupi þat, er mér þykkir fénytt af fé því, er þessir menn hafa átt; skaltu, Þóroddr, bera Óláfi konungi kveðju mína, ok seg honum þat, at hann er svá maðr, at mér er mest forvitni á at hitta; en kveðja mín mun honum þykkja enskis verð«. Tók hann upp 30 silfrdiskinn ok strauk með dúknum ok mælti: »færðu konungi disk þenna, seg, at þat er kveðja mín«. Síðan bjoggusk þeir til ferðar hváirtveggju, ok skilðusk þeir at svá búnu. Fór Þóroddr ok þeir fǫrunautar ok svá sá maðr, er undan hafði komizk af þeim fǫrunautum, kaupmǫnnum. Fór Þóroddr, til þess er hann 35 fann Ólaf konung í kaupangi ok segir honum alt frá ferðum sínum, bar honum kveðju Arnljóts ok færði honum silfrdiskinn. Konungr segir, at þat var illa, er Arnljótr hafði eigi farit á konungs fund — »ok er skaði mikill, er svá ilt skyldi leggjask fyrir svá góðan dreng ok merkiligan mann«. Þóroddr var síðan 40

með Óláfi konungi þat er eptir var vetrar ok fekk þá leyfi af honum at fara til Íslandz um sumarit eptir. Skildusk þeir Óláfr konungr þá með vináttu.

K. 142. Útboð Óláfs konungs.

5 Óláfr konungr bjósk um várit ór Niðarósi, ok drósk lið at honum mikit bæði þar ór Prándheimi ok svá norðan ór landi. En er hann var búinn ferðar sinnar, þá fór hann með liðinu fyrst suðr á Mœri ok heimti þar saman leiðangrslíð, ok svá ór Raumsdal. Síðan fór hann á Sunn-Mœri. Hann lá lengi í Hereyjum  
 10 ok beið liðs síns; átti þá optliga húsping. Kom þar mart til eyrna honum, þat er honum þótti umráða þurfa. Þat var á einu húspingi, er hann átti, at hann hafði þat mál í munn, sagði frá mannskaða þeim, er hann hafði látit af Færeyjum — »en skattr sá, er þeir hafa mér heitit, segir hann, þá kœmr ekki fram. Nú  
 15 ætla ek enn þangat menn at senda eptir skattinum«. Veik konungr þessu máli nokkut til ýmissa manna, at til þeirar farar skyldu ráðask; en þar kómu þau svor í mót, at allir menn tölðusk undan forinni. Þá stóð upp maðr á þinginu mikill ok allvorpuligr; sá hafði rauðan kyrtil, hjálm á höfði, gyrðr sverði, hoggspjót  
 20 mikit í hendi; hann tók til máls: »þat er satt at segja, kvað hann, at hér er mikill munr manna; þér hafið konung góðan, en hann drengi illa; ér neikvæðið sendifor eina, er hann býðr yðr, en hafið þegit áðr af honum vingjafir ok marga soemiliga hluti; en ek hefi verit hér til engi vinr konungs þessa; hefir hann ok verit  
 25 óvinr minn; telr hann, at sakar sé til þess. Nú vil ek bjóða þér, konungr, at fara for þessa, ef ekki eru vildari fong á«. Konungr segir: »hverr er þessi maðr inn drengiligi, er svarar máli mínu? Gerir þú mikinn mun oðrum monnum, þeim er hér eru, er þú býzk til farar, en þeir tölðusk undan, er ek hugða, at vel mundu  
 30 hafa við skipazk; en ek kann á þér engi deili ok eigi veit ek nafn þitt«. Hann svarar svá, at — »nafn mitt er ekki vant, konungr; þess er mér ván, at þú mynir heyrt hafa mik nefndan; ek em kallaðr Karl mœrski«. Konungr segir: »svá er þat, Karl, heyrt hefi ek þik nefndan fyrr, ok er þat satt at segja, at verit  
 35 hafa þær stundir, ef fundi okkra hefði at borit, er þú myndir ekki kunna segja frá tíðendum; en nú vil ek eigi verr hafa en þú, er þú býðr mér liðsemð þína, at leggja eigi þar at móti þökk ok aufúsu. Skaltu, Karl, koma til mín, ok vera í boði mínu í dag; skulu vit þá rœða þetta mál«. Karl segir, at svá skyldi vera.

## K. 143. Saga Mœra-Karls.

Karl inn mœrski hafði verit víkingr ok inn mesti ránsmaðr, ok hafði konungr mjök opt gǫrva menn til hans ok vildi hann af lífi taka. En Karl var maðr ættstórr ok mikill athafnarmaðr, íþróttamaðr ok atgörvimaðr um marga hluti. En er Karl var 5 ráðinn til ferðar þessar, þá tók konungr hann í sætt ok því næst í kærleik, lét búa ferð hans sem best. Váru þeir á skipi nær xx. menn. Konungr gerði orðsendingar til vina sinna í Færeyjar, sendi Karl til haldz ok trausts, þar er var Leifr Qzurarson ok Gilli lögsgogumaðr, sendi til þess jartegnir sínar. Fór Karl, þegar 10 er hann var búinn; byrjaði þeim vel ok kómu til Færeyja ok lögðu í Þórshöfn í Straumey. Síðan var þar þing stefnt, ok kom þar fjölmment. Þar kom Þrándr ór Gøtu með flokk mikinn; þar kom ok Leifr ok Gilli, höfðu þeir ok fjölmenni mikit. En er þeir höfðu tjaldat ok um búizk, þá gengu þeir til fundar við Karl 15 mœrská; váru þar kveðjur góðar. Síðan bar Karl orð ok jartegnir Óláfs konungs ok vinmæli til þeira Gilla ok Leifs. Þeir tóku því vel ok buðu Karli til sín ok at flytja ørendi hans ok veita honum slíkt traust, sem þeir hefði fong á. Hann tók því þaksamliga. Lítlu síðarr kom þar Þrándr ok fagnaði 20 vel Karli — »em ek, segir hann, feginn orðinn, er slíkr drengr hefir komit hingat til landz várs með ørendi konungs várs, er vér erum allir skyldir undir at standa; vil ek ekki annat, Karl, en þú farir til mín til vetrvistar ok þat með þér alt þíns liðs, er þinn vegr væri þá meiri en áðr«. Karl segir, at hann var 25 áðr ráðinn at fara til Leifs — »en ek mynda elligar, segir hann, fúsliga þiggja þetta boð«. Þrándr segir: »þá mun Leifi auðit vegsmuna af þessu; en eru nokkurir aðrir hlutir þá þeir, er ek mega þá svá gera, at yðr sé liðsemð at?«. Karl svarar, at honum þótti mikit í veitt, at Þrándr drægi saman skattinn um 30 Austrey ok svá um allar Norðreyjar. Þrándr segir, at þat var skylt ok heimilt, at hann veitti þann beina at ørendi konungs; gengr Þrándr þá aptr til búðar sinnar. Varð á því þingi ekki fleira til tíðenda. Fór Karl til vistar með Leifi Qzurarsyni, ok var hann þar um vetrinn eptir. Heimti Leifr skatt saman um 35 Straumey ok um allar eyjar suðr þaðan. Um vart eptir fekk Þrándr ór Gøtu vanheilsu, hafði augnaþunga ok þó enn krámar aðrar; en þó bjósk hann at fara til þings, sem vanði hans var. En er hann kom á þingit ok búð hans var tjölduð, þá lét hann

tjalda undir svörtum tjöldum innan af, til þess at þá væri síðr skíðdræpt. En er dagar nokkurir váru liðnir af þinginu, þá ganga þeir Leifr ok Karl til búðar Prándar ok váru fjölmennir. En er þeir kómu at búðinni, þá stóðu þar úti nokkurir menn.

5 Leifr spurði, hvárt Práendr væri inni í búðinni. Þeir segja, at hann var þar. Leifr mælti, at þeir skyldu biðja Pránd út ganga — »eigu vit Karl ørendi við hann« segir hann. En er þeir menn kómu apr, þá segja þeir, at Práendr hafði þann augna-  
verk, at hann mátti eigi út koma — »ok það hann, Leifr, at  
10 þú skyldir inn ganga«. Leifr mælti við fõrunauta sína, at þeir skyldu fara varliga, er þeir kæmi í búðina, þrøngvask eigi — »gangi sá fyrstr út, er síðarst gengr inn«. Leifr gekk fyrst inn, en þar næst Karl, þá hans fõrunautar, ok fóru með alvæpni, sem þá, at þeir skyldi til bardaga búask. Leifr gekk innar  
15 at inum svörtum tjöldunum, spurði þá, hvar Práendr væri. Práendr segir ok heilsaði Leifi. Leifr tók kveðju hans, spurði síðan, hvárt hann hefði nokkut skatt heimt um Norðreyjar, eða hverr greiði þá myndi á vera um silfrit. Práendr svarar ok segir, at eigi hefði honum þat ór hug horfit, er þeir Karl høfðu  
20 røtt, ok svá, at greiði myndi á verða um skattinn — »er hér sjóðr, Leifr, er þú skalt við taka, ok er fullr af silfri«. Leifr sásk um ok sá fátt manna í búðinni, lágu menn í þollunum, en fáir sátu upp; síðan gekk Leifr til Prándar ok tók við sjóðnum ok bar útar í búðina, þar er ljóst var, ok steypði silfrinu ofan  
25 á skjöld sinn, rótaði í hendi sinni ok mælti, at Karl skyldi sjá silfrit. Þeir litu á um stund. Þá spurði Karl, hvernug Leifi sýndisk silfrit. Hann segir: »þat hygg ek, at hverr sá penningr er illr er í Norðreyjum, at hér myni kominn«. Práendr heyrði þetta ok mælti: »sýnisk þér eigi vel silfrit, Leifr«. »Svá er«  
30 segir hann. Práendr mælti: »eigi eru þeir þó meðalmanníðingar frændr várir, er þeim má til enskis trúa; ek hefi sent þá í vár at heimta skatt norðr í eyjar, er ek var at engu færri í vár; en þeir hafa tekit mútur af bóndum at taka fals slíkt, er eigi þykkir gjaldgengt; ok er hitt vænst, Leifr, at sjá þetta  
35 silfr, er goldizk hefir í landskuldir mínar«. Bar Leifr þá apr silfrit, en tók við sjóð qðrum ok bar þann til Karls; rannsokuðu þeir þat fé; spurði Karl, hversu Leifi sýndisk þetta fé. Hann segir, at honum þótti þetta fé vánt, ok eigi svá, at um þær skuldir er óvandliga var fyrir mælt, at eigi yrði slíkt þá tekit,  
40 en eigi þá ek þetta fé konungi til handa taka«. Maðr einn, sá

er lá í pallinum, kastaði feldi af höfði sér ok mælti: »satt er it fornkveðna, svá ergisk hverr sem eldisk; svá er þér ok, Práendr, lætr Karl inn mærska reka fé fyrir þér í allan dag«. Þar var Gautr inn rauði. Práendr hljóp upp við orð Gauts ok varð málóði, veitti þeim stórar átöglur frændum sínum, en at lýkðum mælti 5 hann, at Leifr skyldi selja honum þat silfr — »en tak hér við sjóð, er landbúar mínir hafa fœrt mér heim í vár; en þótt ek sjá óskygn, þá er þó sjálf hönd hollust«. Maðr reis upp við olboga, er lá í pallinum; þar var Þórðr inn lági; hann mælti: »eigi hljótum vér meðalorðaskak af honum Mæra-Karli, ok 10 væri hann launa fyrir verðr«. Leifr tók við sjóðnum ok bar enn fyrir Karl; sá þeir þat fé; mælti Leifr: »ekki þarf lengi at sjá á þetta silfr; hér er hverr penningr öðrum betri, ok viljum vér þetta fé hafa; fá þú til, Práendr, mann at sjá reizlur«. Práendr segir, at honum þótti bezt til fengit, at Leifr sæi fyrir 15 hans hönd. Gengu þeir Leifr þá út ok skamt frá búðinni; settusk þeir þá niðr ok reiddu silfrit. Karl tók hjálm af höfði sér ok holti þar í silfri, þá er vegit var. Þeir sá mann ganga hjá sér, ok hafði refði í hendi ok hött síðan á höfði ok heklugrœna, berfœttr, knýtt línbrókum at beini; hann setti niðr 20 refðit í völlum ok gekk frá ok mælti: »sé þú við, Mæra-Karl, at þér verði eigi mein at refði mínu«. Litlu síðarr kom þar maðr hlaupandi ok kallaði ákaflega á Leif Özurarson, það hann fara sem skjótast til búðar Gilla lögsögumannz — »þar hljóp inn um tjaldskarar Sigurðr Þorláksson, ok hefir særðan búðarmann 25 hans til ólffis«. Leifr hljóp þegar upp ok gekk á brot til fundar við Gilla; gekk með honum alt búðarlið hans; en Karl sat eptir, þeir Austmenninir stóðu í hring um hann. Gautr rauði hljóp at ok hjó með handæxi yfir herðar mönnum, ok kom högg þat í höfuð Karli, ok varð sár þat ekki mikit. Þórðr lági greip 30 upp refðit, er stóð í vellinum, ok lýstr á ofan oxarhamariñ, svá at oxin stóð í heila. Pusti þá fjöldi manna út ór búð Fráandar. Karl var þaðan dauðr borinn. Práendr lét illa yfir verki þessu ok bauð þó fé til sátta fyrir frændr sína. Leifr ok Gilli gengu at eptirmáli, ok kom þar eigi fébótum fyrir. Varð 35 Sigurðr útlagr fyrir áverka þann, er hann veitti búðunaut Gilla, en Þórðr ok Gautr fyrir víg Karls. Austmenn bjoggu sk þat, er Karl hafði haft þangat, ok fóru austr á fund Óláfs konungs; líkaði honum stórilla þetta verk, en þess varð eigi bót, at Óláfr konungr hefndi Práendi þessa eða frændum hans, fyrir 40

þeim ófriði, er þá hafði görzk í Nóregi ok enn mun verða frá sagt. Ok er nú lokit at segja frá þeim tíðendum, er urðu af því, er Óláfr konungr heimti skatt af Færeyjum; en þó gerðusk deilur síðan í Færeyjum eptir víg Karls mærska ok áttusk þá við frændr Þrándar ór Gøtu ok Leifr Qzurarson, ok eru frá því stórar frásagnir.

## K. 144. Leiðangr Óláfs konungs.

En nú er frá því at segja, er fyrr var upp hafit, er Óláfr konungr fór með liði sínu ok hafði leiðangr úti fyrir landi; fylgðu honum þá allir lendir menn norðan ór landi, nema Einarr þambarskelfir; hann hafði um kyrt setit heima at búum sínum, síðan er hann kom í land, ok þjónaði ekki konungi. Átti Einarr stórmiklar eignir ok helt sik þó vegsamliga, at hann hefði engar konungsveizlur. Óláfr konungr helt liði því suðr um Stað; drósk þar enn til hans lið mikit ór heruðum. Þá hafði Óláfr konungr skip þat, er hann hafði gera látit áðr um vetrinn, er Visundr var kallaðr, allra skipa mest; var á framstafni visundar-höfuð, gulli búit; þess getr Sigvatr skáld:

88. Lyngs bar fiskr til fengjar    annan lét á unnir  
20 flugstyggs sonar Tryggva    Áleifr, búinn hála,  
    gjölnar gollu mjölnu    (lög þó drjúgt) enn digri  
    (goð vildi svá) roðnar;    (dýrs horn) Visund sporna.

Fór konungr þá suðr á Hordaland. Hann spurði þau tíðendi, at Erlingr Skjalgsson var ór landi farinn ok hafði haft lið mikit, skip iii. eða v.; hann hafði sjálfr skeið eina mikla, en synir hans iii. tvítögssessur, ok höfðu siglt vestr til Englandz á fund Knúts ins ríka. Fór þá Óláfr konungr austr með landi ok hafði allmikit lið; hann leiddi atspurningum, ef menn vissi nokkut til ferðar Knúts ins ríka, en þat kunnu allir at segja, at hann var á Englandi; en þat var ok sagt með, at hann hafði leiðangr úti ok ætlaði til Nóregs. En fyrir þá sök, er Óláfr konungr hafði lið mikit ok hann fekk eigi it sanna spurt, hvert hann skyldi stefna til fundar við Knút, en monnum þótti sér illa gegna dvöl í einum stað með her svá mikinn, þá réð hann þat af, at sigla með herinn suðr til Danmerkr, ok hafði þat lið alt með sér, er honum þótti vígligast ok bezt var búit, en gaf hinum heimleyfi; svá sem kveðit er:

89. Áleifr knýr und órum    brýtr annarr gramr úti  
    orðsnjallr Visund norðan;    unnheim dreka sunnan.

Nú fór þat lið heim, en honum þótti minni fylgð í. Hafði konungr þar lið mikit ok frítt; váru þar flestir lendir menn ór Nóregi, nema þeir, er áðr var sagt, at ór landi væri farnir, eða eftir höfðu sezkt heima.

K. 145. Frá Óláfi konungi ok Önundi konungi. 5

Þá er Óláfr konungr siglði til Danmerkr, ok helt til Sjólandz; en er hann kom þar, tók hann at herja, veitti uppgöngur; var þá bæði landzfólkit rænt ok sumt drepit, sumt var handtekit ok bundit, flutt svá til skipa, en alt flýði, þat er því kom við, ok varð engi viðstaða; gerði Óláfr konungr þar 10 it mesta hervirki. En er Óláfr konungr var á Sjólandi, þá spurði hann þau tíðendi, at Önundr konungr Ólafsson hafði úti leiðangr ok fór með her mikinn austan fyrir Skáni ok herjaði hann þar. Varð þá bert um ráðagørð þá, er þeir Óláfr konungr ok Önundr konungr höfðu haft í Elfinni, þá er þeir gerðu 15 samband sitt ok vináttu, at þeir skyldu báðir veita mótstöðu Knúti konungi. Fór Önundr konungr til þess, er hann fann Ólaf konung, mág sinn. En er þeir hittusk, þá gera þeir þat bert, bæði fyrir sínu liði ok landzfólkinu, at þeir ætla undir sik at leggja Danmørk ok beiða sér viðrtöku af landzmonnum. 20 En þat var, sem víða finnask dæmi til, at þá er landzfólkit verðr fyrir hernaði ok fær eigi styrk til viðrtöku, þá játa flestir öllum þeim álogum, er sér kaupa frið í. Varð þá svá, at margir menn ganga til handa þeim konungum ok játuðu þeim hlýðni; lofðu þeir víða landit undir sik, þar er þeir fóru, en herjuðu at öðrum 25 kosti. Sigvatr skáld getr þessa hernaðar í drápu þeiri, er hann orti um Knút konung inn ríka:

90. Knútr vas und himnum;	91. Þurðu norðan	
hykk ætt at frétt	(namsk þat) með gram	
Haralds í her	til sléttis svalir	30
hug vel duga;	Silunds kilir;	
lét lýgötu	en með annan.	
lið suðr ór Nið	Önundr Dönum	
Áleifr, jöfurr	á hendr at há	
ársæll, fara.	her scenskan ferr.	35

K. 146. Frá Knúti konungi.

Knútr konungr hafði spurt vestr til Englandz, at Óláfr Nóregskonungr hafði leiðangr úti, svá ok þat, at hann fór



með liði því til Danmerkr, ok þar var ófriðr í ríki hans. Tók þá Knútr liði at samna; drósk þar brátt saman herr mikill ok fjöldi skipa. Var Hákon jarl annarr hofuðsmaðr fyrir því liði. Sigvatr skáld kom þat sumar til Englandz vestan ór Rúðu af 5 Vallandi ok sá maðr með honum, er Bergr hét. Þeir hofðu þangat farit kaupferð it fyrra sumar. Sigvatr orti flokk þann, er kallaðr var Vestrfararvísur, ok er þetta uphaf:

92. Bergr, hofum minnzk, hvé, bõrð létk í for fyrða  
margan fest við arm enn vestra.

10 morgun Rúðu-borgar,

En er Sigvatr kom til Englandz, þá fór hann þegar til fundar við Knút konung ok vildi beiða sér orlofs at fara til Nóregs. Knútr konungr hafði sett bann fyrir kaupskip ǫll, fyrr en hann hefði búit her sinn. En er Sigvatr kom til hans, þá gekk hann 15 til herbergis þess, er konungr var inni; þá var herbergit læst, ok stóð hann lengi úti; en er hann hitti konung, þá fekk hann lof, sem hann beiddi; þá kvað hann:

93. Útan varðk, áðr Jóta en ørendi óru  
andspilli fekk stillis, ǫttungr í sal knátti  
20 (meld sák hús fyr hǫlði) Gorms (berk opt á armi  
húsdýrr fyrir spyrjask; járnstúkur) vel lúka.  
En er Sigvatr varð þess varr, at Knútr konungr býr herferð á hendr Óláfi konungi, ok hann vissi, hversu mikinn styrk Knútr konungr hafði, þá kvað Sigvatr:

25 94. Qrr tegask Áleif gørva, haldisk vǫrðr, þótt vildit  
alt hefr sás, fjörvaltan varla Knútr ok jarlar,  
(konungs dauða munk kvíða) dælla 's fyrst á fjalli  
Knútr ok Hǫkun, úti; fundr, ef hann sjalfr kǫmsk undan.

Enn orti Sigvatr fleiri vísur um ferð þeira Knúts ok Hákonar; þá kvað hann enn:

30 95. Átti jarl at sætta þeir hafa fyrr af fári  
alframr bóendr gamla (framt 's Eiríks kyn) meira,  
ok þeirs optast tóku, hofðum, keypt, en heiptir,  
Áleif, at því máli; Hǫkun, saman, mundi.

35 K. 147. Frá dreka Knúts konungs.

Knútr inn ríki hafði búit her sinn ór landi, hafði hann óf liðs ok skip furðuliga stór; hann sjálfr hafði dreka þann, er svá var mikill, at lx. var at rúmatali; váru þar á hofuð gullbúin.

Hákon jarl hafði annan dreka; var sá fertøgr at rúmatali; váru þar ok gylt høfuð á, en seglin bæði váru stöfuð öll með blá ok rauðu ok grœnu; öll váru skipin steind fyrir ofan sæ; allr búnaðr skipanna var inn glæsiligsti; mörg önnur skip høfðu þeir, stór ok búin vel; þess getr Sigvatr skáld í Knútsdrápu: 5

96. Knútr vas und himnum; 97. Ok böru í byr

her austan frá	blö segl við rö	
fríðr fylkis niðr	(dýr vas döglingr fgr)	
fráneygr Dana;	drekar landreka;	
skreið vestan -viðr	en, þeir 's kómu,	10
varr- glæstr, sás bar	kilir, vestan, til	
út andskota	of -leið liðu	
Aðalráðs þaðan.	Limafjarðar brim-	

Svá er sagt, at Knútr konungr helt her þeim inum mikla vestan af Englandi ok kom heilu öllu liði sínu til Danmarkar ok lagði 15 til Limafjarðar; var þar fyrir samnaðr mikill landzmannna.

K. 148. Hørdaknútr til konungs tekinn.

Ulfur jarl Sprakaleggsson hafði settr verit til landvarnar í Danmørk, þá er Knútr konungr fór til Englandz; hafði hann selt í hendr Ulfi jarli son sinn, þann er kallaðr var Hørdaknútr. 20 Var þat it fyrra sumar, sem áðr er ritit. En jarl segir þegar, at Knútr konungr hafði boðit honum þat ørendi at skilnaði þeira, at hann vildi, at þeir tæki til konungs yfir Dana-veldi Hørdaknútr, son Knúts konungs — »fekk hann fyrir þá sök hann oss í hendr; hefi ek, segir hann, ok margir aðrir hérlandzmenn 25 ok høfðingjar kært optliga þat fyrir Knúti konungi, at mönnum þykkir þat hér í landi vandi mikill at sitja hér konunglaust, er inum fyrrum konungum Dana þótti þat fullræði, at hafa konungdóm yfir Dana-veldi einu saman; en þá er in fyrri æfi var, réðu þessu ríki margir konungar; en þó gerisk nú þat miklu 30 meira vandmæli en fyrr hefir verit, þvíat vér høfum hér til nát í fríði at sitja af útlendum høfðingjum, en nú spyrjum vér hitt, at Nóregs-konungr ætli at herja á hendr oss, ok er mönnum þó grunnr á, at Svía-konungr myni ok til þeirar ferðar ráðask; en Knútr konungr er nú á Englandi«. Síðan bar jarl fram bréf 35 ok innsigli Knúts konungs, þau er sönnuðu alt þetta, er jarl bar upp. Þetta ørendi studdu margir aðrir høfðingjar. Ok af þeira fortölum allra saman réð mannfólkit þat af, at taka Hørdaknútr til konungs, ok var þat gørt á því sama þingi. En í þessi

ráðagærd hafði verið uphafsmádr Emma dróttning; hafði hon látit gera bréf þessi ok látit innsigla; hafði hon með brögðum nát innsigli konungs, en hann sjálf var leyndr þessu öllu. En er þeir Hǫrðaknútr ok Úlfr jarl urðu þess varir, at Óláfr konungur var kominn norðan ór Nóregi með her mikinn, þá fóru þeir til Jótlandz, þvíat þar er mest megin Dana-veldis; skáru þeir þá upp heror ok stefndu saman her miklum. En er þeir spurðu, at Svía-konungur var ok þar kominn með her sinn, þá þóttusk þeir eigi styrk hafa at leggja til bardaga við þá báða. Þá heldu þeir samnaðinum á Jótlandi ok ætluðu at verja þat land fyrir konungum; en skipaherinn drógu þeir allan saman í Limafirði ok biðu svá Knúts konungs. En er þeir spurðu, at Knútr konungur var vestan kominn til Limafjarðar, þá gerðu þeir sendimenn til hans ok til dróttningar Emmu ok báðu, at hon skyldi verða vís, hvárt konungur var þeim reiðr eða eigi, ok láta þá þess verða vara. Dróttning ræddi þetta mál við konung ok segir, at Hǫrðaknútr, sonr þeira, vildi bæta öllu því, sem konungur vildi, ef hann hefði þat gort, er konungi þótti í móti skapi. Hann svarar, segir, at Hǫrðaknútr hafði ekki sínum ráðum fram farit — »hefir þat svá tekizk, kvað hann, sem ván var at, er hann var barn ok óviti, er hann vildi konungur heita ok vanda nokkurn bar til handa honum, at land þetta alt myndi herskildi farit ok leggjask undir útlenda hǫfðingja, ef eigi kvæmi várr styrkr til; nú ef hann vill nokkura sætt við mik gera, þá fari hann á fund minn ok leggi niðr hégómanafn þat, er hann hefir sik konung látit kalla«. Sendi síðan dróttning þessi sömu orð til Hǫrðaknúts ok þat með, at hon bað, at hann skyldi eigi þessa ferð undir hǫfuð leggjask, sagði, sem var, at hann myndi engi styrk til þess fá, at standa í mót feðr sínum. En er þessi orðsending kom til Hǫrðaknúts, þá leitaði hann ráðs við jarl ok við aðra hǫfðingja, þá er með honum váru. En þat fonzk brátt, þegar er landzfólkit spurði, at Knútr inn gamli var kominn, þá dreif til hans allr múgr landzins ok þótti þar traust sitt alt. Sá Úlfr jarl ok aðrir félagar hans, at íi. váru kostir fyrir hǫndum, annat hvárt, at fara á fund konungs ok leggja alt á hans vald, eða stefna af landi brot elligar; en allir fýstu Hǫrðaknútt at fara á fund fǫður síns. Gerði hann svá. En er þeir hittusk, þá fell hann til fóta feðr sínum ok lagði innsiglit í kné honum, þat er konungsnafn fylgði. Knútr konungur tók í hǫnd Hǫrðaknúti ok setti

hann í sæti svá hátt, sem fyrr hafði hann setit. Ulfr jarl sendi Svein, son sinn, á fund Knúts konungs. Sveinn var systurson Knúts konungs. Hann leitaði griða feðr sínum ok sættar af konungi ok bauð at setjask í gísling af hendi jarls. Þeir Sveinn ok Hǫrðaknútr váru jafnaldrar. Knútr konungr bað þau orð 5 segja jarli, at hann samnaði her ok skipum ok fœri svá til fundar við konung, en ræddi síðan um sættir sínar. Jarl gerði svá.

K. 149. Hernaðr á Skáni.

En er Óláfr konungr ok Qnundr konungr spurðu, at Knútr 10 konungr var vestan kominn, ok þat, at hann hafði þá óflýjanda her, þá sigla þeir austr fyrir Skáni, taka þá at herja ok brenna heruð, sækja svá austr fyrir landit til móts við ríki Svíakonungs. En þegar er landzfólkit spurði, at Knútr konungr var vestan kominn, þá varð ekki af handgöngu við konunga; þessa 15 getr Sigvatr skáld:

98. Góttut drótnar	þá lét skarpla	
Danmörk spanit	Skáney Dana	
und sik sökum	hlöðr herjaða;	
snarir herfarar;	höfuðfremstr jöfurr.	20

Þá sóttu konungar austr fyrir landit ok lögðu at þar, er heitir Ain helga, ok dvöldusk þar um hríð. Þá spyrja þeir, at Knútr konungr fór með her sinn austr eptir þeim. Þá bera þeir ráð saman ok tóku þat til, at Óláfr konungr með liði sínu sumu gekk á land upp ok alt á markir til vats þess, er Ain helga 25 fellr ór; gerðu þar í árósinum stíflu með viðum ok torfi, ok stemma svá uppi vatnit, ok svá skáru þeir díki stór ok hleypðu saman fleirum vötnunum, ok gerðusk þar víðir flóar; en í árveginn hjoggu þeir stórviðu. Þeir váru í þessu starfi marga daga, ok hafði Óláfr konungr alt tilstilli um brogð þessi, en 30 Qnundr konungr hafði þá stjórn yfir skipahernum. Knútr konungr spurði til ferða þeira konunga ok svá skaða þann allan, er þeir höfðu gort á ríki hans; heldr þá til móts við þá þar er þeir lágu í Anni helgu, ok hafði her mikinn, ok hálfu meira en þeir báðir; þessa getr Sigvatr:

99. Létat af jöfurr	vildi foldar	
(ætt manna fansk)	fæst rön Dana	
Jótlands etask	hlífskjöldr hafa;	
ilendr (at því);	höfuðfremstr jöfurr.	35

## K. 150. Orrosta fyrir Ánni helgu.

Þat var einn dag at kveldi, at njósna-rmenn Qnundar konungs sá sigling Knúts konungs, ok átti hann þá þangat eigi langt. Þá lét Qnundr konungr blása herblástr. Ráku menn þá 5  
 tjoð af sér ok herklæddusk, røru út ór hofninni ok austr fyrir landit, lögðu þá saman skip sín ok tengðu ok bjoggusk til bardaga. Qnundr konungr hleypði njósnarmönnum á land upp; fóru þeir á fund Óláfs konungs ok sögðu honum þessi tíðendi. Þá lét Óláfr konungr brjóta stíflurnar ok hleypra ánni í veg 10  
 sinn; en hann fór um nóttina ofan til skipa sinna. Knútr konungr kom fyrir hofnina; þá sá hann, hvar lá herr konunga búinn til bardaga; þótti honum, sem þá myndi vera síð dags at leggja til orrostu, um þat er herr hans væri allr búinn, þviat floti hans þurpti rúm mikit á sænum til at sigla; var langt í milli 15  
 ins fyrsta skips ok ins síðarsta, svá þess, er útarst fór, eða hins, er næst fór landi. Veðr var lítit. En er Knútr konungr sá, at Svíar ok Norðmenn höfðu rýmða hofnina, þá lagði hann inn til hafnar ok svá skipin, sem rúm höfðu; en þó lá meginherrinn út á hafinu. Um morgininn, er mjök var ljóst, þá var 20  
 lið þeira mart á landi uppi, sumt á tali, en sumt at skemtan sinni. Þá finna þeir eigi fyrr, en þar geysask vötn at þeim með forsfalli; þar fylgðu viðir stórir, er rak at skipum þeira; meiddusk skipin þar fyrir, en vötnin flutu um völlum alla; týndisk þat fólkit, er á landi var, ok mart þat, er á skipum var; 25  
 en allir þeir, er því kómu við, hjoggu festar sínar ok leystusk út, ok rak skipin mjök sundraus. Dreka inn mikla, er sjálfr konungr var á, rak út fyrir straumi; varð honum ekki auðsnúit með árum; rak hann út at flota þeira Qnundar konungs. En er þeir kendu skipit, þá lögðu þeir þegar at umhverfis; en fyrir 30  
 þá sök, at skipit var borðmikit, svá sem borg væri, en fjölði mannz á ok valit it bezta lið, vápnat ok sem øruggligast, þá varð skipit ekki auðsött; var ok stundin skömm, áðr Úlfr jarl lagði at með sínu liði, ok hófsk þá orrosta. Því næst drósk at herr Knúts konungs öllum megin. Þá sá konungar, Óláfr ok 35  
 Qnundr, at þeir mundu unnit hafa þá at sinni þann sigr, sem auðit var; létu þá síga skip sín á hqmlu ok leystusk í brot ór her Knúts konungs ok skilðu flotana. En fyrir þá sök, at atлага þessi hafði ekki þannug tekizk, sem Knútr konungr hafði til skipat, höfðu skipin ekki þannug fram lagt sem til var skipat,

þá varð ekki af atróðrinum; ok kǫnnuðu þeir Knútr konungr lið sitt ok tóku þá at skipa liðinu ok þjoggusk um. En er þeir höfðu skilizk ok sér fór hvárr flotinn, þá kǫnnuðu konungar lið sitt ok funnu, at þeir höfðu ekki mannsPELL fengit; þat sá þeir ok, ef þeir biði þar þess, er Knútr konungr hefði búit allan 5 her þann, er hann hafði, ok legði síðan at þeim, at liðsmunr var svá mikill, at lítil ván var, at þeir mundu sigrask, en auðvitat, ef orrosta tækisk, at þar myndi verða it mesta mannsfall. Nú var þat ráð tekit, at róa liðinu öllu austr með landi. En er þeir sá, at flotinn Knúts konungs fór ekki eptir þeim, 10 þá reistu þeir víður ok settu upp segl sín. Öttarr svartir ræðir um fund þenna í þeirri drápu, er hann orti um Knút inn ríka:

100. Svíum hnekðir þú, sóknar      helt, þars hrafn né svalta,  
 siklingr örr, en mikla              (hvatráðr est þú) láði,  
 ylgr, þars ó en helga,              ógnar stafr, fyr jöfrum,      15  
 ulfs beitu fekk, heitir;           ýgr, tveimr (við kyn beima).

Þórðr skáld Sjáreksson orti erfídrápu um Óláf konung inn helga; sú er kǫlluð Róðadrápa, ok er þar getit þessa fundar:

101. Átti, Egða dróttinn,              skaut nær skarpt at móti  
 Aleifr, þrimu stála                  Skónunga gramr hönum;      20  
 við ágætan Jóta                      Sveins vasa sonr at reyna  
 öðling, þann's klýfr hringa;      slær; þaut ulfr of hrævi.

K. 151. Ráðagørðir Óláfs konungs ok Önundar konungs.

Óláfr konungr ok Önundr konungr siglðu austr fyrir veldi Svía-konungs; ok at apni dags lögðu þeir at landi, þar er heitir 25 Barvík; lágu konungar þar um nóttina. En þat fonzk á um Svía, at þeim var þá títt heim at fara; var þat mikill hluti Svía hers, at siglði um nóttina austr með landi, ok létta þeir eigi fyrr sinni ferð, en hverr kom til síns heimilis. En er Önundr konungr varð þessa varr, ok þá lýsti af degi, þá lét hann blása 30 til húspings. Gekkk þá alt lið á land ok var sett þing. Önundr konungr tók til máls: »svá er, segir hann, sem þér, Óláfr konungr, vITUÐ, at vér höfum í sumar farit allir saman ok herjat víða um Danmörk; höfum vér fengit fé mikit en ekki af löndum; ek hefi haft í sumar hálf t fjórða hundrað skipa, en nú er eigi 35 meirr eptir en c. skipa; nú lízk mér svá, sem vér mynir vinna ekki til sömðar með eigi meira her, en nú höfum vér, þó at þér hafið lx. skipa, sem þér hafið í sumar haft; nú þykki mér þat sýnligast at fara aprt í ríki mitt, ok er gott heilum vagni

heim at aka; vér höfum aflat í ferð þessi, en ekki látit. Nú vil ek, Óláfr mágr, bjóða yðr, at þér farið með mér, ok verum í vetr allir ásamt; takið slíkt af mínu ríki, sem þér fáid yðr vel haldit, ok þat lið, sem yðr fylgir. Gerum þá, er vár kómr, slíkt ráð sem  
 5 oss sýnisk. En ef þér vilið heldr þann kost, at hafa land vart til yfirferðar, þá skal þat heimilt, ok vilið þér fara landveg í ríki yðart í Nóreg«. Óláfr konungr þakkaði Önundi konungi vinsamlig boð, er hann hafði veitt honum — »en þó, ef ek skal ráða, segir hann, þá mun annat ráð tekit, ok munu vér halda  
 10 saman her þessum, er nú er eptir. Hafða ek fyrst í sumar, áðr ek fór ór Nóregi, hálftr fjórða hundrað skipa, en er ek fór ór landi, þá valða ek ór her þeim öllum þat lið, er mér þótti bazt; skipaða ek þessa lx. skipa, er nú hefi ek. Nú lízk mér ok svá um yðart lið, sem þat myni hafa á brot hlaupit, er dáðlausast var ok  
 15 verst fylgð í; en ek sé hér alla höfðingja yðra ok hirðstjóra, ok veit ek, at þat lið er alt betra til vápnis, er hirðliðit er; höfum vér enn mikinn her ok skipakost svá góðan, at vér megum vel liggja úti á skipum í allan vetr, svá sem konungar hafa fyrr gort. En Knútr konungr mun lítla hríð liggja í Anni helgu,  
 20 þvíat þar er engi höfn skipafjöldu þeim, er hann hefir; mun hann fara austr eptir oss; þá skulu vér fara undan, ok mun oss þá brátt lið dragask; en ef hann snýr aptr þangat, sem hafnir þær eru, er hann má liggja flota sínum, þá mun þar vera engum mun síðr en hér mart lið heimfúst. Vænti ek, at vér hafim svá  
 25 um búit í sumar, at þorparinn viti, hvat hann skal vinna bæði á Skáni ok Hallandi. Mun herr Knúts konungs dreifask brátt víz vegar, ok veit þá eigi, hverjum sigrs er auðit. Höfum fyrst njósnir af, hvert ráð hann tekr«. Lauk Óláfr konungr svá máli sínu, at allir menn gerðu góðan róm at, ok var þat ráðs tekit, sem hann vildi vera láta. Váru þá njósnir gortar til liðs Knúts  
 30 konungs, en þeir lágu þar báðir konungar.

#### K. 152. Frá Knúti konungi ok Úlfi jarli.

Knútr konungr sá þat, at Nóregs-konungr ok Svía-konungr heldu liði sínu austr fyrir landit; gerði hann þegar lið á land  
 35 upp, lét menn sína riða it øfra dag ok nótt, svá sem lið konunga fór it ýtra; fóru þá aðrir njósnarmenn fram, er aðrir fóru aptr. Vissi Knútr konungr á hverjum degi tíðendi frá ferð þeira; váru njósnarmenn í her þeira konunga. En er hann spurði, at mikill hluti liðs var frá þeim farinn, þá helt hann sínum her aptr til

Sjálandz ok lagðisk í Eyrarsund með allan herinn; lá sumt liðit við Sjáland, en sumt við Skáni. Knútr konungr reið upp til Hróiskeldu dag inn næsta fyrir Mikjálmessu ok með honum sveit mikil manna. En þar hafði gort veizlu í móti honum Úlfr jarl, mágr hans; veitti jarl allkappsamliga ok var allkátr. 5 Konungr var fámálugr ok heldr ófrýnn; jarl orti orða á hann ok leitaði þeira málsenda, er hann vætti, at konungi myndi bezt þykkja. Konungr svarar fá. Þá spurði jarl, ef hann vildi leika at skáktafli; hann játti því; tóku þeir þá skáktaflit ok léku. Úlfr jarl var maðr skjótorðr ok óvæginn bæði í orðum ok í qllum 10 qðrum hlutum ok inn mesti framkvæmdarmaðr um ríki sitt ok hermaðr mikill, ok er saga mikil frá honum soggð; Úlfr jarl var maðr ríkastr í Danmørk, þegar er konunginn líddi. Systir Úlfs jarls var Gyða, er átti Guðini jarl Úlfnaðrsson, ok váru synir þeira Haraldr Engla-konungr, Tósti jarl, Valþjófr jarl, Mørukári 15 jarl, Sveinn jarl, Gyða dóttir þeira, er átti Eatvarðr inn góði Engla-konungr.

## K. 153. Víg Úlfs jarls.

En er þeir léku at skáktafli, Knútr konungr ok Úlfr jarl, þá lék konungr fingrbrjót mikinn; þá skækði jarl af honum 20 riddara; konungr bar aprt tafl hans ok segir, at hann skyldi annat leika; jarl reiddisk ok skaut niðr taflborðinu, stóð upp ok gekk í brot. Konungr mælti: »rennr þú nú, Úlfr inn ragi«. Jarl snøri aprt við dyrrin ok mælti: »lengra myndir þú renna í Ánni helgu, ef þú kvæmir því við; kallaðir þú eigi þá Úlf inn raga, er 25 ek lagða til at hjálpa þér, er Sviar þorðu yðr sem hunda«; gekk jarl þá út ok fór til svefns. Líttu síðarr gekk konungr at sofa. Eptir um morgoninn, þá er konungr klæddisk, þá mælti hann við skósvein sinn: »gak þú, segir hann, til Úlfs jarls ok drep hann«. Sveinninn gekk ok var á brot um hríð ok kom aprt. Þá mælti 30 konungr: »draptu jarl?«. Hann svarar: »eigi drap ek hann, þvíat hann var genginn til Lúcis-kirkju«. Maðr hét Ívarr hvíti, norrœnn at kyni; hann var þá hirðmaðr Knúts konungs ok herbergismaðr hans. Konungr mælti til Ívars: »gak þú ok drep jarl«. Ívarr gekk til kirkju ok inn í kórin ok lagði þar sverði 35 í gögnum jarl; fekk þar Úlfr jarl bana. Ívarr gekk til konungs ok hafði sverðit blóðugt í hendi. Konungr spurði: »draptu nú jarl?«. Ívarr svarar: »nú drap ek hann«. »Vel gerðir þú þá« kvað hann. En eptir, þá er jarl var drepinn, létu munkar læsa



kirkju. Þá var þat sagt konungi. Hann sendi mann til munkna, hað þá láta upp kirkju ok syngja tíðir; þeir gerðu, sem konungr bauð. En er konungr kom til kirkju, þá skeytti hann jarðir miklar til kirkju, svá at þat er herað mikit, ok hófsk sá staðr 5 mikit síðan; af því hafa þær jarðir þar til legit síðan. Knútr konungr reið síðan út til skipa sinna ok var þar lengi um haustit með allmikinn her.

K. 154. Frá Óláfi konungi ok Svíum.

Þá er Óláfr konungr ok Qnundr konungr spurði, at Knútr 10 konungr hafði haldit til Eyrarsundz ok hann lá þar með her sinn, þá áttu þeir konungar húsping. Talaði Óláfr konungr ok segir, at þetta hafði farit at getu hans, at Knútr konungr hafði eigi lengi verit í Ánni helgu — »vætti ek nú, at fleira skal fara eptir 15 getu minni um viðrskipti vár. Hefir hann nú lítit fjölmenni hjá því, sem hann hafði í sumar, en hann mun minna hafa síðarr, þvíat eigi er þeim óleiðara en oss at liggja úti á skipum í haust síðan, ok mun oss sigrs auðit, ef oss skortir eigi þrá ok tilræði. Hefir svá farit í sumar, at vér höfum haft lið minna, en þeir hafa 20 látit fyrir oss bæði menn ok fé«. Þá tóku Svíar at tala, segja, at þat var ekki ráð at bíða þar vetrar ok fræra — »þótt Norðmenn eggja þess; vita þeir ógörla, hver íslög kunnu hér at verða, ok frýss haf alt optliga á veturnum. Viljum vér fara heim ok vera hér ekki lengr«. Gerðu þá Svíar kurr mikinn ok mælti hvern í orðastað annars; var þat af ráðit, at Qnundr konungr ferr þá í 25 brot með alt sitt lið, en Óláfr konungr var þá enn eptir.

K. 155. Frá Agli ok Tófa.

En er Óláfr konungr lá þar, þá átti hann opt tal ok ráðagørð við lið sitt. Þat var eina nótt, at þeir áttu vörð at halda af konungs skipi Egill Hallzson ok sá maðr, er hét Tófi Valgauts- 30 son; hann var kynjaðr af Vestra-Gautlandi, ættstórr maðr. En er þeir sátu á verðinum, þá heyrðu þeir grát ok veinan þar til, er sat í þöndum hernumit lið; var þat bundit um nætr á landi uppi. Tófi segir, at honum þótti ilt at heyra á gaulan þeira, ok bað Egil, at þeir færi til at leysa fólkit ok láta brot hlaupa. Þeir 35 gerðu þetta sama ráð, fóru til ok skáru þöndin ok hleyfðu á brot fólki því öllu, ok varð þat verk allóvinsælt; konungr var ok svá reiðr, at þeim helt við váða sjálfan. Ok síðan, er Egill var sjúkr, þá var þat lengi, at konungr vildi eigi koma at sjá hann,

at margir menn báðu hann. Iðraðisk Egill þá mjök, er hann hafði svá gort, at konungi þótti illa, ok bað af sér reiði; veitti konungr honum þat um síðir. Óláfr konungr lagði hendr sínar yfir síðu Egils, þar er verkrinn lá undir, ok sǫng bœnir sínar, en jafnskjótt tók ór verk allan; eptir þat batnaði Agli, en Tófi 5 kom sér síðan í sætt. Svá er sagt, at hann skyldi þat til vinna, at koma á fund Óláfs konungs feðr sínum. Valgautr var maðr hundheiðinn ok fekk hann kristni af orðum konungs ok andaðisk, þegar er hann var skírðr.

## K. 156. Svikræði við Óláf konung.

10

En er Óláfr konungr átti tal við lið sitt, þá leitaði hann ráða við hǫfðingja, hvert þeir skyldu upp taka; en þat kom lítt ásamt með mǫnnum; kallaði þat annarr óráð, er ǫðrum þótti vænligt; ok váluðu þeir mjök lengi ráðin fyrir sér. Njósarmenn Knúts konungs váru jafnan í her þeira ok kómu sér í tal við marga 15 menn ok hǫfðu þeir fram féboð ok vináttumál af hendi Knúts konungs, en þar létu margir eptir leiðask ok seldu þar til trú sína, at þeir skyldu gerask menn Knúts konungs ok halda landi honum til handa, ef hann kvæmi í Nóreg. Urðu margir at þessu berir síðarr, þótt þat fœri þá leynt fyrst. Sumir tóku þá þegar 20 við féggjum, en sumum var heitit fé síðarr; en hinir váru allmargir, er áðr hǫfðu þegit af honum vingjafir stórar, fyrir því at þat var satt at segja frá Knúti konungi, at hvern, er á hans fund kom þeira manna, er honum þótti nokkut mannmót at ok vildi hann þýðask, þá fekk hvern af honum fullar hendr 25 fjar; varð hann af því stórliga vinsæll; ok var mest at um ǫrleik hans við útlenda menn ok þá mest, er lengst váru at komnir.

## K. 157. Ráðagørð Óláfs konungs.

Óláfr konungr átti opt tal ok stefnur við menn sína ok spurði at ráðagørðum; en er hann fann, at sitt lagði hvern til, þá 30 grunaði hann, at þeir váru sumir, er annat mundu um mæla, en sýnask myndi ráðligast, ok myndi þá eigi ráðit, hvárt allir mundu honum rétta skuld gjalda um tryggðina. Þess eggjuðu margir, at þeir skyldu taka byr ok sigla til Eyraundz ok svá norðr til Nóregs; sǫgðu þeir, at Danir myndi ekki þora at þeim at leggja, 35 þótt þeir lægi fyrir með lið mikit. En konungr var maðr svá vitr, at hann sá, at slíkt var ófœra; vissi hann ok, at annan veg hafði tekizk Óláfi Tryggvasyni, þá er hann var fáliðr, er hann

lagði til orrostu, þar er herra mikill var fyrir, en Danir þorði þá eigi at berjask; vissi konungr ok, at í her Knúts konungs var fjöldi Norðmanna. Grunaði konung, at þeir, er slíkt réðu honum, mundu vera hollari Knúti konungi en honum. Veitti Óláfr konungr þá órskurð, segir svá, at menn skulu búask, þeir er honum vilja fylgja, ok fara landveg um it øfra Gautland ok svá til Nóregs — »en skip vár, segir hann, ok allan þunga, þann er vér megum eigi eptir oss flytja, vil ek senda austr í veldi Svíakonungs ok láta þar varðveita oss til handa«.

10

K. 158. Ferð Háreks ór Þjóttu.

Hárekr ór Þjóttu svarar máli Óláfs konungs, segir svá: »þat er auðsætt, at eigi má ek fara foeti til Nóregs; ek em maðr gamall ok þungr ok vanr lítt gøngum; ætla ek trauðr at skiljask við skip mitt; hefi ek lagt þá stund á um skip þat ok búnað þess, at mér mun leitt, at ljá óvinum mínum fangs á skipi því«. Konungr svarar: »far þú með oss, Hárekr, vér skulum bera þik eptir oss, ef þú mátt eigi ganga«. Hárekr kvað þá vísu:

102. Ráðit hefk at riða,	þótt, leggfjöturs, liggi,
Rínleyps, heðan mínum	lundr, í Eyrarsundi
20 láðs dynmari, leiðir	(kann þjóð kerski minni)
lǫngum heldr an ganga,	Knútr herskipum úti.

Þá lét Óláfr konungr búa ferð sína; höfðu menn ígangsklæði sín ok vápn, ok þat, sem feksk af reiðskjótum, þá var klyffjat af klæðum ok lausafé. En hann sendi menn ok lét flytja skip sín austr í Kalmarnir; létu þeir þar upp setja skipin ok flytja reiða allan ok annan varnað til varðveizlu. Hárekr gerði sem hann hafði sagt, at hann beið byrjar ok siglði síðan austan fyrir Skáni, til þess er hann kom austan at Hǫlunum, ok var þat aptan dags, en byrr var á blásandi. Þá lét hann ofan leggja seglit ok svá við, taka ofan veðrvitann ok sveipa skipit alt fyrir ofan sjá með grám tjöldum ok lét róa í nokkurum rúmum fram ok apr, en lét flesta menn sitja lágt í skipinu; ok sá varðmenn Knúts konungs skipit ok ræddu um sín í milli, hvat skipa þat myndi vera, ok gátu þess, at vera myndi flutt salt eða síld, er þeir sá fá mennina sem skipit myndi skinit af sólu, ok sá þeir, at skipit var sett mjök. En er Hárekr kom fram í sundit ok um herinn, þá lét hann reisa viðuna ok draga seglit, lét setja upp gylta veðrvita; var seglit hvítt sem dript ok stafat rauðu ok blá með vendi. Þá

sá menn Knúts konungs ok segja konungi, at meiri ván var, at Óláfr konungr hefði þar um siglt; en Knútr konungr segir svá, at Óláfr konungr væri svá vitr maðr, at hann hefði eigi farit einskipa í gognum her Knúts konungs, ok lézk líkligra þykkja, at þar myndi verit hafa Hárekr ór Þjóttu eða hans maki. Þat 5 hafa menn fyrir satt, at Knútr konungr hafi vitat um ferð Háreks ok hann myndi eigi svá farit hafa, ef eigi hefði áðr farit vináttumál milli þeira Knúts konungs, ok þótti þat birtask eptir, þá er vinátta þeira Knúts konungs ok Háreks gerðisk alkunna. Hárekr orti vísu þessa, þá er hann siglði norðr um Veðrey: 10

103. Lækkat Lundar ekkjur jörð, at eigi þerðak,  
 (læbaugs) at því hlæja ifla flausts, á hausti  
 (skjótum eik fyr útan á flatslóðir Fróða  
 ey) né danskar meyar, fara aptr Vali krapta.

Fór Hárekr þá ferðar sinnar ok létti eigi fyrr, en hann kom 15 norðr á Hálogaland ok til bús síns í Þjóttu.

K. 159. Ferð Óláfs konungs ór Svíþjóð.

Óláfr konungr byrjar ferð sína, fór fyrst upp um Smáland ok kom fram í Vestra-Gautland, fór spakliga ok friðsamliga, en landzmenn veittu þeim góðan forbeina. Fór konungr til þess, er 20 hann kom ofan í Víkina ok svá norðr eptir Víkinni, til þess er hann kom í Sarpsborg; dvalðisk hann þá þar ok lét þá þar búa til vetrsetu. Gaf konungr þá heimleyfi mestum hluta liðsins, en hafði með sér þat af lendum monnum, er honum sýndisk. Þar váru með honum allir synir Árna Armóðssonar, váru þeir mest 25 virðir af konungi. Þá kom til Óláfs konungs Gellir Porkelsson, ok hafði komit áðr um sumarit af Íslandi, svá sem fyrr var ritit.

K. 160. Frá Sigvati skáld.

Sigvatr skáld hafði verit lengi með Óláfi konungi, svá sem hér er ritit, ok hafði konungr gort hann stallara sinn. Sigvatr 30 var ekki hraðmæltr maðr í sundrlausum orðum, en skáldskapr var honum svá tiltækr, at hann kvað af tungu fram, svá sem hann mælti annat mál. Hann hafði verit í kaupferðum til Vallandz, ok í þeiri ferð hafði hann komit til Englandz ok hitt Knút inn ríka ok fengit af honum leyfi at fara til Nóreg, svá 35 sem fyrr var ritit; en er hann kom í Nóreg, þá fór hann þegar til fundar við Ólaf konung ok hitti hann í Borg, gekk fyrir konung.

þá er hann sat yfir borðum. Sigvatr kvaddi hann; konungur leit við honum ok þagði. Sigvatr kvað:

104. Heim erum hingat komnir, seg, hvar sess hafið hugðan  
hygg þú at, jöfurr skatna seims þjóðkonungr beimum  
5 (menn nemi mál sem innik (allr es þekkr) með þollum  
mín) stallarar þínir; (þinn skáli mér innan).

Þá sannaðisk þat, er fornkveðit mál er, at mǫrg eru konungs eyru; Óláfr konungur hafði spurt alt um farar Sigvats, at hann hafði hitt Knút konung. Óláfr konungur mælti til Sigvats: »eigi  
10 veit ek, hvárt þú ætlar nú at vera minn stallari — eða hefir þú nú gǫrzk maðr Knúts konungs«. Sigvatr kvað:

105. Knútr spurði mik, mætra einn kvaðk senn, en sǫnnu  
mildr, ef hǫnum vildak svara þóttumk ek, dróttin  
hendilangr sem, hringa, (gefin eru gumna hverjum  
15 hugreifum Áleifi; góð dœmi) mér sœma.

Þá mælti Óláfr konungur, at Sigvatr skyldi ganga til sætis þess, er hann var vanr at hafa fyrr. Kom Sigvatr sér þá enn brátt í kærleika ina sǫmu, sem áðr hafði hann haft.

#### K. 161. Frá Erlingi Skjálgssyni.

20 Erlingr Skjálgsson ok synir hans allir höfðu verit um sumarit í her Knúts konungs ok í sveit með Hákonu jarli; þar var þá ok Þórir hundr ok hafði metorð mikill. En er Knútr konungur spurði, at Óláfr konungur hafði landveg farit til Nóregs, þá leysti Knútr konungur leiðangrinn ok gaf leyfi öllum mönnum at búa sér til  
25 vetrvistar; var þá í Danmǫrk herr mikill útlendra manna, bæði enskra manna ok Norðmanna ok af fleirum löndum, er lið hafði komit til hersins um sumarit. Erlingr Skjálgsson fór um haustit til Nóregs með liði sínu ok þá af Knúti konungi stórar gjafir at skilnaði þeira. Þórir hundr var eptir með Knúti konungi. Með  
30 Erlingi fóru norðr í Nóreg sendimenn Knúts konungs ok höfðu með sér óf lausafjár; fóru þeir um vetrinn víða um land, reiddu þá af hendi fé þau, er Knútr konungur hafði heitit mönnum um haustit til liðs sér, en gáfu inum mǫrgum, er þeir fengu með fé keypt vináttu Knúti konungi, en þeir höfðu traust Erlings til  
35 yfirferðar. Gerðisk þá svá, at fjöldi manna snørisk til vináttu við Knút konung ok hétu honum þjónostu sinni ok því með, at veita Óláfi konungi mótstöðu; gerðu þat sumir berliga, en hinir váru miklu fleiri, er leyndusk at fyrir alþýðu. Óláfr konungur spurði þessi tíðendi; kunnu margir honum at segja frá þessum



ok engi skip at fara með lið sitt norðr í land. Hann spurði ok þat einu norðan, er honum þótti ekki friðsamligt, ef hann færi eigi með liði miklu. Réð konungr fyrir þá sök þat af, at fara yfir Uplönd. En eigi var þá svá langt liðit, síðan er hann  
 5 hafði þar farit at veizlum, sem lög stóðu til, eða vandi konunga hafði verit. En er konungr sótti upp á land, þá buðu honum heim lendir menn ok ríkir bændr ok léttu svá hans kostnaði.

K. 163. Frá Birni ármanni.

Björn er maðr nefndr, gauzkr at kyni; hann var vinr ok  
 10 kunningi Ástriðar drótningar ok nokkut skyldr at frændsemi, ok hafði hon fengit honum ármanning ok sýslu á ofanverðri Heiðmörk; hafði hann ok yfirsókn í Eystridali. Ekki var Björn konungi kær ok ekki var hann maðr þokkasæll af bóndum. Þat hafði ok at borizk í byggð þeiri, er Björn réð fyrir, at þar urðu  
 15 hvörf stór á nautum ok á svínum. Lét Björn þar kveðja þings til ok leitaði þar eptir hvörfum; hann kallaði þá menn líkligsta til slíkra hluta ok illbregða, er sátu í markbyggðum fjarri öðrum mönnum; veik hann því máli til þeira, er byggðu Eystridali; sú byggð var mjök sundrlaus, byggt við vötn eða rjóðr í skógum,  
 20 en fástaðar stórbyggðir saman.

K. 164. Frá sonum Rauðs.

Rauðr hét maðr, er þar byggði í Eystridölum. Ragnhildr var nefnd kona hans, Dagr ok Sigurðr synir; þeir váru inir efniligstu menn. Þeir váru staddir á þingi því ok heldu svörum  
 25 upp af hendi þeira Dœla ok báru þá undan sökum. Birni þóttu þeir láta stórliga ok vera drambsmenn miklir at vápnum ok klæðum. Björn sneiddi rœðunni á hendr þeim bræðrum ok talði þá eigi ólíliga til at hafa slíkt gort; þeir synjuðu fyrir sik, ok sleit svá því þingi. Líttu síðarr kom til Bjarnar ármannz Óláfr  
 30 konungr með liði sínu ok tók þar veizlu. Var þá kært fyrir konungi þat mál, er fyrr var uppi haft á þingi; sagði Björn, at honum þóttu Rauðs-synir líkligstir til at valda slíkum ótila. Þá var sent eptir sonum Rauðs. En er þeir hittu konung, þá talði hann þá óþjófliga menn ok bar þá undan kenzlum þessum. Þeir  
 35 buðu konungi til fōður síns, at taka þar iii. náttu veizlu með öllu liði sínu. Björn latti ferðarinnar; konungr fór eigi at síðr. At Rauðs var in þrúðligsta veizla. Þá spurði konungr, hvat manna Rauðr væri eða kona hans. Rauðr segir, at hann var maðr

sænskr, auðigr ok kynstórr — »en ek hljópumk þaðan í brott, segir hann, með konu þessa, er ek hefi átt síðan; hon er systir Hrings konungs Dagssonar«. Þá vaknaði konungr við ætt þeira beggja; fann hann þat, at þeir feðgar váru menn forvitrir, ok spurði þá eptir íþróttum sínum. Sigurðr segir, at hann kann 5 drauma at skilja ok at deila dægafar, þótt engi sæi himintungl. Konungr reyndi þessa íþrótt, ok var þat sem Sigurðr hafði sagt. Dagr fann þat til íþróttu sér, at hann myndi sjá kost ok lóst á manni hverjum, er honum bar fyrir augu, ef hann vildi hug á leggja ok at hyggja. Konungr bað hann segja skaplóst hans, 10 þann er hann sæi. Dagr fann þat til, er konungi þótti rétt. Þá spurði konungr um Björn ármann, hvern skaplóst hann hefði. Dagr segir, at Björn var þjófr, ok þat með, at hann segir, hvar Björn hafði fólgit á bæ sínum bæði bein ok horn ok húðir af nautum þeim, er hann hafði stólit þá um haustit — »er 15 hann valdi, segir hann, allra þeira stulða, er í haust hafa horfit ok hann hefir öðrum mönnum kent«. Segir Dagr konungi öll merki til, hvar konungr skyldi leita. En er konungr fór í brot frá Rauðs, þá var hann leiddr út með stórum vingjöfum; váru með konungi synir Rauðs. Fór konungr fyrst til Bjarnar, ok 20 reyndisk honum alt svá, sem Dagr hafði sagt. Síðan lét konungr Björn fara í brot ór landi, ok naut hann drótningar at því, er hann helt lífi ok limum.

## K. 165. Dráp Þóris.

Þórir, sonr Ólvis á Eggju, stjúpsonr Kálfs Arnasonar ok 25 systursonr Þóris hundz, var manna fríðastr, mikill maðr ok sterkr; hann var þá xviii. vetra gamall. Hann hafði fengit gott kvánfang á Heiðmörk ok auð fjár með; var hann inn vinsælti maðr ok þótti vænn til höfðingja. Hann bauð konungi heim til veizlu með lið sitt; konungr þekðisk boð þat ok fór til Þóris, 30 fekk þar allgóðar viðtökur. Var þar veizla in virðuligsta, var veitt allkappsamliga, en öll váru fong in beztu. Konungr ok menn hans ræddu þat sín í milli, at þeim þótti þat mjök hœfask við ok vissu eigi, hvat þeim þótti framarst, húsakynni Þóris eða húsbúnaðr, borðbúnaðr eða drykkir eða maðr sá, er veitti. Dagr 35 lét sér fátt um finnask. Óláfr konungr var vanr at hafa opt ræður við Dag ok spurði hann ýmissa hluta. Reyndisk konungi alt þat með sannendum, er Dagr sagði, hvárt sem þat var liðit eða ókómit fram; festi þá konungrinn trúnað mikinn á ræðum



hans. Þá kallaði konungr Dag á einmæli ok ræddi þá mjök marga hluti fyrir honum; þar kom niðr ræða konungs, at hann tjáði þat fyrir Dag, hvé sköpuligr maðr Þórir var, er þeim gerði þá veizlu virðuliga. Dagr lét sér fátt um finnask ok lét þat

5 alt satt, er konungr segir. Þá spurði konungr Dag, hverja skapsanmarka hann sæi Þóris. Dagr kvazk hyggja, at Þórir myndi vel skapfarinn, ef honum væri þat svá gefit sem hitt, er alþýða mátti sjá. Konungr bað hann segja sér þat, er hann spurði, segir, at hann var þess skyldr. Dagr svarar: »þá muntu, konungr, vilja veita mér, at ek ráða hefndinni, ef ek skal finna

10 lqstinn«. Konungr segir, at hann vill eigi dómum sínum skjóta undir aðra menn, en bað Dag segja sér þat, er hann spurði. Dagr svarar: »dýrt er dróttins orð; þat mun ek til skapslastar Þóri finna, sem margan kann henda; hann er maðr of fégjarn«.

15 Konungr svarar: »er hann þjófr eða ránsmaðr?«. Dagr svarar: »eigi er þat« segir hann. »Hvat er þá?« segir konungr. Dagr svarar: »hann vann þat til fjár, at hann gerðisk dróttinssviki; hann hefir tekit fé af Knúti inum ríka til hofuðs þér«. Konungr svarar: »hvernug gerir þú þat satt?«. Dagr mælti: »hann

20 hefir á inni hægri hendi fyrir ofan olboga digran gullhring, er Knútr konungr hefir gefit honum, ok lætr engan mann sjá«. Eptir þat slitu þeir konungr tali sínu, ok var konungr reiðr mjök. Þá er konungr sat yfir borðum ok menn hofðu drukkitt um hríð, ok váru menn allkátir; Þórir gekk um beina; þá lét

25 konungr kalla Þóri til sín; hann gekk framan at borðinu ok tók hqndum upp á borðit. Konungr spurði: »hversu gamall maðr ertu, Þórir?«. »ek em xviii. vetra gamall« segir hann. Konungr mælti: »mikill maðr ertu, Þórir, jamgamall, ok gqfugligr«. Tók þá konungr um hqnd ina hægri ok strauk upp um olboga. Þórir

30 mælti: »tak þú kyrt þar á, ek hefi sull á hendi«. Konungr helt hendinni ok kendi, at þar var hart undir. Konungr mælti: »hefir þú eigi spurt þat, at ek em læknir?, ok láttu mik sjá sullinn«. Þórir sá, at þá myndi ekki tjóa at leyna, tók þá hringinn ok lét fram. Konungr spyrr, hvárt þat var Knúts konungs gjof.

35 Þórir segir, at ekki var þá því at leyna. Konungr lét Þóri taka hqndum ok setja í járn. Þá gekk Kálfr at ok bað Þóri friðar ok bauð fyrir hann fé. Margir menn studdu þat mál ok buðu sitt fé fram. Konungr var svá reiðr, at ekki mátti orðum við hann koma, segir hann, at Þórir skyldi hafa slíkan dóm, sem

40 hann hafði honum hugðan. Síðan lét konungr drepa Þóri, en

verk þat varð at inni mestu ofund bæði þar um Uplönd ok engum mun síðr norðr um Þrándheim, þar sem ætt Þóris var flest. Kálfi þótti ok mikils vert aftaka þessa manns, þvíat Þórir hafði verit fóstrson hans í æsku.

## K. 166. Fall Grjótgarðz.

5

Grjótgarðr, sonr Ólvis ok bróðir Þóris, hann var ellri þeira bræðra; var hann ok inn gøfugligsti maðr ok hafði sveit um sik; hann var þá ok staddr á Heiðmørk. En er hann spurði aftöku Þóris, þá veitti hann árásir, þar sem fyrir váru menn konungs eða fé hans, eða at öðru hverju hafðisk hann við á 10 skógum eða í öðrum fylgsnum. En er konungr spurði ófrið þann, þá lét hann njósnum til halda um ferðir Grjótgarðz. Verðr konungr varr við ferðir hans; hafði Grjótgarðr tekit náttstað eigi langt frá því, er konungr var. Óláfr konungr fór þegar um nóttina, kom þar, er dagaði; slógu mannhring um stofuna, þar 15 er þeir Grjótgarðr váru inni. Þeir Grjótgarðr vøknuðu við mannagný ok vápnabrak; hljópu þeir þá þegar til vápna; hljóp Grjótgarðr út í forstofuna. Grjótgarðr spurði, hverr fyrir liði því réði; honum var sagt, at þar var kominn Óláfr konungr. Grjótgarðr spurði, ef konungr mætti nema orð hans. Konungr 20 stóð fyrir durunum; hann segir, at Grjótgarðr mátti mæla slíkt, er hann vildi — »heyri ek orð þin« segir konungr. Grjótgarðr mælti: »ekki mun ek griða biðja«. Þá hljóp Grjótgarðr út, hafði skjöld yfir höfði sér, en sverð brugðit í hendi; lítt var lýst ok sá hann ógørla; hann lagði sverði til konungs, en þar 25 varð fyrir Arnbjörn Árnason; kom lagit undir brynjuna ok renndi upp í kviðinn; fekk Arnbjörn þar bana; Grjótgarðr var ok þegar drepinn ok flest alt lið hans. Eptir þessa atburði snøri konungr ferðinni aptr suðr til Víkrinnar.

## K. 167. Frá sendimönnum Óláfs konungs.

30

Nú er Óláfr konungr kom til Túnsbergs, þá gerði hann menn í allar sýslur, ok krafði konungr sér liðs ok leiðangrs. Skipakostr hans var þá lítiil; váru þá engi skip nema bóandafor, en lið drósk vel til hans þar ór heruðum, en fátt kom um langan veg, ok fanzk þat brátt, at landfólkit myndi þá vera 35 snúit frá einqrðinni við konung. Óláfr konungr gerði lið sitt austr á Gautland, sendi þá eptir skipum sínum ok þeim varnaði, er þeir létu eptir um haustit. En ferð þeira manna varð sein,

þvíat þá varð eigi betra en um haustit at fara í gögnum Danmörk, þvíat Knútr konungr hafði her úti um várit um alt Danaveldi ok hafði eigi færa en tólf hundruð skipa.

K. 168. Ráðagørð Óláfs konungs.

5 Þau tíðendi spurðusk í Nóreg, at Knútr inn ríki dró saman her óvígjan í Danmörku, ok þat með, at hann ætlaði at halda liði því öllu til Nóregs ok leggja þar land undir sik. En er slíkt spurðisk, þá urðu Óláfi konungi menninir því verri tiltaks ok fekk hann síðan lítit af bóndum. Hans menn töludu opt  
10 um þetta sín í milli. Þá kvað Sigvatr þetta:

110. Út býðr allvaldr sveitum	rjóð eru ljót, ef láta
Englands, en vér fengum	landsmenn konung þenna
(lítt sék lofðung óttask)	(lætr einrjóð fé firða
liðfæð ok skip smæri;	ferð) liðþrota verða.

15 Konungr átti hirðstefnur, en stundum húsping við lið sitt alt, ok spyrr menn ráðs, hvat þá sýnisk tiltækiligast — »þurfu vér ekki í at dyljask, segir hann, at Knútr konungr mun koma at vitja vár í sumar, ok hefir hann her mikinn, sem þér munuð spurt hafa, en vér höfum lið lítit at svá búnu til móts við her  
20 hans, en landzfólk er oss nú ekki trúligt«. En ræðu konungs svöruðu menn misjafnt, þeir er hann orti orða á; en hér er frá því sagt, er Sigvatr segir:

111. Flœja getr, en frýju,	hverr skal þegn, þótt þverri
fjandr, leggr oss til handa,	þengils vina gengi,
25 (verðk fyr æðru orði)	(upp hvalfa svik) sjalfan
allvalds, en fé gjalda;	sik lengst hafa miklu.

K. 169. Brenna Grankels.

Þat sama vár gerðusk þau tíðendi á Hálogalandi, at Hárekr ór Þjóttu mintisk þess, at Ásmundr Grankelsson hafði rænta  
30 ok barða húskarla hans. Skip þat, er Hárekr átti, xx.-sessa, flaut fyrir bæ hans tjölduð ok þilið. Gerði hann þat orð á, at hann ætlaði at fara suðr til Þrándheims. Eitt hvert kveld gekk Hárekr til skips með húskarlalið sitt ok hafði nær lxxx. manna. Røru þeir um nóttina ok kómu, er mornaði, til bæjar Grankels,  
35 slógu þar hring um hús; veittu þar síðan atgöngu, lögðu síðan eld í hús; brann þar Grankell inni ok menn með honum, en sumir váru úti drepnir; létusk þar allz xxx. manna. Fór Hárekr heim eptir verk þat ok sat í búi sínu. Ásmundr var með Óláfi

konungi. Var þar bæði um þá menn, er á Hálogalandi váru, at engi beiddi Hárek bóta fyrir verk þat, enda bauð hann eigi.

K. 170. Ferð Knúts konungs í Nóreg.

Knútr inn ríki dró saman her sinn ok helt til Limafjarðar. En er hann var búinn, þá siglði hann þaðan öllu liði til Nóregs, 5  
fór skyndiliga ok lá ekki við land austan fjarðar; siglði þá yfir Foldina ok lagði at á Ögðum, krafði þar þinga; komu bæendr ofan ok heldu þing við Knút konung. Var þar Knútr til konungs tekinn um land alt; setti hann þar þá menn í sýslur, en tók gíslar af bóndum; mælti engi maðr í móti honum. Óláfr 10  
konungr var þá í Túnsbergi, er herr Knúts fór it ýtra um Foldina. Knútr konungr fór norðr með landi. Kómu þar til hans menn ór heruðum ok játuðu honum þá allir hlýðni. Knútr konungr lá í Eikundasundi nokkura hríð. Kom þar til hans Erlingr Skjalgsson með lið mikit. Þá bundu þeir Knútr konungr 15  
vináttu sína enn at nýju. Var þat í heitum við Erling af hendi Knúts konungs, at hann skyldi hafa land alt til forráða milli Staðar ok Rygjjarbits. Síðan fór Knútr konungr leiðar sinnar, ok er þat skjótast frá ferð hans at segja, at hann létti eigi fyrr, en hann kom norðr í Prándheim ok helt til Niðaróss. Stefndi 20  
hann þá í Prándheimi viii. fylkna þing, var á því þingi Knútr til konungs tekinn um allan Nóreg. Þórir hundr hafði farit ór Danmörk með Knúti konungi ok var hann þar. Hárekr ór Þjóttu var ok þá þar kominn. Gerðusk þeir Þórir lendir menn Knúts konungs þá ok bundu þat swardögum. Knútr konungr gaf þeim 25  
veizlur stórar ok fekk þeim Finnferð; gaf þeim gjafir stórar á þat ofan. Alla lenda menn, þá er til hans vildu snúask, goeddi hann bæði at veizlum ok at lausafé; lét þá alla hafa meira ríki, en þeir höfðu áðr haft.

K. 171. Frá Knúti konungi.

Knútr konungr hafði þá lagt land alt undir sik í Nóregi. Þá átti hann þing fjölment bæði af sínu liði ok landzmonnum. Þá lýsti Knútr konungr yfir því, at hann vill gefa Hákonu jarli, frænda sínum, at yfirsókn land þat alt, er hann hafði unnit í ferð þeiri; þat fylgði því, at hann leiddi í hásæti hjá sér Hqrðaknút, son 35  
sinn, ok gaf honum konungsnafn ok þar með Dana-veldi. Knútr konungr tók gíslar af öllum lendum monnum ok stórbóndum, tók sonu þeira eða bræðr eða aðra náfrændr eða þá menn, er þeim

váru kærstir ok honum þóttu bezt til fallnir. Festi konungr svá trúnað manna við sik, sem nú er sagt. Þegar er Hákon jarl hafði tekit við ríki í Nóregi, þá rézk til lags við hann Einarr þambar-skelfir, mágr hans; tók hann þá upp veizlur allar, þær sem hann 5 hafði fyrr haft, þá er jarlar réðu landi. Knútr konungr gaf Einari stórar gjafir ok batt hann í kærleikum miklum við sik; hét því, at Einarr skyldi vera mestr ok gofgastr ótíginnna manna í Nóregi, meðan hans vald stæði yfir landi; en þat lét hann fylgja, at honum þótti Einarr bazt fallinn til at bera tígnarnafn 10 í Nóregi, ef eigi væri jarls við kost, eða sonr hans Eindriði, fyrir ættar sakir hans. Þau heit virðusk Einari mikils ok hét þar í mót trúnaði sínum. Hófsk þá af nýju höfðingskapr Einars.

## K. 172. Frá Þórarni loftungu.

Þórarinn loftunga var maðr kallaðr; hann var íslenzkr maðr 15 at kyni, skáld mikit ok hafði verit mjök með konungum eða oðrum höfðingjum. Hann var með Knúti konungi inum ríka ok hafði ort um hann flokk; en er konungr vissi, at Þórarinn hafði ort flokk um hann, þá varð hann reiðr ok bað hann fœra sér drápu um daginn eptir, þá er konungr sæti yfir borðum; ef hann getði eigi 20 svá, þá segir konungr, at Þórarinn myndi uppi hanga fyrir dirfð þá, er hann hafði ort dræpling um Knút konung. Þórarinn orti þá stef ok setti í kvæðit ok jók nokkurum ørendum eða vísum; þetta er stefit:

## 112. Knútr veirr grund sem gætir

25 Gríklands himinríki.

Knútr konungr launaði kvæðit l. marka silfrs; sú drápa er kǫlluð Hǫfuðlausn. Þórarinn orti aðra drápu um Knút konung, er kǫlluð er Tögdrápa; í þeiri drápu er sagt frá þessum ferðum Knúts konungs, er hann fór ór Danmǫrk sunnan til Nóregs, ok 30 er þetta einn stefjabálkr:

113. Knútr es und sólar;

siðnæmr með lið

fór mjök mikit

minn vinr þinig;

35 færði ór -firði

fimr gramr Lima-

út ólittinn

otrheims flota.

114. Uggðu Egðir

qrbeidis for

svans siglana

sokrammir mjök;

alt vas gulli

grams skip framit;

vörum sjón søgu

slíks ríkari.

115. Ok fyr Lista  
liðu fram viðir  
hádýrs of haf  
hart kolsvartir;  
byggt vas innan  
alt brimgaltar  
suðr sæ skíðum  
sund Eikunda.

116. Ok fyr fornan  
friðmenn liðu  
haug Hjörnagla  
hvaßt griðfastir;  
þars stóð fyr Stað  
stafnklifs drifu,  
vasa eyðilig  
örbeidis fôr.

117. Knóttu súðir  
svöng mjök langar  
byrrömm bera  
brimdýr fyr Stim;  
svá liðu sunnan  
svalheims Valar,  
at kom norðr í Nið  
nýtr herflýtir.

118. Þá gaf sínum  
snjallr gørvallan  
Nóreg nefa  
njótr veg- Jóta;  
þá gaf sínum  
(segik þat) megi  
»dals dökksalar«  
Danmørk »svana«

5

10

15

Hér getr þess, at þeim var sjón sögu ríkrí um ferð Knúts konungs, er þetta kvað; þvíat Þórarinn hrósar því, at hann var þá í fôr með Knúti konungi, er hann kom í Nóreg.

K. 173. Frá sendimönnum Óláfs konungs.

Menn þeir, er Óláfr konungr hafði sent austr á Gautland eptir skipum sínum, þá fóru þeir með þau skip, er þeim þóttu þózt, en hin brendu þeir; höfðu með sér reiða ok annan varnað þann, er konungr átti ok menn hans. Þeir siglðu austan, þá er þeir spurðu, at Knútr konungr var farinn norðr í Nóreg; siglðu þá austan um Eyrarsund, svá norðr til Víkrinnar á fund Óláfs konungs, færðu honum skip sín; var hann þá í Túnsbergi. En er Óláfr konungr spurði, at Knútr konungr fór liði sínu norðr fyrir land, þá helt Óláfr konungr inn í Oslóarfjörð ok upp í vatn þat, er Dröfn heitir, ok hafðisk hann þar við, til þess er herr Knúts konugs var farinn um suðr. En í ferð þeiri, er Knútr konungr fór norðan með landi, átti hann þing í hverju fylki; en á hverju þingi var honum land svarit ok gefnir gíslar. Fór hann austr yfir Foldina til Borgar ok átti þar þing; var honum þar land svarit sem annars staðar. Síðan fór Knútr konungr til Danmarkur suðr, ok hafði hann Nóreg eignazk orrostulaust; réð hann þá fyrir iii. þjóðlönnum; svá segir Hallvarðr Háreksblesi, er hann orti um Knút konung:

20

25

30

35

119. Englandi ræðr yngvi einn (hefsk friðr at beinni) þóðrakkr bænar nokkva barkrjóðr ok Danmorku;	ok hefr (odda Leiknar) jalmfreyr und sik malma (hjaldrórr haukum þverrir hungr) Nóregi þrungit.
---	--

## K. 174. Frá Óláfi konungi.

5 Óláfr konungr helt skipum sínum út til Túnsbergs, þegar er hann spurði, at Knútr konungr var farinn suðr til Danmarkar. Síðan bjó hann ferð sína með lið þat, er honum vildi fylgja, ok hafði hann þá xiii. skip. Síðan helt hann út eptir Víkinni ok fekk  
10 hann lítit af fé ok svá af mǫnnum, nema þeir fylgðu honum, er eyjar byggðu eða útnes. Gekk konungr þá ekki á land upp, hafði slíkt af fé eða mǫnnum, sem á leið hans varð. Hann fann þat, at landit var þá svikit undan honum. Fór hann þá svá sem byrjaði. Var þat ǫndurðan vetr. Þeim byrjaði heldr seint; lágu þeir í  
15 Sóleyjum mjök lengi ok spurðu þar tíðendi af kaupmǫnnum norðan ór landi. Var konungi þá sagt, at Erlingr Skjálgsson hafði liðsannað mikinn á Jaðri; skeið hans lá fyrir landi albúin ok fjölði annarra skipa, er bændr áttu; váru þat skútur ok lagnarskip ok róðrarferjur stórar. Konungrinn helt austan liðinu  
20 ok lá um hríð í Eikundasundi. Spurðu þá hvárir til annarra. Fjölmentisk Erlingr sem mest þá.

## K. 175. Frá sigling Óláfs konungs.

Túmásmessu fyrir jól þegar í dagan tók konungr út ór hǫfninni; var þá allgóðr byrr ok heldr hvass; siglði hann þá  
25 norðr fyrir Jaðar. Var veðr vátt ok mjorkvaflaug nokkur. Þegar fór njósn it øfra um Jaðar, er konungr siglði it ýtra. En er Erlingr varð þess varr, at konungr siglði austan, þá lét hann blása liði sínu ǫllu til skipanna; deif þá fólk alt á skipin ok bjósk til bardaga. En skip konungs. bar skjótt at norðr um  
30 Jaðar. Þá stefndi hann innleið, ætlaði svá ferð sína, at fara í fjórðu inn ok fá sér þar lið ok fé. Erlingr siglði eptir honum ok hafði her mannz ok fjölða skipa. Váru skip þeira ǫrskreið, er þeir hǫfðu ekki á nema menn ok vápn; gekk þá skeiðin Erlings miklu meira en ǫnnur skipin; þá lét hann hefla seglit ok beið liðs  
35 síns. Þá sá Óláfr konungr, at þeir Erlingr sóttu eptir mjök, þvíat skip konungs váru sett mjök ok sollin, er þau hǫfðu flotit á sæ alt sumarit ok um haustit ok vetrinn þar til; hann sá, at liðsmunr mikill myndi vera, ef mœtti ǫllu í sænn liði Erlings. Þá

lét hann kalla skip frá skipi, at menn skyldu síga láta seglin ok heldr seint, en svipta af handrifi; ok var svá gort. Þeir Erlingr funnu þat. Þá kallaði Erlingr ok hét á lið sitt, það þá sigla meira — »sé þér, segir hann, at nú lægir seglin þeira, ok draga þeir undan oss«. Lét hann þá hleypa ór heflunum segli á skeiðinni; 5 gekk hon fram brátt.

K. 176. Fall Erlings Skjálgsssonar.

Óláfr konungr stefndi fyrir innan Bókn; fal þá sýn milli þeira. Síðan það konungr leggja seglin ok róa fram í sund þröngt, er þar var. Lögðu þeir þar þá saman skipunum; gekk 10 kleppurnes fyrir útan þá. Menn váru þá allir herklæddir. Erlingr siglði þá at sundinu, ok funnu þeir eigi fyrr, at herr lá fyrir þeim, en þeir sá, at konungsmenn røru öllum skipunum senn at þeim. Þeir Erlingr hleypðu ofan seglinu ok gripu til vápna; en konungsherrinn lá öllum megin at skipinu. Tóksk þar orrosta ok var in 15 snarpasta; þá snøri mannfallinu brátt í lið Erlings. Erlingr stóð í lyptingu á skipi sínu; hann hafði hjálm á höfði ok skjöld fyrir sér, sverð í hendi. Sigvatr skáld hafði verit eptir í Víkinni, ok spurði hann þar þessi tíðendi; en Sigvatr var inn mesti vinr Erlings ok hafði þegit gjafir af honum ok verit með honum. 20 Sigvatr orti flokk um fall Erlings, ok er þessi vísa þar í:

120. Ut réð Erlingr skjóta	skeið hans lá svá (síðan)	
eik sás rauð enn bleika,	siklings í her miklum	
(iflaust es þat) jofri,	(snarir þorðusk þar sverðum)	
arnar fót, at móti;	síbyrð við skip (fyrðar).	25

Þá tók at falla lið Erlings, ok þegar er á ortisk ok uppganga varð greidd á skeiðina, þá fell hverr í sínu rúmi. Konungr sjálfr gekk hart fram; svá segir Sigvatr:

121. Rakkr þengill hjó rekka,	bragningr rauð fyr breiðan	
reiðr gekk hann of skeiðar,	borðvöll Jaðar norðan,	30
valr lá þröngt á þiljum,	blóð kom varmt á víðan	
þung vas sókn fyr Tungum;	(vá frægr konungr) ægi.	

Svá fell vandliga lið Erlings, at engi maðr stóð upp á skeiðinni nema hann einn. Var þar bæði, at beiddu lítt griða, fekk ok engi, þótt beiddi, mátti ok ekki á flótta snúask, þvíat skip lágu 35 umhverfis skeiðna. Er svá sagt sannliga, at engi maðr leitaði at flýja; enn segir Sigvatr:

122. Öll vas Erlings fallin,	skeið vann skjöldungr auða,
ungr fyr norðan Tungur	skipsókn við þröm Bóknar;



einn stóð sonr á sínu                    í lyptingu lengi  
snarr Skjalgs, vinum fjarri,        lætrauðr skipi auðu.

Þá var Erlingi veitt atsókn bæði ór fyrirrúminu ok af öðrum skipum. Rúm mikit var í lyptingunni, ok bar þat hátt mjök upp  
5 frá öðrum skipum, ok mátti engu við koma nema skotum ok nökkut spjótalögum, ok hjó hann þat alt af sér. Erlingr varðisk svá prúðliga, at engi maðr vissi dæmi, at einn maðr hefði staðit svá lengi fyrir jammargra manna atsókn, en aldri leitaði hann undankvámu eða griða at biðja; svá segir Sigvatr:

- 10 123. Réð eigi grid, gýgjar,                    en varð kerí virði  
          geðstirðr, konungs firða                víðbotn né kómr síðan  
          skógs þóat skúrir þyrrit,                glyggs á gjalfri lögðan  
          Skjalgs hefnir sér nefna;                geirs ofrhugi meiri.

Óláfr konungr sótti þá aptr í fyrirrúmit ok sá, hvat Erlingr  
15 hafðisk at. Konungr orti þá orða á hann ok mælti svá: »öndurðr horfir þú við í dag, Erlingr«. Hann svarar: »öndurðir skulu ernir klóask«. Þessa orða getr Sigvatr:

124. Öndurða bað, jarðar,                    þás hann at sig -sonnum  
          Erlengr, sás vel lengi                    (sá vas áðr búinn) ráða-  
20 geymði lystr, né lamðisk                (ats) við Útstein hizig  
          landvörn, klóask örnun,                Áleif of tók mölum.

Þá mælti konungr: »viltu á hönd ganga, Erlingr?« »Þat vil ek« segir hann. Þá tók hann hjálminn af höfði sér ok lagði niðr sverðit ok skjöldinn ok gekk fram í fyrirrúmit. Konungr stakk  
25 við honum øxarhyrnunni í kinn honum ok mælti: »merkja skal dróttinsvikann«. Þá hljóp at Áslákr Fitjaskalli ok hjó með øxi í höfuð Erlingi, svá at stóð í heila niðri; var þat þegar banasár; lét Erlingr þar líf sitt. Þá mælti Óláfr konungr við Áslák: »hogg þú allra manna armastr; nú hjóttu Nöreg ór hendi mér«. 30 Áslákr segir: »illa er þá, konungr, ef þér er mein at hoggvi; ek þóttumk nú Nöreg í hönd þér hoggva; en ef ek hefi þér mein gort, konungr, ok kantu mér óþökk fyrir þetta verk, þá mun mér kostlaust vera; þviat hafa mun ek svá margra manna óþökk ok fjándskap fyrir þetta verk, at ek mynda heldr þurfa at hafa 35 yðart traust ok vináttu«. Konungr segir, at svá skyldi vera. Síðan bað konungr hvern mann ganga á sitt skip ok búask ferðar sinnar sem hvatligast — »munu vér, segir hann, ekki ræna val þenna; munu nú hafa hvárir, sem fengit hafa«. Gengu menn þá aptr á skipin ok bjoggusk sem hvatligast. En er þeir váru 40 búnir, þá rendu skipin í sundit sunnan, búandalíðit. Var þá, sem

opt eru raunir, þótt lið mikit komi saman, er menn fá slög stór ok láta hofðingja sína, at menn verða eigi góðir tilræðis, ok sé þá hofðingjalausir. Sønir Erlings váru engir þar; varð ekki af atlogu bóanda, ok siglði konungr norðr leið sína, en bœndr tóku lík Erlings ok bjoggu um ok fluttu heim á Sóla, svá val þann allan, 5 er þar hafði fallit; ok var Erlingr it mesta harmaðr, ok hefir þat verit mál manna, at Erlingr Skjálgsson hafi verit maðr gøfgastr ok ríkastr í Nóregi, þeira er eigi bæri tignarnafn meira. Sigvatr skáld orti enn þetta:

125. Erlingr fell, en olli	mann veitk engi annan,	10
allríkr skipan slíkri	allbrátt þóat fjor látit,	
(bíðrat betri dauða)	enn sás allan kunní	
bragna konr með magni;	aldr fullara at halda.	

Þá segir ok, at Áslákr hefði frændvíg upp hafit ok mjök ósynju:

126. Áslákr hefir aukit,	ættvígi má eigi	15
es vörðr drepinn Hørða	(á líti þeir) níta,	
(fáir skyldu svá) foldar,	frændr skyli bræði bindask	
frændsekju (styr vekja);	bornir (mól en fornu).	

K. 177. Frá ferð Óláfs konungs.

Sønir Erlings váru sumir norðr í Prándheimi með Hákonu 20 jarli, en sumir norðr á Hørðalandi, sumir inn í fjörðum, ok váru þeir þar í liðsamnaði. En er spurðisk fall Erlings, þá fylgði þeiri sögu útboð austan um Agðir ok um Rogaland ok Hørðaland; var þar her boðit út, ok var þat it mesta fjölmenni; ok fór herr sá með sonum Erlings norðr eptir Óláfi konungi. Þá er Óláfr 25 konungr fór frá bardaga þeira Erlings, siglði hann norðr um sund, ok var þá dagr mjök liðinn; svá segja menn, at hann orti þá vísu þessa:

127. Litt mun halr enn hvíti,	svá hefr ǫllungis illa,	
hrafn etr af ná getnum,	(ek gekk reiðr of skeiðar)	30
(vér unnum gný Gunnar)	jörð veldr manna morði,	
gláðr í nótt á Jaðri;	mítt rán getit hönnum.	

Fór konungr síðan norðr með landi með lið sitt; hann spurði alt it sanna um bóandasamnað. Þar váru þá með Óláfi konungi margir lendir menn; þar váru þeir allir Árna-synir. Þess 35 getr Bjarni gullbráskáld í kvæði því, er hann orti um Kálf Arnason:

128. Vast, þars vígs bað kosta	(kynnisk kapp þitt mǫnnum)
vápndjarfr Haralds arfi,	Kalfr, við Bókn austr sjalfa;

- |      |                          |                          |
|------|--------------------------|--------------------------|
|      | gótuð gríðar sóta        | kendr vast fyrst á fundi |
|      | gólig fong til jóla;     | flettugrjóts ok spjóta.  |
| 129. | Old fekk ilt ór deildum; | ljós es raun, at ræsir   |
|      | Erlingr vas þar finginn; | ráðinn varð frá láði;    |
| 5    | óðu blökk í blóði        | lagðisk land und Egða,   |
|      | borð fyr Utstein norðan; | lið þeira frá meira.     |

Fór Óláfr konungr til þess er hann kom norðr um Stað ok lagði til Hereyja ok spurði þar þau tíðendi, at Hákon jarl hafði lið mikit í Þrándheimi. Síðan leitaði konungr ráðs við lið sitt;

10 Kálfr Arnason eggjaði mjök at sækja til Þrándheims ok berjask við Hákon jarl, þótt liðsmunr væri mikill. Því ráði fylgðu margir aðrir, en sumir lottu; var þá skotit til órskurðar konungs.

#### K. 178. Dráp Asláks Fitjaskalla.

Síðan helt Óláfr konungr'inn til Steinavágs ok lá þar um 15 nótt. En Aslákr Fitjaskalli helt skipi sínu inn til Borgundar; dvalðisk hann þar um nóttina. Þar var fyrir Vigleikr Arnason. En um morguninn, er Aslákr vildi ganga til skips síns, þá veitti Vigleikr honum atgöngu ok vildi hefna Erlings; þar fell Aslákr. Þá kómu menn til konungs, hirðmenn hans, norðan ór Frekeyjar-

20 sundi, þeir er heima höfðu setit um sumarit, ok sögðu konungi þau tíðendi, at Hákon jarl ok margir lendir menn með honum váru komnir um kveldit í Frekeyjarsund með miklu fjölmenni — »ok vilja þik taka af lífi, konungr, ok þitt lið, ef þeir eigu vald á«. En konungr gerði menn sína upp á fjall þat, er þar er; en

25 þá er þeir koma upp á fjallit, þá sá þeir norðr til Bjarneyjar, at norðan fór lið mikit ok mǫrg skip, ok fóru ofan aptr ok segja konungi, at herrinn fór norðan; en konungr lá þar fyrir xii. skipum. Síðan lét hann blása, ok fóru tjöld af skipum hans, ok tóku þeir til ára. En þá er þeir váru albúnir ok þeir lögðu ór

30 höfninni, þá fór herr bónda norðan fyrir Þjótanda ok höfðu xxv. skipa. Þá stefndi konungr fyrir innan Nyrfi ok inn um Hundzver. En þá er Óláfr konungr kom jafnfram Borgund, þá fór ok skip móti honum, er Aslákr hafði átt. En er þeir hittu Ólaf konung, þá sögðu þeir sín tíðendi, at Vigleikr Arnason hafði tekit af

35 lífi Aslák Fitjaskalla, fyrir þat er hann hafði drepit Erling Skjálgrsson. Konungr lét illa yfir þessum tíðendum ok mátti þó eigi dvelja ferð sína fyrir ófriði ok fór þá inn um Veggund ok um Skot. Þá skilðisk lið við hann; fór frá honum Kálfr Arnason ok margir aðrir lendir menn ok skipstjórnarmenn ok heldu þeir

til móts við jarl. En Óláfr konungr helt fram sinni ferð ok létti eigi fyrr, en hann kom í Toðarfjörð inn ok lagði at í Valldali ok gekk þar af skipum sínum ok hafði þar v. skip ok setti þau upp ok fekk þar til hirzlu segl ok reiða. Síðan setti hann þar landtjald sitt á eyrinni, sem Sult hét, ok eru þar fagrir 5 vellir, ok reisti kross þar hjá á eyrinni. En bóndi sá bjó á Mœrini, er Brúsi hét, ok var hann höfðingi yfir dalnum. Síðan kom Brúsi ofan ok margir aðrir bæendr á fund Óláfs konungs ok fognuðu honum vel, sem verðugt var; en hann gerði sik blíðan í móti fagnaði þeira. Þá spurði konungr, ef fært væri 10 þar á land upp ór dalinum ok á Lesjar. Brúsi segir honum, at urð sú var í dalnum, er Sefsurð heitir — »ok er þar hvárki fært mǫnnum né hrossum«. Óláfr konungr svarar honum: »til mun nú hætta verða, bóandi; teksk sem guð vill; ok komið hér nú í morgin með eyki yðra ok sjálfa yðr, ok sjám síðan, hvern 15 vǫxtr á sé, þá er vér komum til urðarinnar, hvárt vér megum þar nokkur brǫgð sjá at komask yfir með hrossum eða mǫnnum«.

## K. 179. Frá urðar-broti.

En er dagr kom, þá fóru bæendr ofan með eyki sína, svá sem konungr hafði mælt við þá. Flytja þeir þá með eykjunum 20 varnað sinn ok klæði, en alt lið gekk ok konungr sjálf. En hann gekk þar til, er Mosbrekka heitir, ok hvíldisk, er hann kom á brekkuna, ok sat þar um hríð ok sá ofan í fjörðinn ok mælti: »erfiða ferð hafa þeir fengit mér í hendr, lendir menn mínir, er nú hafa skipt um trúnaðinn, er um hríð váru vinir 25 mínir ok fulltrúar«. Þar standa nú krossar ii. eptir á brekkunni, er konungr sat. Konungr steig þá á bak hesti einum ok reið upp eptir dalnum ok létti eigi fyrr, en þeir kómu til urðarinnar. Þá spurði konungr Brúsa eptir, ef nokkur sel væri þar, þau er þeir mætti í búa. Hann kvað vera. En konungr 30 setti landtjald sitt ok var þar um nóttina. En um morgininn, þá bað konungr þá fara til urðarinnar ok freista, ef þeir mætti koma vognum yfir urðina. Þá fóru þeir til, en konungr sat heima í landtjaldi. En at kveldi kómu þeir heim, hirðmenn konungs ok bæendr, ok kváðusk hafa haft mikit erfiði ok ekki 35 á leið komit ok segja, at þar myndi aldri vegr yfir komask eða leggjask — ok váru þar aðra nótt, ok var konungr á bænum sínum alla nótt. Ok þegar er konungr fann, at dagaði, þá bað hann menn fara til urðar ok freista enn, ef þeir gæti vognum

yfir komit. Þeir fóru ok váru trauðir, þeir sögðu, at þeir mundu ekki geta at unnit. En þá er þeir váru brot farnir, þá kom sá maðr til konungs, er réð fyrir vistum, ok segir, at eigi var vist meiri en tvau nautföll slátrs — »en þú hefir cccc.  
 5 þíns liðs ok c. bóanda«. Þá mælti konungr, at hann skyldi láta upp katla alla, í hvern ketil láta nokkut af slátri — ok svá var gort; en konungr gekk til ok gerði yfir krossmark ok bað þá búa mat, en konungr fór til Sefsurðar, þar sem þeir skyldu veginn ryðja. En þá er konungr kom þar, þá sátu þeir allir  
 10 ok váru móðir orðnir af erfiði. Þá mælti Brúsi: »ek sagða yðr, konungr, ok vilduð þér eigi trúa mér, at ekki mátti vinna at urð þessarri«. Síðan lagði konungr niðr skikkju sína ok mælti, at þeir skyldu til fara allir ok freista enn; ok svá var gort; ok færðu þá steina xx. menn, þannug, sem þeir vildu, er engan  
 15 veg gátu áðr hrcert c. manna, ok var vegrinn ruddr at miðjum degi, svá at fært var bæði mǫnnum ok hrossum með klyfjum eigi verr en á sléttum velli. Síðan fór konungr ofan aptr, þangat sem vistin var ok nú heitir Óláfshellir. Kelda er ok þar nær hellinum, ok þó konungr sér í; en ef búfé manna verðr sjúkt  
 20 í dalnum ok drekkur þar af vatni því, þá batnar því sóttu. Síðan fór konungr til matar ok allir þeir; ok þá er konungr var mettr, þá spurði hann eptir, ef sætr nokkur væri í dalnum upp frá urðinni ok nær fjallinu, er þeir mætti búa í um nóttina. En Brúsi segir: »eru sætr, er heita Grœningar, ok má þar engi  
 25 maðr vera um nætr fyrir tröllagangs sakir ok meinvætta, er þar eru hjá sætrinu«. Síðan mælti konungr, at þeir skyldu búa ferð sína, ok segir, at hann vildi þar vera um nóttina á sætrinu. Þá kom sá maðr til hans, er fyrir vistum réð, ok segir, at þar er ørgrynni vista — »ok veit ek eigi, hvaðan komnar eru«. Þakkar konungr guði sending sína, ok lét hann gera byrðar  
 30 matar boendum þeim, er ofan fóru eptir dalnum, en var á sætri um nóttina. En at miðri nótt, er menn váru í svefni, þá lét á stöðli úti afskræmiliga ok mælti: »svá brenna mik nú bœnir Óláfs konungs, segir sú véttr, at eigi má ek nú vera at hóbýlum mínum, ok verð ek nú flýja ok koma aldri á þenna stöðul síðan«. En um morgininn, er menn vǫknuðu, þá fór konungr til fjallz ok mælti við Brúsa: »hér skal nú gera bæ ok mun sá bóndi æ hafa sér framdrátt, er hér býr, ok aldri skal hér korn frjósa, þó at bæði frjósi fyrir ofan bæ ok neðan«. Þá fór Óláfr konungr yfir fjall ok kom fram í Einbúa ok var þar um nótt.  
 40

Óláfr konungr hafði þá verit konungr í Nóregi xv. vetr, með þeim vetri, er þeir Sveinn jarl váru báðir í landi, ok þessum, er nú um hríð hefir verit frá sagt, ok þá var liðit um jól fram, er hann lét skip sín ok gekk á land upp, sem nú var sagt. — Þessa grein konungdóms hans ritaði fyrst Ari prestur Þor- 5  
gilsson inn fróði, er bæði var sannsggull, minnigr ok svá gamall maðr, at hann mundi þá menn ok hafði sögur af haft, er þeir váru svá gamlir, at fyrir aldrs sakir máttu muna þessi tíðendi, svá sem hann hefir sjálf sagt í sínum bókum ok nefnda þá 10  
menn til, er hann hafði fræði af numit, en hitt er alþýðu sögn, at Óláfr væri xv. vetr konungr yfir Nóregi áðr hann fell; en þeir er svá segja, þá telja þeir Sveini jarli til ríkis þann vetr, er hann var síðarst í landi, þvíat Óláfr var síðan xv. vetr konungr, svá at hann lifði.

## K. 180. Spásögn Óláfs konungs.

Síðan er Óláfr konungr hafði verit um nótt á Lesjum, þá fór hann með liði sínu dag eptir dag, fyrst til Guðbrandsdala, en þaðan út á Heiðmörk. Síndisk þá, hverir vinir hans váru, þvíat þeir fylgðu þá honum, en hinir skilðusk þá við hann, er með minna trúleik höfðu þjónat honum, en sumir snørusk 20  
til óvináttu ok fullz fjandskapar, svá sem bert varð; kendi þess mjök á um marga Uplendinga, at illa hafði líkat aftaka Þóris, svá sem fyrr var getit. Óláfr konungr gaf heimleyfi mörgum mönnum sínum, þeim er bú áttu ok börn fyrir at hyggja, þvíat þeim mönnum þótti ósýnt, hverr friðr gefinn væri varnaði þeira 25  
manna, er af landi brot færi með konungi. Gerði konungr þá bert fyrir vinum sínum, at sú var ætlan hans, at fara þá ór landi í brot, fyrst austr í Sviaveldi, ok gera þá ráð sitt, hvert hann ætlar eða snøri þaðan af; en það svá vini sína til ætla, at hann myndi enn ætla til landzins at leita ok aprt til ríkis 30  
síns, ef guð léði honum langlífis, sagði, at þat var hugboð hans, at alt fólk í Nóregi myndi enn verða þjónostubundit við hann — »en ek mynda ætla, segir hann, at Hákon jarl myndi lítla stund hafa vald yfir Nóregi, ok mun mörgum mönnum þat eigi þykkja undarligt, þvíat Hákon jarl hefir fyrr skort við 35  
mið hamingju; en hinu munu fáir menn trúa, þótt ek segja þat, er mér boðar fyrir, er kœmr til Knúts ins ríka, at hann myni á fára vetra fresti vera dauðr ok farit alt ríki hans, ok mun engi verða upreist hans kynslóðar, ef svá ferr, sem mín

orð horfa til«. En er konungr hætti ræðu sinni, þá bjoggu menn ferð sína; snøri konungr þá með þat lið, er honum fylgði, austr til Eiðaskógs; þar var þá með honum Ástriðr drótning, Úlfhildr dóttir þeira, Magnús sonr Óláfs konungs, Rognvaldr  
 5 Brúsason, þeir Árna-synir Þorbergr, Finnur, Arní ok enn fleiri lendir menn; hafði hann gott mannval. Björn stallari fekk heimleyfi; fór hann aptr ok heim til bús síns, ok margir aðrir vinir konungs fóru aptr til búa sinna í leyfi hans. Bað konungr þess, at þeir skyldu hann vita láta, ef þau tíðendi gerðisk  
 10 í landinu, er honum bæri nauðsyn til at vita. Snýr konungr þá leið sína.

### K. 181. Ferð Óláfs konungs í Hólmgarð.

Pat er at segja frá ferð Óláfs konungs, at hann fór fyrst ór Nóregi austr um Eiðaskóg til Vermalandz ok þá út í Vatsbú  
 15 ok þaðan yfir skóg þann, sem leið liggr, ok kom fram á Næríki. Þar var fyrir ríkr maðr ok auðigr, er hét Sigtryggur; Ívarr hét sonr hans, er síðan varð gofugr maðr. Þar dvalðisk Óláfr konungr um vórit með Sigtryggvi. En er sumraði, þá bjó konungr ferð sína ok fekk sér skip; fór hann um sumarit ok létti eigi  
 20 fyrr, en hann kom austr í Garðaríki á fund Jarisleifs konungs ok þeira Ingigerðar drótningar. Ástriðr drótning ok Úlfhildr konungsdóttir vóru eptir í Svíþjóð, en konungr hafði austr með sér Magnús, son sinn. Jarisleifr konungr fagnaði vel Óláfi konungi ok bauð honum með sér at vera ok hafa þar land til  
 25 slíks kostnaðar, sem hann þurfti at halda lið sitt með; þat þekðisk Óláfr konungr ok dvalðisk þar. Svá er sagt, at Óláfr konungr var siðlátr ok bænækin til guðs alla stund ævi sinnar, en síðan er hann fann, at ríki hans þvarr, en mótstöðumenn eflðusk, þá lagði hann allan hug á þat, at gera guðs þjónustu; dvalði  
 30 hann þá ekki frá aðrar áhyggjur eða þat starf, sem hann hafði áðr með höndum haft, þvíat hann hafði þá stund, er hann sat í konungdóminum, starfat þat, er honum þótti mest nytsemð at vera, fyrst at friða ok frelsa landit af áþján útlendra höfðingja, en síðan at snúa landzfólkinu á rétta trú ok þar með at setja  
 35 lög ok landzrétt, ok þann hlut gerði hann fyrir réttðæmis sakir, at hegna þá, er rangt vildu. Pat hafði mikill siðr verit í Nóregi, at lendra manna synir eða ríkra bóanda fóru á herskip ok ofluðu sér svá fjár, at þeir herjuðu bæði útanlandz ok innanlandz. En síðan er Óláfr tók konungdóm, þá friðaði hann svá land sitt,  
 40 at hann tók af rán qll þar í landi; ok mætti refsingu við þá

koma, þá lét hann engu öðru við þá koma en þeir létu líf eða limar; hvárki týði böen manna þar fyrir né féboð; svá segir Sigvatr skáld:

- |   |   |          |
|---|---|----------|
| 130. Goll buðu opt þeirs ollu<br>úthlaupum gram kaupask<br>rautt, en ræsir neitti,<br>ríklunduðum undan;<br>skor það hann með hjörvi,<br>(her land skal svá verja)<br>ráns biðu rekkar sýna<br>refsing, firum efsa. | þýðr lét þermlask bæði<br>þjóf hvern konungr ernan<br>(friðr bættisk svá) fóta<br>(fylkis lands) ok handa.  | 5        |
| 131. Fœddi mest sás, meiddi<br>margdýrr konungr, varga,<br>hvinna ætt ok hlenna;<br>hann stýfði svá þýfðir;   | 132. Vissi helzt, þats hvogssum<br>hundmorgum lét grundar<br>vörðr með vópnum skorða<br>víkingum skor, ríkis;<br>mildr lét morgu valdit<br>Magnúss faðir gagni;<br>fremð Áleifs kveðk frömðu<br>flestan sigr ens sigra. | 10<br>15 |

Hann lét jafna refsing hafa ríkan ok óríkan, en þat þótti landz-  
mönnum ofrausn ok fyldusk þar fjandskapar upp í mót, er þeir  
létu frændr sína at réttum konungsdómi, þótt sannar sakir væri.  
Var þat uphaf til þeifar upreistar, er landzmenn gerðu í móti  
Óláfi konungi, at þeir þolðu honum eigi réttendi; en hann vildi  
heldr láta af tigninni en af réttðæminu; en eigi var sú sök  
við hann rétt fundin, at hann væri hnöggr fjár við sína menn;  
hann var inn mildasti við vini sína; en þat bar til, er menn  
reistu ófrið í móti honum, at mönnum þótti hann harðr ok  
refsingasamr, en Knútr konungr bauð fram ofrfé; en þó urðu  
stórhöfðingjarnir at hinu blekðir, er hann hét hverjum þeira  
tígn ok ríki, ok þat með, at menn váru fúsir í Nóregi at taka  
við Hákonu jarli, þvíat hann var inn vinsælsti maðr af landz-  
fólki þá fyrr, er hann réð fyrir landi.

K. 182. Frá Jökli Bárðarsyni.

Hákon jarl hafði haldit liði sínu ór Prándheimi ok farit  
í mót Óláfi konungi suðr á Mœri, sem fyrr var ritit. En er  
konungr helt inn í fjörðu, þá sótti jarl eptir þannug. Kom þá  
til móts við hann Kálfr Árnason ok fleiri þeir menn, er skilizk  
höfðu við Ólaf konung; var Kálfi þar vel fagnat. Síðan helt  
jarl inn þannug, sem konungr hafði upp sett skip sín, í Toðar-  
fjörð í Valldal; tók jarl þar skip þau, er konungr átti; lét  
jarl setja út skipin ok búa; váru þá menn hlutaðir til skip-  
stjórnar. Sá maðr var með jarlinum, er nefndr er Jökull, íslenzkr



maðr, sonr Bárðar Jökulssonar ór Vatsdali. Jökull hlaut at stýra Visundinum, er Óláfr konungur hafði haft. Jökull orti vísu þessa:

133. Hlautk frá Sult, — en sæta þvís »ýstéttar« átti  
 síð fregn at ek kvíða, Áleifr »funa kleifar«  
 5 vön erumk hreggs at hreini (gramr vas sjalfr á sumri  
 hlýr vangs, — skipi stýra, sigri ræntr) enn digri.

Þat er hér skjótast af at segja, er síðarr varð mjök miklu, at Jökull varð fyrir liði Óláfs konungs á Gotlandi ok varð handtekinn, ok lét konungur hann til høggs leiða, ok var vöndr snúinn  
 10 í hár honum ok helt á maðr. Settisk Jökull niðr á bakka nokkurn. Þá réð maðr til at hoggva hann; en er heyrði hvininn, réttisk hann upp, ok kom høggit í hofuð honum, ok varð mikit sár; sá konungur, at þat var banasár; það konungur þá hætta við hann. Jökull sat upp ok orti þá vísu:

15 134. Sviða sör af mœði, byss mér blóð ór þessi  
 setit hefk opt við betra; ben; ték við þrek venjask;  
 und es á oss, sús sprændi verpr hjalmgöfugr hilmir  
 ótrauð legi rauðum; heiðsær á mik reiði.  
 Síðan dó Jökull.

20 K. 183. Frá Kálfi Arnasyni.

Kálfr Arnason fór með Hákonu jarli norðr til Prándheims, ok bauð jarl honum til sín ok gerask sér handgenginn. Kálfr segir, at hann myndi fara fyrst inn á Eggju til bús síns ok láta síðan gerask ráð; Kálfr gerði svá. En er hann kom heim,  
 25 þá fanzk honum þat brátt í, at Sigríðr kona hans var heldr skapstór ok talði upp harma sína, þá er hon kallaðisk fengit hafa af Óláfi konungi, þat fyrst, er hann lét drepa bónda hennar Ölvi — »en nú síðan, segir hon, sonu mína ii.; ok vartu, Kálfr, at þeira aftöku, ok myndi mik þess sízt af þér vara«. Kálfr  
 30 segir, at þat var mjök at hans óvilja, er Þórir var af lífi tekinn — »bauð ek, segir hann, fé fyrir hann, en þá er Grjótgarðr var feldr, lét ek Arnbjörn bróður minn«. Hon segir: »vel er þat, er þú hlautz slíkt af konungi, þvíaat vera má, at þú vilir hefna hans, þóttu vilir eigi hefna minna harma; sáttu,  
 35 þá er Þórir var drepinn, fóstrson þinn, hversu mikils konungur virði þik þá«. Þvílíkar harmtölur hafði hon jafnan uppi fyrir Kálfi. Kálfr svarar opt styggliga, en þó varð hitt at lykðum, at hann leiddisk eptir fortöllum hennar ok hét þá því, at gerask jarli handgenginn, ef jarl vildi auka veizlur hans. Sigríðr sendi

orð jarlinum ok lét segja, hvar þá var komit um mál Kálfs. En þegar er jarl varð þess viss, þá sendi hann orð Kálfi, þau at hann skyldi koma út til bæjar á fund jarls. Kálfr lagðisk þá ferð eigi undir höfuð ok fór lítlu síðarr út til Niðaróss ok fann þar Hákon jarl, fekk þar góðar viðtökur, ok áttu þeir jarl 5 tal sitt; kom þar alt ásamt með þeim ok réðu þeir þat, at Kálfr gerðisk handgenginn jarli ok tók af honum veizlur miklar. Síðan fór Kálfr heim til bús síns; hafði hann þá mest yfirsókn alt inn í Þrándheim. En þegar er váraði, bjó Kálfr skip, er hann átti, ok þegar er hann var búinn, þá siglði hann á haf ok helt skipi 10 því vestr til Englandz, þvíat hann spurði þat til Knúts konungs, at hann siglði snimma um várit ór Danmörk vestr til Englandz. Þá hafði Knútr konungr gefit jarldóm í Danmörku Haraldi, syni Þorkels háva. Kálfr Árnason fór á fund Knúts konungs, þegar er hann kom til Englandz; svá segir Bjarni gullbrárskáld: 15

135. Austr réð allvaldr rísta	enn of iðnir manna
ótála haf stáli;	emkak tamr at samna
varð at vitja Garða	skrökvi; at skilnað ykkarn
vígmóðr Haralds bróðir;	skjótt lézt Knút of sóttan.

En er Kálfr kom á fund Knúts konungs, þá fagnaði konungr 20 honum forkunnar vel ok hafði á tali við sik; varð þat í ræðum Knúts konungs, at hann beiddi Kálf þess at bindask fyrir at gera upreist í móti Óláfi inum digra, ef hann leitaði aptr í landit — »en ek, segir konungr, mun gefa þér þá jarldóm ok láta þik þá ráða Nóregi, en Hákon, frændi minn, skal fara til 25 mín ok er honum þat bezt fallit, þvíat hann er sá heilhugi, at ek ætla hann eigi munu einu skapti skjóta móti Óláfi konungi, þótt þeir finnisk«. Kálfr hlýddi á þat, er Knútr konungr mælti, ok gerðisk hann fúss til tignarinnar; staðfestisk sjá ráðagørð með þeim Knúti konungi ok Kálfi. Bjósk þá Kálfr til heim- 30 ferðar, en at skilnaði gaf Knútr konungr honum gjafar vegsamligar; þess getr Bjarni skáld:

136. Áttu Engla drótni,	þér lét fold áðr færir
ógnrakkr, gjafar þakka,	(frest urðu þess) vestan,
jarls niðr; komtu yðru	líf þitt esa lítit,
ótála vel máli;	Lundúna gramr fundna.

Síðan fór Kálfr aptr í Nóreg ok kom heim til bús síns.

## K. 184. Dauði Hákonar jarls.

Hákon jarl fór þat sumar ór landi ok vestr til Englandz, en er hann kom þar, þá fagnar Knútr konungr honum vel. Jarlinn átti festarmey þar á Englandi, ok fór hann þess ráðs  
 5 at vitja ok ætlaði brullaup sitt at gera í Nóregi, en aflaði til á Englandi þeira fanga, er honum þóttu torfengst í Nóregi. Bjósk jarl um haustit til heimferðar ok varð heldr síðbúinn; siglði hann í haf, þá er hann var búinn. En frá ferð hans er þat at segja, at skip þat týndisk, ok kom engi maðr af; en  
 10 þat er sumra manna sagn, at skipit hafi sét verit norðr fyrir Katanesi at aptni dags í stormi miklum, ok stóð veðrit út á Pétlandzfjörð; segja þeir svá, er slíku vilja fylgja, at skipit myni hafa rekit í svelginn; en hitt vita menn með sannendum, at Hákon jarl týndisk í hafi ok ekki kom til landa, þat er á  
 15 skipi því var. Þat sama haust sögðu kaupmenn þau tíðendi svá borin um land, at menn hugðu, at jarl væri týndr, en hitt vissu allir, at hann kom eigi á því hausti til Nóregs, ok land var þá hqfðingjalaust.

## K. 185. Frá Birni stallara.

Björn stallari sat heima at búi sínu, síðan er hann hafði skilizk við Ólaf konung. Björn var frægr ok spurðisk þat brátt víða, at hann hafði sezkt um kyrt. Spurði þat Hákon jarl ok aðrir landráðamenn. Síðan gerðu þeir menn ok orðsendingar til Bjarnar. En er sendimenn kómu fram ferð þeiri, þá tók Björn  
 25 vel við þeim. Síðan kallaði Björn til tals við sik sendimenn ok spurði þá eptir ørendum sínum, en sá, er fyrir þeim var, mælti, bar kveðju Knúts konungs ok Hákonar jarls Birni ok enn fleiri hqfðingja — »ok þat með, segir hann, at Knútr konungr hefir spurn mikla af þér, ok svá um þat, at þú hefir lengi fylgt Óláfi  
 30 digra, en verit óvinr mikill Knúts konungs, ok þykkir honum þat illa, þvíat hann vill vera vinr þinn sem allra annarra dugandi manna, þegar er þú vilt af hverfa at vera hans óvinr; ok er þér nú sá einn til, at snúask þangat til trausts ok vináttu, sem gnógst er at leita ok nú láta allir menn sér sóma í norðrhálfu heimsins;  
 35 meguð þér þat líta, er fylgt hafið Óláfi, hvernug hann hefir nú við yðr skilit; þér eruð allir traustlausir fyrir Knúti konungi ok hans monnum, en herjuðuð land hans it fyrra sumar ok drápuð vini hans; þá er þetta með þökkum at taka, er konungr býðr sína

vináttu, ok væri hitt makligra, at þú bæðir eða byðir fé til«. En er hann hafði lokit rœðu sinni, þá svarar Björn ok segir svá: »ek vil nú sitja um kyrt heima at þúi mínu ok þjóna ekki hofðingjum«. Sendimaðr svarar: »slíkt eru konungsmenn, sem þú ert; kann ek þér þat at segja, at þú átt ii. kosti fyrir hönðum; sá annarr, at fara útlagr af eignum þínum, svá sem nú ferr Óláfr, félagsmaðr yðarr; hinn er annarr kostur, er sýniligri má þykkja, at taka við vináttu Knúts konungs ok Hákonar jarls ok gerask þeira maðr ok selja til þess trú þína ok taka hér mála þinn« — steypði fram ensku silfri ór sjöð miklum. Björn var maðr fégjarn ok var hann sjúkr mjök ok þagnaði, er hann sá silfrit, hugði þá at fyrir sér, hvat af skyldi ráða, þótti mikit at láta eigur sínar, en þótti ósýn upreist Óláfs konungs, at verða myndi í Nóregi. En er sendimaðr fann, at Birni geksk hugr við féit, þá kastaði hann fram gullhringum ii. digrum ok mælti: »tak þú nú féit, Björn, ok sver eiðinn; ek heit þér því, at lítils er þetta fé vert hjá hinu, er þú munt þiggja, ef þú sækir heim Knút konung«. En af mikilleik fjárens ok heitum fögurum ok stórum féggjöfum, þá varð hann snúinn til fégirni, tók upp féit ok gekk síðan til handgöngu ok eiða, trúnaðar við Knút konung ok Hákon jarl. Fóru þá sendimenn í brot.

#### K. 186. Ferð Bjarnar stallara.

Björn stallari spurði tíðendi þau, er sagt var, at Hákon jarl væri týndr; þá snéri skaplyndi hans, iðraðisk hann þess, er hann hafði brugðit trú sinni við Ólaf konung; þóttisk hann þá lauss vera þeira einkamála, er hann hafði veitt til hlýðni Hákonar jarli; þótti Birni þá gerask nokkur ván til upreistar um ríki Óláfs konungs, ef hann kvæmi til Nóregs, at þá væri þar hofðingjalaust fyrir. Björn býr þá ferð sína skyndiliga ok hafði nokkura menn með sér; fór síðan dag ok nótt ferðar sinnar, þat á hestum, er svá mátti, þat á skipum, er þat bar til, létti eigi ferð þeiri, fyrr en hann kom um vetrinn at jólum austr í Garðaríki ok á fund Óláfs konungs, ok varð konungr allfeginn, er Björn hitti hann. Spurði þá konungr margra tíðenda norðan ór Nóregi. Björn segir, at jarl var týndr ok land var þá hofðingjalaust. Þeim tíðendum urðu menn fegnir, þeir er Óláfi konungi hofðu fylgt ór Nóregi ok þar hofðu átt eigur ok frændr ok vini ok léku miklir landmunir til heimferðar. Mjög önnur tíðendi sagði Björn konungi ór Nóregi, þau er honum var forvitni á at vita. Þá spurði konungr eptir vinum sínum

hvernug þeir heldi trúnaði við hann. Björn segir, at þat var allmisjafnt. Síðan stóð Björn upp ok fell til fóta konungi ok tók um fót honum ok mælti: »alt á guðs valdi ok yðru, konungr; ek hefi tekit fé af Knúts mǫnnum ok svarit þeim trúnaðareiða; en nú vil ek þér fylgja ok eigi við þik skiljask, meðan vit lifum báðir«. Konungr svarar: »stattu upp skjótt, Björn, sáttr skaltu vera við mik; boettu þetta við guð; vita má ek þat, at fáir munu nú vera í Nóregi, þeir er einorð sinni haldi nú við mik, er slíkir bregðask, sem þú ert; er þat ok satt, at menn sitja þar í miklu vandkvæði, er ek em fjarri, en sitja fyrir ófriði fjandmanna minna«. Björn segir konungi frá því, hverir mest bundusk fyrir, at reisa fjandskap upp í móti konungi ok hans mǫnnum; nefndi hann til þess sonu Erlings á Jaðri ok aðra frændr þeira, Einar þambarskelfi, Kálf Arnason, Þóri hund, Hárek ór Þjóttu.

15 K. 187. Frá Óláfi konungi.

Síðan er Óláfr konungr var kominn í Garðaríki, hafði hann stórar áhyggjur ok hugsaði, hvert ráð hann skyldi upp taka. Jarzleifr konungr ok Ingigerðr drótning buðu Óláfi konungi at dveljask með sér ok taka upp ríki þat, er heitir Vúlgaría, ok er þat einn hlutr af Garðaríki, ok var þat fólk heiðit í því landi Óláfr konungr hugsaði fyrir sér um þetta boð, en er hann bar þat fyrir menn sína, þá létu allir at staðfestask þar ok eggjuðu konung at ráða norðr til Nóregs til ríkis síns. Konungr hafði þat enn í ráðagörð sinni, at leggja niðr konungstígn ok fara út í heim til Jórsala eða í aðra helga staði ok ganga undir réguðu; þat talðisk lengstum í huginn at hugsa, ef nokkur fǫng myndi til verða, at hann næði ríki sínu í Nóregi. En er hann hafði þar á huginn, þá mintisk hann þess, at ina fyrstu x. vetr konungdóms hans váru honum allir hlutir hagfeldir ok farsæligir, en síðan váru honum öll ráð sín þunghrœrð ok torsótt, en gagnstaðligar allar hamingjuraunirnar. Nú efaði hann um fyrir þá sök, hvárt þat myndi vera vitrligt ráð, at treysta svá mjök hamingjuna at fara með lítinn styrk í hendr fjandmǫnnum sínum, er allr landzmúgr hafði til slegizk at veita Óláfi konungi mótgöngu. Slíkar áhyggjur bar hann optliga ok skaut til guðs sínu máli ok bað hann láta þat upp koma, er hann sæi, at baszt gegndi; vólkaði hann þat í hugnum ok vissi eigi, hvat hann skyldi upp taka, þvíat honum sýndusk mein auðsýn á því, sem hann talði fyrir sér.

## K. 188. Draumr Óláfs konungs.

Þat var á einni nótt, at Óláfr lá í rekkju sinni ok vakði lengi um nóttina ok hugði at ráðagørðum sínum ok hafði stórar áhyggjur í skapi sínu; en er hugrinn mœddisk mjök, þá sé á hann svefn ok svá lauss, at hann þóttisk vaka ok sjá ǫll tíðendi í húsinu. 5 Hann sá mann standa fyrir rekkjunni mikinn ok vegligan ok hafði klæðnað dýrligan; bauð konungi þat helzt í hug, at þar myndi vera kominn Óláfr Tryggvason. Sá maðr mælti til hans: »ertu mjök hugsjúkr um ráðaætlan þína, hvert ráð þú skalt upp taka? Þat þykki mér undarligt, er þú velkir þat fyrir þér, svá þat, ef 10 þú ætlask þat fyrir at leggja niðr konungstígn þá, er guð hefir gefit þér; slíkt it sama sú ætlan, at vera hér ok þiggja ríki af útlendum konungum ok þér ókunnum; farðu heldr aptr til ríkis þíns, er þú hefir at erfðum tekít ok ráðit lengi fyrir með þeim styrk, er guð gaf þér, ok lát eigi undirmenn þína hræða þik; þat 15 er konungs frami at sigrask á óvinum sínum, en vegligr dauði, at falla í orrostu með liði sínu; eða efar þú nokkut um þat, at þú hafir rétt at mæla í yðarri deilu? Eigi skaltu þat gera, at dylja sjálfan þik sannenda; fyrir því máttu djarfliga sækja til landzins, at guð mun þér bera vitni, at þat er þín eiga«. En er konungr 20 vaknaði, þá þóttisk hann sjá svip mannzins, er brot gekk; en þaðan í frá herði hann huginn ok einstrengði þá ætlan fyrir sér, at fara aptr til Nóregs, svá sem hann hafði áðr verit fúsastr til ok hann fann, at allir hans menn vildu helzt vera láta; talði hann þat þá í huginn, at landit myndi vera auðsótt, er hǫfðingjalaust 25 var, svá sem þá hafði hann spurt; ætlaði hann, ef hann kvæmi sjálf til, at margir mundu þá enn honum liðsinnaðir. En er konungr birtí þessa ráðagørð fyrir mǫnnum sínum, þá tóku allir því þaksamliga.

## K. 189. Af læknislist Óláfs konungs.

Svá er sagt, at sá atburðr varð í Garðaríki, þá er Óláfr konungr var þar, at sonr einnar gǫfugrar ekkju fekk kverkasull ok sótti svá mjök, at sveinninn mátti engum mat niðr koma, ok þótti hann banvænn. Móðir sveinsins gekk til Ingigerðar drótningar, þvíat hon var kunnkona hennar, ok sýndi henni sveininn. 35 Drótning segir, at hon kunni engar lækningar til at leggja — »gakk þú, segir hon, til Óláfs konungs, hann er hér lækni beztr, ok bið hann fara hǫndum um mein sveinsins, ok ber til orð mín,

ef hann vill eigi elligar«. Hon gerði svá sem drótning mælti. En er hon fann konung, þá segir hon, at sonr hennar var banvænn af kverkasulli, ok bað hann fara hǫndum um sullinn. Konungr segir henni, at hann var engi læknir, bað hana þangat fara, sem læknar 5 váru. Hon segir, at drótning hafði henni þangat vísat — »ok hon bað mik sín orð til bera, at þér legðið lækning til, sem þér kynnið, ok sagði hon mér, at þú værir beztr læknir hér í staðinum«. Þá tók konungr til ok fór hǫndum um kverkr sveininum ok þuklaði sullinum mjök lengi, til þess er sveinninn hrærði 10 munninn. Þá tók konungr brauð ok braut ok lagði í kross í lófa sér, síðan lagði hann þat í munn sveininum, en hann svalg niðr. En þaðan af tók verk allan ór kverkunum; var hann á fám dægum alheill. Móðir hans varð fegin mjök ok aðrir frændr ok kunnmenn sveinsins. Var þá fyrst á þannug virt, sem Óláfr 15 konungr hefði svá miklar læknishendr, sem mælt er um þá menn, sem mjök er sú íþrótt lögð, at þeir hafi hendr góðar, en síðan er jartegnagörð hans varð alkunnig, þá var þat tekit fyrir sanna jartegn.

#### K. 190. Óláfr konungr brendi spánu.

Sá atburðr varð á einum sunnudegi, at Óláfr konungr sat í 20 háseti sínu yfir borðum ok hafði svá fasta áhyggju, at hann gáði eigi stundanna; hann hafði í hendi kníf ok helt á tannar ok rendi þar af spánu nokkura. Skutilsveinn stóð fyrir honum ok helt borðkeri; hann sá, hvat konungr gerði, ok skilði þat, at hann 25 sjálfr hugði at öðru; hann mælti: »mánadagr er á morgin, dróttinn«. Konungr leit til hans, er hann heyrði þetta, ok kom þá í hug, hvat hann hafði gǫrt. Síðan bað konungr færa sér kertisljós; hann sópaði spánunum öllum í hǫnd sér, þeim er hann hafði telgt, þá brá hann þar í loginu ok lét brenna spánuna í lófa 30 sér; ok mátti þaðan af marka, at hann mundi fast halda lög ok boðorð ok vilja eigi yfir ganga þat, er hann vissi réttast.

#### K. 191. Frá Óláfi konungi.

Síðan er Óláfr konungr hafði ráðit fyrir sér, at hann vildi snúask til heimferðar, þá bar hann þat upp fyrir Jarizleif konung ok 35 Ingigerði drótning. Þau lǫttu hann þeirar ferðar, segja þat, at hann skyldi hafa í þeira ríki þat veldi, er honum þætti sér sœmiligt, en báðu hann eigi fara á vald fjandmanna sinna með svá lítinn liðskost, sem hann hafði þar. Þá segir Óláfr konungr þeim drauma

sína, ok þat með, at hann kvazk hyggja, at þat væri guðs forsjá. En er þau funnu, at konungr hafði ráðit fyrir sér, at fara aptr til Nóregis, þá bjóða þau honum allan þann fararþeina, er hann vildi af þeim þiggja. Konungr þakkar þeim fögurum orðum sinn góðvilja, segir, at hann vill fúslega þiggja af þeim þat, er hann 5 þarf til ferðar sinnar.

K. 192. Ferð Óláfs konungs ór Garðaríki.

Pegar á bak jólum helt Óláfr konungr á búnaði; hann hafði þar nær cc. sinna manna; fekk Jarisleifr konungr öllum þeim eyki ok þar reiða með, svá sem þurpti. En er hann var búinn, 10 þá fór hann; leiddi Jarisleifr konungr hann ok Ingigerðr drótning vegaþingliga af hendi; en Magnús, son sinn, lét hann þar eptir með konungi. Þá fór Óláfr konungr austan, fyrst at frörum alt til hafsins. En er váraði ok ísa leysti, þá bjoggu þeir skip sín; en er þeir váru búnir ok byrr kom, þá sigla þeir, ok greiddisk 15 ferð sú vel. Kom Óláfr konungr skipum sínum við Gotland; spurði þar tíðendi bæði af Svía-veldi ok Danmörku ok alt ór Nóregi; var þá spurt til sannz, at Hákon jarl var týndr, en land í Nóregi var höfðingjalaust; þótti konungi ok hans mönnum þá vænt um sína ferð; siglðu þaðan, þá er byr gaf, 20 ok heldu til Svíþjóðar. Lagði konungr liði sínu inn í Löginn ok helt upp í land til Áróss; gerði síðan menn á fund Qnundar, Svía-konungs, ok lagði stefnu við hann. Qnundur konungr varð vel við orðsending mágs síns ok fór til fundar við Ólaf konung, svá sem hann hafði orð til send. Kom þá ok til Óláfs konungs 25 Ástriðr drótning með þá menn, er henni höfðu fylgt; varð þar fagnafundur með öllum þeim; fagnar Svía-konungr vel Óláfi konungi, mági sínum, er þeir hittusk.

K. 193. Frá lendum mönnum.

Nú skal segja, hvat þeir höfðusk at í Nóregi um þessar 30 hríðir. Þórir hundr hafði finnferð haft þessa ii. vetr, ok hafði hann verit hvárn tveggja vetr lengi á fjalli ok fengit óf fjár. Hann átti margs konar kaup við Finna. Hann lét þar gera sér xii. hreinbjálba með svá mikilli fjölkyngi, at ekki vápn festi á ok síðr miklu en á hringabrynju. En it síðarra vár bjó Þórir 35 langskip, er hann átti, ok skipaði húskorlum sínum; hann stefndi saman bóndum ok krafði leiðangrs alt um ina nørztu þinghá, dró þar saman mikit fjölmenni, fór norðan um várit með liði því.



Hárekr ór Þjóttu hafði ok liðsamnað ok fekk mikit lið. Urðu til þeirrar farar miklu fleiri virðingamenn, þó at þessir sé ágætastir; lýstu þeir yfir því, at liðsamnaðr sá skyldi fara móti Óláfi konungi ok verja honum land, ef hann kvæmi austan.

5 K. 194. Frá Einari þambarskelfi.

Einarr þambarskelfir hafði mest forráð út um Prándheim, síðan er fráfall Hákonar jarls spurðisk; þótti honum þeir Eindriði feðgar vera bazt komnir til eigna þeira, er jarl hafði átt, ok lausafjár. Mintisk Einarr þá heita þeira ok vinnæla, er  
 10 Knútr konungr hafði veitt honum at skilnaði. Lét þá Einarr búa skip gott, er hann átti, gekk þar á sjálfr með mikit fǫruneyti; en er hann var búinn, helt hann suðr með landi ok síðan vestr um haf ok létti eigi ferð sinni, fyrr en hann kom til Englandz; fór þá þegar á fund Knúts konungs; fagnaði konungr  
 15 honum vel. Síðan bar Einarr upp ørendi sín fyrir konung, segir svá, at hann var þá kominn at vitja heita þeira, er konungr hafði mælt, at Einarr skyldi bera tígnarnafn yfir Nóregi, ef Hákonar jarls væri eigi við kost. Knútr konungr segir, at þat mál vissi alt annan veg við — »hefi ek nú, segir hann, sent  
 20 menn ok jartegnir mínar til Danmerkr til Sveins, sonar míns, ok þat með, at ek hefi honum heiti ríki í Nóregi; en ek vil halda við þik vináttu; skaltu hafa þvilíkar nafnbætr af mér, sem þú hefir burði til, ok vera lendr maðr, en hafa veizlur miklar ok vera því framarr en aðrir lendir menn, sem þú ert meiri  
 25 framkvæmdarmaðr en aðrir lendir menn«. Sá Einarr þá um hlut sinn, hvert hans ørendi myndi verða; býsk hann þá til heimferðar. En er hann vissi fyrirætlan konungsins ok svá þat, at mikil ván var, ef Óláfr konungr kvæmi austan, at ekki myndi friðsamligt í landi, kom Einari þat í hug, at ekki myndi undir  
 30 at hrapa ferðinni meirr, en svá sem hófligast væri, ef þeir skyldi berjask við Ólaf konung, en hafa ekki til framflutningar ríkis síns þá heldr en áðr. Siglði Einarr þá í haf, er hann var at því búinn, ok kom svá til Nóregs, at áðr váru fram komin þau tíðendi, er þar gerðusk mest á því sumri.

35 K. 195. Frá hǫfðingjum í Nóregi.

Hǫfðingjar í Nóregi heldu njósnum austr til Svíþjóðar ok suðr til Danmerkr, ef Óláfr konungr kvæmi austan ór Garðaríki; fengu þeir þegar spurt, svá sem menn fengu skjótast farit, er

Óláfr konungr var kominn til Svíþjóðar; en þegar er þat var sannspurt, þá fór herboð um land alt; var stefnt út almenning at liði; kom þá herr saman; en þeir lendir menn, er vǫru af Qgðum ok Rogalandi ok Hǫrðalandi, þá skiptusk þeir við, snøru sumir norðr, en sumir austr ok þótti hvártveggja lið fyrir þurfa. 5 Snøru austr synir Erlings af Jaðri ok alt lið þat, er austr var frá þeim, ok vǫru þeir hǫfðingjar fyrir því liði; en norðr snørisk Áslákr af Finneyju ok Erlendr ór Gerði ok þeir lendir menn, er norðr vǫru frá þeim. Þessir, er nú eru nefndir, vǫru allir eiðsvarar Knúts konungs til þess at taka Ólaf konung af lífi, 10 ef þeim gæfi fœri á því.

K. 196. Ferð Haraldz Sigurðarsonar.

En er þat spurðisk í Nóreg, at Óláfr konungr var austan kominn til Svíþjóðar, þá sǫmnudusk saman vinir hans, þeir er honum vildu lið veita. Var í þeim flokki tígnastr maðr Haraldr 15 Sigurðarson, bróðir Óláfs konungs; hann var þá xv. vetra gamall, mikill maðr vexti ok roskinmannligr. Mart var þar annarra gǫfugra manna. Þeir fengu allz vi. hundruð manna, þá er þeir fóru af Uplǫndum, ok stefndu við lið þat austr um Eiðaskóg til Vermalandz; síðan stefndu þeir austr um markir til 20 Svíþjóðar; spurðusk þá fyrir um ferðir Óláfs konungs.

K. 197. Ferð Óláfs konungs ór Svíþjóð.

Óláfr konungr var í Svíþjóð um vǫrit ok hafði þaðan njósnið norðr í Nóreg ok fekk þaðan þá eina spurn, at ófriðsamligt myndi þangat at fara, ok þeir menn, er norðan kómu, lǫttu hann mjök 25 at fara í landit; hann hafði þá einráðit fyrir sér, at fara slíkt sem áðr. Óláfr konungr spurði máls Qnund konung, hvern styrk hann myndi veita honum at sǫekja land sitt. Qnundr konungr svarar svá, segir, at Svíum var lítit um at fara í Nóreg herfor — »vitum vér, segir hann, at Norðmenn eru harðir ok orrostu- 30 menn miklir ok illir heim at sǫekja með ófriði; skal þat eigi seint at segja þér, hvat ek vil til leggja; ek mun fá þér cccc. manna, ok velið af hirðsveitum mínum góða hermenn ok vel búna til bardaga; síðan vil ek gefa þér lof til, at þú farir yfir land mitt, ok fáir þér lið alt, þat er þú mátt ok þér vill 35 fylgja«. Óláfr konungr tók þenna kost; bjósk síðan ferðar sinnar. Ástriðr drótning var eptir í Svíþjóðu ok Úlfhildr konungsdóttir.

## K. 198. Ferð Óláfs konungs til Járnberalandz.

En er Óláfr konungr hóf ferð sína, þá kom til hans lið þat, er Svía-konungr fekk honum, ok váru þat cccc. manna. Ferr konungr þær leiðir, er Svíar kunnu fyrir; stefndu þeir upp  
 5 á land til marka ok kómu þar fram, er kallat er Járnberaland. Þar kom í móti konungi lið þat, er farit hafði af Nóregi til móts við hann, sem hér er fyrr frá sagt. Hitti hann þar Harald, bróður sinn, ok marga aðra frændr sína, ok varð þat inn mesti fagnaðarfundr. Høfðu þeir þá allir saman xii. hundruð manna.

## 10 K. 199. Frá Dag Hringssyni.

Dagr er maðr nefndr, er svá segir at hann var sonr Hrings konungs, þess er land hafði flýit fyrir Óláfi konungi, en menn segja, at Hringr væri sonr Dags Hringssonar, Haraldzsonar ins hárfagra. Dagr var frændi Óláfs konungs; þeir feðgar, Hringr  
 15 ok Dagr, høfðu staðfestsk í Svía-veldi ok høfðu þar fengit ríki til forráðs. Um várit, er Óláfr konungr var kominn austan til Svíþjóðar, sendi hann orð Dag frænda sínum þau, at Dagr skyldi ráðask til ferðar með honum með þann styrk allan, sem hann hefir til; en ef þeir fá land eignazk í Nóregi, þá skyldi  
 20 Dagr hafa ríki þar eigi minna, en forellri hans hafði haft. En er þessi orðsending kom til Dags, þá fell honum þat vel í skap; lék honum landmunr mjök á at fara í Nóreg ok taka þar við ríki því, sem frændr hans høfðu fyrr haft; svarar hann skjótt þessu máli ok hét ferð sinni. Dagr var maðr skjótorðr ok  
 25 skjótráðr, ákafamaðr mikill ok hreystimaðr mikill, en engi spekingr at viti. Síðan samnaði hann sér liði ok fekk nær xii. hundruð manna; fór hann með þat lið til fundar Óláfs konungs.

## K. 200. Ferð Óláfs konungs.

Óláfr konungr gerði orð frá sér í byggðir ok sendi orð  
 30 þeim mönnum, er þat vildu hafa til féfangs sér, at afla hlutskiptis ok hafa uptekðir þær, er óvinir konungs sæti fyrir, þá skyldu þeir til hans koma ok honum fylgja. Óláfr konungr flutti þá her sinn ok fór um markbyggðir, en sumt um eyðimerkr ok optliga um vøtn stór; þeir drógu eða báru skipin eptir sér  
 35 milli vatnanna. Fjölði dreif liðs til konungs, markamenn ok sumt stígamenn. Er þar víða síðan kallat Óláfsbúðir, sem hann hafði náttstaði. Hann létti eigi ferðinni, fyrr en hann kom

fram á Jamtaland; fór þá síðan norðr til Kjalar. Skiptisk lið hans í byggðirnar ok fór mjök sundrlaust, meðan þeir vissu ekki ófriðar vánir. En jafnan er þeir skiptu liði sínu, þá fylgði konungi Norðmanna lið, en Dagr fór þá í annan stað með sitt lið, en Svíar í þriðja stað með sínu liði.

5

## K. 201. Frá stígamönnum.

Menn þeir eru nefndir, er annarr hét Gaukaþórir, en annarr Afrafasti; þeir váru stígamenn inir mestu, höfðu með sér xxx. manna, sinna maka. Þeir bræðr váru meiri ok sterkari en aðrir menn; eigi skorti þá áræði ok hug. Þeir spurðu til hers þess, 10 er þar fór yfir land, ok mæltu sín á milli, at þat myndi vera snjallræði, at fara til konungs ok fylgja honum til landz síns ok ganga þar í fólkrorrostu með honum ok reyna sik svá, þvíat þeir höfðu ekki fyrr í bardögum verit, þeim er liði var fylkt til; var þeim þat forvitni mikil, at sjá konungs fylking. Þetta ráð 15 líkaði vel fõrunautum þeira; gerðu þá ferð sína til fundar við konung. En er þeir koma þar, þá ganga þeir með sveit sína fyrir konung, ok höfðu þeir fõrunautar alvæpni sitt. Þeir kvõddu hann. Hann spurði, hvat mönnum þeir sé. Þeir nefndu sik ok segja, at þeir váru þarlandzmenn. Þá bera þeir upp ørendi sín 20 ok buðu konungi at fara með honum. Konungr segir, at honum leizk svá, sem í slíkum mönnum myni vera góð fylgð — »ek em fúss, segir hann, við slíkum mönnum at taka, eða hvárt eruð ér kristnir menn?« segir hann. Gaukaþórir svarar, segir, at hann var hvárki kristinn né heiðinn — »höfum vér félagar 25 engan annan átrúnað, en trúm á okr ok afl okkat ok sigrsæli, ok vinzk okkr þat at gnógu«. Konungr svarar: »skaði mikill, er menn svá liðmannligir skulu eigi á Krist trúa, skapara sinn«. Þórir svarar: »er nokkurr sá í þínu fõruneyti, konungr, Kristsmadrinn, er meira hafi á degi vaxit, en vit bræðr?«. Konungr 30 bað þá skirask láta ok taka trú rétta þar með — »ok fylgð þá mér, segir hann; skal ek þá gera ykkir virðingamenn mikla; en ef þit vilid þat eigi, þá farið aptr til iðnar ykkarrar«. Afrafasti svarar, segir, at hann vildi ekki við kristni taka. Snúa þeir síðan í brot. Þá mælti Gaukaþórir: »þetta er skõmm mikil, er 35 konungr þessi gerir oss liðrækja; þar kom ek aldrigi fyrr, er ek væra eigi hlutgengr við aðra menn; skal ek aldrigi aptr hverfa at svá gõru«. Síðan slógusk þeir í sveit með marka-

mönnum öðrum ok fylgðu flokkinum. Sækir þá Óláfr konungr vestr til Kjalar.

K. 202. Sýn Óláfs konungs.

En er Óláfr konungr fór austan um Kjöl ok sótti þá vestr  
 5 af fjallinu, svá at land lægði þaðan vestr at sjá, ok sá þá þannug  
 landit. Mart lið fór fyrr en konungr ok mart síðarr; reið hann  
 þar, er rúmt var um hann, var hann hljóðr, mælti ekki við menn;  
 reið hann svá langa hríð dags, at hann sásk lítt um. Þá reið  
 byskup at honum ok mælti, spurði, hvat hann hugsaði, er hann  
 10 var svá hljóðr; þvíat konungr var jafnan glaðr ok margmálugr  
 við menn sína í ferðinni ok gladdi svá alla þá, er nær honum  
 váru. Þá svarar konungr með áhyggju mikilli: »undarlíga hluti  
 hefir borit fyrir mik um hríð; ek sá nú yfir Nóreg, er ek leit  
 vestr af fjallinu; kom mér þá í hug, at ek hafða margan dag  
 15 glaðr verit í því landi; mér gaf þá sýn, at ek sá um allan  
 Þrándheim ok því næst um allan Nóreg; ok svá lengi sem sú  
 sýn hafði verit fyrir augum mér, þá sá ek æ því víðara, alt  
 þar til er ek sá um alla veröld, bæði lönd ok sæ; ek kenda  
 gørla þá staði, er ek hafða fyrr komit ok sét; jafngreinliga sá  
 20 ek þá staði, er ek hefi eigi fyrr sét, suma þá, er ek hefi haft  
 spurn af, en jafnvel hina, er ek hefi eigi fyrr heyrt getit, bæði  
 byggða ok óbyggða, svá vítt sem veröldin er«. Byskup segir,  
 at sú sýn var heilaglig ok stórmerkilig.

K. 203. Jartegn um akr.

25 Síðan er konungr sótti ofan af fjallinu, þá var bær sá fyrir  
 þeim, er á Súlu heitir, í ofanverðri byggðinni í Verdælafylki.  
 En er þeir sóttu ofan at bönum, þá lágu akrar við veginn.  
 Konungr bað menn fara spakliga ok spilla eigi eng fyrir bónda;  
 gerðu menn þat vel, meðan konungr var við; en þær sveitir, er  
 30 síðarr fóru, þá gáfu ekki þessu gaum, ok hljópu menn svá um  
 akrinn, at hann var allr lagðr at jörðu. Sá bóandi, er þar bjó,  
 er nefndr Þorgeirr flekk; hann átti ii. sonu vel frumvaxta.  
 Þorgeirr fagnaði vel konungi ok hans mönnum ok bauð honum  
 allan þann forbeina, er hann hafði fong á. Konungr tók því  
 35 vel ok spurði þá Þorgeir at tíðendum, hvat títt væri þar í landi,  
 eða hvárt samnaðr nokkurr myndi þar vera gørr í móti honum.  
 Þorgeirr segir, at lið mikit var saman dregit þar í Þrándheimi  
 ok þar váru komnir lendir menn bæði sunnan ór landi ok norðan

af Hálogalandi — »en eigi veit ek, segir hann, hvárt þeir ætla því liði at stefna yðr í mót eða í annan stað«. Síðan kærði hann fyrir konungi skaða sinn ok óspekð konungsmanna, er þeir höfðu niðr brotit ok troðit akra hans alla. Konungr segir, at þat var illa orðit, er honum var mein gort. Síðan reið konungr 5 til, þar sem akrinn hafði staðit, ok sá, at akrinn var allr at jörðu lagðr. Hann reið umhverfis ok mælti síðan: »þess vænti ek, bóandi, at guð mun leiðrétta skaða þinn, ok mun akr þessi betri á viku fresti«, — ok varð þat inn bezti akr, sem konungr sagði. Konungr dvaldisk þar um nótt, en at morni bjó hann 10 ferð sína; hann segir, at Þorgeirr bóndi skyldi fara með honum, en er hann bauð til ferðar ii. sonu sína, þá segir konungr, at þeir skulu eigi fara með honum, en sveinar vildu þó fara; konungr bað þá eptir vera; en er þeir vildu ekki letjask, þá vildu hirðmenn konungs binda þá. Konungr mælti, er hann sá þat: 15 »fari þeir, aptr munu þeir komak. Svá fór sem konungr sagði um sveinana.

K. 204. Skírðir markamenn.

Þá flytja þeir her sinn út til Stafs. En er konungr kom á Stafamýrar, þá átti hann dvöl. Þá spurði hann til sannz, at 20 böendr fóru með her móti honum ok þat, at þá myndi hann orrostu eiga brátt. Þá kannaði konungr lið sitt, ok var skorat manntal ok hafði hann meirr en xxx. hundruð manna. Þá fundusk í hernum ix. hundruð heiðinna manna; en er konungr vissi þat, þá bað hann þá skírask láta, segir svá, at hann vill 25 eigi heiðna menn hafa í orrostu með sér — »munu vér, segir hann, ekki mega treystask liðsfjöldi; guði skulu vér treystask, þvíat með krapti ok miskunn munu vér sigr fá; en eigi vil ek blanda heiðnu fólki við menn mína«. En er þat heyrðu heiðingjar, þá báru þeir saman ráð sín, ok at lykðum létu skírask cccc. 30 manna, en d. neittu kristni; ok snøri þat lið aptr til síns landz. Þá ganga þar fram þeir bræðr með sitt lið, Gaukapórir ok Afrafasti, ok bjóða konungi enn gengi sitt. Hann spýrr, ef þeir hefði þá skírn tekit. Gaukapórir segir, at þat var eigi. Konungr bað þá taka skírn ok trú rétta, en fara á brot at 35 öðrum kosti. Þeir snøru þá frá í brot ok tóku tal sín í milli ok réðu um, hvert ráð upp skyldi taka. Þá mælti Afrafasti: »svá er at segja frá mínu skapi, at ek vil ekki aptr hverfa; mun ek fara til orrostu ok veita lið öðrum hvárum; en eigi þykki mér

skipta, í hvárum flokki ek em«. Þá svarar Gaukaþórir: »ef ek skal til orrostu fara, þá vil ek konungi lið veita, þvíat honum er liðs þorf meiri; en ef ek skal á guð nokkut trúa, hvat er mér verra, at trúa á Hvítakrist en á annat goð? Nú er þat mitt ráð,  
 5 at vér látim skírask, ef konungi þykkir þat miklu máli skipta; fõrum þá síðan til orrostu með honum«. Þessu játa þeir allir; ganga síðan til konungs ok segja, at þeir vilja þá skírna taka. Váru þeir þá skírðir af kennimõnnum ok váru byskupaðir. Konungr tók þá í hirðlõg með sér ok segir, at þeir skyldu vera  
 10 undir merki hans í orrostu.

#### K. 205. Tala Óláfs konungs.

Óláfr konungr hafði þá til sannz spurt, at skamt myndi vera til þess, er hann myndi orrostu eiga við böendr. En síðan er hann hafði kannat lið sitt ok skorat var manntal, ok hafði  
 15 hann þá meirr en xxx. hundruð manna, ok þótti þat þá vera mikill herr á einum velli. Síðan talaði konungr fyrir liðinu ok mælti svá: »vér hõfum mikinn her ok frítt lið. Nú vil ek segja mõnnum, hverja skipan ek vil hafa á liði váru. Ek mun láta fara merki mitt fram í miðju liði, ok skal þar fylgja hirð mín ok gestir  
 20 ok þar með lið, er til vár kom af Uplõndum, ok svá þat lið, er hér kom til vár í Prándheimi. En til hægri handar frá mínu merki skal vera Dagr Hringsson ok með honum þat lið alt, er hann hafði til fõruneytis við oss; skal hann hafa annat merki. En til vinstri handar frá minni fylking skal vera þat lið, er Svíakonungr  
 25 fekk oss, ok alt þat lið, er til vár kom í Svía-veldi; skulu þeir hafa it iii. merki. Vil ek, at menn skiptisk í sveitir ok heimtisk saman frændr ok kunnmenn, þvíat þá mun hverr annars bezt gæta ok hverr annan kenna. Vér skulum marka lið vart alt, gera herkumbi á hjálmum várum ok skjõldum, draga þar með bleiku á krossinn  
 30 helga. En ef vér komum í orrostu, þá skulu vér hafa allir eitt orðtak: fram fram, Krists-menn, kross-menn, konungs-menn. Vér munum hljóta þunnar fylkingar, ef vér hõfum lið færa, þvíat ek vil, at þeir kringi eigi um oss sínu liði. Skiptisk menn nú í sveitir, en síðan skal sveitum skipa í fylkingar, ok viti þá hverr  
 35 sína stõðu ok gefi gaum at, hvert hann er frá merki því, er hann er undir skipaðr. Vér munum nú halda fylkingu, ok skulu menn hafa alvæpni dag ok nótt, þar til er vér vitum, hvar fundr várr mun verða ok bóanda«. Síðan er konungr hafði talat, þá fylkðu þeir liði sínu ok skipuðu eptir því, sem konungr hafði fyrir mælt.

Eptir þat átti konungr stefnu við sveitarhöfðingja. Váru þá komnir þar menn, er konungr hafði sent í heraðit, at krefja bóendr liðs. Þeir kunnu þau tíðendi ór byggðinni at segja, þar sem þeir höfðu farit, at víða varaleyða at vígjum mönnum, ok var þat fólk farit í bóndasamnað; en þar sem þeir hittu menn, þá 5 vildu fáir þeim fylgja, en flestir svöruðu því, at fyrir þá sök sátu heima, at þeir vildu hvárigum fylgja, vildu eigi berjask móti konungi ok eigi móti frændum sínum; höfðu þeir fátt lið fengit. Þá spurði konungr menn ráðs, hvat sýndisk tiltækiligast. Finnur svarar máli konungs: »segja mun ek, segir hann, hvernug gørt 10 myndi, ef ek skylda ráða; þá mundu vér fara herskildi um allar byggðir, ræna fé öllu, en brenna svá vendiliga byggð alla, at aldri stœði kot eptir, gjalda svá bóndum dróttinsvikin. Hygg ek, at margr mundi þá lauss vera við flokkinn, ef hann sér heim reykeða loga til húsa sinna, en veit ógørla, hvat er títt er um börn 15 eða konur eða gamalmenni, feðr þeira eða mœðr eða annat frændlið. Vænti ek, segir hann, ef nokkurir ráða til at rjúfa samnaðinn, at þá myni brátt þynnask fylkingar þeira, þvíat svá er bóndum gefit, at þat ráð, er þá er nýjast, þat er þá öllum kærst«. En er Finnur lauk máli sínu, þá gerðu menn þar at góðan róm; 20 líkaði mörgum vel at ráða til féfanga, en öllum þóttu bændr makligir til skaða, en líkligt þat, er Finnur sagði, at bændr mundu vera margir lausir við samnaðinn. Þormóðr Kolbrúnarskáld kvað þá vísu:

137. Brennum öll fyr innan      ýs, hafi allra húsa      25  
       inni, þau's vér finnum,      Innþroendir kol sinna,  
       (land tegask herr með hjörvi)      angr skal kveykt í klungri,  
       Hverbjörg (fyr gram verja);      köld, ef ek má valda.

En er Óláfr konungr heyrði ákafa lýðsins, þá krafði hann sér hljóðs ok mælti síðan: »hafa bændr verðleik til þess, at svá væri 30 gørt, sem þér vilið; þat vita þeir, at ek hefi gørt þat, at brenna innin fyrir þeim, ok veitt þeim aðrar stórar refsingar. Gerða ek þá þat, at brenna fyrir þeim, er þeir höfðu áðr gengit af trú sinni ok tekit upp blót, en vildu ekki láta at orðum mínum; áttu vér þá guðs réttar at reka. Nú eru þessi dróttinsvik miklu minna 35 verð, þótt þeir haldi eigi trú sína við mik, ok munu þó þessi eigi þykkja vel sama þeim, er manndómsmenn vilja vera. Nú á ek hér nokkuru heimilla at veita nokkura frían, er þeir misgera við mik, en þá er þeir hōtuðusk við guð. Nú vil ek, at menn fari



spakliga ok geri engi hervirki. Vil ek fara fyrst til fundar við  
 bændr; ok sættumk vér, þá er vel, en ef þeir halda bardaga í móti  
 oss, þá eru þar ii. kostir fyrir höndum, ok ef föllum í orrostu, þá  
 er því vel ráðit, at fara þangat eigi með ránfé; en ef vér sigrumk,  
 5 þá skulu þér vera arftökumenn þeira, er nú berjask móti oss,  
 þvíat þeir munu þar sumir falla, en sumir flýja ok hafa hvárir-  
 tveggju fyrirgort allri eigu sinni; en þá er gott at ganga til búa  
 stórra, en bæir vegligir, en þess nýtr engi, er brent er; svá ránfé  
 ferr at spjöllum miklu meiri hluti, en þat er nýtt verðr af. Skulu  
 10 vér nú fara dreift út eptir byggðinni ok hafa með oss alla vígja  
 menn, þá er vér fám; skulu ok höggva bú eða taka aðra vist,  
 svá sem menn þurfu til at fœða sik, en menn geri ekki annat  
 spellvirki. Vel þykki mér, at drepnir sé njósnarmenn bónda, ef  
 þér takið þá. Skal Dagr fara ok hans lið it nørðra ofan eptir  
 15 dalnum, en ek mun fara út þjóðveginn, ok hittumk at kveldi;  
 höfum allir eitt náttból«.

K. 206. Frá skáldum Óláfs konungs.

Svá er sagt, at þá er Óláfr konungr fylkði liði sínu, þá  
 skipaði hann mönnum í skjaldborg, er halda skyldi fyrir honum  
 20 í bardaga, ok valði þar til þá menn, er sterkastir váru ok  
 snarpastir. Þá kallaði hann til sín skáld sín ok bað þá ganga í  
 skjaldborgina — »skuluð þér, segir hann, hér vera, ok sjá þau  
 tíðendi, er hér gerask; er yðr þá eigi segjandi saga til, þvíat  
 ér skuluð frá segja ok yrkja um síðan«. Par var þá Þormóðr  
 25 Kolbrúnarskáld ok Gizurr gullbrá, fóstri Hofgardarefs, ok inn  
 iii. Þorfinnr munnr. Þá mælti Þormóðr til Gizurar: »stöndum  
 eigi svá þröngt, lagsmaðr, at eigi nái Sigvatr skáld rúmi sínu,  
 þá er hann kómr; hann mun vera vilja fyrir konungi, ok ekki  
 mun konungi annat líka«. Konungr heyrði þetta ok svarar:  
 30 »ekki þarf Sigvati at sneiða, þótt hann sé eigi hér; opt hefir  
 hann mér vel fylgt; hann mun nú biðja fyrir oss, ok mun þess  
 enn allmjök þurfa«. Þormóðr segir: »vera má þat, konungr, at  
 þér sé nú bæna mest þörf; en þunt myndi vera um merkistöngina,  
 ef allir hirðmenn þínir væri nú á Rúmavegi; var þat ok satt,  
 35 at vér töldum þá at því, er engi fekk rúm fyrir Sigvati, þótt  
 mæla vildi við yðr«. Þá mæltu þeir sín á milli, sögðu, at þat  
 væri vel fallit, at yrkja áminningarvísur nokkurar um þau tíðendi,  
 er þá mundu brátt at höndum berask. Þá kvað Gizurr:

138. Skala óglaðan æva, þótt sigrunnar svinnir  
 (orð fengum þat) borða segi von Heðins kvánar;  
 búmk við þrong á þingi, verum í Ála éli  
 þegns dóttir mik fregna, austr bragningi at trausti.  
 Þá kvað Þorfinnr munnr aðra vísu: 5
139. Røkr at regni miklu verjum allvald orvan,  
 randar garðs ens harða; qlum teitan mó sveita,  
 vill við vísa snjallan fellum Þrøendr í Pundar  
 Verdæla lið berjask; (þess eggjumk vér) hreggi.  
 Þá kvað Þormóðr: 10
140. Ála þryngr at éli, búmk við sókn, en slækni  
 orstiklandi, miklu, seggr skyli orð of forðask,  
 skyldut skelknir hólðar es at geirþingi göngum  
 (skalmöld vex nú) falma; gunnreifr með Áleifi.  
 Visur þessar námu menn þá þegar. 15

## K. 207. Sálugjöf Óláfs konungs.

Síðan bjó konungr ferð sína ok sótti út eptir dalnum; hann tók sér náttból, ok kom þar þá saman alt lið hans, ok lágu um nóttina úti undir skjöldum sínum. En þegar er lýsti, bjó konungr herinn, fluttisk þá enn út eptir dalnum, er þeir váru 20 at því búnir. Þá kómu til konungs bæendr mjök margir, ok gengu flestir í lið með honum ok kunnu allir eitt at segja, at lendir menn höfðu saman dregit her óvígjan, ok þeir ætluðu bardaga at halda við konung. Þá tók konungr margar merkr silfrs ok fekk í hendr einum bóanda ok mælti síðan: »fé þetta skaltu 25 varðveita ok skipta síðan, leggja sumt til kirkna, en sumt gefa kennimönnum, sumt qlmusumönnum, ok gefa fyrir líf ok sál þeira manna, er falla í orrostu ok berjask í móti oss«. Bóndi svarar: »skal fé þetta gefa til sálubótar yðrum mönnum, konungr?«. Þá svarar konungr: »þetta fé skal gefa fyrir sál 30 þeira manna, er með bóndum eru í orrostu ok falla fyrir vápnum várra manna; en þeir menn, er oss fylgja í orrostu ok þar falla, þá munu vér bjargask at allir saman«.

## K. 208. Frá Þormóði Kolbrúnarskáld.

Þá nótt, er Óláfr konungr lá í samnaðinum ok áðr er 35 frá sagt, vakði hann lqngum ok bað til guðs fyrir sér ok liði sínu ok sofnaði lítt; rann á hann höfgi móti deginum; en er hann vaknaði, þá rann dagr upp. Konungi þótti heldr snemt

at vekja herinn; þá spurði hann, hvar Þormóðr skáld væri. Hann var þar nær ok svarar, spurði, hvat konungr vildi honum. Konungr segir: »tel þú oss kvæði nokkut«. Þormóðr settisk upp ok kvað hátt mjök, svá at heyrði um allan herinn; hann kvað

5 Bjarkamál in fornu, ok er þetta uphaf:

- |    |  |   |
|----|--|---|
| 10 | 141. Dagr es upp kominn,<br>dynja hana fjaðrar,<br>mál es vílmögum<br>at vinna erfiði;<br>vaki æ ok vaki<br>vina hofuð,<br>allir enir æztu<br>Aðils of sinnar. | 142. Hár enn harðgreipi,<br>Hrólfir skjótandi,<br>ættum góðir menn,<br>þeir 's ekki flýja,<br>vekka yðr at víni<br>né at vífs rúnum,<br>heldr vek ek yðr at hórðum<br>Hildar leiki. |
|----|--|---|

Þá vaknaði liðit, en er lokit var kvæðinu, þá þokkuðu menn

15 honum kvæðit, ok fonzk mǫnnum mikit um ok þótti vel til fundit ok kǫlluðu kvæðit Húskarlahvǫt. Konungr þakkaði honum skemtan sína; síðan tók konungr gullhring ok stóð hálfá mǫrk ok gaf Þormóði. Þormóðr þakkaði konungi gjǫf sína ok mælti: »góðan eigum vér konung, en vant er nú at sjá, hversu langlífr

20 konungr verðr; sú er bæn mín, konungr, at þú látir okkr hvárki skiljask lífs né dauða«. Konungr svarar: »allir munu vér saman fara, meðan ek ræð fyrir, ef þér vilið eigi við mik skiljask«. Þormóðr mælti: »þess vætti ek, konungr, hvárt sem friðr er betri eða verri, at ek sjá nær yðr staddr, meðan ek á þess kost,

25 hvat sem vér spyrjum til, hvar Sigvatr ferr með gullinhjaltann«. Síðan kvað Þormóðr:

- |    |  |  |
|----|--|--|
| 30 | 143. Þér munk eðr unz ǫðrum,<br>allvaldr, náið skǫldum;<br>(nær vættir þú þeira?)<br>þingdjarfr, fyr kné hvarfa; | braut komumk vér, þó at veitim<br>valtafn frekum hrafn,<br>(víksk eigi þat) vága<br>viggruðr, eða hér liggjum. |
|----|--|--|

#### K. 209. Dráp Hrúts af Viggju.

Óláfr konungr flutti herinn út eptir dalnum. Fór þá enn Dagr með sínu liði aðra leið. Konungr létti eigi ferð sinni, áðr hann kom út á Stiklarstaði. Þá sá þeir her bónda, ok fór

35 þat lið dreift mjök, ok var svá mikill fjöldi, at af hverjum stíg dreif liðit, en víða þar, er stórflokkar fóru saman. Þeir sá, hvar sveit manna fór ofan ór Veradal, ok hǫfðu þeir á njósn verit ok fóru nær því, sem lið konungs var, ok fundu eigi fyrr en skamt var í milli þeira, svá at menn máttu kennask. Þar

var Hrútr af Viggju með xxx. manna. Síðan mælti konungr, at gestir skyldu fara at móti Hrúti ok taka hann af lífi. Váru menn þess verks fljótir. Þá mælti konungr til þeira Íslendinga: »svá er mér sagt, at þat sé siðr á Íslandi, at bændr sé skyldir á haustum at gefa húskǫrlum sínum slagasauð; nú vil ek þar 5 gefa yðr hrút til slátr«. Þeir inir íslenzku váru þess verks auðeggjaðir ok fóru þegar at Hrúti með ǫðrum mǫnnum; var Hrútr drepinn ok ǫll sveit sú, er honum fylgði. Konungr nam staðar ok stǫðvaði her sinn, er hann kom á Stiklarstaði. Bað konungr menn stíga af hestum ok búask þar um; menn gerðu 10 sem konungr mælti. Síðan var skotit á fylking ok sett upp merkin. Dagr var þá enn eigi kominn með sitt lið, ok misti þess fylkingararmsins. Þá mælti konungr, at þeir Uplendingar skyldu þar fram ganga ok taka upp merkin — «þykki mér þat ráð, segir konungr, at Haraldr, bróðir minn, sé eigi í orrostu, 15 þviát hann er barn at aldri«. Haraldr svarar: »ek skal vera at vísu í orrostu, en ef ek em svá ósterkr, at ek má eigi valda sverðinu, þá kann ek þar gott ráð til, at binda skal höndina við meðalkaflann; engi skal vera viljaðr betr en ek at vera óþarfr þeim bóndunum; vil ek fylgja sveitungum mínum«. Svá segja 20 menn, at Haraldr kvað þá vísu þessa:

144. Þora munk þann arm verja      gengra greppr enn ungi  
 þat 's ekkju munr nekkvat,      gunnblíðr, þars slög riða  
 (rjóðum vér af reiði              (herða menn) at morði,  
 rǫnd) es ek í hlýt standa;      (mót) á hæl fyr spjótum.      25  
 Haraldr réð því, at hann var í orrostu.

#### K. 210. Frá Þorgílsi Hálmusyni.

Þorgíls Hálmuson er maðr nefndr, bóndi sá, er þjó á Stiklarstǫðum, faðir Gríms góða. Þorgíls bauð konungi liðsemð sína ok vera í bardaga með honum. Konungr bað hann hafa 30 þökk fyrir boð sitt — »en ek vil, segir konungr, at þú, þóandi, sér eigi í bardaga; veit oss heldr hitt, at þjarg mǫnnum várum eptir bardaga, þeim er sárir eru, en veit hinum umbúnað, er falla í orrostu; svá, ef þeir atburðir verða, bóandi, at ek fell í bardaga þessum, veit þá þjónostu líki mínu, sem nauðsyn berr 35 til, ef þér er þat eigi bannat«. Þorgíls hét þessu konungi, sem hann beiddi.

## K. 211. Tala Óláfs konungs.

En er Óláfr konungr hafði fylkt liði sínu, þá talaði hann fyrir þeim, mælti svá, at menn skyldu herða hugi sína ok ganga djarfliga fram — »ef orrosta verðr, segir hann; hofum vér lið  
 5 gott ok mikit, en þótt böendr hafi lið meira nokkuru, þá mun auðna ráða sigri. Er því fyrir yðr at lýsa, at ek mun eigi flýja ór orrostu þessi; skal ek annat hvárt sigrask á bóndum eða falla í orrostu. Vil ek þess biðja, at sá hlutr komi upp, er guð sér, at mér gegnir bezt. Skulum vér því treystask, at  
 10 vér hofum réttara at mæla en böendr, ok því þar með, at guð myni oss frelsa eigur várar eptir orrostu þessa, en elligar veita oss miklu meiri laun fyrir þat lát, er vér fám hér, en vér kunnim sjálfir at æskja oss. En ef ek hlýt um at mæla eptir orrostu, þá skal ek gæða yðr hvern eptir sínum verðleikum ok því,  
 15 hvernug hvern gengr fram í orrostu; mun þá, ef vér hofum sigr, vera gnógt bæði lönd ok lausir aurar at skipta því með yðr, er nú fara með áðr óvinir várir. Veitum sem harðasta atgöngu ina fyrstu, þvíat skjótt mun um skipta, ef liðsmunr er mikill; eigum vér sigrs ván af skjótum atburðum; en hitt mun oss þungt  
 20 falla, ef vér berjumk til mæði, svá at menn verði fyrir því óvígir; munu vér eiga minna deildarlið en þeir, er ýmsir ganga fram, en sumir hlífask ok hvílask. En ef vér gerum svá harða hríðina, at þeir snúa undan, er fremstir eru, þá mun hvern falla yfir annan, ok verða þeira ófarar þess at meiri, er þeir eru fleiri  
 25 saman«. En er konungr hætti ræðunni, þá gerðu menn mikinn róm at máli hans ok eggjaði hvern annan.

## K. 212. Frá Þórði Fólasyni.

Þórðr Fólason bar merki Óláfs konungs; svá segir Sigvatr skáld í erfidrápu þeiri, er hann orti um Ólaf konung ok stælti  
 30 eptir Upreistarsögu:

145. Þórð frák þat sinn herða	stong bar hátt fyr Hringa
(þreifsk sókn) með Áleifi,	hjaldrmóðum gram bróðir
góð fóru þar, geirum	(fullt vann) fagrla gylta
gort víg, saman hjortu;	(framlundaðr) Ögmundar.

35

## K. 213. Frá búnaði Óláfs konungs.

Óláfr konungr var svá búinn, at hann hafði hjálm gyltan á hofði, en hvítan skjöld ok lagðr á með gulli kross inn helgi;

í annarri hendi hafði hann kesju þá, er nú stendr í Kristskirkju við altara; hann var gyrðr sverði því, er Hneitir var kallat, it bitrasta sverð, ok gulli vafiðr meðalkaflinn; hann hafði hringa-brynju; þess getr Sigvatr skáld:

146. Old vann Áleifr felda	en, þeir 's austan nenna,	5
(opt vann sigr) enn digri,	(óx hildr) með gram mildum	
gekk (sóknþorinn) sækja	(mart segik bert) í hjarta	
synjór fram í brynju;	blóðrøst, Svíar, óðu.	

K. 214. Draumr Óláfs konungs.

En er Óláfr konungr hafði fylkt liði sínu, þá váru bændr 10 enn hvergi nær komnir. Þá mælti konungr, at liðit skyldi niðr setjask ok hvíla sik. Settisk konungr þá sjálfr niðr ok alt lið hans ok sátu rúmt; hann hallaðisk ok lagði höfuðit í kné Finni Árnasyni. Þá rann á hann svefn ok var þat um hríð. Þá sá þeir her bónda, ok sótti þá liðit til móts við þá ok höfðu upp 15 sett merki sín, ok var þat inn mesti múgr mannz. Þá vakði Finn konungr ok segir honum, at bændr sóttu þá til þeira. En er konungr vaknaði, mælti hann: »hví vakðir þú mik, Finn, ok lézt mik eigi njóta draums míns?«. Finn svarar: »ekki mundi þik þat dreyma, at eigi myndi skyldra at vaka ok búask 20 við hernum, er at oss ferr; eða sér þú eigi, hvar nú er kominn bóndamúgrinn?«. Konungr svarar: »ekki eru þeir enn svá nær oss, at eigi væri betr, at ek hefða sofit«. Þá mælti Finn: »hvat dreymði þik, konungr, þess, er þér þykkir svá mikil míssa í, er þú vaknaðir eigi sjálfr?«. Þá segir konungr draum sinn, at hann 25 þóttisk sjá stiga háfan ok ganga þar eptir í lopt upp, svá langt, at himininn opnaði, ok þangat var stiginn til — »var ek þá, segir hann, kominn í öfsta stig, er þú vakðir mik«. Finn svarar: »ekki þykki mér draumr sjá svá góðr, sem þér mun þykkja; ætla ek þetta munu vera fyrir feigð þinni, ef þat er nokkut 30 annat en svefnórar einar, er fyrir þik bar«.

K. 215. Skírðr Arnljótr gellini.

Enn varð sá atburðr, þá er Óláfr konungr var kominn á Stiklarstaði, at maðr einn kom til hans. En þat var eigi af því undarligt, at margir menn kómu til konungs ór heruðum, 35 en því þótti þat nýnæmi, at þessi maðr var ekki öðrum líkr, þeim er þá höfðu til konungs komit. Hann var maðr svá hár, at engi annarra tók betr en í oxl honum; hann var allfríðr

maðr sýnum ok fagrhárr; hann var vel vápnaðr, hafði hjálm allfríðan ok hringabrynju, skjöld rauðan ok gyrðr með sverði búnu, hafði í hendi gullrekit spjót mikit ok svá digrt skaptit, at handfyllr var í. Sá maðr gekk fyrir konung ok kvaddi hann  
 5 ok spurði, ef konungr vildi þiggja lið at honum. Konungr spurði, hvert nafn hans væri eða kynferð, eða hvar hann var landzmaðr. Hann svarar: »ek á kyn á Jamtalandi ok Helsingjalandi; ek em kallaðr Arnljótr gellini; kann ek yðr þat helzt frá at segja, at ek veitta forbeina monnum þínum, þeim er þér senduð til  
 10 Jamtalandz at heimta þar skatt; fekk ek þeim í hendr silfrdisk, er ek senda yðr til jartegna, at ek vilda vera vinr yðarr«. Þá spurði konungr, hvárt Arnljótr væri kristinn maðr eða eigi. Hann segir þat frá átrúnaði sínum, at hann trýði á mátt sinn ok megin — »hefir mér sá átrúnaðr unnizk at gnógu hér til; en nú  
 15 ætla ek heldr at trúa á þik, konungr«. Konungr svarar: »ef þú vill á mik trúa, þá skaltu því trúa, er ek kenni þér; því skaltu trúa, at Jésús Kristr hefir skapat himin ok jörð ok menn alla, ok til hans skulu fara eptir dauða allir menn, þeir er góðir eru ok réttrúaðir«. Arnljótr svarar: »heyrð hefi ek getit Hvíta-  
 20 krists, en ekki er mér kunnigt um athöfn hans eða hvar hann ræðr fyrir; nú vil ek trúa því öllu, er þú segir mér; vil ek fela á hendi þér alt mitt ráð«. Síðan var Arnljótr skírðr; kendi konungr honum þat af trúnni, er honum þótti skyldast vera, ok skipaði honum í öndverða fylking ok fyrir merki sínu. Þar  
 25 var fyrir Gaukaþórir ok Afrafasti ok sveitungar þeira.

#### K. 216. Frá samnaði í Nóregi.

Frá því er nú at segja, er áðr var frá horfit, at lendir menn ok bændr höfðu saman dregit her óvígjan, þegar er þeir spurðu, at konungr var austan farinn ór Garðaríki ok hann var kominn  
 30 til Svíþjóðar. En er þeir spurðu, at konungr var austan kominn til Jamtalandz ok hann ætlaði at fara austan um Kjöl til Veradals, þá stefndu þeir herinum inn í Þrándheim ok sömnuðu þá saman þar allri alþýðu, þegn ok þræl, ok fóru svá inn til Veradals ok höfðu þar svá mikit lið, at engi maðr var sá þar, er í Nóregi  
 35 hefði sét jammikinn her saman koma. Var þar, sem jafnan kann verða í miklum her, at lið var allmisjafnt; þar var mart lendra manna ok mikill fjöldi ríkra bóanda, en þó var hitt allr múgr, er váru þorparar ok verkmenn; ok var þat allr meginherrinn, er þar

hafði saman samnazk í Þrándheimi; var þat lið allmjök geyst til fjándskapar við konung.

K. 217. Frá Sigurði byskupi.

Knútr inn ríki hafði lagt undir sik land alt í Nóregi, sem fyrr var ritat, ok þat með, at hann setti til ríkis Hákon jarl. 5 Hann fekk jarli hirðbyskup þann, er Sigurðr er nefndr; var hann danskr at kyni ok hafði lengi verit með Knúti konungi. Var byskup sá ákafamaðr í skapi ok sundrgörðamaðr í orðum sínum; veitti hann Knúti konungi orðafulting, alt þat er hann kunni, en var inn mesti óvinr Óláfs konungs. Sá byskup var í 10 her þessum ok talaði optliga fyrir bóandalíði ok eggjaði mjök upreistar móti Óláfi konungi.

K. 218. Tala Sigurðar byskups.

Sigurðr byskup talaði á einu húsþingi þar sem þá var mikit fjölmenni; hann tók svá til orða: »hér er nú saman komit mikit 15 fjölmenni, svá at í þessu fátækja landi mun eigi kostur at sjá meira her innlenzkan: skyldi yðr nú vel í hald koma þessi styrkr fjölmennis, þvíat nú er ærin nauðsyn til, ef Óláfr þessi ætlar enn eigi af at láta at herja á yðr; vandisk hann því þegar á ungaaldri at ræna ok drepa menn ok fór til þess víða um lönd; en at lykðum 20 snøri hann hingat til landz ok hóf svá upp, at hann óvingaðisk mest þeim, er beztir menn váru ok ríkastir, Knúti konungi, ok allir eru skyldastir at þjóna, sem kunnu, ok settisk hann í skattland hans. Slíkt sama veitti hann Óláfi Svía-konungi en jarlana Svein ok Hákon rak hann á brot af ættleifðum sínum; en sjálfs 25 síns frændum var hann þó grimmastr, er hann rak konunga alla á brot af Uplöndum, ok var þat þó vel sums kostar, þvíat þeir höfðu áðr brugðit trú sinni ok swardögum við Knút konung, en fylgt þessum Óláfi at hverju óráði, er hann tók upp. Nú sleit þeira vináttu makliga; hann veitti þeim meizlur, en tók undir sik 30 ríki þeira, eyddi svá í landinu öllum tignum mönnum. En síðan munuð þér vita, hvernug hann hefir búit við lenda menn, drepnir eru inir ágæztu, en margir orðnir landflótta fyrir honum. Hann hefir ok víða farit um land þetta með ránsflokkum, brent heruðin, en drepit ok rænt fólkit; eða hvern er sá hér ríkismanna, er eigi 35 myni honum eiga at hefna stórsaka? Nú ferr hann með útlendan her, ok er þat flest markamenn ok stígamenn eða aðrir ránsmenn; ætlið þér hann nú munu yðr línan er hann ferr með þetta illþýði,



er hann gerði þá slík hervirki, er allir lottu hann, þeir er honum fylgðu? Kalla ek hitt ráð, at ér minnizk nú orða Knúts konungs, hvat hann réð yðr, ef Óláfr leitaði enn aprt til landz, hvernug ér skylduð halda frelsi yðru, því er Knútr konungr hét yðr. Hann  
 5 bað yðr standa í mót ok rekask af höndum óaldarflokka slíka. Er nú sá til, at fara móti þeim ok drepa niðr illþýði þetta fyrir orn ok úlf, ok láta þar liggja hvern, sem höggvinn er, nema þér vilið heldr draga hræ þeira í holt ok hreysi; verði engi svá djarfr, at þá flyti til kirkna, þvíat þat eru alt víkingar ok illgørðamenn».   
 10 En er hann hætti tólu þessi, þá gerðu menn at róm mikinn, ok guldu allir jákvæði til, at gera sem hann mælti.

K. 219. Frá lendum mönnum.

Lendir menn, þeir er þar váru saman komnir, áttu stefnu ok tal sitt ok ræðu ok skipuðu þá til, hversu fylkja skyldi eða hvern  
 15 höfðingi skyldi vera fyrir liðinu. Þá mælti Kálfr Árnason, at Hárekr ór Þjóttu væri bezt til felldr at gerask höfuðsmaðr fyrir her þessum — »þvíat hann er kominn af ætt Haraldz ins hárfagra; hefir konungr á honum allþungan hug fyrir sakir vígs Grankels, ok mun hann sitja fyrir inum mestum afarkostum, ef  
 20 Óláfr kœmsk til ríkis; er Hárekr reyndr mjök í orrostum ok maðr metnaðargjarn». Hárekr svarar, at þeir menn væri til þess betr fallnir, er þá váru á léttasta aldri — »en ek em nú, segir hann, maðr gamall ok hrumr, ok ekki vel til orrostu fær; er ok frændsemi með okr Óláfi konungi; en þótt hann virði lítills þat  
 25 við mik, þá samir mér þó eigi at ganga framarr í þenna ófrið móti honum, en einn hvern annarra í várum flokki. Ertú, Þórir, vel til fallinn at vera höfuðsmaðr at halda bardaga við Óláf konung; eru þar ok ærnar sakir til; bæði áttu honum at hefna frændaláts ok þess, er hann rak þik útlaga af eignum þínum  
 30 öllum; hefir þú ok því heitit Knúti konungi ok svá frændum þínum, at hefna Ásbjarnar; eða ætlar þú, at betra færi myni gefask við Óláf, en svá sem nú er, at hefna þeirar svivirðingar allrar saman?«. Þórir svarar máli hans: »ekki ber ek traust til at bera merki í móti Óláfi konungi eða gerask höfðingi fyrir liði  
 35 þessu. Hafa Prændir hér mannmúg mestan; kann ek stórlæti þeira, at þeir munu ekki mér vilja hlýða eða öðrum háleyskum manni. En ekki mun þurfa at minna mik á sakar þær, er ek á at gjalda Óláfi; man ek þat mannlát, er Óláfr hefir af lífi tekit iiii. menn ok alla gøfga at metorðum ok at kynferðum, Ásbjörn

bróðurson minn, Þóri ok Grjótgarð, systursonu mína, ok fœður þeira Ólvi, ok em ek hvers þeira skyldr at hefna. Nú er þat frá mér at segja, at ek hefi valit til af húskorlum mínum menn xi., þá er snarpastir eru, ok ætla ek þat, at vér skylim ekki við aðra meta at skipta höggum við Óláf, ef vér komumk í fœri um þat«. 5

## K. 220. Tala Kálfs Árnasonar.

Kálfr Árnason tók þá til máls: »þess munum vér þurfa um ráð þat, er vér höfum upp tekit, at gera þat eigi at hégómamáli, er herrinn er saman kominn. Munu vér annars þurfa, ef vér skulum halda orrostu við Óláf konung, en þess, at hverr 10 fœri sik undan at taka upp vandann, þviat svá megum vér til ætla, þó at Óláfr hafi eigi lið mikit hjá her þeim, er vér höfum, þá er þar øruggr oddvitinn, ok mun alt lið hans vera honum tryggt til fylgðar. En ef vér erum nú nokkut skelfir, er helzt skulum vera forstjórar liðs várs, ok viljum vér eigi treysta 15 herinn ok eggja ok veita fyrirgöngu, þá mun þegar fjöldi hersins þat, er stall mun hjarta drepa ok því næst hverr sér ráðs leita. En þótt hér sé herr mikill saman kominn, þá munu vér þó koma í þá raun, ef vér hittumk ok Óláfr konungr með her sinn, at oss er ósigrinn viss, nema vér sém skeleggir sjálfir ráða- 20 menninir, en múgrinn geysisk fram með einu samþykki. En ef eigi verðr svá, þá er oss betra at hætta eigi til bardaga, ok mun þá sá kostr auðsær þykkja, at hætta til miskunnar Óláfs, ef hann þótti þá harðr, er minni váru sakir til, en nú mun honum þykkja. En þó veit ek, at svá er mǫnnum skipat í liði 25 hans, at mér mun þar gríða kostr, ef ek vil þess leita. Nú ef þér vilið sem ek, þá skaltu, Þórir mágr, ok þú, Hárekr, ganga undir merki þat, er vér skulum allir upp reisa, ok fylgja síðan. Gerumk vér allir snarpir ok skeleggir í þessum ráðum, er vér höfum upp tekit, ok höldum svá fram bóndaherinum, at þeir 30 megri eigi finna á oss æðru; ok mun þat alþýðuna fram eggja, ef vér göngum glaðir til at fylkja ok eggja liðit«. En er Kálfr hafði lokit at tala ørendi sitt, þá vikusk allir vel undir ræðu hans ok segja, at þeir vildu þat alt hafa, sem Kálfr sæi ráð fyrir þeim; vildu þat þá allir, at Kálfr væri höfðingi fyrir liðinu 35 ok skipaði þar hverjum í sveit, sem hann vildi.

## K. 221. Frá merkisburði lendra manna.

Kálfr setti upp merki ok skipaði þar húskorlum sínum undir merkit ok þar með Háreki ór Þjóttu ok hans liði. Þórir hundr með sína sveit var í öndurðu brjósti fylkingar fyrir 5 merkjum; þar var ok valit lið af bóndum á tvær hliðar Þóri, þat sem snarpast var ok bazt vápnat. Var sú fylking gǫr bæði löng ok þykk, ok váru þar í fylkingu Þrændir ok Háleygir; en inn hægra veg frá fylkingunni var önnur fylking; en til vinstri handar frá aðalfylkingu höfðu þeir fylking Rygir ok Hǫrðar, 10 Sygnir, Firðir, ok höfðu þar it iii. merki.

## K. 222. Frá Þorsteini knarrarsmið.

Þorsteinn knarrarsmiðr er maðr nefndr; hann var kaupmaðr ok smiðr mikill, maðr mikill ok sterkr, kapsmaðr mikill um alla hluti, vígamaðr mikill. Hann hafði orðit ósáttir við konung, 15 ok hafði konungr tekit af honum kaupskip nýtt ok mikit, er Þorsteinn hafði gǫrt. Var þat fyrir óspekðir Þorsteins ok þegn-gildi, er konungr átti. Þorsteinn var þar í hernum; hann gekk fyrir framan fylking ok þar til, er stóð Þórir hundr; hann mælti svá: »hér vil ek í sveit vera, Þórir, með yðr, þvíat ek 20 ætla, ef vit Óláfr hittumk, at bera fyrstr vápn á hann, ef ek má svá nær verða staddr, ok gjalda honum skiptökuna, er hann rænti mik skipi því, er eitt er bezt haft í kaupferðum«. Þeir Þórir tóku við Þorsteini, ok gekk hann í sveit með þeim.

## K. 223. Frá liðskipan bónda.

En er skipat var til fylkingar bóanda, þá tǫluðu lendir 25 menn ok báðu liðsmenn gefa gaum at um stöður sínar, hvar hverjum var skipat eða undir hverju merki þá skyldi hverr vera eða hvert frá merkinu eða hversu nær honum var skipat merkinu. Báðu þeir menn vera þá vakra ok skjóta at ganga í fylking, er 30 lúðrar kvæði við ok herblástr kœmi upp, ok ganga þá fram í fylking, þvíat þeir áttu þá enn leið mjök langa at flytja herinn, ok var þess ván, at fylkingar mundu bregðask í hergöngunni. Síðan eggjuðu þeir liðit; mælti Kálfr, at allir þeir menn, er harma ok heiptir áttu at gjalda Óláfi konungi, skyldu þá fram 35 ganga undir þau merki, er fara skyldu í móti merki Óláfs, vera þá minnigir þeira meingörða, er hann hafði þeim veitt, segir, at þeir mundu eigi komask í betra fœri at hefna harma sinna ok

frelsa sik svá frá þeirri ánauð ok þrældóm, er hann hafði þá undir lagt — »er nú sá, segir hann, bleyðimaðr, er eigi bersk nú sem djarfligast, þvíat eigi er saklaust við þá, er í móti yðr eru; munu þeir eigi yðr spara, ef þeir komask í færi«. At máli hans varð allmikill rómr; varð þá kall mikit ok eggjan um 5 allan herinn.

K. 224. Frá her konungs ok bónda.

Síðan fluttu bændr her sinn til Stiklarstaða. Þar var Óláfr konungr fyrir með sitt lið. Fór í öndurðu liðinu Kálfr ok Hárekr fram með merkinu. En er þeir mœttusk, þá tóksk 10 eigi allskjótt árásin, þvíat bændr frestuðu atgöngu fyrir þá sök, at lið þeira fór hvergi nær alt jafnfram, ok biðu þeir þess liðs, er síðarr fór. Þórir hundr hafði farit síðarst með sína sveit, þvíat hann skyldi til gæta, at ekki slægisk aptr liðit, þá er herópit kvæmi upp eða liðit sæisk, ok biðu þeir Kálfr Þóris. 15 Bændr höfðu þat orðtak í her sínum, at eggja lið sitt í orrostu: fram, fram, bóandmenn. Óláfr konungr gerði eigi atgönguna fyrr, at hann beið Dags ok þess liðs, er honum fylgði. Sá þeir konungr þá lið Dags, hvar þat fór. Svá er sagt, at bændr hefði eigi minna lið en hundrað hundraða, en Sigvatr segir svá: 20

147. Olmr erumk harmr, sás hil- gagn fengu því þegnar,  
hafði (golli vafðan [mir þeir at hölfu fleiri,  
jöfurr kreisti sá) austan hvötuð tældi þat hildar,  
aflfátt (meðalkafla); (hvörungi frýk) vöru.

K. 225. Fundr konungs ok bónda.

25

Þá er liðit hvártveggja stóð ok kendusk menn, þá mælti konungr: »hví ertu þar, Kálfr, þvíat vér skilðumk vinir suðr á Mœri; illa samir þér at berjask í móti oss. eða skjóta geigurskot í lið vart, þvíat hér eru iiii. brœðr þínir«. Kálfr svarar: »mart ferr nú annan veg, konungr, en bezt myndi sama; 30 skilðuzk þér svá við oss, at nauðsyn bar til at friðask við þá, er eptir váru; verðr nú hverr at vera þar, sem staddr er; en sættask mundu vit enn, ef ek skylda ráða«. Þá svarar Finn: »þat er mark á um Kálf, ef hann mælir vel, at þá er hann ráðinn til at gera illa«. Konungr mælti: »vera kann þat, Kálfr, at þú 35 vilir sættask, en ekki friðliga þykki mér þér láta bændrnir«. Þá svarar Þorgeirr af Kvistsstöðum: »þér skuluð nú hafa slíkan frið, sem margir hafa áðr af yðr haft, ok munuð þér nú þess

gjalda«. Konungr svarar: »eigi þarftu at fýsask svá mjök til várs fundar, þvíat eigi mun þér sigrs auðit í dag á oss, þvíat ek hefi hafit þik til ríkis af litlum manni«.

K. 226. Uphaf Stiklarstaða-orrostu.

5 Þórir hundr kom þá ok gekk fram með sveit sína fyrir merkit ok kallaði: »fram, fram, bóandmenn«. Lustu þá upp herópi ok skutu bæði qrum ok spjótum. Konungsmenn æpðu þá heróp; en er því var lokit, þá eggjuðusk þeir svá, sem þeim var áðr kent, mæltu svá: »fram, fram, Kristsmenn, krossmenn,  
10 konungsmenn«. En er þetta heyrðu bændr, þeir er út stóðu í arminn, þá mæltu þeir slíkt sama, sem þeir heyrðu þá mæla. En er aðrir bændr heyrðu þat, þá hugðu þeir þat vera konungsmenn ok báru vápn á þá, ok þorðusk þeir þá sjálfir, ok fell mart, áðr þeir kannaðisk við. Veðr var fagrt, ok skein sól í  
15 heiði; en er orrosta hófsk, þá laust roða á himininn ok svá á sólna, ok áðr en létti, gerði myrkt sem um nótt. Óláfr konungr hafði fylkt, þar er hæð nokkur var, ok steypðusk þeir ofan á lið bóanda ok veittu svá hart athlaupit, at fylking bónda bognaði fyrir, svá at þar stóð þá brjóstit konungs fylkingar,  
20 sem áðr höfðu staðit þeir, er øfstir váru í bóandalíði; ok var þá bóndalíðit mart búit at flýja, en lendir menn ok lendra manna húskarlar stóðu fast, ok varð þá allsnorp orrosta; svá segir Sigvatr:

148. Vitt vas fold und fótum þás árliga ærir  
25 (friðbann vas þar) mǫnnum, alms með bjarta hjalma  
þá réð í þøð bráða (mikill varð á stað Stiklar  
brynjat folk at dynja, stálgustr) ofan þustu.  
Lendir menn eggjuðu lið sitt ok knúðusk til framgöngu; þess getr Sigvatr:

30 149. Fór í fylking þeira snarir fundusk þar, Þrœnda  
framm (iðrask nú) miðri, (þess verks búendr) merki.  
Þá sótti lið bóanda at qllum megin; hjoggu þeir, er fremstir stóðu, en þeir, er þar váru næst, lögðu spjótum, en allir þeir, er síðarr gengu, skutu spjótum eða qrum eða kǫstuðu grjóti  
35 eða handøxum eða skeptiflettum; gerðisk þá brátt bardagi mannskøðr, ok fell mart af hvarumtveggjum. Í fyrstu hríð fellu þeir Arnljótr gellini, Gaukapórir ok Afrafasti, ok þeira sveit qll, ok hafði hverr þeira mann fyrir sik eða ii. eða sumir fleiri. Því þyntisk skipanin fyrir framan merki konungs; það

konungr þá Þórð bera fram merkit, en konungr fylgði sjálfr merkinu ok sú sveit manna, er hann hafði valit til at vera sér nær í orrostu; váru þeir menn í hans liði einna vápndjarfastir ok bezt búnir; þess getr Sigvatr:

150. Mest frákr merkjum næstan stöng óð fyr gram, gingu, 5  
mínn dróttin framm sínum, (gnógr styrr vas þar) fyrri.

Þá er Óláfr konungr gekk fram ór skjaldborginni ok í öndurða fylking ok bændr sá í andlit honum, þá hræddusk þeir ok fellusk þeim hendr; þess getr Sigvatr:

151. Geirs hykk grimligt vöru þorðut Prænzkir fyrðar, 10  
gnýreifum Áleifi þótti hersa dróttinn  
loghreytöndum líta ógurligr, í augu  
lóns í hvassar sjónir, ormfrön séa hönum.

Þá varð allhörð orrosta; gekk konungr hart fram sjálfr í hoggorrostu; svá segir Sigvatr:

152. Rauð í rekka blóði auk, at ísarn-leiki, 15  
rönd með gumna höndum Innþrændum lét finnask,  
dreyrugt sverð, þars dýran rökinn, gramr í reikar  
drótt þjóðkonung sótti, rauðbrúnan hjör túnnum.

K. 227. Fall Þorgeirs af Kvistsstöðum.

20

Óláfr konungr barðisk þá alldjarfliga; hann hjó til Þorgeirs af Kvistsstöðum, lendz manns, þess er fyrr er getit, um þvert andlit ok í sundr nefbjörg á hjálminum ok klauf höfuðit fyrir neðan augu, svá at nær tók af. En er hann fell, mælti konungr: »hvárt er þat satt, er ek sagða þér, Þorgeirr, at þú myndir eigi sigrask í okrum viðrskiptum?«. Í þeiri svipan skaut Þórðr niðr merkistönginni svá hart, at stöngin stóð. Þá hafði Þórðr fengit banasár ok fell hann þar undir merkinu. Þá fellu þar ok Þorfiðr muðr ok Gizurr gullbrá, ok höfðu hann sótt ii. menn, en hann drap annan þeira, en særði annan, áðr hann fell; svá segir Hofgarða-Refr:

153. Einn háði gný gunnar dalsteypir hjó Draupnis  
(gall bál Hóars) stála döggrfrey bana hoggvi  
rimmu askr við rökva (hann rauð járn), en annan  
regndjarfr tváa þegna; ár strauma, vann sáran. 35

Þá varð þat, er fyrr var sagt, at himinn var heiðr, en sól hvarf at sýn ok gerði myrkt; þess getr Sigvatr:

154. Undr láta þat ýtar drjúg varð á því dægri  
 eigi smátt, es máttit (dagr náðit lit föggrum),  
 skænþorðungum skorðu orrostu fráak austan  
 skýlauss roðull hlýja; atburð, konungs furða.
- 5 Í þenna brum kom Dagr Hringsson með þat lið, er hann hafði  
 haft, ok tók hann þá at fylkja liði sínu ok setti upp merki.  
 En fyrir því at myrkr var mikit, þá varð ekki skjótt um  
 atgönguna, þvíat þeir vissu eigi víst, hvat fyrir var. En þó  
 snöru þeir at, sem fyrir váru Rygir ok Hørðar. Váru þessir  
 10 atburðir margir jamsnimma eða sumir lítlu fyrr eða síðarr.

## K. 228. Fall Óláfs konungs.

Kálfr ok Óláfr hétu frændr Kálfs Arnasonar; þeir stóðu  
 á aðra hlið honum, menn miklir ok hraustir. Kálfr var sonr  
 Arnfinnz Armóðssonar, bróðursonr Árna Armóðssonar. Á aðra  
 15 hlið Kálfi Arnasyni gekk fram Þórir hundr. Óláfr konungr hjó  
 til Þóris hundz um herðarnar; sverðit beit ekki, en svá sýndisk  
 sem dust ryki ór hreinbjálbanum; þessa getr Sigvatr:

155. Mildr fanngrøst, hvégaldrar, þás hyrsendir Hundr  
 gramr sjalfr, meginrammir húna gollu búnu  
 20 fjölkunnigra Finna (slætt réð sízt at bita)  
 fullstórum barg Þóri, sverði laust of herðar.

Þórir hjó til konungs, ok skiptusk þeir þá nokkurum höggum  
 við, ok beit ekki sverð konungs, þar er hreinbjálbinn var fyrir,  
 en þó varð Þórir sárr á hendi; enn kvað Sigvatr:

- 25 156. Pollr dylr saðrar snilli es þvergarða þorði  
 seims, en þat veitk heiman, Próttr, hinn es framm sótti,  
 (hverr sæi) Hundz (verk stærri) glyggs í gögn at höggva  
 hugstórs, es frýr Þóri, gunnranns konungmanni.

Konungr mælti til Bjarnar stallara: »ber þú hundinn, er eigi  
 30 bita járn«. Björn snöri øxinni í hendi sér ok laust með  
 hamrinum; kom þat högg á øxl Þóri, ok varð allmikit högg, ok  
 rataði Þórir við; en því jamskjótt snöri konungr í móti þeim  
 Kálfi frændum ok veitti banasár Óláfi, frænda Kálfs. Þá lagði  
 Þórir hundr spjóti til Bjarnar stallara á honum miðjum, veitti  
 35 honum banasár. Þá mælti Þórir: »svá bautu vér björnuna«. Þorsteinn  
 knarrarsmiðr hjó til Óláfs konungs með øxi, ok kom  
 þat högg á fótinn vinstra við knéit fyrir ofan. Finnur Arnason  
 drap þegar Þorstein. En við sár þat hneigðisk konungr upp  
 við stein einn ok kastaði sverðinu ok bað sér guð hjálpa. Þá

lagði Þórir hundr spjóti til hans; kom lagit neðan undir brynjuna ok rendi upp í kviðinn. Þá hjó Kálfr til hans; kom þat högg inum vinstra megin útan á hálsinn. Menn greinask at því, hvárr Kálfr veitti konungi sár. Þessi iii. sár hafði Óláfr konungr til lífláts. En eptir fall hans, þá fell sú flestgll sveitin, 5 er fram hafði gengit með konungi. Bjarni gullbráðskáld kvað þetta um Kálf Arnason:

157. Jörð rétt vígi varða	fyrir gekt á stað Stiklar	
vígreiðr fyr Áleifi;	stórverkr, en óð merki,	
brauzt við bragning nýztan	satt 's at sókn of veittir	10
bág; þat kveðk mik frógu;	snjallr, unz gramr vas fallinn	

Sigvatr skáld kvað þetta um Björn stallara:

158. Björn fráok auk at, ærnunum,	fell í her með hollum	
endr stöllumur kendi,	hann verðungar mǫnnum	
-hug hvé halda dugði	(leyfðr 's) at hilmis hǫfði	15
(hann sótti fram) dróttin-;	hróðrauðigs (sá dauði).	

#### K. 229. Uphaf Dags hríðar.

Dagr Hringsson helt þá upp orrostu ok veitti ina fyrstu atgöngu svá harða, at bændr hrukku fyrir, en sumir snøru á flóttu. Þá fell fjöldi liðs af bóndum, en þessir lendir menn, 20 Erlendr ór Gerði, Aslákr af Finneyju; var þá merki þat niðr höggvit, er þeir hǫfðu áðr með farit. Var þá orrosta in ákafasta; kǫlluðu menn þat Dags-hríð. Þá snøru þeir í móti Dag Kálfr Arnason, Hárekr ór Þjóttu, Þórir hundr, með þá fylking, er þeim fylgði. Var þá Dagr borinn afli, ok snøri hann þá á 25 flóttu ok alt lið þat, er eptir var; ok verðr þar dalr nǫkkurr upp, sem meginflóttinn fór; fell þar þá mart lið; dreifðisk þá fólkit tveggja vegna í brot. Váru margir menn sárir mjök, en margir svá mjök mœddir, at til enskis váru færir. Bændr ráku skamt flóttu, þvíat hǫfðingjar snøru brátt aþtr ok þar til, er 30 valrinn var, þvíat margir áttu þar at leita eptir vinum sínum ok frændum.

#### K. 230. Jartegnir Óláfs konungs við Þóri hund.

Þórir hundr gekk þar til, er var lík Óláfs konungs, ok veitti þar umbúnað, lagði niðr líkit ok rétti ok breiddi klæði yfir; ok 35 er hann þerði blóð af andlitinu, þá sagði hann svá síðan, at andlit konungsins var svá fagrt, at roði var í kinnunum, sem þá at hann svæfi, en miklu bjartara en áðr var, meðan hann lifði. Þá kom



blóð konungsins á hönd Þóri ok rann upp á greipina, þar er hann hafði áðr sár fengit, ok þurfti um þat sár eigi umband þaðan í frá; svá græri þat skjótt. Váttaði Þórir sjálf þenna atburð, þá er helgi Óláfs konungs kom upp, fyrir alþýðu. Varð Þórir  
5 hundr fyrst til þess, at halda upp helgi konungsins, þeira ríkis-  
manna, er þar höfðu verit í mótstöðuflokki hans.

K. 231. Frá bræðrum Kálfs Arnasonar.

Kálfr Arnason leitaði at bræðrum sínum, er þar váru fallnir; hann hitti Þorberg ok Finn; ok er þat sögn manna, at Finnir  
10 kastaði at honum saxi ok vildi drepa hann ok mælti til hans  
hördum orðum, kallaði gríðniðing ok dróttinsvika. Kálfr gaf  
ekki því gaum ok lét Finn bera í brot ór valnum ok svá Þorberg.  
Var þá leitat at um sár þeira, ok höfðu þeir engi sár banvæn;  
höfðu þeir fallit fyrir vápnaburð ok mæði. Þá leitaði Kálfr at  
15 flytja bræðr sína ofan til skips ok fór með þeim sjálf. En þegar  
er hann snæri í brot, þá fór í brot alt bóandalið þat, er þar átti  
heimili í nánd, nema þeir menn, er þar störfuðu at frændum  
sínum ok vinum, þeim er sárir váru, eða líkum þeira, er fallnir  
váru. Váru sárir menn fluttir heim á bæinn, svá at hvert hús  
20 var fult af þeim, en tjaldat úti yfir sumum. En svá undarliga  
mart fólk sem samnazk hafði í bóandaherinn, þá þótti monnum  
þat eigi miðr frá líkendum, hvernug skjótt ruddi samnaðinn, þá  
er til þess tók; ok var þat mjök til, at it mesta fjölmennit hafði  
þar samnazk ór heruðum, ok váru mjök heimfúsir.

25 K. 232. Frá Verdœlum.

Bœndr þeir, er heimili áttu í Veradal, gengu til fundar við  
höfðingja, Hárek ok Þóri, ok kærðu fyrir þeim sín vandræði,  
sögðu svá: »flóttamenn þessir, er hér hafa undan komizk, munu  
fara upp eptir Veradal ok munu búa óheppiliga at heimilum  
30 várum, en oss er ekki fært heim, meðan þeir eru hér í dalnum; nú  
gerið svá vel, farið eptir þeim með liði ok látið ekki barn í brot  
komask, þvíat slíkan kost mundu þeir oss ætla, ef þeir hefði betr  
haft í várum fundi, ok svá munu þeir enn gera, ef vér hittumk  
síðarr, svá at þeir hafi meira kost en vér; kann vera, at þeir  
35 dvelisk í dalnum, ef þeir vænta sér enskis ótta; munu þeir þegar  
fara óspakliga um byggðir várar«. Ræddu bœndr um þetta  
morgum orðum ok eggjuðu með ákafa miklum, at höfðingjar  
skyldu fara ok drepa þat fólk, sem undan hafði komizk. Ok er

höfðingjar ræddu þetta sín í milli, þá þótti þeim böendr mart satt sagt hafa í sinni ræðu; réðu þá þat, at þeir Þórir hundr snørusk til ferðar með Verdælum, ok hafði hann dc. manna, þat er hans lið var, fóru síðan; tók þá at nátta. Létti Þórir eigi fyrr ferðinni, en hann kom um nóttina á Súlu; ok spurði hann þar 5 þau tíðendi, at um kveldit hafði þar komit Dagr Hringsson ok margar aðrar sveitir af Óláfs mǫnnum, haft þar náttverðardvöl, en farit síðan á fjall upp. Þá segir Þórir, at hann myndi ekki rekask eptir þeim um fjöll, ok snøri hann þá aptr ofan í dalinn, ok fengu þeir þá fátt drepit af mǫnnum. Síðan fóru böendr til 10 heimila sinna, en Þórir fór eptir um daginn ok hans lið út til skipa sinna; en konungsmenn þeir, er færir váru, forðuðu sér, leyndusk í skógum, sumir höfðu hjálp af mǫnnum.

K. 233. Frá Þormóði Kolbrúnarskáld.

Þormóðr Kolbrúnarskáld var í orrostu, undir merkjum kon- 15 ungs. Ok er konungr var fallinn ok atsókn var sem óðust þá fell konungslíð hvat við annat, en þeir váru flestir sárir, er upp stóðu. Þormóðr varð sárr mjök; gerði hann þá sem aðrir, at allir opuðu þar frá, er mestr þótti lífsháski, en sumir runnu. Þá hófs<sup>k</sup> sú orrosta, er Dags-hríð er kǫlluð; sótti þá þangat til alt 20 konungs-liðit, þat er vápnfært var, en Þormóðr kom þá ekki í orrostu, þvíat hann var þá óvígr bæði af sárum ok af mœði, ok stóð hann þar hjá félogum sínum, þótt hann mætti ekki annat at hafask. Þá var hann lostinn með ǫru í síðuna vinstri; braut hann af sér ǫrvarskaptit ok gekk þá brot frá orrostu ok heim 25 til húsanna ok kom at hlöðu nǫkkurri; var þat mikit hús. Þormóðr hafði sverð bert í hendi, ok er hann gekk inn, þá gekk maðr út í móti honum; sá mælti: »furðu ill læti eru hér inni, veinan ok gaulan; skǫmm mikil, er karlmenn hraustir skulu eigi þola sár sín, ok vera kann, at þeir konungsmenninir hafi allvel 30 fram gengit, en allódrengiliga bera þeir sárin sín«. Þormóðr svarar: »hvert er nafn þitt?«. Hann nefndisk Kimbi. Þormóðr svarar: »vartu í bardaga?«. »Var ek, segir hann, með bóndum, er betr var«. »Ertu nǫkkut sárr?« segir Þormóðr. »Lítt, segir Kimbi; eða vartu í bardaga?«. Þormóðr segir: »var ek með 35 þeim, er betr höfðu«. Kimbi sá, at Þormóðr hafði gullhring á hendi; hann mælti: »þú munt vera konungsmaðr; fá þú mér gullhringinn, en ek mun leyna þér; böendr munu drepa þik, ef þú verðr á veg þeira.« Þormóðr segir: »haf þú hring, ef þú

fær; látit hefi ek nú meira«. Kimbi rétti fram hǫndina ok vildi taka hringinn. Þormóðr sveifldi til sverðinu ok hjó af honum hǫndina, ok er svá sagt, at Kimbi bar sár sitt engum mun betr en hinir, er hann hafði fyrr á leitat. Fór Kimbi brot, en 5 Þormóðr settisk niðr í hløðunni ok sat þar um hríð ok heyrði á rœður manna. Þat var mælt þar mest, at hverr sagði þat, er sét þóttisk hafa í orrostu, ok rœtt um framgöngur manna; lofuðu sumir mest hreysti Óláfs konungs, en sumir nefndu aðra menn til ekki síðr; þá kvað Þormóðr:

10	159. Qrt vas Áleifs hjarta, óð framm konungr (blóði rekin bitu stól) á Stiklar støðum, kvaddi lið þøðvar;	élpolla frá k alla Jalfaðs nema gram sjalfan (reyndr vas flestr) í fastri fleindrifu sér hlífa.
----	--	--

## K. 234. Dauði Þormóðar.

15 Þormóðr gekk síðan í brot til skemmu nǫkkurrar, gekk þar inn. Váru þar áðr margir menn inni fyrir sárir mjök; var þar at kona nǫkkur ok batt um sár manna. Eldr var á gólfinu, ok vermði hon vatn til at fægja sárin, en Þormóðr settisk niðr við dyrr útar. Þar gekk annarr maðr út, en annarr inn, þeir er 20 störfuðu at sárum mǫnnum. Þá snøri einn hverr at Þormóði ok sá á hann ok mælti síðan: »hví ertu svá fǫlr?, ertu sárr, eða fyrir hví biðr þú þér eigi lækningar?«. Þormóðr kvað þá vísu:

160.	Emkak rjóðr, en rauðum ræðr grǫnn Skǫgul manni 25 hauka setrs en hvíta, hyggr fár of mik sáran;	hitt veldr, mér at, meldrar morðvenjandi Fenju, djúp ok danskra vápna Dags hríðar spor sviða.
------	--	--

Síðan stóð Þormóðr upp ok gekk inn at eldinum ok stóð þar um hríð. Þá mælti lækni­rinn til hans: »þú, maðr, gakk út ok tak mér skíðin, er hér liggja fyrir durum úti«. Hann gekk út, 30 bar inn skíðafangit ok kastaði niðr á gólfit. Þá sá lækni­rinn í andlit honum ok mælti: »furðu bleikr er þessi maðr; hví ertu slíkr?«. Þá kvað Þormóðr:

161.	Undrask ǫgglis landa eik, hví vér róm bleikir; 35 fár verðr fagr af sǫrum, fannk ǫrva drif, svanni;	mik fló malmr enn klökkvi magni keyrðr í gǫgnum; hvast beit hjarta et næsta hættligt jarn, es ek vætti.
------	--	--

Þá mælti lækni­rinn: »látu mik sjá sár þín ok mun ek veita umbönd«. Síðan settisk hann niðr ok kastaði klæðum af sér. En er lækni­r sá sár hans, þá leitaði hon um þat sár, er hann hafði

á síðunni, kendi þess, at þar stóð járn í, en þat vissi hon eigi til viss, hvert járnit hafði snúit. Hon hafði þar gort í steinkatli, stappat lauk ok önnur grös ok velt þat saman ok gaf at eta inum sárum mönnum ok reyndi svá, hvárt þeir hefði holsár, þvíat kendi af laukinum út ór sári því, er á hol var. Hon bar þat at Þormóði, það hann eta. Hann svarar: »ber brot, ekki hefi ek grautsótt«. Síðan tók hon spennitöng ok vildi draga út járnit, en var fast ok gekk hvergi, stóð ok litit út, þvíat sárit var sollit. Þá mælti Þormóðr: »sker þú til járnins, svá at vel megi ná með tǫnginni; fá mér síðan ok lát mik kippa«. 10 Hon gerði, sem hann mælti. Þá tók Þormóðr gullhring af hendi sér ok fekk lækninum, það hana gera af, slíkt er hon vildi — »góðr er nautr at, segir hann, Óláfr konungr gaf mér hring þenna í morgin«. Síðan tók Þormóðr tǫngina ok kipði á brot ǫrinni; en þar vǫru á krókar ok lágu þar á tǫgar af hjartanu, 15 sumar rauðar, sumar hvítar; ok er hann sá þat, mælti hann: »feitt er mér enn um hjartarötr«. Síðan hné hann aptr ok var þá dauðr. Lýkr þar frá Þormóði at segja.

## K. 235. Frá atburðum orrostu.

Óláfr konungr fell miðvikudag iii. kál. Augusti mánaðar; 20 þat var nær miðjum degi, er þeir fundusk, en fyrir miðmunda hófsk orrostan, en konungr fell fyrir nónn, en myrkrit helzk frá miðmunda til nóns. Sigvatr skáld segir svá frá lykðum orrostu:

162. Hǫrð es, sízt hermenn firðu ǫr brá Áleifs fjǫrvi  
 (hlíf raufsk fyr gram) lífi, ǫld, þars herr klauf skjǫldu, 25  
 auðn at Engla stríði, folks (odda gekk fylkir  
 (ómjúk) konung sjúkan; fund), en Dagr helt undan.

Ok enn kvað hann þetta:

163. Áðr vitu eigi meiðar es slíkan gram sóknum  
 ógnar skers né hersa sárelds viðir feldi 30  
 (þjóð réð þengils dauða) (mǫrg lá dýr í dreyra  
 þann styrk búandmanna, drótt) sem Áleifr þótti.

Bændr ræntu ekki valinn, ok varð þegar eptir orrostu heldr svá at hræzlu sló á marga, þá er móti konungi hǫfðu verit, en þó heldu þeir illviljanum ok dæmdu þat sín á millum, at allir þeir 35 menn, er með konungi hǫfðu fallit, skyldu hafa engan þann umbúning eða grǫpt, sem góðum mönnum sómði, ok kǫlluðu þá alla ránsmenn ok útlaga. En þeir menn, er ríkir vǫru ok þar áttu frændr í valnum, gáfu ekki því gaum, fluttu þeir sína frændr til kirkna ok veittu umbúnað.

## K. 236. Jartegnir við blindan mann.

Þorgils Hálmuson ok Grímr, sonr hans, fóru til valsins um kveldit, er myrkt var orðit; þeir tóku upp lík Óláfs konungs ok báru brot, þar til er var húskytja nokkur lítill ok auð annan veg frá bænum; höfðu ljós með sér ok vatn; tóku þá klæði af líkinu ok þógu líkit ok sveipðu síðan með línúkkum ok lögðu þar niðr í húsinu ok hulðu með viðum, svá at engi mátti sjá, þótt menn kvæmi í húsit; gengu þeir síðan í brot ok heim til bæjarins. Þar hafði fylgt hernum hvarumtveggja mart stafkarla ok þat fátækis-  
 10 fólk, er sér það matar. En þat kveld eptir bardagann hafði þat fólk þar mart dvalizk, ok er náttaði, leitaði þat sér herbergis um öll hús, bæði smá ok stór. Þar var einn blindr maðr, sá er sagt er frá; hann var fátækr, ok fór sveinn hans með honum ok leiddi hann; þeir gengu úti um bæinn ok leituðu sér herbergis.  
 15 Þeir kómu at því sama eyðihúsi; váru dyrrnar svá lágar, at nær varð at krjúpa inn. Ok er inn blindi maðr kom í húsit, þá þreifaðisk hann fyrir um gólfit, leitaði, hvárt hann myndi mega niðr leggjask; hött hafði hann á höfði ok steypðisk höttrinn fyrir andlit honum, er hann laut niðr. Hann kendi fyrir höndunum, at  
 20 tjörn var á gólfinu; þá tók hann upp hendinni vátri ok rétti upp höttinn, ok kómu fingrnir upp við augun; en þegar brá kláða á hvarmana svá miklum, at hann strauk með fingrunum vátum augun sjálf; síðan hopaði hann út ór húsinu ok sagði, at þar mátti ekki liggja inni, þvíat þar var alt vátt. Ok er hann kom  
 25 út ór húsinu, þá sá hann þegar fyrst skil handa sinna ok alt þat, er nær honum var, þat er hann mátti sjá fyrir náttmyrkri. Hann gekk þegar heim til bæjarins ok inn í stofu ok sagði þar öllum mönnum, at hann hafði fengit sýn sína ok hann var þá skygn maðr. En þat vissu þar margir menn, at hann hafði lengi  
 30 blindr verit, þvíat hann hafði þar áðr verit ok gengit um byggðir. Hann segir, at þá sá hann fyrst, er hann kom út ór húsi nokkuru lítlu ok vándu — »ok var þar vátt alt inni, segir hann; greip ek þar í höndunum ok gnøra ek vátum höndum um augu mér«; hann segir ok, hvar þat hús stóð. En þeir menn, er þar váru  
 35 ok sá þessi tíðendi, undruðusk mjök um þenna atburð ok röeddu sín í milli, hvat þar myndi inni vera í því húsi. En Þorgils bóndi ok sonr hans Grímr þóttusk vita, hvaðan af þessi atburðr myndi hafizk hafa. Þeir hræddusk mjök, at óvinir konungs mundu fara ok rannsaka húsit. Síðan leyndusk þeir í brot ok

fóru til hússins ok tóku líkit, fluttu í brot út í hagann ok fálu þar; fóru síðan til bæjar ok sváfu af nótt þá.

K. 237. Frá Þóri hund.

Þórir hundr kom fimta dag ofan ór Veradal út á Stiklarstaði, ok fylgði honum lið mart. Þar var ok mart fyrir bóndalið. 5 Var þá enn rofinn valrinn; fluttu menn brot lík frænda sinna ok vina ok veittu hjálp sárum mönnum, þeim er menn vildu græða; en fjöldi mannz hafði þá andazk, síðan er lokit var bardaga. Þórir hundr gekk þar til, er konungr hafði fallit, ok leitaði líksins; ok er hann fann þat eigi, spurðisk hann fyrir, 10 ef nokkurr maðr kynni segja honum, hvar líkit væri komit, en þat vissi engi at segja. Þá spurði hann Þorgils búanda, ef hann vissi nokkut til, hvar lík konungs var. Þorgils svarar svá: »ekki var ek í bardaga; veit ek þaðan fá tíðendi; fara nú margar sǫgur; þat er nú sagt, at Óláfr konungr hafi hittr verit í 15 nótt uppi hjá Staf ok sveit manna með honum; en ef hann hefir fallit, þá munu sveitungar yðrir hafa fólgit lík hans í holtum eða hreysum«. En þótt Þórir þóttisk vita it sanna, at konungr var fallinn, þá tóku þó margir undir ok gerðu þann kurr, at konungr myndi hafa brot komizk ór orrostu ok skamt myndi til, 20 at hann myndi fá her ok koma á hendr þeim. Fór þá Þórir til skipa sinna ok síðan út eptir firði. Þá tók at dreifask alt bóndaliðit, ok fluttu brot ina sáru menn, alla þá er hrærandi váru.

K. 238. Líkferð Óláfs konungs til Niðaróss.

Þorgils Hálmuson ok þeir Grímr feðgar höfðu í sinni varð- 25 veizlu lík Óláfs konungs ok váru um þat mjök hugsjúkir, hvernug þeir fengi til gætt, at eigi næði óvinir konungs at misfara með líkinu, þvíat þeir heyrðu þær ræður bónda, at þat ráð myndi til liggja, ef lík konungs fynnisk, at brenna þat eða flytja út á sæ ok sökkva niðr. Þeir feðgar höfðu sét um nóttina, svá sem 30 kertislog brynni þar yfir, er lík Óláfs konungs var í valnum, ok svá síðan, er þeir höfðu fólgit líkit, þá sá þeir jafnan um nætr ljós þannug til, er konungrinn hvíldi. Þeir hræddusk, at óvinir konungs myndi leita líksins, þar er var, ef þeir sæi þessi merki; var þeim Þorgils títt at flytja líkit í brot til þess staðar nokkurs, 35 er þat væri vel komit. Þeir Þorgils gerðu kistu ok vönduðu sem mest ok lögðu þar í lík konungs; en síðan gerðu þeir aðra líkkistu

ok báru þar í hálm ok grjót, svá at þat skyldi vera mannhöfgi, lykðu þá kistu vandliga. Ok er brottu var af Stiklarstöðum alt lið bónda, þá bjoggu þeir Þorgils ferð sína; fekk hann röðrarferju nokkura; váru þeir saman menn vii. eða viii. ok allir frændr

5 eða vinir Þorgils. Þeir fluttu lík konungs til skips leyniliga ok settu kistuna undir þiljur niðr. Kistu þá höfðu þeir ok með sér, er grjótit var í, settu hana í skip, svá at allir menn máttu sjá; fara síðan út eptir firði; fengu gott leiði, kómu at kveldi, er myrkva tók, út til Niðaróss, lögðu at við konungsbryggju.

10 Síðan sendi Þorgils menn upp í bæinn ok lét segja Sigurði byskupi, at þeir fóru þar með lík Óláfs konungs. En er byskup spyrir þessi tíðendi, sendi hann þegar menn sína ofan á bryggjur; þeir tóku þar röðrarskútu ok lögðu at skipi Þorgils, báðu fá sér lík konungsins. Þeir Þorgils tóku þá kistu, er uppi stóð á

15 þiljunum, ok báru í skútuna. Síðan røru þeir menn út á fjörð ok sökðu þeir þar niðr kistunni. Þá var myrkt af nótt. Þeir Þorgils røru þá upp eptir ánni, til þess er þraut bæinn, ok lögðu þar at, er Saurhlið heitir; þat var fyrir ofan bæinn. Þá báru þeir upp líkit ok inn í eyðiskemmu nokkura, er þar stóð upp frá

20 öðrum húsum; vökðu þeir þar um nóttina yfir líkinu. Þorgils gekk ofan í bæinn; fann hann þá menn at máli, er helzt höfðu þar verit vinir konungs; spurði hann þá, ef þeir vildi taka við líki konungs; þat þorði engi maðr at gera. Síðan fluttu þeir Þorgils líkit upp með ánni ok grófu þar niðr á sandmel þeim,

25 er þar verðr; bjoggu þar um eptir, svá at ekki skyldi þar nývirki á sjá. Höfðu þeir þessu lokit öllu, áðr dagaði; fóru þá til skips síns, lögðu þegar út ór ánni, fóru síðan ferðar sinnar, til þess er þeir kómu heim á Stiklarstaði.

#### K. 239. Uphaf Sveins konungs Alþifusonar.

30 Sveinn, sonr Knúts konungs ok Alþifu dóttur Alfrins jarls, hann hafði verit settr til ríkis á Vindlandi í Jómsborg, en þá hafði komit til hans orðsending Knúts konungs, fōður hans, at hann skyldi fara til Danmarkar ok þat með, at hann skyldi síðan fara til Nóregis ok taka þar við ríki því til forráða, er í Nóregi

35 var, ok hafa þar með konungsnafn yfir Nóregi. Síðan fór Sveinn til Danmarkar ok hafði þaðan lið mikit; fór með honum Haraldr jarl ok mart annarra ríkismanna. Þess getr Þórarinn loftunga í kvæði því, er hann orti um Svein Alþifuson, er kallat er Glælognskviða:

164. Pat 's dullaust,  
 hvé Danir gerðu  
 dyggva fqr  
 með döglingi;  
 þar vas jarl

at uphafi,  
 ok hverr maðr,  
 es honum fylgði,  
 annarr drengr  
 qðrum betri.

5

Síðan fór Sveinn í Nóreg ok með honum Álfifa, móðir hans, ok var hann þar til konungs tekinn á hverju lögþingi. Hann var þá kominn austan í Víkina, er orrosta var á Stiklarstöðum ok Óláfr konungr fell. Sveinn létti eigi ferðinni, fyrr en hann kom um haustit norðr í Prándheim; var hann þar til konungs tekinn sem 10 í qðrum stöðum. Sveinn konungr hafði ný lög í land um marga hluti, ok var þat eptir því sett, sem lög váru í Danmqrk, en sum miklu frekari. Engi maðr skyldi af landi fara nema með konungs leyfi, en ef færi, þá felli undir konung eignir þess; en hverr, en mann vægi, skyldi hafa vegit landi ok lausum eyri. 15 Ef maðr varð í útlegð ok tæmðisk honum arfr, þá eignaðisk konungr arf þann. At jólum skyldi hverr bóandi fá konungi mæli malts af arni hverjum ok lær af oxa þrævetrum, — þat var kallat vinjartoddi, — ok spann smjors, ok húsfreyja hver rýgjartó, þat var lín órengr, svá mikit, at spent fengi um mesta fingri ok 20 lengsta. Bændr váru skyldir at gera hús þau qll, er konungr vildi hafa á bústöðum sínum. Vii. menn skyldu gera einn liðferan ok gera fyrir hvern, er v. vetra gamall væri, ok þar eptir hqmlur. Hverr maðr, er á haf ræri, skyldi gjalda konungi landvqrðu, hvaðan sem hann ræri; en þat eru v. fiskar. Skip 25 hvert, er færi af landi á brot, skyldi halda konungi rúm um þvert skip. Maðr hverr, er til Íslandz færi, skyldi gjalda landaura, þarlenzkr ok útlenzkr. Pat fylgði ok þessu, at þá skyldu danskir menn hafa svá mikinn metnað í Nóregi, at eins þeira vitni skyldi hrinda x. Norðmanna vitnum. En er þessi lagasetning var birt 30 fyrir alþýðu, þá tóku menn þegar at reisa hugi sína upp í mót ok gerðu kurr sín á milli; mæltu þeir svá, er eigi hqfðu verit í mótferðum við Óláf konung: »takið þér nú, Innþrændir, vináttu ok laun af Knýtlingum þess, er þér bqrðuzk við Óláf konung ok felduð hann frá landi; yðr var heitit friði ok réttarbót, en nú hafið þér ánauð ok þrælkan, ok þar með stórglæpi ok niðingskap«. En þar var eigi gott til mótmælis. Sá þá allir, at óheppiliga var um ráðit. Báru menn þó eigi traust til at gera upreist í móti Sveini konungi; bar þat mest til, at menn hqfðu gíslat Knúti konungi sonu sína eða aðra náfrændr ok þat með, 40



at þá var engi forstjóri til upreistar. Brátt höfðu menn ámæli mikit til Sveins konungs ok kendu menn mest þó Álfifu alt þat, er í móti skapi þótti; en þá náðisk sannmæli af mörgum mönnum til Óláfs konungs.

5 K. 240. Kom upp helgi Óláfs konungs.

Vetr þann hófsk umræða sú af mörgum mönnum þar í Prándheimi, at Óláfr konungr væri maðr sannheilagr ok jartegnir margar yrði at helgi hans. Hófu þá margir áheit til Óláfs konungs um þá hluti, er mönnum þótti máli skipta. Fengu margir  
10 menn af þeim áheitum bót, sumir heilsuþætr, en sumir farar-beina eða aðra þá hluti, er nauðsyn þótti til bera.

K. 241. Frá Einari þambarskelfi.

Einarr þambarskelfir var kominn heim vestan af Englandi til búa sinna ok hafði veizlur þær, sem Knútr konungr hafði  
15 fengit honum, þá er þeir fundusk í Prándheimi, ok var þat nær jarlsríki. Einarr þambarskelfir hafði ekki verit í mótgöngu við Ólaf konung; hrósaði hann því sjálfr. Einarr mintisk þess, er Knútr hafði heitit honum jarldómi yfir Nóregi, ok svá þat, at konungr efndi ekki heit sín. Einarr varð fyrstr til þess ríkis-  
20 manna at halda upp helgi Óláfs konungs.

K. 242. Frá Arnasonum.

Finnr Arnason dvalðisk litla hríð á Eggju með Kálfi, þvíat hann kunni stórilla því, er Kálfr hafði verit í bardaga í móti Óláfi konungi; veitti Finnur Kálfi jafnan harðar átölur af þeim  
25 sökum. Þorbergr Arnason var miklu betr orðstiltr en Finnur, en þó fýstisk Þorbergr í brot at fara ok heim til bús síns. Fekk Kálfr þeim bræðrum sínum langskip gott með öllum reiða ok öðrum búnaði ok gott fönuneyti. Fóru þeir heim til búa sinna. Árni Arnason lá lengi í sárum ok varð heill ok  
30 örkuublalauss; fór hann síðan um vetrinn suðr til bús síns. Tóku þeir allir bræðr sér grið af Sveini konungi, ok settusk þeir heima allir bræðr um kyrt.

K. 243.

Eptir um sumarit gerðisk mikil ræða um helgi Óláfs konungs, ok snæri öllum orðróm um konunginn. Váru þeir þá margir,  
35 er þat sönnuðu, at konungr myndi heilagr vera, er fyrr höfðu af

öllum fjandskap móti honum gengit ok látit hann í engi stað ná af sér sannmæli. Tóku menn þá at snúask til ámælis við þá menn, er mest höfðu eggjat mótgöngu við konunginn; var af því mikit kent Sigurði byskupi. Gerðusk menn þar hans óvinir svá miklir, at hann sá þann helzt sinn kost, at fara í brot ok 5 vestr til Englandz á fund Knúts konungs. Síðan gerðu Þrændir menn ok orðsendingar til Uplanda, at Grímkell byskup skyldi koma norðr til Þrándheims. Óláfr konungr hafði sent Grímkel byskup aptr til Nóregs, þá er konungr fór austr í Garðaríki; hafði Grímkell byskup síðan verit á Uplöndum. En er þessi 10 orðsending kom til byskups, þá bjósk hann þegar til þeirar farar. Bar þat ok mjök til, er hann fór, at byskup trúði, at þat myndi með sannendum, er sagt var frá jartegnagörð ok helgi Óláfs konungs.

K. 244. Tekinn upp heilagr dómr Óláfs konungs. 15

Grímkell byskup fór til fundar við Einar þambarskelfi. Tók Einarr feginsamliga við byskupi; ræddu þá síðan marga hluti, svá þat, er þar hafði í landi stórtíðendi orðit. Urðu þeir á allar ræður sáttir sín á milli. Síðan fór byskup inn til kaupangs; tók þar öll alþýða vel við honum; hann spurði vendiliga eptir um 20 tákn þau, er sögð váru frá Óláfi konungi; spurðisk honum vel til þess. Síðan gerði byskup orðsendingar inn á Stiklarstaði til Þorgils ok Gríms, sonar hans, ok stefndi þeim út til bæjar á fund sinn. Þeir feðgar lögðusk þá ferð eigi undir höfuð; fóru þeir út til bæjar á fund byskups. Þá segja þeir honum öll þau 25 merki, er þeir höfðu vísir orðit, svá þat ok, hvar þeir höfðu komit líki konungs. Síðan sendi byskup eptir Einari þambarskelfi, ok kom Einarr til bæjar. Höfðu þeir Einarr ok byskup þá ræðu við konung ok Álfifu ok báðu, at konungr skyldi lof til gefa, at lík Óláfs konungs skyldi taka upp ór jörðu. Konungr 30 lagði þar lof á ok bað byskup þar með fara, sem hann vildi. Þá var þar mikit fjölmenni í bænum. Byskup ok Einarr ok menn með þeim fóru til, þar er lík konungsins var jarðat, ok létu þar til grafa. Kistan var þá komin upp mjök svá ór jörðu. Þat var margra manna tillag, at byskup léti konung grafa niðr í jörð 35 at Klémenskirkju; en er liðit var frá andláti Óláfs konungs xii. mánuðr ok v. nætr, þá var upp tekinn heilagr dómr hans. Var þá enn kistan komin upp mjök ór jörðu, ok var þá kistan Óláfs konungs spánósa, svá sem nýskafin væri. Grímkell byskup gekk

þá til, þar er upp var lokin kistan Óláfs konungs; var þar dýrligr ilmr. Þá beraði byskup andlit konungs, ok var engan veg brugðit ásjónu hans, svá roði í kinnunum, sem þá myndi, ef hann væri nýsofnaðr. Á því fundu menn mikinn mun, þeir er sét hofðu

5 Ólaf konung, þá er hann fell, at síðan hafði vaxit hár ok negl, því næst sem þá myndi, ef hann hefði lífs verit hér í heimi alla þá stund síðan er hann fell. Þá gekk til at sjá líkama Óláfs konungs Sveinn konungr ok allir hofðingjar þeir, er þar váru. Þá mælti Álfífa: »furðu seint fúna menn í sandinum; ekki myndi

10 svá vera, ef hann hefði í moldu legit«. Síðan tók byskup sox ok skar af hári konungsins ok svá at taka af kompunum. Hann hafði haft langa kampa, svá sem þá var mōnnum títt. Þá mælti byskup til konungs ok Álfifu: »nú er hár konungs ok kampar svá sítt, sem þá er hann andaðisk, en þvílíkt vaxit, sem nú séð

15 þér hér af skorit«. Þá svarar Álfífa: »þá þykki mér hár þat heilagr dómr, ef þat brenn eigi í eldi; en opt hofum vér sét hár manna heilt ok ósakat, þeira er í jorðu hafa legit lengr en þessi maðr«. Síðan lét byskup taka eld í glóðarkeri ok blezaði ok lagði á reykelsi. Síðan lagði hann í eldinn hár Óláfs konungs; ok þá er brunnit var reykelsit alt, þá tók byskup upp hárit ór eldinum

20 ok var þá hárit óbrunnit. Lét byskup þat sjá konung ok aðra hofðingja. Þá bað Álfífa leggja hárit í óvígðan eld; þá svarar Einarr þambarskelfir, bað hana þegja ok valði henni mōrg hōrð orð. Var þat þá byskups atkvæði ok konungs samþykki ok dómr

25 allzherjar, at Óláfr konungr væri sannheilagr. Var þá líkami konungs borinn inn í Klémenskirkju ok veittr umbúnaðr yfir háaltári. Var kistan sveipt pelli ok tjaldat alt guðvefjum. Urðu þá þegar margs konar jartegnir at helgum dómi Óláfs konungs.

#### K. 245. Frá jartegn Óláfs konungs.

30 Þar á melnum, sem Óláfr konungr hafði í jorðu legit, kom upp fagr brunnr, ok fengu menn bót meina sinna af því vatni. Var þar veittr umbúnaðr, ok hefir þat vatn verit jafnan síðan vandliga varðveitt. Kápella var fyrst gōr ok þar sett altárit, sem verit hafði leiðit konungsins, en nú stendr í þeim stað

35 Kristskirkja. Lét Eysteinn erkibyskup þar setja háaltárit í þeim sama stað, sem leiðit hafði verit konungsins, þá er hann reisti þetta it mikla musteri, er nú stendr; hafði ok verit í þeim stað altárit í fornu Kristskirkju. Svá er sagt, at Óláfskirkja standi nú þar, sem þá stóð sú eyðiskemma, er lík Óláfs konungs var

náttsett í; þat er nú kallað Ólafshlið, er heilagr dómr konungs var borinn upp af skipi, ok er þat nú í miðjum bænum. Byskup varðveitti helgan dóm Óláfs konungs; skar hann hár hans ok negl, þviat hvártveggja óx svá sem þá, at hann væri lifandi maðr hér í heimi; svá segir Sigvatr skáld:

165. Lýgk, nema Áleifr eigi      enn helzk þeim. 's sýn seldi,  
 ýs sem kykvir tívar      svørðr, es óx í Gørðum  
 (gœðik helzt í hróðri)      (hann fekk læs) af ljósum,  
 hárvøxt (konungs óru),      (lausn) Valdamar, hausi.
- Pórarinn loftunga orti um Svein Alfífuson kvæði þat, er 10  
 Glælognskviða heitir, ok eru þessar vísur þar í:
166. Nú hefr sér      ok þar kná,  
 til sess hagat      sem kvikum manni,  
 þjóðkonungr      hár ok negl  
 í Prándheimi;      hönnum vaxa.      15
- þar vill æ      170. Þar borðveggs  
 ævi sína      bjöllur kneigu  
 bauga brjótr      of sæing hans  
 byggðum ráða, —      sjalfar hringjask,  
 167. Þars Áleifr      ok hvern dag      20  
 áðan byggði,  
 áðr hann hvarf  
 til himinríkis,  
 ok þar varð,  
 sem vitu allir,  
 kykvasettr  
 ór konungmanni.
171. En þar upp  
 af altári      25  
 Kristi þæg  
 kerti brenna;  
 svá hefr Áleifr,  
 áðr andaðisk,  
 syndalauss      30  
 sólu borgit.
168. Hafði sér  
 harðla ráðit  
 Haralds sonr  
 til himinríkis,  
 áðr seimbrjótr  
 at setti varð  
 — — —  
 — — — —.
172. En herr manns,  
 es heilagr es  
 konungr sjalfr,  
 krýpr at gagni,      35  
 ok beiðendr  
 blindir sækja  
 þjóðan máls,  
 en þaðan heilir.
169. Þar svát hreinn  
 með heilu liggir  
 lofsæll gramr  
 líki sínu,



## K. 247. Frá Þrændum.

Sveinn konungr Knútsson réð fyrir Nóregi nokkura vetr; hann var bernskr bæði at aldri ok at ráðum. Álfifa, móðir hans, hafði þá mest landráð, ok váru landzmenn miklir óvinir hennar, bæði þá ok jatnan síðan. Danskir menn höfðu þá yfirgang mikinn 5 í Nóregi, en landzmenn kunnu því illa. Þá er slíkar ræður váru uppi hafðar, þá kendu landzmenn aðrir þat Þrændum, at þeir hefði mestu um valdit, er Óláfr konungr inn helgi var felldr frá landi, en Nóregsmenn höfðu lagzk undir þetta illa ríki, er ánauð ok ófrelsi gekk þar yfir alt fólk, bæði ríka menn ok óríka ok 10 alþýðu, kolluðu þeir Þrændi skylda til at veita upreist — »til þess, at hrinda af oss þessu ríki«. Var þat ok virðing landzmanna, at Þrændir hefði mestan styrk þá í Nóregi af höfðingjum sínum ok fjölmenni því, er þar var. En er Þrændir vissu, at landzmenn veittu þeim ámæli, þá kœnnuðusk þeir við, at þat var 15 sannmæli ok þá hafði hent glœpska mikil, er þeir höfðu Ólaf konung tekit af lífi ok láði, ok þat með, at þeim var sín óhamingja miklu illu goldin. Höfðu þeir höfðingjar stefnur ok ráðagørð sín á milli. Var þar Einarr þambarskelfir uphafsmadr at þeim ráðum. Svá var ok um Kálf Árnason, at þá fann hann, 20 í hverja snöru hann hafði gengit af áeggjan Knúts konungs; þau heit, er hann hafði Kálfi heitit eða veitt, þá rufusk þau öll; þvíat Knútr konungr hafði Kálfi heitit jarldómi ok yfirsókn um Nóreg allan, en Kálfr hafði verit höfuðsmadr at halda orrostu við Ólaf konung ok fella hann frá landi; hafði Kálfr engar 25 nafnbœtr meiri en áðr; þóttisk hann vera blektr mjök; ok fóru þá orðsendingar milli þeira bræðra Kálfs ok Finnz, Þorbergs ok Árna, ok samðisk þá frændsemi þeira.

## K. 248. Útboð Sveins konungs.

Þá er Sveinn hafði verit konungr iii. vetr í Nóregi, spurðusk 30 þau tíðendi til Nóregs, at fyrir vestan haf eflðisk flokkr, ok var sá höfðingi fyrir, er nefndr er Tryggvi; hann kallaðisk sonr Óláfs Tryggvasonar ok Gyðu ensku. En er Sveinn konungr spurði þat, at útlendr herr myndi koma í land, þá bauð hann liði út norðan ór landi, ok fóru flestir lendir menn með honum 35 ór Þrándheimi. Einarr þambarskelfir settisk heima ok vildi eigi fara með Sveini konungi. En er orðsending Sveins konungs kom til Kálfs inn á Eggju, sú, at hann skyldi róa leiðangr með

konungi, þá tók Kálfr tvítøgsessu, er hann átti; gekk hann þar á með húskarla sína ok bjósk sem ákafligast, helt síðan út eptir firði ok beið ekki Sveins konungs. Helt Kálfr síðan suðr á Mœri, léttir þeiri ferð eigi fyrr, en hann kom suðr í Gizka til Þorbergs, 5 bróður síns. Síðan lögðu þeir stefnu með sér allir bræðr, Árnasynir, ok höfðu ráðagørð milli sín. Eptir þat fór Kálfr norðr aptr, en er hann kom í Frekeyjarsund, þá lá þar fyrir í sundinu Sveinn konungr með her sinn; en er Kálfr røri sunnan í sundit, þá kölluðusk þeir á; báðu konungsmenn Kálfr at leggja ok fylgja 10 konungi ok verja land hans. Kálfr svarar: »fullgørt hefi ek þat, ef eigi er ofgørt, at berjask við vára landzmenn til ríkis Knýtlingum«. Þeir Kálfr røru þá norðr leið sína; fór hann þá til þess, er hann kom heim á Eggju. Engi þeira Árnasona røri þenna leiðangr með konungi. Sveinn konungr helt liði sínu suðr 15 í land. En er hann spurði ekki til, at herrinn væri vestan kominn, þá helt hann suðr á Rogaland ok alt á Agðir, þvíat menn gátu þess til at Tryggvi myndi vilja leita fyrst í Víkina austr, þvíat þar hafði verit forellri hans ok haft traust mest; átti hann þar mikinn frændastyrk.

## K. 249. Fall Tryggva.

20 Tryggvi konungr, er hann helt vestan, kom liði sínu útan at Hørdalandi. Þá spurði hann, at Sveinn konungr hafði suðr siglt; helt þá Tryggvi konungr suðr á Rogaland. En er Sveinn konungr fekk njósn um for Tryggva, þá er hann var vestan 25 kominn, þá snøri hann aptr norðr með her sinn, ok varð fundr þeira Tryggva fyrir innan Bókn í Sóknarsundi, nær því er fallit hafði Erlingr Skjálgsson. Þar varð mikil orrosta ok hørð. Svá segja menn, at Tryggvi skaut báðum höndum senn gaflokkum; hann mælti: »svá kendi minn faðir mér at messa«. Þat höfðu 30 mælt óvinir hans, at hann myndi vera sonr prests eins, en hann hrósaði því, at hann líkðisk þá meirr Óláfi konungi Tryggvasyni; var Tryggvi ok inn gørviligsti maðr. Í þeiri orrostu fell Tryggvi konungr ok mart lið hans, en sumt kom á flótta, en sumt gekk til gríða; svá segir í Tryggvaflokki:

35 177. Tíreggjadr fór Tryggvi nær vask þausnum þeira,  
 (tóksk morð af því) norðan, þat bar skjótt at móti,  
 en Sveinn konungr, sinni, herr týndi þar, harða,  
 sunnan, ferð at gunni; (hjørögull vas þá) fjörvi.

Pessarrar orrostu getr í þeim flokki, er ortr var um Svein konung:

178. Vasa sunnudag, svanni,	þás Sveinn konungr sína	
(seggr hné margr und eggjar)	saman tengja það drengi	
morgin þann sem manni	(hrátt gafsk hold at slíta	5
mær lauk eða ql bæri,	hrafni) skeiðar stafna.	

Sveinn konungr réð þá enn landi eptir orrostu þessa; var þá góðr friðr. Sat Sveinn konungr þann vetr eptir suðr í landi.

K. 250. Ráðagørð Kálfs ok Einars þambarskelfis.

Einarr þambarskelfir ok Kálfr Arnason áttu þann vetr 10 stefnur sín á milli ok ráðagørð ok hittusk í kaupangi. Þá kom þar til Kálfs Arnasonar sendimaðr Knúts konungs ok bar honum orðsending Knúts konungs til þess, at Kálfr skyldi senda honum þrennar tylptir øxa ok láta vanda mjök. Kálfr svarar: »engar mun ek øxar senda Knúti konungi; seg honum, at ek skal fá 15 øxar Sveini, søni hans, svá at honum skal eigi þykkja skorta.«

K. 251. Ferð Einars ór landi.

Um várit snimma byrja þeir ferð sína Einarr þambarskelfir ok Kálfr Arnason ok höfðu mikla sveit manna ok it bezta mannval, er til var í Þrændalögum. Þeir fóru um várit austr 20 um Kjöl til Jamtalandz, þá til Helsingjalandz ok kómu fram í Svíþjóð, réðu þar til skipa; fóru um sumarit austr í Garðaríki, kómu um haustit til Aldeigjuborgar. Gerðu þeir þá sendimenn upp til Hólmgarðz á fund Jarizleifs konungs með þeim orðsendingum, at þeir buðu Magnúsi, syni Óláfs konungs ins helga, 25 at taka við honum ok fylgja honum til Nóregs ok veita honum styrk til þess, at hann fái fõðurleifð sína, ok halda hann til konungs yfir landi. En er þessi orðsending kom til Jarizleifs konungs, þá tók hann ráðagørð við drótningina ok aðra höfðingja sína; kom þat ásamt með þeim, at Norðmönnum vóru orð gõr ok 30 stefnt þeim þannug á fund Jarizleifs konungs ok þeira Magnús; vóru þeim grið seld til þeirar ferðar. En er þeir kómu til Hólmgarðz, þá staðfestisk þat með þeim at Norðmenn þeir, er þar vóru komnir, gengu til handa Magnúsi ok gerðusk hans menn ok bundu þat swardögum við Kálf ok alla þá menn, er á Stiklar- 35



stöðum höfðu verit í mót Óláfi konungi. Veitti Magnús tryggðir ok fulla sætt ok festi swardögum, at hann skyldi vera þeim öllum tryggð ok trúr, þótt hann fengi í Nóregi ríki ok konungdóm; skyldi hann gerask fóstrson Kálfs Arnasonar, en Kálfr vera 5 skyldr at gera þau verk öll, er Magnúsi þœtti þá vera sitt ríki meira eða frjálsara en áðr.

---

## Uphaf Magnús konungs góða.

K. J.

Magnús Ólafsson byrjaði ferð sína eptir jólin austan af Hólmgarði ofan til Aldeigjuborgar; taka þeir at búa skip sín, er ísa leysti um várit; þess getr Arnórr jarlaskáld í Magnúsdrápu:

1. Nú hykk rjóðanda reiðu vasa ellifu allra 5  
rógors, þvít veitk gørva, ormssetrs hati vetra,  
(þegi seimbrotar) segja hraustr þás herskip glæsti  
seggjum hneitis eggja; Hørða vinr ór Gørðum.

Magnús konungr helt austan um várit til Svíþjóðar; svá segir Arnórr: 10

2. Þing bauð út enn ungi salt skar húfi héltum  
eggrjóðandi þjóðum, hraustr þjóðkonungr austan,  
fim bar hirð til hõmlu bóru brimlogs rýri  
hervæðr ara bræðis; brún veðr at Sigtúnum.

Hér segir, at Magnús konungr, þá er hann fór austan ór Garða- 15  
ríki, at hann siglði fyrst til Svíþjóðar ok upp til Sigtúna. Þá  
var konungr í Svíþjóð Emundr Ólafsson; þar var þá ok Ástríðr  
drótning, er átt hafði inn helgi Óláfr konungr; hon fagnaði  
forkunnar vel Magnúsi, stjúpssyni sínum, ok lét þegar stefna  
fjølment þing, þar sem kallat er á Høngrum. En á því þingi 20  
talaði Ástríðr ok segir svá: »hér er nú kominn með oss sonr  
ins helga Óláfs konungs, er Magnús heitir; ætlar nú ferð sína til  
Nóregs at sækja fõðurarf sinn; er mér skylda mikil at styrkja  
hann til þessarrar ferðar, þvítat hann er stjúpson minn, svá sem þat  
er øllum kunnigt, bæði Svíum ok Norðmønnum; skal ek hér engan 25  
hlut til spara, þann er ek hefi fong á, at hans styrkr mætti mestr  
verða, bæði fjølmenni þat, er ek á forráð á, ok svá fé ;svá þeir  
allir, er til þessar ferðar ráðask með honum, skulu eiga heimla  
mína vináttu fullkomna. Ek vil því ok lýsa, at ek skal ráðask

til ferðarinnar með honum; mun þat þá öllum auðsýnt, at ek spari eigi aðra hluti til liðsemðar við hann, þá er ek má honum veita«. Síðan talaði hon langt ok snjalt; en er hon hætti, þá svorðu margir, sögðu svá, at Svíar höfðu litla tírarfyr farit til 5 Nóregs, þá er þeir fylgðu Óláfi konungi, feðr hans — »ok er eigi hér betra at ván, er þessi konungr er, segja þeir, eru menn fyrir þá sök ófúsir þessarrar ferðar«. Ástríðr svarar: »allir þeir, er nokkurir hreystimenn vilja vera, munu ekki ædrask um slíkt. En ef menn hafa látit frændr sína með inum helga Óláfi konungi eða 10 sjálfir sár fengit, þá er þat nú drengskapr, at fara nú til Nóregs ok hefna þess«. Kom Ástríðr svá orðum sínum ok liðveizlu, at fjölði liðs varð til með Ástríði at fylgja honum til Nóregs; þess getr Sigvatr skáld:

- |   |  |
|---|--|
| <p>3. Hrein getum hála launa<br/>15 hnossfjölð lofi ossu<br/>Áleifs dætr, sús átti<br/>jöfurr sikhvatastr digri;<br/>þings beið herr á Høngrum<br/>20 austr es Ástríðr lýsti<br/>Áleifs sonar mólum.</p> <p>4. Máttit hón við hætna<br/>heilráð Svía deila<br/>meir, þótt Magnús væri<br/>25 margnenninn sonr hennar;</p> <p>6. Út rétt, allvaldr, skjóta<br/>(ekin dúðisk rø) snekkju,<br/>en þrítøgt skip (þrautar),<br/>30 þann tíð, í haf skríða;</p> | <p>5. Mildr á mensku at gjalda<br/>Magnús (en því fögnum),<br/>þat gerði vin virða<br/>viðlendan, Ástríði;<br/>høn hefr svá komit sínum<br/>(sonn) at fö mun önnur<br/>(orð gerik drós til dýrðar)<br/>djúprøð kona stjúi.</p> <p>vægðit vendi sveigðum<br/>veðr øtt of þer, dróttinn;<br/>hlóðu hirðmenn þrúðir<br/>húnskript í Sigtúnun.</p> |
|---|--|

### K. 2. Ferð Magnús konungs ór Svíþjóð.

Magnús Ólafsson hóf ferð sína af Sigtúnun ok hafði þá lið mikit, er Svíar höfðu fengit honum. Þeir fóru fœti um Svíþjóð ok svá til Helsingjalandz; svá segir Arnórr jarlaskáld:

- 35 7. Rauðar býruð randir síðan, austan þurðu, ulfa ferðar  
rimmu Yggr, of scenskar öldum kunnr, með hvíta  
byggðir; skjöldu,  
eigi gazt þú liðs kost lágan, tungu rjóðr, til tírar þinga  
lands-folk sótti þér til handa; teknir menn, ok dorr en reknu.



Þessir bændr, er hér eru, segja sjálfum oss, at þeir vilja fylgja Magnúsi konungi þá sýnisk mér sem oss myni allir einir til liðsemðar ok hinir, er segja, at kyrrir vili vera; slíkt sama þeir, er þegja um; en hinir, er segja, at oss vili fylgja, þá mun sá  
 5 annarr hvern eða fleiri, er oss myni ekki tiltak til vera, ef vér leggjum til orrostu við Magnús konung; er þat mitt ráð, at vér leggim oss ekki á trúnað þessa bónda, fǫrum heldr þannug, er oss er fólk alt tryggt ok trútt, hǫfum vér þar gnógan styrk at vinna undir oss land þetta«. En þegar er konungr hafði þenna  
 10 órskurð veitt, þá fylgðu allir hans menn þessu ráði. Snúa þeir þá um stǫfnum ok drógu segl sín; siglði Sveinn konungr þá austr með landi ok létti eigi fyrr en hann kom til Danmarkar; var honum þar vel fagnat. En er hann hitti Hǫrðaknútt, bróður sinn, þá bauð hann Sveini konungi at hafa þar ríki með sér í  
 15 Danmǫrk, ok þekðisk Sveinn þat.

#### K. 5. Ferð Magnús konungs í Nóregi.

Magnús konungr fór um haustit alt austr til landzenda, ok var hann til konungs tekinn um alt land, ok varð alt landzfólk því fegit, er Magnús var konungr orðinn. Þat sama haust  
 20 andaðisk Knútt inn ríki í Englandi ídús Nóvemberis; hann var jarðaðr í Vincestr; þá hafði hann verit konungr yfir Danmǫrk xxvii. vetr, en bæði ok yfir Englandi xxiii. vetr, en þar með yfir Nóregi vii. vetr. Þá var til konungs tekinn á Englandi Haraldr, sonr Knúts. Þann sama vetr andaðisk Sveinn Álfifuson í Dan-  
 25 mǫrk. Þjóðólfr kvað svá um Magnús konung:

9. Aur spornuðuð, arnar flýði Sveinn en síðan  
 ilrjóðr, af Svíþjóðu; sannráðinn frá láði;  
 herr fylgði þér harri erlendis frá k undan  
 hraustr í Nóreg austan; Álfifu son drífa.
- 30 Bjarni Gullbráðrskáld orti um Kálf Árnason:
10. Hafa lézt unga jǫfra kenduð, Kálfr, til landa  
 erfð, sem til rēð hverfa; kappfúsum Magnúsi,  
 satt 's at sitja knátti (olluð ér því 's stillir  
 Sveinn at Danmǫrk einni; jǫrð of fekk) ór Gǫrðum.
- 35 Magnús konungr var þann vetr yfir Nóregi, en Hǫrðaknútt yfir Danmǫrk.

## K. 6. Félag Knúts ok Magnús konungs.

Eptir um várit bauð hvárrtveggi konunganna leiðangri út, ok fóru þau orð um, at þeir mundu til orrostu leggja við Elfi. En er hvárrtveggi herrinn sótti til móts við annan, þá gerðu lendir menn njósn ór hváru tveggja liði til frænda sinna ok vina, 5 ok fylgði þat orðsending hvárratveggju, at menn skyldu gera frið milli konunganna. En fyrir því at konungar váru báðir bernskir ok ungir, þá höfðu landráð fyrir þeim ríkismenn, þeir er til þess váru teknir í hváru tveggja landi; kom þá svá, at sáttarstefna var lögð með konungum. Síðan funnusk þeir sjálfir, 10 ok var þá roett um sættir ok kom þat í sáttmál, at konungarnir svorðusk í bræðralag ok settu frið milli sín, meðan beggja þeira líf væri, en ef annarr þeira andaðisk sonlauss, þá skyldi sá þeira, er eptir lifði, taka eptir hann lönð ok þegna. Xii. menn, þeir er ágætastir váru af hváru ríkinu, svorðu þar til með konungunum, 15 at þessi sætt skyldi haldask, meðan nokkurr þeira lifði. Skilðusk þá konungarnir, ok fór hvárrtveggi heim í sitt ríki, ok helzk þessi sátt meðan þeir lifðu.

## K. 7. Frá Ástríði drótningu.

Ástríðr drótning, er átt hafði Óláfr konungr inn helgi, kom 20 í Nóreg með Magnúsi konungi, stjúpyni sínum, ok var með honum í góðu yfirlæti, sem vert var. Þá kom ok til hirðarinnar Álfhildr, móðir Magnús konungs; tók konungr hana þegar með inum mestum kærleikum ok setti hana vegsamliga. En Álfhildi varð, sem mörqum kann verða, þeim er fá ríkdóminn, at henni 25 aflaðisk eigi seinna metnaðrinn, svá at henni líkaði illa þat, er Ástríðr drótning var nokkuru meira metin en hon í sessi eða annarri þjónostu; vildi Álfhildr sitja nærr konungi, en Ástríðr kallaði hana ambátt sína, svá sem fyrr hafði verit, þá er Ástríðr var drótning yfir Nóregi, þá er Óláfr konungr réð landi; vildi 30 Ástríðr fyrir engan mun eiga sess við Álfhildi, máttu þær ekki í einu herbergi vera. Sigvatr skáld hafði farit til Rúms, þá er orrosta var á Stiklarstoðum; en er hann var sunnan á leið, spurði hann fall Óláfs konungs, var honum þat inn mesti harmr; hann kvað þá:

II. Stóðk á Munt, ok mintumk breið ok brynjur síðar,  
mörq hvar sundr fló targa borgum nær of morgin;

- munða ek þanns unði (faðir minn vas þar þenna  
 (öndverðan brum) löndum Þorrøðr) konung forðum.  
 Sigvatr gekk einn dag um þorp nokkut ok heyrði, at einn hverr  
 húsbóndi veinaði mjök, er hann hafði mist konu sinnar, barði á  
 5 brjóst sér ok reif klæði af sér, grét mjök, segir, at hann vildi  
 gjarna deyja; Sigvatr kvað:
12. Fúss læzk maðr, ef missir en fullhugi fellir  
 meylar faðms, at deyja; flóttstyggr, sás varð dróttin,  
 keypt es óst, ef eptir, vart torrek lízk verra,  
 10 of, látinn skal gráta; vígtár, konungs órum.

## K. 8. Frá Sigvati skáld.

Sigvatr kom heim í Nóreg, hann átti bú ok börn í Þránd-  
 heimi. Fór hann sunnan fyrir land á byrðingi; en er þeir lágu  
 í Hillarsundi, þá sá þeir, hvar hrafnar margir flugu; Sigvatr  
 15 kvað:

13. Hrafna sék til hafnar gjalla hóttr fyrir Hillar  
 (hræs minnask þeir) sinna, hvern dag frekir ernir,  
 þars flaut und nið nýtum endr þeirs Áleifr grendi  
 Norðmanna skip forðum; innan, mörðu sinni.
- 20 En er Sigvatr kom norðr til kaupangs, þá var þar Sveinn konungur  
 ok bauð Sigvati at fara til sín, þvíat hann hafði verit fyrr með  
 Knúti inum ríka, föður Sveins konungs. Sigvatr segir, at hann  
 vill fara heim til bús síns. Þat var einn dag, er Sigvatr gekk út  
 á stræti; hann sá, hvar konungs menn léku; Sigvatr kvað:
- 25 14. Geng 'k of þvert frá þengils minnumk ek, hvar manna  
 (þróask ekki mér) rekka, minn dróttinn lék sinna  
 emk sem bast (í brjósti) opt á óðals toptum  
 bleikr, verðungar leiki; orðsæll ok vér forðum.
- Síðan fór hann til bús síns. Hann heyrði margu menn ámæla  
 30 sér ok segja, at hann hefði hlaupizk frá Óláfi konungi; Sigvatr  
 kvað:

15. Hafa láti mik heitan vatnærin hefk vittni,  
 Hvítakristr at víti vask til Rúms í haska,  
 eld, ef Áleif vildak (öld leynik því aldri)  
 35 (emk skirr of þat) firrask; annarra þau manna.  
 Sigvatr unði illa heima; hann gekk úti um dag ok kvað:
16. Hó þótti mér hlæja (fyrir vask kendr á knörrum)  
 holl of Nóreg allan klif, meðan Áleifr lifði;

nú þykki mér miklu jöfurs hylli varðk alla,  
(mitt stríð es svá) hlíðir, óbliðari síðan.

Sigvatr fór qndverðan vetr austr um Kjöl til Jamtalandz ok þá til Helsingjalandz ok kom fram í Svíþjóð ok fór þegar til Ástriðar drótningar ok var með henni í góðu yfirlæti langa hríð. 5  
Ok var hann ok með Qnundi konungi, bróður hennar, ok þá af honum x. merkr brendar; svá segir í Knútsdrápu. Sigvatr spurði optluga, er hann fann kaupmenn Hólmgarðzfara, hvat þeir kynni segja honum til Magnús Ólafssonar; hann kvað:

17. Enn lystir mik austan fréttik smás, þótt smæstir 10  
(erut of sporrð) ór Gorrðum smoglr ástar foglar,  
(frá qðlingi ungum þinig ljúgumk for, fljúgi,  
opt byrjuð lof) spyrja; fylkis niðs, á miðli.

#### K. 9. Frá Magnúsi konungi.

En er Magnús Ólafsson kom til Svíþjóðar ór Garðaríki, 15 þá var Sigvatr þar fyrir með Ástriði drótningu, ok urðu þau qll fegin mjök. Þá kvað Sigvatr:

18. Heim sóttir þú hættinn færak víst, þvít vörum,  
hond, en vel mátt lönðum »varðr« at þér í Garða  
(þinn stoðak mót) sem mōnn- »skrifnask skirinafna 20  
Magnús konungr, fagna; [um, skript«, þjóðkonungr, »nptar«.

Síðan rézk Sigvatr í ferð með Ástriði drótningu at fylgja Magnúsi til Nóregs. Sigvatr kvað:

19. Minn hug segik mōnnum, ætti 's, drengja dróttinn,  
Magnús, at ek fagna dyrðar sonr ef yrði, 25  
(goðs lán es þat) þínu þjóð mætti fō fœðask,  
þingdrifu vel lífi; feðr glíkr, konung slíkan.

En er Magnús var konungr orðinn yfir Nóregi, þá fylgði Sigvatr skáld honum ok var inn kærsti konungi. Hann kvað þá þetta, þá er Ástriðr drótning ok Álfhildr konungsmóðir hōfðu skotizk á 30 orðum nōkkurum:

20. Ástriði lát œðri, þér þótt þinn hagr stórum  
Álfhildr, an þik sjalfa, (þat vildi goð) batni.

#### K. 10. Gort skrin Óláfs konungs.

Magnús konungr lét gera skrin ok búa gulli ok silfri ok 35 setja steinum. En skrin þat var svá gort bæði at mikilleik ok at qðrum vexti sem líkkista, en svalir undir niðri, en yfir uppi vétt vaxit sem ræfr ok þar af upp hōfuð ok burst; eru á véttinu





sýnisk sem þessi sé nú ónýt«. Síðan gaf Magnús konungr Ásmundi lén ok sýslu á Hálogalandi, ok eru þar margar frásagnir miklar um skipti þeira Ásmundar ok sona Háreks.

## K. 13. Frá Þorgeiri flekk.

Kálfr Arnason hafði landráð mest með Magnúsi konungi 5 fyrst nokkura stund. En þá gerðusk menn til áminningar við konung, hvar Kálfr hafði verit á Stiklarstöðum; gerðisk Kálfi þá nokkuru vanngættra til skaps konungs. Þat bar at eitt sinn, þá er fjölment var með konungi ok kærðu menn mál sín, þá kom þar fyrir hann með sín skyld ørendi sá maðr, er fyrr er 10 nefndr, Þorgeirr ór Veradal af Súlu; konungr gaf ekki gaum at orðum hans ok hlýddi þeim, er honum váru nærri. Þá mælti Þorgeirr til konungs hátt, svá at allir heyrðu, þeir er nær váru:

23. Mæl þú við mik,	es þeir of dauðan	
Magnús konungr;	dögling stiga;	15
ek vas í fylgju	þú elskar	
með fōður þínum;	þá arma þjóð	
þá bark hōggvinn	dróttinsvika,	
haus minn þaðan,	es djōful hlōegðu.	

Þá gerðu menn at óhljóð, en sumir báðu Þorgeir út ganga; kon- 20 ungr kallaði hann til sín ok lauk síðan ørendum hans, svá at Þorgeiri líkaði vel, ok hét honum vináttu sinni.

## K. 14. Ferð Kálfs Arnasonar ór landi.

Þat var litlu síðarr, er Magnús konungr var á veizlu at Haugi í Veradal; en er konungr sat at matborði, þá sat á aðra 25 hōnd honum Kálfr Arnason, en á aðra hōnd Einarrr þambar-skelfir. Þá var svá komit, at konungr gerði fæð á við Kálf, en virði þá Einar mest. Konungr mælti til Einars: »vit skulum ríða í dag á Stiklarstaði, vil ek sjá þau merki, er þar hafa orðit«. Einarrr svarar: »ekki kann ek þér þar af at segja; látt Kálf fara, 30 fōstra þinn, hann mun þar kunna at segja frá tíðendum.« En er borð váru uppi, þá bjósk konungr til farar; hann mælti til Kálfs: »þú skalt fara með mér á Stiklarstaði«. Kálfr segir, at þat var ekki skylt. Þá stóð konungr upp ok mælti heldr reiðuliga: »fara skaltu, Kálfr«. Síðan gekk konungr út. Kálfr klæddisk 35 skjótt ok mælti til sveins síns: »þú skalt ríða inn á Eggju ok biðja húskarla mína hafa hvert fat á skipi fyrir sólarfall«. Konungr reið á Stiklarstaði ok Kálfr með honum, stigu af hestum

ok gengu þar til er bardaginn hafði verit. Þá mælti konungr til Kálfs: »hvar er sá staðr, er konungrinn fell?«. Kálfr svarar ok rétti frá sér spjótskaptit: »hér lá hann fallinn« segir hann. Konungr mælti þá: »hvar vartu þá, Kálfr?«. Hann svarar: »hér 5 sem nú stend ek«. Konungr mælti ok var þá rauðr sem dreyri: »taka myndi þá ox þín til hans«. Kálfr svarar: »ekki tók ox mín til hans«; gekk hann þá í brot til hests síns, hljóp á bak ok reið leið sína ok allir hans menn, en konungr reið aptr til Haugs. Kálfr kom um kveldit inn á Eggju, var skip hans búit 10 fyrir bryggjum ok á komit lausafé alt ok skipat af húskorlum hans; heldu þeir þegar um nóttina út eptir firði, fór Kálfr síðan dag ok nótt, svá sem byr gaf; siglði hann þá vestr um haf ok dvalðisk þar lengi, herjaði um Skotland ok um Írland ok Suðreyjar; þess getr Bjarni Gullbráarskáld í Kálfsflokki:

15 24. Þér frákr, Þórbergs hlýri,      vökdðu ofundmenn ykkar  
           (þess gerðusk éþ verðir)      iðula róg á miðlum  
           helt því unz herr of spilti,      (óþorf lizk mér) arfa  
           Haralds bróðurson góðan;      Áleifs (í þeim mólum).

## K. 15. Heitan bónda.

20 Magnús konungr kastaði eigu sinni á Viggju, er Hrútr hafði átt, ok Kviststaði, er Þorgeirr hafði átt, svá ok á Eggju ok á alt þat fé, er Kálfr átti eptir, ok margar aðrar stórar eignir lét hann þá falla í konungsgarð, þær er þeir höfðu átt, er fallit höfðu á Stiklarstöðum í bónda liði; hann gerði ok við margan þá menn 25 stórar refsingar, er í þeiri orrostu höfðu verit í mót Óláfi konungi, suma rak hann af landi ok af sumum tók hann stórfé; fyrir sumum lét hann bú hoggva. Þá tóku böendr at gera kurr ok mæltu sín í milli: »hvat mun konungr þessi fyrir ætla, er hann brýtr lög á oss, þau er setti Hákon konungr inn góði? Man 30 hann eigi þat, at vér höfum jafnan eigi þolat vanréttit? Mun hann hafa farar föður síns eða annarra höfðingja þeira, er vér höfum af lífi tekit, þá er oss leiddisk ofsi þeira ok löglausa«. Þessi kurr var víða í landi. Sygnir höfðu liðsamnað ok þat orð á, at þeir mundu halda til orrostu við Magnús konung, ef hann 35 færi þar. Magnús konungr var þá á Hordalandi ok hafði þar lið mikit ok lét sem þá myndi hann fara norðr í Sogn. Þessa urðu varir vinir konungs, ok gengu xii. menn á málstefnu, ok samðisk þat með þeim, at hluta til einn mann at segja konungi þenna kurr; en svá var til stilt, at Sigvatr skáld hlaut.

## K. 16. Bersöglišvísur.

Sigvatr orti flokk, er kallaðr er Bersöglišvísur, ok hefr hann fyrst um þat, at þeim þótti konungr ofmjök velkja ráðin at setja bændr aptr, þá er heituðusk at reisa ófrið í móti honum; hann kvað:

- 5
25. Fregnk, at suðr með Sygnum fœrum í vœpn ok verjum  
 Sigvatr hefr gram lattan vel (tyst) konung, lystir,  
 folkorrostu at freista; (hvé lengi skal) hringum,  
 ferk, ef þó skolum berjask; (hans grund) til þess fundar.
- I því sama kvæði eru þessar vísur: 10
26. Hét, sás fell á Fitjum, fastorðr skyli fyrða,  
 fjölgegn ok réð hegna fengsæll, vesa þengill,  
 heiptar rán, en hœnum, hœfir heit at rjúfa,  
 Hókunn, firar unnu; hjaldrmœgnuðr, þér aldri.
30. Hverr eggjar þik hœggva, 15  
 fjölblíðs lögum síðan hjaldrgegnir, bú þegna?  
 (enn eru af því minni) ofrausn es þat jœfri  
 Aðalsteins (bóendr seinir) innan lands at vinna;
27. Rétt hygg kjósa knœttu engr hafði svá ungum  
 karlfolk ok svá jarla, áðr bragningi ráðit; 20  
 af því at eignum lofða rán hykk rekkum þínum  
 Aláfar frið gœfu; (reiðr 's herr) konungr leiðask,
31. Gjalt varhuga, veltir,  
 hvardyggr ok sonr Tryggva viðr þeims nú ferr hiðra,  
 lög, þaus lýðar þœgu þjófs (skal hœnd í hófi) 25  
 laukjœfn af þeim nœfnum. hœlða kytt (of stytta);
28. Skalat ráðgjœfum reiðask vinr 's sás, varmra benja  
 (ryðr þat, konungr) yðrum vœrnuð býðr, en hlýðið,  
 (dróttins orð til dýrðar) tármútaris teitir,  
 dœglingr, við bersœgli; til hvat búmenn vilja. 30
32. Hætt 's þats allir ætlatk  
 landherr bóendr verri, (áðr skal við því ráða)  
 endr í Ulfasundum, hárir menn, es heyrik  
 œnnur, an hézt mœnnum. hót, skjœldungi at móti;
29. Hverr eggjar þik, harri greypt 's þat, 's hœfðum hnepta 35  
 heiptar strangr, at ganga heldr ok niðr í feldi  
 (opt reynir þú) þínum (slegit hefr þœgn á þegna)  
 (þunn stól) á bak mœlum?; þingmenn nœsum stinga.

33. Eitt es mál, þats mæla: rán mun seggr, hinn 's sína  
 minn dróttinn leggr sína selr út, í því telja,  
 eign á óðol þegna; flaums at fellidómi  
 ofgask bóendr gøfgir; fōðurleifð konungs greifum.

5 Eptir þessa áminning skipaðisk konungr vel, fluttu margir ok þessi orð fyrir konungi. Kom þá svá, at konungr átti tal við ina vitrustu menn, ok sōmðu þeir þá lōg sín. Síðan lét Magnús konungr ríta lōgbók þá, er enn er í Þrándheimi ok kōlluð er Grágás. Magnús konungr gerðisk vinsæll ok ástsæll af öllu landz-  
 10 fólki; var hann fyrir þá sōk kallaðr Magnús inn gōði.

#### K. 17. Frá Engla-konungum.

Haraldr Engla-konungr andaðisk v. vetrum eptir andlát Knúts ins ríka, fōður síns; hann var jarðaðr hjá fōður sínum í Vincestr. Eptir andlát hans tók konungdóm í Englandi Hōrðað-  
 15 knútr, bróðir Haraldz, annarr sonr gamla-Knúts; var hann þá konungr bæði yfir Englandi ok Dana-veldi, réð hann því ríki ii. vetr; hann varð sōtttdauðr á Englandi ok er jarðaðr í Vincestr hjá feðr sínum. Eptir andlát hans var til konungs tekinn í Englandi Eatvarðr inn gōði, sonr Aðalráðs Engla-konungs ok  
 20 Emmu drótningar, dóttur Ríkarðar Rúðujarls. Eaðvarðr konungr var bróðir sammœðri Haraldz ok Hōrðaknúts. Gunnhildr hét dóttir gamla-Knúts ok Emmu, hon var gipt Heinreki keisara í Saxlandi; hann var kallaðr Heinrekr mildi. Gunnhildr var iii. vetr í Saxlandi, áðr hon tók sōtt, hon andaðisk ii. vetrum eptir  
 25 andlát Knúts konungs, fōður síns.

#### K. 18. Frá Magnúsi konungi Ólafssyni.

Magnús konungr Ólafsson spurði andlát Hōrðaknúts; þá sendi hann þegar menn suðr til Danmerkr ok gerði með þeim orðsendingar til þeira manna, er swardögum hōfðu við hann  
 30 bundizk, þá er sætt þeira ok einkamál váru gōr, Magnús ok Hōrðaknúts, ok minti þá á orð sín, lét þat ok fylgja, at hann sjálf myndi koma þegar um sumarit til Danmerkr með liði sínu, ok lét þar fylgja álykðarorð, at hann skyldi eignask alt Dana-  
 veldi, svá sem stóðu til einkamál ok swardagar, eða falla sjálf  
 35 í orrostu með her sínum; svá segir Arnórr jarlaskáld:

34. Afkárliǵ varð, jarla, at framm í gny grimmum  
 orðgnótt, sús hlaut dróttinn; grafnings und kló hrafni  
 fylgði efnd, því 's ylgjar fúss lézk falla ræsir  
 angrtælir réð mæla, feigr eða Danmōrk eiga.

## K. 19. Frá liði Magnús konungs.

Þá samnar Magnús konungr liði saman, stefndi til sín lendum mönnum ok ríkum bóndum, aflaði sér langskipa; en er lið þat kom saman, þá var þat it fríðasta ok allvel búit; hann hafði lxx. skipa, er hann siglði af Nóregi; svá segir Þjóðólfr: 5

35. Djarft neyttir þú, dróttinn suðr gnauduðu súðir,  
dolgstrangr, skipa langra, segl hýnd við stag rýndu,  
af því at ýtar hofðu vík skar vandlangt eiki,  
austr sjau tøgu flausta; Visundr hneigði þromsveigðan.

Hér getr þess, at Magnús konungr hafði þá Visund inn mikla, 10  
er inn helgi Óláfr konungr hafði gera látit; hann var meir en xxx. at rúmatali, var á framstafni visundarhofuð, en aprt sporðr; var hofuðit ok sporðrinn ok báðir svírarnir alt gulli lagt; þess getr Arnórr jarlaskáld:

36. Ljótu dreif á lypting útan stirðum helt of Stafangr norðan 15  
lauðri, bifðisk (golli rauðu -stólum (bifðusk) fýri- (álar),  
fastliga hneigði fúru glæstri uppi glóðu élmars typpi  
fýris garmr) ok skeiðar stýri; eldi glík, í Dana veldi.

Magnús konungr helt út af Ögðum ok yfir til Jótlandz; svá segir Arnórr:

37. Segja munk, hvé Sygna setti bjóðr at breiðu 20  
snarfengjan bar þengil brynþings (fetilstinga  
hallr ok hrími sollinn fús tók qld við æsi)  
hléborðs visundr norðan; Jótlandi gramr branda.

## K. 20. Um kvámu Magnús konungs til Danmerkr. 25

En er Magnús konungr kom til Danmerkr, þá var honum þar vel fagnat; átti hann brátt þing ok stefnur við landzmenn, beiddi sér viðtöku, svá sem einkamál váru til. En fyrir því at landzhofðingjar þeir, er ágætastir váru í Danmörk, váru eiðum bundnir við Magnús konung ok vildu halda orð sín ok eiða, þá 30  
fluttu þeir þetta mjök fyrir fólkinu; þat bar ok annat til, at þá var andaðr Knútr inn ríki ok dautt alt hans afkvæmi; hinn inn þriði hlutr, at þá var alkunnig orðin helgi Óláfs konungs um öll lönd ok jartegnagørð hans.

## K. 21. Frá Magnúsi konungi. 35

Síðan lét Magnús konungr stefna Vébjargaþing; þar taka Danir sér konung bæði at fornu ok at nýju. En á því þingi

tóku Danir Magnús Ólafsson til konungs yfir alt Dana-veldi. Dvalðisk Magnús konungr í Danmörk lengi um sumarit, ok fagnaði alt fólk honum vel, hvar sem hann kom, ok veittu honum hlýðni; skipaði hann þá alt land, sýslur ok heruð, ok veitti veizlur 5 ríkismönnum. En er á leið haustit, helt hann liði sínu til Nóregs ok dvalðisk í Elfinni nokkura hríð.

#### K. 22. Uphaf Sveins Úlfssonar.

Sveinn er maðr nefndr, sonr Úlfs jarls Þorgilssonar spraka-  
leggs; móðir Sveins var Astríðr, dóttir Sveins konungs tjúgu-  
10 skeggs; hon var systir Knúts ins ríka samfædra, en hon var  
sammæðra við Ólaf Svía-konung Eiríksson; þeira móðir var  
Sigríðr drótning in stórláta, dóttir Skoglar-Tósta. Sveinn  
Úlfsson hafði þá dvalzk langa hríð með Svía-konungum, frændum  
sínnum, jafnan síðan er fallit hafði Úlfr jarl, faðir hans, svá sem  
15 ritat er í sögu Knúts ins gamla, at hann lét drepa Úlf jarl,  
mág sinn, í Hróiskeldu; var Sveinn fyrir þá sök ekki í Danmörk  
síðan. Sveinn Úlfsson var allra manna fríðastr sýnum; manna  
var hann ok mestr ok sterkastr ok inn mesti íþróttamaðr ok  
snildarmaðr; þat var allra manna mál, þeira er hann var kunnigr,  
20 at hann hefði alla hluti til, þá er fríðir góðan hofðingja. Sveinn  
Úlfsson kom á fund Magnús konungs, þá er hann lá í Elfinni,  
svá sem áðr er ritat; tók konungr vel við honum, váru þar ok  
margir flutningsmenn til, þvíat Sveinn var inn vinsælsti maðr;  
talaði hann ok sjálfr sitt mál fyrir konungi fagrt ok snjalt, ok  
25 kom svá, at Sveinn gekk til handa Magnúsi konungi ok gerðisk  
hans maðr. Síðan töludu þeir konungrinn ok Sveinn marga hluti  
í einmælum.

#### K. 23. Sveinn Úlfsson tók jarldóm.

Einn dag, þá er Magnús konungr sat í hásæti ok var  
30 fjölment um hann, sat Sveinn Úlfsson á fótskörinni fyrir kon-  
unginum; þá tók konungr til máls: »kunnigt vil ek gera  
hofðingjum ok allri alþýðu þá ráðagørð, sem ek vil vera láta; hér  
er kominn til mín ágætr maðr, bæði at ættum ok af sjálfum sér,  
Sveinn Úlfsson; hann hefir nú gørzk minn maðr ok selt mér trú  
35 sína til þess; en svá sem þér vituð, at allir Danir hafa í sumar  
gørzk mínir menn, þá er nú landit hofðingjalaust, er ek em í brot  
farinn, en þar er, sem þér vituð, mjök herskátt af Vinðum ok  
Kúrum ok oðrum Austrvegs-mönnum eða svá Söxum; hét ek

þeim ok at fá hofðingja til landvarnar ok landstjórnar; sé ek þar engan mann jamvel til fallinn fyrir allra hluta sakir sem Svein Úlfsson; hefir hann ætt til þess at vera hofðingi; nú mun ek gera hann jarl minn ok fá honum í hendr Dana-veldi til yfirsóknar, meðan ek em í Nóregi, svá sem Knútr inn ríki setti 5 Úlf jarl, fofður hans, hofðingja yfir Danmork, þá er Knútr var á Englandi«. Einarr þambarskelfir segir: »ofjarl, ofjarl, fofstri«. Konungr mælti reiðuliga: »fátt þykkir yðr ek kunna, en mér lízk svá sem yðr þykki sumt ofjarlar, en sumt ekki at manna«. Þá stóð konungr upp ok tók sverð ok festi á linda Sveini; síðan 10 tók hann skjöld ok festi á oxl honum, setti síðan hjálm á hofuð honum ok gaf honum jarlsnafn ok veizlur slíkar í Danmork, sem þar hafði áðr haft Úlfr jarl, faðir hans. Síðan var fram borit skrin með helgum dómum; lagði Sveinn þar á hendr sínar ok sór trúnaðareiða Magnúsi konungi; síðan leiddi konungr jarl til 15 há sætis með sér; svá segir Þjóðólfr:

38. Sjalfr bar austr við Elfi réð Aleifs sonr eiðum,  
 Ulfs moqr ok hét fofgru átt hafa þeira sáttir  
 (þar réð Sveinn at sverja) skemra aldr an skyldi,  
 sínar hendr at skríni; Skónunga gramr, hofnum. 20

Fofr þá Sveinn jarl til Danmerkr, ok var þar við honum vel tekitt af allri alþýðu; tók hann sér þá hirð ok gerðisk brátt hofðingi mikill; fofr hann um vetrinn víða um landit ok vingaðisk mjök við stórmenni, var hann ok vinsæll við alþýðu.

## K. 24. Hernaðr Magnús.

25

Magnús konungr helt liði sínu norðr í Nóreg ok dvalðisk þar um vetrinn. En er vár kom, þá hafði Magnús konungr úti lið mikitt ok helt því suðr til Danmerkr. En er hann kom þar, spurði hann þau tíðendi af Vindlandi, at Vinðr hofðu horffit undan hlýðni við hann í Jómsborg; þar hofðu Dana-konungar 30 haft jarlsríki mikitt, hófu þeir Jómsborg at uphafi, ok var þat orðit allstyrkt vígi. En er Magnús konungr heyrði slíkt sagt, þá bauð hann út af Danmork skipaher miklum ok helt um sumarit til Vindlandz með allan herinn ok hafði allmikinn her; svá segir Arnórr jarlaskáld: 35

39. Heyraskalt, hvé herskjöld bofruð, aldri frá k enn, vísi valdið  
 himis kundr, til Venða grundar Venða sorg, at dofgingr spenði  
 (heppinn drótt af hlunni sléttum (flaustum varð þá flóð of ristit)  
 hélug bofrð) í stefjaméli; fleiri skip til óðals þeira.



En er Magnús konungr kom til Vindlandz, þá lagði hann til Jómsborgar ok vann þegar borgina, drap þar mikit fólk ok brendi borgina ok landit víða út í frá ok gerði þar it mesta hervirki; svá segir Arnórr jarlaskáld:

- 5 40. Skjöldungr, fórt of óþjóð eldi, heiðit folk í virki breiðu;  
 auðit vas þá flotnum dauða; buðlungr, unnuð borgar mönn-  
 hæstan kynduð, hlenna þrýstir, um  
 hyrjar ljóma suðr at Jómi; björtum eldi stalldræp hjörtu.  
 hvergi þorði hallir varða
- 10 Mikit fólk á Vindlandi gekk til handa Magnúsi konungi, en miklu var hitt fleira, er undan flýði. Fór þá Magnús konungr til Danmerkr aptr, bjó sér þar til vetrsetu, en sendi frá sér herinn bæði inn danska ok svá mart lið, þat er honum hafði fylgt af Nóregi.

15 K. 25. Gefit Sveini konungsnafn.

- Inn sama vetr, er Sveinn Úlfsson hafði fengit yfirsókn um Dana-veldi ok hann hafði vingazk við allmikit stórmenni ok fengit alþýðu lof, þá lét hann gefa sér konungs nafn, ok hurfu at því ráði margir höfðingjar. En um várit, er hann spurði, at
- 20 Magnús konungr fór norðan ór Nóregi ok hafði her mikinn þá fór Sveinn til Skáneyjar ok þaðan upp á Gautland, ok svá til Svíþjóðar á fund Emundar konungs, frænda síns, ok dvalðisk þar um sumarit, en hafði njósnir í Danmörk um ferð Magnús
- 25 konungs eða um fjölmenni hans. En er Sveinn spurði, at Magnús konungr hafði látit frá sér fara mikinn hluta liðs síns, ok svá þat, at hann var suðr á Jótlandi, þá reið Sveinn ofan af Svíþjóð ok hafði þá lið mikit, er Svíakonungr fekk honum. En er Sveinn kom út á Skáney, þá tóku Skánungar vel við honum ok heldu hann þar fyrir konung, dreif þá lið mikit til hans. Síðan fór
- 30 hann út til Sjálandz, ok var þar vel við honum tekit, lagði hann þar alt undir sik. Þá fór hann í Fjón ok lagði undir sik allar eyjar, ok gekk fólkit undir hann; hafði Sveinn her mikinn ok mart skipa.

K. 26. Frá her Magnús konungs.

- 35 Magnús konungr spurði þessi tíðendi ok þat með, at Vinðr höfðu her úti. Síðan stefndi Magnús konungr liði til sín, ok drósk honum brátt herr um alt Jótland. Þá kom til hans Otta

hertogi af Saxlandi ór Brúnsvík; hann átti þá Ulfhildi, dóttur Óláfs konungs ins helga, systur Magnús konungs; hertoginn hafði mikla sveit manna. Dana-höfðingjar eggjuðu Magnús konung at fara í móti Vinða-herinum ok láta eigi heiðit fólk ganga þar yfir land ok eyða; ok var þat ráð tekit, at konungr 5 snýr her sínum suðr á leið til Heiðabýjar. En er Magnús konungr lá við Skotborgará á Hlýrskógsheiði, þá kom honum njósn af her Vinða ok þat með, at þeir höfðu svá mikinn her, at engi fekk talt, ok Magnús konungr hafði engan hlut við fjölmennis ok honum væri sá einn til at flýja undan. Magnús konungr vildi 10 þó berjask, ef mǫnnum þœtti nokkur fǫng á, at hann mætti sigrask; en flestir lǫttu ok sǫgðu allir eitt til, at Vinðr höfðu óflýjanda her, en Ótta hertogi fýsti heldr at berjask. Lét konungr þá blása saman ǫllum herinum ok lét alla menn herklæðask, ok lágu þeir úti um nóttina undir skjöldum sínum, 15 þvíat þeim var sagt, at herr Vinða var kominn nærr þeim, ok var konungr mjök hugsjúkr; þótti honum ilt, ef hann skyldi flýja verða, þvíat hann hafði þat aldri reynt, svaf hann lítit um nóttina ok sǫng þœnir sínar.

## K. 27. Jartegn Óláfs konungs.

20

Eptir um daginn var Mikjálmessu-aptann. En er komit var at degi, þá sofnaði konungr ok dreymði, at hann sá inn helga Ólaf konung, fǫður sinn, ok mælti við hann: »ertu nú mjök hugsjúkr ok óttafullr, er Vinðr fara móti þér með her mikinn; ekki skaltu hræðask heiðinn her, þótt þeir sé margir saman; ek 25 mun fylgja þér í orrostu þessi; ráðið þér þá til bardaga við Vinðr, er þér heyrð lúðr minn«. En er konungr vaknaði, þá segir hann draum sinn. Tók þá at lýsa af degi; þá heyrði alt fólk í lopt upp klukkuhljóð, ok kendu Magnús konungs menn, þeir er verit höfðu í Niðarósi, at svá þótti, sem Gløð væri hringt; þá klukku 30 hafði Óláfr konungr gefit til Klemenskirku í kaupangi.

## K. 28. Orrosta á Hlýrskógsheiði.

Þá stóð upp Magnús konungr ok kallaði, at blása skyldi herblástr. Fór þá Vinða-herrinn sunnan yfir ána at þeim; hljóp þá upp allr konungsherrinn ok stefndi í móti heiðingjum. Magnús 35 konungr steypði af sér hringabrynju ok hafði ýzta rauða silki-skyrtu ok tók í hönd sér ǫxina Hel, er átt hafði Óláfr konungr. Magnús konungr rann fyrir ǫllum mǫnnum ǫðrum í móti herinum

ok hjó þegar tveim hǫndum hvern mann at ǫðrum; svá segir Arnórr jarlaskáld:

41. Öð með ǫxi breiða þás of skapt, en skipti  
 ódæsinn framm ræsir, skapvörðr himins jörðu,  
 5 (varð of hilmí Hǫrða (Hel klauf hausa fólva)  
 hjördynr) en varp brynju, hendr tvær jǫfurs spendu.  
 Orrosta þessi var ekki lǫng; váru konungs menn inir ákǫfustu;  
 en hvar sem þeir kómu saman, fellu Vinðr svá þykt sem unnvǫrp  
 lægi; en þeir, er síðarr stóðu, snøru á flóttu, ok váru þeir þá  
 10 hǫggvir niðr sem búfé. Rak konungr sjálfr flóttann austr yfir  
 heiðina, ok fell flokkum um alla heiðina; svá segir Þjóðólfr:
42. Hykk í hundraðs flokki vítt lá Venða flótti;  
 Haralds bróðurson stóðu varð, þars Magnús barðisk,  
 (hrafn vissi sér hvassast hǫggvinn valr at hylja  
 15 hungurbann) framast manna; heiði rastar breiða.  
 Þat er alþýðu mál, at ekki mannfall hafi orðit jafnmikit á Norðr-  
 lǫndum í kristnum sið sem þat, er varð á Hlýrskógsheiði af  
 Vinðum. En af liði Magnús konungs fell ekki mart, en fjöldi  
 varð sárt. Eptir orrostu lét Magnús konungr binda sár sinna  
 20 manna, en læknað váru ekki svá margir í herinum, sem þá þurfti;  
 þá gekk konungr til þeira manna, er honum sýndisk, ok þreifaði  
 um hendr þeim, en er hann tók í lófana ok strauk um, þá nefndi  
 hann til xii. menn, þá er honum sýndisk sem mjúkhentir mundu  
 vera, ok segir, at þeir skyldu binda sár manna, en engi þeira  
 25 hafði fyrr sár bundit; en allir þessir urðu inir mestu læknað.  
 Þar váru ii. íslenzkir menn, var annarr Þorkell Geirason af  
 Lyngum, annarr Atli, faðir Bárðar svarta í Selárdal, ok kómu frá  
 þeim margir læknað síðan. Eptir þessa orrostu varð frægt mjök  
 víða um lǫnd jartegn sú, er gǫrt hafði inn helgi Óláfr konungr;  
 30 ok var þat alþýðu mál, at engi maðr myndi þurfa at berjask  
 við Magnús konung Ólafsson, ok Óláfr konungr, faðir hans,  
 væri honum svá nákvæmr, at óvinir hans mætti enga mótstöðu  
 veita honum fyrir þá sök.

#### K. 29. Orrosta á Ré.

- 35 Magnús konungr snøri þegar herinum móti Sveini, er hann  
 kallaði jarl sinn, þótt Danir kallaði hann konung. Réð Magnús  
 konungr sér til skipa ok bjó herinn, fjölmentu þá hváirtveggju  
 mjök. Váru þá margir hǫfðingjar í liði Sveins, Skánungar,  
 Hallandzfarar, Fjónbúar; en Magnús konungr hafði mest Norð-

menn ok Jóta, helt hann þá liði sínu til móts við Svein. Varð fundr þeira fyrir Vestlandi á Ré, varð þar orrosta mikil, ok lauk svá, at Magnús konungr hafði sigr, en Sveinn kom á flótta ok lét lið mikit, flýði hann þá aprt á Skáney, þviat hann átti hœli uppi á Gautlandi, ef hann þurfti til at taka. En Magnús konungr 5 fór þá aprt til Jótlandz ok sat þar um vetrinn fjölmennr ok hafði gæzlu á skipum sínum; þessa getr Arnórr jarlaskáld:

43. Fúss lét á Ré ræsir                   valska rauð fyr víðu  
rammþing háit Glamma;           Vestlandi gramr branda.

## K. 30. Orrosta í Árósi.

10

Sveinn Ulfsson fór þegar á skip sin, er hann spurði, at Magnús konungr var genginn af skipum. Dró Sveinn lið at sér, alt þat er hann fekk, ok fór þá um vetrinn um Sjáland ok um Fjón ok um eyjar; ok er dró at jólum, helt hann suðr til Jótlandz, lagði fyrst til Limafjarðar, ok gekk þar mart fólk undir hann, 15 en hann tók gjöld af sumum; sumir fóru á fund Magnús konungs. En er þetta spurði Magnús konungr, hvat Sveinn hafðisk at, þá fór hann til skipa sinna ok hafði með sér Norðmanna lið þat, er þá var í Danmørk, en sumt Dana lið; helt þá sunnan fyrir land. Sveinn var þá í Árósi ok hafði mikit lið; en er hann 20 spurði til hers Magnús konungs, þá lagði hann sínu liði ór bænum ok bjósk til orrostu. En er Magnús konungr hafði spurt, hvar Sveinn var, ok hann vissi, at þá myndi vera skamt millim þeira, þá átti hann húsþing ok talaði við lið sitt, segir svá: »nú hofum vér spurt, at jarl með lið sitt mun hér nú liggja fyrir 25 oss; er mér svá sagt, at þeir hafi lið mikit; ok vil ek gera yðr kunnigt um ætlan mína; vil ek leggja til fundar við jarl ok berjask við hann, þótt vér hafim lið nokkuru færa; munu vér traust vart eiga enn sem fyrr, þar er guð sjálfr er ok inn helgi Óláfr konungr, faðir minn, hefir hann oss nokkurum sinnum 30 fyrr sigr gefit, þá er vér hofum barzk, ok hofum vér opt haft lið minna en óvinir várir. Nú vil ek, at menn búisk svá við, at vér skulum leita þeira, ok þegar er fund várn berr saman, þá skulum vér at róa ok taka þegar til bardaga; veri þá allir búnir mínir menn at berjask«. Síðan herklæddusk þeir, ok bjó hverr 35 sik ok sitt rúm; røru þeir Magnús konungr fram, þar til er þeir sá lið jarls; greiddu þegar atróðrinn. En Sveins menn vápnuðusk ok tengðu saman skip sín; tóksk þá þegar hofð orrosta; svá segir Þjóðólfr:

44. Lögðu (græðis glóða) svát manþinga mundut  
gramr ok jarl fyr skömmu merkjendr Heðins serkjar  
(þar kom bitr á þorva (herr náði gny gerva  
brandleikr) saman randir, geirs) orrostu meiri.
- 5 Þeir þorðusk um stafna, ok máttu þeir einir höggum við koma,  
er í stafni váru, en þeir lögðu kesjum, er í fyrirrúmi váru, en  
allir þeir, er aptarr váru, skutu snærisþjótum eða gaflokum eða  
vígörum, en sumir þorðu grjóti eða skeptiflettum, en þeir, er  
fyrir aptan siglu váru, skutu bogaskotum; þess getr Þjóðólfr:
- 10 45. Skotit frásk skeptiflettum 46. Bõruð þõslar fleiri  
(skjótt) ok mörugu spjóti, bogmenn at hõr tognum;  
(brõð fekk hrafn) þars hõðum mundit þann dag Þrændi  
hjaldr, á breiða skjõlðu; þreyta fyrr at skeytum;  
neyttu, mest sem mõttu, svá þykt flugu síðan  
15 menn at vápna sennu, snæridorr of skæru,  
baugs en barðir lõgu ótt vas ordrif látit,  
þõrvar, grjóts ok orva. illa sátt í milli.

Hér segir þat, hvernig var ákõf skothríðin. Magnús konungr  
var fyrst orðverða orrostu í skjaldborg, en er honum þótti seint  
20 á orkask, þá hljóp hann fram ór skjaldborginni ok svá eptir  
skipinu ok kallaði hátt ok eggjaði sína menn ok gekk alt fram  
í stafninn í höggorrostu. En er þat sá hans menn, þá eggjaði  
hverr annan; var þá kall mikit um allan herinn; svá segir  
Þjóðólfr:

- 25 47. Mjõk bað (Magnús rekka) (hõrð þrifusk boð), þars  
mannr rõskliga annan þõrðusk,  
þõðský framar knýja.
- Gerðisk þá in ákafasta orrosta. Í þeiri hríð hrauð skip Sveins  
framan um stafninn ok sõxin; þá gekk sjálfr Magnús konungr  
með sína sveit upp á skipit Sveins, ok síðan hans maðr hverr at  
30 orðrum; gerði þá svá harða atgõngu, at Sveins menn hrukku  
fyrir, ok hrauð Magnús konungr þat skip ok síðan hvert at orðu.  
Flýði þá Sveinn ok mikill hluti liðs hans, en fjõlði fell hans  
manna, ok mart fekk grið; svá segir Þjóðólfr:
48. Võrðr, gekk meirr at morði (skeiðr nam herr at hrjóða)  
35 Magnús, kjalar vagna, húskarla lið jarli.  
(þat vas frægt) í fagan 49. Aðr svanfoldar seldi  
framstafn varar hrafn; sólrýrandi enn dýri  
gerði þar svát þverði jarls lá ferð á ferli,  
þengill, en óx fengi, fjõrgrið stõfum hõrva.

Pessi orrosta var dróttinsdag inn næsta fyrir jó!; svá segir Þjóðólfr:

50. Róm vas hildir, sú s hramma flaut, þás feigir létu  
 harðelds viðir þorðusk, fjör gnýstafir hjörva  
 (herr gekk snart at snerru) (þjóð sökkn niðr) at nauðum, 5  
 sunnudags of unnin; nár á hverri þóru.

Magnús konungr tók þar vii. skip af Sveins mǫnnum; svá segir Þjóðólfr:

51. Hrauð Aleifs mǫgr áðan (fregnat slíkt ór Sogni)  
 (jöfurr vá sigr) ens dígra sjau skip (konur hnípna). 10  
 Ok enn kvað hann:

52. Mist hafa Sveins at sýnu, hrœrir hausa þeira,  
 sverðgautr, forunautar hreggi æst, ok leggi  
 (hørð es heldr of orðin) (sjár þýtr auðs of órum)  
 heimkvǫmu (for beima); unnr á sanda grunni. 15

Sveinn flýði þegar um nóttina til Sjálandz með því liði, sem undan hafði komizk ok honum vildi fylgja, en Magnús konungr lagði at landi skip sín ok lét þegar um nóttina lið sitt fara á land; en snimma um morgininn kómu þeir ofan með strandhögg mikil; þess getr Þjóðólfr skáld: 20

53. Gær sák, grjóti stóru ofan keyrðum vér (orðum  
 gein hauss fyrir, steini, jörð muna Sveinn of varða),  
 (fóra fylking þeira staðar hefr stafn í miðju,  
 fast) harðliga kastat; strandhögg, numit landi.

### K. 31. Flótti Sveins konungs. 25

Magnús konungr helt þegar sunnan sínu liði til Sjálandz eptir Sveini. En þegar er Magnús lið kom at, þá flýði Sveinn þegar á land upp ok alt lið hans; en Magnús konungr sótti eptir þeim ok rak flóttann, drap slíkt, er þeir náðu; svá segir Þjóðólfr:

54. Spurði einu orði 55. Saurstokkinn bar svíra 30  
 (öld blóðroðna skjöldu) snarr Skónunga harri,  
 satt 's at svá mǫrg (átti) undr 's nema allvaldr Lundar  
 Selunds mæ, hverr vé bæri; aldrþrúðr fyrir haldi;  
 auðtróðu varð auðit gær flugu mold ok mýrar,  
 yfir of skóg at spróga; merki jarls ens sterkja 35  
 títt bar týmargr flótti slóð drap framm at flóði,  
 til Hringstaða iljar. flaugar dǫrr, of hauga.

Sveinn flýði þá yfir á Fjón; en Magnús konungur fór þá herskildi yfir Sjáland ok brendi víða fyrir þeim mönnum, er um haustit höfðu slegizk í flokk með Sveini; svá segir Þjóðólfr:

- |    |                           |                              |
|----|---------------------------|------------------------------|
|    | 56. Náði jarl at eyða     | 57. Rønd (lézt) ræsir Þrœnda |
| 5  | jøfra setr á vetri;       | (reiðr) þorðir (bú) meiða,   |
|    | lézt eigi þú lítla        | hús namt hvert ok eisu       |
|    | landvorn af þér standa;   | (hyrfeld) gefa eldi;         |
|    | máttir, Magnús, hætta,    | grøu vildir þú gjalda,       |
|    | mildr, í fólk und skildi; | gœðinga vinr, skœðar         |
| 10 | nefa Knúts vas þá nýtum   | (ørt rendu þeir undan)       |
|    | nær, sem ráðinn væri.     | jarls fylgjorum dylgjur.     |

### K. 32. Brent Fjón.

Þegar er Magnús konungur spurði til Sveins, þá helt hann sínu liði yfir til Fjóns. En þegar er Sveinn spurði þat, þá gekk  
15 hann á skip ok siglði ok kom fram á Skáni, fór þaðan í Gautland ok síðan á fund Svía-konungs. En Magnús konungur gekk upp á Fjóni, lét þar ræna ok brenna fyrir mörgum. Allir Sveins menn, þeir sem þar vóru, flýðu brot viðz vegar; svá segir Þjóðólfr:

- |    |                             |                               |
|----|-----------------------------|-------------------------------|
| 20 | 58. Hrindr af hróka landi   | 59. Mennt eigu þess minnask,  |
|    | hregg af eikiveggjum        | mannna Sveins, at kannu,      |
|    | sunnr (leikr eldr of unninn | vígá Freys, sizt vøru,        |
|    | óðr) í lopt upp glóðum;     | vefgefn, þriar stefnur;       |
|    | boer logar hølfulu hæra     | vøn es fagsr á Fjóni          |
| 25 | (hjónum nær) á Fjóni,       | fljóðs (dugir vøpn at rjóða), |
|    | (ræfr þola nauð ok næfrar)  | verum með fylkðu folki        |
|    | Norðmenn sali brenna.       | framm í vópna glammi.         |

Eptir þetta gekk alt fólk undir Magnús konung í Danmørk. Þá var þar friðr göðr inn øfra hlut vetrar; setti þá Magnús konungur  
30 sína menn til landstjórnar um alt land þar í Danmørk. En er á leið várit, þá fór hann herliði sínu norðr í Nóreg ok dvalðisk þar mjök lengi um sumarit.

### K. 33. Orrosta við Helganes.

En er Sveinn spurði þat, þá reið hann þegar út á Skáni ok  
35 hafði lið mikit ór Svía-veldi. Tóku Skánungar vel við honum; eflðisk hann þá at liði; fór síðan út í Sjáland ok lagði þar undir sik, svá Fjón ok allar eyjar. En er þat spurði Magnús konungur, þá eflðisk hann at liði ok at skipum ok helt síðan suðr til Dan-

markar. Hann spurði, hvar Sveinn lá með her sinn; helt Magnús konungr þá til móts við hann; varðr fundr þeira þar sem Helganes heitir, ok var þat at kveldi dags. En er orrosta tóksk, hafði Magnús konungr lið minna ok skip stærri ok skipuð betr; svá segir Arnórr jarlaskáld:

60. Vitt hefkr heyrtr at heitir      røkr qndurt bað randir  
Helganes, þars elgi                      reggbúss saman leggja,  
vágs enn víða frægi                      rógskýja helt, Rygja,  
vargteitir hrauð marga;                  regni haustnøtt gegnum.

Orrosta var in snarpasta, en er á leið nóttina, gerðisk mikit 10  
mannfall. Magnús konungr skaut alla nóttina handskoti; þess  
getr Þjóðólfr:

61. Hizig laut, es heitir                  mætr helt mǫrgu spjóti  
Helganes, fyr kesjum                      Mœra gramr í snœri;  
(sukku sárir rekkrar)                      odd rauð aski studdan                  15  
Sveins ferð (bana verðir);                  qrr landreki dǫrrum.

Þat er skjótast at segja af orrostu þessi, at Magnús konungr  
hafði sigr, en Sveinn flýði; var skip hans hroðit með stǫfnum,  
ok qll skip Sveins qnnur váru hroðin. Svá segir Þjóðólfr:

62. Flýði jarl af auðu,                      réð herkonungr hrjóða                  20  
ótvinn, skipi sínu                              hneitis egg í sveita;  
mord, þars Magnús gerði                      sprændi blóð á bryndan  
meinfœrt, þaðan, Sveini;                      brand; vá gramr til landa.

Ok enn segir Arnórr:

63. Skeiðr tók Bjarnar bróður              (þjóð røri þeirar tíðar                  25  
ballr Skǫnunga allar                          þingat) gramr með hringum.  
Þar fell mikit lið af Sveins mǫnnum; fekk Magnús konungr  
ok hans menn mikit hlutskipti; svá segir Þjóðólfr:

64. Skjöld bark heim frá hjaldri              vǫpn gatkr fríð, en fljóði  
(hlauzkr mér til þess) gauzkan,              fyrr sagðak þat kyrru,                  30  
ramr vas suðr á sumri                          þar fekk ek hjalm, es hilmir  
sverðdynr, ok þó brynju;                      harðfengr Dani barði.

Sveinn flýði þá upp á Skáni ok alt lið hans, þat er undan komskr,  
en Magnús konungr ok hans lið ráku flóttann langt á land upp,  
ok varð þá litil viðrtaka af Sveins mǫnnum eða bóndum; svá 35  
segir Þjóðólfr:

65. Bauð Áleifs sonr áðan                  snarr bað hilmir herja,  
upp á land at standa,                          (hér 's skark í Danmǫrku)  
gekk með manndýrð mikla                      fleygir hvast of hauga  
Magnús reiðr af skeiðum;                      hestr, of Skáney vestan.                  40



Síðan lét Magnús konungr fara herskildi alt um byggðina; svá segir Þjóðólfr:

66. Nú taka Norðmenn knýja, skýtra skeifum fœti  
 nær gøngum vér stöngum, Skáney yfir sláni  
 5 (berkak) Magnús merki (fár veigr es mér fegri  
 (minn skjöld á hlið) sjaldan; fundinn) suðr til Lundar.

Síðan tóku þeir at brenna byggðina; flýði þá fólk alt víz vegar undan; svá segir Þjóðólfr:

67. Børum járn at ærnu móðr berr halr of heiði  
 10 ísköld á lið vísa, hjaldrs Danmarkar skjöldu,  
 skjótt ríða nú skreyttar vér hlutum sigr en sárir  
 Skónunga lokvánir; Sveins menn fyrir renna.  
 rauðr leikr of bæ breiðan  
 69. Fjörð lét fylkir verða  
 fornraddan mó spornat  
 15 eldr, en ærnir valda (leynumk lítt) á Fjóni  
 atblásendr því vási. (liðs skjöldunga á miðli);  
 muna fyr Magnús synja  
 68. Svíðr of seggja búðir menn Sveins, þeirs nú renna,  
 (siklingr) í (her miklum) (upp fara mörgr í morgin  
 (eyðir byggð) sem bráðast merki) stórra verka.  
 20 bjartr eldr Danaveldi;

Sveinn flýði þá austr á Skáni. Magnús konungr fór þá til skipa sinna ok helt síðan austr fyrir Skáneyrarsíðu ok varð mjök búizk af skyndingu. Þá kvað Þjóðólfr þetta:

70. Ek hef ekki at drekka liggr fyr oss, en ugga  
 25 annars, nema sæ þenna, alllítt Svía kollumk,  
 (sýgk ór soltum ægi (drýgt höfum vás fyr vísa)  
 sýlg) es jöfri fylgik; við Skáneyrar síða.

Sveinn flýði upp á Gautland ok sótti síðan á fund Svía-konungs ok dvalðisk þar um vetrinn í góðu yfirlæti.

30 K. 34. Hernaðr Magnús konungs.

Magnús konungr snæri aptr ferð sinni, þá er hann hafði undir sik lagt Skáni; helt þá fyrst í Falstr, veitti þar upgöngu ok herjaði þar, drap hann mikit lið, þat er áðr var gengit undir Svein; þess getr Arnórr:

- 35 71. Svik réð eigi eklu hlóð, en hála téðu  
 allvaldr Dönum gjalda; hirðmenn ara grenni,  
 lét fullhugaðr falla auðar þörn fyr örnungr  
 Falstrbyggva lið tyggi; ungr valköstu þunga.

Síðan helt Magnús konungr liði sínu til Fjóns ok herjaði ok vann þar þá mikit hervirki; svá segir Arnórr jarlaskáld:

72. Enn rauð frón á Fjóni, minnisk öld, hverr annan  
fold sótti gramr dróttar, jafnþarfr blóum hrafni  
(ráns galt herr frá hönnum) (ört gat hilmir hjarta) 5  
hringserks lituðr merki; herskyldir tög fylði.

K. 35. Frá orrostum Magnús konungs.

Magnús konungr sat þann vetr í Danmörk, ok var þá góðr friðr. Hann hafði átt í Danmörk orrostur margar ok haft í öllum sigr. Oddr kikinaskáld segir svá: 10

73. Vas fyr Mikjálsmessu en fyr jól vas önnur  
malmgrimm háið rimma; óhlítulig litlu  
fellu Vinðr, en vönðusk (upp hófsk grimm með gumnum  
vápnhljóði mjók þjóðir; gunnr) fyr Áróss sunnan.

Enn segir Arnórr:

74. Hefnir, fenguð yrkis efni, fjórar hefr þú, randa rýrir 15  
Áleifs, gervik slíkt at mólum; reyrar setrs, á einum vetri  
hlakkar lætr þú hrælog drekka allvaldr, est þú ofvægr kallaðr)  
hauka; nú mun kvæði aukask; orva hríðir frœkn of gorrvar.

Þrjár orrostur átti Magnús konungr við Svein Úlfsson; svá segir 20  
Þjóðólfr:

75. Háðisk heilli góðu brand rauð buðlungr Þrœnda,  
hildir, sem Magnús vildi; berr, íðula, síðan  
selr of sigr at þylja hann ept hervíg þrennin  
sóknstœrir mér fœri; hæra skjöld at gjöldum. 25

K. 36. Frá bréfum Magnús konungs.

Magnús konungr ræð þá bæði fyrir Danmörk ok Nóregi. En eptir þat er hann hafði eignazk Danaveldi, þá gerði hann sendimenn vestr til Englandz; fóru þeir á fund Játvarðar konungs ok fluttu honum bréf ok innsigli Magnús konungs. En þat stóð 30  
á bréfum með kvæðjusending Magnús konungs: »þér munuð spurt hafa einkamál þau, er vér Hørðaknútr gerðum með oss, at hvárr okkar, sem lifði eptir annan sonlauss, þá skyldi sá taka lönd ok þegna, þau er hinn hafði átt. Nú er þat svá orðit, sem ek veit, at þér hafið spurt, at ek hefi tekit alt Dana-veldi í arf eptir 35  
Hørðaknútt; hann átti, þá er hann andaðisk, engum mun síðr England en Danmörk; kóllumk ek nú eiga England eptir réttum máldögum. Vil ek, at þú gefir upp ríki fyrir mér, en at öðrum

kosti mun ek sækja til með styrk hers bæði af Dana-veldi ok Nóregi; mun þá sá ráða lönðum, er sigrs verðr auðit«.

K. 37. Svqr Játvarðar konungs.

En er Játvarðr konungr hafði lesit bréf þessi, þá svarar  
 5 hann svá: »þat er öllum mönnum kunnigt hér í landi, at Aðalráðr  
 konungr, faðir minn, var óðalborinn til ríkis þessa bæði at fornu  
 ok nýju. Váru vér iiii. synir hans; en er hann var fallinn frá  
 lönðum, þá tók ríki ok konungdóm Eatmundr bróðir minn, þvíat  
 hann var elztr vár bræðra; unða ek þá vel við, meðan hann lifði.  
 10 En eptir hann tók ríkit Knútr konungr, stjúpfaðir minn; var þá  
 eigi dælt til at kalla, meðan hann lifði. En eptir hann var kon-  
 ungr Haraldr bróðir minn, meðan honum varð lífs auðit. En er  
 hann andaðisk, þá réð Hqrðaknútr, bróðir minn, fyrir Dana-  
 veldi, ok þótti þat þá einu rétt bræðraskipti með okkr, at hann  
 15 væri konungr bæði yfir Englandi ok Danmqrk; en ek hafða ekki  
 ríki til forráða. Nú andaðisk hann; var þat þá ráð hér allra  
 landzmannanna at taka mik til konungs hér í Englandi. En meðan  
 ek bar ekki tignarnafn, þjónaða ek mínum hqrðingjum eigi  
 stórligarr en þeir menn, er enga ætt áttu hér til ríkis. Nú hefi  
 20 ek tekit hér konungs vígslu ok svá fulliga konungdóm, sem faðir  
 minn hafði fyrir mér; nú mun ek þetta nafn eigi upp gefa at  
 mér lifanda. En ef Magnús konungr kœmr higat til landz með  
 her sinn, þá mun ek eigi liði samna í mót honum, mun hann  
 kost eiga at eignask England ok taka mik áðr af lífdögum. Segið  
 25 honum svá mín orð«. Fóru þá sendimenn aptr ok kómu á fund  
 Magnús konungs ok segja honum alt sitt ørendi. Konungr svarar  
 tómliga ok mælti þó svá: »ek ætla hitt munu vera sannast ok  
 bezt fallit, at láta Eatvarð konung hafa ríki sitt í ró fyrir mér,  
 en halda þessu ríki, er guð hefir mik eignask látit«.

## Uphaf Haraldz konungs harðráða.

### K. 1.

Haraldr, sonr Sigurðar sýr, bróðir Óláfs konungs ins helga sammæðri, hann var á Stiklarstöðum í orrostu, þá er inn helgi Óláfr konungr fell; varð Haraldr þá sárr ok komsk í brot með öðrum flóttamönnum; svá segir Þjóðólfr:

76. Hvast fráK Haugi et næsta skildisk hann, ok hulði  
hlífél á gram drífa, hjalmsetr gamall vetra  
en Bolgara brennir tyggi tolf ok þriggja,  
bræðr sínum vel tæði; traudr við Áleif dauðan.

Rögnvaldr Brúsason flutti Harald ór orrostu ok kom honum til 10  
bónða nokkurs, er bjó í skógi langt frá öðrum mönnum; var  
Haraldr þar læknaðr, til þess er hann var heill. Síðan fylgði  
sonr bónda honum austr um Kjöl, ok fóru þeir alt markleiði, þat  
er svá mátti, en ekki alþýðuveg. Vissi bóndason ekki til, hverjum  
hann fylgði; ok er þeir riðu milli eyðiskóga nokkurra, þá kvað 15  
Haraldr þetta:

77. Nú lætk skóg af skógi hverr veit nema ek verða  
skreiðask lítils heiðar; víða frægr of síðir.

Hann fór austr um Jamtaland ok Helsingjaland ok svá til  
Svíþjóðar; fann hann þar Rögnvald Brúsason ok mjök marga 20  
aðra þá menn, er komizk höfðu ór orrostu menn Óláfs konungs.

### K. 2. Ferð Haraldz til Miklagarðz.

Eptir um várit fengu þeir sér skipan ok fóru um sumarit  
austr í Garðaríki á fund Jarizleifs konungs, váru þar um vetrinn;  
svá segir Þølverkr:

78. Mildingr straukt of mækis en gramr (né fráK fremra  
munn, es lézt af gunni; friðskerði þér verða)  
holds vant hrafn of fylðan austr vast ár et næsta  
hrás; þaut vargr í ási; orðiglyndr í Gørðum.

Jarizleifr konungr tók vel við þeim Haraldi; gerðisk Haraldr þá hofðingi yfir landvarnarmönnum konungs ok annarr Eilífr, sonr Rognvaldz jarls; svá segir Þjóðólfr:

- |   |                     |                  |
|---|---------------------|------------------|
|   | 79. Eitt hofðusk at | Austrvinðum ók   |
| 5 | Eilífr þars sat,    | í ongvan krók;   |
|   | hofðingjar tveir;   | vasa Læsum léttr |
|   | hamalt fylkðu þeir; | liðsmanna rétrr. |

Haraldr dvalðisk í Garðaríki nokkura vetr ok fór víða um Austrveg. Síðan byrjaði hann ferð sína út í Grikland ok hafði  
10 mikla sveit manna; þá helt hann til Miklagarðz; svá segir Bólverkr:

- |    |                             |                            |
|----|-----------------------------|----------------------------|
|    | 80. Hart kníði svöl svartan | mætr hilmir sá malma       |
|    | snekkju brand, fyr landi,   | Miklagarðs fyr barði;      |
|    | skúr, en skrautla þóru      | mörg skriðu beit at borgar |
| 15 | skeiðr brynjaðar reiði;     | barmfögr hõum armi.        |

### K. 3. Frá Haraldi Sigurðarsyni.

Þá réð fyrir Griklandi Zóe drótning in ríka, ok með henni Michael Kátalaktús. En er Haraldr kom til Miklagarðz á fund drótningarinnar, þá gekk hann þar á mála ok fór þegar um haustit  
20 á galeiðr með hermönnum þeim, er fóru út í Griklandz haf. Helt Haraldr sveit af sínum mönnum. Þá var hofðingi yfir herinum sá maðr, er nefndr er Gyrgir; hann var frændi drótningar. En er Haraldr hafði verit lítla hríð í herinum, áðr en Væringjar þýddusk mjök til hans, ok fóru þeir allir saman, þegar er bardagar  
25 váru; kom þá svá, at Haraldr gerðisk hofðingi yfir öllum Væringjum. Fóru þeir Gyrgir víða um Griklandzeyjar, unnu þar herskap mikinn á kussorum.

### K. 4. Hlutan Haraldz ok Gyrgis.

Pat var eitt hvert sinn, er þeir hofðu farit um land ok skyldu  
30 taka sér náttból við skóga nokkura, ok kómu Væringjar fyrstir til náttstaðar ok völdu þeir sér tjaldstaði þá, er þeir sá bazta ok hæst lágu, þvíat þar er svá háttat, at land er blautt, ok þegar er regn koma þar, þá er ilt at búa þar, er lágt liggr. Þá kom Gyrgir, hofðingi hersins, ok er hann sá, hvar Væringjar hofðu  
35 tjaldat, bað hann þá í brot fara ok tjalda í öðrum stað, segir, at hann vill þar tjalda. Haraldr segir svá: »ef þér komið fyrri til náttbóls, þá takið þér yðr náttstað, þá munu vér þar tjalda í öðrum stað, sem oss líkar; gerið þér nú ok svá, tjaldið þar, sem

þér vilið, í qðrum stað; hugða ek, at þat væri réttir Væringja hér í veldi Grikkja-konungs, at þeir skulu vera sjálfráða ok frjálsir um alla hluti fyrir qlum mǫnnum, en vera konungi einum ok drótningu þjónostu skyldir«. Þreyttu þetta með kappmæli, þar til er hváirtveggju vápnuðusk; var þá við sjálft, at þeir mundu 5 berjask. Kómu þá til inir vitrustu menn ok skildu þá; sögðu þeir svá, at betr var fallit, at þeir sættisk um þetta mál ok gerði skipan á með sér glöggliga, svá at eigi þyrfti optarr slíka deilu um. Var þá stefnulagi á komit með þeim, ok skipuðu inir beztu menn ok inir vitrustu. En á þeiri stefnu réðu þeir þat svá, at 10 samt kom með qlum, at hluti skyldi í skaut bera ok hluta með Grikkjum ok Væringjum, hvárir fyrri skyldi ríða eða róa eða til hafnar leggja ok kjósa um tjaldstaði; skyldi því hvárrtveggi una þá, sem hlutr segði. Síðan váru hlutir gǫrvir ok markaðir. Þá mælti Haraldr við Gyrgi: »ek vil sjá, hversu þú markar þinn 15 hlut, at eigi markim vit á eina lund báðir«. Hann gerði svá. Síðan markaði Haraldr sinn hlut ok kastaði í skautit, ok svá báðir þeir. En sá maðr, er hlutinn skyldi upp taka, þá tók hann upp annan ok helt milli fingra sér ok brá upp hendinni ok mælti: »þessir skulu fyrri ríða ok róa ok til hafnar leggja ok kjósa sér 20 um tjaldstaði«. Haraldr greip til handarinnar ok tók hlutinn ok kastaði út á sjá; síðan mælti hann: »þessi var várr hlutr«. Gyrgir segir: »hví léztu eigi sjá fleiri menn«?. »Sé nú, segir Haraldr, þann er eptir er; muntu þar kenna þitt mark«. Síðan var athugat um þann hlutinn, ok kendu allir þar mark Gyrgis. Var þat dæmt, 25 at Væringjar skyldi kærna kosti hafa um alt þat, er þeir þreyttu um. Fleiri hlutir urðu til þess, er þeir urðu eigi ásáttir, ok hlauzk jafnan svá, at Haraldr hafði sitt mál.

## K. 5. Frá Haraldi Sigurðarsyni.

Þeir fóru allir samt um sumarit ok herjuðu. Þá er allr var 30 herrinn saman, lét Haraldr sína menn vera fyrir útan bardaga, eða ella þar, er minst var mannhætta, ok lézk varask vilja, at hann týndi herliði sínu. En er hann var einn saman með sínu liði, þá lagðisk hann svá fast til at berjask, at annat tveggja skyldi hann fá sigr eða bana. Svá bar optliga til, þá er Haraldr 35 var hǫfðingi yfir liðinu, at hann vann sigr, þá er Gyrgir vann ekki. Þetta funnu hermenn ok kǫlluðu betr fara mundu sitt mál, ef Haraldr væri einn hǫfðingi yfir qlum herinum, ok ámæltu hertoganum, at ekki yrði af honum eða hans liði. Gyrgir segir,

at Væringjar vildu ekki lið veita honum, það þá fara í annan stað, en hann færi með öðrum herinum, ok vinna þvilíkt sem þeir mætti. Fór þá Haraldr frá herinum ok Væringjar með honum ok Látinumenn. Gyrgir fór með Grikkja her. Sýndisk þá, hvat  
 5 hvárr mátti; fekk Haraldr jafnan sigr ok fé, en Grikir fóru heim til Miklagarðz, nema ungrir drengir, þeir er fá vildu sér fjár, sǫmnuðusk til Haraldz ok höfðu hann þá fyrir hertoga. Lagðisk hann þá með her sinn vestr í Affriká, er Væringjar kalla Serkland; eflðisk hann þá mjök at liði. Í Serklandi eignaðisk hann  
 10 lxxx. borga, váru sumar gefnar upp, en sumar tók hann með valdi. Síðan fór hann til Sikileyjar; svá segir Þjóðólfr:

81. Tøgu má tekna segja           áðr herskǫrðuðr harðan  
       (tandrauðs) á Serklandi           hildar leik und skildi,  
       (ungr hætti sér) átta            Serkjum hætt, í sléttri  
 15 (ormtorgs hötuðr) borga,       Sikileyju gekk heyja.

Svá segir Illugi Bryndœlaskáld:

82. Brauzt und Mikjál mæztan   sonr Buðla bauð sínum)  
       (mógum heim, sem frógum,    Sunnlǫnd, Haraldr, rǫndu.  
 Hér segir þat, at þá var Mikjáll Grikkja-konungr í þenna tíma.  
 20 Haraldr dvalðisk marga vetr í Affriká, fekk óf lausafjár, gull ok allz konar dýrgripi. En alt þat fé, er hann fekk ok eigi þurpti hann at hafa til kostnaðar sér, sendi hann með trúnaðarmǫnnum sínum norðr í Hólmgarð í vald ok gæzlu Jarisleifs konungs, ok drósk þar saman ógrynni fjár, sem líkligt er at vera myndi, er  
 25 hann herjaði þann hluta heimsins, er auðgastr var at gulli ok dýrgripum, ok svá mikit sem hann gerði at, er með sǫnnu var áðr sagt, at hann mundi eignazk hafa lxxx. borga.

#### K. 6. Orrosta í Sikiley.

En er Haraldr kom til Sikileyjar, þá herjaði hann þar ok  
 30 lagði þar með liði sínu til einnar borgar mikillar ok fjölmennrar. Settisk hann um borgina, þvíat þar váru sterkir veggir, svá at honum þótti ósýnt, at brjóta myndi mega. Borgarmenn höfðu vist gnóga ok ǫnnur fǫng, þau er þeir þurftu til varnar. Þá leitaði hann þess ráðs, at fuglarar hans tóku smáfugla, er  
 35 hreiðruðusk í borginni ok flugu á skóg um daga at taka sér mat. Haraldr lét binda á bak fuglunum lokarspánu af tyrvitré ok steypði vaxi ok brennusteini ok lét slá eldi í; flugu fuglarnir, þegar er lausir urðu, allir senn í borgina at vitja unga sinna ok hífýla, er þeir áttu í húsþekjum, þar er þakt var reyr eða hálmí;

þá laust eldinum af fuglunum í húspækjurnar. En þótt einn hvern bæri litla byrði eldz, þá varð þat skjótt mikill eldr, er margir fuglar báru til víða um borgina í þekjur, ok því næst brann hvert hús at öðru, þar til er borgin logaði. Þá gekk fólkit alt ór borginni ok það sér miskunnar, þeir inir sǫmu, er áðr höfðu margan dag drembiliga mælt ok háðuliga til Grikkja-hers ok höfðingja þeira; gaf Haraldr öllum mǫnnum grið, þeim er þess beiddu; fekk síðan vald yfir þeiri borg. 5

#### K. 7. Orrosta um aðra borg.

Önnur borg var sú, er Haraldr lagði til liði sínu; sú var bæði fjölmenn ok sterk, svá at engi var ván, at þeir fengi brotit, vellir harðir ok sléttir umhverfis borgina. Þá lét Haraldr taka til at grafa grøft, frá þar sem fell bekkur einn, ok var þar djúpt gil, svá at ekki mátti þannig sjá ór borginni. Þeir fluttu moldina út á vatnit ok létu straum í brot þera. Váru þeir at þessu verki bæði dag ok nótt, var skipt til sveitum; en herrinn gekk alla daga útan at borginni, en borgarmenn gengu í vígskorð, ok skutu hvárir á aðra, en um nær sváfu þeir hváirtveggju. En er Haraldr skildi þat, at jarðhús þat var svá langt, at þá myndi vera komit inn um borgarvegginn, þá lét hann vápnask lið sitt. Þat var móti degi, er þeir gengu inn í jarðhúsit; en er þeir kómu til enda, grófu þeir upp yfir höfuð sér, þar til er steinar urðu fyrir lími settir, þat var gólf í steinhöllinni. Síðan brutu þeir upp gólfrit ok gengu upp í höllina. Þar sátu fyrir menn margir af borgarmönnum, snæddu þar ok drukku, ok var þeim þat inn mesti óvísavagr, þvíat Væringjar gengu þar við brugðnum sverðum ok drápu þar þegar suma, en sumir flýðu, þeir er því kómu við. Væringjar sóttu eptir þeim, en sumir tóku borgarhlíðin ok luku upp, gekk þar inn allr fjöldi hersins. En er þeir kómu í borgina, þá flýði borgarlýðrinn, en margir báðu griða, ok fengu þat allir, er upp gáfusk. Eignaðisk Haraldr borgina með þessum hætti ok þar með ógrynni fjár. 20 25 30

#### K. 8. Orrosta við ina þriðju borg.

Ina þriðju borg hittu þeir, þá er mest var af þessum öllum ok sterkust ok ríkust at fé ok fjölmenni. Váru um þá borg diki stór, svá at þeir sá, at ekki mátti þar vinna með þvílíkum brögðum sem inar fyrri borgir; lágu þeir þar mjök lengi, svá at þeir fengu ekki at gort. En er borgarmenn sá þat, þá dirfðusk



þeir við. Þeir settu fylkingar sínar uppi á borgarveggjum, síðan luku þeir upp borgarhliðum ok æpðu á Væringja, eggjuðu þá ok báðu þá ganga í borgina ok frýðu þeim hugar, sögðu, at þeir væri ekki betri til orrostu en hæsn. Haraldr bað sína menn 5 láta, sem eigi vissi, hvat þeir sögðu — »vér gerum ekki at, segir hann, þótt vér rennim til borgarinnar; þeir bera vápn sín á oss undir fœtr sér niðr; en þótt vér komim í borgina með nokkura sveit, þá hafa þeir vald at byrgja inni þá er þeir vilja, en suma úti, þvíat þeir hafa yfir 9ll borgarhlið gæzlu 10 sett; vér skulum gera þeim eigi minna skaup ok skulum láta þá sjá, at vér óttumk þá ekki; skulu várir menn ganga fram á völlum sem næst borginni ok gæta þó þess, at ganga eigi í skotmál þeira; skulu várir menn allir fara vápnlausir ok gera sér leik ok láta þat sjá borgarmenn, at vér hirðum ekki um 15 fylkingar þeira«. Síðan var svá nokkura daga.

#### K. 9. Frá Úlfi ok Haldóri.

Menn íslenzkir eru nefndir, þeir er fóru þar með Haraldi konungi, Haldórr, sonr Snorra goða — hann hafði þessa frásögn hingat til landz — annarr var Úlfr Úspaksson, Ósvífrssonar ins 20 spaka; þeir váru báðir inir sterkustu menn ok allvápndjarfir ok váru inir kærstu Haraldi; þeir váru báðir í leikinum. En er þessa leið hafði farit nokkura daga, þá vildu borgarmenn sýna enn meira kapp; gengu þeir þá ekki með vápnnum upp á borgarveggina, en létu þó opin standa borgarhliðin. En er þat sá 25 Væringjar, þá gengu þeir einn dag svá til leiksins, at þeir höfðu sverð undir mottlum ok hjálma undir höttum. En er þeir höfðu leikit um hríð, þá sá þeir, at borgarmenn undruðusk ekki; þá tóku þeir skjótt vápnin, runnu síðan at borgarhliðinu. En er borgarmenn sá þat, gengu þeir í móti vel ok höfðu sín alvæpni, 30 tóksk þar bardagi í borgarhliðinu. Væringjar höfðu engar hlífar, nema þat er þeir sveipuðu mottlum um vinstri hönd sér, urðu þeir sárir, en sumir fellu, en allir váru nauðuliga staddir; Haraldr, ok þat lið með honum, er var í herbúðum, sótti til at veita monnum sínum. En borgarmenn váru þá komnir upp á 35 borgarveggi, skutu ok grýttu á þá; varð þá hörd orrosta; þótti þeim, er í borgarhliðinu váru, vera seinna gengit at hjálpa sér en þeir vildu. En er Haraldr kom at borgarhliðinu, þá fell merkismaðr hans; þá mælti hann: »Haldórr, tak upp merkit«. Haldórr svaraði ok tók upp stöngina ok mælti óvitrlíga: »hverr

mun merki bera fyrir þér, ef þú fylgir svá blauðliga, sem nú er um hríð?«. Var þat meir reiðimál en sannyrði, þvíat Haraldr var inn vápnðjarfasti maðr. Sóttu þeir þá í borgina, var þá bardagi harðr ok lauk svá, at Haraldr hafði sigr ok vann borgina. Haldórr varð sárr mjök, hafði sár mikit í andliti, ok var þat 5 lýti alla æfi, meðan er hann lifði.

## K. 10. Orrosta við iii. borg.

Sú var in iii. borg, er Haraldr kom til með her sinn, er mest var af öllum þeim, er áðr var frá sagt, ok svá var hon styrk, at þeir sá enga ván vera, at þeir fengi hana brotit. Síðan sátu þeir 10 um borgina ok gerðu umsátir, svá at engi fong mátti til flytja borgarinnar. En er þeir höfðu litla hríð dvalzk, þá fekk Haraldr sjúkleik, svá at hann lagðisk í rekkju; lét hann setja sitt landtjald brot frá öðrum landtjöldum, þvíat honum þótti sér þat ró, at heyra eigi gný ok glaum herliðsins. Menn hans kómu tíðum með 15 flokka til hans ok frá ok spyrja hann ráðagørðar; þat sá borgarmenn, at nokkurar nýlundur váru með Væringjum; gerðu þeir til njósnarmenn at forvitnask, hverju slíkt myndi gegna. En er njósnarmenn kómu aptr til borgarinnar, þá kunnu þeir segja þau tíðendi, at höfðingi Væringja væri sjúkr, ok fyrir þá sök var 20 engi atsókn til borgar. En er svá hafði liðit fram um hríð, þá minkaði mátt Haraldz; gerðusk þá hans menn mjök hugsjúkir ok daprir; slíkt alt spurðu borgarmenn. Þar kom, at svá þröngði sótt Harald, at andlát hans var sagt um allan herinn. Síðan fóru Væringjar til tals við borgarmenn ok segja þeim líflát höfðingja 25 síns, báðu kennimenn veita honum grøpt í borginni. En er borgarmenn spurðu þessi tíðendi, þá váru þeir margir, er þar réðu fyrir klaustrum eða öðrum stórstöðum í borginni, þá vildi hverr gjarna þat lík hafa til sinnar kirkju, þvíat þeir vissu, at þar myndi fylgja ofr mikit. Skryðdisk þá allr fjöldi kennimanna ok gekk 30 út ór borginni með skrin ok helga dóma ok gerðu fagra prócessiónem. En Væringjar gerðu ok mikla líkferð; var þá líkkistan borin hátt ok tjaldat yfir þellum, borin þar yfir merki mörg. En er slíkt var borit inn um borgarhlíðit, þá skutu þeir niðr kistunni um þvert hlíðit borgarinnar, fyrir hurðirnar; blésu 35 þá Væringjar í alla lúðra sína herblástr ok brugðu sverðunum; þusti þá allr Væringja herr ór herbúðunum með alvæpni ok hljópu þá til borgarinnar með ópi ok kalli. En munkar ok aðrir kennimenn, þeir er út höfðu gengit í líkferð þessa, kepðusk hvárir

við aðra, at fyrstir ok fremstir vildi út ganga at taka við ofrinu, þá var þeim nú hálfu meira kapp á því at vera sem first Væringjum, þvíat þeir drápu hvern þann, er þeim var næst, hvárt er hann var klerkr eða óvígðr. Væringjar gengu svá um alla 5 borgina þessa, at þeir drápu mannfólkit, en ræntu alla staði í borginni ok tóku þar ógrynni fjár.

#### K. 11. Frá Haraldi konungi.

Haraldr var marga vetr í hernaði þessum, er nú var frá sagt, bæði í Serklandi ok Sikileyju. Síðan fór hann aptr til Mikla- 10 garðz með her þenna ok dvalðisk þar litla hríð, áðr hann byrjaði ferð sína út í Jórsalaheim. Þá lét hann eptir málagull Grikkjakonungs ok allir Væringjar, þeir er til ferðar réðusk með honum. Svá er sagt, at í öllum ferðum þessum hafði Haraldr áttar xviii. fólkorrostur; svá segir Þjóðólfr:

15 83. Þjóð veit, at hefr háðar           hoss arnar rautt hvassar,  
hvargrimmligar rimmur           hróðigr konungr, blóði  
(rofizk hafa opt fyr jöfri)           (imr gat krós hvars kómuð)  
átján Haraldr (sáttir);           klær, áðr hingat færir.

#### K. 12. Jórsala-ferð Haraldz konungs.

20 Haraldr fór liði sínu út til Jórsalalandz, fór þá síðan yfir til Jórsalaborgar, en hvar sem hann fór um Jórsalaland, váru allar borgir ok kastalar gefnir í vald hans; svá segir Stúfr skáld, er heyrt hafði konunginn sjálfan frá þessum tíðendum segja:

84. Fór ofrhugi enn öfri           ok með ærnu ríki  
25 eggdjarfr und sik leggja           óbrunnin kom gunnar  
(fold vas víga valdi           heimil jörð und herði.  
virk) Jórsali (ok Girkjum);   Hafi ríks þars vel líkar.

Hér segir frá því, at þetta land kom óbrunnit ok óherjat í vald Haraldz. Fór hann þá út til Jórdánar ok laugaði sik þar, sem 30 háttr er til annarra pálmara. Haraldr varði stórfé til grafar dróttins ok kross ins helga ok til annarra heilagra dóma á Jórsalalandi. Þá friðaði hann veginn alt út til Jórdánar ok drap raufara ok annat hernaðarfólk; svá segir Stúfr:

85. Stóðusk rjóð ok reiði-           enn fyr afgørð sanna  
35 (rann þat svikum manna)           (illa gat frá stilli)  
Egða grams á ýmsum           þjóð fekk vísan váða.  
-orð Jórdánar borðum;           Vist of aldr með Kristi.

Þá fór hann aptr til Miklagarðz.

## K. 13. Haraldr konungr settr í dýflizu.

Þá er Haraldr var kominn til Miklagarðz af Jórsalalandi, fýsti hann at fara í Norðrlönd til óðala sinna; hafði hann þá spurt, at Magnús Ólafsson, bróðurson hans, var orðinn konungr í Nóregi ok svá í Danmörk, segir hann þá upp þjónostu við 5 Grikjakonung. En er Zóe drótning varð þessa vqr, varð hon reið mjök ok hóf upp sakagiptir við Harald, talði þat, at hann myndi hafa misfarit með Grikjakonungs fé, því er fengizk hefði í hernaði, þá er Haraldr hafði verit höfðingi yfir herinum. Mária hét ein mæz ung ok fríð, hon var bróðurdóttir Zóe drótningar; 10 þeirar meyjar hafði Haraldr beðit, en drótning synjaði. Svá hafa sagt Væringjar norðr hingat, þeir er verit hafa í Miklagarði á mála, at sú sögn væri þar höfð af fróðum mönnum, at Zóe drótning vildi sjálf hafa Harald sér til mannz, ok sú sök væri reyndar mest við Harald, er hann vildi brot fara ór Miklagarði, 15 þó at annat væri upp borit fyrir alþýðu. Þá var sá Grikja-konungr er hét Konstantínús Mónomákús; hann réð ríkinu með Zóe drótningu. Af þessum sökum lét Grikja-konungr taka höndum Harald ok fœra hann til dýflizu..

## K. 14. Jartegnir Óláfs konungs. Blindaðr Grikka-konungr. 20

En er Haraldr kom mjök svá til dýflizunnar, þá sýndisk honum inn helgi Óláfr konungr ok segir, at hann myndi hjálpa honum. Þar á strätinu var síðan kápella ok helguð Óláfi konungi, ok hefir sú kápella þar staðit síðan. Dýfliza sú var þannig gör, at þar er turn hár ok opinn ofan, en dyrr af strätinu í at ganga; 25 var Haraldr þar inn látinn ok með honum Haldórr ok Úlfr. Næstu nótt eptir kom ein rík kona ofan á dýflizuna ok hafði gengit upp með stigum nokkurum, ok þjónostumenn hennar ii; þau létu síga ofan streng nokkurn í dýflizuna ok drógu þá upp. Þessarri konu hafði inn helgi Óláfr konungr unnit bót fyrr ok 30 hafði þá vitrazk henni, at hon skyldi leysa bróður hans ór þrisund. Þá fór Haraldr þegar til Væringja, ok stóðu þeir upp allir í mót honum ok fögnuðu honum vel. Síðan vápnaðisk allr herrinn, ok gengu þar til, er konungrinn svaf; þeir taka konunginn höndum ok stinga ór bæði augun; svá segir Þórarinn Skeggjason í sinni 35 drápu:

86. Náði gorr en glóðum,  
Griklands, jofurr handa,

stólpengill gekk ströngu  
steinblindr aðalmeini.

Svá segir ok Þjóðólfr skáld:

87. Stólþengils lét stinga                    lagði allvaldr Egða  
 (styrjöld vas þá byrjuð)                    austr á bragning hraustan  
           eyðir augu bæði                        grálígt mark, en Girkja  
 5    út heiðingja sútar;                        gøtu illa fór stillir.

Í þessum tveim drápum Haraldz ok mǫrgum öðrum kvæðum hans er getit þess, at Haraldr blindaði sjálfan Grikkja-konung; nefna mætti til þess hertoga eða greifa eða annars konar tignarmenn, ef þeir vissi, at þat væri sannara, þvíat sjálfr Haraldr flutti þessa  
 10 sǫgn ok þeir menn aðrir, er þar vǫru með honum.

#### K. 15. Ferð Haraldz konungs ór Miklagarði.

Um þá sǫmu nótt gengu þeir Haraldr at þeim herbergjum, er Mária svaf í, ok taka hana í brot með valdi. Síðan gengu þeir til galeiða Væringja ok tóku tvær galeiðrnar, røru síðan inn í  
 15 Sjáviðarsund. En er þeir kómu þar, er járnrekendr lágu um þvert sundit, þá mælti Haraldr, at menn skyldi skipask til ára á hvárritveggju galeiðinni, en þeir menn, er eigi røru, skyldu allir hlaupa aprt í galeiðina ok hafa hverr húðfat sitt í faðmi sér; rendu svá galeiðrnar upp á járnrekendr; þegar er festi ok skriðinn  
 20 tók af, þá bað hann alla menn hlaupa fram í. Þá steypði galeið þeiri, er Haraldr var á, ok stókk sú af járnum við riðinn, en önnur sprakk, er reið á járnum, ok týndisk þar mart, en sumt var tekit af sundi; með þessu komsk Haraldr út af Miklagarði, fór svá inn í Svartahaf. En áðr en hann siglði frá landi, setti  
 25 hann upp á land jungfrúna ok fekk henni gott foruneyti aprt til Miklagarðz, bað hana þá segja Zóe, frændkonu sinni, hversu mikit hon hafði vald á Haraldí, eða hvárt nokkut hafði drótningar ríki fyrir staðit, at hann mætti fá jungfrúna. Þá siglði Haraldr norðr í Ellipalta, fór þaðan alt um Austrríki. Í þessum ferðum  
 30 orti Haraldr gamanvísur, ok eru saman xvi., ok er eitt niðrlag at öllum; þessi er ein:

88. Sneið fyr Sikiley víða                    vættik minnr, at motti  
           súð; vǫrum þá prúðir,                    myni enn þinig nenna;  
           brýnt skreið, vel til vǫnar,                    þó lætr Gerðr í Gørðum  
 35 vengis hjörtr und drengjum;                    gollhrings við mér skolla.

Því veik hann til Ellisifjar dóttur Jarizleifs konungs í Hólmgarði.

## K. 16. Frá Haraldi konungi.

En er Haraldr kom til Hólmgarðz, fagnaði Jarizleifr konungr honum forkunnar vel, dvalðisk hann þar um vetrinn; tók þá í sína varðveizlu gull þat alt, er hann hafði þannug áðr sent útan af Miklagarði, ok margs konar dýrgripi; var þat svá mikit fé, at 5 engi maðr norðr í lond hafði sét slíkt í eins mannz eigu. Haraldr hafði þrisvar komit í pólútasvarf, meðan hann var í Miklagarði. Pat eru þar lög, at hvert sinn er Grikkja-konungr deyr, þá skulu Væringjar hafa pólútasvarf; þeir skulu þá ganga um allar pólútir konungs, þar sem féhirzlr hans eru, ok skal hverr þá eignask at 10 frjálsu, er hõndum kœmr á.

## K. 17. Kvánfang Haraldz konungs.

Pann vetr gipti Jarizleifr konungr dóttur sína Haraldi, sú hét Elísabeth, þá kalla Norðmenn Ellisif; þetta tjár Stúfr blindi: 89. Mægð gat allvaldr Egða golls tók gumna spjalli 15 ógnar mildr þás vildi; gnótt ok bragnings dóttur. En at vári byrjaði hann ferð sína ór Hólmgarði ok fór um várit til Aldeigjuborgar, fekk sér þar skip ok siglði austan um sumarit; snøri fyrst til Svíþjóðar ok lagði til Sigtúna; svá segir Valgarðr af Velli: 20

90. Skauzt und farm enn frízta stýrðir hvatt í hõrðu  
(frami veitisk þér) beiti, hvardyggr jöfurr glyggvi,  
farðir goll ór Gørðum sátt þás sædrif létti  
(grunlaust) Haraldr austan; Sigtún, en skip hnigðu.

## K. 18. Félag Haraldz konungs ok Sveins Ulfssonar. 25

Haraldr fann þar Svein Ulfsson; þat haust hafði hann flýit fyrir Magnúsi konungi við Helganes. En er þeir funnusk, fagnaði hvárr öðrum vel. Óláfr scenski Svía-konungr var móðurfaðir Ellisifjar, konu Haraldz, en Ástríðr, móðir Sveins, var systir Óláfs konungs. Gerðu þeir Haraldr ok Sveinn félagskap sinn ok 30 bundu einkamálum. Allir Svíar váru vinir Sveins, þvát hann átti þar ina stærstu ætt í landi. Gerðusk þá ok allir Svíar vinir Haraldz ok liðsinnismenn; var þar mart stórmenni bundit í mægðum við hann; svá segir Þjóðólfr:



ekki ófært ok hann hafði ávalt sigr, er hann barðisk; hann var ok svá auðigr at gulli, at engi vissi dæmi til; svá segir Þjóðólfr:

96. Nú 's valmeiðum viðis, mildr vill Magnús halda  
 veit drótt mikinn ótta, morðs hlunngotum norðan,  
 (skeiðr hefr herr fyr hauðri) ítr en önnur skreytir 5  
 hætt góðs friðar vætta; unnvigg Haraldr sunnan.

#### K. 21. Sættaleitan Magnús konungs við Harald.

Menn Magnús konungs, þeir er váru í ráðagörð með honum, tala þat, at þeim þykkir í vant efni komit, ef þeir Haraldr frændr skulu berask banaspjót eptir; bjóðask margir menn til þess, at 10 fara ok leita um sættir með þeim, ok af þeim fyrirtölum samþykkisk konungr því. Váru þá menn gørvir á hleypiskútu, ok fóru þeir sem skyndiligast suðr til Danmerkr; fengu þar til danska menn þá er fullkomnir váru vinir Magnús konungs, at bera þetta ørendi Haraldí. Þetta mál fór mjök af hljóði. En er 15 Haraldr heyrði þetta sagt, at Magnús konungr, frændi hans, myndi bjóða honum sætt ok félagsskap ok Haraldr myndi hafa skulu hálfan Nóreg við Magnús, en hvárr þeira við annan hálf lausafé beggja þeira, þá játtaði Haraldr þeiri sætt af sinni hendi. Fóru þessi einkamál þá aprt til Magnús konungs. 20

#### K. 22. Brugðit sætt Haraldz ok Sveins.

Lítlu síðarr var þat, at Haraldr ok Sveinn töludu kveld eitt við drykkju; spurði Sveinn, hverja gripi Haraldr hefði, þá er honum væri virkð mest á. Hann svarar svá, at þat var merki hans Landeyðan. Þá spurði Sveinn, hvat merkinu fylgði þess, er 25 þat var svá mikil gørsimi. Haraldr segir, at þat var mælt, at sá myndi hafa sigr, er merkit er fyrir borit, segir, at svá hafði orðit, síðan er hann fekk þat. Sveinn svarar: »þá mun ek trúa, at sú náttúra fylgi merkinu, ef þú átt iii. orrostur við Magnús konung, frænda þinn, ok hefir þú sigr í öllum«. Þá segir Haraldr 30 styggliga: »veit ek frændsemi okkra Magnús, þótt þú minnir mik ekki á þat, ok er eigi fyrir því svá, at vit farimk í mót með herskildi, at eigi myndi okrir fundir aðrir vera skapligri«. Sveinn brá þá lit við ok mælti: »geta þessa sumir, Haraldr, at þú hafir gørt svá fyrr, at halda þat einu af einkamálum, er þér þykkir 35 sem þitt mál dragi helzt fram«. Haraldr svarar: »minni staði muntu á vita, at ek hafa eigi haldit einkamálin, en ek veit, at Magnús konungr myni kalla, at þú hafir haldit við hann«. Gekk



þá sína leið hvárr þeira. Um kveldit, er Haraldr gekk til svefns í lypting á skipi sínu, þá mælti hann við skósvein sinn: »nú mun ek eigi liggja í hvílunni í nótt, þvíat mér er grunr á, at eigi myni alt vera svikalaust; ek fann í kveld, at Sveinn, mágr minn, 5 varð reiðr mjök við bermæli mína; skaltu halda vörð á ef hér verðr nokkut í nótt til tíðenda« Gekk þá Haraldr í annan stað at sofa, en lagði þar í rúm sitt tréstobba einn. En um nóttina var roit á báti at lyptingunni, ok gekk þar maðr upp ok spretti lyptingartjaldinu, gekk síðan upp hjá ok hjó í rúm Haraldz með 10 mikilli øxi, svá at fōst stóð í trénu; hljóp maðr sjá þegar út í bátinn, en niðamykr var á, røri hann þegar í brot, en øxin var eptir til jartegna, stóð hon fōst í trénu. Síðan vakði Haraldr upp menn sína ok lét þá vita, við hver svik þeir váru komnir— »megum vér þat sjá, segir hann, at vér høfum hér ekki liðs við Svein, 15 þegar er hann slæsk á svikræði við oss; mun sá vera inn beztí kost, at leita á brot heðan, meðan kost er; leysu vér nú skip vár ok róum leyniliga í brot«. Þeir gera svá, róa um nóttina norðr með landi, fara dag ok nótt, þar til er þeir finna Magnús konung, þar er hann lá með her sínum. Gekk þá Haraldr á fund 20 Magnús konungs, frænda síns, ok varð þar fagnafundr, svá sem Þjóðólfr segir:

97.	Vatn lézt, vísi, slitna,	bauð hölf við sik síðan
	víðkunnr, und skor þunnri	sonr Áleifs þér (hála
	(dýr klufu flóð), þars fóruð	frændr hykk at þar myndisk
25	(flaust) í Danmørk austan;	fegnir) lönd ok þegna.

Síðan töludu þeir frændr milli sín, fór þat alt sáttgjarnliga.

#### K. 23. Magnús konungr gaf Haraldí hálfan Nóreg.

Magnús konungr lá við land ok hafði landtjald á landi uppi; hann bauð þá Haraldí frænda sínum til borðz síns, ok gekk 30 Haraldr til veizlunnar með lx. manna; var þar allfōgr veizla. En er á leið daginn, gekk Magnús konungr inn í tjaldit, þar sem Haraldr sat; menn gengu með honum ok báru byrðar, þat váru vápn ok klæði. Þá gekk konungr at inum ýzta manni ok gaf þeim sverð gott, qðrum skjöld, þá klæði eða vápn eða gull, þeim stœrra 35 er tígnari váru. Síðarst kom hann fyrir Harald, frænda sinn, ok hafði í hendi sér reyrtina ii. ok mælti svá: »hvárn viltu hér þiggja teininn?«. Þá svarar Haraldr: »þann, er nærri er mér«. Þá mælti Magnús konungr: »með þessum reyrspota gef ek yðr hálf t Nóregs-veldi með qlum skyldum ok skottum ok allri eign,

er þar liggur til, með þeim formála, at þú skalt jafnrétt konungur í öllum stöðum í Nóregi sem ek; en þá er vér erum allir saman, skal ek vera fyrirmaður í heilsan ok þjónan ok at sæti; ef iii. eru tígnir menn, skal ek milli sitja; ek skal hafa konungslægi ok konungsbyggju; þér skuluð ok styðja ok styrkja vart ríki í þann stað, at vér gerðum yðr at þeim manni í Nóregi, er vér hugðum, at engi skyldi verða, meðan várr hauss væri uppi fyrir ofan mold«. Þá stóð upp Haraldr ok þakkaði honum vel tígn ok vegsemð. Setjask þá niðr báðir ok váru allkátir þann dag; um kveldit gekk Haraldr ok hans menn til skips síns. 10

#### K. 24. Haraldr konungur veitti Magnúsi konungi.

Eptir um morgininn lét Magnús konungur blása til þings öllu liðinu. En er þing var sett, þá lýsti Magnús konungur fyrir öllum mönnum gjöf þeiri, er hann hafði gefit Harald, frænda sínum. Þórir af Steig gaf Harald konungsnafn þar á þinginu. 15 Þann dag bauð Haraldr konungur Magnúsi konungi til borðs síns, ok gekk hann um daginn með lx. manna til landtjalda Haraldz konungs, þar sem hann hafði veizlu búit. Váru þar þá báðir konungarnir í samsæti, ok var þar veizla fagr ok veitt kappsamliga, váru konungarnir kátir ok glaðir. En er á leið daginn, þá lét Haraldr konungur bera í tjaldit tóskur mjök margar; þar báru menn ok klæði ok vápn ok annars konar gripi; þat fé miðlaði hann, gaf hann ok skipti með mönnum Magnús konungs, þeim er váru í veizlunni. Síðan lét hann leysa tóskurnar, mælti þá til Magnús konungs: »þér veittuð oss fyrra dag ríki mikit, er þér 25 höfðuð unnit áðr af óvinum yðrum ok várum, en tókuð oss til samlags við yðr; var þat vel gort, þvíat þér hafið mikit til unnit. Nú er hér í annan stað, at vér höfum verit útlendis ok höfum þó verit í nokkurum mannhættum, áðr en ek hefi saman komit þessu gulli, er þér munuð nú sjá mega; vil ek þetta leggja til 30 félags við yðr; skulum vit eiga lausafé alt jöfnum höndum, svá sem vit eigum ríki hálfvát hvárr okkarr í Nóregi. Ek veit, at skaplyndi okkat er ólíkt; ertu maður miklu orvari en ek, munu vit skipta fé þessu með okkr at jafnaði, ferr þá hvárr með sinn hlut sem vill«. Síðan lét Haraldr breiða niðr nautshúð mikla ok 35 steypa þar á gullinu ór tóskunum; síðan váru skálir teknar ok met, reitt í sundr féit, skipt öllu með vágum, ok þótti öllum mönnum, er sá, mikil furða, er í Norðrlöndum skyldi vera svá mikil gull saman komit í einn stað. Þetta var þó reyndar Grikkja-

konungs eiga ok auðr, sem allir menn segja, at þar sé rautt gull húsum fullum. Konungarnir váru þá allkátir. Þá kom upp staup eitt, þat var svá mikit sem mannhöfuð; tók Haraldr konungr upp staupit ok mælti: »hvar er nú þat gull, Magnús frændi, er þú leiðir í móti þessum knapphöfða?«. Þá svarar Magnús konungr: »svá hefir gefizk ófriðr ok stórir leiðangrar, at nálíga alt gull ok silfr er upp gengit, þat er í minni varðveizlu er. Nú er eigi meira gull en hringr þessi í minni eign« — tók hringinn ok seldi Haraldí. Hann leit á ok mælti: »þat er lítit gull, frændi, 10 þeim konungi, er ii. konunga ríki á, en þó munu sumir ifa um, hvárt þú átt þenna hring«. Þá segir Magnús konungr áhyggjusamlíga: »ef ek á eigi þenna hring at réttu, þá veit ek eigi, hvat ek hefi rétt fengit, þvíat Óláfr konungr inn helgi, faðir minn, gaf mér þenna hring á inum öfsta skilnaði«. Þá svarar Haraldr 15 konungr hlæjandi: »satt segir þú, Magnús konungr, faðir þinn gaf þér hringinn; þann hring tók hann af föður mínum fyrir ekki mikla sök; er þat ok satt, at þá var ekki gott smákonungum í Nóregi, er faðir þinn var sem ríkistr«. Haraldr konungr gaf Steigarþóri at veizlunni mǫsurbolla; hann var girðr með silfri, 20 ok silfrhadda yfir ok gylt hvártveggja ok fullr upp af skírum silfrpenningum; þar fylgðu ok ii. gullhringar ok stóðu mǫrk báðir saman; hann gaf honum ok skikkju sína, þat var brúnn purpuri, hvít skinn með, ok hét honum miklum metnaði ok vináttu sinni. Þorgíls Snorrason sagði svá at hann sá altárisklæðit, þat er gort 25 var ór mǫtlinum, en Guðríðr, dóttir Guthorms Steigarþórissonar, sagði, at hon kvað Guthorm föður sinn eiga bollann, svá at hon sá. Svá segir Þolverkr:

98. Heimil varð, es ek heyrða, endisk ykkar frænda  
 hoddstríðir, þér síðan, allfriðliga á miðli  
 30 grœn, en goll bautt hǫnum, sætt, en síðan vætti  
 grund es Magnús funduð; Sveinn rómǫldu einnar.

#### K. 25. Frá Magnúsi konungi.

Magnús konungr ok Haraldr konungr réðu báðir Nóregi inn næsta vetr eptir sætt þeira, ok hafði sína hirð hvárr þeira. Þeir 35 fóru um vetrinn um Uplǫnd at veizlum, ok váru stundum báðir samt, en stundum sér hvárr þeira. Þeir fóru alt norðr til Þrándheims ok til Niðaróss. Magnús konungr hafði varðveitt helgan dóm Óláfs konungs, síðan er hann kom í land, klipði hár hans ok negl á hverjum xii. mánuðum ok hafði sjálfr lykíl þann, er

skrínit mátti upp lúka með. Urðu þá margs konar jartegnir at helgum dómi Óláfs konungs. Brátt gerðusk greinir í um samþykki konunganna, ok váru margir svá illgjarnir, at þeira gengu svá illa í milli.

## K. 26. Frá Sveini Úlfssyni.

5

Sveinn Úlfsson lá eptir í svefni, þá er Haraldr hafði brot farit. Síðan leiddi Sveinn atspurningum um farar Haraldz. En er hann spurði, at Haraldr ok Magnús höfðu sæzk ok þeir höfðu þá einn her báðir, þá helt hann liði sínu austr fyrir Skáneyrarsíðu ok dvalðisk þar til þess, er hann spurði um vetrinn, at Magnús ok Haraldr höfðu norðr haldit liði sínu til Nóregs. Síðan helt Sveinn sínu liði suðr til Danmerkr, ok tók hann þar allar konungstekjur þann vetr.

## K. 27. Um konungslægi.

En er vára tók, buðu þeir út leiðangri ór Nóregi, Magnús konungr ok Haraldr konungr. Þat bar at eitt sinn, at Magnús konungr ok Haraldr konungr lágu í einni höfn, en um daginn eptir var Haraldr fyrri búinn ok siglði hann þegar, en at kveldi lagði hann til hafnar, þar sem þeir Magnús konungr höfðu ætlat at vera þá nótt. Haraldr lagði sínu skipi í konungslægi ok tjaldaði þar. Magnús konungr siglði síðarr um daginn, ok kómu þeir svá til hafnar, at þeir Haraldr höfðu tjaldat áðr; sjá þeir, at Haraldr hafði lagit í konungslægi ok hann ætlaði þar at liggja. En er þeir Magnús konungr höfðu hlaðit seglum sínum, þá mælti Magnús konungr: »greiði menn nú róðrinn ok setisk með endilöngum borðum, sumir brjóti upp vápn sín ok vápnisk; en með því at þeir vilja eigi brot leggja, þá skulu vér berjask«. En er Haraldr konungr sér, at Magnús konungr ætlaði at leggja til orrostu við þá, þá mælti hann við sína menn: »hoggvið þér festarnar ok látið slá skipunum ór lægi; reiðr er Magnús frændi«. Svá gerðu þeir, þeir lögðu skipum ór læginu; Magnús konungr leggr sínum skipum í lægit. Þá er hvárrtveggi hafði um búizk, gekk Haraldr konungr með nokkura menn á skip Magnús konungs; konungr fagnaði honum vel, bað hann vel kominn. Þá svarar Haraldr konungr: »þat hugða ek, at vér værim með vinum komnir, en nokkut grunaði mik um hríð, hvárt þér munduð svá vilja vera láta; en þat er satt, er mælt er, at bráðgeð er bernska; vil ek virða eigi á aðra lund, en þetta væri æskubragð«. Þá

segir Magnús konungr: »þat var ættarbragð en eigi æsku, þótt ek mætta muna, hvat ek gaf eða hvat ek varnaða; ef þessi lítil hlutr væri nú tekinn fyrir vart ráð, þá myndi brátt vera annarr; en alla sætt viljum vér halda, þá er gǫr er, en þat sama viljum  
 5 vér af yðr hafa, sem vér eigum skilt.« Þá segir Haraldr konungr: »þat er ok forn siðr, at inn vitrari vægi« — gekk þá aptr á skip sitt. Í þvílíkum viðskiptum konunganna fannzk þat, at vant var at gæta til; tǫlðu menn Magnús konungs, at hann hefði rétt at mæla, en þeir, er óvitrir váru, tǫlðu þat, at Haraldr væri  
 10 nǫkkut svívirðr. En Haraldz konungs menn sǫgðu þat, at eigi væri á aðra lund skilt, en Magnús konungr skyldi lægi hafa, ef þeir kvæmi jamsnimma, en Haraldr væri eigi skyldr at leggja ór læginu, ef hann lægi fyrir, tǫlðu hafa Harald vitrliga ok vel; en þeir er verr vildu um ræða, tǫlðu, at Magnús konungr vildi  
 15 rjúfa sætt, ok tǫlðu, at hann hefði gǫrt rangt ok ósæmð Haraldi konungi. Við slíkar greinir gerðisk brátt umræða óvitra manna til þess, at konungum varð sundrþykki at; mart fannzk þá til þess, er konungunum þótti sinn veg hvarum, þótt hér sé fátt ritat.

20 K. 28. Andlát Magnús konungs góða.

Magnús konungr ok Haraldr konungr heldu her þeim suðr til Danmerkr. En er Sveinn spurði þat, þá flýði hann undan austr á Skáni. Þeir Magnús konungr ok Haraldr konungr dvǫlðusk lengi um sumarit í Danmǫrk, lǫgðu þá land alt undir  
 25 sik. Þeir váru á Jótlandi um haustit. Þat var eina nótt, þá er Magnús konungr lá í hvílu sinni, at hann dreymði ok þóttisk staddr þar sem var faðir hans, inn helgi Óláfr konungr, ok þótti hann mæla við sik: »hvárn kost viltu sonr minn, at fara nú með mér eða verða allra konunga ríkastr ok lifa lengi ok gera þann  
 30 glǫep, at þú fáir annat hvárt bætt trautt eða eigi?«. En hann þóttisk svara: »ek vil, at þú kjósir fyrir mína hǫnd«. Þá þótti honum konungrinn svara: »þá skaltu með mér fara«. Magnús konungr segir draum þenna mǫnnum sínum. En lítlu síðarr fekk hann sótt ok lá þar sem heitir Súðaþorp. En er hann var nær  
 35 kominn bana, þá sendi hann Þóri, bróður sinn, til Sveins Ulfsonar, at hann skyldi veita hjálp Þóri, þá sem hann þyrpti; þat fylgði orðsendingunni, at Magnús konungr gaf Sveini Dana-veldi eptir sinn dag, segir, at þat var makligt, at Haraldr réði fyrir Nóregi, en Sveinn fyrir Danmǫrku. Síðan andaðisk Magnús kon-

ungr góði, ok var hann allmjök harmdauði allri alþýðu; svá segir Oddr Kíkinaskáld:

99. Feldu menn, þás mildan	deildisk hugr, svát heldu	
morg tór, í gröf bóru,	húskarlar grams varla,	
þung byrðr vas sú, þengil,	siklings þjóð en síðan	5
þeim es hann gaf seima;	sat opt hnipin, vatni.	

#### K. 29. Líkferð Magnús konungs.

Eptir þessi tíðendi hafði Haraldr konungr þing við liðit, segir mönnum ætlan sína, at hann vill fara með herinum til Vébjarga-þings ok láta sik taka til konungs yfir Dana-veldi, <sup>10</sup> vinna síðan landit; telr þat jamvel sína erfð sem Nóregs-veldi eptir Magnús frænda sinn; biðr þá liðit efla sik, lætr þá munu Norðmenn vera allan aldr yfirmenn Dana. Þá svarar Einarr þambarskelfir, lét sér vera skyldra, at flytja Magnús konung, fóstura sinn, til graptar ok fœra hann feðr sínum, Óláfi konungi, <sup>15</sup> en berjask útlendis eða girnask annars konungs veldi ok eign; lýkr svá málinu, at betra þótti honum at fylgja Magnúsi konungi dauðum en hverjum annarra konunga lifanda; lét síðan taka líkit ok búa um vegliga, svá at sjá mátti umbúnaðinn á konungskipit. Þá þjoggusk allir Þrændir ok Norðmenn til heimfarar <sup>20</sup> með líki Magnús konungs ok raufsk leiðangrinn. Sér þá Haraldr konungr þann kost inn bezta, at fara aprt til Nóregs ok eignask fyrst þat veldi ok eflask þaðan at liði. Fór nú Haraldr konungr aprt með öllu liðinu í Nóreg. En þegar er hann kom til Nóregs, þá átti hann þing við landzmenn ok lét taka sik til konungs <sup>25</sup> um alt land; fór hann svá alt austan um Víkina, at hann var til konungs tekinn í hverju fylki í Nóregi.

#### K. 30. Frá Magnúsi konungi.

Einarr þambarskelfir fór með líki Magnús konungs ok með honum allr Þrændra-herr, ok fluttu til Niðaróss, ok var hann þar <sup>30</sup> jarðaðr at Klemenskirku; þar var þá skrin ins helga Óláfs konungs. Magnús konungr hafði verit meðalmaðr á vöxt, réttleitr ok ljósleitr ok ljóss á hár, snjallmæltr ok skjótráðr, skörunglyndr, inn mildasti af fé, hermaðr mikill ok inn vápnðjarfasti; allra konunga var hann vinsælstr, bæði lofuðu hann vinir ok óvinir. <sup>35</sup>

## K. 31. Frá Sveini konungi Ulfssyni.

Sveinn Ulfsson var þat haust staddr á Skáni ok byrjaði ferð sína austr í Svía-veldi ok ætlaði at gefa upp tignarnafn þat, er hann hafði tekit í Danmørk. En er hann var kominn til hests  
 5 síns, þá riðu þar til hans menn nokkurir ok segja honum tíðendin, þau in fyrstu, at andaðr er Magnús konungr Ólafsson ok þat með, at allr Norðmanna-herr var í brot farinn ór Danmørk. Sveinn svarar því skjótt ok mælti: »Því skýt ek til guðs, at aldri síðan skal ek flýja Dana-veldi, meðan ek lifi«; stígr hann þá á hest  
 10 sinn ok ríðr þá suðr á Skáni; dreif þá þegar mikit lið til hans. Þann vetr lagði hann undir sik alt Dana-veldi, tóku þá allir Danir hann til konungs. Þórir, bróðir Magnús konungs, kom til Sveins um haustit með orðsendingum Magnús konungs, svá sem fyrr var ritat; tók Sveinn vel við honum, ok var Þórir lengi með  
 15 honum síðan í góðu yfirlæti.

## K. 32. Af Haraldi konungi Sigurðarsyni.

Haraldr konungr Sigurðarson tók konungdóm yfir öllum Nóregi eptir andlát Magnús konungs Ólafssonar. En er hann hafði ráðit Nóregi einn vetr ok er at vári kom, þá bauð hann  
 20 leiðangri út af öllu landi, hálfum almenníngi at liði ok skipum, ok helt suðr til Jótlandz; hann herjaði um sumarit víða ok brendi ok lagði í Goðnarfjörð. Þá orti Haraldr konungr þetta:  
 100. Látum vér, meðan lirlar -gerðr, í Goðnarfirði,  
 lín-, eik, veri sínum galdr, akkeri halda.  
 25 Þá mælti hann til Þjóðólfs skáldz, bað hann þar við yrkja; hann kvað:  
 101. Sumar annat skal sunnar vér aukum kaf króki,  
 (segek eina spó) fleini, kaldnefr furu halda.  
 Til þess vísar Þolverkr í sinni drápu, at Haraldr fór it næsta  
 30 sumar eptir andlát Magnús konungs til Danmerkr:  
 102. Leiðangr bjótt af láði skokkr lá dýrr á dökkri,  
 (lög gekk of skip) föggru, Danir vöru þá, bóru,  
 gjalfrstóðum reist grœði (skeiðr sá herr fyr haðri  
 glæstum, ár et næsta; hlaðnar) illa staðnir.  
 35 Þá brendu þeir bæ Porkels geysu; hann var höfðingi mikill; váru þá leiddar døtr hans bundnar til skipa. Þær höfðu gort spott mikit áðr um vetrinn um þat, at Haraldr konungr myndi fara til Danmerkr með herskipum; þær skáru ór osti akkeri ok segja, at

slík myndi vel mega halda skipum Nóregs konungs; þá var þetta kveðit:

103. Skóru jast ór osti	nú sér mörq í morgin	
(eybaugs) Dana meyjar	mær (hlær at því færi)	
(þau of qngruðu þengil	cernan krók ór jáрни	5
þing) akkeris hringa;	allvalds skipum halda.	

Svá segja menn, at njósnaðr mælti, sá er sét hafði flota Haraldz konungs, við dætr Porkels geysu: »þat sogðu þér, Geysu-dætr, at Haraldr myndi eigi koma til Danmerkr«. Dóttu segir: »svá var í gjárna«. Porkell leysti út dætr sínar með ógrynni 10 fjár; svá segir Grani:

104. Lét aldriqi úti	Fila dóttinn rak flóttu	
ósvífr Kraka drífu	fjanda grams til strandar;	
Hlökk í harða þjokkum	auð varð út at reiða	
Hornskógi bró þorna;	allskjótt faðir Dóttu.	15

Haraldr konungr herjaði alt þetta sumar Dana-veldi ok fekk ógrynni fjár, en ekki varð hann ílendr á því sumri í Danmörk. Fór hann aptr um haustit til Nóregs ok var þar um vetrinn.

### K. 33. Kvánfang Haraldz konungs ins harðráða.

Haraldr konungr fekk Þóru Þorbergsdóttur Árnasonar inn 20 næsta vetr eptir en Magnús konungr inn góði andaðisk. Þau áttu ii. sonu, hét inn ellri Magnús en annarr Óláfr. Haraldr konungr ok Ellisif drótning áttu dætr ii., hét qnnur Mária, en qnnur Ingigerðr. En it næsta vár eptir þessa herfqr, er nú var áðr frá sagt, bauð Haraldr konungr liði út ok fór um sumarit til 25 Danmerkr ok herjaði, ok síðan hvert sumar eptir annat; svá segir Stúfr skáld:

105. Autt varð Falstr, at fréttum	gœddr vas hrafn, en hræddir
fekk drótt mikinn ótta,	hvert ár Danir vqru.

### K. 34. Frá Sveini konungi.

30

Sveinn konungr réð fyrir öllu Dana-veldi, síðan er Magnús konungr andaðisk; hann sat um kyrt á vëtrum, en lá úti með almenning á sumrum ok heitaðisk at fara norðr í Nóreg með Dana-her ok gera þar eigi minna ilt, en Haraldr konungr gerði í Dana-veldi. Sveinn konungr bauð Haraldi konungi um vetrinn, 35 at þeir skyldi finnask um sumarit eptir í Elfinni ok berjask þar til þrautar eða sættask ella. Þá tóku hváirtveggju allan vetrinn at búa skip sín, ok hafa úti hálfan almenning báðir eptir um



sumarit. — Þat sumar kom útan af Íslandi Þorleikr fagri ok tók at yrkja flokk um Svein konung Ulfsson; hann spurði, þá er hann kom norðr í Nóreg, at Haraldr konungr var farinn suðr til Elfar móti Sveini konungi; þá kvað Þorleikr þetta:

- 5 106. Vǫn 's at vísa kœnan þar má enn hvárr annan  
 vígs á Rakna stígum ǫndu nemr eða ǫndum  
 ǫrt í odda snertu (lítt hyggr Sveinn á sáttir  
 Innþrœnda lið finni; sjaldfestar) goð valda.

Ok enn kvað hann þetta:

- 10 107. Fœrir reiðr, sás rauða en lauks of sæ sækja  
 rǫnd hefr opt fyr landi, Sveins fagrdrifin steini  
 breið á Buðla slóðir glæsídyr, þess 's geira,  
 borðraukn Haraldr norðan, gollmunnud, rýðr, sunnan.

Haraldr konungr kom til ákveðinnar stefnu með her sinn; þá spurði hann, at Sveinn konungr lá suðr við Sjáland með flota sínum. Þá skipti Haraldr konungr liði sínu, lét aptr fara flestan bóndaherinn; hann fór með hirð sinni ok lendum mǫnnum ok vildarliðinu, ok þat alt af bóndaliðinu, er næst var Dǫnum. Þeir fóru suðr til Jótlandz fyrir sunnan Vendilskaga, svá suðr um

- 20 Þjóðu, fóru þar alt herskildi; svá segir Stúfr skáld:  
 108. Flýðu þeir á Þjóðu stórt réð hugprútt hjarta.  
 þengils fund af stundu; Haralds ǫnd ofar ǫndum.  
 Alt fóru þeir suðr til Heiðabýjar, tóku kaupstaðinn ok brendu;  
 þá ortu menn Haraldz konungs þetta:

- 25 109. Brendr vas upp með endum vǫn 's at vinnim Sveini,  
 allr, en þat má kalla (vask í nótt fyr óttu)  
 hraustligt bragð es hugðak, gaus hár ǫgi ór húsum,  
 Heiðabœr af reiði; harm (á borgar armi).

Þessa getr Þorleikr ok í sínum flokki, þá er hann hafði spurt,  
 30 at eigi hafði tekizk orrosta við Elfi:

110. Hvé hefr til Heiðabœjar þás til þengils býjar  
 heiptgjarn konungr arnat, þarflaust Haraldr austan  
 folkrognir, getr fregna ár, þat 's án of væri,  
 fylkis sveit, hinn 's veitat, endr byrskíðum rendi.

- 35 K. 35. Undanferð Haraldz konungs á Jótlandzhafi.

Þá fór Haraldr norðr ok hafði lx. skipa, ok váru flest stór ok hlaðin mjök af herfangi, er þeir hǫfðu tekit um sumarit. En er þeir kómu norðr fyrir Þjóðu, þá kom Sveinn konungr ofan af landi með her mikinn; hann bauð þá Haraldi konungi at berjask

ok ganga á land. Haraldr konungr hafði lið meirr en hálfu minna; hann bauð þó Sveini konungi at berjask á skipum við sik; svá segir Þorleikr fagri:

III. Bauð, sá 's beztrar tíðar	þó lézk heldr, ef heldi	
borinn varð und Miðgarði,	hvatráðr konungr láði,	5
rikri þjóð at rjóða	á byrjar val berjask	
randir Sveinn á landi;	bilstyggr Haraldr vilja	

Eptir þetta siglði Haraldr norðr fyrir Vendilskaga; bægði þeim þá veðr, ok lögðu undir Hlésey ok lágu þar um nótt. Þá gerði mjörkva sælægjan. En er mornaði ok sól rann upp, þá sá þeir 10 annan veg á hafit, sem eldar nokkurir brynni. Þá var þat sagt Haraldi konungi; þá sá hann ok mælti þegar: »láti tjöld af skipunum, ok taki menn róðr; Dana-herr mun kominn at oss; mun hroðit myrkvanum þar sem þeir eru, mun sól skína á dreka-höfuð þeira, þau er gulllögð eru«. Svá var sem Haraldr sagði; 15 var þar þá kominn Sveinn Dana-konungr með óvígjan her. Røru þá hváirtveggju sem mest máttu. Danir höfðu skip árfljótari, en Norðmanna skip váru bæði sollin ok sett mjök; dró þá saman mjök með þeim. Þá sá Haraldr, at eigi myndi hlýða svá búit. Dreki Haraldz konungs fór síðarst allra skipa hans. Þá mælti 20 Haraldr konungr, at kasta skyldi fyrir borð viðum ok láta á koma klæði ok gripi góða. Logn var svá mikit, at þetta hóf fyrir straumi. En er Danir sá fé sitt reka á hafinu, þá viku þeir þar til, er fyrstir fóru, þótti þetta dælla at taka, er laust flaut, en sækja inn um borð at Norðmönnum; dvalðisk þá eptirróðrinn. 25 En er Sveinn konungr kom eptir þeim með sín skip, eggjaði hann ok kvað skömm mikla vera, svá mikinn her sem þeir höfðu, ef þeir skyldu eigi fá tekit þá, er þeir höfðu lið lítit, ok eiga vald þeira. Þá tóku Danir ok herðu róðrinn í annat sinn. En er Haraldr konungr sá, at meira gengu skipin Dana, þá bað hann 30 sína menn létta skipin ok bera fyrir borð malt ok hveiti ok flesk ok höggva niðr drykk sinn; stóð þá við um hríð. Þá lét Haraldr konungr taka víggýrðla ok verpla ok tunnur, er tómar váru, ok kasta fyrir borð, ok þar með herteknum mönnum. En er þat rak alt saman á sjánum, þá bað Sveinn konungr hjálpa 35 mönnum, ok var svá gort. Í þeiri dvöl dró sundr með þeim; snøru þá Danir aptr, en Nóregs-menn fóru leið sína; svá segir Þorleikr fagri:

III. Alt of frákr, hvé elti	Sveinn, en siklingr annarr	
austmenn á veg flausta	snarlundaðr helt undan;	40

fengr varð Þrœnda þengils allr á éli sollnu  
(þeir létu skip fleiri) Jótlands hafi fljóta.

Sveinn konungr veik aptr flotanum undir Hlésey, hitti þar vii.  
skip af Norðmönnum, þat var leiðangrslíð ok bæendr einir; en er  
5 Sveinn konungr kom at þeim, þá báðu þeir sér griða ok buðu  
fé fyrir sik; svá segir Þorleikr fagri:

113. Sætt buðu seggja drótni ok snarráðir síðan  
siklings vinir mikla, sókn es orðum tókusk  
svofðu hjaldr þeirs hofðu (önd vas ýta kindum  
10 hugstinnir líð minna; óförl) búendr dvöfðu.

### K. 36. Frá Haraldi konungi.

Haraldr konungr var maðr ríkr ok stjórnsamr innanlandz,  
spekingr mikill at viti, svá at þat er alþýðu mál, at engi hofðingi  
hafi sá verit á Norðrhlöndum, er jafndjúpvitr hafi verit sem  
15 Haraldr eða ráðsnjallr; hann var orrostumaðr mikill ok inn  
vápndjarfasti; hann var sterkr ok vápnfœrr betr en hvern maðr  
annarra, svá sem fyrr er ritat; en þó er mikla fleira óritat hans  
frægðarverka; kœmr til þess ófrœði vár ok þat annat, at vér  
viljum eigi setja á bœkr vitnislausar sögur; þótt vér hafim heyr  
20 rœður eða getit fleiri hluta, þá þykkir oss heðan í frá betra, at  
við sé aukit, en þetta sama þurfi ór at taka. Er saga mikil frá  
Haraldi konungi sett í kvæði, þau er íslenzkir menn færðu honum  
sjálfum eða sonum hans; var hann fyrir þá sök vinr þeira mikill.  
Hann var ok inn mesti vinr hegat til allra landzmannna; ok þá er  
25 var mikit hallæri á Íslandi, þá leyfði Haraldr konungr fjórum  
skipum mjölleyfi til Íslandz ok kvað á, at ekki skippund skyldi  
vera dýrra en fyrir ca. vaðmála; hann leyfði útanferð öllum  
fátækjum mönnum þeim er sér fengi vistir um haf, ok þaðan af  
nærðisk land þetta til árferðar ok batnaðar. Haraldr konungr  
30 sendi út hingat klukku til kirkju þeirar, er inn helgi Óláfr  
konungr sendi við til, er sett var á alþingi. Þvílík minni hafa  
menn hingat Haraldz konungs ok mörq önnur í störgjöfum, er  
hann veitti þeim mönnum, er hann sóttu heim. Haldórr Snorra-  
son ok Úlfr Óspaksson, þeir er fyrr var getit, kómu í Nóreg með  
35 Haraldi konungi. Þeim var ólíkt farit at mörqu; Haldórr var  
manna mestr ok sterkastr ok inn fríðasti; þat vitni bar Haraldr  
konungr honum, at hann hafi verit þeira manna með honum, er  
sitz brygði við váveifliga hluti, hvárt er þat var mannháski eða  
fagnaðartíðendi eða hvat sem at hendi kom í háska, þá var hann

eigi glaðari ok eigi óglaðari; eigi svaf hann meira né minna eða drakk eða neytti matar, en svá sem vanði hans var til. Haldórr maðr fámæltr ok stírðorðr, bermæltr ok stríðlundaðr ok ómjúkr, en þat kom illa þá við konung, er hann hafði gnóga aðra með sér gøfga menn ok þjónostufulla. Dvalðisk Haldórr lítla hríð með 5 konungi, fór hann til Íslandz, gerði þar bú í Hjarðarholti, bjó þar til elli ok varð gamall.

## K 37. Frá Úlfi Óspakssyni.

Ulfr Óspaksson var með Haraldi konungi í miklum kærleikum; hann var inn vitrasti maðr, snjallr í máli, skörungr mikill, 10 tryggr ok einfaldr. Haraldr konungr gerði Úlf stallara sinn ok gipti honum Jórinni Þorbergsdóttur, systur Þóru, er Haraldr konungr átti. Børn Úlfs ok Jórunnar váru þau Jóan sterki á Rásvelli ok Brígiða móðir Sauða-Úlfs, föður Pétrs byrðarsveins, föður þeira Úlfs flýs. Sonr Jóans sterka var Erlendr hímaldi, 15 faðir Eysteins erkibyskups ok bræðra hans. Haraldr konungr gaf Úlfi stallara lendz mannz rétt ok xii. marka veizlur ok umfram hálftr fylki í Prándheimi; svá segir Steinn Herðísarson í Ulfsflokki.

## K. 38. Frá Haraldi konungi.

Magnús konungr Ólafsson lét gera Óláfskirkju í kaupangi; í 20 þeim stað hafði náttsett verit lík konungs, þat var þá fyrir ofan bœinn. Hann lét þar ok reisa konungsgarðinn. Kirkjan varð eigi algør, áðr konungr andaðisk. Lét Haraldr konungr fylla þat er á skorti. Hann lét ok efna þar í garðinum at gera sér steinhöll, 25 ok varð hon eigi algør áðr hann lézk. Haraldr konungr lét reisa af grundvelli Máriukirkju uppi á melinum, nær því er heilagr dómr konungsins lá í jörðu inn fyrsta vetr eptir fall hans; þat var mikit musteri ok gørt sterkliga at liminu, svá at varla fekk brotit, þá er Eysteinn erkibyskup lét ofan taka. Heilagr dómr 30 Óláfs konungs var varðveittr í Óláfskirkju, meðan Máriukirkja var í gørd. Haraldr konungr lét húsa konungsgarð ofan frá Máriukirkju við ána, þar sem nú er; en þar sem hann hafði höllina látit gera, lét hann vígja hús þat til Grégórúskirkju.

## K. 39. Uphaf Hákonar Ívarssonar.

Ívarr hvíti er maðr nefndr, er var lendr maðr gøfugr; hann 35 átti bú á Uplöndum, hann var dótturson Hákonar jarls ins ríka;

Ívarr var allra manna fríðastr sýnum. Sonr Ívars hét Hákon; frá honum er svá sagt, at hann var umfram alla menn, þá er í þann tíma váru í Nóregi, at fræknleik ok at afli ok atgørvi; hann var þegar á ungaaldri í herförum ok aflaði sér þar mikillar  
5 fremðar, ok gerðisk Hákon inn ágætasti maðr.

#### K. 40. Frá Einari þambarskelfi.

Einarr þambarskelfir var ríkastr lendra manna í Prándheimi. Heldr var fátt um með þeim Haraldi konungi; hafði Einarr þó veizlur sínar, þær sem hann hafði haft, meðan Magnús konungr  
10 lifði. Einarr var mjök stórauðigr; hann átti Bergljótu, dóttur Hákonar jarls, sem fyrr var ritat. Eindriði var þá alroskinn, sonr þeira; hann átti þá Sigríði, dóttur Ketils kálfs ok Gunnhildar, systurdóttur Haraldz konungs. Eindriði hafði fríðleik ok fegrð af móðurfrændum sínum, Hákonu jarli eða sonum hans, en vøxt  
15 ok afl hafði hann af föður sínum Einari ok alla þá atgørvi, er Einarr hafði umfram aðra menn; hann var inn vinsælsti maðr.

#### K. 41. Frá Ormi jarli.

Ormr hét þá jarl á Uplöndum; móðir hans var Ragnhildr, dóttir Hákonar jarls ins ríka; Ormr var inn mesti ágætismaðr.  
20 Þá var á Jaðri austr á Sóla Aslákr Erlingsson; hann átti Sigríði, dóttur Sveins jarls Hákonarsonar. Gunnhildi, aðra dóttur Sveins jarls, átti Sveinn Úlfsson Danakonungr. Slíkt var afkvæmi Hákonar jarls þá í Nóregi ok mart annat gøfugra manna, ok var ætt sú ǵll miklu fríðari en annat mannfólk, ok flest atgørvimenn  
25 miklir, en alt gøfugmenni.

#### K. 42. Frá Haraldi konungi.

Haraldr konungr var ríklundáðr ok óx þat, sem hann festisk í landinu, ok kom svá, at flestum mǵnum dugði illa at mæla í  
móti honum eða draga fram annat mál, en hann vildi vera láta;  
30 svá segir Þjóðólfr skáld:

114. Gegn skylir herr, sem hugnar,	lýtr folkstara feiti,
hjaldrvitjaðar sitja,	fátt 's til nema játta
dolgstøeranda dýrum,	þat sem þá vill gotnum,
dróttinvandr ok standa;	þjóð ǵll, konungr þjóða.

## K. 43. Frá Einari þambarskelfi.

Einarr þambarskelfir var mest forstjóri fyrir bóndum alt um Prándheim; helt hann upp svörum fyrir þá á þingum, er konungs menn sóttu. Einarr kunni vel til laga; skorti hann eigi dirfð til at flytja þat fram á þingum, þó at sjálfr konungr væri við; 5 veittu honum lið allir bæendr. Konungr reiddisk því mjök, ok kom svá at lykðum, at þeir þreyttu kappmæli. Segir Einarr, at bæendr vildu eigi þola honum ólög, ef hann bryti landrétt á þeim; ok fór svá nokkurum sinnum milli þeira. Þá tók Einarr at hafa fjölmenni um sik heima, en þó miklu fleira, þá er hann fór til 10 býjar, svá at konungr var þar fyrir. Þat var eitt sinn, at Einarr fór inn til býjar ok hafði lið mikit, langskip viii. eða ix., ok nær d. manna; en er hann kom til bæjar, gekk hann upp með lið þat. Haraldr konungr var í garði sínum ok stóð út í loptsvolum ok sá, er lið Einars gekk af skipum, ok segja menn, at Haraldr 15 kvað þá:

115. Hér sék upp enn orva  
Einarr, þanns kann skeina  
þjalfa, þambarskelfi,  
þangs, fjölmennan ganga;  
fullafli bíðr fyllar,  
finnk opt at drífr minna,

hilmis stóls, á hæla  
húskarla lið jarli.  
116. Rjóðandi mun ráða  
randar blíks ór landi  
oss, nema Einarr kyssi  
æxar munn enn þunna.

20

Einarr dvalðisk í býnum nokkura daga.

## K. 44. Fall Einars ok Eindriða.

Einn dag var átt mót, ok var konungr sjálfr á mótinu. Hafði 25 verit tekinn í býnum þjófr einn, ok var hafðr á mótinu; maðrinn hafði verit fyrr með Einari, ok hafði honum vel getizk at manningum. Var Einari sagt; þá þóttisk hann vita, at konungr myndi eigi manninn láta undan ganga fyrir því at heldr, þótt Einari þætti þat máli skipta. Lét þá Einarr vápnask lið sitt, ok 30 ganga síðan á mótit; tekr Einarr manninn af mótinu með valdi. Eptir þetta gengu at beggja vinir ok báru sáttmál milli þeira; kom þá svá, at stefnulagi var á komit, skyldu þeir hittask sjálfir. Málstofa var í konungsgarði við ána niðri; gekk konungr í stofuna við fá menn, en annat lið hans stóð úti í garðinum. Konungr lét 35 snúa fjöl yfir ljórann, ok var lítit opit á. Þá kom Einarr í garðinn með sitt lið; hann mælti við Eindriða son sinn: »ver þú með liðinu úti, við engu mun mér þá hætt«. Eindriði stóð úti við

stofudyrrin. En er Einarr kom inn í stofuna, mælti hann: »myrkt er í málstofu konungsins«. Jamskjótt hljópu menn at honum, ok lögðu sumir, en sumir hjoggu. En er Eindriði heyrði þat, brá hann sverðinu ok hljóp inn í stofuna; var hann þegar feldr ok 5 báðir þeir. Þá hljópu konungsmenn at stofunni ok fyrir dyrrin, en bóndum fellusk hendr, þvíat þeir höfðu þá engan forgöngumann; eggjaði hverr annan, segja, at skömm var, er þeir skyldu eigi hefna höfðingja síns, en þó varð ekki af atgöngunni. Konungr gekk út til liðs síns ok skaut á fylking ok setti upp 10 merki sitt, en engi varð atganga bóandanna. Þá gekk konungr út á skip sitt ok alt lið hans, røri síðan út eptir ánni ok svá út á fjörð leið sína. Bergljót, kona Einars, spurði fall hans; var hon þá í herbergi því, er þau Einarr höfðu áðr haft út í bænum; gekk hon þegar upp í konungsgarð, þar sem bóndaliðit var; hon 15 eggjaði þá mjök til orrostu; en í því bili røri konungr út eptir ánni. Þá mælti Bergljót: »missum vér nú Hákonar Ívarssonar, frænda míns; eigi mundu banamenn Eindriða róa hér út eptir ánni, ef Hákon stœði hér á árbakkanum«. Síðan lét Bergljót búa um lík þeira Einars ok Eindriða; váru þeir jarðaðir at 20 Óláfskirkju hjá leiði Magnús konungs Ólafssonar. Eptir fall Einars var Haraldr konungr svá mjök óþokkaðr af verki þessu, at bat eina skorti á, er lendir menn ok bæendr veittu eigi atferð ok heldu bardaga við hann, at engi varð forgöngumaðr til at reisa merki fyrir bóandaherinum.

25 K. 45. Frá Haraldi konungi ok Finni Árnasyni.

Finnr Árnason bjó þá á Yrjum á Austrátt; hann var þá lendr maðr Haraldz konungs. Finnur átti Bergljótu, dóttur Hálfðanar Sigurðarsonar sýrs; Hálfðan var bróðir Óláfs konungs ins helga ok Haraldz konungs. Þóra, kona Haraldz konungs, var 30 bróðurdóttir Finnz Árnasonar; var Finnur inn kærsti konungi ok allir þeir bræðr. Finnur Árnason hafði verit nokkur sumur í vestrvíking; höfðu þeir þá verit allir saman í hernaði Finnur ok Guthormr Gunnhildarson ok Hákon Ívarsson. Haraldr konungr fór út eptir Prándheimi ok út á Austrátt; var honum þar vel 35 fagnat. Síðan töludusk þeir við konungr ok Finnur ok roeddu sín á milli um þessi tíðendi, er þá höfðu görzk fyrir skemstu, aftöku Einars ok þeira feðga ok svá kurr þann ok þys, er Þrændir gerðu at konungi. Finnur svarar skjótt: »þér er verst farit at hvívetna; þú gerir hvatvetna ilt, en síðan ertu svá hræddr, at þú veizt eigi,

hvar þú hefir þik«. Konungr svarar hlæjandi: »mágr, ek vil nú senda þik inn til býjar; ek vil, at þú sættir bændr við mik; vil ek, ef þat gengr eigi, at þú farir til Uplanda ok komir því við Hákon Ivarsson, at hann sé eigi mótgöngumaðr minn«. Finnur svarar: »hvat skaltu til leggja við mik, ef ek fer forsendu þessa, þvíat 5 bæði Prændir ok Uplendingar eru fjandr þínir svá miklir, at engum sendimönnum þínum er fært þannug, nema sín njóti við«. Konungr svarar: »far þú, mágr, sendiforna, þvíat ek veit, at þú kemr áleiðis, ef nokkurr kemr, at gera oss sátta, ok kjós þú bæn at oss«. Finnur segir: »halt þú þá orð þín, en ek mun kjósa 10 böenina; ek kýs grið ok landzvist Kálfi, bróður mínum, ok eignir hans allar ok þat með, at hann hafi nafnbœtr sínar ok alt ríki sitt, slíkt er hann hafði, áðr hann fór ór landi«. Konungr sagði ok játti öllu þessu, er Finnur mælti; höfðu at þessu vitni ok handfestar. Síðan mælti Finnur: »hvat skal ek Hákon fram bjóða 15 til þess, at hann játti þér griðum, hann ræðr nú mest fyrir þeim frændum«. Konungr segir: »hitt skaltu fyrst heyra, hvat Hákon mælir til sættar fyrir sína hönd. Síðan kom þú mínu máli, sem frammarst máttu, en at lykðum þá neitaðu konungdóminum einum«. Síðan fór Haraldr konungr suðr á Mœri ok dró at sér lið ok 20 gerðisk fjölmennr.

## K. 46. Ferð Finnz Arnasonar.

Finnur Arnason fór inn til bæjar ok hafði með sér húskarla sína, nær lxxx. manna. En er hann kom inn til býjarins, þá átti hann þing við býjarmenn. Finnur talaði á þinginu langt ok snjalt, 25 bað býjarmenn ok bændr taka alt annat ráð en hatask við konung sinn eða reka hann í brot, minti þá á, hversu mart ilt hafði yfir þá gengit, síðan er þeir höfðu þat fyrr gort við inn helga Óláf konung; segir ok, at konungr vill bæta víg þessi, svá sem inir beztu menn ok inir vitrustu vilja dæma. Lauk Finnur svá 30 sinni ræðu, at menn vildu láta standa þetta mál kyrt, þar til er aprt kæmi sendimenn þeir, er Bergljót hafði gort til Uplanda á fund Hákonar Ivarssonar. Síðan fór Finnur út til Orkadals með þá menn, er honum höfðu fylgt til býjar; síðan fór hann upp til Dofrafjallz ok austr um fjall. Fór Finnur fyrst á fund Orms 35 jarls, mágs síns, — jarl átti Sigríði, dóttur Finnz —, ok segir honum til ørenda sinna.



## K. 47. Frá Finni ok Hákonu Ívarssyni.

Síðan leggja þeir stefnulag við Hákon Ívarsson. En er þeir finnask, þá bar Finnur upp ærendi sín fyrir Hákon, þau er Haraldur konungur bauð honum; fannk þat brátt í ræðu Hákonar, at honum  
 5 þótti sér skylda mikil á vera at hefna Eindriða, frænda síns, segir, at honum vǫru þau orð komin ór Þrándheimi, at honum myndi þar fásk gnógr styrkr til upreistar í móti konungi. Síðan tjáði Finnur fyrir Hákonu, hversu mikill munur honum var, at betra var at taka af konungi svá mikil metorð, sem hann kynni  
 10 sjálfir at beiða, heldr en hætta til þess, at reisa orrostu í móti konungi þeim, er hann var áðr þjónostubundinn við, segir, at hann mun fara ósigr — »ok hefir þú þá fyrir gort bæði fé ok friði; en ef þú sigrask á konungi, þá muntu heita dróttinsviki«. Jarl studdi ok þessa ræðu með Finni. En er Hákon hugsaði  
 15 þetta fyrir sér, þá lauk hann þat upp, er honum bjó í skapi, segir svá: »ek mun sættask við Haraldur konung, ef hann vill gipta mér Ragnhildi, dóttur Magnús konungs Ólafssonar, frændkonu sína, með því líkri heimanfylgju, sem henni sómir ok henni líkar«. Finnur segir, at hann vill þessu játta af konungs hendi; staðfesta  
 20 þeir þetta mál milli sín. Síðan ferr Finnur norðr aptr til Þrándheims; settisk þá niðr þessi ófriðr ok agi, svá at konungur helt þá enn ríki sínu í friði innan landz, þvíat þá var niðr drepit sambandi því öllu, er frændr Eindriða höfðu haft til mótstöðu við Haraldur konung.

## 25 K. 48. Bónorð Hákonar Ívarssonar.

En er sú stefna kom, er Hákon skyldi vitja þessa einkamála, þá fór hann á fund Haraldz konungs. En er þeir taka tal sitt, þá segir konungur, at hann vill halda alt þat af sinni hendi, sem í sætt hafði komit með þeim Finni — »skaltu Hákon, segir konungur, tala mál þetta við Ragnhildi, hvárt hon vill samþykkja þetta ráð; en eigi er þér ok engum öðrum at ráðanda at fá Ragnhildar, svá at eigi sé hennar samþykki við«. Síðan gekk Hákon á fund Ragnhildar ok bar upp fyrir hana bónorð þetta. Hon svarar svá: »opt finn ek þat, at mér er aldaði Magnús  
 35 konungur faðir minn, ef ek skal giptask bónda einum, þó at þú sér friðr maðr eða vel búinn at íþróttum; ef Magnús konungur lifði, þá myndi hann eigi gipta mik minna manni en konungi. Nú er þess eigi ván, at ek vilja giptask ótígnum manni«. Síðan

gekk Hákon á fund Haraldz konungs ok segir honum ræðu þeira Ragnhildar, innir þá upp einkamál þeira Finnz; var þá ok Finnur hjá ok fleiri menn, þeir er við ræðu þeira Finnz hófðu verit; segir Hákon svá til allra þeira vitnis, at svá var skilt, at konungr skyldi svá Ragnhildi heiman gera, at henni líkaði — »nú 5 vill hon eigi eiga ótíginn mann, þá meguð þér gefa mér tignar-nafn; hefi ek til þess ætt, at ek má heita jarl, ok nokkura hluti aðra, at því er menn kalla«. Konungr svarar: »Óláfr konungr, bróðir minn, ok Magnús konungr, sonr hans, þá er þeir ræðu ríki, létu þeir einn jarl vera senn í landi; hefi ek ok svá gort, 10 síðan er ek var konungr; vil ek eigi taka tign af Ormi jarli, þá er ek hefi áðr gefit honum«. Sá þá Hákon sitt mál, at þat myndi eigi við gangask; líkaði honum þá stórilla; Finnur var ok allreiðr; segja þeir, at konungr heldi ekki orð sín, ok skilðusk at svá búnu. Hákon fór þá þegar ór landi ok hafði langskip vel 15 skipat; hann kom fram suðr í Danmörk ok fór þegar á fund Sveins konungs, mágs síns. Tók konungr feginsamliga við honum ok fekk honum þar veizlur miklar; gerðisk Hákon þar landvarnar-maðr Sveins konungs fyrir víkingum, er mjök herjuðu á Dana-veldi, Vinðr ok aðrir Austrvegs-menn ok svá Kúrir; lá hann úti 20 vetr sem sumar.

#### K. 49. Dráp Ásmundar.

Ásmundr er maðr nefndr, er sagt er, at væri systurson Sveins konungs ok fósturson hans. Ásmundr var allra manna gørviligastr, unni konungr honum mikit. En er Ásmundr drósk 25 á legg, var hann brátt ofstopamikill, ok hann gerðisk vígamaðr. Konungi líkaði þat illa ok lét hann fara frá sér, fekk honum lén gott, þat er hann mátti vel halda sik ok sveit með sér. En þegar er Ásmundr tók við konungs fé, dró hann lið mikit at sér; en honum endisk ekki þat fé til síns kostnaðar, er konungr 30 hafði veitt honum, þá tók hann annat miklu meira, þat er konungr átti. En er konungr spurði þat, þá stefndi hann Ásmundi á fund sinn. En er þeir hittusk, þá segir konungr, at Ásmundr skyldi vera í hirð hans ok hafa enga sveit; ok varð svá at vera sem konungr vildi. En er Ásmundr hafði verit lítla hríð með 35 konungi, þá unði hann ekki þar ok hljópsk í brot um nótt ok kom aptr til sveitar sinnar ok gerði þá enn fleira ilt en fyrr. En er konungr reið yfir land ok kom þar nær sem Ásmundr var, þá sendi hann lið til at taka Ásmund með valdi; síðan lét kon-

ungr setja hann í járn ok halda hann svá um hrið ok hugði, at hann myndi spekjask. En er Ásmundr kom ór járni, þá hljóp hann þegar í brot ok fekk sér lið ok herskip, tók hann þá ok herjaði bæði útan landz ok innan landz ok gerði it mesta  
 5 hervirki, drap mart manna ok rænti víða. En þeir menn, er fyrir þessum ófriði urðu, kómu til konungs ok kærðu skaða sinn fyrir honum. Hann svarar: »hvat segið þér mér til þess? Hví farið þér eigi til Hákonar Ívarssonar, hann er hér landvarnarmaðr minn ok til þess settr at friða fyrir yðr bóndum, en hegna  
 10 vikingum; var mér sagt, at Hákon væri djarfr maðr ok frœkn, en nú lízk mér sem hann vili hvergi þar til leggja, er honum þykki mannhætta í vera«. Þessi orð konungs váru flutt til Hákonar, ok mǫrgum við aukit. Síðan fór Hákon með liði sínu at leita Ásmundar; varð fundr þeira á skipum; lagði Hákon  
 15 þegar til orrostu, varð þar hörð orrosta ok mikil. Hákon gekk upp á skip Ásmundar ok hrauð skipit; kom svá, at þeir Ásmundr skiptusk sjálfir vápnum víðr ok höggum; þar fell Ásmundr; Hákon hjó hǫfuð af honum. Síðan fór Hákon skyndiliga á fund Sveins konungs ok kom svá til hans, at konungr sat um mat-  
 20 borði. Hákon gekk fyrir borðit ok lagði hǫfuðit á borðit fyrir konunginn ok spurði, ef kendi. Konungr svarar engu ok var dreyrrauðr á at sjá. Síðan gekk Hákon í brot. Líttu síðarr sendi konungr menn til hans ok bað hann fara í brot ór sinni þjónostu, segir, at »ek vil ekki mein gera honum, en ekki má ek gæta  
 25 frænda várra allra«.

#### K. 50. Kvánfang Hákonar Ívarssonar.

Síðan fór Hákon í brot ór Danmǫrk ok norðr í Nóreg til eigna sinna. Þá var andaðr Ormr jarl, frændi hans. Menn urðu Hákonni fegnir mjök, frændr ok vinir; urðu þá til þess margir  
 30 gofgir menn at ganga um sættir milli þeira Haraldz konungs; kom svá, at þeir sættusk með því móti, at Hákon fekk Ragnhildar konungsdóttur, en Haraldr konungr gaf Hákonni jarldóm ok veldi slíkt, sem haft hafði Ormr jarl. Hákon sór Haraldí konungi trúnaðareiða til þeirar þjónostu, sem hann var skyldr til.

#### 35 K. 51. Sætt Haraldz konungs ok Kálfs.

Kálfr Árnason hafði verit í vestrvíking, síðan er hann fór ór Nóregi, en opt á vetrum var hann í Orkneyjum með Þorfinni jarli, mági sínum. Finnir Árnason, bróðir hans, gerði orð Kálfi

ok lét segja honum einkamál þau, er þeir Haraldr konungr höfðu við mælk, at Kálfr skyldi hafa landzvist í Nóregi ok eignir sínar ok slíkar veizlur, sem hann haft hafði af Magnúsi konungi. En er Kálfi kom sjá orðsending, þá bjósk hann þegar til farar; fór hann austr í Nóreg fyrst á fund Finnz bróður síns; 5 síðan tók Finnur Kálfi grið, ok fundusk þeir sjálfir konungr ok Kálfr, gerðu þá sætt sína, eptir því sem konungr ok Finnur höfðu fyrr bundit einkamálum með sér; gekk Kálfr til festu við konung ok allz skildaga slíks, sem hann hafði bundit fyrr við Magnús konung, at Kálfr væri skyldr at gera þau verk öll, sem Haraldr 10 konungr vildi ok honum þœtti sitt ríki bæta. Tók Kálfr þá upp eignir sínar allar ok veizlur, sem hann hafði fyrr haft.

## K. 52. Fall Kálfs Arnasonar.

En it næsta sumar eptir hafði Haraldr konungr leiðangr úti, fór suðr til Danmerkr ok herjaði þar um sumarit. En er 15 hann kom suðr til Fjóns, þá var þar liðsamnaðr mikill fyrir þeim. Þá lét konungr lið sitt ganga af skipum ok bjósk til upgöngu; hann skipaði liði sínu, lét vera fyrir sveit Kálf Arnason ok bað þá ganga fyrsta upp ok segir þeim, hvert þeir skyldu stefna, en hann kvezk mundu ganga upp eptir þeim ok koma þeim at 20 liði. Þeir Kálfr gengu upp, ok kom brátt lið í móti þeim; réð Kálfr þegar til orrostu, ok varð sá bardagi eigi langr, þvíat Kálfr var brátt ofrlíði borinn ok kom hann á flótta ok lið hans, en Danir fylgðu þeim; fell mart af Norðmönnum; þar fell Kálfr Arnason. Haraldr konungr gekk upp á land með fylking sína; 25 var þat brátt á leið hans, at þeir sá fyrir sér valinn ok fundu brátt lík Kálfs; var þat borit ofan til skipa; en konungr gekk upp á land ok herjaði ok drap þar mart manna; svá segir Arnórr: 117. Rauð, en rýrt varð síðan, frána egg á Fjóni,  
(rann eldr of sjöt manna) Fjónbyggva lið, tyggi. 30

## K. 53. Ferð Finnz Arnasonar ór landi.

Eptir þat lét Finnur Arnason sér fjandskap í þykkja við konung um fall Kálfs bróður síns, kallaði, at konungr væri ráðbani Kálfs, ok þat væri blekking ein við Finn, er hann hafði teygt Kálf, bróður sinn, vestan um haf á vald ok trúnað Haraldz konungs. En er þessi ræða kom á lopt, þá mæltu þat margir menn, at þat þótti grunnsæligt, er Finnur hafði trúat því, at Kálfr myndi fá trúnað Haraldz konungs; þótti sem konungr væri heiptrækr

um smæri hluti en þá, er Kálfr hafði gort við Harald konung. Konungr lét hér ræða um hvern slíkt er vildi, sannaði þat ekki, synjaði ok eigi; fanzk þat eitt á, at konungi þótti þat vel orðit. Haraldr konungr kvað visu þessa:

- 5 118. Nú emk ellifu allra                   ginn en gráleik inna  
           (eggjumk vígs) ok tveggja,           golls, es ferr með skolli,  
           þau ró enn svát mank, manna,   lýtendr; kveða lítit  
           morð, ráðbani orðinn;            lauki gæft til auka.

Finnr Arnason lét sér svá mikit um finnask þetta mál, at hann fór  
 10 af landi brot ok kom fram suðr í Danmörk, fór á fund Sveins konungs ok fekk þar góðar viðtökur, ok tóluðu þeir lögum einmæli, ok kom þat upp at lykðum, at Finnur gekk til handa Sveini konungi ok gerðisk hans maðr, en Sveinn konungr gaf honum jarldóm ok Halland til yfirsóknar, ok var hann þar til landvarnar fyrir  
 15 Norðmönnum.

#### K. 54. Frá Guthormi Gunnhildarsyni.

Guthormr hét sonr Ketils kálfs ok Gunnhildar á Hringunesi, systurson Óláfs konungs ok Haraldz konungs. Guthormr var maðr gørviligr ok snimma roskinmannligr. Var Guthormr optliga  
 20 með Haraldi konungi ok þar í miklum kærleikum ok ráðagörðum með konungi, þvíat Guthormr var vitr maðr; hann var inn vinsælti maðr. Guthormr var optliga í hernaði ok herjaði mjök í Vestrlönd; hann hafði lið mikit; hann hafði friðland ok vetrsetu í Dyflinni á Írlandi ok var í kærleikum miklum með Margaði  
 25 konungi.

#### K. 55. Jartegn Óláfs konungs.

Um sumarit eptir fór Margaðr konungr ok Guthormr með honum, ok herjuðu á Bretland ok fengu þar ógrynni fjár. Síðan lögðu þeir í Öngulseyjarsund; þeir skyldu þar skipta herfangi  
 30 sínu. En er fram var borit þat mikla silfr ok konungr sá þat, þá vildi hann einn samt hafa féit alt ok virði þá lítils vingan sína við Guthorm. Guthormi líkaði þat illa, er hann skyldi vera hlutræningr ok hans menn. Konungr segir, at hann skyldi eiga ii. kosti fyrir höndum — »sá annarr, at una því, sem vér viljum  
 35 vera láta, en annarr sá, at halda við oss orrostu, ok hafi sá þá fé, er sigr hefir, ok þat með, at þú skalt ganga af skipum þínum, ok skal ek þau hafa«. Guthormi sýndisk mikill vandi til beggja handa, þóttisk eigi mega láta scemiliga skip sín ok fé fyrir enga

tilgørning; þat var ok allháskasamligt at berjask við konung ok þat mikla lið, er konungi fylgði; en liðs þeira var svá mikill munr, at konungr hafði xvi. langskip, en Guthormr v. Þá bað Guthormr konung ljá sér iii. náttu fresta um þetta mál til umráða við sína menn, hugðisk hann konung mundu mýkja mega á þeiri stundu 5 ok koma sínu máli í betri vingan við konung með fortölum sinna manna, en þat feksk ekki af konungi, sem hann mælti til. Þá var Ólafsvökuaptann. Nú kaus Gothormr heldr at deyja með drengskap eða vega sigr, heldr en hitt at þola skömm ok svívirðu ok flækisorð af svá mikilli missu. Þá kallaði hann á guð ok inn 10 helga Ólaf konung, frænda sinn, bað þá fulltings ok hjálpar ok hét til þess helga mannz húss at gefa tíund af öllu því herfangi, er þeir hlyti, ef þeir fengi sigr. Síðan skipaði hann liði sínu ok fylkði móti þeim mikla her ok réð til ok barðisk við þá; en með fulltingi guðs ok ins heilaga Óláfs konungs fekk Guthormr sigr; 15 þar fell Margaðr konungr ok hverr maðr, er honum fylgði, ungr ok gamall. Ok eptir þann háleita sigr vendir Guthormr heim glaðr með öllum þeim fjárhlut, er þeir höfðu fengit í orrostu. Þá var af tekit silfrinu því, er þeir höfðu fengit, inn x. hverr penningr, svá sem heitit hafði verit inum helga Óláfi konungi, ok 20 var þat ófamikit fé, svá at af því silfri lét Guthormr gera róðu eptir vexti sínum eða stafnbúa síns, ok er þat líkneski vii. álna hátt. Guthormr gaf róðu þá svá búna til staðar ins heilaga Óláfs konungs; hefir hon þar verit síðan til minningar sigrs Gothorms ok jartegnar ins heilaga Óláfs konungs.

25

## K. 56. Jartegn Óláfs konungs.

Greifi einn var í Danmörku illr ok öfundfullr; hann átti ambátt eina norroena, æzkaða ór Þroendalögum; hon dýrkaði inn helga Ólaf konung ok trúði fastliga hans heilagleik. En sá greifi, er áðan gat ek, tortryggði alt þat, er honum var frá sagt þess 30 helga mannz jartegnum, kvað ekki vera nema kvitt ok pata einn, gerði sér at gabbi ok gamni lof ok dýrð þá, er landzfólk alt veitti þeim góða konungi. En nú kom at þeim hátíðardegi, er sá mildi konungr lét líf sitt á ok allir Norðmenn heldu; þá vildi sá inn óvitri greifi ekki heilagt halda ok bauð hann ambótt sinni, at hon 35 skyldi baka ok elda ofn til brauðs á þeim degi. Vita þóttisk hon æði þess greifa, at hann myndi henni sárliga hefna, ef hon léti eigi at því, sem hann bauð henni; gengr hon til nauðig ok bakaði ofninn ok kveinaði mjök, meðan hon starfaði, ok heitaðisk við

Ólaf konung ok kvazk aldri mundu á hann trúa, nema hann hefndi með nokkurri bendingu þessa ódæma. Nú meguð þér hér heyra makligar refsingar ok sannligar jartegnir: alt var þat jamskjótt ok á einni stundu, er greifi sá varð blindr báðum augum 5 ok brauð þat varð at grjóti, er hon hafði í ofninn skotit. Komit er af því grjóti til staðar ins helga Óláfs konungs ok víða annarstaðar. Síðan hefir Óláfsmessa haldin verit ávalt í Danmørk.

K. 57. Jartegn Óláfs konungs.

10 Vestr á Vallandi var einn maðr vanheill, svá at hann var kryplingr, gekk á knjám ok á knúm. Hann var staddr um dag úti á veg ok var þá sofnaðr; þat dreymði hann, at maðr kom til hans gøfugligr ok spurði, hvert hann gerðisk, en hann nefndi til einhvern bæ. En inn gøfgi maðr mælti við hann: »farðu til Óláfs-  
15 kirkju, þeirar er í Lundúnum stendr, ok muntu þá heill verða«. En síðan vaknaði hann, en fór þegar á leit Óláfskirkju, en um síðir þá kom hann til Lundúna-bryggju ok spurði þar borgarmenn, ef þeir kynni segja honum, hvar Óláfskirkja væri; en þeir svöruðu ok kváðu miklu fleiri kirkjur vera þar, heldr en þeir vissi,  
20 hverjum manni hver þeira væri helguð. En lítlu síðar þá gekk þar maðr at honum ok spurði, hvert hann gerðisk; hann segir honum; en sá mælti síðan: »vit skulum fara báðir saman til kirkju Óláfs, ok kann ek leið þangat«. Síðan fóru þeir yfir bryggjuna ok fóru þat stræti, er til Óláfskirkju lá. En er þeir komu til  
25 kirkjugarðzhliðsins, þá sté sá yfir þresköld þann, er í hliðinu var, en kryplingrinn veltisk þar inn yfir ok reis þegar heill upp; en þá er hann sásk um, þá var horfinn fönunautr hans.

K. 58. Hernaðr Haraldz konungs.

Haraldr konungr lét reisa kaupstað austr í Ósló ok sat þar  
30 opt, þvíat þar var gott til atfanga, landzmegin mikit umhverfis; sat hann þar vel til landzgæzlu fyrir Dönnum, svá ok til áhlaupa í Danmørk; hann var opt því vanr, þótt hann hefði ekki mikinn her úti. Þat var á einu sumri, at Haraldr konungr fór með nokkurum léttiskipum ok hafði ekki mikit lið; hann helt suðr í  
35 Víkina, en er byr gaf, siglir hann yfir undir Jótland, tók þá ok herjaði, en landzmenn sömnuðusk saman ok vörðu land sitt. Þá helt Haraldr konungr til Limafjarðar ok lagði inn í fjörðinn. Svá er háttat Limafirði, at þar er inn at fara svá sem mjór áráll,

en er inn kœmr eptir firðinum, þá er þar sem mikit haf. Haraldr herjaði þar á bæði lönð, en Danir höfðu hvarvetna samnað fyrir. Þá lagði Haraldr konungr skip sín at eyju nökkurri, þat var litit land ok óbygggt; en er þeir leituðu at, þá funnu þeir ekki vatn, segja til konungi; hann lét leita, ef lyngormr nökkurr fyinnisk í 5 eyjunni; en er hann fánzk, þá færðu þeir konungi; hann lét fœra orminn til eldz ok baka hann ok mœða, at hann skyldi þyrsta sem mest. Síðan var þráðr bundinn við sporðinn, ok ormrinn lauss látinn; hrækðisk hann þá brátt, en þráðrinn rakðisk af tvinna- hnoðanu; gengu menn eptir orminum, þar til er hann steypðisk 10 niðr í jörðina. Konungr bað þar grafa til vatz; var svá gørt; funnu þar vatn, svá at eigi skorti. Haraldr konungr spurði þau tíðendi af njósnarmönnum sínum, at Sveinn konungr var kominn með skipaher mikinn fyrir fjarðarmynnit, ok varð honum seint inn at fara, er eitt mátti fara senn skipit. Haraldr konungr helt 15 skipum sínum inn í fjörðinn, ok þar er breiðastr er, heitir Lúsbreið; en þar ór víkinni innanverðri er eið mjótt vestr til hafs; þannug rœru þeir Haraldr um kveldit. En um nóttina, er myrkt var orðit, ruddu þeir skipin ok drógu um eiðit ok höfðu þat sýslat alt fyrir dag ok búin skipin oðru sinni, heldu þá norðr 20 fyrir Jótland; þá mæltu þeir:

119. Skrapp ór hönðum

Haraldr Dönnum.

Þá segir konungr, at hann skyldi svá koma í Danmörk annat sinn, at hann skyldi meira lið hafa ok stærri skip. Fór þá konungrinn 25 norðr í Þrándheim.

#### K. 59. Skipgørð Haraldz konungs.

Haraldr konungr sat um vetrinn í Niðarósi. Hann lét reisa skip um vetrinn út á Eyrum; þat var búzuskip. Skip þat var gørt eptir vexti Orms ins langa ok vandat at öllu sem mest; var 30 drekahöfuð á frammi, en aptr krókr, ok váru svíarnir allir gulli búnir; þat var hálfertøgt at rúmatali ok mikit at því ok var it friðasta. Lét konungr allan búnað vanda til skipsins, bæði segl ok reipareiða, akkeri ok strengi. Haraldr konungr gerði boð um vetrinn suðr til Danmerkr Sveini konungi, at hann skyldi eptir 35 um várit koma sunnan til Elbar til móts við sik ok berjask, svá at þeir skipti þá lönðum ok hafi annarr hvárr bæði konungsríkin.



## K. 60. Útboð Haraldz konungs.

Pann vetr bauð Haraldr konungr út leiðangri, almenning ór Nóregi. En er váraði, drósk herr mikill saman; þá lét Haraldr konungr setja út skip þat it mikla á ána Nið; síðan lét hann upp  
5 setja drekahöfuðin; þá kvað Þjóðólfr skáld:

120. Skeið sák fram at flæði, orms glóar fax of farmi  
fagrt sprund, ór ó hrundit, fráns, sízt ýtt vas hönum,  
kend hvar liggr fyr landi, þöru búnir svírar  
lönq súð dreka ens prúða; brunnit goll, af hlunni.

10 Síðan býr Haraldr konungr skip þat ok ferð sína. En þá er hann var búinn, helt hann út ór ánni skipinu; þar var vandaðr róðr mjök; svá segir Þjóðólfr:

121. Slyngr laugardag löngu ært mon, snót, áðr sortuð  
liðbaldr af sér tjaldi, sæföng í tvau gangi,  
15 út þars ekkjur líta þöll leggr, við frið, fyllar  
Orms súð ór bæ prúðar; fúr, kleyf, á þat leyfi.

vestr rēð ór Nið næsta  
nýri skeið at stýra  
ungr, en árar drengja,  
20 allvaldr, í sæ falla.

122. Rétt kann ræði slíta  
ræsis herr ór verri;  
ekkjja stendr ok undrask  
ára burð sem furðu;  
123. Sorgar veit, áðr slíti  
sæföng ór mar ströngum  
herr, þars heldr, til varra,  
hár sjau tögum ára;  
Norðmeðr róa naðri  
neglðum strauum enn heglða  
út (es sem) unnar (líti  
arnar væng) með jarni.

25 Haraldr konungr helt herinum suðr með landi ok hafði úti almenning at liði ok skipum. En er þeir sökja austr í Víkina, fengu þeir andviðri stór ok lá herrinn víða í höfnum, bæði við úteyjar ok inn í fjörðum; svá segir Þjóðólfr:

124. Eigu skjól und skógi almenningr liggr innan,  
30 skafnir snekkju stafnar, eið láta sér skeiðar  
læsir leiðangr vísa hábrynjaðar hlýja,  
lönd herskipa bröndum; hverja vík í skerjum.

En í stórviðrum þeim, er á lögðusk, þá þurpti it mikla skip góðra grunnføera; svá segir Þjóðólfr:

35 125. Hléseyjar lemr hövan eigi es jarni bjúgu  
hryngarð konungr barði; indæll skaði lindis,  
neytir þá til þrautar gnegr af gaddi digrum  
þengill snekkju strengja; grjót ok veðr en ljótu.

En er byr gaf, helt Haraldr konungr herinum austr til Elfar ok kom þar at kveldi dags; svá segir Þjóðólfr:

126. Haraldr þeysti nú hraustla	gramr á þing við Pumla;	
helfing sinn at Elfi;	þar 's eindagaðr Sveini,	
náttar Nóregs dróttinn	hrafni skyldr, nema haldi,	5
nær at landamæri;	hans fundr, Danir undan.	

K. 61. Frá her Haraldz konungs.

En er Danir spyrja, at Norðmanna-herr var kominn, þá flýja allir þeir, er því koma við. Norðmenn spyrja, at Dana-konungr hefir ok úti her sinn ok liggir hann suðr um Fjón ok um Smálönd. 10 En er Haraldr konungr spurði, at Sveinn konungr vildi eigi halda stefnulag við hann eða orrostu, sem mælt var, þá tók hann þat ráð enn sem fyrr, lét aptr fara bóndaliðit ok skipaði háltf annat hundrað skipa; helt hann síðan liði því suðr fyrir Halland ok herjaði víða; hann lagði herinum í Lófufjörð ok herjaði þar á 15 land upp. Litlu síðarr kom at þeim þar Sveinn konungr með Dana-her; hann hafði ccc. skipa. En er Norðmenn sá herinn, þá lét Haraldr konungr blása saman herinum; mæltu þat margir, at þeir skyldu flýja, ok segja, at ófært væri at berjask. Konungr svarar svá: »fyrr skal hverr várr falla um þveran annan en 20 flýja«; svá segir Steinn Herdísarson:

127. Sagði hitt es hugði	heldr kvað hvern várn skyldu	
hauklyndr vesa myndu,	hilmir frægr, an vægja,	
þar kvað, þengill, eirar	(menn brutu upp) of annan	
þrotna vön fyr hönnum;	(öll vöpn) þveran falla.	25

Síðan lét Haraldr konungr skipa her sínum til framlögu, lagði hann dreka sinn inn mikla fram í miðju liði; svá segir Þjóðólfr:

128. Lét vingjafa veitir	lystr fyr leiðangrs brjósti	
vargholr dreka skolla	(liðs oddr vas þat) miðju.	
Pat skip var allvel skipat ok fjölment á; svá segir Þjóðólfr:		30

129. Fast bað fylking hrausta	ramsyndan lauk rönnum	
friðvandr jöfurr (standa	ráðandi manndáða	
hamalt sýndusk mér) hõmlur	nýtr fyr Nizi útan	
(hildings vinir) skilda;	naðr, svát hver tók aðra.	

Úlfr stallari lagði sitt skip á annat borð konungsskipinu; hann 35 mælti við sína menn, at þeir skyldi vel fram leggja skipit. Steinn Herdísarson var á skipi Úlfs; hann kvað:

130. Hét á oss, þás úti,	róðr vas greiddr á græði,
Úlfr (hákesjur skulfu)	grams stallari, alla;

vel það skip með skylja                   sitt, en seggir jöttu,  
skéleggjaðr framm leggja               snjalls landreka spjalli.  
Hákon jarl Ívarsson lá ýztr í arminn annan, ok fylgðu honum  
morg skip, ok var þat lið allvel búit; en ýzt í annan arminn  
5 lágu Þröenda höfðingjar; var þat ok mikill herr ok friðr.

## K. 62. Frá her Sveins konungs.

Sveinn konungr skipaði ok liði sínu, lagði hann sitt skip  
móti skipi Haraldz konungs í miðju liði, en næst honum lagði  
fram Finn jarl sitt skip; skipuðu Danir þar næst öllu því liði,  
10 er fröeknast var ok bezt búit. Síðan tengðu hváirtveggju skip  
sín alt um miðjan flotann. En fyrir því at svá mikill var herrinn,  
þá var þat allr fjöldi skipanna, er laust fór, ok lagði þá svá  
hverr fram sitt skip, sem skap hafði til, en þat var allmisjafnt.  
En þótt liðsmunr væri allmikill, þá höfðu hváirtveggju óvígjan  
15 her. Sveinn konungr hafði í liði með sér vi. jarla; Steinn  
Herdísarson sagði svá:

131. Hætti hersa dróttinn	næst vas þats réð rísta
hugstrangr, skipa langra	reiðr atseti Hleiðrar
hinn 's með halft beið annat	þangs láð mörum þingat
20 hundrað Dana fundar;	þrimr hundruðum sunða.

## K. 63. Uphaf Nizar orrostu.

Haraldr konungr lét blása herblástr, þegar er hann hafði  
búit sín skip, ok lét þá greiða atróðr sína menn; svá segir Steinn  
Herdísarson:

25 132. Vann fyr móðu mynni	herðu hjörvi gyrðir
meinfoert Haraldr Sveini;	Halland jöfurs spjallar
varð, þvít vísi gerðit,	(heit blés und) fyr útan
viðrnám, friðar biðja;	atróðr (á sæ blóði).

Síðan tóksk orrosta ok var in snarpasta, eggjar hvárrtveggi sitt  
30 lið; svá segir Steinn Herdísarson:

133. Nýtr það skjöldungr skjóta	bæði fló, þás blóði
(skamt vas liðs á miðli)	brandr hrauð af sér rauðu,
hlífar styggr ok hoggva	(þat brá feigra flotna
hvárr tveggja lið seggja;	fjörvi) grjót ok orvar.

35 Þat var síðarla dags, er orrosta seig saman, ok helzk svá alla  
nóttina. Haraldr konungr skaut af boga langa hríð; svá segir  
Þjóðólfr:

134. Alm dró uplenzkr hilmir búandmönnum smó benjar  
 alla nótt; enn snjalli blóðugr oddr, þars stóðu  
 hremsur lét á hvítar (flugr óx) fylkis (vigra)  
 hlífr landreki drífa; Finna gjöld í skjöldum.

Hákon jarl ok þat lið, er honum fylgði, tengði ekki sín skip ok 5  
 røri at Dana-skipum þeim, er laus fóru, en hvert skip, er hann  
 tengðisk við, þá hrauð hann. En er þat funnu Danir, þá dró  
 hverr þeira frá sitt skip, þar er jarl fór; sótti hann eptir Dönnum,  
 svá sem þeir hómlluðu undan, ok var þeim þá at komit flóttu. Þá  
 røri skúta at skipi jarls ok var kallat á hann, sagt, at fyrir léti 10  
 annarr fylkingararmrinn ok þar var fallit mart lið þeira. Síðan  
 røri jarl þannug til ok veitti þar harða atgöngu, svá at Danir  
 létu þá undan síga; fór jarl svá alla nóttina, lagði þar fram sem  
 mest var þörf, en hvar sem hann kom fram, þá helt ekki við  
 honum. Hákon røri it ýtra um bardagann. Inn öfra hlut nætr 15  
 brast meginflóttinn á Dönnum, þvíat þá hafði Haraldr konungr  
 upp gengit með sína sveit á skip Sveins konungs; var þat svá  
 vendiliga hroðit, at allir menn fellu, nema þeir, er á kaf hljópu;  
 svá segir Arnórr jarlaskáld:

135. Gekkat Sveinn af snekkju farkostr hlaut at fljóta 20  
 saklaust enn forhrausti, fljótmaelts vinar Jóta,  
 (malmr kom harðr við hjalma) áðr an öðlingr flæði,  
 hugi minn es þat, sinni; auðr, frá verðung dauðri.

En er merki Sveins konungs var fallit ok autt skip hans, þá  
 flýðu allir hans menn, en sumir fellu. En á þeim skipum, er 25  
 tengð váru, hljópu menn þar á kaf, en sumir kómusk á önnur  
 skip, þau er laus váru; en allir Sveins menn røru þá undan,  
 þeir er því kómu við. Þar varð allmiklit mannfall. En þar er  
 konungarnir sjálfir höfðu barzk ok tengð váru flest skipin, þar  
 lágu eptir skip Sveins konungs meir en lxx.; svá segir Þjóðólfr: 30

136. Sogns kóðu gram gegnan senn á svipstund einni  
 glæst sjau töggu et fæsta Sveins þjóðar skip hrjóða.

Haraldr konungr røri eptir Dönnum ok rak þá; en þat var eigi  
 hægt, þvíat skipafloti var svá þröngr fyrir, at varla mátti fram  
 koma. Finn jarl vildi eigi flýja, ok var hann handtekinn; hann 35  
 var ok lítt sýndr; svá segir Þjóðólfr:

137. Sveinn át sigr at launa varð, sás vildit forða,  
 sex, þeim es hvöt vexa, vígbjartr, snöru hjarta,  
 innan eina gunni, í fylkingu fenginn  
 orleiks, Dana jörlum; Fiðr Árna sonr miðri. 40

## K. 64. Flótti Sveins konungs.

Hakon jarl lá með sitt skip eptir, er konungr ok annat lið rak flóttann, þvíat jarls skip mátti eigi þar fram fara fyrir skipum þeim, er fyrir váru. Þá ræri einn maðr á báti at skipi 5 jarls ok lagði at lyptingu; sá var mikill maðr ok hafði víðan hq̄tt; sá kallar upp á skipit: »hvar er jarl?«. Hann var í fyrirrúmi ok stq̄vaði blóð manni einum. Jarl sá til hattar-mannzins ok spurði hann at nafni. Hann segir: »Vandráðr er hér; mæl þú við mik jarl«. Jarlinn laut út yfir borðit til hans. 10 Þá mælti bátmaðrinn: »þiggja mun ek líf at þér, ef þú vill veita«. Jarl reis upp ok nefndi til ii. menn sína, þá er honum váru báðir kærir, segir svá: »stígið á bátinn ok flytið Vandráð til landz; fylgið honum til Karls bónda, vinar míns; segið honum þat til jartegna, at hann fái Vandráði hest þann, er ek gaf Karli fyrra 15 dag, ok sq̄ðul sinn ok son sinn til fylgðar«. Síðan stigu þeir á bátinn ok taka til ára, en Vandráðr stýrði. Þetta var í brum lýsingarinnar; var þá ok sem mestr skipagangr, røru sumir til landzins, sumir út til hafsins, bæði smám skipum ok stórum. Vandráðr stýrði þar, er honum þótti rýmst milli skipanna. En 20 þar sem Norðmanna skip røru nær þeim, þá sq̄gðu jarlsmenn til sín, ok létu allir þá fara, hvert er þeir vildu. Vandráðr stýrði fram með ströndunni ok lagði eigi at landi fyrr en þeir kómu umfram þat, er skipafjöldinn var. Síðan gengu þeir upp til bæjar Karls ok tók þá at lýsa; þeir gengu inn í stofu; var Karl þar, 25 ok nýklæddr. Jarlsmenn sq̄gðu honum ørendi sín. Karl mælti, sagði, at þeir skyldi snæða fyrst, ok lét setja þeim borð ok fekk þeim laugar. Þá kom húsfreyja í stofu ok mælti þegar: »undr mikit er þat, er vér fám aldri svefn eða ró í nótt fyrir ópi eða glammi«. Karl svarar: »veiztu eigi, at konungar hafa barzk í 30 nátt?«. Hon spurði: »hvárr hefir betr haft?«. Karl svarar: »Norðmenn hafa sigrazk«. »Flýit mun enn hafa konungrinn várr« segir hon. Karl svarar: »eigi vita menn þat, hvárt hann hefir flýit eða fallit«. Hon mælti: »vesul eru vér konungs; hann er bæði haltr ok ragr«. Þá mælti Vandráðr: »eigi mun konungr 35 ragr, en ekki er hann sigrsæll«. Vandráðr tók síðarst laugarnar, en er hann tók dúkinn, þá strauk hann sér á miðjum. Húsfreyja tók dúkinn ok kipði frá honum; hon mælti: »fátt gott kantu þér; þat er þorpkarligt at væta allan dúkinn senn«. Vandráðr svarar: »þar køm ek þá enn, er ek þerri mér meirr á miðri þerru«. Síðan

tók Karl upp borð fyrir þá, ok settisk Vandráðr í miðju; snæddu þeir um hrið, en síðan gengu þeir út; var þá hestr búinn, ok karlsson at fylgja honum ok hafði hann annan hest; ríða þeir brot til skógar, en jarlsmenn gengu til báts síns ok róa út til jarlskipsins.

5

## K. 65. Frá Haraldi konungi.

Haraldr konungr ok hans lið rak skamt flóttann, røru síðan aptr til skipanna, þeira er auð váru; þá rannsökuðu þeir valinn; fanzk á konugsskipinu fjöldi dauðra manna, en eigi fanzk lík konungs, en þó þóttusk þeir vita, at hann var fallinn. Lét þá 10 Haraldr konungr veita umbúnað líkum manna sinna, en binda sár þeira, er þess þurftu. Síðan lét hann flytja til landz lík Sveins manna, en sendi boð bøndum, at þeir skyldu jarða líkin. Síðan lét hann skipta herfangi; hann dvalðisk þar nokkura hrið. Þá spurði hann þau tíðendi, at Sveinn konungr var kominn til 15 Sjálandz ok þá var kominn til hans herr sjá allr, er flýit hafði ór orrostu, ok mikit lið annat, ok hafði hann ógrynni hers fingit.

## K. 66. Gefin grið Finni Árnasyni.

Finnr jarl Árnason varð handtekinn í orrostu, sem fyrr var ritat; hann var leiddr til konungsins. Haraldr konungr var þá 20 allkáttr ok mælti: »hér fundumk vit nú, Finn, en næst í Nóregi; hefir hirðin sú in danska eigi staðit allfast fyrir þér, ok hafa Norðmenn ilt at verki, draga þik blindan eptir sér ok vinna þat til lífs þér«. Þá svarar jarl: »mart verða Norðmenn ilt at gera ok þat verst alt, er þú býðr«. Þá mælti Haraldr konungr: »viltu 25 nú grið, þóttu sér ómakligr?«. Þá svarar jarl: »eigi af hundinum þínum«. Konungr mælti: »viltu þá, at Magnús frændi þinn gefi þér grið?«. Magnús, sonr Haraldz konungs, stýrði þá skipi. Þá svarar jarl: »hvat mun hvelpr sá ráða griðum?«. Þá hló konungr ok þótti skemtan at erta hann ok mælti: »viltu taka grið af Þóru, 30 frændkonu þinni?«. Þá segir jarl: »er hon hér?«. »Hér er hon« segir konungr. Þá mælti Finn jarl orðskroepi þat, er síðan er uppi haft, hversu reiðr hann var, er hann fekk eigi stilt orðum sínum: »eigi er nú undarligt, at þú hafir vel bitizk, er merrin hefir fylgt þér«. Finni jarli váru gefin grið, ok hafði Haraldr 35 konungr hann með sér um hrið; var Finn heldr ókáttr ok ómjúkr í orðum. Þá mælti Haraldr konungr: »sé ek þat, Finn, at þú vilt nú ekki þýðask við mik ok við frændr þína; vil ek nú gefa

þér orlof at fara til Sveins, konungs þíns«. Jarl svarar: »þat vil ek þiggja ok því þakksamligarr, er ek kœm fyrr í brot heðan«. Síðan lét konungr flytja ferð jarls upp á land; tóku Hallandzfarar vel við honum. Haraldr konungr helt þá liði sínu norðr í Nóreg, 5 fór fyrst til Óslóar, gaf þá heimleyfi öllu liði sínu, því er fara vildi.

#### K. 67. Frá Sveini konungi.

Svá segja menn, at Sveinn konungr sat í Donmörk þann vetr ok helt ríki sínu sem áðr. Hann sendi menn um vetrinn norðr á 10 Halland eptir Karli ok þeim hjónum; en er þau kómu til konungs, þá kallar hann Karl til sín; síðan spurði konungr, ef Karl kendi hann eða þœttisk sét hafa hann fyrr. Karl svarar: »kenni ek þik nú, konungr, ok kenda ek þik fyrr, þegar ek sá þik, ok er þat guði at þakka, er þér kom til gagns sá litli forbeini, er ek veitta þér«. 15 Konungr svarar: »alla þá daga, er ek lifi síðan, á ek þér at launa. Nú skal þat it fyrsta, at ek gef þér bú þat á Sjálandi, er þú kýss þér, ok þat með, at ek skal gera þik mikinn mann, ef þú kant þat með hœndum hafa«. Karl þakkaði konungi vel orð sín ok segir, at enn er eptir bœn sú — »er ek vil biðja«. Konungr spurði, 20 hvat þat væri. Karl segir: »ek vil biðja þess, at þú, konungr, látir mik hafa með mér konu mína«. Konungr segir svá: »þat mun ek þér eigi veita, þvíat ek skal fá þér miklu betri konu ok vitrari; en kona þín fari með búkot þat, er þit hafið áðr haft; þat mun henni framflutning«. Konungr gaf Karli mikit bú ok 25 gœfugligt, fekk honum gott kvánfang, ok varð hann þá mikill maðr fyrir sér. Varð þat frægt ok spurðisk víða; þat kom norðr í Nóreg.

#### K. 68. Frá rœðu hirðmanna.

Haraldr konungr sat þann vetr eptir Nizar-orrostu í Ósló. 30 Um haustit, er lið kom sunnan, þá var mikil umbrœða ok frásögn um orrostu þá, er verit hafði um haustit fyrir Nizi; þóttisk hverr sá, er þar hafði verit, nokkut kunna at segja frá. Þat var eitt sinn, at menn nokkurir sátu í undirskemmum einni ok drukku ok vátu allmálgir; þeir rœddu um Nizarorrostu ok þat með, hverir 35 þaðan hœfðu borit orðztír mestan. Þeir urðu allir á eitt sáttir, at engi maðr hefði þar slíkr verit sem Hákon jarl — »hann var vápndjarfastr ok hann var kœnstr ok hann var gæfumestr, ok þat varð alt at mestu liði, er hann gerði, ok hann vann sigrinn«.

Haraldr konungr var þar úti í garðinum ok talaði við menn nokkura. Síðan gekk hann fyrir skemmudyrnar ok mælti: »Hákon mundi hér nú hvern heita vilja« — ok gekk leið sína.

#### K. 69. Atferð við Hákon jarl.

Hákon jarl fór um haustit til Uplanda ok var þar um vetrinn 5 í ríki sínu; hann var allvinsæll til Uplendinga. Þat var um várit, er á leið, eitt sinni, er menn sátu við drykkju, at rætt var enn um Nizar-orrostu, ok lofuðu menn mjök Hákon jarl, en sumir tóku eigi miðr aðra til; en er þeir höfðu þat rætt um hríð, þá svarar maðr einn hvern: »vera kann, at fleiri menn hafi djarfligarr barzk 10 fyrir Nizi en Hákon jarl; en þó mun sá engi þar verit hafa, er ek hygg, at slíkt happ mun hafa sótt sem hann«. Þeir segja, at þat myndi mest happ hans, er hann hafði rekit á flóttu marga af Dönum. Sá sami svarar: »meira happ var þat, er hann gaf líf Sveini konungi«. Einn hvern svarar honum: »þat muntu eigi 15 vita, er þú segir«. Hann svarar: »þetta veit ek allgörla, þvíat sá sagði mér sjálfr, er konung flutti til landz«. En þá var, sem opt er mælt, at mörg eru konungs eyru; var konungi þetta sagt, ok jamskjótt lét konungr þegar taka marga hesta ok reið þegar um nóttina með cc. manna; reið hann alla þá nótt ok eptir um 20 daginn. Þá riðu í mót þeim menn þeir, er fóru út til bæjar með mjöl ok malt. Maðr hét Gamall, er í fgr var með konungi; hann reið at einum bóndanum, — sá var kunningi hans; þeir mæltu einmæli, segir Gamall: »ek vil kaupa at þér, at þú ríðir sem ákaf- ligast launstígu þá, er þú veizt skemsta, ok kom til Hákonar 25 jarls; seg honum, at konungr vill drepa hann, þvíat konungr veit nú, at jarl hefir skotit Sveini konungi á land fyrir Nizi«. Kaupa þeir saman; reið sá bóndi ok kom til jarls, sat hann þá ok drakk ok var eigi sofa genginn. En er bóndi hafði sagt sín ørendi, stóð jarl þegar upp ok allir hans menn; lét jarl flytja í brot 30 lausafé sitt alt af bænum til skógar, váru ok brottu menn allir af býnum um nóttina, þá er konungr kom; dvalðisk hann þar um nóttina, en Hákon jarl reið leið sína ok kom fram austr í Svíaveldi til Steinkels konungs ok dvalðisk með honum um sumarit. Haraldr konungr snøri síðan aptr út til býjar; fór konungr um 35 sumarit norðr til Prándheims; dvøðusk þar um sumarit, en fóru aptr um haustit austr í Vík.



## K. 70. Frá Hákonu jarli.

Hákon jarl fór þegar um sumarit apr til Uplanda, er hann spurði, at konungr var norðr farinn; dvalðisk þar til þess, er konungr kom norðan. Síðan fór jarl austr í Vermaland ok  
 5 dvalðisk þar lengi um vetrinn; veitti Steinkell konungr jarli þar yfirsókn. Hann fór um vetrinn, er á leið, vestr á Raumaríki, ok hafði hann lið mikit, er Gautar ok Vermir höfðu fengit honum. Þá tók hann landzskyldir sínar ok skatta af Uplendingum, þá er hann átti. Síðan fór hann austr apr til Gautlandz ok dvalðisk  
 10 þar um várit. Haraldr konungr sat um vetrinn í Ósló ok gerði menn sína til Uplanda, at heimta þar skatta ok landskyldir ok konungs sakeyri. En Uplendingar segja svá, at þeir myndi greiða allar skyldir, þær er þeir ætti at greiða, ok fá í hendr Hákonu jarli, meðan hann var á lífi ok hann hafði ekki fyrirgørt  
 15 sér eða ríki sínu; ok fekk konungr þaðan engar landskyldir á þeim vetri.

## K. 71. Sætt Haraldz konungs ok Sveins konungs.

Þann vetr fóru boð ok sendimenn milli Nóregs ok Danmerkr ok var þat í bundit, at hváirtveggju Norðmenn ok Danir vildu  
 20 gera frið milli sín ok sætt ok báðu konunga til þess, ok fóru þær orðsendingar heldr líkliga til sætta, ok kom svá at lykðum, at sættarfundr var stefndr í Elfi milli Haraldz konungs ok Sveins konungs. En er várar, samnar hvárrtveggi konunga liði miklu ok skipum til þessarrar ferðar, ok segir skáldit í einum flokki frá  
 25 ferð þeira:

138. Norðr lykr gramr, sás gerðir  
 grund, frá Eyrarsundi                    eiðfastr Haraldr skeiðum;  
           (hrafngeilir sparn hæli                Sveinn skerr ok til annars  
           höfn) langskipa stöfnum;  
 30            rísta gollu glæstir                    út hefra lið lítit  
           gjalfir, en hlýður skjalfa,        lofsnjallr Dana allra,  
           hvast und her fyr vestan            hinn es hvern vág sunnan  
           Hallandi framm brandar.            hrafngrennir lykr stöfnum.

Hér segir þat, at konungar þessir halda stefnulag, þat er gørt  
 35 var milli þeira, ok koma þeir báðir til landamæris; svá sem hér segir:

140. Sýstuð suðr, þars æstu                enn (sék eigi minni  
           snjallr gramr, Danir allir,            efni) mæltrar stefnu;

Sveinn tekr norðr at nenna (varð fyr víðri jörðu  
nær til landamæris vinnsamt) Harald finna.

En er konungarnir funnusk, tóku menn at ræða um sættir konunganna; en þegar þat var í munni haft, þá kærðu margir skaða sinn, er fengit höfðu af hernaði, rán ok mannalát; var þat 5 langa hríð, svá sem hér segir:

141. Telja hátt, es hittask, hvertveggja mjök, seggir, orð, þaus angra fyrða allmjök, búendr snjallir; láta þeir, es þreyta, þegnar, alt í gegnum, (svellr ofrhuigi jöfrum) eigi brátt við sötum.	142. Ofreiði verðr jöfra allhætt, ef skal sættask; menn, þeirs miðla kunnu, mól öll vega í skólum; dugir siklingum segja slíkt alt, es her líkar; veldr, ef verr skolu hólðar, vili »grandar« því, skiljask.	10
--	---	----

Síðan áttu hlut í inir beztu menn ok þeir, er vitrastir váru; gekk 15 þá saman sætt konunga með þeima hætti, at Haraldr skyldi hafa Nóreg, en Sveinn Danmörk til þess landamæris, sem at fornu hafði verit milli Nóregs ok Danmerkr; skyldu hvárigir öðrum bæta; skyldi þar hernaðr leggjask, sem hafizk hafði, en sá hafa happ, er hlotit hafði. Sá friðr skyldi standa, meðan þeir væri 20 konungar; sú sætt var eiðum bundin; síðan seldusk konungarnir gíslar, svá sem hér segir:

143. Hitt hefk heyrt, at setti Haraldr ok Sveinn við meinum (goð sýslir þat) gísla glaðr hvárr tveggja öðrum;	þeir haldi svá sœrum (sött lauksk þar með vötum) ok öllum frið fullum, ferð at hvárgi skerði.	25
--	--	----

Haraldr konungr helt liði sínu norðr í Nóreg; Sveinn konungr fór suðr til Danmarkar.

#### K. 72. Orrosta Haraldz konungs ok Hákonar jarls.

Haraldr konungr var í Víkinni um sumarit, en hann gerði 30 menn sína til Uplanda eptir skyldum ok sköttum, er hann átti þar, — þá gerðu bændr þar engan greiða á ok kváðusk mundu láta bíða alt þar Hákonar jarls, ef hann kvæmi til þeira. Hákon jarl var þá uppi á Gautlandi ok hafði lið mikit. En er á leið 35 sumarit, helt Haraldr konungr suðr til Konungahellu; síðan tók hann léttiskip öll, þau er hann fekk, ok helt upp eptir Elfinni; lét hann draga af við forsa ok flutti skipin upp í vatnit Væni. Síðan ræri hann austr yfir vatnit, þar sem hann spurði til Hákonar jarls. En er jarl fekk njósn af fœrum konungs, þá sótti hann ofan

af landi ok vildi eigi, at konungr herjaði á þá. Hákon jarl hafði lið mikit, er Gautar höfðu fengit honum. Haraldr konungr lagði skipum sínum upp í móðu nokkura; síðan réð hann til landgöngu, en hann lét eptir sumt liðit at gæta skipa. Konungr sjálfr reið  
5 ok sumt liðit, en miklu fleira gekk. Þeir áttu at fara yfir skóg nokkurn, ok þar váru fyrir þeim kjarmýrar nokkurar ok þá enn holt; en er þeir kómu upp á holtit, þá sá þeir lið jarls; var þá mýrr ein milli þeira. Fylkðu þá hvártveggju. Þá mælti konungr, at lið hans skyldi sitja uppi á bakkanum — »freistum fyrst, ef  
10 þeir vilja á ráða; Hákon er óbilgjarn« segir hann. Frost var veðrs ok snjádrif nokkut; sátu þeir Haraldr undir skjöldum sínum, en Gautar höfðu lítt klæzk, ok gerði þeim svalt. Jarl bað þá bíða þess, er konungr gengi at ok þeir stœði allir jafnhátt. Hákon hafði merki þau, er Magnús konungr Ólafsson hafði átt.  
15 Lögmaðr Gauta hét Þorviðr; hann sat á hesti, ok var bundinn taumrinn við hæl einn, er stóð í mýrinni; hann talaði ok mælti: »þat veit guð, at vér höfum hér lið mikit, ok helzti frækna menn; látum þat spyrja Steinkel konung, at vér veitim vel lið þessum góða jarli; veit ek þat, þótt Norðmenn leiti á oss, at vér tókum  
20 öruggt í mót þeim; en ef ungmennit skjalar ok vill eigi bíða, þá rennum eigi lengra en hér til bekksins; en ef meir skjalar ungmennit, sem ek veit at eigi mun vera, þá rennum eigi lengra en hér til haugsins«. Í því bili hljóp upp herr Norðmanna ok æpði heróp ok börðu á skjöldu sína; tók þá Gauta-herr at æpa; en hestr lögmannz hnykkir svá fast, er hann fælðisk við herópit,  
25 at hællinn gekk upp ok hrækði honum um höfuð, lögmanninum; hann mælti: »skjóttu allra Norðmanna armastr«. Hleypði lögmaðrinn þá í brot. Haraldr konungr hafði áðr sagt liði sínu svá: »þótt vér gerim brak eða óp um oss, þá göngum vér eigi  
30 fyrir bakkann, fyrr en þeir koma hér at oss« — ok gerðu þeir svá. En þegar er herópit kom upp, þá lét jarl fram bera sitt merki, en er þeir kómu undir bakkann, þá steypðisk konungслиðit ofan á þá; fell þá þegar sumt lið jarls, en sumt flýði. Norðmenn ráku flóttann eigi langt, þvíat kveld var dags. Þar tóku þeir merki  
35 Hákonar jarls ok slíkt af vápnum ok klæðum, sem þeir fengu. Konungr lét bera fyrir sér bæði merkin, er hann fór ofan. Þeir rœddu með sér, hvárt jarl myndi fallinn; en er þeir riðu ofan um skóginn, þá mátti einn riða jamfram. Maðr hleypði um þvera götuna ok lagði kesju í gögnum þann, er bar merki jarls; hann  
40 grípr merkistöngina ok hleypði annan veg í skóginn með merkit.

En er konungi var þat sagt, þá mælti hann: »lifir jarl; fáí mér brynju mína«. Ríðr konungr þá um nóttina til skipa sinna; mæltu margir, at jarl hefði hefnt sín. Þjóðólfr kvað þá:

144. Qld es, sús jarli skyldi            en þvít illa reyndisk  
           ögn-teitum lið veita,                afls vön þaðan hönum,            5  
           (sterkr olli því stillir)            fyrir lét Hökon hǫrfa  
           Steinkels gefin helju;                hvatt, segr hinn 's þat fegrir

Haraldr konungr var þá nótt á skipum sínum, þat sem eptir var, en um morgininn, er ljóst var, þá var iss lagðr alt um skipin svá þykk, at ganga mátti umhverfis skipin. Þá bað konungr sína 10 menn, at þeir skyldi hoggva ísinn frá skipunum ok út í vatnit; gengu menn þá til ok réðu á ishoggvit. Magnús, sonr Haraldz konungs, stýrði skipi því, er neðarst lá í móðunni ok næst lá út vatninu. En er menn hǫfðu mjök út hoggvit ísinn, þá hljóp maðr út eptir ísinum, þar til er hoggva skyldi, ok lét síðan sem 15 öðr væri ok galinn at ishoggvinu. Þá mælti maðr: »nú er enn sem optarr, at engi er jamliðgóðr, hvar sem hann gengr til, sem hann Hallr Koðráns-bani; sé nú, hversu hann hæggr ísinn«. En maðr sá var á skipi Magnús, er Pormóðr hét Eindriðason; en er hann heyrði nefndan Koðráns-bana, þá hljóp hann at Halli ok 20 hjó hann banahogg. Koðrán var Guðmundarson Eyjólfssonar, en Valgerðr var systir Guðmundar, móðir Jórunnar, móður Pormóðar. Pormóðr var vetrgamall, þá er Koðrán var veginn, ok hafði hann aldri sét Hall Ötryggsson fyrr en þá. Þá var ok íssinn út hoggvinn í vatnit, ok lagði Magnús sitt skip út í vatnit 25 ok tók þegar til segls ok siglði vestr yfir vatnit, en konungsskip lá innarst í vökinni, ok komsk hann seinst út. Hallr hafði verit í sveit konungs ok honum allkærr, ok var hann inn reiðasti. Konungr kom síð til hafnar; hafði Magnús þá skotit vegandanum í skóg ok bauð boð fyrir hann, en við sjálfst var, at konungr 30 myndi ganga at þeim Magnúsi, áðr vinir þeira kómu til ok sættu þá.

#### K. 73. Frá Haraldi konungi.

Vetr þenna fór Haraldr konungr upp á Raumaríki ok hafði lið mikit, bar hann sakar á hendr bóndum, þær, at þeir hefði 35 haldit fyrir honum skyldum ok sköttum, en eftt fjandmenn hans til ófriðar við hann; hann lét taka bæendr, hamla suma, suma drepa, en marga ræna aleigunni; þeir flýðu, er því kómu við; allvíða lét hann brenna heruðin ok gerði aleyðu; svá segir Þjóðólfr:

145. Tók Holmbúa hneykir            eldr vas gørr at gjaldi;  
       harðan taum við Rauma;        gramr réð, en þá téði  
       þar hykk fast ens frækna        hár í hóf at færa  
       fylking Haralds gingu;        hrótgarmr búendr arma.
- 5 Síðan fór Haraldr konungr upp á Heiðmørk ok brendi þar ok gerði þar hervirki eigi minna en hizug. Þaðan fór hann á Haðaland ok út á Hringaríki, brendi þar ok fór alt herskildi; svá segir Þjóðólfr:
146. Gagn brann greypra þegna,    lífs bóðu sér lýðir,  
 10 glóð varð fəst í tróði;        logi þingaði Hringum  
       laust hertoga hristir        nauðgan dóm, áðr næmisk  
       Heina illum steini;            niðrfall Hóalfs galla.  
 Eptir þat lögðu bændr alt sitt mál undir konung.

## K. 74. Frá Haraldri konungi.

- 15 Eptir þat er Magnús konungr var andaðr, liðu xv. vetr, áðr Nizar-orrosta var, en síðan ii., áðr Haraldr ok Sveinn sættusk; svá segir Þjóðólfr:
147. Færði fylkir Hørða,            (rend bitu stól fyr ströndu)  
       friðr namsk ár et þriðja,        starf til króks, at hvarfi.
- 20 Eptir sætt var deila konungs við Uplendinga iii. misseri; svá segir Þjóðólfr:
148. Nú 's of verk, þaus vísi,        sér hefr svá langs tírar  
       vandmælt, svát af standisk,        svinns, at æ mun vinnask,  
       auðan plóg at eiga            þríu missari þessi  
 25 Uplendingum kendi;            þengils høfuð fengit.

## K. 75. Frá Englandz konungum.

- Eaðvarðr Aðalráðsson var konungr í Englandi eptir Hørðaknútt, bróður sinn; hann var kallaðr Eaðvarðr inn góði; hann var svá. Móðir Eaðvarðar konungs var Emma drótning dóttir
- 30 Ríkarðar Rúðu-jarls; bróðir hennar var Róðbjartr jarl, faðir Vilhjálms bastarðz, er þá var hertogi í Rúðu í Norðmandi. Eaðvarðr konungr átti Gyðu drótning, dóttur Guðina jarls Úlfnaðrsonar. Bræðr Gyðu vāru Tósti jarl — hann var elztr — annarr Mørukāri jarl, þriði Valþjófr jarl, fjórði Sveinn jarl, v. Haraldr
- 35 — hann var yngstr; hann fœddisk upp í hirð Eaðvarðar konungs ok var hans fósterson, ok unni konungr honum geysimikit ok hafði hann sér fyrir son, þviat konungr átti ekki barn.

## K. 76. Frá Haraldi Guðinasyni.

Pat var á einu sumri, at Haraldr Guðinason átti ferð til Bretlandz ok fór á skipi; en er þeir kómu í haf, tók þá andviðri ok rak út í haf. Peir tóku land vestr í Norðmandi ok höfðu fengit storm mannhættan. Peir lögðu til borgarinnar Rúðu ok funnu þar Vilhjálmm jarl; tók hann við Haraldi feginsamliga ok hans fgruneyti, dvalðisk Haraldr þar lengi um haustit í góðum fagnaði, þvíat stormar lágu á, ok var eigi í haf fœrt. En er at leið vetrinum, þá rœddu þeir þat jarl ok Haraldr, at Haraldr myndi þar dveljask um vetrinn. Sat Haraldr í hásæti á aðra hönd jarli, en til annarrar handar kona jarls; hon var hverri konu fríðari, er menn hefði sét. Þau tóluðu öll saman sér gaman jafnan við drykkju. Jarl gekk optast snimma at sofa, en Haraldr sat lengi á kveldum ok talaði við konu jarls; fór svá fram lengi um vetrinn. Eitt sinn er þau tóluðu, segir hon: »nú hefir jarl rœtt um við mik ok spurt, hvat vit talaðim svá þrátt, ok er hann nú reiðr«. Haraldr svarar: »vit skulum hann nú láta vita sem skjótast allar rœður okrar«. Eptir um daginn kallar Haraldr jarl til máls við sik, ok gengu þeir í málstofu; þar var þá ok kona jarls ok ráðuneyti þeira. Þá tók Haraldr til máls: »þat er at segja yðr, jarl, at fleira býr í hingatkvámum minni, en þat, er ek hefi enn upp borit fyrir yðr. Ek ætla at biðja dóttur þinnar til eiginkonu mér; hefi ek þetta rœtt fyrir móður hennar optliga, ok hefir hon mér því heitit, at liðsinna þetta mál við yðr«. En þegar er Haraldr hafði þetta upp borit, þá tóku allir því vel, þeir er við váru, ok fluttu þat fyrir jarli; kom þetta mál svá at lykðum, at mærin var fgrstnuð Haraldi; en fyrir því at hon var ung, þá var mælt nokkurra vetra frest á til brúðlaupsstefnu.

## K. 77. Dauði Eatvarðar konungs.

En er vár kom, þá bjó Haraldr skip sitt ok ferð brot; skilðusk þeir jarl með kærleikum miklum; fór þá Haraldr út til Englandz á fund Eaðvarðar konungs ok kom ekki til Vallandz síðan at vitja ráðs þessa. Eaðvarðr konungr var yfir Englandi xxiii. vetr, ok varð hann sótt dauðr í Lundúnum nóne Jánúaríi; hann var jarðaðr at Pálskirkju, ok kalla enskir menn hann helgan. Sønir Guðina jarls váru þá ríkastir manna á Englandi; var Tósti settr höfðingi yfir her Engla-konungs, ok var hann landvarnarmaðr, þá er konungr tók at eldask; hann var settr yfir alla jarla

aðra. Haraldr, bróðir hans, var jafnan innan hirðar inn næsti maðr um alla þjóðostu, ok hafði allar féhirzlur konungs at gæta. Þat er sagn manna, at þá er fram leið at andláti konungs, at þá var Haraldr nær ok fátt manna annat; þá laut Haraldr yfir konunginn ok mælti: »því skírskota ek undir alla yðr, at konungr gaf mér nú konungdóm ok alt ríki í Englandi«. Því næst var konungr borinn dauðr ór hvilunni. Þann sama dag var þar hofðingjastefna, var þá rætt um konungstekju; lét þá Haraldr bera fram vitni sín, þau er Eaðvarðr konungr gaf honum ríki á deyjanda degi. Ilauk svá þeiri stefnu, at Haraldr var til konungs tekinn ok vígðr konungsvígslu inn xiii. dag í Pólskirkju; gengu þá allir hofðingjar til handa honum ok alt fólk. En er þat spurði Tósti jarl, bróðir hans, líkaði honum illa; þóttisk hann eigi verr til kominn at vera konungr — »vil ek, segir hann, at landz- hofðingjar kjósi þann til konungs, er þeim þykkir bezt vera til fallinn« — ok færu þau orð milli þeira bræðra. Haraldr konungr segir svá, at hann vill eigi upp gefa konungdóm, fyrir þat at hann var stólsettr í þeim stað, sem konungr átti, en verit síðan smurðr ok vígðr konungsvígslu; hvarf til hans allr styrkr fjölmennis; hafði hann ok féhirzlur konungs allar.

#### IX. 78. Ferð Tósta til Danmerkr.

En er Haraldr varð þess varr, at Tósti, bróðir hans, vildi hafa hann af konungdóminum, þá trúði hann honum illa, þvíat Tósti var maðr forvitri ok maðr mikill ok átti vel vingat við landzhofðingja. Tók þá Haraldr af Tósta jarli herstjórnina ok alt þat vald, er hann hafði áðr haft framarr en aðrir jarlar þar í landi. Tósti jarl vildi þat fyrir engan mun þola, at vera þjóðostumaðr bróður síns samborins; fór hann þá í brot með liði sínu suðr um sjá í Flandr; dvalðisk þar lítla hríð, fór þá til Fríslanz ok svá þaðan til Danmerkr á fund Sveins konungs, frænda síns; þau váru systkin Úlfr jarl, faðir Sveins konungs, ok Gyða, móðir Tósta jarls. Jarl biðr Svein konung fultings ok liðveizlu. Sveinn konungr bauð honum til sín ok segir, at hann skal hafa jarlsríki í Danmørk, þat er hann megi vera þar sœmiligr hofðingi. Jarl sœgir svá: »þess girnir mik, at fara til Englandz apr til óðala manna; en ef ek fæ engan styrk til þess af yðr, konungr, þá vil ek heldr þat til leggja við yðr, at veita yðr allan styrk þann, er ek á kost í Englandi, ef þér vilið fara með Dana-her til Engglandz at vinna land, svá sem Knútr móðurbróðir

yðvarr«. Konungr segir: »svá miklu em ek minni maðr en frændi minn, Knútr konungr, at varla fæ ek haldit Dana-veldi fyrir Norðmönnum; en gamli Knútr eignaðisk at erfð Dana-ríki, en með hernaði ok orrostu England, ok var þat um hríð þó eigi óvænna, at hann myndi þar eptir leggja líf sitt; Nóreg fekk 5 hann orrostulaust. Nú kann ek ætla mér hóf meirr eptir mínu lítilræði en eptir framkvæmð Knúts konungs, frænda míns«. Þá mælti jarl: »minna verðr mitt ørendi hingat, en ek hugða at þú myndir vera láta, svá gøfugr maðr, í nauðsyn mína. Kann nú vera, at ek leita þannug vináttunnar, er miklu er ómakligrá; en 10 þó má vera, at ek finna þann hǫfðingja, er miðr vaxi fyrir augum at ráða mjök stórt, heldr en þér, konungr«. Síðan skilðusk þeir konungr ok jarl, ok ekki mjök sáttir.

## K. 79. Ferð Tósta til Nóregs.

Tósti jarl snýr þá ferðinni ok kom hann fram í Nóreg ok 15 fór á fund Haraldz konungs; hann var í Víkinni. En er þeir finnask, berr jarl upp fyrir konung ørendi sín, segir honum alt um ferð sína, síðan er hann fór af Englandi, biðr konung fá sér styrk at sækja ríki sitt í Englandi. Konungr segir svá, at Norðmenn munu þess ekki fýsa, at fara til Englandz ok herja 20 ok hafa þar enskan hǫfðingja yfir sér — »mæla menn þat, segir hann, at þeir inir ensku sé ekki alltrúir«. Jarl svarar: »hvárt er þat með sannendum, er ek hefi heyrt menn segja í Englandi, at Magnús konungr, frændi þinn, sendi menn til Eaðvarðar konungs, ok var þat í orðsending, at Magnús konungr átti England, 25 slíkt sem Danmørk, arftekít eptir Hǫrðaknútt, svá sem svardagar þeira hǫfðu til staðit?«. Konungr segir: »hví hafði hann þat þá eigi, ef hann átti þat?«. Jarl segir: »hví hefir þú eigi Danmørk, svá sem Magnús konungr hafði fyrir þér?«. Konungr segir: »ekki þurfu Danir at hælask við oss Norðmenn; marga díla 30 hǫfum vér brent þeim frændum þínum«. Þá mælti jarl: »viltu eigi mér segja, þá mun ek þér segja; því eignaðisk Magnús konungr Danmørk, at þarlandzhǫfðingjar veittu honum, en því fektu eigi, at alt landzfólk stóð í móti þér; því barðisk Magnús konungr eigi til Englandz, at allr landzlýðr vildi hafa Eatvarð at konungi. 35 Viltu eignask England, þá má ek svá gera, at meiri hlutr hǫfðingja í Englandi munu vera vinir þínir ok líðsinnismenn; skortir mik eigi meira við Harald, bróður minn, en konungsnafn eitt. Þat vitu allir menn, at engi hermaðr hefir slíkr fœzk á Norðrlöndum



sem þú, ok þat þykki mér undarligt, er þú barðisk xv. vetr til Danmerkr, en þú vill eigi hafa England, er nú liggr laust fyrir þér«. Haraldr konungr hugsaði vandliga, hvat jarl mælti, ok skilði, at hann segir mart satt, ok í annan stað gerðisk hann fúss 5 til at fá ríkit. Síðan tölðu þeir konungr ok jarl lönfum ok opt, settu þeir þá ráðagørð þessa, at þeir skyldu fara um sumarit til Englandz ok vinna landit. Sendi Haraldr konungr orð um allan Nóreg ok bauð út leiðangri, hálfum almenningi. Var þetta nú allfrægt; váru margar getur á, hvernug fōrin myndi verða, mæltu 10 sumir, ok tölðu upp stórvirki Haraldz, at honum myndi ekki ófært verða, en sumir sōgðu, at England myndi torsótt, mannfólk ófamikit á ok lið þat, er kallat er þingamannalið; þeir váru menn svá frœknir, at betra var lið eins þeira en ii. Haraldz manna inna beztu. Þá svarar Ulfr stallari:

15 149. Esa stollurum stillis ef, hōrbrekka, hrōkkva,  
 stafnrúm Haralds (jafnan hrein, skulu tveir fyr einum  
 ónauðigr fæk auðar) (ungr kendak mér) undan  
 innan þōrf at hvarfa, (annat) þingamanni.

Ulfr stallari andaðisk þat vár; Haraldr konungr stóð yfir grepti 20 hans ok mælti, er hann gekk frá: »þar liggr sá nú, er dyggvastr var ok dróttinhollastr«. Tōsti jarl siglði um várit vestr til Flæmingjalanz mót liði því, er honum hafði fylgt útan af Eng- landi, ok því qōru, er samnaðisk til hans bæði af Englandi ok þar í Flæmingjalandi.

#### 25 K. 80. Draumr Gyrðar.

Herr Haraldz konungs samnaðisk saman í Sólundum; en er Haraldr konungr var búinn at leggja út ór Niðarósi, þá gekk hann áðr til skríns Óláfs konungs ok lauk upp ok klipði hár hans ok negl ok læsti síðan skríninu, en kastaði luklunum út á Nið; 30 ok hefir ekki síðan upp verit lokit skrini ins helga Óláfs konungs. Þá var liðit frá fallit hans xxxv. vetra; hann lifði ok hálfan fjórða tōg vetra hér í heimi. Haraldr konungr helt því liði, er honum fylgði, suðr til móts við lið sitt. Þar kom saman lið mikit, svá at þat er sōgn manna, at Haraldr konungr hefði nær 35 cc. skipa, ok umfram vistabyrðingar ok smáskútur. Þá er þeir lágu í Sólundum, þá dreymði mann þann, er var á konungs- skipinu, er Gyrðr er nefndr; hann þóttisk þar vera staddr á konungsskipinu ok sá upp á eyna, hvar trōllkona mikil stóð ok hafði skálm í hendi, en í annarri hendi troy; hann þóttisk ok

sjá yfir öll skip þeira, at honum þótti fugl sitja á hverjum skipstafni, þat váru alt ernir ok hrafnar; tröllkonan kvað:

150. Víst es, at allvaldr austan	kná valþiðurr velja	
eggjar vestr at leggja	(veit ærna sér beitu)	
mót við marga knútu	steik af stillis haukum	5
(minn snúðr es þat) prúða;	stafns; fylgik því jafnan.	

## K. 81. Draumr Þórðar.

Þórðr er maðr nefndr, er var á skipi því, er skamt lá frá skipi konungs. Hann dreyndi um nótt, at hann þóttisk sjá flota Haraldz konungs fara at landi, þóttisk vita, at þat var England; 10 hann sá á landinu fylking mikla, ok þótti sem hváirtveggju bjoggisk til orrostu ok höfðu merki mörq á lopti, en fyrir liði landzmannanna reið tröllkona mikil ok sat á vargi, ok hafði vargrinn mannz hræ í munni, ok fell blóð um kjaptana; en er hann hafði þann etit, þá kastaði hon öðrum í munn honum ok síðan hverjum 15 at öðrum, en hann gleypði hvern; hon kvað:

151. Skæð lætr skína rauðan	sviptir sveiflannkjapta	
skjöld, es dregr at hjaldri;	svanni holdi manna;	
brúðr sér Aurnis jóða	ulfs munn litar innan	
ófqr konungs gqrva;	óðlót kona blóði, —	20
	ok óðlót kona blóði.	

## K. 82. Draumr Haraldz konungs.

Harald konung dreyndi enn um nótt, at hann var í Niðarósi ok hitti Ólaf konung, bróður sinn, ok kvað hann vísu fyrir honum:

152. Gramr vá frægr til fremðar	uggik enn, at, tyggi,	25
flestan sigr enn digri;	yðr myni feigð of byrjuð,	
hlautk, þvít heima sötum,	trolls gefið fókum fyllar	
heilagt fall til vallar;	fíks; veldra goð slíku.	

Margir aðrir draumar váru þá sagðir ok annars konar fyrirburðir 30 ok flestir daprligir. Haraldr konungr, áðr hann fœri ór Prándheimi, hafði þar látit taka til konungs Magnús son sinn ok setti hann til ríkis í Nóregi, er Haraldr konungr fór í brot. Þóra Þorbergsdóttir var ok eptir, en Ellisif drótning fór með honum ok dætr hennar Mária ok Ingigerðr. Óláfr, sonr Haraldz kon- 35 ungs, fór ok með honum ór landi.

## K. 83. Orrosta við Skarðaborg.

En er Haraldr konungr var búinn ok byr gaf, siglði hann út á haf ok kom af hafi við Hjaltland, en sumt lið hans kom við Orkneyjar; lá Haraldr konungr þar litla hríð, áðr hann siglði 5 til Orkneyja, ok hafði þaðan með sér lið mikit ok jarlana Pál ok Erlend, sonu Þorfinnz jarls, en lét þar eptir Ellisif drótning ok dætr þeira, Máriu ok Ingigerði. Þaðan siglði hann suðr fyrir Skotland ok svá fyrir England ok kom þar við land, sem heita Kliflond; þar gekk hann á land ok herjaði þegar ok lagði landit 10 undir sik, fekk enga mótstöðu. Síðan lagði Haraldr konungr til Skarðaborgar ok barðisk þar við borgarmenn; hann gekk upp á bergit, þat sem þar verðr, ok lét þar gera bál mikit ok leggja í eld. En er bálit logaði, tóku þeir forka stóra ok skutu bálinu ofan í býinn; tók þá at brenna hvert hús af öðru, gafsk þá upp 15 allr staðrinn; drápu þá Norðmenn þar mart manna, en tóku fé alt þat, er þeir fengu. Var enskum mönnum þá engi kostr fyrir höndum, ef þeir skyldu halda lífinu, nema ganga til handa Haraldi konungi. Lagði hann þá undir sik land alt, þar sem hann fór. Síðan lagði Haraldr konungr með allan herinn suðr með landi ok 20 lagði at við Hellornes; kom þar samnaðr í mót honum, ok átti Haraldr konungr þar orrosta ok fekk sigr.

## K. 84. Frá fylking jarla.

Síðan fór Haraldr konungr til Humbru ok upp eptir ánni ok lagði þar við land. Þá váru jarlarnir uppi í Jórvík, Mörukári 25 ok Valþjófr jarl, bróðir hans, ok hófðu óvígjan her. Þá lá Haraldr konungr í Úsu, er herr jarla sótti ofan. Þá gekk Haraldr konungr á land ok tók at fylkja liði sínu; stóð fylkingararmrinn annarr fram á árbakkann, en annarr vissi upp á landit at díki nokkuru; þar var fen djúpt ok breitt ok fult af vatni. Jarlar 30 létu síga fylking sína ofan með ánni með öllum múginum; konungsmerkit var nær ánni; var þar allþykt fylkt, en þynzt við díkit ok lið þat ótraustast. Þá sóttu jarlar ofan með díkinu; veik þá fyrir fylkingararmr Norðmanna, sá er vissi at díkinu, en enskir menn sóttu þar fram eptir þeim ok hugðu, at Norðmenn 35 mundu flýja vilja; fór þar fram merki Mörukára.

## K. 85. Orrosta við Humbru.

En er Haraldr konungr sá, at fylking enskra manna var komin ofan með dīkinu gegnt þeim, þá lét hann blása herblástrinn ok eggjaði herinn ákafliga, lét þá fram bera merkit Landeyðuna; snaraði þá atgönguna svá harða, at alt hrökk fyrir; gerðisk þá 5 mannfall mikit í liði jarla. Snørisk þá liðit brátt á flóttu; flýði sumt upp með ánni ok ofan, ok flest fólkit hljóp út á dīkit; lá þar svá þykt valrinn, at Norðmenn máttu ganga þurrføetis yfir fenit; þar týndisk Mörukári jarl; svá segir Steinn Herdísarson: 153. Þjóð fórsk mörq í móðu, fira dróttinn rak flóttu 10 menn druknuðu sukniur; framr, tók herr á ramri drengr lá ár of ungan rós fyr rōskum vísa. ófár Mörukára; Ríklundaðr veit undir.

Þessa drápu orti Steinn Herdísarson um Ólaf, son Haraldz konungs, ok getr hér þess, at Óláfr konungr var í orrostu með 15 Haraldz konungi, fōður sínum. Þessa getr ok í Haraldzstikka:

154. Lōgu fallnir svát gunnhvatir  
í fen ofan ganga mōttu  
Valþjófs liðar, Norðmenn yfir  
vōpnum hōggniur, at nōum einum. 20

Valþjófr jarl ok þat lið, er undan komsk, flýði upp til borgarinnar Jork; varð þar it mesta mannfall; orrosta var miðvikudag næsta dag fyrir Mathéús-messu.

## K. 86. Frá Tōsta jarli.

25

Tōsti jarli hafði komit vestan af Flæmingjalandi til Haraldz konungs, þegar er hann kom til Englandz, ok var jarl í øllum orrostum þessum. Fór þá svá, sem hann hafði sagt Harald, fyrr er þeir funnusk, at fjöldi mannz dreif til þeira í Englandi; þat 30 vāru frændr ok vinir Tōsta jarls, ok var konungi þat mikill styrkr liðs. Eptir þessa orrostu, er áðr var frá sagt, gekk undir Harald konung lið alt um in næstu heruð, en sumt flýði. Þá byrjaði Haraldr konungr ferð sína at vinna borgina ok lagði herinum við Stanforða-bryggjur. En fyrir þá sōk, at konungr hafði unnit svá mikinn sigr við stōra hōfðingja ok ofrefli liðs, var alt fōlk 35 hrætt ok ørvæntisk mōtstōðu. Þá gerðu borgarmenn ráð fyrir sér, at senda boð Haraldz konungi ok bjóðask í vald hans ok svá borgina. Var þetta alt boðat svá, at sunnudaginn fór Haraldr konungr með øllum herinum til borgarinnar ok setti þing útan

borgar, konungr ok menn hans, en borgarmenn sóttu til þingsins; játaðisk alt fólk undir hlýðni við Harald konung ok fengu honum gíslar tíginna manna sonu, svá sem Tósti jarl kunni skyn allra manna í þeiri borg, ok fór konungr um kveldit til skipanna með sjálfgöllum sigri ok var allkát. Var á kveðit þing snimma mánadaginn í borginni; skyldi þá Haraldr konungr skipa stað þann með ríkismönnum ok gefa réttu ok lén. Þat sama kveld eptir sólarsetr kom sunnan at borginni Haraldr konungr Guðinason með óvígjan her; reið hann í borgina at vilð ok þokka allra borgarmanna; váru þá tekin öll borgarhlíð ok allir vegar, at eigi skyldi njósnir koma Norðmönnum; var þessi herr um nóttina í staðinum.

#### K. 87. Upganga Haraldz konungs.

Mánadaginn er Haraldr Sigurðarson var mettr at dagverðar- máli, þá lét hann blása til landgöngu, býr þá herinn ok skiptir liðinu, hverir fara skulu eða hverir eptir skulu vera; hann lét upp ganga í hverri sveit ii. menn, þar er einn var eptir. Tósti jarl bjó sik til uppgöngu með Haraldi konungi með sína sveit, en eptir váru til skipagæzlu Óláfr konungsson ok Póll ok Erlendr Orkneyja-jarlar ok Eysteinn orri, sonr Þorbergs Arnasonar, er þá var ágætastr ok kærstr konungi allra lendra manna; þá hafði Haraldr konungr heitit honum Máu, dóttur sinni. Þá var veðr forkunnliga gott ok heitt skin. Menn létu eptir brynjur sínar ok gengu upp með skjöldum sínum ok hjálmum ok kesjum ok sverðum gyrðir, ok margir höfðu ok skot ok boga, ok váru allkátir. En en þeir sóttu at borginni, reið í móti þeim lið mikit; sá þeir jóreykinn ok undir fagra skjöldu ok hvítar brynjur. Þá stöðvaði konungr liðit, lét kalla til sín Tósta jarl ok spurði, hvat liði þat myndi vera. Jarl segir, lézk þykkja líkliga, at ófriðar- menn myndi vera, lét ok hitt vera mega, at þetta mundu vera frændr hans nokkurir ok leiti til vægðar ok vináttu, en fá í móti af konungi traust ok trúnað. Þá mælti konungr, at þeir mundu fyrst halda kyrru ok forvitnask um herinn; þeir gerðu svá, ok var liðit því meira, er nálígar kom ok alt at sjá sem á eina ísmöl, er vápnin glóuðu.

#### K. 88. Ráð Tósta jarls.

Haraldr konungr Sigurðarson mælti þá: »þokum nú nokkut gott ráð ok vitrligt, þvíat ekki er at dyljask, at ófriðr er, ok

mun vera konungr sjálf». Þá segir jarl: »þat er it fyrsta, at snúa aptr sem hvatast til skipa eptir liði váru ok vápnum; veitum þá viðrtöku eptir efnum; en at öðrum kosti látum skipin gæta vár, ok eigu þá riddarar eigi vald yfir oss«. Þá segir Haraldr konungr: »annat ráð vil ek hafa, at setja ina skjótustu hesta 5 undir iii. vaska drengi ok ríði þeir sem hvatligast ok segi liði váru, — mun þá skjótt koma oss liðveizla, — fyrir þá sök, at Englismenn skulu eiga innar snørpustu hríðar ván, heldr en vér berim inn lægra hlut«. Þá segir jarl, það konung ráða þessu sem öðru, lézk ok vera eigi gjarn at flýja. Þá lét Haraldr kon- 10 ungr setja upp merki sitt, Landeyðuna. Frírekr hét sá, er merkit bar.

#### K. 89. Frá fylking Haraldz konungs.

Síðan fylkði Haraldr konungr liði sínu, lét fylkingina langa ok ekki þykkva; þá beygði hann armana aptr á bak, svá at saman 15 tóku; var þat þá víðr hringr ok þykk ok jafn öllum megin útan, skjöldr við skjöld, ok svá fyrir ofan, en konungssveitin var fyrir útan hringinn ok þar merki; þat var valit lið. Í öðrum stað var Tósti jarl með sína sveit; hafði hann annat merki. Var því svá fylkt, at konungr vissi, at riddarar váru vanir at ríða at riðlum 20 ok þegar aptr. Nú segir konungr, at hans sveit ok jarls sveit skal þar fram ganga, sem mest þarf — »en bogmenn várir skulu ok þar vera með oss, en þeir, er fremstir standa, skulu setja spjótshala sína í jörðina, en setja oddana fyrir brjóst riddurum, ef þeir ríða at oss, en þeir, er næstir standa, seti þeir sína 25 spjótsodda fyrir brjóst hestum þeira«.

#### K. 90. Frá Haraldi konungi Guðinasyni.

Haraldr konungr Guðinason var þar kominn með her óvígjan, bæði riddara ok fótgangandi menn. Haraldr konungr Sigurðarson reið þá um fylking sína ok skynjaði, hvernig fylkt 30 var; hann sat á svörtum hesti blesóttum; hestrinn fell undir honum ok konungr af fram; stóð hann upp skjótt ok mælti: »fall er fararheill«. Þá mælti Haraldr Englakonungr til Norðmanna þeira, er með honum váru: »kenduð þér þann inn mikla mann, er þar fell af hestinum, við inn blá kyrtil ok inn fagra hjálm?«. 35 »Þar er konungr sjálf« segja þeir. Engla-konungr segir: »mikill maðr ok ríkmannligr, ok er þat vænna, at farinn sé at hamingju«.

## K. 91. Griða-boð við Tósta jarl.

Riddarar xx. ríðu fram af þingamannaliði fyrir fylking Norðmanna ok váru albrynjaðir ok svá hestar þeira. Þá mælti einn riddari: »hvárt er Tósti jarl í liðinu?«. Hann svarar: »ekki er því at leyna, hér munu þér hann finna«. Þá mælti einn riddari: »Haraldr bróðir þinn sendi þér kveðju ok þau orð með, at þú skyldir hafa grið ok Norðimbraland alt, ok heldr en eigi vilir þú til hans hneigjask, þá vill hann gefa þér þriðjung ríkis allz með sér«. Þá svarar jarl: »þá er nokkut annat boðit en ófriðr ok 10 svívirðing sem í vetr; hefði þá verit þetta boðit, þá væri margr maðr sá á lífi, er nú er dauðr, ok betr myndi þá standa ríki í Englandi. Nú tek ek þenna kost, hvat vill hann þá bjóða Haraldi konungi Sigurðarsyni fyrir sitt starf?«. Þá mælti riddarinn: »sagt hefir hann þar nokkut frá, hvers hann mun honum unna af 15 Englandi, vii. fóta rúm eða því lengra, sem hann er hæri en aðrir menn«. Þá segir jarl: »farið þér nú ok segið Haraldi konungi, at hann búisk til orrostu; annat skal satt at segja með Norðmönnum en þat, at Tósti jarl fari frá Haraldi konungi Sigurðarsyni ok í óvinaflokk hans, þá er hann skyldi berjask í Englandi 20 vestr; heldr skulu vér allir taka eitt ráð, deyjja með sœmð eða fá England með sigri«. Þá ríðu aptr riddararnir. Þá mælti Haraldr konungr Sigurðarson við jarl: »hverr var þessi inn málsnjalli maðr?«. Þá segir jarl: »þat var Haraldr konungr Guðinason. Þá mælti Haraldr konungr Sigurðarson: »oflengi 25 váru vér þessu leyndir; þeir váru svá komnir fyrir lið vart, at eigi myndi þessi Haraldr kunna segja banaorð várra manna«. Þá segir jarl: »satt er þat herra; óvarliga fór slíkr hofðingi, ok vera mætti svá, sem þér segið. Sá ek þat, at hann vildi mér grið bjóða ok ríki mikit; en ek væra banamaðr hans, ef ek segða til hans; vil 30 ek heldr, at hann sé minn banamaðr en ek hans«. Þá mælti Haraldr konungr Sigurðarson til sinna manna: »lítill maðr var þessi ok stóð steigurliga í stigreip«. Svá segja menn, at Haraldr konungr Sigurðarson kvað vísu þessa:

155. Framm göngum vér	hjalmar skína,
35 í fylkingu	hefkat ek mína;
brynjulausir	nú liggjr skrúð vart
und bláar eggjar;	at skipum niðri.

Emma hét brynja hans; hon var síð, svá at honum tók á mitt bein, ok svá sterk, at aldri hafði vörn á fest. — Þá mælti Haraldr

konungr Sigurðarson: »Þetta er illa kveðit ok mun verða at gera aðra visu betri«; þá kvað hann þetta:

156. Krjúpum vér fyr vápna hátt bað mik, þars mættisk,  
 (valteigs) brøkun eigi menskorð bera forðum,  
 (svá bauð Hildir) at hjaldri hlakkar íss ok hausar, 5  
 (haldorð) í bug skjaldar; hjalmstofn í gny malma.

Þá kvað ok Þjóðólfr:

157. Skalka frá, þótt fylkir skinnat sól á sýnni,  
 falli sjálfr til vallar, snarráðs, an þá báða,  
 (gengr sem goð vill) ungum Haralds eru haukar gǫrvir 10  
 grams erfingjum hverfa; hefnendr, konungs efni.

### K. 92. Uphaf orrostu.

Nú hefr upp orrostu ok veita enskir menn áreið Norð-  
 mǫnnum; varð viðrtakan hǫrð; varð óhægt enskum mǫnnum at  
 riða á Norðmenn fyrir skotum, ok riðu þeir í hring um þá. Var 15  
 þat fyrst laus orrosta, meðan Norðmenn heldu vel fylkingu, en  
 enskir menn riðu at hart ok þegar frá, er þeir fengu ekki at gǫrt.  
 En er Norðmenn sá þat, at þeim þótti blautliga at riðit, þá sóttu  
 þeir at þeim ok vildu reka flóttann; en er þeir hǫfðu brugðit  
 skjaldborginni, þá riðu enskir menn at þeim ǫllum megin ok báru 20  
 á þá spjót ok skot. En er Haraldr konungr Sigurðarson sá þat,  
 gekk hann fram í orrostu, þar er mestr var vápnaburðrinn. Var  
 þar þá in harðasta orrosta ok fell mikit lið af hvárum-tveggjum.  
 Þá varð Haraldr konungr Sigurðarson svá óðr, at hann hljóp  
 fram alt ór fylkingunni ok hjó báðum hǫndum; helt þá hvárki við 25  
 honum hjálmr né brynja. Þá stukku frá allir þeir, er næstir  
 váru; var þá við sjálft, at enskir menn mundu flýja; svá segir  
 Arnórr jarlaskáld:

158. Hafðit brjóst, né bifðisk þars til þengils hersa  
 þöðsnart konungs hjarta, þat sá herr, at skatna 30  
 í hjalmþrimu hilmir blóðugr hjǫrr ens barra  
 hlítstyggr fyr sér lítit, beit dǫglinga hneitis.

Haraldr konungr Sigurðarson var lostinn ǫru í óstinn; þat var  
 hans banasár; fell hann þá ok ǫll sveit sú, er fram gekk með  
 honum, nema þeir er aptr opuðu, ok heldu þeir merkinu. Var 35  
 þá enn inn harðasti bardagi; gekk þá Tósti jarl undir konungs-  
 merki. Tóku þá hváirtveggju at fylkja í annat sinn, ok varð  
 þá á dvǫl mjök lǫng á orrostunni; þá kvað Þjóðólfr:



159. Qld hefr afráð goldit                    svá lauk siklings ævi  
       ilt, nú kveðk her stiltan,                snjalls, at vér róm allir  
       bauð þessa fyr þjóðum                    (lofðungr beið enn leyfði  
       þarflaust Haraldr austan;                lífs grand) í stað vöndum.
- 5 En áðr saman sigi orrosta, þá bauð Haraldr Guðinason grið  
 Tósta jarli, bróður sínum, ok þeim mönnum öðrum, er þá lifðu  
 eptir af liði Norðmanna. En Norðmenn æpðu allir senn ok segja,  
 at fyrr skyldi hverr falla um þveran annan, en þeir gengi til griða  
 við enska menn, æpðu þá heróp; tóksk þá orrosta í annat sinn;  
 10 svá segir Arnórr jarlaskáld:
160. Eigi varð ens ýgja                        heldr kuru meir ens milda  
       auðligr konungs dauði;                    mildings, an grið vildi,  
       hlífðut hlenna svæfi                      of folksnaran fylki  
       hoddum roðnir oddar;                      falla liðsmenn allir.

K. 93. Uphaf Orra-hríðar.

- 15 Eysteinn orri kom í því bili frá skipum með því liði, er  
 honum fylgði; váru þeir albrynjaðir; fekk Eysteinn þá merki  
 Haraldz konungs, Landeyðuna. Varð nú orrosta it iii. sinn ok  
 varð sú in harðasta orrosta; fellu þá mjök enskir menn ok var  
 20 við sjálft, at þeir myndi flýja. Sú orrosta var kölluð Orra-hríð.  
 Þeir Eysteinn höfðu farit svá ákaflika frá skipunum, at þeir váru  
 fyrr svá móðir, at nálíga váru þeir ófærir, áðr en þeir kvæmi til  
 orrostu, en síðan váru þeir svá óðir, at þeir hlífðu sér ekki, meðan  
 þeir máttu upp standa; at lykðum steypðusk þeir af hringa-  
 25 brynjunum. Var þá enskum mönnum hægt, at finna höggstaði á  
 þeim, en sumir sprungu með öllu ok dó ósárir; fell nálíga alt  
 stórmenni Norðmanna. Þetta var inn øfra hlut dags. Var þat,  
 sem ván var, at þar váru enn eigi allir jafnir, margir flýðu,  
 margir ok þeir, er svá kómusk undan, at ýmsir báru auðnu til;  
 30 gerði ok myrkt um kveldit, áðr en lokit var öllum manndrápum.

K. 94. Frá Styrkári stallara.

- Styrkár, stallari Haraldz konungs Sigurðarsonar, komsk  
 brot, ágætr maðr; hann fekk hest ok reið svá í brot. Um kveldit  
 gerðisk á vindr nokkurr ok heldr svalt, en Styrkár hafði ekki  
 35 klæði fleiri en skyrtu eina, en hjálm á höfði, en nokvit sverð í  
 hendi; honum svalaði, er hann hratt af sér mœðinni. Þá kom í  
 móti honum vagnkarl einn ok var í kǫsungi fóðruðum. Þá mælti  
 Styrkár: »viltu selja kǫsunginn, bóndi?«. »Eigi þérna, segir

hann; þú munt vera Norðmaðr, kenni ek mál þitt«. Þá mælti Styrkárr: »ef ek em Norðmaðr — hvat viltu þá?«. Bóndi svarar: »ek vilda drepa þik, en nú er svá illa, at ek hefi ekki vápn, þat er nýtt sé«. Þá mælti Styrkárr: »ef þú mátt mik ekki drepa bóndi, þá skal ek freista, ef ek mega þik drepa« — reiðir upp 5 sverðit, setr á háls honum, svá at af gekk höfuðit; tók síðan skinnhjúpinn ok hljóp á hest sinn ok fór til strandar ofan.

## K. 95. Frá Viljálmi bastardi.

Viljálmr bastardr Rúðu-jarl spurði andlát Eatvarðar konungs, frænda síns, ok þat með, at þá var til konungs tekinn í 10 Englandi Haraldr Guðinason ok hafði tekit konungsvígslu. En Viljálmr þóttisk betr til kominn til ríkis í Englandi en Haraldr fyrir frændsemis sakir þeira Eatvarðar konungs. Þat var ok með, at hann þóttisk eiga at gjalda Haraldri svivirðing, er hann hafði slitit festamálum við dóttur hans; ok af öllu þessu saman 15 dró Viljálmr her saman í Norðmandi ok hafði allmikil fjölmenni ok gnógan skipakost. Þann dag, er hann reið ór borginni til skipa sinna ok hann var kominn á hest sinn, þá gekk kona hans til hans ok vildi tala við hann. En er hann sá þat, þá laust hann til hennar með hælimum ok setti sporann fyrir brjóst henni, svá at á 20 kafi stóð; fell hon ok fekk þegar bana, en jarl reið til skips; fór hann með herinum út til Englandz. Þar var með honum Ótta byskup, bróðir hans. En er jarl kom til Englandz, þá herjaði hann ok lagði undir sik landit, hvar sem hann fór. Viljálmr var hverjum manni meiri ok sterkari ok góðr riddari, inn mesti 25 hermaðr, ok allgrimmr, inn vitrasti maðr, ok kallaðr ekki tryggr.

## K. 96. Fall Haraldz Guðinasonar.

Haraldr Guðinason lofaði brotferð Óláfi, syni Haraldz konungs Sigurðarsonar, ok því liði, er þar var með honum ok eigi hafði fallit í orrostu; en Haraldr snørisk þá með her sinn suðr á 30 England, þvíat hann hafði þá spurt, at Viljálmr bastardr fór sunnan á England ok lagði landit undir sik. Þar vátu þá með Haraldri konungi bræðr hans, Sveinn, Gyrðr, Valþjófr. Fundr þeira Haraldz ok Viljálms jarls varð suðr á Englandi við Helsingjaport; varð þar orrosta mikil; þar fell Haraldr konungr 35 ok Gyrðr jarl, bróðir hans, ok mikill hluti liðs þeira. Þat var xix. nóttum eptir fall Haraldz konungs Sigurðarsonar. Valþjófr jarl komsk á flótta undan, ok síð um kveldit mætti jarl sveit

nokkurri af Viljálms mönnum. En er þeir sá lið Valþjófs jarls, flýðu þeir undan á eikiskóg nokkurn; þat var c. manna. Valþjófr jarl lét eld leggja í skóginn ok brenna upp alt saman; svá segir Þorkell Skallason í Valþjófsflokki:

- 5 161. Hundrað lét í heitum frétt 's, at fyrðar knóttu  
 hirðmenn jofurs brenna flagðviggs und kló liggja;  
 sóknar Yggr, en seggjum ímleitum feksk áta  
 sviðu kveld vas þat, eldi; óls blakk við hræfrakka.

K. 97. Dráp Valþjófs jarls.

- 10 Viljálmr lét sik til konungs taka í Englandi. Hann sendi boð Valþjófi jarli, at þeir skyldu sættask, ok selr honum grið til fundar. Jarl fór með fá menn; en er hann kom á heiðina fyrir norðan Kastalabryggju, þá kómu móti honum ármenn ii. með sveit manna ok tóku hann ok settu í fjötur, ok síðan var hann  
 15 hoggvinn, ok kalla enskir menn helgan; svá segir Þorkell:  
 162. Vist hefr Valþjóf hraustan satt 's at síð mun létta,  
 Viljalmr, sás rauð malma, snarr en minn vas harri  
 hinn es haf skar sunnan (deyrat mildingr mærrí)  
 hélt, í tryggð of véltan; manndráp á Englandi.  
 20 Viljálmr var síðan konungr á Englandi xxi. vetr; er hans afkvæmi jafnan síðan á Englandi.

K. 98. Ferð Óláfs Haraldzsonar í Nóreg.

- Óláfr, sonr Haraldz konungs, helt liði sínu braut af Englandi, ok siglði út af Hrafnseyri ok kom um haustit til Orkneyja, ok  
 25 váru þar þau tíðendi, at Mária, dóttir Haraldz konungs Sigurðarsonar, hafði orðit bráðdauð þann sama dag ok á þeiri sömu stundu, er Haraldr konungr fell, faðir hennar. Óláfr dvalðisk þar um vetrinn. En eptir um sumarit fór Óláfr austr til Nóregs; var hann þar þá tekinn til konungs með Magnúsi, bróður sínum.  
 30 Ellisif drótning fór vestan með Óláfi, stjúpyni sínum, ok Ingigerðr, dóttir hennar. Þá kom ok vestan um haf með Óláfi Skúli er síðan var kallaðr konungsfóstri ok Ketill krókr, bróðir hans. Þeir váru báðir gøfgir menn ok kynstórir af Englandi ok báðir forvitra; váru þeir báðir inir kærstu konungi. Fór Ketill  
 35 krókr norðr á Hálogaland; fekk Óláfr konungr honum gott kvánfang, ok er frá honum komit mart stórmenni. Skúli konungsfóstri var vitr maðr ok skörungr mikill, manna fríðastr sýnum; hann gerðisk forstjóri í hirð Óláfs konungs ok talaði á

þingum; hann réð öllum landráðum með konungi. Óláfr konungr bauð at gefa Skúla fylki eitt í Nóregi, þat er honum þætti bezt, með öllum tókum ok skyldum, þeim er konungr átti. Skúli þakkaði honum boð sitt ok lézk vilja beiðask af honum annarra hluta, fyrir því — »ef konungaskipti verðr, kann vera, at rjúfisk 5 gjöfin; ek vil, segir hann, nokkurar eignir þiggja, er liggja nær kaupstöðum þeim, sem þér, herra, eruð vanir at sitja ok taka jólaveizlur«. Konungr játti honum þessu ok skeytti honum jarðir austr við Konungahellu ok við Ósló, við Túnsberg, við Borg, við Björgvin ok norðr við Niðarós; þær váru nálíga inar beztu eignir 10 í hverjum stað, ok hafa þær eignir legit síðan undir þá ættmenn, er af Skúla ætt eru komnir. Óláfr konungr gipti honum frændkonu sína, Guðrúnu Nefsteinsdóttur; móðir hennar var Ingiríðr, dóttir Sigurðar konungs sýr ok Ástu; hon var systir Óláfs konungs ins helga ok Haraldz konungs. Sonr Skúla ok Guðrúnar var Ásólf 15 á Reini; hann átti Þóru dóttur Skopta Ögmundarsonar; sonr þeira Ásólfis var Guthormr á Reini, faðir Bárðar, föður Inga konungs ok Skúla hertoga.

## K. 99. Frá Haraldi konungi Sigurðarsyni.

Einum vetri eptir fall Haraldz konungs var flutt vestan af 20 Englandi lík hans ok norðr til Niðaróss, ok var jarðat í Máriukirkju, þeiri er hann lét gera. Var þat allra manna mál, at Haraldr konungr hafði verit umfram aðra menn at speki ok at ráðsnild, hvárt er hann skyldi til taka skjótt eða gera löng ráð fyrir sér eða öðrum; hann var allra manna vápndjarfastr; hann 25 var ok sigrsæll, svá sem nú var ritit um hríð; svá segir Þjóðólfr: 163. Aræðis naut eyðir hugr ræðr hölfum sigri,  
aldyggr Selundbyggva; Haraldr sannar þat, manna.  
Haraldr konungr var fríðr maðr ok tíguligr, bleikhárr, ok bleikt skegg ok langa kanpa, nokkuru brúnin önnur ofarr en önnur; 30 miklar hendr ok fœtr ok vel vaxit hvártveggja; v. álna er hátt mál hans. Hann var grimmr óvinum ok refsingasamr um allar mótgörðir; svá segir Þjóðólfr:

164. Refsir reyndan ofsa sverðs hafa slíkar byrðar  
ráðgegn Haraldr þegnum; (sanns nýtr hvern við annan), 35  
hykk at hilmis rekkar Haraldr skiptir svá heiptum,  
haldi upp, þvís valda; hljótenðr es sér brjóta.

Haraldr konungr var inn ágjarnasti til ríkis ok til allra farsælligra hluta; hann var stórgjöffull við vini sína, þá er honum líkaði vel við; svá segir Þjóðólfr:

165. Mörk lét veitt fyr verka (hann lætr hylli sinnar)  
 vekjandi mér snekkju hjaldrs (tilgerðir valda).

Haraldr konungr var þá fimtøgr at aldri, er hann fell. Engar frásagnir merkiligar höfum vér frá upruna hans, fyrr en hann  
 5 var xv. vetra, þá er hann var á Stiklarstöðum í orrostu með Óláfi konungi, bróður sínum, en síðan lifði hann xxxv. vetra; en alla þá stund varð honum aldri á milli aga ok ófriðar. Haraldr konungr flýði aldri ór orrostu, en opt leitaði hann sér farborða fyrir ofrefli liðs, er hann átti við at eiga. Allir menn sögðu þat,  
 10 þeir er honum fylgðu í orrostu ok hernaði, at þá er hann varð staddr í miklum háska ok bar skjótt at höndum, at þat ráð mundi hann upp taka, sem allir sá eptir, at vænst hafði verit at hlýða myndi.

#### K. 100. Frá Haraldi konungi.

15 Haldórr, sonr Brynjólfs gamla úlfalda, var vitr maðr ok höfðingi mikill; hann mælti svá, þá er hann heyrði røður manna, at menn misjöfnuðu mjök skaplyndi þeira brøðra Óláfs ins helga konungs ok Haraldz, Halldórr segir svá: »ek var með báðum þeim brøðrum í kærleikum miklum, ok var mér hvárs  
 20 tveggja skaplyndi kunnigt; fann ek aldri ii. menn skaplíkari; þeir váru báðir inir vitrustu ok inir vápndjörfustu, menn ágjarnir til fjár ok ríkis, ríkyndir, ekki alþýðligir, stjórnssamir ok refsinga-samir. Óláfr konungr braut landzfólk til kristni ok rétttra siða, en refsaði grimliga þeim, er daufheyrdusk við; þolðu landz-  
 25 höfðingjar honum eigi réttðæmi ok jafndæmi ok reistu her í móti honum ok feldu hann á eigu sinni sjálfs; varð hann fyrir þat heilagr; en Haraldr herjaði til frægðar sér ok ríkis ok braut alt fólk undir sik, þat er hann mátti; fell hann ok á annarra konunga eigu. Báðir þeir brøðr váru menn hversdagliga siðlátir  
 30 ok veglátir; þeir váru ok víðförlir ok eljanarmenn miklir, ok urðu af slíku víðfrægir ok ágætir«.

#### K. 101. Dauði Magnús konungs.

Magnús konungr réð fyrir Nóregi Haraldzson inn fyrsta vetr eptir fall Haraldz konungs, en síðan réð hann landi ii. vetr  
 35 með Óláfi bróður sínum. Váru þeir þá ii. konungar, hafði Magnús inn nørðra hlut landz, en Óláfr inn eystra. Magnús konungr átti son, er Hákon hét; hann fóstraði Steigarþórir; var hann inn mannvænsti maðr. Eptir fall Haraldz konungs Sigurðar-

sonar talði Sveinn Dana-konungr, at slitit væri friði milli Norðmanna ok Dana, talði eigi lengr frið verit hafa settan, en þeir lifði báðir Haraldz ok Sveinn. Var þá útboð í hváru tveggja ríkinu; höfðu synir Haraldz almenning fyrir Nóregi at liði ok skipum, en Sveinn konungr fór sunnan með Dana-her. Fóru þá sendimenn milli þeira ok báru sættarboð, sögðu Norðmenn, at þeir vildi annat hvárt halda ina sömu sætt, sem fyrr var gør, eða berjask at öðrum kosti; því var þetta kveðit:

166. Varði ógnar-orðum                      jörð, svát engi þorði  
 Áleifr ok friðmólum                      allvalda til kalla. 10

Svá segir Steinn Herðisarson í Óláfsdrápu:

167. Sín ódul mun Sveini                      ætt sinni mun unna  
 sóknstrangr í Kaupangi,                      Áleifr konungr hála  
 þars heilagr gramr hvílir,                      (Ulfs þarfat þar arfi)  
 (hann's ríkr) jöfurr banna;                      alls Nóregs (til kalla). 15

Í þessum stefnuleiðangri var sætt gør milli konunganna, en friðr milli landanna. Magnús konungr fekk vanheilendi, reformasótt, ok lá nokkura hríð; hann andaðisk í Niðarósi ok var þar jarðaðr; var hann vinsæll konungr af allri alþýðu.

## Saga Óláfs konungs kyrra.

### K. 1.

Óláfr var einn konungr yfir Nóregi eptir andlát Magnús bróður síns. Óláfr var maðr mikill á allan vöxt ok vel vaxinn; þat er allra manna sögn, at engi maðr hafi sét fegra mann eða 5 tíguligra sýnum; hann hafði gult hár sem silki, ok fór afar vel, bjartan líkam, eygðr manna bezt, limaðr vel, fámálugr optast ok ekki talaðr á þingum, glaðr við ǫl, drykkjumaðr mikill, málroetinn ok blíðmæltr, friðsamr meðan hans ríki stóð; þess getr Steinn Herdísarson:

- |    |   |  |
|----|---|--|
| 10 | 168. Lǫnd vill þengill Þrœnda<br>(þat líkar vel skǫtnum)<br>ǫll við ærna snilli<br>eggðjarfr í frið leggja; | hugnar þjóð, þat 's þegna<br>þrályndr til friðmála<br>kúgar Engla cegir.<br>Óláfr borinn sólu. |
|----|---|--|

### K. 2. Frá siðum Óláfs konungs.

- 15 Þat var siðr forn í Nóregi, at konungs hásæti var á miðjum langpalli; var ǫl um eld borit; en Óláfr konungr lét fyrst gera sitt hásæti á hápalli um þvera stofu; hann lét ok fyrst gera ofnstofur ok strá gólf um vetr sem um sumar. Um daga Óláfs konungs hófusk mjök kaupstaðir í Nóregi, en sumir settusk at 20 uphafi. Óláfr konungr setti kaupstað í Björgyn; gerðisk þar brátt mikit setr auðigra manna ok tilsiglingar kaupmanna af ǫðrum lǫndum; hann lét reisa þar af grundvelli Kristskirkju, ina miklu steinkirkju, ok var at henni lítit gort, en hann lét algera trékirkjuna. Óláfr konungr lét setja Miklagildi í Niðarósi ok 25 mǫrg ǫnnur í kaupstöðum, en áðr vǫru þar hvirfingsdrykkjur; þá var Bœjarbót in-mikla hvirfingsklokka í Niðarósi. Hvirfingsbrœðr létu þar gera Margrétarkirkju, steinkirkju. Á dögum Óláfs konungs hófusk skytningar ok leizludrykkjur í kaupstöðum, ok þá tóku menn upp sundrgørðir, hǫfðu drambhosur lerkaðar

at beini; sumir spentu gullhringum um fótleggi sér, ok þá höfðu menn dragkyrtla, láz at síðu, ermar v. alna langar ok svá þrøngvar, at draga skyldi við handtugli ok lerka alt at oxl upp, hávir skúar ok allir silkisaumaðir, en sumir gullagðir. Mørg qnnur sundrgerð var þá.

5

K. 3. Frá hirðsiðum.

Óláfr konungr hafði þá hirðsiðu, at hann lét standa fyrir borði sínu skutilsveina ok skenkja sér með borðkerum, ok svá qlum tignum mōnnum, þeim er at hans borði sátu; hann hafði ok kertisveina, þá er kertum heldu fyrir borði hans ok jammørg-<sup>10</sup> um, sem tignir menn sátu upp. Þar var ok stallarastóll útar frá trápizu; þar sátu stallarar á ok aðrir gøðingar ok horfðu innar í mót hásæti. Haraldr konungr ok aðrir konungar fyrir honum váru vanir at drekka af dýrahornum ok bera ql ór qndugi um eld ok drekkja minni á þann, er honum sýndisk; svá segir<sup>15</sup> Stúfr skáld:

169. Vissak hildar hvessi  
(hann vas nýztr at kannu)  
af góðum byr Gríðar  
gagnsælan mér fagna,

þás blóðstara bræðir  
baugum grimmr at Haugi  
gjarn með gyldu horni  
gekk sjálfr á mik drekka.

20

K. 4. Hirðskipan Óláfs konungs.

Óláfr konungr hafði c. hirðmanna ok lx. gesta ok lx. hús- karla, þeira er flytja skyldu til garðzins þat er þurpti, eða starfa aðra hluti, þá sem konungr vildi. En er bœndr spurðu konung þess, fyrir hví hann hefði meira lið en lög váru til eða<sup>25</sup> fyrri konungar höfðu haft, þá er hann fór á veizlur, þar sem bœndr gerðu fyrir honum — konungr svarar svá: »eigi fæ ek betr stýrt ríkinu ok eigi er meiri ógn af mér en af fōður mínum, þótt ek hafa hálfu fleira lið en hann hafði, en engi pynding gengr mér til þess við yðr eða þat, at ek vilja þyngja yðrum kostum«. <sup>30</sup>

K. 5. Dauði Sveins konungs Úlfssonar.

Sveinn konungr Úlfsson varð sótt dauðr x. vetrum eptir fall Haraldanna. Þar næst var konungr í Danmørk Haraldr hein, sonr hans, iii. vetr, þá Knútr, sonr Sveins, viii. vetr, ok er sannheilagr; þá Óláfr, inn þriði sonr Sveins, viii. vetr; þá Eiríkr<sup>35</sup> góði, iii. sonr Sveins konungs, enn viii. vetr. Óláfr Nóregs- konungr fekk Ingiríðar, dóttur Sveins Dana-konungs; en Óláfr



Dana-konungr Sveinsson fekk Ingigerðar, dóttur Haraldz konungs, systur Óláfs Nóregs-konungs. Óláfr Haraldzson, er sumir kǫlluðu Ólaf kyrra, en margir Ólaf bónda, hann gat son við Þóru Jóans-dóttur; sá var nefndr Magnús; var sá sveinn inn fríðasti  
5 sýnum ok allmannvænn; óx hann upp í hirð konungs.

#### K. 6. Jartegnir Óláfs konungs.

Óláfr konungr lét gera steinmusteri í Niðarósi ok setti í þeim stað, sem fyrst hafði verit jarðat lík Óláfs konungs, ok var þar yfir sett altárit, sem grǫptr konungs hafði verit, þar var  
10 vígð Kristskirkja; var þá ok þannug flutt skrín Óláfs konungs ok sett þar yfir altári; urðu þar þá þegar margar jartegnir. En annat sumar eptir at jamlengð þess, er kirkjan hafði vígð verit, þá var þar allfjølment; þat var Óláfsvǫku aptan, at blindr maðr fekk þar sýn sína. En sjálfan messudaginn, þá er skrínit ok  
15 helgir dómar váru út bornir, skrínit var sett niðr í kirkjugarðinn, svá sem siðvenja var til, þá fekk maðr mál sitt, er lengi áðr hafði mállauss verit, ok sǫng þá lof guði ok inum helga Óláfi konungi með mjúku tungubragði. Kona var inn iii. maðr, er þannug hafði sótt af Svíþjóðu austan ok hafði í þeiri fǫr þolat  
20 mikla nauð fyrir sjónleysis sǫkum; en þó treystisk hon miskunn guðs ok kom þar farandi at þeiri hátíð. Hon var leidd sjónlaus í musterit at messu um daginn, en fyrr en tíðum var lokit, sá hon báðum augum ok var þá skygn ok bjarteyg, en áðr hafði hon verit blind xiiii. vetr; fór hon þaðan með háleitum fagnaði.

25

#### K. 7. Jartegnir Óláfs konungs.

Sá atburðr gerðisk í Niðarósi, at skrín Óláfs konungs var borit um stræti, at hǫfugt varð skrínit svá at eigi fengu menn borit fram ór stað; en síðan var skrínit niðr sett ok brotit upp strætít ok leitat, hvat þar var undir, ok fanzk þar barns lík, er  
30 myrt hafði verit ok fólgit þar; var þat þá á brot borit, en bætt aprt strætít, svá sem áðr hafði verit, en borit skrín at vanða.

#### K. 8. Dauði Óláfs konungs.

Óláfr konungr sat optliga í heraði at stórbúum sínum, er hann átti; en er hann var austr í Ránríki at Haukbœ at búi sínu,

þá tók hann sótt þá, er hann leiddi til bana. Þá hafði hann verit konungr at Nóregi xxvi. vetr, en hann var til konungs tekinn einum vetri eptir fall Haraldz konungs. Lík Óláfs konungs var flutt norðr til Niðaróss ok jarðat at Kristskirkju, þeiri er hann lét sjálfr gera. Hann var inn vinsælsti konungr, ok hafði Nóregr 5 mikit auðgask ok prýzk undir hans ríki.

---

## Uphaf Magnús konungs berfœtts.

### K. 1.

Magnús, sonr Óláfs konungs, var þegar tekinn til konungs í Víkinni eptir andlát Óláfs konungs yfir allan Nóreg. En er Uplendingar spurðu andlát Óláfs konungs, þá tóku þeir til  
5 konungs Hákon Þóris-fóstra, bræðrungr Magnús. Síðan fóru þeir Hákon ok Þórir norðr til Þrándheims, en er þeir kómu til Niðaróss, þá stefndi hann Eyraþing, ok á því þingi beiðir Hákon sér konungs nafns, ok var honum þat veitt, at bæendr tóku hann til konungs yfir hálf t land, svá sem  
10 haft hafði Magnús konungr, faðir hans. Hákon tók af við Þrændi landauragjald ok gaf þeim margar aðrar réttarbœtr; hann tók af við þá jólagjafir; snærusk þá ok allir Þrændir til vináttu við Hákon konung. Þá tók Hákon konungr sér hirð, fór síðan aptr til Uplanda; hann veitti Uplendingum réttarbœtr allar slíkar  
15 sem Þrændum; váru þeir ok fullkomnir vinir hans. Þá var þetta kveðit í Þrándheimi:

170. Ungr kom Hákon hingat,	syni Aleifs bauð síðan
(hann's baztr alinn manna)	sjalfr of Nóreg halfan
frægðar mildr (á foldu)	mildr, en Magnús vildi
20 fór með Steigar-Þóri;	málsnjallr hafa allan.

### K. 2. Dauði Hákonar.

Magnús konungr fór um haustit norðr til kaupangs; en er hann kom þar, þá fór hann í konungsgarð ok var þar at herberginu ok dvalðisk þar ǫndverðan vetr. Hann helt vii. langskipum í  
25 vǫk þíðri fyrir konungsgarði í Nið. En er Hákon konungr spurði, at Magnús konungr var kominn í Þrándheim, þá fór hann austan um Dofrafjall ok svá til Þrándheims ok til kaupangs ok tók hann sér herbergi í Skúlagarði ofan frá Klémenskirkju; þar var inn forni konungsgarðr. Magnúsi konungi líkaði illa

stórgjafar þær, er Hákon konungr hafði gefit bóndum til vinsælda sér; þótti Magnúsi sín eign gefin engum mun síðr, ok ýfðisk hugr hans mjök við þat, ok þóttisk mishaldinn af við frænda sinn, er hann skyldi svá miklu minni tekjur hafa, en faðir hans hafði haft eða forellri, ok kendi Póri ráðin um. Hákon konungr ok Þórir urðu þessa varir, ok var uggr á, hver tilteki Magnús myndi hafa; þótti þeim þat helzt grunsamligt, er Magnús hafði á floti langskip tjölduð ok búin. Um várit nálíga kyndilmessu, þá lagði Magnús konungr brot á náttarþeli, ok lögðu út tjölduðum skipum ok ljós undir, ok helt út til Hefringar, bjó þar um nótt, ok gerðu þar elda stóra á landi uppi. Þá hugði Hákon konungr ok lið þat, er í býnum var, at þat væri gort til svika; hann lét blása liðinu út, ok sótti allr kaupangslýðr til, ok váru í samnaði um nóttina. En um morgininn, er lýsa tók, ok Magnús konungr sá allzherjar lið á Eyrunum, þá helt hann út ór firðinum ok svá suðr í Gulapingslög. Hákon konungr byrjaði þá ferð sína ok ætlaði austr í Vík ok átti áðr mót í býnum, talaði þá ok bað menn vináttu ok hét sinni vináttu öllum her, kvað sér skugga vera um vilja frænda síns, Magnús konungs. Hákon konungr sat á hesti ok var farbuinn. Allir menn hétu honum vingan með göðum vilja ok fylgð, ef þyrpti, ok fylgði honum lýðr allr út undir Steinbjörg. Hákon konungr fór upp til Dofrafjallz; en er hann fór yfir fjallit, reið hann um dag eptir rjúpu nokkurri, er fló undan honum; þá varð hann sjúkr ok fekk banasótt ok andaðisk þar á fjallinu, ok var lík hans norðr flutt, ok kom hálfum mánaði síðarr til kaupangs, en hann hafði brot farit; gekk þá allr bæjarlýðr, ok flestr grátandi, móti líki konungs, þvíat allir menn unnu honum hugástum. Lík Hákonar konungs var niðr sett í Kristskirkju. Hákon konungr varð maðr vel hálfþrítøgr at aldri; hann hefir hofðingja verit einn ástsælastr í Nóregi af alþýðu. Hann hafði farit norðr til Bjarmalandz, átti þar orrostu ok fekk sigr.

### K. 3. Hernaðr í Hallandi.

Magnús konungr helt um vetrinn austr í Vík; en er váraði, helt hann suðr til Hallandz ok herjaði þar víða. Þá brendi hann þar Viskardal ok fleiri heruð; fekk hann þar fé mikit ok fór síðan aptr í ríki sitt; svá segir Björn inn krepheandi í Magnúsdrápu:

171. Vitt lét Vǫrsa dróttinn,      brendi buðlungr Þrœnda,  
     varð skjótt rekinn flótti      blés kastar hel fasta  
     (hús sveið Hǫrða ræsir)      (vakði viskðœlsk ekkja)  
     Halland farit brandi;      víðs, mǫrg heruð síðan.
- 5 Hér getr þess, at Magnús konungr gerði it mesta hervirki á Hallandi.

## K. 4 Frá Steigarþóri.

Sveinn er maðr nefndr, sonr Haraldz flettis, danskr maðr at kyni, hann var inn mesti víkingr ok mikill bardagamaðr ok  
 10 inn hraustasti, ættstórr maðr í sínu landi. Hann hafði verit með Hákonu konungi; en eptir fráfall Hákonar trúði Steigarþórir illa því, at hann myndi komask í sætt eða í vináttu við Magnús konung, ef ríki hans gengi yfir land, fyrir sakir tilverka ok mótgöngu þeirar, er Þórir hafði áðr haft við Magnús konung.

15 Síðan hófu þeir Þórir ok Sveinn ráð þat, er síðan var framkvæmt, at þeir reistu flokk við styrk ok fjölmenni Þóris. En fyrir því at Þórir var þá gamall maðr ok þungfœrr, þá tók Sveinn við stjórn floksins ok höfðingjanafni. At þessu ráði hurfu fleiri höfðingjar; þeira var æztr Egill, sonr Ásláks af  
 20 Forlandi. Egill var lendr maðr; hann átti Ingibjörgu, dóttur Ögmundar Þorbergssonar, systur Skopta ór Gizka. Skjálgr hét maðr ríkr ok auðigr, er enn kom til floksins; þess getr Þorkell hamarskáld í Magnúsdrápu:

172. Vitt dró sínar sveitir      snǫrp frá á því, 's urpu  
 25 saman stórhugaðr Þórir      endr, Skjalgs vinum, lendir  
     (heldr vǫrut þau hǫlðum      menn við morðhauks brynni,  
     haglig rǫð) með Agli;      mein, of afl sér steini.

Þeir Þórir hófu flokkinn á Uplöndum ok kómu ofan í Raumsdal ok Sunn-Mœri ok qfluðu sér þar skipa; heldu síðan norðr til  
 30 Þrándheims.

## K. 5. Frá Þóri ok hans atgørðum.

Sigurðr ullstrengr hét lendr maðr, sonr Loðins Viggjar-skalla; hann samnaði liði með orvarskurð, þá er hann spurði til floks þeira Þóris, ok stefndi öllu liði því, er hann fekk, til  
 35 Viggju. En Sveinn ok Þórir heldu þannug liði sínu ok þorðusk við þá Sigurð ok fengu sigr ok veittu mikit mannsPELL, en Sigurðr flýði ok fór á fund Magnús konungs. En þeir Þórir fóru til kaupangs ok dvöldusk þar um hríð í firðinum, ok kom

þar mart manna til þeira. Magnús konungur spurði þessi tíðendi ok stefndi þegar liði saman ok helt síðan norðr til Þrándheims. En er hann kom í fjörðinn ok þeir Þórir spurðu þat — þeir lágu þá við Hefring ok váru búinir at halda út ór firðinum —, þá røru þeir á Vagnvíkaströnd ok gengu þar af skipum ok kómu 5 norðr í Þeksdali í Seljuhverfi, ok var Þórir borinn í þorum um fjallit. Síðan réðu þeir til skipa ok fóru norðr á Hálogaland. En Magnús konungur fór eptir þeim, þá er hann var búinn ór Þrándheimi. Þeir Þórir fóru alt norðr í Bjarkey, ok flýði Jón undan ok Viðkunnr, sonr hans. Þeir Þórir ræntu þar lausafé 10 öllu, en brendu bæinn ok langskip gott er Viðkunnr átti. Þá mælti Þórir, er snekkjan brann ok skipit hallaðisk: »meirr á stjórn, Viðkuðr«. Þá var þetta ort:

173. Breðr í Bjarkey miðri	Jóan mun eigi frýja	
ból þats ek veit gólast;	elds né ráns, es kveldar;	15
téra þarft af Þóri	sviðr bjartr logi breiðan	
(þýtr vandar þol) standa;	bý; leggr reykt til skýja.	

#### K. 6. Dauði Þóris ok Egils.

Þeir Jón ok Viðkunnr fóru dag ok nótt, til þess er þeir funnu Magnús konung. Þeir Sveinn ok Þórir heldu ok norðan sínu liði ok ræntu víða um Hálogaland. En er þeir lágu á firði þeim, er 20 Harmr heitir, þá sá þeir sigling Magnús konungs, ok þóttusk þeir Þórir eigi hafa lið til at berjask ok røru undan ok flýðu. Røri Þórir ok Egill til Hesjutúna, en Sveinn røri út til hafs en sumt lið þeira røri inn í fjörðinn. Magnús konungur helt eptir þeim Þóri. En er skipin rendusk at í lendingunni, þá var Þórir 25 í fyrirrúmi á sínu skipi. Þá kallaði Sigurðr ullstrengur á hann: »ertu heill, Þórir?« Þórir svarar: »heill at höndum, en hrumr at fótum«. Þá flýði lið þeira Þóris alt á land upp, en Þórir varð handtekinn. Egill varð ok handtekinn, þviat hann vildi eigi renna frá konu sinni. Magnús konungur lét flytja þá báða í 30 Vambarhólm. En er Þórir var upp leiddr, reikaði hann á fótum; þá mælti Viðkunnr: »meirr á bakborða, Þórir«. Síðan var Þórir leiddr til gálga; þá mælti hann:

174. Vörum félagar fjórir  
fordum, einn við stýri.

35

Ok er hann gekk at gálganum, mælt hann: »ill eru ill ráð«. Síðan var hann hengðr; ok þá er upp reið gálgatréit, var Þórir svá höfugr, at sundr slitnaði hálsinn, ok fell búkrinn til jarðar.

Þórir var allra manna mestr, bæði hár ok digr. Egill var ok til gálga leiddr, en er konungs þrælar skyldu hengja hann, þá mælti Egill: »eigi skuluð þér mik fyrir því hengja, at eigi væri hverr yðvarr makligri at hanga«, svá sem kveðit var:

- 5 175. Orð frá Agli verða,                    hvern þeira kvað hæra  
     unnar dags, á munni,                   (hjaldrblikis) an sik miklu  
     Sól, við siklings þræla                (beið ofmikrit eyðir  
     satt, einarðar latta,                    angr) makligra at hanga.

Magnús konungr sat hjá, er þeir váru hengðir, ok var svá reiðr,  
 10 at engi var hans manna svá djarfr, at þerði at biðja þeim friðar. Þá mælti konungr, er Egill sparn gálgann: »illa koma þér góðir frændr í þorf«. Í því sýndisk, at konungr vildi hafa verit beðinn, at Egill hefði lifat. Svá segir Björn inn krepheñdi:

176. Snarr rauð Sygna harri               frátt, hvé fylkir mátti,  
 15 sverð á úthlaupsferðum,               fór svá, at hengðr vas Þórir,  
     vitt nam vargr at slíta               (fór vas gunnar gervis  
     varma brøð, á Harmi;                 greið) dróttins-svik leiða.

#### K. 7. Frá refsingum við Þrœñdi.

Magnús konungr helt síðan suðr til Þráñðheims, veitti þar  
 20 stórar refsingar þeim mœnnum, er sannir váru at landráðum við hann, drap hann suma, en breñdi fyrir sumum; svá segir Björn krepheñdi:

177. Hrafnreddir vann hrædda           hygg at hersa tveggja  
     hlífar stygg, í byggðum,             herbaldr lyki aldri  
 25 þrœnzka drótt, es þótti               sinn; jór vasa svöru  
     þeim markar þol sveima;            svangr, fló orn til hanga.

Sveinn Haraldzson flýði fyrst til hafs út ok svá til Danmerkr ok var þar til þess, er hann kom sér í sætt við Eystein konung Magnússon; hann tók Svein í sætt ok gerði hann skutilsvein  
 30 sinn ok hafði hann í kærleik ok virðingu. Magnús konungr hafði þá ríki einn saman; hann friðaði vel fyrir landi sínu ok eyddi öllum víkingum ok útilegumœnnum; hann var maðr rœskr ok herskár ok starfsamr ok líkari í öllu Haraldi konungi föðurföður sínum í skaplýzku heldr en feðr sínum.

#### 35 K. 8. Hernaðr Magnús konungs í Suðreyjum.

Magnús konungr byrjaði ferð sína ór landi ok hafði með sér lið mikit ok frítt ok góðan skipakost; helt hann liði því vestr um haf ok fyrst til Orkneyja. Hann tók höndum jarlana Pál

ok Erlend, sendi þá báða austr í Nóreg, en setti eptir Sigurð son sinn til hofðingja yfir eyjunum ok fekk honum ráðuneyti. Magnús konungr helt liði sínu til Suðreyja; en er hann kom þar, tók hann þegar at herja ok brenna byggðina, en drap mannfólkít, ok ræntu alt, þar er þeir fóru, en landzlyðr flýði undan víts 5 vegar, en sumir inn í Skotlandz-fjörðu, en sumir suðr í Saltíri eða út til Írlandz; sumir fengu grið ok veittu handgöngu; svá segir Björn krepheandi:

- |                            |                              |    |
|----------------------------|------------------------------|----|
| 178. Lék of Ljóðhús fikjum | 179. Hungrþverrir lét herjat |    |
| limsorg nár himni,         | hríðar gagls á Skíði,        | 10 |
| vítt vas ferð á flótta     | tonn rauð Tyrvist innan      |    |
| fús; gaus eldr ór húsum;   | teitr vargr í ben margri;    |    |
| orr skjöldungr fór eldi    | grætti Grenlands dróttinn,   |    |
| Ívist, (búendr mistu)      | gekk hátt Skota stekkvir,    |    |
| róggeisla vann ræsir       | (þjóð rann mýlsk til mæði)   | 15 |
| rauðan (lífs ok auðar).    | meyjar suðr í eyjum.         |    |

#### K. 9. Frá Lögmanni, syni Goðrøðar konungs.

Magnús konungr kom liði sínu í eyna Helgu ok gaf þar grið ok frið mönnum öllum ok allra manna varnaði. Þat segja menn, at hann vildi upp lúka Kolumkilla kirkju inni lítlu, ok 20 gekk konungr eigi inn ok lauk þegar aptr hurðina ok þegar í lás ok mælti, at engi skyldi svá djarfr verða síðan, at inn skyldi ganga í kirkju þá, ok hefir síðan svá gort verit. Þá lagði Magnús konungr liðinu suðr til Ílar, herjaði þar ok brendi; en er hann hafði unnit þat land, þá byrjar hann ferðina suðr fyrir Saltíri, 25 herjaði þá á bæði borð á Írland ok Skotland, fór svá alt herskildi suðr til Manar ok herjaði þar sem í öðrum stöðum; svá segir Björn krepheandi:

- |                              |                         |    |
|------------------------------|-------------------------|----|
| 180. Vítt bar snarr á slétta | Santíri laut sunnar     |    |
| Sandey konungr randir;       | seggja kind und eggjar; | 30 |
| rauk of Íl, þás jóku         | siggæðir réð síðan      |    |
| allvalds menn á brennur;     | snjallr Manverja falli. |    |

Lögmaðr hét sonr Guðrøðar Suðreyja-konungs; Lögmaðr var settr til landvarnar í Norðreyjum. En er Magnús konungr kom til Suðreyja með her sinn, þá flýði Lögmaðr undan herinum ok 35 var í eyjunum, en at lykðum tóku menn Magnús konungs hann með skipsögn sína, þá er hann vildi flýja til Írlandz; lét konungr hann í járn setja ok hafa á gæzlu; svá segir Björn krepheandi:



181. Hætt vas hvert, þats átti      nýtr fekk nesjum útar  
 hvarf, Goðrøðar arfi;              naðrbings tǫpuð finginn  
 lönd vann lofðungr Þrœnda      Egða gramr, þars umðu,  
 Løgmanni þar bannat;              ungr, vétrima tungur.

5

## K. 10. Fall Huga jarls.

Síðan helt Magnús konungr liðinu til Bretlandz. En er hann kom í Öngulseyjarsund, þá kom þar mót honum herr af Bretlandi, ok réðu jarlar tveir fyrir, Hugi prúði ok Hugi digri, ok lögðu þegar til orrostu; varð harðr bardagi. Magnús konungr skaut  
 10 af boga, en Hugi prúði var albrynjaðr, svá at ekki var bert á honum nema augun ein. Magnús konungr skaut öru at honum ok annarr háleyskr maðr, er stóð hjá konungi; skutu þeir báðir senn; kom önnur örin á nefbjörg hjálmsins, ok lagðisk hon fyrir út af annan veg, en annat skotit kom í auga jarlinum ok flaug  
 15 aprt í gögnum höfuðit, ok er þat konunginum kent; fell þar Hugi jarl, en síðan flýðu Bretar ok höfðu látit lið mikit; svá segir Björn krepheñdi:

182. Lífspelli réð Laufa              (broðdr fló) þars slög snuddu  
 lundr í Öngulssundi              (snúðigt) Huga ens prúða.
- 20 Ok enn var þetta kveðit:
183. Dunði broðdr á brynju,              strengs fló hagl í hringa,  
 bragningr skaut af magni,              (hné ferð) en lét verða  
 sveigði allvaldr Egða              Hörða gramr í harðri,  
 alm, stökk blóð á hjalma;              hjarl, sókn banat jarli.
- 25 Magnús konungr fekk sigr í þeiri orrostu; þá eignaðisk hann Öngulsey, svá sem inir fyrri konungar höfðu lengst suðr eignazk ríki, þeir er í Nóregi höfðu verit. Öngulsey er þriðjungr  
 Bretlandz. Eptir orrostu þessa snýr Magnús konungr aprt liði  
 sínu, helt fyrst til Skotlandz. Þá fóru menn milli þeira Melkólms  
 30 Skotakonungs, ok gerðu þeir sætt milli sín; skyldi Magnús konungr eignask eyjar allar, þær er liggja fyrir vestan Skotland, allar þær, er stjórnföstu skipi mætti fara milli ok meginlandz. En er Magnús konungr kom sunnan til Saltíris, þá lét hann draga skútu um Saltíris-eið ok leggja stýri í lag; konungr sjálfr settisk í  
 35 lypting ok helt um hjálmunvöl ok eignaðisk svá landit, þat er þá lá á bakborða. Saltíri er mikit land ok betra en in bezta ey í Suðreyjum nema Mön. Eið mjótt er á milli ok meginlandz á Skotlandi; þar eru opt dregin langskip yfir.

## K. 11. Dauði Orkneyja-jarla.

Magnús konungur var um vetrinn í Suðreyjum, þá fóru menn hans um alla Skotlandzfrøðu fyrir innan eyjar allar bæði byggðar ok óbyggðar ok eignuðu Nóregs konungi eylond öll. Magnús fekk til handa syni sínum Sigurði Bjaðmynju, dóttur 5 Mýrkjartans konungs Þjálbasonar, Írakonungs; hann réð fyrir Kunnuktum. Eptir um sumarit fór Magnús konungur liði sínu austr í Nóreg. Erlendr jarl varð sótt dauðr í Niðarósi ok er þar jarðaðr, en Páll í Björgyn. Skopti Ögmundarson Þorbergssonar var lendr maðr ágætr; hann bjó í Gizka á Sunn-Mœri; hann 10 átti Guðrúnu, dóttur Þórðar Fólasonar; börn þeira váru Ögmundur, Finnur, Þórðr, Þóra, er átti Ásólfur Skúlason; sonir Skopta váru inir mannvænstu menn í æsku.

## K. 12. Deila Magnús konungs ok Inga konungs.

Steinkell Svía-konungur andaðisk nær falli Haraldanna. 15 Hákon hét sá konungur, er næst var í Svíþjóð eptir Steinkel konung. Síðan var Ingi konungur, sonr Steinkels, góðr konungur ok ríkr, allra manna mestr ok sterkastr; hann var þá konungur í Svíþjóð, er Magnús var í Nóregi. Magnús konungur talði þat hafa verit landaskipti at fornu, at Gautelfr hefði skilt ríki Svía- 20 konungs ok Nóregs-konungs en síðan Væni til Vermalandz; talðisk Magnús konungur eiga alla þá byggð, er fyrir vestan Væni var, þat er Sunndalr ok Norðdalr, Véar ok Varðynjar ok allar markir, er þar liggja til; en þat hafði þá langa hríð legit undir Svíakonungs veldi ok til vestra Gautlandz at skyldum; en 25 Markamenn vildu vera undir Svía-konungs veldi sem fyrr. Magnús konungur reið ór Víkinni ok upp á Gautland ok hafði lið mikit ok frítt; en er hann kom í markbyggðina, herjaði hann ok brendi, fór svá um allar byggðir; gekk fólk undir hann ok svqrðu honum löndin. En er hann kom upp til vatsins Vænis, 30 leið á haustit. Þá fóru þeir í Kvalðinsey ok gerðu þar borg af torfi ok viðum ok grófu diki um. En er þat virki var gort, þá var þar flutt í vistir ok önnur fong, þau er þyrpti. Konungur setti þar í ccc. manna, ok váru þeir hofðingjar fyrir Finnur Skoptason ok Sigurðr ullstrengur ok hofðu it fríðasta lið, en konungur snæri 35 þá út í Víkina.

## K. 13. Frá Norðmönnum.

En er Svía-konungr spurði þetta, þá bauð hann liði saman, ok fóru þau orð um, at hann myndi ofan ríða, en þat frestaðisk; þá kváðu Norðmenn þetta:

5 184. Allengi dvelr Ingi  
ofanreið enn þjóbreiði.

En er ísa lagði á vatnit Væni, þá reið Ingi konungr ofan ok hafði nærr xxx. hundraða manna. Hann sendi orð Norðmönnum þeim, er í borginni sátu, það þá fara í brot með fangi því, er  
10 þeir höfðu, ok aptr í Nóreg. En er sendimenn báru konungs orð, þá svarar Sigurðr ullstrengr, sagði, at Ingi myndi öðru við koma, en vísa þeim brot sem hjörð í haga, ok kvað hann nærr áðr mundu ganga verða. Sendimenn báru aptr þau orð til konungs. Síðan fór Ingi konungr út í eyrna með allan herinn. Þá  
15 sendi hann annat sinni menn til Norðmanna ok það þá í brot fara ok hafa vápn sín, klæði ok hesta, en láta eptir ránfé alt. Þeir neittu þessu; en síðan veittu þeir atgöngu ok skutusk á. Þá lét konungr bera til grjót ok viðu ok fylla díkit; þá lét hann taka akkeri ok drengja við ása langa ok bera þat upp á timbr-  
20 vegginn; gengu þar til margir menn ok drógu sundr vegginn. Þá váru gorrvar eisur stórar ok skotit logandi bröndum at þeim. Þá báðu Norðmenn griða, en konungr það þá út ganga vápnlaus ok yfirhafnarlaus; en er þeir gingu út, þá var hverr þeira sleginn límahogg. Fóru þeir brot við svá búit ok heim aptr í  
25 Nóreg; en Markamenn allir snørusk þá aptr undir Inga konung. Þeir Sigurðr ok hans félagar sóttu á fund Magnús konungs ok segja honum sínar ófarar.

## K. 14. Orrosta á Foxerni.

Pegar um várit, er ísa leysti, fór Magnús konungr með liði  
30 miklu austr til Elfar ok helt upp eptir inni eystri kvísl ok herjaði alt veldi Svía-konungs. En er hann kom upp á Foxerni, þá gengu þeir upp á land frá skipum; en er þeir kómu yfir á eina, þá er þar verðr, þá kom móti þeim herr Gauta, ok varð þar orrosta, ok váru Norðmenn ofrliði bornir ok kómu á flótta  
35 ok var drepit mart við fors einn. Magnús konungr flýði, en Gautar fylgðu þeim ok drápu slíkt er þeir máttu. Magnús konungr var auðkendr, manna mestr; hann hafði rauðan hjúp yfir brynju, hárit silkibleikt ok fell á herðar niðr. Ögmundr

Skoptason reið á aðra hlið konungi; hann var ok manna mestr ok fríðastr; hann mælti: »gef mér hjúpinn, konungr«. Konungr segir: »hvat skal þér hjúprinn?«. »Ek vil hafa, segir hann, gefit hefir þú mér stœrrum«. Þar var svá háttat, at vellir sléttir váru víða, ok sásk þeir þá ávalt Gautar ok Norðmenn; þá váru 5 enn kleifar ok skógarkjorr ok fal þá sýn; þá fekk konungr Ögmundi hjúpinn, ok fór hann í. Síðan riðu þeir fram á vølluna; þá snøri Ögmundr þvers brot ok hans menn; en er Gautar sá þat, þá hugðu þeir þat konung vera, ok riðu þannug allir eptir; reið þá konungr leið sína til skips, en Ögmund dró nauðuliga 10 undan ok kom þó heill til skipa. Helt Magnús konungr síðan ofan eptir ánni ok svá norðr í Víkina.

#### K. 15. Konungastefna í Elfinni.

Annat sumar eptir var lögð konungastefna við Konunga-  
helli í Elfi, ok kom þar Magnús Nóregs-konungr ok Ingi Svía- 15  
konungr, Eiríkr Sveinsson Dana-konungr, ok var sú stefna  
bundin með griðum. En er þingit var sett, þá gengu konungar  
fram á vøllinn frá öðrum mǫnnum ok tǫluðusk við litla hríð;  
gengu þá aptr til liðs síns, ok var þá gǫr sættin, at hverr þeira  
skyldi hafa þat ríki, sem áðr hǫfðu haft feðr þeira, en hverr 20  
þeira konunga bæta við sína landzmenn rán ok mannskaða, en  
hverr þeira síðan jafna við annan. Magnús konungr skyldi fá  
Margrétar, dóttur Inga konungs; hon var síðan kǫlluð Friðkolla.  
Þat var mál manna, at eigi hefði sét hǫfðingligri menn, en þeir  
váru allir. Ingi konungr var einna mestr ok þrekuligastr ok 25  
þótti hann öldurmannligastr; en Magnús konungr þótti skǫrulig-  
astr ok hvatligastr; en Eiríkr konungr var einna fegrstr; en allir  
váru þeir fríðir, stórir menn ok gǫfugligir ok orðsnjallir — ok  
skilðusk at svá búnu.

#### K. 16. Kvánfang Magnús konungs.

Magnús konungr fekk Margrétar drótningar; var hon send  
austan af Svíþjóð til Nóregs, ok var henni fengit vegligt  
fǫruneyti. En Magnús konungr átti áðr nokkur börn, þau er  
nefnd eru. Eysteinn hét sonr hans, ok var hans móðerni lítit;  
annarr hét Sigurðr, ok var hann vetri yngri; Þóra hét móðir 35  
hans; Óláfr hét inn þriði ok var hann miklu yngstr; móðir hans  
var Sigríðr, dóttir Saxa í Vík, gǫfugs mannz í Prándheimi; hon  
var friðla konungs. Svá segja menn, at þá er Magnús konungr

kom ór vestrvíking, at hann hafði mjök þá síðu ok klæðabúnað, sem títt var í vestrlandum, ok margir hans menn; gengu þeir berleggjaðir um stræti ok höfðu kyrtla stutta ok svá yfirhafnir; þá kolluðu menn hann Magnús berføtt eða berbein; sumir kolluðu hann Magnús háva, en sumir Styrjaldar-Magnús. Hann var manna hæstr. Mark var gørt til um hæð hans á Máriukirkju í kaupangi, þeiri, er Haraldr konungr hafði gera látit; þar á norðrdurum váru klappaðir á steinvegginum krossar iii., einn Haraldz hæð, annarr Óláfs hæð, iii. Magnús hæð, ok þat markat, 10 hvar þeim var hægst kyssa á; ofarst Haraldz kross, en lægst Magnús kross, en Óláfs mark jafnnær báðum.

#### K. 17. Ósætt Magnús konungs ok Skopta.

Skopti Ogmundarson varð missáttir við Magnús konung, ok deildu þeir um dánararf nokkurn; Skopti helt, en konungr kallaði 15 til með svá mikilli freku, at þat var við váða sjálfan; váru þá at áttar margar stefnur, ok lagði Skopti þat ráð til, at þeir feðgar skyldu aldri allir senn vera á konungs valdi, segir, at meðan myndi hlýða. Þá er Skopti var fyrir konungi, flutti hann þat fram, at skyld frændsemi var milli þeira konungs ok þat með, 20 at Skopti hafði verit jafnan kærri vinr konungs ok aldri brugðizk þeira vinátta, segir svá, at menn mætti þat skilja, at hann var svá viti borinn — »at ek mun, segir hann, eigi þat mál halda í deilu við þik, konungr, ef ek mæli rangt; ok því bregðr mér til forellris míns, at ek halda réttu máli fyrir hverjum manni ok 25 gera ek þar engi manna mun at«. Konungr var inn sami, ok mýkðisk ekki hans skap við slíkar ræður. Fór Skopti heim.

#### K. 18. Ferð Finnz Skoptasonar

Síðan fór Finnr á konungs fund ok talaði við hann ok bað konung þess, at hann skyldi láta þá feðga ná réttendum af þessu 30 máli. Konungr svarar styggt ok stutt. Þá mælti Finnr: »til annars hugða ek af yðr, konungr, en þér munduð gera mik löggræning, þá er ek settumk í Kvalðinsey, er fáir vildu aðrir vinir yðrir ok sögðu, sem satt var, at þeir váru fram seldir, er þar sátu, ok til dauða dæmðir, ef Ingi konungr hefði eigi lýst 35 við oss meira höfðingskap, en þú hafðir fyrir oss sét, ok mun þó mörögum sýnask, sem vér bærим þaðan svívirðing, ef þat væri nokkurs vert«. Konungr skipaðisk ekki við slíkar ræður, ok fór Finnr heim.

## K. 19. Ferð Qgmundar Skoptasonar.

Þá fór Qgmundr Skoptason á fund konungs; en er hann kom fyrir konunginn, bar hann upp ærendi sín ok það konung gera þeim rétt feðgum. Konungr segir, at þat var rétt, er hann sagði, ok þeir væri firna djarfir. Þá mælti Qgmundr: »koma 5 mundu, konungr, þessu, áleiðis, at gera oss rangt fyrir sakir ríkis þíns; mun þat hér sannask, sem mælt er, at flestir launa illu eða engu, er lífit er gefit; þat skal ok fylgja mínu máli, at aldri síðan skal ek koma í þína þjónostu ok engi vórr feðga, ef ek ræð«. Fór Qgmundr síðan heim, ok sásk þeir aldri ok Magnús 10 konungr síðan.

## K. 20. Ferð Skopta ór landi.

Skopti Qgmundarson byrjar ferð sína um várit eptir af landi í brot; hann hafði v. langskip ok öll vel búin; til þeirar ferðar ræðusk með honum synir hans, Qgmundr ok Finnur ok 15 Þórðr. Urðu þeir heldr síðbúnir; siglðu um haustit til Flæmingjalandz ok váru þar um vetrinn. Snimma um várit siglðu þeir vestr til Vallandz, ok um sumarit siglðu þeir út um Nörvasund ok um haustit til Rúmaborgar; þar andaðisk Skopti; allir önduðusk þeir feðgar í þeiri ferð. Þórðr lifði lengst þeira feðga; 20 hann andaðisk í Sikiley. Þat er sögn manna, at Skopti hafi fyrst siglt Nörvasund Norðmanna, ok varð sú ferð in frægsta.

## K. 21. Jartegnir.

Sá atburðr gerðisk í kaupangi, þar sem Óláfr konungr hvílir, at eldr kom í hús í bönum, ok brann víða. Þá var borit 25 út ór kirkjunni skrin Óláfs konungs ok sett á mót eldinum. Síðan hljóp at maðr einn hvatviss ok óvitr ok barði skrinnit ok heitaðisk við þann helga mann, segir svá, at alt myndi þá upp brenna, nema hann byrgi þeim með bönum sínum, bæði kirkjan ok önnur hús. Nú lét almáttigr guð við berask bruna kirkjunnar, en þeim 30 óvittra manni sendi hann augnaverð þegar eptir um nóttina, ok lá hann þar alt til þess, er inn heilagi Óláfr konungr það honum miskunnar við almáttigan guð, ok bættisk honum í þeiri sömu kirkju.

## K. 22. Jartegnir Óláfs konungs.

Sá atburðr varð enn í kaupangi, at kona ein var færð þangat til staðarins, þar sem Óláfr konungr hvílir; hon var svá armskoppuð, at hon var kropnuð 9ll saman, svá at báðir fœtr 5 lágu bjúgir við þjóin uppi. Ok er hon var iðuliga á böenum ok hafði heitit á hann grátandi, þá boetti hann henni þá miklu vanheilsu, at fœtr ok leggir ok aðrir limir réttusk ór lykkjum, ok þjónaði síðan hverr liðr ok limr réttri skepnu; mátti hon áðr eigi krjúpa þangat, en þaðan gekk hon heil ok fegin til sinna 10 heimkynna.

## K. 23. Hernaðr á Írlandi.

Magnús konungr byrjar ferð sína af landi ok hafði her mikinn; þá hafði hann verit konungr í Nóregi ix. vetr; þá fór hann vestr um haf ok hafði it fríðasta lið, er til var í Nóregi. 15 Honum fylgðu allir ríkismenn, er í vâru landinu, Sigurðr Hranason, Víðkunnr Jóansson, Dagr Eilífsson, Serkr ór Sogni, Eyvindr olbogi, stallari konungs, Ulfr Hranason, bróðir Sigurðar, ok margir aðrir ríkismenn. Fór konungr með þessu liði 9llu vestr til Orkneyja ok hafði þaðan með sér sonu Erlendz jarls, Magnús ok 20 Erling; þá siglði hann til Suðreyja, ok er hann lá við Skotland, þá hljóp Magnús Erlendzson um nótt af skipi konungs ok lagðisk til landz, fór síðan upp í skóg ok kom fram í hirð Skota-konungs. Magnús konungr helt liðinu til Írlandz ok herjaði þar, þá kom Mýrkjartan konungr til liðs við hann, ok unnu þeir mikit af 25 landinu, Dyflinn ok Dyflinnarskíri, ok var Magnús konungr um vetrinn uppi á Kunnoktum með Mýrkjartani konungi, en setti menn sína til landzgæzlu, þar er hann hafði unnit. En er váraði, fóru konungarnir með her sinn vestr á Úlazztír ok áttu þar orrostur margar ok unnu landit ok hqfðu unnit mestan hluta af 30 Úlazztír; þá fór Mýrkjartan heim á Kunnaktir.

## K. 24. Uppanga Magnús konungs.

Magnús konungr bjó þá skip sín ok ætlaði austr til Nóregs; hann setti menn sína til landzgæzlu í Dyflinni. Hann lá við Úlazztír 9llu liði sínu ok vâru seglbúnir. Þeir þóttusk þurfa strandhoggva, 35 ok sendi Magnús konungr sína menn til Mýrkjartans konungs, at hann skyldi senda honum strandhogg, ok kvað á dag, at koma skyldi inn næsta fyrir Barthólómeúsmessu, ef sendimenn væri

heilir; en messudagsaptaninn váru þeir eigi komnir; en messu-  
daginn, þá er sól rann upp, gekk Magnús konungur á land með  
mestum hluta liðs síns ok gekk upp frá skipum, vildi leita eptir  
mönnum sínum ok strandhöggvi. Veðr var vindlaust ok sólskin;  
leiðin lá yfir mýrar ok fen, ok váru þar höggvar yfir klappir, en 5  
kjarrskógar við tveggja vegna. Þá er þeir sóttu fram, varð fyrir  
þeim leiti mjök hátt; þaðan sá þeir víða; þeir sá jóreyk mikinn  
upp á land; ræddu þá milli sín, hvárt þat myndi vera herr Íra, en  
sumir sögðu, at þar mundu vera menn þeira með strandhöggvi.  
Námu þeir þar stað. Þá mælti Eyvindr olbogi: »konungur, segir 10  
hann, hverja ætlan hefir þú á ferð þessi? Óvarliga þykkir þú fara;  
veiztu, at Írar eru sviksamir; ætla nú ráð nokkut fyrir liði yðru«. Þá mælti konungur: »fylkjum nú liði váru ok verum við búinir, ef  
þetta eru svik«. Var þá fylkt; gekk konungur ok Eyvindr fyrir  
fylkingunni; hafði Magnús konungur hjálm á höfði ok rauðan 15  
skjöld, ok lagt á með gulli léó, gyrðr sverði, er Leggbítr var  
kallaðr, tannhjaltat ok gullvafiðr meðalkaflinn, it bezta vápn;  
hann hafði kesju í hendi; hann hafði silkihjúp rauðan yfir skyrtu  
ok skorit fyrir ok á bak léó með gulu silki; ok var þat mál manna,  
at eigi hefði sét sköruligra mann eða vaskligra. Eyvindr hafði 20  
ok silkihjúp rauðan ok með sama hætti sem konungur; var hann ok  
mikill maðr ok fríðr ok inn hermannligsti.

## K. 25. Fall Magnús konungs.

En er jóreykrinn nálgadisk, þá kendu þeir sína menn, ok  
fóru þeir með strandhöggvi miklu, er Íra-konungur hafði sent 25  
þeim, ok helt hann öll sín orð við Magnús konung. Síðan snøru  
þeir út til skipanna, ok var þá um miðdegisskeið. En er þeir  
kómu út á mýrarnar, fórsk þeim seint um fen. Þá þusti herr  
Íra fram ór hverju skógarnefi ok réðu þegar til bardaga, en  
Norðmenn fóru dreift, ok fellu brátt margir. Þá mælti Eyvindr: 30  
»konungur, segir hann, óheppiliga ferr lið várt; tókum nú skjótt  
gott ráð«. Konungur mælti: »blási herblástr öllu liðinu undir  
merkin, en þat lið, sem hér er, skjóti á skjaldborg, ok fgrum  
síðan undan á hæli út yfir mýrarnar; síðan mun ekki saka, er  
vér komum á slétlendi«. Írar skutu djarfliga, en þó fellu þeir 35  
allþykt, en æ kom maðr í mannz stað. En er konungur var kominn  
at nezta díki, þar var torfæra mikil ok fástaðar yfir fært; fellu  
þar Norðmenn mjök. Þá kallar konungur Þorgrím skinnhúfu,  
lendan mann sinn, — hann var uplenzkr —, ok bað hann fara



yfir díkit með sína sveit — »en vér munum verja meðan, segir hann, svá at yðr skal eigi saka; farið síðan á hólma þann, er þar verðr, ok skjótið á þá, meðan vér fõrum yfir díkit; eruð þér bogmenn góðir«. En er þeir Þorgrímr kómu yfir díkit, 5 kõstuðu þeir skjõldunum á bak sér ok runnu til skipa ofan. En er konungr sá þat, mælti hann: »ódrengiliga skilstu við þinn konungr; óvitr var ek, þá er ek gerða þik lendan mann, en ek gerða útlaga Sigurð hund; aldri myndi hann svá fara«. Magnús konungr fekk sár, var lagðr kesju í gõgnum bæði lærin fyrir 10 ofan kné; hann greip skaptit milli fõta sér ok braut ór keflit ok mælti: »svá brjótu vér hvern sperrilegginn, sveinar«. Magnús konungr var hõggvinn á hálsinn með spõrðu, ok varð þat hans banasár. Þá flýðu þeir, er eptir váru. Víðkunnr Jóansson bar til skipa sverðit Leggbít ok merki konungs; þeir runnu síðarst, 15 annarr Sigurðr Hranason, þriði Dagr Eilífsson. Þar fellu með Magnúsi konungi Eyvindr olbogi, Úlfr Hranason ok margir aðrir ríkismenn; mart fell Nordmanna, en þó miklu fleira af Írum. En þeir Nordinenn, er undan kómsk, fóru þegar brot um haustit. Erlingr, sonr Erlendz jarls, fell á Írlandi 20 með Magnúsi konungi. En er þat lið, er flýit hafði af Írlandi, kom til Orkneyja, ok Sigurðr spurði fall Magnús konungs, fõður síns, þá rézk hann þegar til ferðar með þeim, ok fóru þeir um haustit austr til Nóregs.

K. 26. Frá Magnúsi konungi ok Víðkunn Jóanssyni.

25 Magnús konungr var yfir Nóregi x. vetr, ok var á hans dõgum friðr góðr innan landz, en menn hõfðu mjõk starfsamt ok kostnaðarsamt af leiðõngrum. Var Magnús konungr inn vinsælsti við sína menn, en bóndum þótti hann harðr. Þat herma menn frá orðum hans, þá er vinir hans mæltu, at hann fór opt 30 óvarliga, er hann herjaði útan landz, hann sagði svá: »til frægðar skal konungr hafa, en ekki til langlífis«. Magnús konungr var nær xxx. at aldri, þá er hann fell. Víðkunnr drap þann mann í orrostu, er banamaðr var Magnús konungs; þá flýði Víðkunnr ok hafði fengit iii. sár; ok af þessum sõkum tóku synir Magnús 35 konungs hann í inn mesta kærleik.

## Uphaf Magnús-sona.

### K. 1.

Eptir fall Magnús konungs berföets tóku synir hans konungdóm í Nóregi, Eysteinn, Sigurðr, Óláfr; hafði Eysteinn inn nørðra hlut landz, en Sigurðr inn syðra. Óláfr konungr var þá 5  
iiii. vetra eða v.; en þann þriðjung landz, er hann átti, höfðu þeir báðir til varðveizlu. Sigurðr var þá til konungs tekinn, er hann var xiii. vetra eða xiiii., en Eysteinn var vetri ellri. Sigurðr konungr lét eptir fyrir vestan haf dóttur Íra-konungs. Þá er synir Magnús váru til konunga teknir, kómu útan ór Jórsalaheimi, ok sumir ór Miklagarði, þeir menn, er farit höfðu út með 10 Skopta Ögmundarsyni, ok váru þeir inir frægstu ok kunnu margs konar tíðendi at segja; en af þeim nýnæmum girntisk fjöldi mannz í Nóregi þeirar ferðar; var þat sagt, at í Miklagarði fengu Norðmenn fullsælu fjár, þeir er á mála vildu ganga. Þeir báðu konungana, at annarr hvárr þeira, Eysteinn eða Sigurðr, 15 skyldi fara ok vera fyrir því liði, er til útferðar gerðisk. En konungarnir játtu því ok bjoggu ferð þá með beggja kostnaði. Til þeirar ferðar réðusk margir ríkismenn, bæði lendir menn ok ríkir böendr. En er ferðin var búin, þá var þat af ráðit, at Sigurðr skyldi fara, en Eysteinn skyldi hafa landráð af hendi 20 beggja þeira.

### K. 2. Frá Orkneyja-jörllum.

Einum vetri eða tveim eptir fall Magnús berföets kom vestan af Orkneyjum Hákon, sonr Páls jarls, en konungar gáfu honum jarldóm ok yfirsónk í Orkneyjum, svá sem jarlar höfðu 25 haft fyrir honum, Páll faðir hans eða Erlendr fõðurbróðir hans. Fór Hákon vestr til Orkneyja.

## K. 3. Ferð Sigurðar konungs ór landi.

Fjórum vetrum eptir fall Magnús konungs fór Sigurðr konungr liði sínu ór Nöregi; þá hafði hann lx. skipa; svá segir Þórarinn stutfeldr:

- |   |  |  |
|---|--|--|
| 5 | 185. Svá kom fylkis<br>framt lið saman<br>margspaks mikit,<br>mildingi vilt, | at skip við sköþ<br>skarþögr of lög<br>hreins goðs heðan<br>hnigu, sex tigrir. |
|---|--|--|

Sigurðr konungr siglði um haustit til Englandz; þá var þar konungr Heinrekr, sonr Viljálms bastarðz. Var Sigurðr konungr þar um vetrinn; svá segir Einarr Skúlason:

- |    |   |   |
|----|---|---|
| 15 | 186. Vásoflugr réð vísi<br>vestr helmingi mestum;<br>óð at ensku láði<br>ægis marr und harra; | stál lét hilmir hvílask<br>heiptglaðr ok vas þaðra<br>(né gramr af val Vimrar)<br>vetrlengis (stígr betri). |
|----|---|---|

## K. 4. Ferð Sigurðar konungs.

Sigurðr konungr fór eptir um várit liðinu vestr til Vallandz ok kom fram um haustit út á Galizuland ok dvalðisk þar annan vetr; svá segir Einarr Skúlason:

- |    |  |   |
|----|--|---|
| 20 | 187. Ok, sás özt gat ríki,<br>ól þjóðkonungr, sólar,<br>önd á Jákóbs landi<br>annan vetr, und ranni; | þar frá hilmir herjar<br>(hjaldrs) lausmæli gjalda<br>(gramr bræddi svan snimma<br>snarlyndr) frömum jarli. |
|----|--|---|

En þat var með þeim atburð, at jarl sá, er þar réð fyrir landi, gerði sætt við Sigurð konung, ok skyldi jarl láta setja Sigurði torg til matkaupa allan vetrinn, en þat endisk eigi lengr en til jóla, ok gerðisk þá ilt til matar, þvíat landit er skarpt ok ilt matland. Þá fór Sigurðr konungr með miklu liði til kastala þess, er jarl átti, ok flýði jarl undan, þvíat hann hafði litit lið.

- |    |  |
|----|--|
| 30 | Sigurðr konungr tók þar vist mikla ok mikit herfang annat, ok lét flytja til skipa sinna; bjósk síðan í brot ok fór vestr fyrir Spán. Þá er Sigurðr konungr siglði fyrir Spán, barsk þat at, at víkingar nokkurir, þeir er fóru at féfangi, kómu í móti honum með galeiða her, en Sigurðr konungr lagði til orrostu við þá, ok |
| 35 | hófu svá ina fyrstu orrostu við heiðna menn, ok vann af þeim viii. galeiðr; svá segir Haldórr skvaldri:  |

188. Ok fádýrir fóru náði herr at hrjóða  
 Fjølnis hróts at móti, (hlaut drengja vinr fengi  
 vígðsum hlöð vísi, fyrðum hollr), þars fellat  
 víkingar gram ríkjum; fátt lið, galeiðr átta.  
 Síðan helt Sigurðr konungr til kastala þess, er Sintré heitir, ok 5  
 barðisk þar aðra orrostu; þat er á Spáni; þar sat í heiðit fólk  
 ok herjaði á kristna menn; hann vann kastalann ok drap þar alt  
 fólk, þviat ekki vildi kristnask láta, ok tók þar fé mikit; svá  
 segir Haldórr skvaldri:  
 189. Stór skalk verk, þaus vǫru gerðisk heldr við harðan 10  
 (Vánar dags) á Spáni, hermønnum gram berjask  
 (prútt lét slöngvir sóttan grátt, es gǫrva neittu  
 Sintré) konungs inna; goðs rétti sér boðnum.

## K. 5. Unnin Lizibón.

Eptir þat helt Sigurðr konungr liðinu til Lizibónar, þat er 15  
 borg mikil á Spáni, ok hálf kristin en hálf heiðin; þar skilr Spán  
 kristna ok Spán heiðna; eru þau heruð heiðin öll, er vestr liggja  
 þaðan. Þar átti Sigurðr konungr ina iii. orrostu við heiðna menn  
 ok hafði sigr; fekk þar fé mikit; svá segir Haldórr skvaldri:

190. Suðr vátt sigr enn þriðja, lofðungs kundr, þars lenduð 20  
 snjallr, við borg þás kalla, Lizibón, at fróni.

Þá helt Sigurðr konungr liðinu vestr fyrir Spán heiðna ok lagði  
 til borgar þeirar, er kǫlluð er Alkasse, ok átti þar ina iii orrostu  
 við heiðna menn ok vann borgina, drap þar mart fólk, svá at  
 hann eyddi borgina. Þeir fengu þar ófamikit fé; svá segir Hal- 25  
 dórr skvaldri:

191. Ut frákr yðr þars heitir folkþeysandi, fýsask  
 Alkasse styr hvassan, fjórða sinn at vinna.  
 Ok enn þetta:  
 192. Unnit frákr í einni (hitti herr á flótta) 30  
 eyddri borg til sorga heiðins vífs (at drífa).

## K. 6. Orrosta í Forminterru.

Þá helt Sigurðr konungr fram ferðinni ok lagði til Nǫrva-  
 sunda; en í sundunum var fyrir honum víkingaherr mikill, ok  
 lagði konungr til orrostu við þá, ok átti þar ina fimtu orrostu 35  
 ok hafði sigr; svá segir Haldórr skvaldri:

193. Treystuzk egg fyr austan náskári fló nýra,  
 (yðr tjóði goð) rjóða, Nǫrvasund, til unda.

Síðan lagði Sigurðr konungr herinum fram it syðra með Serklandi ok kom til eyjar þeirar, er kǫlluð er Forminterra. Þar hafði þá sezk herr mikill heiðinna blámannna í helli nokkurn ok settu fyrir hellisdyrnar steinvegg mikinn; þeir herjuðu víða á landit ok  
 5 fluttu til hellisins alt herfang. Sigurðr konungr veitti upgöngu í þeiri ey ok fór til hellis ok var í bergi nokkuru, ok var hátt at ganga upp í hellinn til steinveggsins, en bjargit skútti yfir steinvegginn fram. Heiðingjar vörðu steinvegginn ok hræddusk ekki vápn þeira Norðmanna, en þeir máttu bera grjót ok skot  
 10 niðr undir fœtr sér ofan á Norðmenn. Norðmenn réðu ok ekki til upgöngunnar at svá búnu. Þá tóku heiðingjar pell ok aðra dýrgripi ok báru út á vegginn ok skóku at Norðmönnum ok æpðu á þá ok eggjuðu þá ok frýðu þeim hugar. Þá leitaði Sigurðr konungr sér ráða. Hann lét taka ii. skipbáta, er barkar eru  
 15 kallaðir, ok draga upp á bergit yfir hellisdyrnar ok drengja með strengjum digrum alt undir innviðuna ok um stafnana. Síðan gengu þar í menn, svá sem rúm hafði, létu þá síga skipin ofan fyrir hellinn með reipum; þá skutu þeir ok grýttu, er á skipunum váru, svá at heiðingjar hrukku af steinvegginum. Þá gekk  
 20 Sigurðr konungr upp í bergit með herinn undir steinvegginn, ok brutu vegginn ok kómusk svá upp í hellinn, en heiðingjar flýðu inn um steinvegginn, þann er settr var um þveran hellinn. Þá lét konungr flytja í hellinn víðu stóra ok kasta bál mikit í hellisdurunum ok slá eldi í. En heiðingjar, er eldr ok reykr sótti þá,  
 25 þá létu sumir lífit, sumir gengu á vápn Norðmanna, en alt fólk var drepit eða brent. Þar fengu Norðmenn it mesta herfang, þess er þeir hefði tekit í þessi ferð; svá segir Haldórr skvaldri:

194. Varð fyr stafni	þar varð eggjar
styrjar gjörnum	ok eld þola
30 friðraskaði	blámannna lið,
Forminterra;	áðr bana fengi.

Ok enn þetta:

195. Þóðstyrkir, lézt barka	en í hall at helli,
(bragnings verk á Serkjum	hernenninn, fjölmennum,
35 fræg hafa gǫrzk) fyr gýgjjar	göndlar þings, með gengi
gagnstíg ofan síga;	gnýpróttir, neðan sóttir.

Enn segir Þórarinn stutfeldr:

196. Bað gramr guma	þás í reipum
gunnhagr draga	ramdýr þrama
40 byrvarga á bjarg	sigu fyrir hellis
blásvarta tvá,	hliðdyrr með lið.

## K. 7. Orrosta.

Þá fór Sigurðr konungr fram á leið ok kom til eyjar þeirar, er Iviza heitir, ok átti þar orrostu ok fekk sigr; sú var in vii. orrosta; svá segir Haldórr skvaldri:

197. Margdýrkaðr kom merkir (fúss vas fremðar ræsir 5  
morðhjóls skipa stóli friðslits) til Ivizu.

Eptir þat kom Sigurðr konungr til eyjar þeirar, er Manork heitir, ok helt þar ina viii. orrostu við heiðna menn ok fekk sigr; svá segir Haldórr skvaldri:

198. Knátti enn en átta (Finns rauð gjöld) á grœnni 10  
oddhrið vakið síðan (grams ferð) Manork verða.

## K. 8. Gefit Roðgeiri jarli konungsnafn.

Sigurðr konungr kom um várit til Sikileyjar ok dvalðisk þar lengi. Þar var þá Roðgeirr hertogi; hann fagnaði vel konungi ok bauð honum til veizlu. Sigurðr konungr kom þannug 15 ok mikit lið með honum. Þar var dýrligr fagnaðr, ok hvern dag at veizlunni stóð Roðgeirr hertogi ok þjónaði at borði Sigurðar konungs. Ok inn vii. dag veizlunnar, þá er menn höfðu tekit laugar, þá tók Sigurðr konungr í hönd hertoganum ok leiddi hann upp í hásæti ok gaf honum konungsnafn ok þann 20 rétt, at hann skyldi vera konungr í Sikileyjar-veldi, en áðr höfðu þar jarlar verit yfir því ríki.

## K. 9. Frá Roðgeiri konungi.

Roðgeirr Sikileyjar-konungr var inn ríkasti konungr; hann vann Púl allan ok lagði undir sik ok margar aðrar stóreyjar í 25 Griklandz-hafi; hann var kallaðr Roðgeirr ríki. Hans sonr var Viljálmr konungr í Sikiley, er lengi hafði ófrið mikinn haft við Miklagarðz keisara. Viljálmr konungr átti iii. dœtr, en engan son; hann gipti eina dóttur sína Heinreki keisara, syni Fríreks keisara, en þeira sonr var Frírekr, er nú var keisari í Rúmaborg. 30 Aðra dóttur Viljálms konungs átti hertogi af Kípr; ina iii. átti Margrít yfirkussari; Heinrekr keisari drap þá báða. Dóttur Roðgeirs Sikileyjar konungs átti Mánúli keisari í Miklagarði; þeira sonr var Kirjalax keisari.

## K. 10. Jórsala-ferð Sigurðar konungs.

Um sumarit siglði Sigurðr konungr út um Griklandz-haf til Jórsala-landz; fór síðan út til Jórsala-borgar ok hitti þar 35

Baldvina Jórsala-konung. Baldvini konungr fagnaði Sigurði konungi forkunnar vel ok reið með honum út til árinna Jórðánar ok apr til Jórsalaborgar; svá segir Einarr Skúlason:

199. Húf lét hilmir svífa                      200. Getk þess, 's gramr fór vitja  
5 hafkaldan (lof skaldi (glyggs) Jórsala byggðar  
esat of allvalds risnu (meðr vitut oðling æðra)  
einfalt) í Gríksalti, ógnbliðr (und sal víðum),  
áðr við einkar breiða ok leyghati laugask  
auðlestir skip festi (leyft ráð vas þat) náði  
10 (oðr beið oðl með stilli) hauka fróns í hreinu  
Akrsborg (fegins morgin). hvatr Jórðánar vatni.  
Sigurðr konungr dvalðisk mjök lengi á Jórsala-landi um haustit  
ok oñdurðan vetr.

#### K. II. Unnin Sætt.

- 15 Baldvini konungr gerði veizlu fagra Sigurði konungi ok liði miklu með honum. Þá gaf Baldvini konungr Sigurði konungi marga helga dóma, ok þá var tekinn spánn af krossinum helga at ráði Baldvina konungs ok pátríarka, ok sóru þeir báðir at helgum dómi, at þetta tré var af inum helga krossi, er guð  
20 sjálfr var þindr á. Síðan var sá heilagr dómr gefinn Sigurði konungi, með því at hann sór áðr ok xii. menn aðrir með honum, at hann skyldi fremja kristni með oðlum mætti sínum ok koma í land erkibyskupsstóli, ef hann mætti, ok at krossinn skyldi þar vera, sem inn helgi Óláfr konungr hvíldi, ok hann skyldi tíund  
25 fremja ok sjálfr gera. Sigurðr konungr fór síðan til skipa sinna í Akrsborg; þá bjó ok Baldvini konungr her sinn at fara til Sýrlandz til borgar þeirrar, er Sæt heitir; sú borg var heiðin. Til þeirrar ferðar rézk Sigurðr konungr með honum. Ok þá er þeir konungarnir hoðfu litla hríð setit um borgina, gáfusk heiðnir  
30 menn upp, ok eignuðusk konungarnir borgina, en liðsmenn annat herfang. Sigurðr konungr gaf Baldvina konungi alla borgina; svá segir Haldórr skvaldri:  
201. Borg heiðna tókt, bræðir (háðisk hver við prýði  
þenja tíkr, af ríki, hildr) en gaft af mildi.  
35 Einarr Skúlason segir ok hér frá:  
202. Sætt frákr Deala dróttin sterkr braut váligt virki  
(drengr minnisk þess) vinna; vals munnlitúðr gunnar;  
tóku hvast í Hristar fōgr ruðusk sverð, en sigri  
hríð valslongur ríða; snarr bragningr hlaut fagna.

Eptir þat fór Sigurðr konungr til skipa sinna ok bjósk brot af Jórsala-landi; þeir siglðu norðr til eyjar þeirrar, er Kípr heitir, ok dvalðisk Sigurðr konungr þar nokkura hríð; fór síðan til Griklandz ok lagði öllu liðinu út við Engilsnes ok lá þar hálfan mánuð, ok var hvern dag hraðbyri norðr eptir hafinu, en hann 5 vildi bíða þess byrjar, er þverskytningr væri, ok seglum mætti aka at endilöngu skipi, þvíat öll segl hans vǫru sett pellum, bæði þat er fram vissi ok aptr, fyrir því at hváirtveggju, frambyggjar ok þeir er aptr vǫru, vildu eigi sjá it ófegra seglanna.

K. 12. Ferð Sigurðar konungs í Miklagarð.

10

Þá er Sigurðr konungr siglði inn til Miklagarðz, siglði hann nær landi; þar eru alt á land upp borgir ok kastalar ok þorp, svá at hvergi slítr. Þá sá af landi í bug allra seglanna ok bar hvergi í milli, svá sem einn garðr væri. Alt fólk stóð úti, þat er sjá mátti sigling Sigurðar konungs. Spurt hafði ok Kirjalax 15 keisari til ferðar Sigurðar konungs ok lét hann upp lúka borgglið þat á Miklagarði, er heitir Gullvarta; þat hlið skal inn ríða keisari, þá er hann hefir lengi áðr í brot verit af Miklagarði ok hafi vel sigrazk; þá lét keisari breiða pell um öll stræti borgarinnar frá Gullvortu ok til Laktjarna; þar eru keisara hallir inar 20 ágæztu. Sigurðr konungr mælti við sína menn, at þeir skyldu ríða drambsamliga í borgina ok láta sér lítit um finnask alla nýbreytni, er þeir sá, ok svá gerðu þeir. Reið Sigurðr konungr ok allir hans menn með þvílíkan prís til Miklagarðz ok svá til innar ágæztu konungs hallar, ok var þar fyrir þeim alt búit. 25 Sigurðr konungr dvalðisk þar nokkura hríð. Þá sendi Kirjalax konungr menn sína til hans, hvárt hann vildi þiggja af keisara sex skipfund af gulli eða vildi hann, at konungr léti efna til leiks þess, er keisari var vanr at láta leika á þaðreimi. Sigurðr konungr kaus leikinn, ok sendimenn sögðu, at keisarann kostaði 30 eigi minna leikinn, en þetta gull. Þá lét konungr efna til leiksins, ok var þá leikit at vanða, ok veittu allir leikar betr konungi þat sinn. Drótning á hálfan leikinn, ok keppask í öllum leikum menn þeira; ok segja Grikir, at þá er konungr vinnr fleiri leika á þaðreimi en drótning, þá mun konungr vinna sigr, ef hann ferr 35 herferð.

K. 13. Frá ferð Sigurðar Jórsalafara.

Eptir þetta bjósk Sigurðr konungr til heimferðar. Hann gaf keisara öll skip sín, ok höfuð gullbúin vǫru á því skipi, er



konungr hafði stýrt, þau váru sett á Pétrskirkju. Kirjalax keisari gaf Sigurði konungi marga hesta ok fekk honum leiðtoga um alt ríki sitt. Fór þá Sigurðr konungr brot af Miklagarði, en eptir dvalðisk mikill fjöldi manna ok gekk á mála. Sigurðr konungr fór útan fyrst á Bolgaraland ok þá um Ungara-ríki, ok um Pannóníam ok um Sváfa ok um Býjaraland; þar fann hann Lózariúm keisara af Rúmaborg, ok fagnaði hann honum forkunnar vel, fekk honum leiðtoga alt um sitt ríki ok lét halda þeim torg, svá sem þeir þurptu til allra kaupa. En er Sigurðr konungr kom í Slésvík á Danmørk, þá veitti Eilífr jarl honum dýrlega veizlu; þat var um miðsumarsskeið. Í Heiðabý fann hann Nikolás Dana-konung, ok fagnaði hann honum afar vel ok fylgði honum sjálfr norðr á Jótland ok gaf honum skip með öllum búnaði, þat er hann hafði í Nóreg. Fór þá Sigurðr konungr heim í ríki sitt, ok var honum vel fagnat, ok var þat mál manna, at eigi hafi verit farin meiri virðingarfor or Nóregi, en þessi var, ok var hann þá xx. at aldri; hann hafði iii. vetr verit í þessarri ferð. Óláfr bróðir hans var þá xii. vetra gamall.

#### K. 14. Frá athöfn Eysteins konungs.

20 Eysteinn konungr hafði mart gørt í landinu, þat er nytsamligt var, meðan Sigurðr konungr var í ferð. Hann hóf munklífi í Björgyn í Norðnesi ok lagði hann þar mikit fé til; hann lét gera Mikjálskirkju, it vegligsta steinmusteri; hann lét ok gera í konungsgarði Postolakirkju, trékirku; þar lét hann ok gera 25 höll ina miklu, er vegligast tréhús hefir gørt verit í Nóregi; hann lét ok gera kirkju á Agðanesi, ok þar virki ok höfn, sem áðr var øræfi; hann lét ok gera í Niðarósi í konungsgarði Nikoláskirkju, ok var þat hús allmjök vandat at skurðum ok allri smið; hann lét ok gera kirkju í Vágum á Hálogalandi ok 30 lagði prófendu til.

#### K. 15. Frá Eysteini konungi.

Eysteinn konungr gerði orð inum vitrustum mönnum til Jamtalandz ok inum mestum, bauð þeim til sín, en fagnaði öllum, er kómu, með blíðu mikilli ok leiddi brot með vingjöfum, en 35 teygði þá svá til vináttu við sik. En er þeir vönðusk margir at fara til hans ok þágu gjafir hans, en sumum sendi hann gjafir, þeim er eigi kómu þar, þá kom hann sér í fullkomna vináttu við alla þá menn, er réðu fyrir landinu. Síðan talaði hann fyrir þeim

ok segir, at Jamtr hófðu þat illa gort, er þeir hófðu snúizk í brot frá Nóregs konungum í óhlýðni eða skattgjöfum, tók þar til máls, er Jamtr hófðu gengit undir ríki Hákonar konungs Aðalsteinsfóstra ok verit síðan lengi undir Nóregs konungum, inti ok þat, hversu mǫrg þarfendi þeir máttu hafa af Nóregi, eða hversu 5 mikill ómaki þeim væri, at sækja til Svía-konungs þat, er þeir þurftu. Ok kom hann svá sínum ræðum, at Jamtr sjálfir buðu honum ok báðu hann, at þeir vildu snúask til hlýðni við Eysteinn konung, ok kǫlluðu þat þurft sína ok nauðsyn. Dró svá saman þeira félagsskap, at Jamtr gáfu land alt undir ríki Eysteins konungs. Tóku fyrst til þessa máls ríkismenn þar trúnaðareiða af 10 öllu fólkinu; síðan fóru þeir til Eysteins konungs ok sóru honum land ok hefir þat haldizk jafnan síðan. Vann Eysteinn konungr Jamtaland með viti en eigi með áhlaupum sem sumir hans langfeðgar. 15

## K. 16. Frá Eysteini konungi.

Eysteinn konungr var maðr inn fríðasti sýnum, bláeygr ok nokkut opineygr, bleikhárr ok hrokkinhárr, ekki hár meðalmaðr, spekingr at viti, at öllu fróðr, lögum ok dæmum ok mannfræði, ráðsnjallr ok orðspakr ok inn snjallasti, manna glaðastr ok 20 litillátastr, hugþekkr ok ástsæll allri alþýðu. Hann átti Ingi-björgu, dóttur Gotthorms Steigarþórissonar; þeira dóttir hét Mária, er síðan átti Guðbrandr Skafhoggsson.

## K. 17. Frá Sigurði konungi.

Sigurðr konungr var mikill vexti ok jarpr á hár, skǫruligr, 25 ekki fagr, vel vaxinn, snœfurligr, fámæltr, ok optast ekki þýðr, vingóðr ok fastúðigr, ekki talaðr mjök, siðlátr ok veglátr. Sigurðr konungr var stjórnsamr ok refsingasamr, helt vel löginn, mildr af fé, ríkr ok ágætr. Óláfr konungr var maðr hár ok mjór, fríðr sýnum, glaðr ok litillátr, vinsæll. Þá er þeir bræðr váru 30 konungar í Nóregi, tóku þeir af margar álogur, þær sem Danir hófðu lagt á lýðinn, þá er Sveinn Alfífuson réð landi, ok urðu þeir af því stórvinsælir við alþýðu ok stórmenni.

## K. 18. Dauði Óláfs konungs.

Óláfr konungr tók sótt þá, er hann leiddi til bana, ok er 35 hann jarðaðr at Kristskirkju í Niðarósi, ok var hann it mesta harmaðr. Síðan réðu þeir ii konungar landi, Eysteinn ok Sigurðr,

en áðr hófðu þeir iii. bræðr verit konungar xii. vetr, v. síðan er Sigurðr kom til landz, en vii. áðr. Óláfr konungr var xvii. vetra, er hann andaðisk, en þat var xi. kálandas Jánúaríí. Þá er Eysteinn konungr hafði verit einn vetr austr í landi, en  
5 Sigurðr var norðr, þá sat Eysteinn konungr lengi um vetrinn í Sarpsborg.

#### K. 19. Fœddr Magnús blindi.

Bóandi ríkr er nefndr Óláfr í Dáli, auðigr maðr; hann bjó í Aumorð í Dali mikla; hann átti ii. börn. Sonr hans hét Hákon  
10 faukr, en Borghildr dóttir hans; hon var kvinna fríðust ok vitr kona ok fróð mjök. Þau Óláfr ok börn hans vátu lengi um vetrinn í Borg, ok var Borghildr jafnan á tali við konung, ok mæltu menn allmisjafnt um vináttu þeira. En eptir um sumarit fór Eysteinn konungr norðr í land, en Sigurðr fór austr, ok  
15 annan vetr eptir var Sigurðr konungr austr í landi; hann sat lönfum í Konungahellu ok eflði mjök þann kaupstað. Þar gerði hann kastala mikinn ok lét grafa um díki mikit; hann var gorr af torfi ok grjóti; hann lét húsa í kastalanum; hann lét gera þar kirkju. Kross inn helga lét hann vera í Konungahellu ok  
20 helt í því eigi eiða sína, er hann sór á Jórsala-landi, en hann framði tíund ok flest alt annat, þat er hann hafði svarit; en þat er hann setti krossinn austr við landzenda, hugði hann þat vera mundu allz gæzlu; en þat varð at inu mesta óráði, at setja þann helgan dóm svá mjök undir vald heiðinna manna, sem síðan  
25 reyndisk. Borghildr Óláfsdóttir heyrði þann kvitt, at menn illmæltu þau Eystein konung um tal sitt ok vináttu; þá fór hon til Borgar ok fastaði þar til járn ok bar járn fyrir mál þetta ok varð vel skír. En er þetta spurði Sigurðr konungr, þá reið hann þat á einum degi, er miklar vátu ii. dagleiðir, ok kom fram í  
30 Dali at Óláfs; var þar um nótt. Þá tók hann Borghildi frillutaki ok hafði hana brot með sér; þeira sonr var Magnús; hann var brátt brot sendr til fóstrs norðr á Hálogaland í Bjarkey til Víðkunnz Jóanssonar, ok fœddisk hann þar upp. Magnús var allra manna fríðastr ok bráðgorr á vöxt ok afl.

#### 35 K. 20. Kvánfang Sigurðar konungs.

Sigurðr konungr fekk Málmfríðar, dóttur Haraldz konungs Valdamarssonar austan ór Hólmgarði. Móðir Haraldz konungs var Gyða gamla drótning, dóttir Haraldz Engla-konungs

Guðinasonar; móðir Málmfríðar var Kristín, dóttir Inga Svía-konungs Steinkelssonar. Systir Málmfríðar var Ingilborg, er átti Knútr lávarðr, sonr Eiríks góða Dana-konungs, sonar Sveins Ulfssonar. Børn þeira Knúts ok Ingilborgar var Valdamarr, er konungdóm tók í Danmörk eptir Svein Eiríksson, Margrét, 5 Kristín ok Katrín. Margrétu átti Stigr hvítaleðr; þeira dóttir Kristín, er átti Karl Sørkvisson Svía-konungr; þeira sonr var Sørkvir konungr.

## K. 21. Mannjafnaðr konunga.

Eysteinn konungr ok Sigurðr konungr vǫru einn vetr báðir 10 á veizlu á Uplöndum, ok átti sinn bæ hvárr þeira. En er skamt var milli þeira býja, er konungar skyldu veizlu taka, þá gerðu menn þat ráð, at þeir skyldu vera báðir samt á veizlunum, ok sínu sinni at hvárs búum; vǫru þeir fyrst báðir samt at því 15 búu, er Eysteinn konungr átti. En um kveldit, er menn tóku at drekka, þá var mungát ekki gott, ok vǫru menn hljóðir. Þá mælti Eysteinn konungr: »þó eru menn hljóðir; hitt er ǫlsiðr meiri, at menn geri sér gleði; fáum oss ǫlteiti nokkura; mun þá enn á rætask um gaman manna. Sigurðr bróðir, þat mun ǫllum 20 sœmst þykkja, at vit hefim nokkura skemtanarroedu«. Sigurðr konungr svarar heldr stutt: »ver þú svá margr, sem þú vill, en lát mik ná at þegja fyrir þér«. Þá mælti Eysteinn konungr: »sá ǫlsiðr hefir opt verit, at menn taka sér jafnaðarmenn; vil ek hér svá vera láta«. Þá þagði Sigurðr konungr. »Sé ek, segir Eysteinn konungr, at ek verð hefja þessa teiti; mun ek taka þik, 25 bróðir, til jafnaðarmannz mér. Fœri ek þat til, at jafnt nafn hǫfum vit báðir ok jafna eign; geri ek engi mun ættar okkarrar eða upfœzlu«. Þá svarar Sigurðr konungr: »mantu eigi þat, er ek braut þik á bak, ef ek vilda, ok vartu vetri ellri«. Þá segir Eysteinn konungr: »eigi man ek hitt síðr, er þú fekt eigi leikit 30 þat, er mjúkleikr var í«. Þá mælti Sigurðr konungr: »mantu, hversu fór um sundit með okr; ek máttu kefja þik, ef ek vilda«. Eysteinn konungr segir: »ekki svam ek skemra en þú, ok eigi var ek verr kafsindr; ek kunna ok á ísleggjum, svá at engan vissa ek þann, er þat kepði við mik, en þú kunnir þat eigi heldr 35 en naut«. Sigurðr konungr segir: »hǫfðingligri íþrótt ok nyt-samligri þykki mér sú at kunna vel á boga; ætla ek, at þú nýtir eigi boga minn, þóttu spyrnir fótum í«. Eysteinn svarar: »ekki em ek bogsterkr sem þú, en minna mun skilja beinskeyti okra,

ok miklu kann ek betr á skíðum en þú, ok hafði þat verit enn  
 fyrr kolluð góð íprótt«. Sigurðr konungr segir: »þess þykkir  
 mikill munr, at þat er hǫfðingligra, at sá, er yfirmaðr skal vera  
 annarra manna, sé mikill í flokki, sterkr ok vápnfærr betr en  
 5 aðrir menn ok auðsær ok auðkendr, þá er flestir eru saman«. Eysteinn konungr segir: »eigi er þat síðr einkanna hlutr, at  
 maðr sé fríðr, ok er sá ok auðkendr í mannfjöldu; þykki mér þat  
 ok hǫfðingligt, þvíat fríðleikinum sómir inn beztí búnaðr; kann  
 ek ok miklu betr til laga en þú, ok svá hvat sem vit skulum tala,  
 10 em ek miklu sléttorðari«. Sigurðr konungr segir: »vera kann,  
 at þú hafir numit fleiri lögprettu, þvíat ek átta þá annat at  
 starfa, en engi frýr þér sléttmælis, en hitt mæla margir, at þú  
 sér eigi allfastorðr ok lítit mark sé, hverju þú heitr, mælar eptir  
 þeim, er þá er hjá, ok er þat ekki konungligt«. Eysteinn konungr  
 15 segir: »þat berr til þess, er menn bera mál sín fyrir mik, þá  
 hygg ek at því fyrst, at lúka svá hvers mannz máli, at þeim  
 mætti bezt þykkja; þá kœmr ok opt annarr, sá er mál á við  
 hann, ok verðr þá opt dregit til at miðla, svá at báðum skyli  
 líka. Hitt er ok opt, at ek heit því, sem ek em beðinn, þvíat ek  
 20 vilda, at allir fœri fegnir frá mínum fundi. Sé ek hinn kost, ef  
 ek vil hafa, sem þú gerir, at heita ǫllum illu, en engi heyri ek  
 efndanna frýja«. Sigurðr konungr segir: »þat hefir verit mál  
 manna, at ferð sú, er ek fór ór landi, væri heldr hǫfðinglig, en  
 þú sazt heima meðan sem dóttir fǫður þíns«. Eysteinn konungr  
 25 svarar: »nú greiptu á kýlinu; eigi mynda ek þessa ræðu vekja,  
 ef ek kynna hér engu svara; nærr þótti hinu, at ek gerða þik  
 heiman sem systur mína, áðr þú yrðir búinn til ferðar«. Sigurðr  
 konungr segir: »heyrnt muntu hafa þat, at ek átta orrostur mjök  
 margar í Serklandi, er þú munt heyrnt hafa getit, ok fekk ek í  
 30 ǫllum sigr ok margs konar gørsimar, þær er eigi hafa slíkar  
 komit hingat til landz; þóttu ek þar mest verðr, er ek fann  
 gǫfgasta menn, en ek hygg, at eigi hafir þú enn hleypt heim-  
 draganum«. Eysteinn konungr segir: »spurt hefi ek þat, at þú  
 áttir orrostur ǫkkurar útan landz, en nytsamligra var hitt landi  
 35 váru, er ek gerða meðan v. kirkjur af grundvelli, ok gerða ek  
 hǫfn við Agðanes, er áðr var øræfi ok hvers mannz fǫr, þá er  
 ferr norðr eða suðr með landi; ek gerða ok stǫpulinn í Sínhólms-  
 sundi ok hǫllina í Björgyn, meðan þú brytjaðir blámenn fyrir  
 fjándann á Serklandi; ætla ek þat lítit gagn ríki váru«. Sigurðr  
 40 konungr segir: »fór ek í ferð þeiri lengst út til Jórðánar ok

lögðumk ek yfir ána; en út á bakkanum er kjarr nokkut, en þar á kjarrinu reið ek knút ok mæltu ek svá fyrir, at þú skyldir leysa, bróðir, eða hafa elligar þvilíkan formála, sem þar var á lagðr«. Eysteinn konungr segir: »eigi mun ek leysa þann knút, er þú reitt mér, en ríða máttu ek þér þann knút, er miklu síðr 5 fengir þú leyst, þá er þú siglðir einskipa í her minn, þá er þú komt í land«. Eptir þat þognuðu þeir báðir, ok var hvártveggi reiðr. Fleiri hlutir urðu þeir í skiptum þeira bræðra, er þat fanzk á, at hvárr dró sik fram ok sitt mál ok vildi hvárr vera öðrum meiri, en helzk þó friðr milli þeira, meðan þeir lifðu. 10

## K. 22. Frá kerlaugu.

Sigurðr konungr var á Uplöndum at veizlu nokkurri, en þar váru laugar gørvur. En er konungr var í laug ok var tjaldat yfir kerit, þá þótti honum renna fiskr í lauginni hjá sér, ok þá sló á hann hlátri svá miklum, at þar fylgði staðleysi, ok kom þat 15 síðan mjök optliga at honum. Ragnhildi, dóttur Magnús konungs berfœts, giptu þeir bræðr hennar Haraldi kesju; hann var sonr Eiríks góða Dana-konungs; váru synir þeira Magnús, Óláfr, Knútr, Haraldr.

## K. 23. Skipsmið Eysteins konungs.

20

Eysteinn konungr lét gera skip mikít í Niðarósi; þat var gørt at vexti ok með hætti eptir því, sem Ormr inn langi hafði verit, er Óláfr Tryggvason hafði gera látit; var þar ok dreka- 25 höfuð á fram, en krókr á apr ok hvártveggja gullbúit; skip var borðmikít, en stafnarnir þóttu nokkuru minni en bezt bæri. Hann lét ok gera þar í Niðarósi naust bæði svá stór, at afrek var í, ok gøt með inum beztum fongum ok smíðuð ágæta vel. Eysteinn konungr var á veizlu á Stim á Hústöðum; hann fekk þar bráðasótt, þá er hann leiddi til bana; hann andaðisk iiii. 30 kálendás Septembris, ok var lík hans flutt norðr til kaupangs, ok er hann þar jarðaðr í Kristskirkju, ok er þat mál manna, at yfir enskis mannz líki hafi svá margr maðr í Nóregi jamhrygg staðit sem Eysteins konungs, síðan er andaðr var Magnús konungr, sonr Óláfs ins helga konungs. Eysteinn var konungr 35 xx. vetr at Nóregi; en eptir andlát Eysteins konungs var Sigurðr einn konungr í landi, meðan hann lifði.

## K. 24. Kristnuð Smálönd.

Níkolás Dana-konungr, sonr Sveins Úlfssonar, fekk síðan Margrétar, dóttur Inga, er fyrr hafði átt Magnús konungr berfœtr; hét sonr þeira Níkoláss Magnús inn sterki. Níkolás  
 5 konungr sendi orð Sigurði konungi Jórsalafara ok bað hann veita sér lið ok styrk allan af sínu ríki, at fara með Níkolási konungi austr fyrir Svía-veldi til Smálanda ok kristna þar fólk, þvíat þeir, er þar byggðu, heldu ekki kristni, þótt sumir hefði við kristni tekit. Var í þann tíma víða í Sviaveldi mart fólk  
 10 heiðit ok mart illa kristit, þvíat þá váru nokkurir þeir konungar, er kristni koptuðu ok heldu upp blótum, svá sem gerði Blót-Sveinn eða síðan Eiríkr inn ársæli. Sigurðr konungr hét ferð sinni, ok gerðu konungar stefnulag sitt í Eyrarsundi. Síðan bauð Sigurðr konungr almenningi út af öllum Nóregi, bæði at  
 15 liði ok at skipum. En er saman kom herr sá, þá hafði hann vel ccc. skipa. Níkolás konungr kom fyrr miklu til stefnunnar ok beið þar lengi; þá kurrðu Danir illa ok segja, at Norðmenn mundu ekki koma. Síðan rufu þeir leiðangrinn; fór konungr í brot ok allr herrinn. Síðan kom Sigurðr konungr þar, ok líkaði  
 20 honum illa; heldu þá austr í Svimrar-ós ok áttu þar húsþing ok talaði Sigurðr konungr um lausyrði Níkoláss konungs, ok kom þat ásamt, at þeir skyldu nokkut hervirki gera í landi hans fyrir þessar sakir. Þeir tóku upp þorp þat, er heitir Tumaporp ok skamt liggir frá Lundi, ok heldu síðan austr til kaupþøjar þess,  
 25 er heitir Kalmarnar, ok herjuðu þar ok svá á Smálöndum ok lögðu vistagjald á Smálönd xv. hundruð nauta, ok tóku Smálendingar við kristni. Síðan vendir Sigurðr konungr aptr herinum ok kom í sitt ríki með mörgum stórgørsimum ok fjárhlutum, er hann hafði aflat í þeiri ferð, ok var þessi leiðangr kallaðr  
 30 Kalmarna-leiðangr. Þat var sumri fyrr en myrkr it mikla. Þenna einn leiðangr ræri Sigurðr konungr, meðan hann var konungr.

## K. 25. Draumr Sigurðar konungs.

Sigurðr konungr var eitt hvert sinn at búi sínu, en um  
 35 morgininn, þá er konungr var klæddr, var hann fámálugr ok ókátr, ok hræddusk vinir hans, at þá myndi enn at honum komit vanstillit. En ármaðrinn var vitr maðr ok djarfr ok krafði konung máls ok spurði, ef hann hefði nokkut tíðenda spurt, þat

er svá væri mikit, at honum stœði fyrir gleði, eða væri þat, at veizlan hugnaði honum eigi vel eða nokkurir þeir hlutir, er menn mætti ráða bœtr á. Sigurðr konungr segir, at engi hlutr heldi þar til, sá er hann rœddi um — »en þat heldr til, segir hann, at ek hugsa draum þann, er fyrir mik bar í nótt«. »Herra, segir hann, góðr draumr skyldi sá vera, en heyra vildim vér gjarna«. Konungr mælti: »ek þóttumk hér á Jaðri vera úti staddr ok sá ek út í haf ok leit ek þar sorta mikinn ok var fõr í ok nálgaðisk hingat; þá sýndisk mér, sem þat væri mikit tré eitt, ok óðu limarnar uppi, en rœtrnar í sjá. En er tréit kom at landi, þá braut þat ok rak brot trésins víða um landit, bæði um meginland ok úteyjar, sker ok strandir; ok þá gaf mér sýn, svá at ek þóttumk sjá um allan Nóreg it ýtra með sjá ok sá ek í hverja vík, at rekin váru brot af þessu tré, ok váru flest smá, en sum stœrri«. Þá segir ármaðrinn þat líkast um þenna draum — at »þér sjálfir munuð bezt skipa, ok vildim vér gjarna heyra, at þér réðið«. Þá mælti konungr: »þat þykki mér líkast, at vera myni fyrir tilkvámu nokkurs mannz í land þetta, ok mun hann hér staðfestask ok hans afspringi myndi víða dreifask um land þetta ok vera mjök misstórt«.

#### K. 26. Haraldr gilli kom í Nóreg.

Hallkell húkr, sonr Jóans smjörbalta, var lendr maðr á Mœri; hann fór vestr um haf ok alt til Suðreyja; þar kom til fundar við hann útan af Írlandi sá maðr, er hét Gillikristr ok sagðisk vera sonr Magnús konungs berfœts; móðir hans fylgði honum ok sagði, at hann hét Haraldr ǫðru nafni. Hallkell tók við þessum mǫnnum ok flutti með sér til Nóregs, ok þegar á fund Sigurðar konungs með Harald ok móður hans. Þau báru fram sitt ærendi fyrir konung. Sigurðr konungr rœddi þetta mál fyrir hǫfðingjum, at hverr legði til eptir sínu skaplyndi, en allir báðu hann sjálfan fyrir ráða. Þá lét Sigurðr konungr kalla til sín Harald ok segir honum svá, at hann vill eigi synja Haraldi, at hann fremi skírslu til faðernis síns, með því at hann vill þat vera láta í festu, þó at honum berisk þat faðerni, er hann segir, at Haraldr skal eigi beiðask konungsdóms, meðan Sigurðr konungr eða Magnús konungsson lifir; ok fóru þessar festur fram með swardǫgum. Sigurðr konungr segir, at Haraldr skyldi troða slár til faðernis sér, en sú skírsla þótti heldr frek, þvíat hann skyldi þá skírslu fremja til faðernis en eigi til konung-



dóms, hann hafði áðr þar fyrir svarit. En Haraldr játti þessu. Hann fastaði til járn, ok var sú skírsla gǫr, er mest hefir verit gǫr í Nóregi, at ix. plógjárn glóandi váru niðr lögð, ok gekk Haraldr þar eptir berum fótum, ok leiddu hann byskupar  
 5 ii. Ok iii. dögum síðarr var skírslan reynd; váru þá fœtr hans óbrunnir. Eptir þat tók Sigurðr konungr vel við frændsemi Haraldz; en Magnús, sonr hans, ópokkaðisk mjök við hann, ok margir hǫfðingjar snøru eptir honum. Sigurðr konungr treystisk svá vinsæld sinni við alt landzfólk, at hann beiddisk þess, at  
 10 allir skyldu þat sverja, at Magnús, sonr Sigurðar konungs, skyldi vera konungr eptir hann; ok fekk hann þá svardaga af öllu landzfólki.

#### K. 27. Veðjan Haraldz ok Magnús.

Haraldr gilli var maðr hár ok grannvaxinn, hálslangr, heldr  
 15 langleitr, svarteygr, dökkhárr, skjótligr ok fráligr, hafði mjök búnað írskan, stutt klæði ok létt klæddr; stirt var honum norrœnt mál, kylfði mjök til orðanna, ok hǫfðu margir menn þat mjök at spotti. Haraldr sat í drykkju eitt sinn ok talaði við annan mann, sagði hann vestan af Írlandi; var þat í rœðu  
 20 hans, at þeir menn váru á Írlandi, at svá váru fóthvatir, at engi hestr tók þá á skeiði. Magnús konungsson heyrði þetta ok mælti: »nú lýgr hann enn, sem hann er vanr«. Haraldr svarar: »satt er þetta, segir hann, at þeir menn munu fásk á Írlandi, at engi hestr í Nóregi mun hlaupa um þá«. Rœddu þeir um  
 25 nokkurum orðum; þeir váru báðir druknir. Þá mælti Magnús, at — »hér skaltu veðja fyrir hǫfði þínu, ef þú renn eigi jafnhart sem ek ríð hesti mínum, en ek mun leggja í móti gullhring minn«. Haraldr svarar: »ek segi ekki þat, at ek renna svá hart; finna mun ek þá menn á Írlandi, at svá munu renna, ok  
 30 má ek veðja um þat«. Magnús konungsson svarar: »ekki mun ek fara til Írlandz; hér skulum vit veðja en ekki þar«. Haraldr gekk þá at sofa ok vildi ekki fleira við hann eiga. Þetta var í Osló. En eptir um morgininn, þá er lokit var formessu, reið Magnús upp í gǫtur; hann gerði orð Haraldí at koma þannug.  
 35 En er hann kom, var hann svá búinn, hafði skyrту ok ilbanda-brœkr, stuttan mottul, hǫtt írskan á hǫfði, spjótskapt í hendi. Magnús markaði skeiðit. Haraldr mælti: »oflangt ætlar þú skeiðit«. Magnús ætlaði þegar miklu lengra ok segir, at þó var ofskamt. Mart var manna hjá. Þá tóku þeir skeið fram, ok

fylgði hann jafnan böeginum. En er þeir kómu til skeiðsenda, mælti Magnús: »þú heldr í gagntak, ok dró hestrinn þik«. Magnús hafði gauzkan hest allskjótan. Þeir tóku þá annat skeið aptr, rann þá Haraldr alt skeið fyrir hestinum. En er þeir kómu til skeiðsenda, þá spurði Haraldr: »helt ek nú í gagntakit?« 5 Magnús segir: »nú tóktu fyrri til«. Þá lét Magnús blása hestinn um hríð; en er hann var búinn, þá keyrir hann sporum hestinn ok kom hann skjótt á hlaup. Haraldr stóð þá kyrr. Þá leit Magnús aptr ok kallaði — »renn nú« segir hann. Þá hljóp Haraldr ok skjótt fram um hestinn ok langt frá fram ok svá til 10 skeiðsenda; kom hann miklu fyrr, svá at hann lagðisk niðr ok spratt upp ok heilsaði Magnúsi, er hann kom. Síðan fóru þeir heim til bæjar; en Sigurðr konungr hafði verit meðan at messu, ok vissi hann þetta eigi fyrr en eptir mat um daginn. Þá mælti hann reiduliga til Magnús: »þér kallið Harald heimskan, en mér 15 þykkir þú fól; ekki kantu útanlandzsiðu manna; vissir þú þat eigi fyrr, at útanlandzmenn temja sik við aðrar íþróttir, en at kýla drykk eða gera sik æran ok ófæran ok vita þá ekki til mannz; fá Haraldri hring sinn ok apa hann aldri síðan, meðan mitt hqfuð er fyrir ofan mold«. 20

## K. 28. Frá sundföör.

Þá er Sigurðr konungr var eitt sinn úti á skipum, ok lögðu þeir í höfn ok kaupskip nokkut hjá þeim, Íslandz-far. Haraldr gilli var í fyrirrúmi á konungsskipi, en næst honum fram frá lá Sveinn Hrímhildarson; hann var sonr Knúts af Jaðri. Sigurðr: 25 Sigurðarson var lendr maðr ágætr; hann stýrði þar skipi. Þat var einn fagran veðrdag — var heitt skin — fóru menn á sund margir bæði af langskipum ok af kaupskipinu. Íslenzkr maðr einn, sá er á sundi var, hendi gaman at því, at færa niðr þá menn, er verr váru syndir. Menn hlógu at því. Sigurðr konungr sá 30 þat ok heyrði; síðan kastaði hann af sér klæðum ok hleypr á sundit ok lagðisk at Íslendingi, grípr hann ok færði í kaf ok helt niðri; ok þegar annat sinn, er Íslendingr kom upp, færði konungr hann niðr ok hvert sinn eptir annat. Þá mælti Sigurðr Sigurðarson: »skulu vér konung láta deyða manninn?«. Maðr segir, at engi var allfúss til at fara. Sigurðr mælti: »verða myndi maðr 35 til, ef Dagr Eilífsson væri hér«. Sigurðr hljóp síðan fyrir borðit ok lagðisk til konungs, tók til hans ok mælti: »týn eigi manninum: sjá nú allir, at þú ert miklu betr syndr«. Konungr

mælti: »lát mik lausan Sigurðr; ek skal bana honum; hann vill kefja menn vára«. Sigurðr svarar: »vit skulum nú leika fyrst, en þú, Islendingr, leita til landz«; hann gerði svá, en konungr lét Sigurðr lausan ok lagðisk til skips síns; svá fór ok Sigurðr.  
 5 En konungr mælti, það Sigurðr eigi verða svá djarfan at koma í augsýn sér. Þat var sagt Sigurði ok gekk hann upp á land.

#### K. 29. Frá Haraldi ok Sveini Hrímhildarsyni.

Um kveldit þá er menn fóru at sofa, léku sumir menn uppi á landi. Haraldr var í leikinum, en það svein sinn fara út á  
 10 skip ok búa hvílu sína ok biða sín þar. Sveinninn gerði svá. Konungr var sofa farinn. En er sveininum þótti lengjask, þá lagðisk hann upp í rúmit Haraldz. Sveinn Hrímhildarson mælti: »skommm mikil er at fara til þess heiman frá búum sínum dugandis mǫnnum, at draga hér knapa upp jafnhátt sér«. Sveinninn  
 15 svarar, segir, at Haraldr vísaði honum þangat. Sveinn Hrímhildarson mælti: »oss þykkir engi ofgæðakostr í, at Haraldr liggi hér, þótt hann dragi eigi hér þræla upp eða stafkarla«, — ok grípr hann upp riðvöl ok laust í höfuð sveininum, svá at blóð fell um hann. Sveinninn hljóp þegar upp á land ok  
 20 segir Haraldi, hvat í var orðit. Haraldr gekk þegar á skip upp ok aprt í fyrirrúmit; hann hjó með handæxi til Sveins ok veitti honum sár mikit á hendi; gekk Haraldr þegar á land upp. Sveinn hljóp upp á land eptir honum, drifu þá til frændr Sveins ok tóku Haraldr höndum ok ætluðu at hengja hann. En er þeir  
 25 þjoggu þar um, þá gekk Sigurðr Sigurðarson út á skipit Sigurðar konungs ok vakði hann. En er konungr brá augum í sundr ok kendi Sigurð, mælti hann: »fyrir þetta sama skaltu deyja, er þú komt í augsýn mér, þvíat ek bannaða þér þat« — ok hljóp konungr upp. Sigurðr mælti: »kostr er þér þess, konungr, þegar  
 30 þú vilt, en aðrar sýslur eru nú fyrst skyldri, far sem skjótast máttu upp á land ok hjalp Haraldi bræðr þínum; Rygir vilja nú hengja hann«. Þá mælti konungr: »guð gæti nú til; Sigurðr, kalla líðrsvaininn; lát blása líðinu upp eptir mér«. Konungr hljóp upp á land, en allir, er hann kendu, fylgðu honum ok þar  
 35 til er gálginn var búinn; tók hann þegar Harald til sín, en alt fólk þusti þegar til konungs með alvæpni, er líúðr hafði við kveðit. Þá segir konungr, at Sveinn ok allir hans félagar skyldu útlagir fara, en við bœn allra manna feksk þat af konungi, at þeir skyldu hafa landzvist ok eignir sínar, en sárit bótalest. Þá spurði

Sigurðr Sigurðarson, ef konungr vildi, at hann færi þá í brot.  
 »Pat vil ek eigi, segir konungr, aldri má ek þín án vera«.

### K. 30. Jartegn Óláfs konungs.

Kolbeinn hét maðr, ungr ok fátækr, en Þóra, móðir Sigurðar konungs Jórðsalafara, lét skera tungu ór höfði honum, ok var til 5 þess eigi meiri sök, en sá inn ungi maðr Kolbeinn hafði etit stykki hálf af diski konungsmóður ok segir, at steikari hafði gefit honum, en hann þorði eigi við at ganga fyrir henni; síðan fór sá maðr mállauss langa hríð; þess getr Einarr Skúlason í Óláfsdrápu:

203. Gofug lét Horn ór höfði	þann sǫm vér, es vǫrum,	10
Hvítings of sök lítla	válaust numinn máli	
augar aumum beiði	hodka brjót, þars heitir	
ungs manns skera tungu;	Hlíð, fǫm vikum síðarr.	

Hann sótti síðan til Þrándheims ok til Niðaróss ok vakði at 15 Kristskirkju. En um óttusǫng Óláfsvǫkudag inn síðarra, þá sofnaði hann ok þóttisk sjá Ólaf inn helga koma til sín ok taka hendi sinni í stúfinn tungunnar ok heimta; en er hann vaknaði, þá var hann heill ok þakkaði várum drótni feginsamliga ok Óláfi konungi, er hann hafði heilsu ok miskunn af þegit, hafði farit 20 þagat áðr mállauss ok sótti hans heilagt skrin, en þaðan fór hann heill ok skorinorðr.

### K. 31. Jartegn Óláfs konungs.

Ungan mann nokkurn danskan at æðli tóku heiðnir menn ok fluttu til Vindlandz ok höfðu þar í þǫndum með ǫðrum 25 herteknum mǫnnum. Nú var hann um daga í járnri einn saman varðveizlulauss, en um nætr þá var sonr bónda í fjǫtri með honum, at hann hlǫpisk eigi frá honum. En sá aumi maðr beið aldri svefn né ró fyrir harms sakir ok sorga; hagleiddi marga vega, hvat til hjálpar væri, kvíddi mjök ánauð ok hræddisk bæði 30 sult ok píslir ok vænti engrar aptrlausnar af frændum sínum, fyrir því at þeir höfðu tvisvar sinnum áðr leystan hann af heiðnum lǫndum með fjárhlut, ok þóttisk hann því vita, at þeim myndi þá þykkja bæði mikit fyrir því ok kostnaðarsamt, at ganga undir it iii. sinn. Vel hefir sá maðr er eigi bíðr slíkt ilt þessa 35 heims, sem hann þóttisk þá beðit hafa. Nú gerðisk honum engi annarr til en hlaupask í brot ok komask undan, ef þess verðr auðit. Því næst ræðr hann til á náttarþeli ok drepr son bónda,

hæggr af honum fótinn ok stefnir svá til skógar með fjöttri undan. En um morgininn eptir, er lýsti, þá verða þeir varir við ok fara eptir honum með hundum ii., er því váru vanir, at spyrja þá upp, er undan hljópusk, finna hann í skógi, þar sem hann lá ok  
 5 leyndisk fyrir þeim. Nú taka þeir hann höndum ok berja ok beysta ok leika allz konar illa. Síðan draga þeir hann, ljá honum lífs at hváru nauðula ok engrar annarrar miskunnar, draga hann til písla ok settu hann þegar í myrkvastofu, þar er fyrir váru áðr inni xvi. allir kristnir menn, bundu hann þar bæði í járnum  
 10 ok qðrum böndum, sem fastast máttu þeir. Svá þótti honum vesplð ok píslir þær, er fyrr hafði hann haft, sem þat væri skuggi nokkurr þess allz ins illa, er fyrr hafði hann haft. Engi maðr sá hann augum í þessi prísund, sá er honum bæði miskunnar; engum manni þótti aumligt um þann vesaling nema kristnum  
 15 mönnum, er þar lágu bundnir með honum; þeir hørmuðu ok grétu hans mein ok sína nauð ok ógæfu. Ok um dag nokkurn loðdu þeir ráð fyrir hann, báðu, at hann hétisk inum helga Óláfi konungi ok gæfisk til embættismannz ok hans dýrðarhúsi, ef hann kvæmisk með guðs miskunn ok hans bænum ór þeiri  
 20 prísund. Nú játaði hann því feginn ok gafsk þegar til þess staðar, sem þeir báðu hann. Nóttina eptir þá þóttisk hann sjá í svefni mann einn ekki hávan standa þar it næsta sér ok mæla við sik á þá leið: »heyrðu, inn aumi maðr, segir hann, hví ristu eigi upp?«. Hann segir: »lávarðr minn, hvat manna ertu?« segir  
 25 hann. »Ek em Óláfr konungr, er þú kallaðir á«. »Ó hó, lávarðr minn góðr, segir hann, ek vilda feginn upp rísa, ef ek mætta, en ek ligg járnum bundinn ok þó í fjöttri með þeim mönnum, er hér sitja bundnir«. Síðan heitr hann á hann ok kveðr svá at. orðum: »stattu upp skjótt, ok æðrask ekki um, vist ertu nú  
 30 lauss«. Því næst vaknaði hann ok segir þá sínum félogum, hvat fyrir hann hafði borit. Síðan báðu þeir hann upp standa ok freista, ef satt væri. Upp stendr hann ok kendi, at hann var lauss. Nú segja félagar hans aðrir ok kváðu þat honum fyrir ekki koma mundu, þvíat hurð var læst útan ok innan. Þá lagði  
 35 orð til gamall maðr, er þar sat, meinliga haldinn, ok bað hann ekki tortryggva þessa mannz miskunn, er hann hafði lausn af fengit, segir ok svá, at — »því mun hann jartegn við þik gørt hafa, at þú skylir hans miskunnar njóta ok heðan lauss verða, en eigi þér til meiri vesalðar ok písla; nú lát við fimt, segir  
 40 hann, ok leita dura, ok ef þú mátt út komask, þá ertu hólpinn«.

Svá gerði hann, fiðr dyrnar þegar opnar, stækkr út jamskjótt ok brot í skóginn. Þegar þeir urðu varir þessa, þá slógu þeir hundum sínum ok fóru eptir sem snúðuligast, en hann liggir ok leynisk ok sér gǫrla, vesall karl, hvar þeir fara eptir honum. Nú villask hundar þegar farsins, er þeir liðu at honum, en þeim 5  
 ǫllum viltisk sýnin, svá at engi maðr mátti finna hann, ok lá hann þar fyrir fótum þeim; vendu þeir þá heim aptr þaðan ok veinuðu mjök ok hǫrmuðu, er þeir máttu eigi fá staðit hann. Óláfr konungr lét honum ekki tortíma, er hann var til skógar kominn, gaf honum heyrn ok heilsu alla, er þeir hǫfðu áðr barit 10  
 hǫfuð alt á honum ok knosat, til þess er hann deyfði. Því næst komsk hann á skip með kristnum mǫnnum tveim, þeim er lengi hǫfðu þar verit þíndir, ok neyttu þá allir saman þess farskostar sem ákafast ok fluttusk þá áleiðis af þeim hlaupstigi. Síðan sótti hann til þess helga mannz húss; var þá heill orðinn ok 15  
 herfœrr. Þá iðraðisk hann sinna heita, gekk á orð sín við þann milda konung ok hljópsk þá á brot um dag ok kom at kveldi til bónda eins, þess er honum veitti herbergi fyrir guðs sakir. Síðan um nóttina, er hann var í svefni, sá hann meyjar iii. ganga til sín, friðar ok fagrþúnar, ok ortu orða á hann þegar ok þǫrðu 20  
 hann miklum ávítum, er hann skyldi svá djarfr gerask, at hlaupa fra þeim góða konungi, er honum hafði svá mikla miskunn veitt, fyrst er hann leysti hann ór járnum ok allri þrisundi, ok firrask þann ljúfa lávarð, er hann hafði á hǫnd gengit. Því næst vaknaði hann felmsfullr ok stóð upp þegar árdegis ok sagði húsboanda; 25  
 en sá góði bóandi lét hann engu ǫðru við koma, en venda heim aptr til þess helga staðar. Sá maðr ritaði at uphafi þessa jartegn, er sjálfr sá manninn ok á honum járnstaðinn.

#### K. 32. Eflidr kaupstaðr í Konungahellu.

Sigurðr konungr lét svá mjök efla kaupstaðinn í Konunga- 30  
 hellu, at þá varð engi ríkari í Nóregi, ok sat þar lǫngum til landzgæzlu; hann lét húsa konungsgarð í kastalanum; hann lagði á ǫll heruð, þau er í nánd váru kaupstaðinum, ok svá á býjar-  
 mennina, at á hverjum xii. mánuðum skyldi hverr maðr ix. vetra gamall eða ellri bera til kastalans v. vápnsteina eða aðra v. staura, 35  
 ok skyldi þá gera hvassa í annan enda ok v. álna háva. Þar í kastalanum lét Sigurðr konungr gera krosskirkju; hon var tré-  
 kirkja ok mjök vǫnduð at efnum ok smíð. Þá er Sigurðr hafði verit konungr xxiii. vetr, var vígð krosskirkja. Þá lét konungr

þar vera kross inn helga ok marga aðra helga dóma. Sú var kǫlluð Kastalakirkja. Þar setti hann fyrir altári tábolu, er hann hafði gera látit í Griklandi; hon var gǫr af eiri ok silfri ok gyld fagrliga, sett smeltum ok gimsteinum. Þar var skrin, er Eiríkr 5 eimuni Dana-konungr hafði sent Sigurði konungi, ok plénáriús, ritinn gullstǫfum, er pátríarki gaf Sigurði konungi.

### K. 33. Andlát Sigurðar konungs.

Þrimr vetrum síðarr en Krosskirkja var vígð, fekk Sigurðr konungr sótt; þá var hann staddr í Ósló; hann andaðisk þar 10 einni nótt eptir Máriumessu í fǫstu; hann var jarðaðr at Hallvarðzkirkju, lagðr í steinvegginn útar frá kórinum inum syðra megin. Magnús, sonr Sigurðar konungs, var þar þá í býnum; tók hann þar þegar allar konungs féhirzlur, er Sigurðr konungr andaðisk. Sigurðr var konungr yfir Nóregi xxvii. vetr; hann 15 var at aldri xl., ok var hans ǫld góð landzfólkinu, var þá bæði ár ok friðr.

## Uphaf Magnús blinda.

### K. I.

Magnús, sonr Sigurðar konungs, var tekinn til konungs í Ósló yfir land alt, svá sem alþýða hafði svarit Sigurði konungi. Gerðusk þá þegar margir menn handgengnir ok svá lendir menn. Magnús var hverjum manni fríðari, er þá var í Nóregi; hann 5 var maðr skapstórr ok grimmr, atgørvimaðr var hann mikill, en vinsælð fõður hans heimti hann mest til alþýðu vináttu. Hann var drykkjumaðr mikill, féggjarn, óþýðr ok ódæll. Haraldr gilli var maðr léttlátr, kátr, leikinn, lítillátr, qrr, svá at hann sparði ekki við vini sína, ráðþægr, svá at hann lét aðra ráða með sér 10 qllu því, er vildu. Slíkt alt dró honum til vinsælða ok orðlofs; þýddusk hann þá margir ríkismenn engum mun síðr en Magnús. Haraldr var þá íTúnsbergi, er hann spurði andlát Sigurðar konungs bróður síns. Atti hann þá þegar stefnur við vini sína, ok réðu þeir þat af, at eiga Haugabing þar í býnum. Á því þingi 15 var Haraldr til konungs tekinn yfir hálf land; váru þá kallaðir þat nauðungareiðar, er hann hafði svarit fõðurleifð sína af hendi sér. Tók Haraldr sér hirð ok gerði lenda menn, drósk honum brátt lið engum mun minna en Magnúsi konungi. Fóru þá menn í milli þeira, ok stóð svá vii. nætr. En fyrir því at Magnús fekk 20 lið miklu minna, þá sá hann engan annan sinn kost en skipta landi við Harald. Var þá svá skipt, at hálf ríki skyldi hvárr þeira hafa við annan, þat er Sigurðr konungr hafði haft, en skip ok borðbúnað ok gørsimar ok alt lausafé, þat er Sigurðr konungr hafði átt, hafði Magnús konungr, ok unði hann þó verr 25 sínum hluta, ok réðu þó landi nõkkura hríð í friði, ok hugðu þó mjök sér hvárir. Haraldr konungr gat son, er Sigurðr hét, við dóttur Guthorms grábarða. Haraldr konungr fekk Ingiríðar, dóttur Rognvaldz; hann var sonr Inga konungs Steinkelssonar. Magnús konungr átti Kristín, dóttur Knúts lávarðar, systur 30



Valdimars Dana-konungs. Magnús varð henni ekki unnandi ok sendi hana aptr suðr til Danmerkr, ok gekk honum alt síðan þyngra; fekk hann óþokka mikinn af frændum hennar.

K. 2. Frá her Haraldz konungs ok Magnús konungs.

5 Þá er þeir hófðu konungar verit iii. vetr Magnús konungr ok Haraldr konungr, sátu þeir inn iiii. vetr báðir norðr í kaupangi, ok veitti hvárr öðrum heimboð, ok var þó æ við bardaga búit með liðinu. En at vári sækir Magnús konungr með skipaliði suðr fyrir land ok dró lið at sér alt, þat er hann  
10 fekk; leitar þá þess við vini sína, ef þeir vildi fá hanum styrk til þess, at taka Harald af konungdóminum ok miðla honum slíkt af ríki, sem honum sýndisk, tjár þat fyrir þeim, at Haraldr hafði svarit ríki af hendi sér. Fekk Magnús konungr til þess samþykki margra ríkismanna. Haraldr fór til Uplanda ok it øfra austr  
15 til Víkr; dró hann ok lið at sér, þá er hann spurði til Magnús konungs; ok hvar sem þeir fóru, hjoggu hvárir bú fyrir öðrum, ok svá drápusk þeir menn fyrir. Magnús konungr var miklu fjölmennari, þvíat hann hafði allan þora landz til liðsamnaðar. Haraldr var í Vík austan fjarðar ok dró at  
20 sér lið, ok tók þá hvárr fyrir öðrum bæði menn ok fé. Þar var þá með Haraldi Krístrøðr, bróðir hans sammœðri, ok lendir menn váru margir með honum, ok þó miklu fleiri með Magnúsi konungi. Haraldr konungr var með sitt lið, þar sem heitir Fors á Ránríki, ok fór þaðan út til sjávar. Láfranzvökuaptan mǫtuðusk  
25 þeir at náttverði, þar sem heitir Fyrileif; en varðmenn váru á hestum ok heldu hestvǫrð alla vega frá böenum; ok þá verða varðmenn varir við lið Magnús konungs, at þeir fóru þá at böenum; ok hafði Magnús lx. hundraða manna, en Haraldr hafði xv. hundruð manna. Þá kómu varðmenn ok báru njósn Haraldí  
30 konungi ok segja, at lið Magnús konungs var þá komit at böenum. Haraldr svarar: »hvat mun Magnús konungr frændi vilja?; eigi mun þat, at hann myni vilja berjask við oss«. Þá segir Þjóstólfr Álason: »herra, svá munuð þér verða gera ráð fyrir yðr ok liði yðru, sem Magnús konungr myni hafa til þess her saman dregit  
35 í alt sumar, at hann myni ætla at berjask, þegar er hann finnr yðr«. Þá stóð konungr upp ok mælti við sína menn, bað þá taka vápn sín, — »ef Magnús vill berjask, þá skulum vér ok berjask«. Þar næst var blásit, ok gekk lið Haraldz konungs alt út frá býnum í akrgerði nǫkkut ok settu þar upp merki sín. Haraldr

konungr hafði ii. hringabrynjur, en Kristrøðr, bróðir hans, hafði enga brynju, er kallaðr var inn hraustasti maðr. Þá er Magnús konungr ok hans menn sá lið Haraldz konungs, þá fylkðu þeir sínu liði ok gerðu svá langa fylkingina, at þeir skyldu kringja alt um lið Haraldz konungs; svá segir Haldórr skvaldri: 5

204. Magnús fekk þar miklu, (valr nam vøll at hylja  
margs gengis naut, lengri varmr) fylkingar arma.

### K. 3. Orrosta á Fyrileif.

Magnús konungr lét bera fyrir sér krossinn helga í orrostu; varð þar orrosta mikil ok hørð. Kristrøðr konungsbróðir hafði 10 gengit með sína sveit í miðja fylking Magnús konungs ok hjó til beggja handa, ok stukku fyrir honum menn tvá vega. Ok einn hverr búandi ríkr, sá er verit hafði í liði Haraldz konungs, var staddr á bak Kristrøði; hann reiddi upp kesjuna tveim hõndum, lagði í gögnum herðarnar ok kom fram í brjóstit, ok 15 fell Kristrøðr þar. Þá mæltu margir, er hjá stóðu, hví hann gerði þetta it illa verk. Hann segir: »nú veit hann þat, er þeir hjoggu bú mitt í sumar ok tóku alt, þat er heima var, en hõfðu mik nauðgan í her með sér; slíkt hugða ek honum fyrr, ef ek fenga fong á«. Eptir þat kom flótti í lið Haraldz konungs, 20 ok flýði hann sjálfr ok alt lið hans. Þá var fallit mart af liði Haraldz konungs; þar fekk banasár Ingimarr af Aski Sveinsson, lendr maðr ór liði Haraldz konungs, ok nær lx. hirðmanna. Haraldr konungr flýði þá austr í Vík til skipa sinna ok fór síðan til Danmerkr á fund Eiríks konungs eimuna ok sótti hann at 25 trausti; þeir funnusk suðr á Sjálandi. Eiríkr konungr tók vel við honum ok mest fyrir því, at þeir hõfðu svarizk í bræðralag; hann veitti Haraldi at veizlu ok yfirferð Halland ok gaf honum viii. langskip reiðalaus. Eptir þat fór Haraldr konungr norðr um Halland ok þá kom lið til hans. Magnús konungr lagði land 30 alt undir sik eptir orrostu þessa; grið gaf hann øllum monnum er sárir váru, ok lét græða sem sína menn ok kallaði sér þá land alt; hann hafði þá alt it bezta mannval, er í var landinu. En er þeir réðu ráðum sínum, þá vildi Sigurðr Sigurðarson ok Þórir Ingiríðarson ok allir inir vitrustu menn, at þeir heldi flokkinum 35 í Víkinni ok biði þar, ef Haraldr kvæmi sunnan. Magnús konungr tók hitt með einræði sínu, at hann fór norðr til Björgynjar ok settisk þar um vetrinn, en lét lið fara frá sér, en lenda menn til búa sinna. /

## K. 4. Dauði Asbjarnar ok Nereiðs.

Haraldr konungr kom til Konungahellu með liði því, er honum hafði fylgt ór Danmörk. Þá höfðu þeir þar samnað fyrir, 5 lendar menn ok býjarmenn, ok settu fylking upp frá býnum; en Haraldr konungr gekk upp frá skipum sínum ok gerði menn til bóndaliðs ok beiddi af þeim, at þeir verði honum eigi vígi land sitt, ok lézk eigi mundu meira beiðask en hann átti at réttu at hafa, ok fóru menn milli. Um síðir gáfu bændr upp samnaðinn 10 ok gengu til handa Haraldri konungi; þá gaf Haraldr til liðs sér lén ok veizlur lendum mǫnnum, en réttarboetr bóndum þeim, er í lið snørusk með honum. Eptir þat samnaðisk mikit fólk til Haraldz konungs; fór hann austan um Víkina ok gaf góðan frið 15 öllum mǫnnum nema mǫnnum Magnús konungs; þá lét hann ræna eða drepa, hvar sem hann stóð þá. Ok þá er hann kom austan til Sarpsborgar, ok tók þar ii. lenda menn Magnús konungs, Ásbjörn ok Nereið, bróður hans, ok bauð þeim kost at annan skyldi hengja, en öðrum steypa í forsinn Sarp, ok bað þá sjálfa kjósask at; Ásbjörn kaus at fara í Sarp, þvíat hann 20 var ellri, en sá þótti dauðinn enn grimmligri, ok var svá gørt; þess getr Haldórr skvaldri:

205. Ásbjörn varð, sás orðum	Nereið lét gramr á grimman
illa helt við stilli,	grandmeið Sigars fjanda,
(gramr fæðir val víða	húspinga galt, hengja,
25 vígs) í Sarp at stiga;	hrannbáls glötuðr mála.

Eptir þat fór Haraldr konungr norðr til Túnsbergs, ok var þar vel við honum tekit; samnaðisk þar ok til hans herr mikill.

## K. 5. Ráðagørð.

Magnús konungr sat í Björgyn ok spurði þessi tíðendi. Þá 30 lét hann kalla á tal við sik höfðingja þá, er váru í býnum, ok spurði ráðs, hvernug með skyldi fara. Þá segir Sigurðr Sigurðarson: »hér kann ek gott ráð til leggja; láti þér skipa skútu með góðum drengjum ok fá til at stýra mik eða annan lenda man, at fara á fund Haraldz konungs, frænda þíns, at bjóða 35 honum sættir, eptir því sem rétlátir menn gera í milli ykkar, þeir sem eru í landinu, ok þat at hann skal hafa ríki hálftr við yðr; ok þykki mér líkligt með orðafulltingi góðra manna, at Haraldr konungr þekkisk þetta boð ok verði þá sætt milli yðar«. Þá segir Magnús konungr: »ek vil ok eigr þenna kost, eða hvat

stoðar þá þat, er vér unnum alt ríkit undir oss í haust, ef vér skulum nú miðla hálftr ríkit — ok gefið þar til annat ráð«. Þá segir Sigurðr Sigurðarson: »svá sýnisk mér, sem lendir menn þínir setisk nú heima ok vili eigi koma til þín, þeir er í haust báðu þik heimleyfis; gerðir þú þá mjök móti mínum ráðum, er 5 þú dreifðir þá svá mjök því fjölmenni, er vér höfðum, þvíat ek þóttumk vita, at þeir Haraldr mundu leita aptr í Víkina, þegar er þeir spyrði, at þar væri höfðingjalaust. Nú er til annat ráð, ok er þat ilt, ok kann þó vera at hlýði; ger til gesti þína ok annat lið með þeim, lát fara heim at þeim lendum mönnum ok 10 drepa þá, er nú vilja eigi við skipask nauðsyn þína, en gef eignir þeira þeim nokkurum, er yðr eru øruggir, þótt áðr sé eigi mikils verðir; lát þá keyra upp fólkit, hafið eigi síðr illa menn en góða; farið síðan austr í móti Haraldri með því liði, er þér fáid, ok berizk«. Konungr segir: »óvinsælt mun þat verða at 15 láta drepa mart stórmenni, en hefja upp lítilmenni; hafa þeir opt eigi síðr brugðizk, en verr skipat landit; vil ek enn heyra fleiri ráð þín«. Sigurðr svarar: »vandask mér nú ráðagerðirnar, er þú vill eigi sættask ok eigi berjask; fgru vér þá norðr til Þrándheims, þannug sem landzmeginit er mest fyrir oss, ok 20 tókum lið þat alt um leið, er vér fám; kann þá vera, at þeim Elfargrímum leiðisk at rekask eptir oss«. Konungr svarar: »ekki vil ek flýja fyrir þeim, er vér eltum í sumar — ok ráð mér betra ráð«. Þá stóð Sigurðr upp ok bjósk braut at ganga ok mælti: »ek skal þá ráða þér þat ráð, er ek sé, at þú vill 25 hafa ok framgengt mun verða; sit hér í Björgyn, þar til er Haraldr kómr með múga hers, ok munuð þér annat hvárt verða þola bana eða skómm« — ok var Sigurðr ekki lengr á þessu tali.

## K. 6. Frá liði Haraldz konungs.

30

Haraldr konungr fór austan með landi ok hafði allmikinn her. Var þessi vetr kallaðr múgavetr. Haraldr kom til Björgynjar jólaaptan ok lagði liðinu í Flóruvága ok vildi eigi berjask um jólin fyrir helgi sakir; en Magnús konungr lét búask við í býnum; hann lét reisa valslöngu út í Hólmi ok hann lét gera 35 járnrekendr ok sumt af viðum ok leggja um þveran váginn yfir frá konungsgarði; hann lét slá herspora ok kasta yfir á Jóansvöllu, ok eigi meirr en iii. daga var heilagt haldit um jólin, at eigi væri smíðat. En affaradag jólanna þá lét Haraldr konungr

blása til brautlögu liðinu; dcccc. manna höfðu samnazk til Haraldz konungs um jólin.

#### K. 7. Tekinn Magnús konungr.

Haraldr konungr hét á inn helga Ólaf konung til sigrs sér,  
 5 at láta Óláfskirkju gera þar í býnum með sínum eins kostnaði.  
 Magnús konungr setti fylking sína út í Kristskirkjugarði, en  
 Haraldr ræri fyrst at Norðnesi; en er þeir Magnús konungr sá  
 þat, snöru þeir inn í býinn ok inn í vágsbotn. En er þeir fóru  
 inn um stræti, þá hljópu margir býjarmenn inn í garða ok til  
 10 heimilis síns, en þeir, er yfir gengu á völlum, hljópu á  
 hersporana. Þá sá þeir Magnús, at Haraldr hafði róit öllu liðinu  
 yfir í Hegravík ok gengu þar upp á bakka fyrir ofan býinn;  
 þá snörisk Magnús konungr út eptir stræti; flýði þá liðit frá  
 honum, sumt í fjallit upp, sumt upp um Nunnusetr, sumt í kirkjur  
 15 eða falsk í öðrum stöðum. Magnús gekk út á skip sitt, en þeim  
 var engi kostr í brot at fara, þar er járnrekendr gættu fyrir  
 útan; fylgði ok fátt manna konungi, váru þeir fyrir því til enkis  
 færir; svá segir Einar Skúlason í Haraldzdrápu:

206. Luku vág viku, brúns, Björgynjar,  
 20 vara kostr fara braut hás skrautum.

Lítlu síðarr kómu menn Haraldz konungs út á skipin; var þá  
 handtekinn Magnús konungr; en hann sat aptr í fyrirrúmi á  
 hásætiskistu ok með honum Hákon faukr, móðurbróðir hans,  
 inn vænsti maðr ok kallaðr eigi vitr, ok Ívarr Özurarson ok  
 25 margir aðrir vinir hans váru þá handteknir, en sumir þegar  
 drepnir.

#### K. 8. Dauði Reinaldz byskups.

Haraldr konungr átti þá stefnur við ráðuneyti sitt ok beiddi  
 þá ráðagørðar með sér, ok at lykðum þeirar stefnu fengusk þeir  
 30 órskurðir, at taka Magnús svá frá ríki, at hann mætti eigi  
 kallask konungr þaðan í frá. Var hann þá seldr í hendr konungs  
 þrælum, en þeir veittu honum meizlur, stungu út augu hans ok  
 hjoggu af annan fót, en síðarst var hann geldr. Ívarr Özurarson  
 var blindaðr, Hákon faukr var drepinn. Eptir þetta lagðisk  
 35 land alt undir ríki Haraldz konungs. Gerðisk þá mjök eptir  
 leitrat, hverir mestir höfðu verit vinir Magnús konungs eða  
 hverir mest mundu vita féhirzslur hans eða gørsimar. Krossinn  
 helga hafði Magnús haft með sér, síðan er Fyrileifar orrosta

hafði verit, ok vildi hann ekki til segja, hvar þá var kominn. Reinaldr byskup í Stafangri var enskr ok fégjarn mjök kallaðr; hann var kærri vinr Magnús konungs, ok þótti monnum þat líkligt, at honum myndi fengin til varðveizlu stórfé ok dýrgripir; váru menn sendir eptir honum ok kom hann til Björgynjar; váru 5 þá kenzl þessi borin á hendr honum, en hann synjaði ok bauð skírslur fyrir. Haraldr vildi ekki þat; hann lagði á byskup at gjalda sér xv. merkr gullz. Byskup segir, at hann vill eigi svá vesla stað sinn, vill heldr hætta lífi sínu. Síðan hengðu þeir Reinald byskup út í Hólmi við valslonguna; en er hann gekk 10 til gálkans, hristi hann bótann af fœti sér ok mælti ok sór um: »eigi veit ek meira fé Magnús konungs, en þat sem þar er í bótanum«. Þar var í einn gullhringr. Byskup var jarðaðr í Norðnesi at Mikjálskirkju, ok var þetta verk mjök lastat. Síðan var Haraldr einn konungr yfir Nóregi, meðan hann lifði. 15

#### K. 9. Undr í Konungahellu.

Fimm vetrum eptir andlát Sigurðar konungs urðu tíðendi mikil í Konungahellu. Þeir váru þar þá sýslumenn Gothormr, sonr Haraldz flettis, ok Sæmundr húsfreyja. Hann átti Ingi- 20 björgu, dóttur Andréás prests Brúnssonar; þeira synir Páll flípr ok Gunní físs. Ásmundr hét sonr Sæmundar laungetinn. Andréás Brúnsson var mikill merkismaðr; hann sǫng at Krosskirkju; Solveig hét kona hans. Með þeim var þá at fóstri ok upfœzlu Jóan Loptsson ok var xi. vetra gamall. Loptr prestur Sæmundarson, faðir Jóans, var ok þar. Dóttir Andréás prests 25 ok Solveigar hét Helga, er Einarr átti. Þat barsk at í Konungahellu dróttinsnótt ina næstu eptir páskavíku, at gnýr varð mikill úti á strætum um allan býinn, sem þá er konungr fór með alla hirð sína, ok hundar létu svá illa, at eigi mátti varðveita, ok brutusk út; en allir, er út kómu, urðu galnir ok bitu alt þat, er 30 fyrir varð, menn ok fénað; en alt þat, er bitit var ok blóðit kom á, þá ærðisk, ok alt þat, er hafanda var, lét burð sinn ok ærðisk. Þessi minning var nálíga hverja nótt frá páskum til upstigningardags. Menninir óttuðusk mjök undr þessi ok réðusk margir í brot ok seldu garða sína, fóru í herað eða í aðra kaupstaði, ok 35 þótti þeim ǫllum þat mest vert, er vitrastir váru, ok hræddusk þat, sem var, at þetta myndi vera fyrir miklum stórtíðendum, þeim er þá váru enn eigi fram komin. En Andréás prestur talaði þá langt ok snjalt hvítsunnudag ok veik hann svá til lykða

rœðu sinni, at hann rœddi um vanda bæjarmanna ok bað menn herða hugi sína ok eyða eigi þann inn dýrliga stað, hafa heldr gæzlu yfir sér ok ætla ráð sín ok gæta sín við öllu því, er við mætti komask, við eldi ok ófriði ok biðja sér miskunnar til guðs.

5 K. 10. Uphaf orrostu í Konungahellu.

Or býnum bjoggusk xiii. byrðingar ok ætluðu til Björgynjar ok týndusk xi. með mönnum ok fé ok öllu því, er á var, en inn xii. braut, ok heldusk menninir, en féit týndisk. Þá fór Loptr prestur til Björgynjar ok helt hann heilu. Láfranzvökudag  
10 týndusk byrðingarnir. Eiríkr Dana-konungr ok Özurr erki-  
byskup sendu orð báðir til Konungahellu ok báðu þá varask  
um staði sína, sögðu, at Vinðr höfðu úti her mikinn ok herjuðu  
viða á kristna menn ok höfðu jafnan sigr. Býjarmenn lögðu  
oflítinn hug á sitt mál, afræðusk ok ómintusk þess at meirr, er  
15 lengra leið frá þeiri ógn, er yfir hafði komit. Láfranzvökudag,  
þá er talat var fyrir hámessu, kom Réttiburr Vinða-konungr  
til Konungahellu ok hafði háltf setta hundrað Vinða snekkjur,  
en á hverri snekkju váru menn xl. ok iii. menn ok ii. hestar.  
Dúnímiz hét systurson konungs, en Üniburr hét höfðingi einn,  
20 er réð fyrir miklu liði. Þeir ii. höfðingar røru upp með herinum  
sumum eystri kvísl um Hísing ok kómu svá ofan at býnum, en  
sumu liðinu lögðu þeir upp vestri kvísl til býjarins. Þeir lögðu  
at landi út við stikin ok létu þar upp hestaliðit ok riðu þar um  
Bratsás ok svá upp um býinn. Einarrr Andréás-mágr bar þessi  
25 tíðendi upp til Kastalakirkju, þvíat þar var býjarlýðrinn ok  
hafði sótt til hámessu, ok kom Einarrr þá er Andréás prestur  
talaði. Einarrr segir mönnum, at herr fór at bænum með fjölda  
skipa, en sumt liðit reið ofan um Bratsás. Þá mæltu margir,  
at þar myndi vera Eiríkr Dana-konungr, ok væntu menn sér  
30 griða af honum. Þá hljóp fólkitt alt ofan í býinn til fjár síns  
ok vápnuðusk ok gekk ofan á bryggjur, sá þá þegar, at ófriðr  
var ok óflýjandi herr. Austrfararskip ix. flutu í ánni fyrir  
bryggjum, er kaupmenn áttu. Vinðr lögðu þar fyrst at ok  
börðusk við kaupmennina. Kaupmenn vápnuðusk ok vörðusk  
35 lengi vel ok drengiliga; varð þar orrosta hörð, áðr kaupmenn  
yrði unnir. Í þeiri hríð létu Vinðr háltf annat c. skipa at öllu  
liði. Þá er bardaginn var sem mestr, stóðu bæjarmenn á  
bryggjum ok skutu á heiðingja; en er orrosta rénaói, flýðu  
býjarmenn upp í bæinn ok síðan til kastala alt fólk, ok höfðu

menn með sér dýrgripi sína ok alt fé þat, er með mátti komask. Solveig ok dóetr hennar ok ii. konur aðrar gengu upp á land. Þá er Vinðr hófðu kaupskipin unnit, gengu þeir á land ok kǫnnuðu lið sitt, ok birtisk þá skaði þeira; hljópu þeir sumir í býinn, sumir á kaupskipin, ok tóku fé alt, þat er þeir vildu með sér 5 hafa. Því næst lögðu þeir eld í býinn ok brendu hann allan ok svá skipin. Eptir þat sóttu þeir ǫllu liðinu at kastala ok skipuðu til atsóknar.

## K. II. Orrosta ǫnnur.

Réttiburr konungr lét bjóða þeim, er í kastalanum váru, at 10 ganga út ok hafa lífsgrið með vápnum ok klæðum ok gulli; gǫrvallir ǫpðu at móti ok gengu út á borgina, sumir skutu, sumir grýttu, sumir skutu staurum, ok varð þá mikil orrosta; fell þá af hvárum tveggjum ok miklu fleira af Vinðum. Solveig kom upp á Sólbjargir ok segir þar tíðendin. Þá var skorin 15 herǫr ok send til Skúrbága; þar var samburðarǫl nǫkkut ok mart manna. Þar var sá bóndi, er Ǫlvir hét miklimunnr; þá hljóp hann upp þegar ok tók skjǫld ok hjálm ok mikla ǫxi í hǫnd sér ok mælti: »stǫndum upp, góðir drengir, ok takið vápn yður ok fǫrum til liðveizlu við býjarmenn, þviat þat mun skǫmm 20 þykkja hverjum manni, er þat spyrr, at vér sitjum hér ok kýlum ǫl, en góðir drengir skulu leggja líf sitt í hættu í býnum fyrir várar sakir«. Margir svǫruðu ok mæltu í mót, segja, at þeir mundu týna sér, en koma bæjarmǫnnum at engu liði. Þá hljóp Ǫlvir upp ok mælti: »þótt allir dvelisk eptir, þá skal ek þó 25 fara einn samt, ok láta skulu heiðingjar einn eða ii. fyrir mik, áðr en ek falla«— hleypr ofan til býjarins. Menn fara eptir honum ok vildu sjá ferð hans ok svá, ef honum mætti nǫkkut við hjálpa. En er hann kom svá nær kastala, at heiðnir menn sá hann, þá hljópu í mót honum viii. menn alvápnadir. En er 30 þeir mǫettusk, hljópu heiðnir menn umhverfis hann; Ǫlvir reiddi upp ǫxina ok laust fremri hyrnu undir kverk þeim, er á bak honum stóð, svá at sundr sneið kjálkann ok barkann, ok fell sá opinn á bak aptr. Þá reiddi hann fram ǫxina fyrir sik ok hǫggr annan í hǫfuðit ok klauf þann í herðar niðr. Síðan sóttusk þeir, 35 ok drap hann þá enn ii. ok varð sjálfr sárr mjǫk; en þeir iii., er eptir váru, flýðu þá. Ǫlvir rann eptir þeim, en díki nǫkkut var fyrir þeim; ii. inir heiðnu hljópu þar í, ok drap Ǫlvir þá báða; stóð hann þá ok fastr í dikiinu; en ii. heiðingjar kómusk



undan af þeim viii. Þeir menn, er fylgt höfðu Ólvi, tóku hann ok fluttu hann með sér til Skúrbága, ok varð hann grœddr at heilu; ok er þat mál manna, at eigi hafi maðr farit drengiligri ferð. Lendir menn ii., Sigurðr Gyrðarson, bróðir Philippús, ok  
 5 Sigarðr kómu með dc. manna til Skúrbága, ok hvarf Sigurðr aprt með cccc. manna ok þótti síðan lítills verðr ok lifði skamma stund. Sigarðr fór með cc. manna til býjarins ok bardisk þar við heiðna menn ok fell þar með öllu líði sínu. Vinðr sóttu kastalann, en konungr ok stýrimenn stóðu fyrir útan bardagann. Í einhverjum  
 10 stað, þar er Vinðr stóðu, var einn maðr ok skaut af boga ok mann til bana með hverri or; ii. menn stóðu fyrir honum með skjöldu. Þá mælti Sæmundr við Ásmund son sinn, at þeir skyldu skjóta at skytanum báðir senn — »en ek mun skjóta at þeim, er skjöldinn berr«. Hann gerði svá, en sá skaut skildinum  
 15 fyrir sik. Þá skaut Ásmundr milli skjaldanna, ok kom orin í enni skytanum, svá at út kom í hnakkann, ok fell sá dauðr á bak aprt; en er Vinðr sá þat, þá ýlðu þeir allir sem hundar eða vargar. Þá lét Réttiburr konungr kalla til þeira ok bjóða þeim grið; en þeir neituðu því; síðan veittu heiðingjar harða atsókn.  
 20 Þá var sá einn af heiðnum mönnum, er svá nær gekk, at alt gekk at kastalahurðinni ok lagði sverði þann mann, er fyrir innan stóð hurðina, en menn báru at honum skot ok grjót ok var hann hlífðarlaus, en svá var hann fjölkunnigr, at ekki vápn festi á honum. Þá tók Andréás pestr vígðan eld ok signaði ok skar  
 25 tundur ok lagði í eld ok setti á orvarodd ok fekk Ásmundi, en hann skaut þessi or at inum fjölkunnga manni, ok beit þetta skot svá, at honum vann at fullu, ok fell hann dauðr á jorð. Þá létu heiðingjar illiliga enn sem fyrr, ýlðu ok gnístu. Gekk þá alt fólk til konungs; þótti kristnum mönnum þá sem væri til ráðs,  
 30 at þeir mundu undan leita. Þá skilði túlkr, sá er skilði vindesku, hvat höfðingi sá mælti, er Úniburr er nefndr; hann mælti svá: »þetta fólk er atalt ok ilt viðskiptis, ok þótt vér tækim alt þat fé, er í þessum stað er, þá mætti vér gefa til annat fé jammikit, at vér hefðim eigi komit hér; svá höfum vér mikit lið látit ok  
 35 marga höfðingja. Ok fyrst í dag, er vér tókum at berjask við kastala, þá höfðu þeir til varnar skot ok spjót, því næst þorðu þeir oss með grjóti, ok nú berja þeir oss með keflivöllum sem hunda; sé ek fyrir því, at þeira fong þverra til varnar, ok skulu vér enn gera þeim harða hrið ok freistum þeira«. En svá var  
 40 sem hann sagði, at þá skutu þeir staurum, en í fyrstu hrið höfðu

þeir borit óvarliga skotvápn ok grjót. En er kristnir menn sá, at minkaðisk fjöldi at staurunum, hjoggu þeir í ii. hvern staurinn; en heiðingjar sóttu at þeim ok gerðu harða hríð ok hvíldusk í milli. Gerðusk hvárirtveggju móðir ok sárir. Ok í einhverri hvíld þá lét konungr enn bjóða þeim grið, at þeir skyldu 5 hafa vápn sín ok klæði ok þat, er þeir bæri sjálfir út yfir kastalann. Þá var fallinn Sæmundr húsfreyja, ok var þat ráð manna þeira, er eptir váru, at gefa upp kastala ok sjálfa sik í vald heiðinna manna, ok var þat it ósnjallasta ráð, fyrir því at heiðingjar efnðu eigi orð sín, tóku alla menn, karla ok konur ok börn, 10 drápu mart, alt þat er sárt var ok ungt ok þeim þótti ilt at flytja eptir sér; þeir tóku alt fé þat, er þar var í kastalanum; þeir gengu inn í Krosskirkju ok ræntu hana at öllu skrúði sínu. Andréás prestr gaf Réttibur konungi refði silfrbúit, en Dúnimiz, systursyni hans, fingrgull; fyri því þóttusk þeir vita, at hann 15 myndi vera nokkurr ráðamaðr í staðinum, ok virðu hann meira en aðra menn. Þeir tóku krossinn helga ok hǫfðu braut; þá tóku þeir táboluna, er stóð fyrir altárinu, er Sigurðr konungr hafði gera látit í Griklandi ok haft í land; þeir lögðu hana niðr á gráðuna fyrir altárit. Þá gengu þeir út ór kirkjunni. Þá mælti 20 konungr: »þetta hús hefir verit búit með ást mikilli við þann guð er þetta hús á; ok svá lízk mér, sem gætt myni lítt hafa verit til staðarins eða hússins, þvíat ek sé, at guð er reiðr þeim, er varðveita«. Réttiburr konungr gaf Andréási presti kirkjuna ok skrínit, krossinn helga, bókina plénáriúm ok klerka ii.iii.; en 25 heiðnir menn brendu kirkjuna ok öll húsín, þau er í kastalanum váru; en sá eldr, er þeir hǫfðu tendrat í kirkjunni, sloknaði tysvar; þá hjoggu þeir ofan kirkjuna, tók þá at loga innan öll ok brann sem önnur hús. Þá fóru heiðingjar til skipa sinna með herfangi ok kǫnnuðu lið sitt, en er þeir sá skaða sinn, þá 30 tóku þeir at herfangi alt fólkit ok skiptu milli skipanna. Þá fóru þeir Andréás prestr á konungsskipit ok með krossinn helga; þá kom ótti yfir heiðingja af þeiri bending, er yfir konungsskipit kom hiti svá mikill, at allir þeir þóttusk nær brenna. Konungr bað túlkinn spyrja prest, hví svá varð. Hann segir, at almáttigr 35 guð, sá er kristnir menn trúðu á, sendi þeim mark reiði sinnar, er þeir dirfðusk þess, at hafa með höndum hans píslarmark, þeir er eigi vilja trúa á skapara sinn — »ok svá mikill kraptr fylgir krossinum, at opt hafa orðit fyrr þvílíkar jartegnir yfir heiðnum mönnum, þá er þeir hǫfðu hann með höndum, ok sumar enn 40

berari«. Konungr lét skjóta á skipbátinn kennimönnum, ok bar Andréas krossinn í faðmi sér. Þeir leiddu bátinn fram með endilöngu skipinu ok fram fyrir borðit ok aprt með öðru borði til lyptingar, skutu síðan við forkum ok hrundu bátinum inn at 5 bryggjunum. Síðan fór Andréas prestur með krossinn um nóttina til Sólbjarga, ok var bæði hregg ok rota. Andréas flutti krossinn til góðrar varðveizlu.

### K. 12. Frá Magnúsi blinda.

Réttiburr konungr ok hans lið, þat er eptir var, fór í brot 10 ok aprt til Vindlandz, ok mart þat fólk, er tekit hafði verit í Konungahellu, var lengi síðan í Vindlandi í þján, en þeir, er út váru leystir ok aprt kómu í Nóreg til óðala sinna, urðu allir at minna þrifnaði. Kaupstaðrinn í Konungahellu hefir aldregi fengit slíka upreist sem áðr var. Magnús, er blindaðr hafði 15 verit, fór síðan í Niðarós ok gaf sik í klaustr ok tók við munkaklæðum. Þá var skeytt þannug Hernes mikla á Frostu í próvendu hans. En Haraldr réð þá einn landi eptir um vetrinn ok gaf öllum mönnum sættir, er hafa vildu, tók þá marga menn til hirðvistar, er með Magnúsi höfðu verit. Einarr Skúlason segir 20 svá, at Haraldr konungr átti ii. orrostur í Danmörk, aðra við Hveðn, en aðra við Hlésey:

207. Otryggum lézt eggjar

eljunfrár und hári

Ok enn þetta:

25 208. Öttuð sókn við sléttan,  
serkrjóðr Hqars, merki,

Hveðn á hólðum roðnar

hrafns munnlituðr þunnar.

harðr, þars hregg of virðum,  
Hléseyjar þrom blésu.

### K. 13. Uphaf Sigurðar slembidjákns.

Sigurðr er maðr nefndr, er upp fœddisk í Nóregi; hann var kallaðr sonr Aðalbriks prests; móðir Sigurðar var Þóra, dóttir 30 Saxa í Vík, systir Sigríðar, móður þeira Oláfs konungs Magnússonar ok Kára konungsbróður, er átti Borghildi, dóttur Dags Eilifssonar; sönir þeira váru þeir Sigurðr á Austrátt ok Dagr; synir Sigurðar Jóan á Austrátt ok Þorsteinn, Andréas daufi. Jóan átti Sigríði, systur Inga konungs ok Skúla hertoga. 35 Sigurðr var í barnæsku settr til bókar, ok varð hann klerkr ok vígðr til djákns. En er hann gerðisk fullkominn at aldri ok afli, þá var hann allra manna vaskligastr ok sterkastr, mikill maðr, ok á alla atgørvi var hann umfram alla jafnaldra sína ok

nálíga hvern annan í Nóregi. Sigurðr var snimma ofsamaðr mikill ok óeirarmaðr; hann var kallaðr slembidjákn; manna var hann fríðastr, heldr þunnhárr ok þó vel hærðr. Þá kom þat upp fyrir Sigurð, at móðir hans segir, at Magnús konungr berfoetr var faðir hans; ok þegar er hann ræð sjálftr háttum 5 sínum, þá afrœkðisk hann klerkasiðu, fór þá af landi brot. Í þeim ferðum dvalðisk hann langa hríð. Þá byrjaði hann ferð sína út til Jørsala ok kom til Jórðánar ok sótti helga dóma, svá sem pálmarum er títt. Ok er hann kom aptr, þá dvalðisk hann í kaupferðum. Einn vetr var hann staddr nokkura hríð í 10 Orkneyjum; hann var með Haraldi jarli at falli Þorkels fóstura Sumarliðasonar. Sigurðr var ok uppi á Skotlandi með Dávíð Skota-konungi; var hann þar virðr mikils. Síðan fór Sigurðr til Danmerkr ok var þat hans søgn ok hans manna, at þar hefði hann flutt skírslur til faðernis sér ok bar svá, at hann var sonr 15 Magnús konungs, ok væri þar við v. byskupar; svá segir Ívarr Ingimundarson í Sigurðarbelki:

209. Gerðu skírslur	svá bar raunir,	
of skjöldungs kyn	at ríks konungs	
fimm byskupar,	þess vas ens milda	20
þeirs framast þóttu;	Magnús faðir.	

Vinir Haraldz sǫgðu, at þat hefði verit svik ok lygi Dana.

#### K. 14. Frá Sigurði slembidjákn.

Þá er Haraldr hafði verit konungr yfir Nóregi vi. vetr, kom Sigurðr til Nóregs ok fór á fund Haraldz konungs, bróður síns, 25 hitti hann í Björgyn, gekk þegar brátt á fund hans, birti fyrir konungi faðerni sitt ok beiddi konung taka við frændsemi sinni. Konungr veitti enga órskurði skjóta um þat mál ok bar þetta fyrir vini sína, átti við þá tal ok stefnur; en af tali þeira kom þat upp, at konungr bar sakir á hendir Sigurði um þat, er hann 30 hafði verit at aftǫku Þorkels fóstura fyrir vestan haf. Þorkell hafði fylgt Haraldi til Nóregs þá fyrst, er hann hafði komit til landz; hafði Þorkell verit inn mesti vinr Haraldz konungs. Var þessu máli fylgt svá fast, at þar var Sigurði gefin fyrir dauðasǫk, ok með ráði lendra manna þá varð þetta svá, at eitt kveld 35 síðarlíga gengu til gestir nokkurir, þar er Sigurðr var, ok kǫlluðu hann með sér ok tóku skútu nokkura ok ræru brot frá býnum með Sigurð ok suðr til Norðness. Sigurðr sat aptr á kistunni ok hugsaði sitt mál ok grunaði, at þetta myndi vera svik. Hann

var svá búinn, at hann hafði blár brœkr ok skyrtu ok mottul á tuglum at yfirhøfn; hann sá niðr fyrir sik ok hafði hendr á mottulsþöndunum, lét stundum af hōfði sér, stundum lét hann á hōfuð sér. En er þeir váru komnir fyrir nes eitt, váru þeir 5 kátir ok druknir ok røru ákafliga ok uggðu fátt. Þá stóð Sigurðr upp ok gekk til borðz, en ii. menn þeir, er til gæzlu váru fengnir með honum, stóðu upp ok gingu at borðinu, tóku mottulinn báðir ok heldu frá honum, sem títt er at gera við ríka menn. En er hann grunaði, at þeir heldi fleirum klæðum hans, þá greip hann 10 sinni hendi hvárn þeira ok steypðisk útan borðz með alla þá, en skútan rendi fram á langt, ok varð þeim seint at víkja ok lōng dvøl, áðr en þeir fengi sína menn tekit. En Sigurðr tók svá langt kaf í brot, at hann var fyrr á landi uppi, en þeir hefði snúit skipi sínu eptir honum. Sigurðr var allra manna fóthvatastr 15 ok stefnir hann á land upp, en konungsmenn fóru ok leitudu hans alla nótt ok funnu hann eigi. Hann lagðisk í bergskor nōkkura, svalaði honum mjōk; hann fór af brōkunum ok skar rauf á setgeiranum ok smeygði á sik ok tók út hōndunum ok hjálp svá lífi sínu at sinni. Konungsmenn fóru aptr ok máttu eigi leyna 20 sinni fōr.

#### K. 15. Svikræði við Harald konung.

Sigurðr þóttisk finna, at eigi myndi honum til hjálpar vera at leita á fund Haraldz konungs, ok var þá í fylsknum alt haustit ok öndurðan vetr. Hann var í býnum í Björgyn með presti 25 nōkkurum ok gildraði til, ef hann mætti verða skaðamaðr Haraldz konungs, ok váru mjōk margir menn í þessum ráðum með honum, ok þeir sumir, er þá váru hirðmenn ok herbergismenn Haraldz konungs, ok þeir hōfðu fyrr verit hirðmenn Magnús konungs; váru þeir þá í kærleikum miklum við Harald 30 konung, svá at æ var nōkkurr af þessum sá, er sat yfir borði konungsins. Lúciúmessu at kveldi tōluðusk við ii. menn, er þar sátu; mælti annarr til konungs: »herra, nú hōfum vit skotit órskurð þrætu okkarrar til yðarra órslita, ok hōfum vit veðjat ask hunangs hvárr okkarr; ek segi þat, at þér munuð liggja í 35 nótt hjá Ingiríði drótning, konu þinni, en hann segir, at þér munuð liggja hjá Þóru Gothormsdóttur«. Þá segir konungr hlējandi ok var mjōk óvitandi, at þessi spurning væri með svá mikilli vél, ok segir: »eigi muntu hljóta veðféit«. Af því þóttusk þeir vita, hvar hans var at vitja á þeiri nótt, en hōfuðvörðr var

þá haldinn fyrir því herbergi, er flestir hugðu at konungr væri inni í ok drótning svaf í.

## K. 16. Dráp Haraldz konungs.

Sigurðr slembidjárn ok nõkkurir menn með honum kómu þar til herbergis, er konungr svaf, ok brutu upp hurðina ok 5 gengu þar inn með brugðnum vápnum. Ívarr Kolbeinsson vann fyrst á Haraldi konungi, en konungr hafði drukkinn niðr lagzk ok svaf fast ok vaknaði við þat, er menn vágú at honum, ok mælti í óvitinu: »sárt býr þú nú við mik, Þóra«. Hon hljóp upp við ok mælti: »þeir búa sárt við þik, er verr vilja þér en 10 ek«. Lét Haraldr konungr þar líf sitt. En Sigurðr með sína menn gekk í brot. Lét hann þá kalla sér þá menn, er honum höfðu heitizk til foruneytis, ef hann fengi Harald konung tekit af lífdögum. Þá gengu þeir Sigurðr ok hans menn til skútu nõkkurrar ok skipuðusk menn við árar ok røru út á váginn undir 15 konungsgarð; tók þá at lýsa af degi. Þá stóð Sigurðr upp ok talaði við þá, er stóðu á konungsbryggju, ok lýsti vígi Haraldz konungs sér á hendr ok beiddisk af þeim viðrtøku ok þess, at þeir tœki hann til konungs, svá sem burðir hans váru til. Þá dreif þannug á bryggjurnar mart manna ór konungsgarði ok svøruðu 20 allir, sem einum munni mælti, søgðu, at þat skyldi aldri verða, at þeir veiti hlýðni ok þjónan þeim manni, er myrt hafði bróður sinn — »en ef hann var eigi þinn bróðir, þá áttu enga ætt til at vera konungr«. Þeir þørdðu saman vápnum sínum, dømdu þá alla útlaga ok friðlausa. Þá var blásit konungslúðri ok stefnt 25 saman öllum lendum mōnnum ok hirðmōnnum, en Sigurðr ok hans menn sá þann sinn kost inn fegrsta, at verða í brotu; hann helt á Norð-Hörðaland ok átti þar þing við bændr; gengu þeir undir hann ok gáfu honum konungsnafn. Þá fór hann inn í Sogn ok átti þar þing við bændr; var hann ok þar til konungs 30 tekinn. Þá fór hann norðr í Fjörðu; var honum þar vel fagnat, svá segir Ívarr Ingimundarson:

210. Tóku við mildum

Magnús syni

Hörðar ok Sygnir,

at Harald fallinn;

Haraldr konungr var jarðaðr í Kristskirkju inni fornu.

sórusk margir

menn á þingi

buðlungs syni

í bróður stað.

## Uphaf Inga konungs.

### K. 1.

Ingiríðr drótning ok með henni lendir menn ok hirðin, sú er Haraldr konungr hafði haft, réðu þat, at hleypiskip var gort ok sent norðr til Þrándheims at segja fall Haraldz konungs ok þat með, at Þreondir skyldu taka til konungs son Haraldz konungs Sigurð, er þá var norðr þar ok Sáða-Gyrðr Bárðarson fóstaraði, en Ingiríðr drótning fór þegar austr í Vík. Ingi hét sonr þeira Haraldz konungs, er var at fóstri þar í Víkinni með Ámunda Gyrðarsyni Lögbersasonar. En er þau kómu í Víkina, 10 var stefnt Borgarþing; þar var Ingi til konungs tekinn, — þá var hann á annan vetr, — at því ráði hurfu Ámundi ok Þjóstólfr Álason ok margir aðrir stórir höfðingjar. En er þau tíðendi kómu norðr til Þrándheims, at Haraldr konungr var af lífi tekinn, þá var þar til konungs tekinn Sigurðr, sonr Haraldz konungs, 15 ok hurfu at því ráði Óttarr birtingr ok Pétur Sauða-Ulfsson ok þeir bræðr Gothormr af Reini Asólfsson ok Óttarr balli ok fjöldi annarra höfðingja, ok snørisk undir þá bræðr nálíga allr lýðr ok allra helzt fyrir þess sakar, at faðir þeira var kallaðr heilagr, ok var þeim svá land svarit, at undir engan mann annan skyldi 20 ganga, meðan nokkurr þeira lifði sona Haraldz konungs.

### K. 2. Frá Sigurði slembidjákni.

Sigurðr slembidjákni sótti norðr um Stað, ok þá er hann kom á Norð-Mœri, váru alt komin fyrir honum bréf ok jartegnir ráðamanna þeira, er snúizk höfðu undir hlýðni við sonu Haraldz 25 konungs, ok fekk hann þar enga viðtöku eða upreist; en með því at hann var sjálfr lifðfár, þá réðu þeir þat, at stefna inn í Þrándheim, þvíat hann hafði áðr gort orð fyrir sér inn þannug til vina sinna ok til vina Magnús konungs, er blindaðr hafði verit. En er hann kom til kaupangs, reri hann upp í ána Nið,

ok kómu festum á land í konungsgarði ok urðu þá undan at leita, þviat lýðr allr stóð í móti. Peir lögðu síðan til Hólms ok tóku þar út ór klaustranum Magnús Sigurðarson af nauðgum munkunum; hann hafði tekit áðr munksvígslu. Sú er fleiri manna sögn, at Magnús færi at sjálfs sín vilja, þótt þetta væri gort 5 til bótar um mál hans; ok vænti af þessu sér liðsafla, ok svá gerðisk ok gafsk, ok var þetta þegar eptir jól. Fóru þeir Sigurðr út eptir firðinum. Síðan sótti eptir þeim Björn Egilsson, Gunnarr af Gimsum, Haldórr Sigurðarson, Áslákr Hákonarson ok þeir bræðr, Benedikt ok Eiríkr, ok hirð sú, er verit hafði fyrr með 10 Magnúsi konungi, ok fjöldi annarra manna. Peir fóru með flokkinn suðr fyrir Mæri ok alt fyrir Raumsdalsminni. Peir skiptu þar liði sínu, ok fór Sigurðr slembiðjákni vestr um haf þegar um vetrinn, en Magnús fór til Uplanda ok vænti sér þar mikils liðs, sem hann fekk; var hann þar um vetrinn ok um 15 sumarit alt á Uplöndum ok hafði þá mikit lið; en Ingi konungr fór með liði sínu, ok hittusk þeir sem heitir í Mynni; varð þar mikil orrosta, ok hafði Magnús konungr meira lið. Svá er sagt, at Þjóstólfr Álason hafði Inga konung í kiltingu sér, meðan orrosta var, ok gekk undir merki, ok kom Þjóstólfr í mikla nauð 20 af erfiði ok atsókn; ok er þat mál manna, at þá hafi Ingi fengit vanheilendi þat, er hann hafði allan aldr síðan, ok knýtti hrygginn, en annarr fótrinn var skemri en annarr ok svá afflittill, at hann var illa gengr, meðan hann lifði. Þá snæri mannfallinu á hendr Magnús konungs mǫnnum, ok fellu þessir í ǫndurðri 25 fylking, Haldórr Sigurðarson ok Björn Egilsson, Gunnarr af Gimsum ok mikill hluti liðs Magnús, áðr hann vildi flýja eða undan ríða; svá segir Kolli:

211. Unnuð austr fyr Mynni            hilmir, fekk, und hjalmi,  
oddhríð, en brátt síðan,            hrafns verðar lið sverðum.    30

Ok enn þetta:

212. Fyrr lá hans, en harri            verðung ǫll á velli;  
hringmildr fara vildi,            vígfimr konungr himni.

Magnús flýði þaðan austr á Gautland ok þaðan til Danmerkr. Í þenna tíma var Karl jarl Sónason í Gautlandi; hann var ríkr ok 35 ágjarn. Magnús blindi ok hans menn segja svá, hvar sem þeir kómu fyrir hǫfðingja, segja, at Nóregr myndi liggja lauss fyrir, ef nokkurir stórir hǫfðingjar vildi til sækja, er engi var konungr yfir landinu ok lendra manna forráð var þar yfir ríkinu, en þeir lendir menn, er fyrst váru til forráða teknir, þá var nú 40



hverr ósátttr við annan fyrir ofundar sakir. En með því at Karl jarl var ágjarn til ríkis ok áhlyðinn um fyrirtölur, þá samnar hann liði ok ríðr austan í Víkina, ok gekk mart fólk undir hann fyrir hræzlu sakir. En er þetta spyrja þeir Þjóstólfr Alason ok

5 Amundi, þá fóru þeir í móti með því liði, er til feksk, ok höfðu með sér Inga konung. Þeir hittu Karl jarl ok her Gauta austr á Krókaskógi ok áttu þar aðra orrostu, ok fekk Ingi konungr sigr. Þar fell Munán Ögmundarson, móðurbróðir Karl jarls. Ögmundr, faðir Munáns, var sonr Orms jarls Eilífssonar ok

10 Sigríðar, dóttur Finnz jarls Arnasonar; Astriðr Ögmundardóttir var móðir Karls jarls. Mart fell á Krókaskógi, en jarl flýði austr af skóginum; Ingi konungr rak þá alt austr ór ríki sínu, ok varð þeira ferð in herfiligsta; svá segir Kollí:

213. Lýsa munk, hvé ljósa goldit varð, þeims gerðu  
 15 laut hrafn í ben Gauta; glaumherðondum sverða  
 örn fylðit sik sjaldan; (raun 's at ríki þínu)  
 sárísa rauð vísi; róg, á Krókaskógi.

### K. 3. Ferð Eiríks konungs í Nóreg.

Magnús blindi sótti þá til Danmerkr á fund Eiríks eimuna

20 ok fékk hann þar góðar viðtekjur; bauð hann Eiríki at fylgja honum í Nóreg, ef Eiríkr vildi leggja undir sik landit ok fara með Dana-her í Nóreg, ok segir, ef hann kœmr með styrk hers, at engi maðr í Nóregi mun þora at skjóta spjóti í móti honum. En konungr skipaðisk við ok bauð út leiðangri; hann fór með

25 vi. hundruð skipa norðr í Nóreg, ok var Magnús blindi ok hans menn í þessi ferð með Dana-konungi. En er þeir kómu í Víkina, þá fóru þeir til hófs nokkurs með spekð ok friði austan fjarðar, en er þeir kómu liðinu til Túnsbergs, var þar fyrir samnaðr mikill lendra manna Inga konungs. Vatnormr Dagsson, bróðir

30 Grégóríu, réð mest fyrir þeim. Þá máttu Danir eigi á land komask ok eigi vatn sér taka; var mart manna drepit af þeim. Þá lögðu þeir inn eptir firði til Óslóar, ok var þar fyrir Þjóstólfr Alason. Svá er sagt, at þeir vildu láta bera skrín Hallvarðz ins helga ór býnum um aptaninn, ok gengu svá margir undir, sem

35 við máttu komask, ok fengu þeir eigi lengra borit en útar á kirkjugólfit; en um morgininn, er þeir sá, at herrinn fór útan at Höfuðey, þá báru ii. menn skrínit upp ór býnum, en Þjóstólfr ok alt býjarfólkit fylgði skríninu.

## K. 4. Bœr brendr í Ósló.

Eiríkr konungr ok hans menn sóttu upp í býnn, en sumir runnu eptir þeim Þjóstólfi. Þjóstólfr skaut broddi at þeim manni, er Áskell hét, hann var stafnbúi Eiríks konungs — ok laust undir kverkina, svá at yddi út hnakkann, ok þóttisk Þjóstólfr eigi hafa 5 skotit betra skot, þvíat ekki var bert á honum nema þat eitt. Skrín ins helga Hallvarðz var flutt upp á Raumaríki ok var þar iii. mánaði. Þjóstólfr fór um Raumaríki, ok samnaði hann liði um nóttina ok kom ofan til býjarins um morguninn. Eiríkr konungr lét leggja eld í Hallvarðz kirkju ok víða um býnn ok brendi 10 alt upp með hringum. Því næst kom Þjóstólfr ofan með lið mikit, en Eiríkr konungr lagði í brot skipaliði sínu, ok máttu þeir eigi á land koma fyrir norðan fjörðinn fyrir samnaði lendra manna, en hvar sem þeir leituðu til landgöngu, þá lágu eptir v. eða vi. eða fleiri. Ingi konungr lá í Hornborusundum með liði miklu. 15 En er Eiríkr konungr spurði þat, þá snýsk hann aptr suðr til Danmerkr. Ingi konungr fór eptir þeim ok hendi af þeim alt þat, er þeir máttu; ok er þat mál manna, at eigi hafi verit verri ferð farin í annars konungs veldi með miklu liði, ok líkaði Eiríki konungi illa við Magnús ok hans menn, ok þóttu þeir hafa mjök 20 spottat sik, er hann hafði komit í þessa ferð, lézk ekki síðan skyldu vera þeira vinr slíkr sem áðr.

## K. 5. Frá Sigurði slembidjákni.

Sigurðr slembidjákni kom þat sumar vestan um haf til Nóregs; en er hann spurði um farar Magnús frænda síns, þóttisk 25 hann vita, at þá myndi hann eiga lítit traust í Nóregi; siglði hann þá alt útleiði suðr með landi ok kom fram í Danmörk; hann helt í Eyrarsund; en suðr fyrir Erri hitti hann Vinðasnekkjur nokkurar ok lagði til bardaga við þá ok fekk sigr, hrauð þar viii. snekkjur ok drap þar mart manna, en hengði suma. Hann 30 átti ok orrostu við Mön, við Vinði, ok hafði sigr; þá helt hann sunnan ok lagði upp í Elfi í eystri kvísl ok vann þar iii. skip af liði þeira Þóris hvínantorða ok Óláfs, sonar Haraldz kesju, systursonar síns; móðir Óláfs var Ragnhildr, dóttir Magnús konungs berfœts; hann elti Ólaf á land. Þórir var í Konungahellu 35 ok hafði samnað fyrir. Sigurðr helt þannug, ok skutusk þeir á, ok fellu menn af hvárumtveggjum, ok mart varð sárt. Þeir Sigurðr fengu eigi uppgögnurnar. Þar fell Úlfheðinn Söxólfsson,

norðlenzkr maðr, stafnbúi Sigurðar; Sigurðr lagði í brot ok helt norðr í Víkina ok rænti víða. Hann lá í Portyrju á Limgarðs síðu ok sætti þar skipum, er fóru í Víkina eða ór, ok rænti. Túnbergs-menn gerðu lið at honum ok kómu á óvart, svá at þeir 5 Sigurðr váru á landi ok skiptu fengi sínu; kom sumt lið ofan at þeim, en sumu lögðu þeir um þvera höfnina fyrir útan þá. Sigurðr hljóp á skip sitt ok ræri út at þeim, en skip Vatnorms var þar næst, ok lét hann síga á hömlu; en Sigurðr ræri út hjá þeim ok komsk undan einu skipi, en mart fell af liði hans; því 10 var þetta ort:

214. Varðat vel við styrju  
Vatnormr í Portyrju.

#### K. 6. Dráp Benteins.

Sigurðr slembidjárn siglði síðan suðr til Danmerkr, ok 15 týndisk maðr af skipi hans, sá er hét Kolbeinn Þorljótsson ór Bataldri; hann var á eptirbáti, er bundinn var við skipit, en þeir siglðu mikinn. Sigurðr braut skipit, er þeir kómu suðr, ok var hann um vetrinn í Alaborg. En um sumarit eptir þá fóru þeir Magnús sunnan vii. skipum, ok kómu á Lista á óvart um nótt 20 ok lögðu skipum sínum at landi. Þar var fyrir Benteinn Kolbeinson, hirðmaðr Inga konungs ok inn hraustasti maðr. Þeir Sigurðr gengu þar upp í elding nærtr ok kómu á óvart ok tóku hús á þeim ok vildu leggja eld í býinn, en Benteinn komsk út í búr nokkut með herklæðum ok vel búinn at vápnum, ok stóð 25 fyrir innan dyrrin við brugðit sverð ok hafði skjöld fyrir sér ok hjálm á höfði, var þá búinn til varnar; dyrrnar váru heldr lágar. Sigurðr spurði, hví þeir gengi eigi inn; þeir svöruðu, at engi var einn fúss til; en þá er þeir ræddu þetta tíðast, hljóp Sigurðr inn í húsit um hann. Benteinn hjó eptir honum ok misti; síðan 30 snørisk Sigurðr at honum, ok skiptusk þeir fám höggum við, áðr Sigurðr drap hann ok bar höfuð hans út í hendi sér. Tóku þeir fé alt, þat er var í býnum; fóru síðan til skipa sinna. En er Ingi konungr ok hans vinir spyrja dráp Benteins ok þeir Kolbeinssynir, Sigurðr ok Gyrðr, bræðr Benteins, þá gerði kon- 35 ungr lið at þeim Sigurði, ok fór sjálfr ok tók skip undan Hákonni pungeltu Pálssyni ok dóttursyni Ásláks Erlingssonar af Sóla, systrungi Hákonar maga. Ingi elti Hákon á land upp ok tók hvert fat þeira. Þeir flýðu í fjörðinn undan Sigurðr storkr, sonr Eindriða í Gautdali, ok Eiríkr hæll, bróðir hans, ok Andrés

kelduskítr, sonr Gríms ór Visti; en Sigurðr ok Magnús ok Þorleifr skjappa siglðu norðr it ýtra v. skipum á Hálogaland. Var Magnús um vetrinn í Bjarkey með Víðkunni Jónssyui; en Sigurðr hjó stafna af skipi sínu ok hjó á raufar ok sökði niðr í Ægisfirði innanverðum; en Sigurðr sat um vetrinn í Tjaldasundum í Hinn, þar sem heitir Gljúfrafjörðr. Í innanverðum firðinum er hellir í bjarginu; þar sátu þeir Sigurðr um vetrinn meirr en xx. menn, ok settu fyrir hellisdyrrnar, svá at eigi mátti sjá dyrrnar ór fjöru. Þeir fengu Sigurði vistir um vetrinn Þorleifr skjappa ok Einarr, sonr Ögmundar af Sandi ok Guðrúnar Einarsdóttur Arasonar af Reykjahólum. Þann vetr er sagt at Sigurðr léti Finna gera sér skútur ii. inn í fjörðum, ok váru sini bundnar ok engi saumr í, en viðjar fyrir kné, ok røru xii. menn á borð hvárri. Sigurðr var með Finnum, þá er þeir gerðu skúturnar, ok höfðu Finnar þar mungát ok gerðu honum þar veizlu. Síðan kvað Sigurðr þetta:

215. Gótt var í gamma,	vara þar gamans vant	
er vér glaðir drukkum	at gamans drykkju;	
ok glaðr grams sonr	þegn gladdi þegn	
gekk meðal bekkja;	þar lands sem hvar.	20

Skútur þær váru svá skjótar, at ekki skip tók þær á vatni. svá sem kveðit er:

216. Fátt eitt fylgir	svipar und segli
furu háleyskri;	sinbundit skip.

En um várit fóru þeir Sigurðr ok Magnús norðr með skútur þær ii., er Finnar höfðu gørt; en er þeir kómu í Vága, drápu þeir Svein prest ok sonu hans tvá.

#### K. 7. Hernaðr Sigurðar slembidjákns.

Sigurðr helt þá suðr í Víkar ok tók þar Viljálmm skinnara — hann var lendr maðr Sigurðar konungs —, annan Þóralda kept, ok drápu þá báða. Þá fór Sigurðr suðr með landi ok hitti þar Styrkár glæsiröfu suðr við Byrðu, þá er hann fór sunnan ór kaupangi, ok drápu hann. En er Sigurðr kom suðr til Valsness, þá hitti hann Svína-Grím ok lét höggva af honum hönd. Þá fór hann suðr á Mœri fyrir útan Þrándheims-mynni ok tók þar Heðin harðmaga ok Kálf kringluauga, ok lét hann Heðin undan ganga, en þeir drápu Kálf. Sigurðr konungr ok Sæða-Gyrðr, fóstri hans, spurðu til fara Sigurðar ok hvat hann hafðisk at. Þá sendu þeir menn at leita hans; fengu þeir þá til forráða Jón

kǫðu, son Kálfs ins ranga, bróður Ívars byskups, ok annan Jón prest smyrl. Þeir skipuðu Hreininn, er var xxii. rúm ok allra skipa skjótast. Þeir fóru at leita Sigurðar ok funnu hann eigi ok fóru aptr við litinn orðztír, þvíat menn segja svá, at þeir  
 5 sæi þá ok þærði eigi at leggja at þeim. Sigurðr fór suðr á Hǫrðaland ok kom í Herðlu. Þar átti bú Einarr, sonr Laxa-Páls, ok var hann farinn í Hamarsfjörð inn til gagndagaþings. Þeir tóku fé alt, er heima var, ok langskip hálfþrítøgt, er Einarr átti, ok son hans iii. vetra gamlan, er lá hjá verkmanni hans;  
 10 vildu sumir drepa sveininn, en sumir hafa brot með sér; verkmaðrinn segir þeim: »ekki mun yðr happ at drepa svein þenna, ok engi tilsœgja er yðr at hafa hann í brot; þetta er minn sonr, en eigi Einars« — ok af hans orðum létu þeir eptir sveininn, en þeir fóru brot. En er Einarr kom heim, þá gaf  
 15 hann verkmanninum fé til ii. aura gullz ok þakkaði honum sitt tiltœki ok lézk skyldu vera vinr hans jafnan síðan. — Svá segir Eiríkr Oddzson, er fyrsta sinn reit þessa frásøgn, at hann heyrði í Björgyn segja frá þessum atburðum Einar Pálsson. — Sigurðr fór þá suðr með landi ok alt í Vík austr ok hitti Finn Sauða-  
 20 Ulfsson austr á Kvildum, er hann fór heimta landskyldir Inga konungs, ok létu hengja hann. Þeir fóru síðan suðr til Danmerkr.

#### K. 8. Bréfsending Inga konungs.

Víkverjar ok Björgynjar-menn mæltu, at þat var ósómi, er Sigurðr ok vinir hans sátu kyrrir norðr í kaupangi, þótt fǫður-  
 25 banar hans færi þjóðleið fyrir útan Þrándheims-mynni, en Ingi konungr ok hans lið sat í Vík austr við háskann ok varði landit ok hafði átt margar orrostur. Þá sendi Ingi konungr bréf norðr til kaupangs; þar stóðu þessi orð á: »Ingi konungr, sonr Haraldz konungs, sendir kveðju Sigurði konungi, bróður sínum, ok Sáða-  
 30 Gyrð, Ögmundi svipti, Öttari birtingi ok öllum lendum mǫnnum, hirðmǫnnum ok húskǫrlum ok allri alþýðu, sælum ok veslum, ungum ok gömlum, guðs ok sína. Öllum mǫnnum eru kunnug vandræði þau, er vér höfum, ok svá æska, at þú heitir v. vetra gamall, en ek þrævetr. Megum vit ekki at færask, nema þat, er  
 35 vit njótum vina okkarra ok góðra manna. Nú þykkjumk ek ok mínir vinir vera nær staddir vannkvæði ok nauðsyn beggja okkarra, en þú eða þínir vinir. Nú gerðu svá vel, at þú far til fundar míns sem fyrst ok fjölmennastr, ok verum báðir saman, hvat sem í gerisk. Nú er sá okkarr mestr vinr, er til þess heldr,

at vit sém æ sem sáttastir ok jafnast haldnir í ǫllum hlutum; en með því at þú afrækisk ok vill eigi fara at nauðsynligri orð-sending minni enn sem fyrr hefir þú gort, skaltu við því búask, at ek mun fara á hendr þér með lið; skipti þá guð með okr, þvíat eigi megum vér hafa lengr svá búit, at sitja með svá 5 miklum kostnaði ok fjölmenni, sem hér þarf fyrir ófriðar sakir, en þú tekr hálfar allar landskyldir ok aðrar tekjur í Nóregi. Lif í guðs friði«. Þá svarar Óttarr birtingr ok stóð upp á þinginu ok mælti.

## K. 9. Tala Óttars birtings.

10

»Þat er mál Sigurðar konungs at mæla til Inga konungs, bróður síns, at guð þakki honum góða kveðju ok svá starf ok torveldi, er þú hefir ok þínir vinir í ríki þessu at beggja okkarra nauðsyn. En þótt sumt þykki heldr orðigt í orðum Inga konungs til Sigurðar konungs, bróður síns, þá hefir hann mikit til máls 15 síns í marga staði. Nú vil ek lýsa yfir mínu skapi ok heyra, hvárt þar fylgi vili Sigurðar konungs eða annarra ríkismanna, at þú, Sigurðr konungr, búisk ok þat lið, er þér vill fylgja, at verja land þitt, ok far sem fjölmennastr á fund Inga konungs, bróður þíns, sem fyrst máttu, ok styrki hvárr ykkarr annan í 20 ǫllum farsæligum hlutum, en almáttigr guð báða ykk. Nú viljum vér heyra orð þín, konungr«. Pétr, sonr Sauða-Ulfs, bar Sigurð konung á þingit, er síðan var kallaðr Pétr byrðarsveinn. Þá mælti Sigurðr konungr: »vitu þat allir menn, ef ek skal ráða, at ek vil fara á fund Inga konungs, bróður míns, sem fyrst má 25 ek«. En þar talaði annarr at ǫðrum ok hóf sinsig hvern, en lauk í sama stað sínu máli, sem svarat hafði Óttarr birtingr, ok var þá þat ráðit, at stefna liði saman ok fara austr í land. Síðan fór Sigurðr konungr austr í Vík ok hitti þar Inga konung, bróður sinn.

30

## K. 10. Orrosta við Hólm inn grá.

Sama haust kómu þeir Sigurðr slembidjárn ok Magnús blindi sunnan ór Danmörk með xxx. skipa, bæði Dana-lið ok Norðmanna; þat var nær vetrnóttum. En er þetta spyrja konungar ok þeira lið, fara þeir austr í móti. Þeir hittusk í Hvølum 35 við Hólm inn grá; þat var inn næsta dag eptir Marteinsmessu; þá var sunnudagr. Ingi ok Sigurðr konungr höfðu xx. skip ok ǫll stór; var þar orrosta mikil, en eptir ina fyrstu hríð flýðu

Danir með xviii. skipum heim suðr. Þá hruðusk skip þeira Sigurðar ok Magnús. En er mjök var hroðit skip Magnús, en hann hvílði í hvilu sinni, Hreiðarr Grjótgarðzson, er lengi hafði fylgt honum ok verit hirðmaðr hans, hann tók Magnús konung
 5 í fang sér ok vildi hlaupa á skip annat; þá var Hreiðarr skotinn spjóti milli herðanna ok þar í gognum; en svá segja menn, at þar fengi Magnús konungr bana af því sama sári, ok fell Hreiðarr á bak aptr á þiljurnar, en Magnús á hann ofan; en þat mælið hvern maðr, at hann þœtti vel ok þrúðliga hafa fylgt sínum
 10 lánardrótni; gott er hverjum, er slíkan orðróm getr. Þar fell Loðinn saupprúðr af Línustöðum á skipi Magnús konungs ok Bersi Þormóðarson, stafnbúi Sigurðar slembidjákns, ok Ívarr Kolbeinsson ok Hallvarðr fægir, fyrirruðsmaðr Sigurðar slembidjákns; sá Ívarr gekk inn at Haraldi konungi ok vann fyrstr
 15 á honum. Þá fell mikill hluti liðs þeira Magnús, þvíat Inga menn létu ekki undan ganga, þat er þeir máttu ná, þótt ek nefna fá menn til. Þeir drápu í einum hólma meirr en lx. manna; þar váru ii. íslenzkir menn drepnir, Sigurðr prestur, sonr Bergþórs Mássonar, ok annarr Klémet, sonr Ara Einarssonar. Ívarr
 20 skrauthanki, sonr Kálfs ins ranga, er síðan var byskup í Þrándheimi norðr, hann var faðir Eiríks erkibyskups; Ívarr hafði óvalt fylgt Magnúsi; hann komsk á skip Jóns kofu, bróður síns; en Jón átti Céciliu, dóttur Gyrðar Bárðarsonar, ok váru þeir í liði Inga konungs ok Sigurðar, ok þeir kómusk á skip Jóns;
 25 ii. Arnbjörn ambi, er síðan átti dóttur Þorsteins í Auðsholti; iii. var Ívarr dynta Starason, hann var bróðir Helga Starasonar, en þrœnzkr at móðurkyni, inn vænsti maðr. En er liðsmenn urðu varir við þetta, at þeir váru þar, þá gripu þeir til vápna sinna ok gengu at þeim Jóni, en þeir bjoggusk við, ok var við
 30 sjálft, at þar myndi alþýða berjask. En þat var at sætt með þeim, at Jón leysti undan Ívar bróður sinn ok Arnbjörn ok festi fé fyrir þá, en þat fé var honum gefit síðan. En Ívarr dynta var leiddr á land upp ok hoggvinn, þvíat þeir Sigurðr ok Gyrðr Kolbeinssynir vildu eigi taka fé fyrir hann, þvíat þeir kendu
 35 honum, at hann hefði verit at vígi Benteins, bróður þeira. Þat segir Ívarr byskup, at þat hefði svá yfir hann gengit, at honum hafði verst þótt, er Ívarr var leiddr á land upp undir øxi ok hvarf áðr til þeira ok bað þá heila hittask. Svá sagði Guðríðr Birgisdóttir, systir Jóns erkibyskups, Eiríki Oddszyni, en hon
 40 lézk Ívarr byskup heyra þat mæla.

## K. 11. Sigurðr slembidjárn handtekinn.

Pránder gjalkeri hét maðr, er stýrði skipi í Inga liði. En þá var svá komit, at Inga menn røru á smábátum at þeim mǫnnum, er á sundi váru, ok drápu hvern, er þeir náðu. Sigurðr slembidjárn hljóp á kaf af skipi sínu, þá er hroðit var, ok 5 steypði brynjunni af sér í kafi, svam síðan ok hafði skjöld yfir sér; en menn nokkurir af skipi Práandar tóku á sundi mann einn ok vildu drepa hann, en sá það sik undan ok lézk mundu segja þeim, hvar Sigurðr slembir var, en þeir vildu þat; — en skildir ok spjót ok menn dauðir ok klæði flutu víða hjá skipunum —, 10 »sjá munuð þér, segir hann, hvar flýtr einn rauðr skjöldr; þar er hann undir«. Síðan røru þeir þannug ok tóku hann ok fluttu til skips Práandar, en Pránder gerði orð Þjóstólfi ok Óttari ok Amunda. Sigurðr slembir hafði haft á sér eldzvirki, ok var fnjóskrinn í valhnotarskurn innan, ok steypt um útan vaxi. Því 15 er þess getit, at þat þótti hugkvæmligt at búa svá um, at aldri vættisk. Því hafði hann skjöldr yfir sér, er hann svam, at þá vissi engi, hvárt sá skjöldr var eða annarr, er margir flutu á sænum. Svá sögðu þeir, at aldri mundu þeir hitta hann, ef eigi væri þeim sagt til hans. Þá er Pránder kom til landz með hann, 20 þá var sagt liðsmǫnnum, at hann var tekinn; þá sló ópi á herinn af fagnaðinum. En er Sigurðr heyrði þat, þá mælti hann: »margr vándr maðr mun hér verða feginn af hǫfði mínu í dag«. Þá gekk Þjóstólfr Álason til, þar er hann sat, ok strauk af hǫfði honum silkihúfu, hløðum búna; þá mælti Þjóstólfr: »hví vartu 25 svá djarfr, þrælssonrinn, at þú þorðir at kallask sonr Magnús konungs?«. Hann segir: »eigi þarftu jafna fǫður mínum við þræl, þviat lítils var þinn faðir verðr hjá mínum fǫður«. — Hallr, sonr Þorgeirs læknis Steinssonar, var hirðmaðr Inga konungs ok var við staddr þessi tíðendi; hann sagði Eiríki Oddszyni 30 fyrir, en hann reit þessa frásögn; Eiríkr reit bók þá, er kolluð er Hryggjarstykki; í þeiri bók er sagt frá Haraldi gilla ok tveimr sonum hans ok frá Magnúsi blinda ok frá Sigurði slembi, alt til dauða þeira. Eiríkr var vitr maðr ok var í þenna tíma löngum í Nóregi. Suma frásögn reit hann eptir fyrirsögn 35 Hákonar maga, lendz mannz þeira Haraldzsona. Hákon ok synir hans váru í öllum þessum deilum ok ráðagörðum. Enn nefnir Eiríkr fleiri menn, er honum sögðu frá þessum tíðendum, vitrir



ok sanureyndir, ok váru nær, svá at þeir heyrðu eða sá atburðina, en sumt reit hann eptir sjálfs sín sýn eða heyrn.

K. 12. Píning Sigurðar slembidjákns.

Hallr segir svá, at hofðingjar vildu drepa hann láta þegar, 5 en þeir menn, er grimmastir váru ok þóttusk eiga at reka harma sinna á honum, réðu píslum hans, ok váru til þess nefndir þeir bræðr Benteins, Sigurðr ok Gyrðr Kolbeinssynir, ok Pétr byrðarsveinn vildi hefna Finnz, bróður síns, en hofðingjar ok flest fólk annat gekk frá. Þeir brutu fótleggi hans í sundr með 10 oxarhömrum ok handleggi, þá flettu þeir hann af klæðum ok ætluðu flá hann kykvan ok klufu svörð í hofði honum; þat máttu þeir eigi gera fyrir blóðrás. Þá tóku þeir svarðsvipur ok þorðu hann lengi, svá at vandliga var öll húðin af, svá sem flegin væri. En síðan tóku þeir ok skutu stokki á hrygginn, svá at sundr gekk. 15 Þá drógu þeir hann til trés ok hengðu ok hjoggu síðan af hofuðit ok drógu brot líkama hans ok reyrdu í hreysi nokkut. Þat er allra manna mál, vina hans ok óvina, at engi maðr í Nóregi hafi verit betr at sér gørr um alla hluti en Sigurðr í þeira manna minnum, er þá váru uppi, en ógæfumaðr var hann um suma 20 hluti. Svá segir Hallr, at hann mælti fátt ok svaraði fá, þótt menn orti orða á hann; en þat segir Hallr, at hann brásk aldri við, heldr en þeir lysti á stokk eða á stein; en þat lét hann fylgja, at þat mátti vera um góðan dreng, þann er vel væri at þrek búinn, at sá mátti standask píningar at því, at maðr heldi munni 25 sínum eða brygði sér litt við, en þat sagði hann, at aldri brá hann máli sínu ok jafnlétt mæltr sem þá, at hann væri á qlbekk inni, hvárki mælti hann hæra né lægra, eða skjálfhendra, en sem vanði hans var til; mælti hann alt til þess, er hann andaðisk, ok song þriðjung ór psalterió, ok lézk honum þat þykkja umfram 30 eljan ok styrk annarra manna. En prestr sá, er þar hafði kirkju skamt frá, lét lík Sigurðar færa þannug til kirkju; sá prestr var vinr þeira Haraldzsona. En er þetta spurðisk, þá koptuðu þeir reiði á hann ok létu aprt flytja líkit, sem áðr hafði verit, ok varð þó prestr fé fyrir gjalda. En vinir Sigurðar fóru síðan eptir 35 líkinu ór Danmørk sunnan með skip ok færdu til Álaborgar ok grófu at Máriukirkju þar í býnum. Svá sagði Eiriki Ketill prófastr, er varðveitti Máriukirkju, at Sigurðr væri þar grafinn. Þjóstólfr Alason lét færa lík Magnús konungs til Óslóar ok grafa at Hallvarðzkirkju hjá Sigurði konungi, foður hans. Loðin

sauprúð færðu þeir til Túnsbergs, en alt annat lið grófu þeir þar.

K. 13. Eysteinn Haraldzson kom í Nóreg.

Sigurðr ok Ingi höfðu ráðit Nóregi vi. vetr. Þat vár kom Eysteinn vestan af Skotlandi; hann var sonr Haraldz gilla. Árni 5 sturla ok Þorleifr Brynjólfsson ok Kolbeinn hrúga, þeir höfðu farit vestr um haf eptir Eysteini ok fylgðu honum í land ok heldu þegar norðr til Þrándheims, ok tóku Þrændir við honum, ok var hann til konungs tekinn á Eyraþingi um gagndaga, svá at hann skyldi hafa þriðjung Nóregs við bræðr sína. Sigurðr 10 ok Ingi váru þá austr í landi; fóru þá menn í milli þeira konunganna ok sættu þá svá, at Eysteinn skyldi hafa þriðjung ríkis. Engi váru skírslí gør Eysteini til faðernis, nema því var trúat, er Haraldr konungr hafði til sagt. Þjadhok hét móðir Eysteins konungs, ok kom hon í Nóreg með honum. 15

K. 14. Dráp Óttars birtings.

Magnús hét inn iii. sonr Haraldz konungs; hann fóstraði Kyrpinga-Ormr; hann var ok til konungs tekinn ok hafði sinn hluta af landi. Magnús var veill á fótum ok lifði lítla hríð ok yarð sótt dauðr; hans getr Einarr Skúlason: 20

217. Auð gefr Eysteinn lýðum, fjöldýrs, hafa fjórir,  
eykr hjaldr Sigurðr skjaldar, folktjald, komit aldri,  
lætr Ingi slög syngva, rýðr bragnings kyn blóði,  
semr Magnús frið bragna; bræðr und sól en æðri.

Eptir fall Haraldz konungs gilla var Ingiríðr drótning gipt 25 Óttari birtingi; hann var lenðr maðr ok höfðingi mikill, þrænzkr at ætt; hann var mikill styrkðarmaðr Inga konungs, meðan hann var í barnæsku. Sigurðr konungr var ekki mikill vinr hans ok þótti hann alt hallr undir Inga konung, mág sinn. Óttarr birtingr var drepinn norðr í kaupangi í einvígi um kveld, er hann skyldi 30 ganga til aptansøngs; en er hann heyrði hvininn af högginu, þá brá hann upp hendi sinni ok skikkju í móti ok hugði, at kastat væri snjákekki at honum, sem títt er ungum sveinum; hann fell við höggit; en Álfr hroði, sonr hans, kom þá gangandi í kirkju-garðinn; hann sá fall fōður síns, ok svá, at maðr sá, er vegit 35 hafði, hljóp austr um kirkjuna. Álfr hljóp eptir honum ok drap hann við sønghúshornit, ok mæltu menn, at honum hefði vel gefit hefndina, ok þótti hann miklu meiri maðr en áðr.

## K. 15. Uphaf Eysteins konungs Haraldzsonar.

Eysteinn konungr Haraldzson var þá inn í Prándheimi, er hann spurði fall Óttars, ok stefndi til sín bóndaliði; hann fór út til bæjar ok varð allfjqlmennr. En frændr Óttars ok aðrir  
 5 vinir kendu ráðin mest Sigurði konungi, en hann var þá í kaupangi, ok váru bæendr mjök geystir á hendr honum; en hann bauð fyrir sik skírslur ok festi járnburð, at svá skyldi sanna mál hans, ok varð þat at sætt. Fór Sigurðr konungr eptir þat suðr í land, ok urðu þessar skírslur aldrigi af hõndum greiddar.

## 10 K. 16. Uphaf Orms konungsbróður.

Ingiríðr drótning gat son við Ivari sneis; sá hét Ormr, er síðan var kallaðr konungsbróðir; hann var inn fríðasti sýnum ok gerðisk mikill hõfðingi, sem enn mun síðarr getit verða. Ingiríðr drótning var gipt Árna á Stoðreimi; hann var síðan kallaðr  
 15 konungsmágr; váru þeira bõrn Ingi, Níkolás, Philippús í Herðlu, ok Margrét, er átti Bjõrn bukk, en síðan Símun Kárason.

## K. 17. Utferð Erlings ok Rõgnvaldz jarls.

Erlingr hét sonr Kyrpinga-Orms ok Ragnhildar, dóttur Sveinka Steinarssonar. Kyrpinga-Ormr var sonr Sveins Sveinsonar, Erlendzsonar ór Gerði. Móðir Orms var Ragna, dóttir  
 20 Orms jarls Eilífssonar ok Sigríðar, dóttur Finnz jarls Árnasonar. Móðir Orms jarls var Ragnhildr, dóttir Hákonar jarls ins ríka. Erlingr var vitr maðr ok var vinr mikill Inga konungs, ok með hans ráði fekk Erlingr Kristínar, dóttur þeira Sigurðar konungs  
 25 ok Málmfríðar drótningar. Erlingr átti bú á Stuðlu á Sunn-Hõrðalandi. Erlingr fór ór landi ok með honum Eindriði ungi ok enn fleiri lendir menn, ok hõfðu frítt lið. Þeir bjoggusk til Jõrsalaferðar ok fóru vestr um haf til Orkneyja. Þaðan fór Rõgnvaldr jarl, er Kali var kallaðr, ok Viljálmr byskup; þeir  
 30 hõfðu allz af Orkneyjum xv. langskip ok siglðu til Suðreyja ok þaðan vestr til Vallandz ok þá leið síðan, er farit hafði Sigurðr konungr Jõrsalafari, út til Nõrvasunda ok herjuðu víða út um Spán heiðna. Lítlu síðarr en þeir siglðu um sundin, skilðisk brot Eindriði ungi ok þeir, er honum fylgðu, með vi. skipum,  
 35 ok fóru síðan sér hvárir. En Rõgnvaldr ok Erlingr skakki hittu á drómund einn í hafi ok lögðu til ix. skipum ok bõrðusk við þá; en at lykðum lögðu þeir snekkjurnar undir drómundinn;

báru þá heiðnir menn ofan á þá bæði vápn ok grjót ok grýtur fullar af vellanda biki ok viðsmjörvi. Erlingr lá sínu skipi næst þeim, ok bar fyrir útan þat skipit vápnaburðinn heiðinna manna. Þá hjoggu þeir Erlingr raufar á drómundinum, sumar í kafi niðri, sumar uppi á borðunum, svá at þeir fóru þar inn; svá 5 segir Þorbjörn Skakkaskáld í Erlingsdrápu:

218. Hjoggu oxar eggjum            eyðendr sǫu yðrar  
 ugglaust hvatir glugga            arnar hungrs á, jǫrnnum,  
 (því vas nent) á nýju            vágfylvingi, vélar,  
 Norðmenn í kaf borði;            vígskorð ofan þorðuð. 10

Auðum rauði hét sá maðr, stafnbúi Erlings, er fyrst gekk upp á drómundinn; þeir unnu drómundinn ok drápu þar ógrynni manna, tóku þar ófamikit fé ok unnu þar fagran sigr. Rognvaldr jarl ok Erlingr skakki kómu í þeiri ferð til Jórsala-landz ok út til árinna Jórdánar; snøru þá aptr fyrst til Miklagarðz, létu 15 þar eptir skip sín, fóru útan landveg ok heldu heilu öllu, þar til er þeir kómu í Nóreg, ok var þeira ferð allmjök lofuð. Þótti Erlingr nú miklu meiri maðr en áðr, hvártveggja af ferð sinni ok kvánfangi sínu; var hann ok spekingr at viti, auðigr ok ættstórr, snjallmæltr ok var mest hallr at allri vináttu til Inga þeira 20 bræðra.

#### K. 18. Fœddr Hákon.

Síгурðr konungr reið at veizlum í Vík austr með hirð sína ok reið um bý þann, er ríkr maðr átti, er Símun hét; en er konungr reið gognum býinn, þá heyrði í hús nokkut kveðandi 25 svá fagra, at honum fanzk um mikit, ok reið til hússins ok sá þar inn, at þar stóð kona ein við kvern ok kvað við forkunnar fagrt, er hon mól. Konungr sté af hestinum ok gekk inn til konunnar ok lagðisk með henni; en er hann fór í brot, þá vissi Símun bóndi, hvat ørendi konungr hafði þannug; en hon hét 30 Þóra ok var verkakona Símunar bónda. Síðan lét Símun varðveita kost hennar. En eptir þat ól sú kona barn, ok var sá sveinn nefndr Hákon ok kallaðr sonr Sigurðar konungs; fœddisk Hákon þar upp með Símoni Þorbergssyni ok Gunnhildi, konu hans. Fœddusk þar ok upp synir þeira Símunar, Qnundr ok Andréás, 35 ok unnusk þeir Hákon mikit, svá at þá skilði ekki nema hel.

#### K. 19. Frá Eysteini ok Hising-búum.

Eysteinn konungr Haraldzson var staddr austr í Vík nær landzenda; hann var ósátttr við bæendr, Reni ok Hising-búa;

gerðu þeir samnað at honum, en hann helt við þá orrostu ok hafði sigr. Þar heitir Leikberg, er þeir þorðusk; hann brendi ok mjök víða í Hising. Síðan gengu bæendr til handa ok guldu gjöld stór, en konungr tók gísla af þeim; svá segir Einarr

5 Skúlason:

- |      |   |   |
|------|---|---|
| 219. | Víkverjum galt<br>(vas þannug halt)<br>görræði gramr<br>gjöfmildir ok framr;<br>10 flest fólk vas hrætt,<br>áðr fengi sætt,<br>en gísla tók<br>sás gjöldin jök. | 220. Vann siklingr sótt<br>við snarpa drótt<br>(leyfð es lýðum bær)<br>Leikbergi nær;<br>Renir flýðu ríkt;<br>ok reiddi slíkt,<br>öld festi auð,<br>sem öðlingr bauð. |
|------|---|---|

K. 20. Herferð Eysteins konungs Haraldzsonar.

- 15 Lítlu síðarr byrjaði Eysteinn konungr ferð sína ór landi vestr um haf ok siglði til Kataness; hann spurði til Haraldz jarls Maddaðarsonar í Þórsá; hann lagði til með iii. smáskútur, ok kómu á þá óvara; en jarl hafði haft xxx. skip, ok á lxxx. manna. En er þeir váru óbúnir við, þá fengu þeir Eysteinn konungr
- 20 þegar upgöngu á skipit ok tóku höndum jarl ok höfðu með sér á skip; hann leysti sik út með iii. mörkum gullz, ok skilðusk þeir at svá búnu; svá segir Einarr Skúlason:

- |      |   |  |
|------|---|--|
| 221. | Váru (sogns) með (sára)<br>syni Maddaðar staddir<br>25 (mágrennir fremsk) manna<br>(máttigr) tigr átta; | þrimr skútum tók þreytir<br>þann jarl drasils hranna;<br>hraustr gaf hræskúfs nistir<br>höfuð sitt frömum jöfri. |
|------|---|--|

Eysteinn konungr siglði þaðan suðr fyrir austan Skotland ok lagði til kaupstaðar þess á Skotlandi, er heitir Apardjón, ok drap þar mart manna ok rænti staðinn; svá segir Einarr

30 Skúlason:

- |         |  |   |
|---------|--|---|
| 222.    | Frétt hefk, at fell<br>(folk- brustu -svell),<br>Aðra orrostu átti hann suðr við Hjartapoll við riddaralið, ok kómu þeir á flóttu; hruðu þeir skip nokkut þar; svá segir Einarr: | jöfurr eyddi frið,<br>Apardjónar lið.   |
| 35 223. | Beit buðlungs hjörr,<br>blóð fell á dorr,<br>hirð fylgðisk holl,<br>við Hjartapoll;  | hugin gladdi heit,<br>hruðusk Engla beit,<br>(óx vitnis vín)<br>valbasta rín. |

Pá helt hann enn suðr á England ok átti iii. orrostu við Hvítabý ok fekk sigr, en brendi býinn; svá segir Einarr:

224. Jók hilmir hjaldr,                      ríkt lék við rǫnn,  
      þar vas hjǫrva galdr,                      (rauzk ylgjar tǫnn),  
      (hjósok hildar ský)                      feksk fyrðum harmr,                      5  
      við Hvítabý;                      fyriskógar garmr.

Eptir þat herjaði hann víða um England. Pá var Stefnir konungr á Englandi. Því næst átti Eysteinn konungr orrostu við Skarpasker við riddara nokkura; svá segir Einarr:

225. Drap dǫglingr gegn,                      við Skǫrpusker                      10  
      dreif strengjar regn,                      skjaldkœnan her.

Þar næst barðisk hann í Pílavík ok fekk sigr; svá segir Einarr:

226. Rauð siklingr sverð,                      vann vísi alt,  
      sleit gylðis ferð                      fyr vestan salt  
      þrútt Parta lík,                      brandr gall í brún,                      15  
      í Pílavík;                      brent Langatún.

Þeir brendu þar Langatún, mikit þorp, ok segja menn, at sá býr hafi lítla upreist fengit síðan. Eptir þat fór Eysteinn konungr brot af Englandi ok um haustit aptr í Nóreg, ok ræddu menn um þessa ferð allmisjafnt.                      20

#### K. 21. Frá Haraldzsonum.

— Friðr góðr var í Nóregi ǫndurða daga sona Haraldz konungs, ok var þeira samþykki til nokkurrar hlítar, meðan it forna ráðuneyti þeira lifði, en þeir Ingi ok Sigurðr vǫru bernskir; hǫfðu þeir þá eina hirð báðir, en Eysteinn einn sér; var hann 25 maðr fullroskinn at aldri. En er andat var fóstrneyti þeira Inga ok Sigurðar, Sáða-Gyrðr Bárðarson, Ámundi Gyrðarson, Þjóstólfr Álason, Öttarr birtingr, Ǫgmundr sviptir ok Ǫgmundr dengir, bróðir Erlings skakka, — lítils þótti vert um Erling, meðan Ǫgmundr lifði —, síðan skildu þeir hirð sína Ingi ok 30 Sigurðr, ok ræð þá til fulltings við Inga konung Grégóriús, sonr Dags Eilífssonar ok Ragnhildar, dóttur Skopta Ǫgmundarsonar. Grégóriús hafði auð fjár, ok var sjálfr inn mesti skǫrungr; gerðisk hann forstjóri fyrir landráðum með Inga konungi, en konungr veitti honum at taka af sinni eign slíkt 35 er hann vildi. Sigurðr konungr gerðisk ofstopamaðr mikill ok óeirinn um alla hluti, þegar er hann óx upp, ok svá þeir Eysteinn báðir, ok var þat nokkuru nærr sanni, er Eysteinn var, en hann var allra fégjarnastr ok sinkastr. Sigurðr konungr gerðisk

maðr mikill ok sterkr, vaskligr maðr sýnum, jarpr á hár, munnljótr, ok vel at þörum andlitssköpum; allra manna var hann snjallastr ok gørvastr í máli; þess getr Einnarr Skúlason:

227. Snild berr, snarpa elda svá 's, ef Rauma ræsir  
 5 sárflóðs þess 's rýðr blóði, reiðorðr tölur greiðir,  
 (gefit hefr goð sjalfr jöfri (rausn vinnr gramr) sem gumnar  
 gagn) Sigurðar magni; (gladmæltr) þegi aðrir.

## K. 22.

Eysteinn konungr var svartr maðr ok dökkliðaðr, heldr hár  
 10 meðalmaðr, vitr maðr ok skynsamr; en þat dró mest ríki undan  
 honum, er hann var sínkr ok fégjarn. Hann átti Rognu, dóttur  
 Níkolás mása. Ingi konungr var manna fegrstr í andliti, hann  
 hafði gult hár ok heldr þunt, ok hrökk mjök; litill var hans  
 upvöxtr, ok tregliga mátti hann ganga einn samt, svá var visinn  
 15 annarr fótrinn, en knýtt var hann á herðum ok á bringu; hann  
 var blíðmæltr ok dæll vinum sínum, qrr af fé, ok lét mjök  
 höfðingja ráða með sér landráðum, vinsæll við alþýðu, ok dró  
 þat alt saman mjök undir hann ríki ok fjölmenni. Brígiða hét  
 dóttir Haraldz konungs gilla; hon var gipt fyrst Inga Hall-  
 20 steinssyni Svía-konungi, en síðan Karli jarli Sónasyni, en þá  
 Magnúsi Svía-konungi; þeir Ingi konungr Haraldzson váru  
 sammœðra. Síðarst átti hana Birgir jarl Brosa; þau áttu ii.  
 sonu, einn Philippús jarl, ii. Knútr jarl, iii. Fólki, iii. Magnús;  
 døtr þeira Ingigerðr, er átti Sørkvir konungr; þeira sonr Jón  
 25 konungr; qnnur Kristín, iii. Margrét. Mária hét qnnur dóttir  
 Haraldz gilla; hana átti Símun skálpr, sonr Hallkels húks;  
 Níkolás hét sonr þeira. Margrét hét in iii. dóttir Haraldz gilla;  
 hana átti Jón Hallkelsson, bróðir Símunar. Nú gerðisk mart  
 þess í með þeim brœðrum, er til sundrþykkis var, en ek mun þó  
 30 hins eins geta, er mér þykkir mestum tíðendum sætt hafa.

## K. 23. Níkolás karðínáli kom til landz.

Níkolás karðínáli af Rúmaborg kom í Nóreg á dögum þeira  
 Haraldzsona, ok hafði pávinn hann sent í Nóreg. En karðínál-  
 inn hafði reiði á þeim Sigurði ok Eysteini, ok urðu þeir at ganga  
 35 til sættar við hann, en hann var afarvel sáttr við Inga ok kallaði  
 hann son sinn. En er þeir váru allir sáttir við hann, veitti hann  
 þeim at vígja Jón Birgisson til erkibyskups í Þrándheimi ok  
 fekk honum klæði þat, er pallium heitir, ok mælti svá, at erki-

byskupsstóll skyldi vera í Niðarósi at Kristskirkju, þar er Óláfr konungr inn helgi hvílir, en áðr höfðu ljóðbyskupar einir verit í Nóregi. Karðínállinn kom því við, at engi maðr skyldi með vápnum fara í kaupstöðum at ósekju, nema xii. menn þeir, er fylgð áttu með konungi. Hann bætti at mǫrgu sið manna í 5 Nóregi, meðan hann var þar í landi. Eigi hefir sá maðr komit í Nóreg útlendr, er allir menn mæti jafnmikils eða jafnmiklu mætti ráða við alþýðu sem hann. Hann fór suðr síðan með miklar vingjafir ok lézk ofvalt mundu vera inn mesti vinr Norðmanna. En er hann kom suðr til Rúmaborgar, þá andaðisk 10 bráðliga pávinn, sá er áðr var, en allr Rúmaborgar-lýðr vildi taka Nikolaúm til páva; þá var hann vígðr til páva með nafni Adriánús. Svá segja þeir menn, er um hans daga kómu til Rúmaborgar, at aldri átti hann svá skylt ørendi við aðra menn, at eigi mælti hann við Norðmenn fyrst ofvalt, er þeir vildu hafa 15 mál hans. Hann var eigi lengi pávi, ok er hann kallaðr heilagr.

#### K. 24. Jartegnir Óláfs konungs.

A dǫgum þeira sona Haraldz gilla varð atburðr, at maðr er Haldórr nefndr, er varð fyrir Vinðum, ok tóku þeir hann ok veittu honum meizlur, skáru kverkrnar ok drógu þar út tunguna 20 ok skáru af í tungurótunum. Síðan sótti hann til ins helga Óláfs konungs, rendi hugnum fastliga til þess helga mannz ok bað mjök grátandi Ólaf konung ljá sér máls ok heilsu. Því næst fekk hann mál ok miskunn af þessum góða konungi ok gerðisk þegar hans þjónostumaðr um alla sína lífdaga ok varð dýrligr 25 maðr ok trúfastr. Þessi jartegn varð hálfum mánuði fyrir Óláfsmessu ina síðarri, á þeim degi, er Níkolás karðínáli varð landfastr.

#### K. 25. Jartegnir Óláfs konungs við Ríkarð prest.

Bræðr ii. váru á Uplöndum, kynstórir menn ok fjáðir vel, 30 synir Gothorms grábarðz, Einarr ok Andrés, móðurbræðr Sigurðar konungs Haraldzsonar, áttu þar óðal ok eignir allar. Systur áttu þeir fríða heldr at yfirsýn, en eigi þó til forsjála við vándra manna orði, sem síðan reyndisk. Hafði hon blíðlæti mikit við prest einn enskan, er Ríkarðr hét, er þar var heimilis- 35 vistum með bræðrum hennar, ok gerði hon honum mart í vilð ok opt mikit gagn fyrir sakir góðvilja. Þat bar eigi betr at, en um konu þá fór ok flaug ferligt orð; síðan er þat var á



málreið komit, þá hugðu þat allir menn á hendr prestinum ok  
 svá bræðr hennar; þegar þeir urðu þess varir, þá létu þeir hann  
 líkligstan til fyrir alþýðu í þeiri miklu blíðu, er þeira varð á  
 meðal. Varð þeim síðan mikill ófarnaðr, sem eigi var örvænt,  
 5 er þeir þoggðu um leyndri vél ok létu ekki á sér finna. En um  
 dag nokkurn kölluðu þeir prestinn til sín; hann varði enskis af  
 þeim nema góðs eins; teygðu hann heiman með sér ok kváðusk  
 fara skyldu í annat herað at sýsla þar nokkut, þat er þeir þurptu,  
 ok báðu hann fylgja sþér; höfðu með sér heimamann sinn, er  
 10 vissi þessi ráð með þeim. Fóru þeir á skipi eptir vatni því, er  
 Rønd heitir, ok fram með vatsströndinni ok lendu við nes þat,  
 er Skiptisandr heitir; þeir gengu þar á land upp ok léku stund  
 nokkura. Þá fóru þeir í nokkurn leyndan stað, þá báðu þeir  
 verkmanninn ljósta hann øxarhamarshogg. Hann sló prest, svá  
 15 at hann lá í svima; en er hann vitkaðisk, mælti hann: »hví skal  
 nú svá hart við mik leika?«. Þeir svorðu: »þótt engi segi þér,  
 þá skaltu nú finna, hvat þú hefir gørt« — báru síðan sakir á  
 hendr honum. Hann synjaði ok mælti, það guð skipta milli þeira  
 ok inn helga Óláf konung. Síðan brutu þeir sundr fótlegg hans;  
 20 þá drógu þeir hann milli sín til skógar ok bundu hendr hans  
 á bak aptr; síðan lögðu þeir strengi at höfði honum ok þilju  
 undir herðar ok höfuðit ok settu í sneril ok snøru at strenginn.  
 Þá tók Einarr hæl ok setti á augat presti, ok þjónn hans stóð  
 yfir ok laust á með øxi ok hleypði út auganu, svá at þegar  
 25 stókk niðr á kampinn; en þá setti hann hælinn á annat augat ok  
 mælti við þjóninn: »ljóstu mun kyrrara«. Hann gerði svá; þá  
 skauzk hælinn af augasteininum ok sleit frá honum hvarminn.  
 Síðan tók Einarr hvarminn með hendi sinni ok helt af upp ok  
 sá, at augasteinninn var þar. Þá setti hann hælinn við kinnina  
 30 út, en þjónninn laust þá, ok sprakk augasteinninn á kinnarbeinit  
 niðr, þar er þat var hæst. Síðan opnuðu þeir munn hans ok  
 tóku tunguna ok drógu út ok skáru af, en síðan leystu þeir  
 hendr hans ok höfuð. Þegar er hann vitkaðisk, þá varð honum  
 þat fyrir, at hann lagði augasteinana upp við brýnnar í stað  
 35 sinn ok helt hann þar at báðum höndum, sem hann mátti; en þá  
 báru þeir hann til skips ok fóru til bæjar þess, er heitir á  
 Sæheimruð, ok lendu þar; þeir sendu mann til bæjarins at segja,  
 at prestr lá þar at skipi á ströndu. Meðan sá maðr var upp  
 farinn, er sendr var, þá spurðu þeir, ef prestr mætti mæla, en  
 40 hann blaðraði tungunni ok vildi við leita at mæla. Þá mælti

Einarr við bróður sinn: »ef hann réttisk við ok grœr fyrir tungustúfinn, þá kœmr mér þat í hug, at hann myni mæla«. Síðan klípu þeir tungustúfinn með tng ok toguðu ok skáru tysvar þaðan frá ok í tungurótunum it þriðja sinn ok létu hann þar liggja hálfdaudan. Húsfreyja þar á bænum var fatæk, en 5 þó fór hon þegar ok dóttir hennar með henni ok báru hann heim til húss í mœtlum sínum; síðan fóru þær eptir presti; en er hann kom þangat, þá batt hann sár hans ǫll, ok leituðu þau honum hœgenda, slikra sem þau máttu. Hann lá þá, inn sári prestr, aumliga búinn, vilnaðisk jafnan guðs miskunnar ok tortryggði 10 þat aldri, það guð mállauss með hugrenningum ok sútfullu hjarta, því ǫllu traustara, er hann var sjúkari, ok rendi huginum til þess milda konungs, Óláfs ins helga, guðs dýrlings, ok hafði hann áðr heyrt mart sagt frá hans dýrðarverkum ok trúði því ǫllu hvatara á hann af ǫllu hjarta til allrar hjálpar í sínum 15 nauðum. En er hann lá þar lami at ǫllu megni numinn, þá grét hann sárliga ok stundi, það með sáru brjósti þann dýrling, Ólaf konung, duga sér. En eptir miðja nótt þá sofnaði prestr inn sári; þá þóttisk hann sjá mann gøfugligan koma til sín ok mæla við sik: »illa ertu nú leikinn, Ríkarðr félagi; sé ek, at 20 eigi er nú mátrinn mikill«. Hann þóttisk sanna þat. Þá mælti sá við hann: »miskunnar ertu þurfi«. Prestr segir: »ek þyrpta miskunnar guðs almáttigs ok ins helga Óláfs konungs«. Hann segir: »þú skalt hafa ok«. Því næst tók hann tungustúfinn ok heimti svá hart, at prestinum varð sárt við; því næst strauk 25 hann hendi sinni um augu honum ok um bein, svá um aðra limi, er sárir váru. Þá spurði prestrinn, hverr þar væri. Hann leit við honum ok mælti: »Óláfr er hér norðan ór Þrándheimi« — en síðan hvarf hann í brot, en prestr vaknaði alheill ok þegar tók hann at mæla — »sæll em ek, segir hann, guði þökk ok inum 30 helga Óláfi konungi; hann hefir grœddan mik. En svá hœrmuliga sem ek var áðr leikinn« — svá bráðar bætr fekk hann allrar þeirrar óhamingju, ok svá þótti honum, sem hann hefði hvárki orðit sárr né sjúkr, tungan heil, augun bæði í lag komin, bein-brotin gróin ok ǫll ǫnnur sár gróin eða verklaus, fengit ina beztu 35 heilsu, en til jarteina var, at augu hans hœfðu verit út stungin, þá grœri ǫrr hvítt á hvarmi hvarum tveggja, til þess at sjá mætti dýrð þess ins gøfga konungs at þeim manni, er svá var aumliga búinn.

K. 26. Ingi konungr ok Sigurðr konungr áttu þing í Hólmi.

Eysteinn ok Sigurðr höfðu verit ósáttir fyrir þá sök, at Sigurðr konungr hafði vegit hirðmann Eysteins konungs, Harald inn víkverska, er hús átti í Björgyn, ok annan Jón prest tábarð, 5 son Bjarna Sigurðarsonar. Fyrir þá sök lögðu þeir með sér sættarstefnu um vetrinn á Uplöndum. Þeir sátu lengi ii. á máli, en þat kom upp ór hjali þeira, at þeir skyldu hittask í Björgyn allir bræðr eptir um sumarit; þat fylgði því máli, at þeir vildu, at Ingi konungr hefði bú ii. eða iii. ok svá mikil qnnur auðcefi, 10 at hann hefði xxx. manna með sér, ok lézk þykkja hann eigi hafa heilsu til at vera konungr. Ingi ok Grégóriús spurðu þessi tíðendi ok fóru til Björgynjar ok fjölmentu mjök. Sigurðr kom lítlu síðarr, ok hafði hann lið sýnu minna. Þá höfðu þeir Ingi ok Sigurðr verit xix. vetr konungar yfir Nóregi. Eysteinn var 15 seinni austan ór Víkinni en þeir norðan. Þá lét Ingi konungr blása til þings í Hólmi, ok koma þeir þar Sigurðr ok Ingi konungr ok fjölmenni mikit. Grégóriús hafði ii. skip, ok vel lxxxx. manna, er hann fekk allar vistir; hann helt betr húskarla sína en aðrir menn lendir, þvíat hann drakk aldri svá í skytningum, 20 at eigi drykki húskarlar hans allir með honum. Hann gekk með hjálm gullroðinn á þingit, ok alt hans lið var hjálmát. Ingi konungr stóð upp ok segir mōnnum frá, hvat hann hafði spurt, hvernug bræðr hans vildu við hann skipa, ok bað sér liðs, en alþýða manna gerði góðan róm at máli hans ok létusk honum 25 vilja fylgja.

K. 27. Frá Grégórió Dagssyni.

Þá stóð Sigurðr konungr upp ok talar, segir þat ósatt, er Ingi kendi þeim, kvað Grégóriúm slíkt upp setja, ok kvað eigi skyldu langt til, at sá fundr þeira skyldi verða, ef hann mætti 30 ráða, at hann myndi steypa hjálminum þeim inum gullroðna, ok lauk svá sínu máli, at hann kvað þá eigi lengi ganga báða. Grégóriús svarar, kvazk þat ætla, at hann þyrpti lítt at fýsask þess, ok lézk við því búinn. Fám dögum síðarr var veginn húskarl Grégóriú úti á stræti, ok vá húskarl Sigurðar konungs. 35 Þá vildi Grégóriús ganga at þeim Sigurði konungi, en Ingi konungr latti ok mart annarra manna. En er Ingiríðr, móðir Inga konungs, gekk frá aptansong, þá kom hon at, þar er veginn var Sigurðr skrudhryna; hann var hirðmaðr Inga konungs ok

var gamall ok hafði mǫrgum konungum á höndum verit; en þeir höfðu vegit hann menn Sigurðar konungs, Hallvarðr Gunnarsson ok Sigurðr, sonr Eysteins trafala, ok kendu menn ráðin Sigurði konungi. Þá gekk hon þegar til Inga konungs ok segir honum, kvað hann lengi mundu lítinn konung, ef hann 5 vildi ekki at færask, þótt hirðmenn hans væri drepnir, annarr at öðrum, svá sem svín. Konungr reiddisk við átölur hennar, ok er þau hnipðusk við, kom Grégóriús inn gangandi, hjálmaðr ok brynjaðr, bað konung eigi reiðask, kvað hana satt mæla — »en ek em hér kominn til liðs við þik, ef þú vilt veita Sigurði 10 konungi atgöngu, ok hér er meirr en c. manna út í garðinum, húskarla minna, hjálmaðir ok brynjaðir, ok munu vér þaðan at þeim sækja, er öðrum þykkir verst«. En flestir lottu ok kváðu Sigurð mundu vilja bæta óhapp sitt. En er hann sá, at letjask myndi, mælti Grégóriús við Inga konung: »svá bleðja þeir af 15 þér, drápu minn húskarl fyrir skömmu, en nú hirðmann þinn, en þeir mundu vilja veiða mik eða annan lendan mann, þann er þeim þykkir þér mest afnám at vera, en þeir sjá, at þú færisk ekki at, en taka þik af konungdóminum, eptir þat er vinir þínir eru teknir. Nú hverngan veg sem aðrir lendir menn þínir 20 vilja, þá vil ek eigi biða nauthöggsins, ok skulu vit Sigurðr katta saman þessa nótt, at því kaupi, sem þá má verða; en þat er bæði, at þú ert illa at tekinn fyrir vanheilsu sakir, enda ætla ek lítinn viljann at halda vini þína; en ek em nú albuinn at ganga til fundar við Sigurð heðan, þvíat hér er merki mitt úti«. 25 Ingi konungr stóð upp ok kallaði til klæða sinna, bað hvern mann búask, er honum vildi fylgja, ok kvað ekki tjá at letja sik, lézk lengi hafa undan ært, lét þá verða sverfa til stáls með þeim.

#### K. 28. Fall Sigurðar konungs.

Sigurðr konungr drakk í garði Sigríðar sætu ok bjósk við 30 ok ætlaði, at ekki myndi af atgöngunni verða. Síðan gengu þeir at garðinum, Ingi konungr ofan frá smiðabúðum, Árni konungsmágr útan frá Sandbrú, Áslákr Erlendzson ór garði sínum, en Grégóriús af strætinu, ok þótti þaðan verst. Þeir Sigurðr skutu mjök ór loptgluggum ok brutu ofna ok báru grjótit á 35 þá. Þeir Grégóriús brutu upp garðzhliðit, ok fell þar Einarr, sonr Laxapáls, í hliðinu af liði Sigurðar konungs ok Hallvarðr Gunnarsson; hann var skotinn í loptit inn, ok harmaði hann engi maðr. Þeir hjoggu húsín, ok gekk lið Sigurðar af hendi

honum til gríða. Þá gekk Sigurðr á loptit eitt ok vildi beiða sér hljóðs, en hann hafði gullroðinn skjöld, ok kendu menn hann ok vildu eigi hlýða honum; menn skutu at honum, svá sem í drífu sæi, ok mátti hann eigi þar vera. En þá er liðit var gengit  
 5 af hendi honum ok menn hjöggu húsit mjök, þá gekk hann út, Þórðr húsfreyja með honum, hirðmaðr hans, víkverskr maðr, ok vildu þannug, sem Ingi konungr var fyrir, ok kallaði Sigurðr á Inga, bróður sinn, at hann skyldi selja honum gríð; en þeir váru þegar hoggnir báðir, Þórðr húsfreyja með orðlofi miklu.  
 10 Þar fell mart manna, þótt ek nefna fátt, af liði Sigurðar, ok svá af Inga liði, en iv. menn af Grégóríús liði ok svá þeir, er með hvarígum váru, ok urðu þeir fyrir skotum á bryggjum niðri eða á skipum úti. Þeir þorðusk xiiii. nóttum fyrir Jónsmessu baptista, en þat var föstudagr. Sigurðr konungr var jarðaðr  
 15 at Kristskirkju inni fornu í Hólmi út. Ingi konungr gaf Grégóríó skip þat, er Sigurðr konungr hafði átt. En tveim nóttum eða þrimr síðarr kom Eysteinn konungr austan með xxx. skipa ok hafði þar Hákon bróðurson sinn í ferð með sér ok fór eigi til Björgynjar ok dvalðisk í Flóruvágum, en menn fóru í meðal  
 20 ok vildu sætta þá; en Grégóríús vildi, at þeir legði út at þeim, ok kvað eigi síðarr betra, kvazk hann mundu vera hofðingi, at því — »en þú, konungr, far eigi; er nú eigi vant liðs til«. En margir lottu, ok tóksk af því eigi ferðin. Eysteinn konungr fór austr í Víkina, en Ingi konungr norðr í Prándheim,  
 25 ok váru þeir þá sáttir at kalla ok hittusk eigi sjálfir.

#### K. 29. Frá Grégóríó Dagssyni.

Grégóríús Dagsson fór austr lítlu síðarr en Eysteinn konungr ok var uppi á Hofundi á Bratsbergi at búi sínu. Eysteinn konungr var inn í Osló ok lét draga skip sín meirr en ii. vikur  
 30 sjávar at ísi, þvíat íslög váru mikil inn í Víkinni. Hann fór upp á Hofund ok vildi taka Grégóríúm, en hann varð varr við ok fór undan upp á Pelamork með xc. manna ok þar norðr um fjall ok kom ofan í Harðangri ok fór síðan í Eðni til Stuðlu; þar átti Erlingr skakki bú, en hann var farinn norðr til  
 35 Björgynjar, en Kristín, kona hans, dóttir Sigurðar konungs, var heima ok bauð Grégóríó slíkt, er hann vildi hafa þaðan. Fekk Grégóríús þar góðar viðtökur; hann hafði langskip þaðan, er Erlingr átti, ok alt þat, er hann þurpti. Grégóríús þakkaði henni vel ok lét henni hafa orðit stórmannliga, sem ván var at.

Þeir fóru síðan til Björgynjar ok funnu Erling, ok þótti honum hon vel hafa gort.

K. 30. Sætt Inga konungs ok Eysteins konungs.

Síðan fór Grégóriús Dagsson norðr til kaupangs ok kom þar fyrir jól. Ingi konungr varð inn fegnasti honum ok bað 5 hann hafa slíkt alt af sinni eign, sem hann vildi. Eysteinn konungr brendi bæ Grégórii ok hjó búit; en naust þau, er Eysteinn konungr inn ellri hafði gera látit norðr í kaupangi, er mestar gørsimar váru, þá váru brend um vetrinn ok skip góð með, er Ingi konungr átti, ok var þat verk it óvinsæla, en ráðin váru kend 10 Eysteini konungi ok Philippó Gyrðarsyni, fóstbróður Sigurðar konungs. Um sumarit eptir fór Ingi norðan ok gerðisk inn fjölmennasti, en Eysteinn konungr austan, ok samnaði hann sér ok liði. Þeir hittusk í Seleyjum fyrir norðan Líðandisnes, ok var Ingi konungr miklu fjölmennari; var við sjálft, at þeir 15 mundu berjask. Þeir sættusk, ok varð þat at sætt, at Eysteinn skyldi festa, at gjalda hálfan v. tög marka gull; skyldi Ingi konungr hafa xxx. marka fyrir þat, er Eysteinn hafði ráðit skipabrunanum ok svá naustanna, en þá skyldi Philippús vera útlagr ok svá þeir allir, er at brennunni höfðu verit, þar er 20 skipin váru brend; þeir menn skyldu ok vera útlagir, er sannir váru at áverkum við Sigurð konung, þvíat Eysteinn konungr kendi þat Inga konungi, at hann heldi þá menn; en Grégóriús skyldi hafa xv. merkr fyrir þat, er Eysteinn konungr brendi upp fyrir honum. Eysteini konungi líkaði illa ok þótti nauðungar- 25 sætt vera. Ingi konungr fór austr í Vík frá stefnunni, en Eysteinn norðr í Þrándheim. Síðan var Ingi konungr í Víkinni, en Eysteinn konungr norðr, ok hittusk þeir ekki; en þau ein fóru orð í milli, er ekki váru til sætta, ok svá lét hvártveggi drepa vini annars, ok varð ekki af féggjaldinu af Eysteins hendi; 30 kendi ok hvárr öðrum, at ekki heldi þat, er mælt var. Ingi konungr ok þeir Grégóriús sponðu mjök lið undan Eysteini konungi, Bárð standala Brynjólfsson ok Símun skálp, son Hallkels húks, ok mart annat lendra manna, Haldór Brynjólfsson ok Jón Hallkelsson.

35

K. 31. Frá Inga konungi ok Eysteini.

Þá er liðnir váru ii. vetr frá falli Sigurðar konungs, drógu konungar her saman, Ingi austan ór landi ok fekk hann lxxx.

skipa, en Eysteinn konungr norðan ok fekk hálfan v. tög skipa. Þá hafði hann dreka inn mikla, er Eysteinn konungr Magnússon hafði látit gera, ok hófðu þeir allfritt lið ok mikit. Ingi konungr lá skipum sínum suðr við Mostr, en Eysteinn konungr  
 5 litlu norðarr í Grœningasundi. Eysteinn sendi suðr til Inga Aslák unga Jónsson ok Árna sturlu Sæbjarnarson; þeir hófðu eitt skip. En er Inga menn kendu þá, lögðu þeir at þeim ok drápu mart manna af þeim, tóku skipit ok alt þat, er á var, ok hvert fat þeira. En Aslákr ok Árni ok nokkurir menn með þeim  
 10 kómusk á land upp ok fóru til fundar við Eystein konung ok segja honum, hvernug Ingi konungr hefði fagnat þeim. Eysteinn konungr hafði þá húsþing ok segir mǫnnum, hvern ófrið þeir Ingi vildu gera, ok bað liðsmenn, at þeir skyldu honum fylgja — »ok hófum vér lið svá mikit ok gott, at ek vil hvergi undan  
 15 flýja, ef þér vilið fylgja mér«. En engi varð rómr at máli hans. Hallkell húkr var þar, en synir hans báðir með Inga, Símun ok Jón. Hallkell svaraði, svá at mjök margir heyrðu: »fylgi gullkistur þínar þér nú ok veri land þitt«.

#### K. 32. Dráp Eysteins konungs.

20 Um nóttina eptir røru þeir í brot mǫrgum skipum á laun, sumir til lags við Inga konung, sumir til Björgynjar, sumir í Fjörðu inn. En at morni, er lýst var, þá var konungr x skipum einum eptir; þá lét hann þar eptir dreka inn mikla, þvíat hann var þungr undir árum, ok fleiri skipin, ok hjoggu drekann mjök,  
 25 ok svá hjoggu þeir niðr mungát sitt ok alt þat, er þeir máttu eigi með sér hafa, spiltu þeir. Eysteinn konungr gekk á skip Endriða Jónssonar mǫrnefs, ok fóru þeir norðr ok inn í Sogn ok þaðan it øfra austr til Víkr. Ingi konungr tók skipin ok fór austr it ýtra í Víkina. En fyrir austan Fold þá var þar Eysteinn  
 30 ok hafði nær ddcc. manna. Þá sá þeir skipalið Inga konungs ok þóttusk eigi lið við hafa ok hljópu á skóg undan; þá flýði á sinn veg hvat, svá at konungr var við annan mann. Þeir Ingi urðu varir við farar Eysteins ok svá þat, at hann var fámeðr; þeir fóru at leita hans. Símun skálpr hitti hann, er hann gekk undan  
 35 hrísrunni einum at þeim. Símun heilsaði honum — »heill lávarðr« segir hann. Konungr segir: »vetka ek nema þú þykkisk nú minn lávarðr« segir hann. »Er nú sem gerisk« segir Símun. Konungr bað, at hann skyldi honum undan skjóta, kvað honum þat byrja — »þvíat lengi hefir með okr vel verit, þótt nú sé annan veg«.

Símun kvað þá ekki mundu af því verða. Konungr bað, at hann skyldi hlýða messu áðr, ok þat var. Síðan lagðisk hann niðr á grúfu ok breiddi hendr frá sér út ok bað sik hoggva í kross á milli herðanna, kvað þá skyldu reyna, hvárt hann myndi þola járn eða eigi, sem þeir höfðu sagt lagsmenn Inga. Símun mælti 5 við þann, er hoggva skyldi, bað hann til ráða, kvað konung hólzti lengi hafa kropit þar um lyng; hann var þá hoggvinn ok þótti verða við þrúðliga. Lík hans var flutt til Fors, en fyrir sunnan kirkju undir brekkunni var lík hans nátsætt. Eysteinn konungr var jarðaðr at Forskirkju, ok er leg hans á miðju kirkjugólfi 10 ok breiddr yfir kógurr, ok kalla menn hann helgan. Þar sem hann var hoggvinn ok blóð hans kom á jörð, spratt upp brunnr, en annarr þar undir brekkunni, sem lík hans var nátsætt; af hváru tveggja því vatni þykkjask margir menn bót hafa fengit. Þat er sögn Víkverja, at margar jartegnir yrði at leiði Eysteins 15 konungs, áðr óvinir hans steypði á leiðit hundzsoði. Símun skálpr var it mesta óþokkaðr af verki þessu, ok var þat alþýðumál, en sumir segja, þá er Eysteinn konungr var handtekinn, at Símun sendi mann til fundar við Inga konung, en konungr bað Eystein eigi koma í augsyn sér; svá hefir Sverrir kon- 20 ungr rita látit, en þannug segir Einarr Skúlason:

228. Mun, sás morði vandisk      síð af slíkum róðum  
margillr ok sveik stilli,      Símun skalpr of hjalpask.



## Uphaf Hákonar herðibreiðs.

### K. 1.

Hákon konungr, sonr Sigurðar konungs, var tekinn til hofðingja yfir flokk þann, er áðr hafði fylgt Eysteini konungi, ok gáfu flokksmenn honum konungsnafn; þá var hann x. vetra.  
5 Þar váru þá með honum Sigurðr, sonr Hallvarðz hofdz af Reyri, ok þeir Andréás ok Qnundr, fóstbræðr Hákonar, Símunarsynir, ok mart annarra hofðingja ok vina Eysteins konungs ok Sigurðar konungs. Þeir fóru fyrst upp á Gautland. Ingi konungr kastaði sinni eigu á þat alt, er þeir áttu í Nóregi, ok  
10 gerði þá útlaga. Ingi konungr fór norðr í Víkina ok var þar, en stundum norðr í landi. Grégóriús var í Konungahellu við háskann ok varði þar landit.

### K. 2. Frá Grégórió Dagssyni.

Eptir um sumarit kómu þeir Hákon ofan af Gautlandi ok  
15 fóru til Konungahellu ok hofðu allmikit lið ok frítt. Grégóriús var þar í býnum ok stefndi þing fjölment við bæendr ok býjar-menn ok krafði sér liðs; honum þóttu menn lítt ræma ok lézk hann illa trúa þeim. Hann fór í brot tveim skipum ok inn í Víkina ok var allóglæðr; hann ætlaði til fundar við Inga kon-  
20 ung; hann hafði spurt, at Ingi konungr fór við her mikinn norðan um Víkina. En er Grégóriús var skamt norðr kominn, þá mœtti hann þeim Símoni skálp ok Haldóri Brynjólfssyni ok Gyrði Amundasyni, fóstbróður Inga konungs. Grégóriús varð þeim feginn mjök; hann hvarf þá aptr, ok þeir allir samt, ok  
25 hofðu xi. skip. En er þeir røru upp til Konungahellu, þá hofðu þeir Hákon þing fyrir útan býinn ok sá fof þeira. Þá mælti Sigurðr af Reyri: »nú er Grégóriús feigr, er hann ferr í hendr oss með fá liði«. Grégóriús lagði at landi gagnvart býnum, ok vildi bíða Inga konungs, þvíat hans var ván, en hann kom

eigi. Hákon konungr bjósk við í býnum ok lét Porljót skaufuskalla vera höfðingja í liði því, er var á kaupskipum þeim, er flutu fyrir böenum, hann var víkingr ok ránsmaðr; en Hákon ok Sigurðr ok allr herrinn var í býnum ok fylkðu á bryggjunum. Allir menn höfðu þar gengit undir Hákon. 5

## K. 3. Flótti Hákonar.

Peir Grégóriús røru upp eptir ánni ok létu hefja skipin ofan fyrir straumi at þeim Porljóti. Peir skutusk á um hríð, þar til er Porljótr hljóp fyrir borð ok hans félagar, váru sumir drepnir, en sumir kómusk á land. Þá røru þeir Grégóriús at bryggjum, ok þegar lét Grégóriús skjóta upp bryggjum af sínu skipi undir fœtr þeim Hákonar mönnum. Þá fell sá maðr, er merki hans bar, er hann ætlaði til upgöngu; þá kvaddi Grégóriús til at taka upp merkit Hall, son Auðunar Hallzsonar; hann gerði svá ok bar síðan merkit upp á bryggjur, en Grégóriús gekk þegar eptir 15 honum ok skaut skildi fram yfir höfuð honum. En þegar er Grégóriús kom á bryggjurnar ok Hákonar menn kendu hann, þá hopuðu þeir, ok gafsk rúmit þegar ii. vega. En er fleira kom liðit upp af skipum, þá sótti Grégóriús ok hans menn fram, en Hákonar menn hopuðu fyrst ok runnu því næst upp í býinn, en 20 þeir Grégóriús fylgðu þeim ok ráku þá tysvar upp ór böenum ok drápu mart. Engi var fgr skörligri en sú at máli manna, er Grégóriús fór, fyrir því at Hákon hafði meirr en xl. hundraða manna, en Grégóriús eigi öll cccc. Þá mælti Grégóriús við Hall Auðunaron eptir orrostu: »margir menn þykki mér mjúkari í 25 sóknum en þér Íslendingar, þvíat þér eruð óvanari en vér Nóregs-menn, en engir þykkja mér vápnðjarfari en þér«. Þá kom Ingi lítlu síðarr ok lét drepa marga menn, þá er við Hákonu höfðu tekit, en suma lét hann fé gjalda, en hann brendi býi fyrir sumum, en suma rak hann ór landi ok gerði þeim mart ilt. Hákon 30 fór um vetrinn it øfra norðr í Þrándheim ok kom fyrir páskir, ok tóku Þrændir hann þar til konungs at hafa fjoðurleifð sína, þriðjung Nóregs við Inga konung. Ingi var í Víkinni ok Grégóriús, ok vildi Grégóriús fara norðr at þeim, en margir löttu, ok varð ekki ór á þeim vetri. 35

## K. 4. Dráp Gyrðar ok Hávarðz.

Hákon fór norðan um várit ok hafði nær xxx. skipa. Víkverjar fóru af liði Hákonar með viiii. skipum ok herjuðu á

Mœri hvára tveggju. Engi maðr mundi fyrr herjat hafa verit milli kaupanganna. Jón, sonr Hallkels húks, samnaði bóndaliði ok fór at þeim ok tók Kolbein óða ok drap hvert barn af skipi hans; síðan leitaði hann hinna ok hitti þá við vii. skipum, ok 5 þorðusk þeir, en Hallkell, faðir hans, gerði eigi fara til móts við hann, sem þeir höfðu mælt; þar fell mart bónda góðra, ok varð sárr sjálfr. Hákon fór suðr til Björgynjar með liði sínu, ok er þeir kómu til Stjórnveltu, spurðu þeir, at Ingi konungr var áðr austan kominn fyrir fám nóttum ok Grégóriús til 10 Björgynjar, ok þorðu þeir þá eigi þannug at halda. Þeir siglðu suðr um Björgyn it ýtra ok hittu þá iii. skipum lagsmenn Inga konungs, er seinni höfðu orðit austan. Þar var Gyrðr Amundason, fóstbróðir Inga konungs, — hann átti Gyriði, systur Grégóriús, — en annarr Gyrðr lögmaðr Gunnhildarson, iii. 15 Hávarðr klíningr. En Hákon lét drepa Gyrð Amundason ok annan Hávarð klíning, en hann hafði Gyrð lögmann með sér ok fór austr í Vikina.

#### K. 5. Frá ráða-görðum.

En er Ingi konungr spurði þat, þá fór hann austr eptir 20 þeim; þeir hittusk austr í Elfi. Ingi konungr lagði upp í ána eptir inni nørðri kvísl ok gerði njósn fyrir sér um þá Hákon; en Ingi konungr lagði at landi út við Hísing ok beið þar njósnarinnar; ok er njósnarmenn kómu aptr, þá gengu þeir til konungs ok segja, at þeir hefði sét lið Hákonar konungs ok alla skipan 25 þeira, segja, at þeir lágu uppi við stikin ok höfðu tengt skutstafna sína upp í stikin; — »þeir hafa ii. austrfararknørru ok hafa þá lagt ýzt skipanna«; á knørrunum váru húnkastalar, ok svá frammi í stafni á báðum. En er þetta spurði konungr, hvern viðbúnað þeir höfðu, þá lét hann blása til húspings öllu liðinu; 30 en er þings var kvatt ok sett, þá leitar konungr ráðs við lið sitt ok kveðr Grégóriús Dagsson ok Erling skakka, mág sinn, ok aðra lenda menn ok skipstjórnarmenn ok segir allan umbúnað þeira Hákonar manna. Grégóriús svaraði fyrst ok birti sinn vilja, segir svá: »fundir várir Hákonar hafa at borizk nøkkurum 35 sinnum, ok hafa þeir haft optast meira lið ok fengit þó minna hlut í várum skiptum. En nú höfum vér miklu meira lið, ok mun þat nú þykkja líkligt þeim mōnnum, er fyrir skōmmu hafa mist fyrir þeim góða frændr sína, at hér myni vel bera til um hefnd, þviat þeir hafa lengi nú áðr rekizk undan oss í sumar;

hofum vér þat opt mælt, ef þeir biði vár, svá sem nú er sagt at vera myni, at vér myndim hætta til fundar við þá. Nú er þat at segja frá mínu skaplyndi, at ek vil leggja til orrostu við þá, ef þat er eigi í mót konungs vilja, þvíat ek ætla enn, sem fyrr hefir verit, at þeir myni fyrir verða láta, ef vér leggjum 5 skeleggliga at; mun ek þar til leggja, er öðrum þykkir torvelligast.« At ræðu Grégóríi varð mikill rómr ok létusk allir búnir at leggja til orrostu við þá Hákon. Var þá róit öllum skipunum upp eptir ánni, til þess er hvárir sá aðra; þá viku þeir Ingi konungr af árstrauminum út undir eyna; átti konungr þá tal 10 við stýrimenn alla ok bað þá skipa til atlogu ok kvaddi þá at Erling skakka, segir, sem satt var, at engi var í því liði vitrari maðr ok kœnni í orrostu, þó at sumir væri enn meiri ákafamenn; yeik konungr þá enn ræðunni til fleiri lendra manna, nefndi suma á nafn, en lauk svá ræðu sinni, at hann bað þat hvern 15 til leggja, er hann sá at ráði gegndi, en síðan alla saman verða á eitt sátta.

## K. 6. Tala Erlings.

Erlingr skakki svaraði ræðu konungs: »skyldr em ek, konungr, at þegja eigi við ræðu yðarri; en ef þér vilið 20 forvitnask, hvat mín ráðagørð mun vera, þá skal ek yðr láta þat heyra. Þessi ætlan, er nú er sett, er þvert frá mínu skapi, þvíat ek kalla þetta vera ófœru, at berjask við þá at svá búnu, þótt vér hafim lið mikit ok frítt; ef vér skulum veita þeim atlogu ok róa á straum þenna í móti, þar er iii. menn eru í hálfrymi, 25 þá verðr einn at róa, en annarr at hlífa þeim, hvat er þá nema einn þriðjungr liðs várs myni til vera at berjask? Lízk mér svá, sem óvígliga myni þeir komask við orrostu, er við árararnar eru ok þokum horfa við óvinum sínum. Gefið mér tómtund til ráðagørðar, en ek heit því þar í mót, at ek skal þat ráð þar til 30 finna, fyrr en iii. dagar sé liðnir, at hógligarr skulu vér við komask at leggja á fund þeira«, — ok fanzk þat mjök í ræðu Erlings, at hann latti atlogunnar, ok eigi at síðr eggjuðu margir aðrir, ok kváðu þá Hákon mundu hlaupa á land upp enn sem fyrr — »ok hofum vér þá þeira ekki, segja þeir, en þeir hafa nú 35 lítit lið, ok hofum vér ráð þeira alt í hendi«. Grégóríus ræddi um fám orðum ok sneiddi svá til, sem Erlingi gengi mjök þat til, er hann latti atlogunnar, at hann vildi þau ráð ónýta, er Grégóríus lagði til, heldr en hitt, at hann kynni þetta gorr at sjá en allir aðrir.

## K. 7. Frá liði Hákonar konungs.

Ingi konungr mælti þá til Erlings: »mágr, segir hann, nú viljum vér þínum ráðum fram fara, hvernug háttá skal atlegg-  
 unni; en fyrir því, at þess eru ráðamenninir fúsari, þá skulum  
 5 vér nú at þeim leggja í dag«. Þá mælti Erlingr: »skútur allar  
 ok léttiskip skulu róa út um eyna ok upp ina eystri kvísl ok svá  
 ofan at þeim ok freista, at þeir megi leysa þá frá stikunum, en  
 þá skulu vér róa stórskipunum neðan at þeim, ok veit eigi, áðr  
 en reynt er, hvárt þeir leggja því betr at en ek, sem þeir eru  
 10 óðari«. Þetta ráð líkaði öllum vel. Nes nokkut gekk fram milli  
 þeira Hákonar, ok sá hvárgi skipin frá öðrum. En er skútna-  
 herrinn róri ofan eptir ánni, þá sá þeir Hákon þat, en áðr höfðu  
 þeir verit á tali ok ráðit ráðum sínum; gátu sumir, at þeir Ingi  
 konungr mundu at leggja, en margir ætluðu, at þeir mundu eigi  
 15 treystask, er mjök þótti seinkask atlagan, en þeir treystusk vel  
 viðbúnaði sínum ok liði. Í þeira flokki var mart stórmenni; þar  
 var Sigurðr af Reyri ok þeir Símunar-synir ii.; þar var ok  
 Nikólás Skjaldvararson ok Eindriði, sonr Jóns mörnefs, er þá var  
 ágætastr maðr ok vinsælstr í Þrændalögum; margir aðrir váru þar  
 20 lendir menn ok sveitarhöfðingjar. En er þeir sá, at Inga menn  
 røru mörögum skipum út eptir ánni, þá hugðu þeir Hákon, at  
 þeir Ingi mundu flýja vilja, ok hjoggu tengslin frá skipunum,  
 gripu þá til ára ok røru eptir þeim ok vildu reka þá. Skipin  
 rendu skjótt fyrir straumi, ok er þau bar ofan eptir ánni fyrir  
 25 nesit, er áðr var milli, þá sá þeir, at meginliðit Inga lá út við  
 eyna Hising. Lagsmenn Inga sá þá, hvar skip Hákonar fóru,  
 ok hugðu, at þeir myndi at leggja; var þar þá þyss mikill ok  
 vápnabrak ok eggjan, ok lustu þeir upp herópi, en þeir Hákon  
 snøru skipum sínum at norðrlandinu, ok er þar víkhvarf nokkut,  
 30 ok kómusk af strauminum. Þeir bjoggusk þar um, báru upp á  
 land skutfestar ok snøru út framstöfnum, ok tengðu saman  
 öll skipin, létu austrfararknørruna liggja út frá öðrum skipum,  
 annan fyrir ofan en annan fyrir neðan, ok tengðu þá við lang-  
 skipin; en í miðjum flotanum lá konungsskipit ok þar næst  
 35 Sigurðar skip, en á annat borð konungs skipinu lá Nikólás, en  
 þar næst Eindriði Jónsson; öll in smæri skip lágu útarri meirr;  
 þeir höfðu nálaga öll hlaðit skip sín af grjóti ok vápnum.

## K. 8. Tala Sigurðar.

Sigurðr af Reyri talaði ok mælti svá: »þat er nú vænt at fram myni koma, er oss hefir lengi heitit verit, at fundr várr Inga myndi verða; hǫfum vér nú ok mjök lengi við búizk, ok hafa margir várir félagar stórt berkt um, at eigi myndi flýja 5 eða fálma fyrir Inga konungi eða Grégórió, ok er nú gott at minnask þeira orða; en vér megum með minna trausti um þat ræða, er fyrr hǫfum orðit nokkut tannsárir í várum viðrskiptum, ok er þat, sem hverr hefir heyrt, at vér hǫfum mjök opt svaðilfǫrum farit fyrir þeim; en eigi at síðr er oss nauðsyn at 10 verða við sem mannlíkast ok standa sem fastast, þvíat þann eigum vér útveginn til þess, at vér mynim sigrinn hafa. En þótt vér hafim lið nokkuru færa, þá má þó auðna ráða, hvárir gagn skulu hafa; er sú ván bezt í váru máli, at guð veit, at vér mælum réttara. Ingi hefir áðr hǫggvit niðr bræðr sína ii.; en 15 þat er engum manni blint, hverjar fǫðurbrætr hugðar eru Hákon konungi, þær at hǫggva hann niðr sem aðra frændr sína, ok mun þat sýnask þenna dag. Hákon beiddisk eigi meira frá uphafi af Nóregi en þess þriðjungs, er faðir hans hafði átt, ok var honum þess varnat; en at minni virðing er Hákon betr til 20 kominn at taka arf eptir Eystein, fǫðurbróður sinn, heldr en Ingi eða Símun skálpr eða aðrir þeir menn, er Eystein konung tóku af lífdögum. Mǫrgum myndi svá lítask, þeim er sálu sinni vildi þyrma ok hefði þvílíkir stórglæpir á hendr borizk sem Inga, at eigi myndi þora fyrir guði at kallask með konungsnafni, ok 25 þat undrumk ek, er guð þolir honum þá ofdirfð, ok þat mun guð vilja, at vér steypim honum. Berjumk vér djarfliga, þvíat guð mun oss sigr gefa; en ef vér fǫllum, þá mun guð þat ǫmbuna oss við margföldum fagnaði, ef hann lér vándum mǫnnum valdz at ganga yfir oss. Fari menn stilliliga ok felmti egi, ef orrosta 30 teksk; gæti hverr sín ok sinna sveitbúa, en guð allra vár«. Góðr rómr var gǫrr at máli Sigurðar, ok hétu allir góðu um at verða vel við. Hákon konungr gekk upp á austrfararknorrinn, ok var þar sett skjaldborg um hann, en merki hans var á langskipinu, því er hann hafði áðr á verit. 35

## K. 9. Frá liðsmǫnnum Inga konungs.

Nú er at segja frá Inga mǫnnum, þá er þeir sá, at Hákonar menn bjoggusk til orrostu, var þá áin ein milli þeira, þá gerðu

þeir hleypiskip út eptir liði sínu, því er brot hafði róit, at þeir skyldi aptr snúa, en konungr ok annat liðit beið þeira ok skipuðu liði sínu til atlogu. Þá tóluðu hofðingjar ok segja liðinu fyrirætlan sína, þat fyrst, hver skipin skyldu næst liggja. Grégóriús 5 mælti: »vér hofum mikit lið ok frítt; nú er þat mitt ráð, at þér, konungr, verið eigi í atlogunni, þvíat þá er allz gætt, er yðar er, ok eigi veit, hvar óskytja or geigar. Þeir hafa þann viðbúnað, at ór húnkøstulum á kaupskipunum er borit grjót ok skot; þá er þeim lítlu óhættara, er fjarran eru. Þeir hafa lið eigi meira, 10 en þat er við vart hæfi lendra manna at halda orrustu við þá. Ek mun leggja mitt skip at því skipi þeira, er mest er; vænti ek enn, at skømm raun sé at berjask við þá; svá hefir enn optast verit á várum fundum, þótt annan veg hafi liðsmunr verit en nú er«. Þetta líkaði øllum vel, er Grégóriús mælti, at konungr 15 sjálfr væri eigi í orrostu. Þá mælti Erlingr skakki: »því ráði vil ek fylgja, at þér, konungr, farið eigi til orrostu; lízk mér svá á viðbúnað þeira, sem vér mynir þurfa viðsjá at gjalda, ef vér skulum eigi fá mikit manntjón af þeim; þykki mér bezt um heilt at binda. Sú ráðagørð, er vér hofðum fyrr í dag, þá mæltu 20 þar margir í mót því, er ek réð, ok søgðu, at ek vilda eigi berjask; en mér þykkir oss nú hafa snúizk til mikilla hægendera, er þeir eru í brotu frá stikunum; en nú er svá komit, at ek mun eigi letja at leggja til orrostu, þvíat ek sé þat, er allir megu vita, hversu mikil nauðsyn á er, at stökkva óaldarflokki 25 þessum er farit hefir um land alt með rán ok rífs, ok mætti menn eptir þat byggva land í friði ok þjóna einum konungi, þeim er svá er góðr ok réttlátr, sem Ingi konungr er, ok hefir þó lengi haft válk ok vandræði af ofsa ok ójafnaði frænda sinna, ok borit brjóst fyrir allri alþýðu ok lagt sik í margfaldan háska til at 30 friða landit.« Mart talaði Erlingr ok snjalt, ok enn fleiri hofðingjar, ok kom í sama stað niðr, at allir eggjuðu atlogunnar. Þeir biðu þess, er alt kom saman lið þeira. Ingi konungr hafði þá Bækisúðina ok lét hann at bæn vina sinna, at hann lagði eigi til orrostu, ok lá hann eptir við eyna.

35

## K. 10. Uphaf orrostu.

Nú er liðit var búit, þá greiða þeir atróðrinn, ok ljósta upp hvárintveggju herópi, tengðu þeir Inga menn ekki sín skip ok fóru ekki samfast, þvíat þeir røru þveran hvern strauminn, ok sveif mjök stórskipum. Erlingr skakki lagði at skipi Hákonar kon-

ungs ok stakk stafni at milli ok Sigurðar skips; tóksk þá orrosta; en skip Grégóriús sveif upp á grunninn ok hallaði mjök, ok kómusk þeir í fyrstu ekki við atloguna. En er Hákonar menn sá þat, þá lögðu þeir til ok sóttu at þeim, en skip Grégóriús lá fyrir. Þá lagði at Ívarr, sonr Hákonar maga, ok sveif saman 5 lyptingunum. Ívarr kröekði stafnljá um Grégóriúm, þar sem hann var mjóstr, ok hnykði at sér, ok hofaði Grégóriús at borðinu út, en léinn upp eptir síðunni, ok var við sjálft, at hann myndi krækja hann fyrir borð. Grégóriús varð lítt sárr, þvíat hann hafði spangabrynju. Ívarr kallaði á hann ok kvað hann 10 þykbyrt hafa. Grégóriús segir, kvað hann svá um búa, at þess þurpti við, ok gekk þó ekki af. Þá var við sjálft, at þeir Grégóriús mundu verða fyrir borð at ganga, áðr en Áslákr ungi kom akkeri í skip þeira ok dró þá af grunninu. Þá lagði Grégóriús at skipi Ívars, ok áttusk þeir þá við langa hríð; var skip 15 Grégóriús meira ok fjölmennara; fell mjök lið á Ívars skipi, en sumir hljópu fyrir borð. Ívarr varð sárr mjök, svá at hann var óvígr; en er skip hans var hroðit, þá lét Grégóriús flytja hann til landz ok kom honum undan ok váru þeir vinir síðan.

## K. II. Flótti Hákonar konungs.

20

En er Ingi konungr ok hans félagar sá, at Grégóriús var á grunninu, þá hét konungr á liðit, at þeir skyldu til róa; hann mælti: »þetta var it ósnjallasta ráð, er vér skyldum hér eptir liggja, en vinir várir fóru til bardaga; vér höfum þat skip, er mest er ok bezt skipat í öllum herinum; nú sé ek, at Grégórió 25 er liðs þörf, þeim manni, er ek á bezt at launa, ok leggjum til bardaga sem harðast; er þat ok réttast, at ek sjá í orrostu, þvíat ek vil sigrinn eignask, ef fæsk; en þótt ek vissa fyrir, at várir menn mundu ósigr hafa, þá væri oss þó sá einn til, at vera þar sem aðrir eru várir menn, þvíat ek má ekki at fcerask, ef missi 30 þeira manna, er brjóst eru ok roskvastir eru ok lengi hafa verit forstjórar fyrir mér ok mínu ríki« — bað setja upp merkin, ok var svá gort ok røru þeir yfir ána. Þá var bardagi sem óðastr, ok fekk konungr eigi rúm til atlogunnar; svá lágu skipin þrøngt fyrir; þá lögðu þeir undir austrfararknørruna; þar var borit á 35 þá ofan kesjur ok pólstafir ok grjót svá stórt, at ekki helt við, ok máttu þeir ekki vera þar. En er liðsmenn sá þat, at konungr var kominn, þá ruddu þeir fyrir honum, ok lagði hann þá at skipi Eindriða Jónssonar. Þá eyddu Hákonar menn smáskipin



ok gengu upp á knörruna, en sumir á land. Erlingr skakki ok hans menn áttu harða sókn; hann var í fyrirrúmi; hann kallaði á stafnbúa sína ok bað þá ganga upp á konungsskipit; þeir svöruðu, at þar var eigi dælt ok þar var járn á trjám fyrir. 5 Erlingr gekk fram í stafninn ok dvalðisk þar litla hrið, áðr en þeir greiddu uppgöngu á konungsskipit ok hruðu þat skip; tók þá at flýja allr herrinn; eptir þat hljóp á kaf mart liðit ok mart flýði, en allr fjöldinn komsk á land, svá sem Einarr Skúlason segir:

- 10 229. Margr fell maðr af dreyrgu230. Mǫrg flutu auð, á úrga  
 marblakks á kaf saxi (alm sveigði lið) hjalma  
 (gnógt elði feksk gýgjar rauð flugu stól, í stríðri  
 glaum), rak ná fyr straumi; stafnblóðug skip móðu,  
 elfr varð unda gjálfri áðr á grund af græðis  
 15 eitrkǫld roðin heitu, gæðinga lið flæði,  
 vitnis fell með vatni sveit varð í rym rítar  
 varmt ǫlðr í men Karmtar. rýr Hákonar, dýrum.

Einarr orti um Grégóriúm Dagsson flokk þann, er kallaðar eru Elfarvísur. Ingi konungr gaf grið Níkolási Skjaldvararsyni, þá 20 er skip hans var hroðit, ok gekk hann þá til Inga konungs ok var með honum síðan, meðan hann lifði. Eindriði Jónsson hljóp á skip Inga konungs, þá er hans skip var hroðit, ok bað sér griða; konungr vildi gefa honum grið, en sonr Hávarðz klínings hljóp til ok hjó hann banahogg, ok var þat verk mjök lastat, 25 en hann segir, at Eindriði hafði ráðit drápi Hávarðz, fǫður sins; Eindriði var mjök harmaðr ok þó mest í Þrændalögum. Þar fell mart af liði Hákonar, en eigi fleiri hǫfðingjar; fátt fell af Inga liði, en mart var sárt. Hákon flýði á land upp, en Ingi fór norðr í Víkina sínu liði; hann var í Víkinni um vetrinn 30 ok Grégóriús. En er þeir kómu til Björgynjar frá orrostu menn Inga konungs, synir Ívars af Eldu, Bergljótr ok þeir bræðr, þá drápu þeir Níkolás skegg, er gjaldkeri hafði verit, ok fóru síðan heim norðr í Þrándheim. Hákon konungr kom norðr fyrir jól, en Sigurðr var stundum heima á Reyri. Grégóriús hafði tekit 35 honum grið af Inga, at skyldi hafa eignir sínar allar, þviat þeir Grégóriús ok Sigurðr vǫru náfrændr. Hákon konungr var í kaupangi um jólin, ok þorðusk menn hans einn aptan um jólin í hirðstofunni snimma jólanna ok hǫfðu vii. menn bana ok margir urðu sárir. En eptir inn viii. dag jóla þá fóru þeir lags- 40 menn Hákonar inn á Eldu, Álfr hroði, sonr Óttars birtings, ok

nær lxxx. manna, ok kómu þar öndurða nótt, þá er hinir váru druknir, ok lögðu eld í stofuna, en þeir gengu út ok vörðusk; en þar fell Bergljótr, sonr Ivars, ok Ögmundr, bróðir hans, ok mjök mart manna. Þar höfðu verit nær xxx. manna inni. Um vetrinn í kaupangi norðr andaðisk Andrés Símunarson, fóstbróðir 5 Hákonar konungs, ok var it mesta harmaðr. Erlingr skakki ok menn Inga konungs, þeir er í Björgyn váru, létu sem þeir mundu fara norðr þá um vetrinn ok taka Hákon, ok varð ekki af. Grégóriús sendi þau orð austan ór Konungahellu, ef hann sæti jammær sem þeir Erlingr, at hann myndi eigi sitja kyrr 10 í Björgyn, ef Hákon léti drepa vini Inga konungs í Prándheimi ok lögunauta þeira.

## K. 12. Bardagi á bryggjum.

Ingi konungr ok Grégóriús fóru austan um várit til Björgynjar; en þegar er Hákon spurði þat ok þeir Sigurðr, at Ingi var farinn ór Víkinni, þá fóru þeir austr it øfra í Víkina. 15 En er þeir Ingi konungr kómu til Björgynjar, þá gerðisk ósætt milli Haldórs Brynjólfssonar ok Bjarnar Níkolássonar, ok spurði húskafl Bjarnar, hví hinn væri svá bleikr, þá er þeir mœttusk á bryggjum niðri, en hann kvað sér látit blóð. Eigi vilda ek svá verða við blóðlátit fisbleikr sem þú ert«. »En ek 20 ætla, kvað hinn, at þú myndir verr við verða ok ódrensiligarr« — ok varð eigi uphaf meira at en svá; þá óx orð af orði, þar til er þeir deildu ok þorðusk því næst. Þá var sagt Haldóri Brynjólfssyni, at húskafl hans var særðr á bryggjum; en Haldórr 25 drakk þar hjá í garðinum; gekk hann þá þangat til; en áðr 25 váru þeir komnir húskaflar Bjarnar, ok þótti Haldóri þeir ójafnt skilit hafa, ok stökuðu þeir Bjarnar húskorlum ok knúskuðu þá. Þat var sagt Birni bukk, at Víkverjar þorðu húskarla hans á bryggjum niðri. Þá tóku þeir Björn vápn sín ok fóru til ok vildu hefna sinna manna; urðu þá áverkar miklir. Þá var sagt 30 Grégórió, at Haldórr, mágr hans, þurpti liðs, ok húskarla hans váru höggnir niðr á stræti úti. Þá hljópu þeir Grégóriús í brynjur sínar ok fóru til. Þá spurði Erlingr skakki, at Björn, systurson hans, barðisk við þá Haldór ok Grégóriúm á bryggjum inn ok honum var liðs þorfr; þá fór hann til þannug ok var 35 allfjólmennr ok bað menn veita sér lið, kvað monnum klæki í vera — »ef einn víkverskr maðr skal yfir oss ganga hér í frændhaga várum, ok mun oss þat æ ok æ uppi«. Þar fellu xiiii.

menn, ok höfðu ix. þegar bana, en v. önduðusk síðarr ór sárum en mart varð sárt. Þá kómu Inga konungi orð, at þeir þorðusk inn á bryggjum Grégóriús ok Erlingr, ok fór hann til ok vildi skilja þá ok mátti engu á orka, þvíat þeir váru svá óðir hvárir-  
 5 tveggju. Þá kallaði Grégóriús á Inga konung, það hann frá fara, kvað hann engu mundu mega á orka at svá gøru, kvað hinn mestan geig, ef honum yrði nokkut — »þvíat eigi kann vita, hverr sá er, er eigi sparir óhapp við sik, ef hann þykkisk í færi komask«. Þá fór konungr í brot. En er þurru hlaup in  
 10 mestu, þá gengu þeir Grégóriús upp til Níkoláskirkju, en þeir Erlingr eptir, ok kolluðusk þá á. Síðan kom Ingi konungr í annat sinn ok sætti þá, ok vildu þeir þá hváirtveggju, at hann skipaði einn milli þeira. Þá spurðu þeir, at Hákon var í Víkinni, ok fór Ingi konungr ok Grégóriús austr, ok höfðu mjök mart  
 15 skipa. En er þeir kómu austr, þá stukku þeir Hákon undan, ok varð engi orrosta. Fór þá Ingi konungr inn til Óslóar, en Grégóriús var í Konungahellu.

### K. 13. Dráp Munáns.

Grégóriús spurði til þeira Hákonar litlu síðarr, þar sem  
 20 heita Saurbýir, þat er uppi við markirnar. Hann fór þangat ok kom um nótt ok hugði, at þeir Hákon ok Sigurðr mundu vera á inum meira býnum, ok lögðu þar eld í hús. Þeir Hákon váru á inum minna böenum, lögðu þeir til, þar er þeir sá eldinn, ok vildu duga hinum. Þar fell Munán, sonr Ála óskeyndz, bróðir  
 25 Sigurðar konungs, föður Hákonar; þeir Grégóriús drápu hann, þegar hann vildi duga þeim, er inni váru brendir; þeir gengu út, ok var þar mart manna drepit. Ásbjörn jalda komsk af böenum, hann var víkingr inn mesti, ok var sárr orðinn; en bóndi einn hitti hann, ok það Ásbjörn, at bóndi skyldi hann  
 30 láta undan ganga, ok lézk honum mundu gefa fé til. Bóndi lézk þat mundu gera, er hann var fúsari til, lézk opt hafa gengit hræddr fyrir honum ok hjó hann banahogg. Þeir Hákon ok Sigurðr kómusk undan, en mart var drepit lið þeira. Síðan fór Grégóriús austr til Konungahellu. Litlu síðarr fóru þeir Hákon  
 35 ok Sigurðr til bús Haldórs Brynjólfssonar á Vettaland ok lögðu eld í húsin ok brendu. Haldórr gekk út ok var hoggvinn þegar, ok húskarlar hans með honum; váru þeir drepnir nær xx. menn allz. Sigríðr kona hans, systir Grégóriú, hana létu þeir ganga til skógar í brot í náttserk einum. Þar tóku þeir Ámunda, son

Gyrðar Ámundasonar ok Gyriðar Dagsdóttur, systurson Grégórii, ok höfðu með sér; hann var þá v. vetra.

K. 14. Fall Grégóriús Dagssonar.

Grégóriús spurði þessi tíðendi, ok þótti honum mikit at; hann frétti vandliga at, hvar þeir væri. Grégóriús fór ór Kon-<sup>5</sup> unгахellu ofarla jólanna með miklu liði, ok kómu þeir til Fors inn xiiii. dag jóla ok váru þar um nóttina ok hafði þar óttu-<sup>5</sup> song affaradag jólanna, ok var honum lesit guðspjall eptir; þat var laugardag. Ok er þeir Grégóriús sá lið Hákonar, þá sýndisk þeim lið þeira Hákonar miklu minna en sitt lið. Á ein var í 10 milli þeira, er þeir hittusk; hon heitir Befja; íss var illr á ánni, þvíat flóð gekk undir ísinn útan; þeir Hákon höfðu höggonar vakar á ánni ok mokat yfir síðan, svá at ekki mátti til sjá. Þá er Grégóriús kom at ánni, mælti hann, lézk illr sýnask íssinn kvað þeim þat ráð at fara til brúar, er lítlu ofarr var á ánni. 15 Bóndaliðit segir ok kváðusk eigi vita, hví gegndi, er hann skyldi eigi þora at soekja at þeim um ísinn, eigi meira lið en þeir höfðu fyrir, létu ís fullgóðan ok kvazk horfinalda þykkja. Grégóriús svarar, kvað sjaldan hafa þess þurpt at frýja sér allmjök áráðis ok kvað eigi enn þat skyldu, bað þá fylgja vel ok standa 20 eigi á landi, ef hann gengr á ísinn, ok bað þeira ráð vera, at ganga á ís vandan, en hann lézk ófúss — »en þeygi vil ek sitja yðr frýju« segir hann, ok bað bera merki sitt fram; gekk hann þá út á ísinn; en þegar er bóndaliðit fann, at íssinn var vandr, þá hvarf liðit aprtr. Grégóriús lá í ísnum, ok eigi mjök; hann 25 bað menn varask við, en eigi gekk fleira eptir honum en nær xx. menn, en annat lið hvarf aprtr alt. Maðr skaut at honum or ór flokki Hákonar ok laust undir kverk honum. Grégóriús fell þar ok xx. menn með honum, ok er þar nú lokit ævi hans. En þat var almæli, at hann hafi verit mestr höfðingi lendra 30 manna í Nóregi í þeira manna minnum, er þá váru uppi, ok bezt verit við oss Íslendinga, síðan er Eysteinn konungr andaðisk inn ellri. Lík Grégórii var fært á Höfund upp ok grafit í Gimsey at nunnusetri, því er þar er. Þar var þá Baugeið abbadisk, systir Grégórii. 35

K. 15. Frá Inga konungi.

Armenn ii. fóru með tíðendin at segja Inga konungi inn í Ósló; en er þeir kómu þar, þá heimtu þeir konung á mál. Hann

spurði, hvat þeir segja tíðenda. »Fall Grégórií Dagssonar«  
 sögðu þeir. »Hví bar svá illa at?« segir konungr. Þeir sögðu  
 honum. Konungr svarar: »þeir réðu þar þá, er verr kunnu«. Pat er svá sagt, at hann kunni því svá illa, at hann grét sem  
 5 barn; en er þat gekk af honum, mælti hann þetta: »ek vilda  
 fara til fundar við Grégóriúm, þegar ek spurða dráp Haldórs,  
 þvíat ek þóttumk vita, at Grégóriús myndi eigi sitja svá lengi,  
 at hann myndi eigi til hefndar ráða; en þetta fólk lét, sem ekki  
 10 væri jamskytt sem jóladrykkja sjá ok eigi mætti henni bregða;  
 þvíat ek veit vist, ef ek væra þar, at annat tveggja myndi at  
 meira ráði fram farit, eða vit Grégóriús myndim fara til einnar  
 gistingar báðir ella. En þar er sá maðr farinn, er mér hefir  
 beztr verit ok mest hefir landinu haldit í hendr mér; en þat  
 hugða ek til þessa, at skamt myndi milli okkar verða. Nú skal  
 15 ek einn við leggja, at fara til við Hákon, ok skal annat tveggja,  
 at ek skal hafa bana, eða stíga yfir þá Hákon ella; en eigi er  
 slíks mannz at hefndra, sem Grégóriús var, þótt þeir komi allir  
 fyrir«. Maðr svarar, lét hann lítt mundu þurfa at leita þeira,  
 kvað þá þannug ætla til fundar hans. Kristín var þar í Osló,  
 20 dóttir Sigurðar konungs, bræðrunga Inga konungs. Hann  
 spurði, at hon ætlaði ór bœnum brot ok sendi henni orð ok  
 spurði. hví hon vildi ór bœnum; en henni lézk agasamligt þykkja  
 ok kvað eigi kvinna vist þar vera. Konungr bað, at hon skyldi  
 eigi í brot fara — »með því at vér hafim gagn, sem ek ætla, þá  
 25 muntu hér vel haldin, en með því at ek falla, þá munu vinir  
 mínir eigi ná at búa um lík mitt, en þó skaltu biðja, at þér sé  
 lofat at búa um líkit; máttu mér svá helzt launa þat, er ek  
 hefi verit vel við þik«.

30

## K. 16. Frá Inga konungi.

Blásiúsmessu at kveldi kom njósn Inga konungi, at Há-  
 konar væri þá ván til býjarins. Þá lét Ingi konungr blása liðinu  
 upp ór bœnum, ok var þar þá skorat nær xl. hundraða manna.  
 Konungr lét vera fylkingina langa ok eigi meirr en v. menn á  
 35 þykðina. Þá mæltu menn við konung, at hann skyldu eigi vera  
 í orrostu, lézk þykkja mikil ábyrgð á honum — »ok veri Ormr,  
 bróðir þinn, hofðingi fyrir liðinu«. Konungr segir: »þat ætla  
 ek, ef Grégóriús lifði ok væri hann hér nú, en ek væra fallinn  
 ok skyldi mín hefna, at hann myndi eigi liggja í fylsknum ok

myndi vera í orrostu sjálf; en þótt ek sjá verr atskjótaðr fyrir vanheilsu sökum en hann var, þá skal ek eigi verr viljaðr við hann; ok er engi ván, at ek muna eigi í orrostu vera«. Svá segja menn, at Gunnhildr, er Símun hafði átt, fóstura Hákonar, léti sitja úti til sigrs Hákonar; en þat vitraði, at þeir skyldi 5 berjask við Inga um nótt, en aldri um dag, kvað þá hlýða mundu; en Þórdís skeggja er sú kona nefnd, er sagt er at úti sat, en eigi veit ek sann á því. Símun skálpr hann hafði gengit í býinn ok lagzk niðr at sofa ok vaknaði við herópit. En er á leið nóttina, kom njósn til Inga konungs; var honum sagt, at 10 þeir Hákon fóru þá útan á ísinn, en íss lá alt frá býnum út til Hqfuðeyjar.

## K. 17. Tala Inga konungs.

Ingi konungr með sinn her gekk þá út á ísinn ok setti fylking sína fyrir býinn. Var Símun skálpr í þann arminn, er út vissi 15 til Prælaborgar, en í þann arminn, er inn var fyrir Nunnusetr, var Guðrøðr Suðreyja konungr, sonr Óláfs klínings, ok Jón, sonr Sveins Bergþórssonar bukks. En er þeir Hákon kómu at fylking Inga konungs, þá æpðu hváirtveggju heróp. Þeir Guðrøðr ok Jón báknudu til þeira Hákonar ok létu þá vita, hvar 20 þeir váru fyrir. Síðan snøru Hákonar menn þar at, en þeir Guðrøðr flýðu þegar, ok myndi þat vera nær xv. hundruð manna. En Jón ok mikil sveit með honum hljópu í lið Hákonar ok barðisk með þeim. Þetta var sagt Inga konungi. Hann svarar svá: »mikit hefir skilt vini mína; aldri myndi Grégóriús svá fara, 25 meðan hann lifði«. Þá mæltu menn, báðu konunginn, at hesti skyldi skjóta undir hann, ok riði hann ór orrostu ok upp á Raumaríki — »muntu þar fá gnógt lið þegar í dag«. »Engi hugr er mér á því, segir konungr; opt hefi ek heyrt yðr þat mæla, ok þykki mér satt, at lítit lagðisk fyrir Eystein konung, 30 bróður minn, síðan er hann lagðisk á flóttu, ok var hann vel at sér gørr um alla hluti, þá er konung fríða.) Nú kann ek þat sjá við vanheilendi mitt, hversu lítit fyrir mik mun leggjask, ef ek tek þat til, er honum skyldi svá mjök vefjask, jammikit sem atferð okra skilði ok heilsu ok alt eljan. Ek var þá á annan 35 vetr, er ek var til konungs tekinn í Nóregi, en nú em ek vel xxv. Ek þykkjumk vandræði ok ábyrgðir hafa meirr haft í konungdóminum, heldr en skemtan ok indæli; ek hefi margar orrostur áttar, stundum með meira liði, stundum minna; hefir

sú mín gæfa mest verit, at ek hefi aldri á flótta komit; ráði guð lífi mínu, hversu langt vera skal, en aldri mun ek á flótta leggjask».

#### K. 18. Fall Inga konungs.

En er þeir Jón ok hans félagar höfðu rofit fylking Inga  
 5 konungs, þá flýðu þeir ok margir, er þar höfðu næst staðit; ok  
 skilðisk þá ok riðlaðisk fylkingin, en er þeir Hákon sóttu þá  
 fast — þá var ok komit at dagan —, þá var sótt at merki Inga  
 konungs; í þeiri hríð fell Ingi konungr, en Ormr, bróðir hans,  
 10 helt þá upp orrostu. Flýði þá mart fólkitt upp í býinn. Ormr  
 fór tysvar í býinn, síðan er konungr var fallinn, ok eggjaði liðit,  
 ok hvártveggja sinn gekk hann út á ísinn ok helt upp orrostu.  
 Þá sóttu þeir Hákon þann fylkingararminn, er Símun skálpr var  
 fyrir, ok í þeiri atgöngu fell af Inga liði Guðbrandr Skafhöggs-  
 15 son, mágr konungs, en Símun skálpr ok Hallvarðr hikri gengusk  
 á ok þórðusk með sveitir sínar ok ókusk út fyrir Þrælaborg; í  
 þeiri hríð fellu þeir báðir Símun ok Hallvarðr. Ormr konungs-  
 bróðir fekk allgott orð ok flýði þó at lykðum. Áðr um vetrinn  
 hafði Ormr fastnat sér Røgnu, dóttur Níkolás mása, er átt hafði  
 20 Eysteinn konungr Haraldzson, ok skyldi þá ganga at brullaupinu  
 sunnudaginn eptir. Blásiúsmessa var á frjádegi. Ormr flýði  
 á Svíþjóð til Magnús, bróður síns, er þá var þar konungr, en  
 Røgnvaldr var þar jarl, bróðir þeira; þeir váru synir Ingiríðar  
 ok Heinreks halta; hann var sonr Sveins Sveinssonar Dana-  
 25 konungs. Kristín konungsdóttir bjó um lík Inga konungs, ok  
 var hann lagðr í steinvegginn í Hallvarðzkirkju útar frá kór  
 inum syðra megin; þá hafði hann verit konungr xxv. vetra. Í  
 þeiri orrostu fell mart manna af hvarumtveggjum, en þó miklu  
 fleira af Inga liði. Árni Fríreksson fell af Inga liði; en þeir  
 30 Hákonar menn tóku upp brullaupsveizluna ok stórmikit hlutskipti  
 annat.

#### K. 19. Frá Kristínu konungsdóttur.

Hákon konungr lagði þá land alt undir sik ok skipaði allar  
 sýslur sínum mönnum ok svá kaupstaði. Þeir Hákon konungr  
 35 ok hans menn höfðu stefnur sínar í Hallvarðzkirkju, er þeir réðu  
 landráðum. Kristín konungsdóttir gaf fé til presti þeim, er  
 kirkjulukla varðveitti, at hann leyndi manni hennar í kirkjunni,  
 svá at sá mætti heyra hjal þeira Hákonar; en er hon varð vör

við, hvat þeir réðu, sendi hon orð til Björgynjar Erlingi skakka, bónda sínum, þau at hann skyldi aldri trúa þeim.

## K. 20. Jarategn Óláfs konungs.

Sá atburðr varð á Stiklarstöðum í orrostu, sem fyrr var ritat, at Óláfr konungr kastaði frá sér sverðinu Hneiti, þá er hann fekk sár. En inn hverr maðr, söenskr at ætt, hafði brotit sverð sitt, ok tók sá upp sverðit Hneiti ok vá með því. En sá maðr komsk brot ór bardaga ok fór með öðrum flóttamönnum; kom hann fram í Svíþjóð ok fór heim til bús síns. Hafði hann sverð þat um alla sína ævi, en síðan hans sonr, ok tók hverr eptir annan þeira frænda, ok fylgði þat jafnan eign sverðzins, at hverr sagði öðrum nafn sverðzins ok svá þat, hvaðan þat var komit. En þat var miklu síðarr á dögum Kirjalax Miklagarðz keisara, at þar vátu í garði stórar sveitir Væringja; þá bar svá at á einu sumri, þá er keisarinn var í herferð nokkurri, ok lágu þeir í herbúðum, Væringjar heldu vörð ok vökdou yfir konungi, lágu þeir á vøllunum fyrir útan herbúðir; þeir skiptu nóttinni með sér til vøku, en þeir, er áðr höfðu vakat, lögðusk þá niðr ok sváfu; þeir vátu allir með alvæpni. Þat var siðr þeira, þá er þeir lögðusk til svefns, at hverr hafði hjálm á höfði ok skjöld yfir sér ok sverð undir höfði, ok skyldi leggja hægri hönd á meðalkafla. Einn hverr þeira féлага, sá er hlotit hafði vörð inn øfsta hluta nætr, þá vaknaði hann í dagan; þá var sverð hans í brotu; en er hann leitaði, þá sá hann sverðit, hvar lá á vellinum langt frá honum. Hann stóð upp ok tók sverðit, ætlaði hann, at félagar hans, þeir er vakat höfðu, mundu hafa gørt til spots at véla frá honum sverðit; þess synjuðu þeir fyrir sik. Slíkir atburðir urðu þrjár nætr. Þá undraðisk hann mjök sjálfr ok svá aðrir, þeir er þetta sá eða heyrðu, ok spurðu menn hann eptir, hverju þat myndi gegna. Þá segir hann, at sverð þat var kallat Hneitir ok Óláfr inn helgi hafði átt ok borit sjálfr í orrostu á Stiklarstöðum; hann segir, hvernug síðan hafði farit sverð þat. Síðan var þetta sagt Kirjalax konungi; þá lét hann kalla til sín mann þann, er með sverð þat fór, fekk honum gull, þrenn jafnvirði sverðzins; en konungr lét sverðit bera Óláfs kirkju, þá er Væringjar halda; var þat þar síðan yfir altera. Eindriði ungi var þá í Miklagarði, er þessir atburðir gerðusk; sagði hann þessa sögu í Nóreg, svá sem Einarr Skúlason váttaf



í drápu þeiri, er hann orti um Ólaf konung inn helga, ok er þar kveðit um þenna atburð.

### K. 21. Jartegnir Óláfs konungs.

Sá atburður varð á Griklandi, þá er þar var Kirjalax kon-  
 5 ungr, at konungr fór herferð á Blökumannaland; en er hann kom  
 á Pézínavöllu, þá kom þar á móti honum heiðinn konungr með  
 óvígjan her. Þeir höfðu þangat haft hestalið ok vagna stóra  
 mjök ok ofan á vígskorð. En er þeir bjoggu náttból sitt, þá  
 skipuðu þeir vögnum, hverjum við annan, fyrir útan herbúðir  
 10 sínar, en þar fyrir útan grófu þeir mikit díki; var þat þá alt saman  
 vígi svá mikit, sem borg væri. Konungr inn heiðni var blindr.  
 En er Grikja-konungr kom, þá settu heiðingjar fylking sína á  
 völlum fyrir vagnaborg. Þá settu Grikir sína fylking þar í  
 móti, ok riðu hvárirtveggju ok þorðusk; fór þá illa ok óheppiliga;  
 15 flýðu þá Grikir ok höfðu fengit mikit manntjón, en heiðingjar  
 fengu sigr. Þá skipaði konungr fylking af Frökkum ok Flæm-  
 ingjum, en síðan riðu þeir fram móti heiðingjum ok þorðusk við  
 þá, ok fór sem inum fyrrum, at margir váru drepnir, en allir  
 flýðu, þeir er undan kómusk. Varð þá Grikja-konungr reiðr  
 20 mjök hermönnum sínum, en þeir svöruðu honum, báðu hann þá  
 taka til Væringja, vínbelgja sinna. Konungr segir svá, at hann  
 vill eigi spilla gørsimum sínum svá, at leiða fá menn,  
 þótt þeir væri hraustir, móti svá miklum her. Þá svaraði  
 orðum konungs Þórir helsingr, er þá réð fyrir Væringjum: »þótt  
 25 þar væri fyrir eldr brennandi, þá mynda ek ok mínir liðar þegar  
 í hlaupa, er ek vissa, at þat keyptisk í at þér, konungr, hefðið  
 þá frið eptir«. En konungr svarar: »heitð þér á inn helga Ólaf  
 konung yðarn til fulltings ok sigrs yðr«. Væringjar höfðu hálf  
 v. hundrað manna; þá tóku þeir heit sitt með handfesti ok hétu  
 30 því, at reisa kirkju í Miklagarði með sínum kostnaði ok góðra  
 manna stoðum ok láta þá kirkju vigja til vegs ok dýrðar inum  
 helga Óláfi konungi. Síðan runnu Væringjar fram á völlum,  
 en er þat sá heiðingjar, þá segja þeir konungi sínum, at þá  
 fór enn lið af Grikja-konungs her — »ok er þetta, segja þeir,  
 35 hönd full manna«. Þá svarar konungr: »hverr er sá inn tíguligi  
 maðr, er þar ríðr á þeim hvíta hesti fyrir liði þeira?«. »Eigi  
 sjám vér þann« segja þeir. Þar var eigi minni liðsmunr en svá,  
 at lx. heiðingja væri í móti einum kristnum manni, en eigi síðr  
 heldu Væringjar til bardaga alldjarfliga. En þegar er þeir kómu

saman, þá sló ótta í lið heiðingja ok hræzlu, svá at þeir tóku þegar at flýja, en Væringjar ráku þá ok drápu brátt mikinn fjölda; en er þat sá Grikir ok Frakkar, þeir er áðr höfðu flýit fyrir heiðingjum, sóttu þá til ok ráku flóttann með þeim; váru þá Væringjar komnir upp í vagnaborgina; varð þar it mesta 5 mannfal. En er heiðingjar flýðu, þá varð handtekinn inn heiðni konungr, ok höfðu Væringjar hann með sér. Tóku þá kristnir menn herbúðir heiðingja ok vagnaborgina.

---

## Uphaf Magnús konungs Erlingssonar.

K. 1.

Síðan er Erlingr varð þess viss, hver ráðagørð þeira Hákonar var, þá sendi hann boð öllum höfðingjum, þeim er hann vissi, at trúnaðarvinir höfðu verit Inga konungs, ok svá hirðsveitinni  
5 ok handgengnum mönnum konungs, þeim er undan höfðu komizk, ok húskörlum Grégórií, ok gerði þeim stefnulag. En er þeir funnusk ok áttu tal sitt, þá rézk þat þegar, at þeir skyldu halda saman flokkinum, ok bundu þeir þat fastmælum milli sín. Síðan töludu þeir, hvern þeir skyldu til konungs taka. Þá talaði Erlingr  
10 skakki, leitaði, ef þat væri ráð höfðingja eða annarra lendra manna, at tekinn væri til konungs sonr Símunar skálps, dótturson Haraldz gilla, en Jón Hallkelsson byndisk fyrir flokkinn. Jón mæltisk undan. Var þá leitat við Níkolás Skjaldvararson, systurson Magnús konungs berfoets, ef hann vildi gerask höfðingi  
15 fyrir flokkinum. Hann svaraði á þá lund, at þat væri hans ráð, at taka þann til konungs, er af konungaætt væri kominn, en þann til ráða fyrir flokkinn, er vænn væri til vits; lét mundu betra verða til liðs; var leitat við Árna konungsmág, ef hann vildi láta taka til konungs nokkurn sona sinna, bræðra Inga  
20 konungs. Hann svaraði því, at sonr Kristínar, dótturson Sigurðar konungs, væri bezt ættborinn til konungdóms í Nóregi — »er þar, segir hann, sá maðr til forráða með honum, er skylda berr til at vera forsjámaðr fyrir honum ok ríkinu, er Erlingr er, faðir hans, maðr vitr, harðráðr ok reyndr mjök í orrostum ok  
25 landráðamaðr góðr; mun hann eigi skorta til þessa ráðs framkvæmð, ef höfðingjar fylgja«. Tóku margir vel undir þetta ráð. Erlingr svarar: »svá heyrisk mér til, sem þeir sé flestir, er þessa máls er leitat við, er heldr færisk undan at taka upp vandann. Nú sýnisk mér jafnvíst, þótt vér hefim þetta mál, hvárt heldr er,

at tígnin fæsk þeim, er fyrir beitisk flokkinum, eða verðr hinn veg, sem áðr hefir nú mjök mǫrgum farit, þeim er slík stórræði hafa upp tekit, at fyrir þat hafa týnt allri eigunni ok þar með lífinu; en ef framgangrinn verðr at þessu máli, þá má vera, at þeir sé nǫkkurir, er vildi þenna kost hafa tekit; mun sá þess þurfa, er gengr í þenna vanda, at setja ramligar skorður við, at eigi sæti hann þá mótgangi eða fjandskap af þeim, er nú eru í þessu ráði«. Allir játtu því, at gera þetta samband með fullum trúnaði. Erlingr mælti: »þat er frá mér at segja, at næst þykki mér þat bana mínum at þjóna Hákonu, ok þótt mér þykki þetta it háskasamligsta, þá vil ek heldr til þess hætta, at láta yðr fyrir sjá, ok mun ek taka við forráðum floksins, ef þat er allra yðarra ráð ok fýsi ok vilið ér allir binda þetta með swardögum«. Allir játtu því, ok var á þeiri stefnu þat ráðit, at þeir skyldu Magnús Erlingsson til konungs taka. Síðan áttu þeir þing í býnum ok á því þingi var Magnús til konungs tekinn yfir land alt; þá var hann v. vetra gamall. Síðan gengu til handa honum allir menn, er þar vǫru, er hǫfðingjar hǫfðu verit Inga konungs, ok hafði hverr þeira slíkar nafnbœtr, sem áðr hafði haft með Inga konungi.

## K. 2. Ferð Magnús konungs til Danmerkr.

Erlingr skakki byrjaði ferð sína ok réð sér til skipa ok hafði með sér Magnús konung ok alla handgengna menn, þá er þar vǫru; þar var í fǫr Arni konungsmágr ok Ingiríðr, móðir Inga konungs, ok synir hennar ii. ok Jón kutiza, sonr Sigurðar storks, ok húskarlar Erlings ok svá þeir, er verit hǫfðu húskarlar Grégóríi, ok hǫfðu allz x. skip. Þeir fóru suðr til Danmerkr á fund Valdamars konungs ok þeira Búriz Heinrekssonar, bróður Inga konungs. Valdamarr konungr var frændi skyldr Magnús konungs; þær vǫru systir, dœtr Haraldz konungs ór Gǫrðum austan, — hann var sonr Valdamars Jarisleifssonar —, Ingilborg, móðir Valdamars konungs, ok Málmfríðr, móðir Kristínar, móður Magnús konungs. Valdamarr konungr tók vel við þeim, ok vǫru þeir Erlingr lǫngum á stefnum ok ráðagörðum, ok kom þat upp af tali þeira, at Valdamarr konungr skyldi veita styrk Magnúsi konungi allan af sínu ríki, þann er hann þyrpti til þess at eignask Nóreg ok halda síðan, en Valdamarr skyldi hafa þat ríki í Nóregi, sem haft hǫfðu inir fyrri frændr hans, Haraldr Gormsson ok Sveinn tjúguskegg, Víkina alla norðr til Rygjarbits.

Var þessi ráðagærd bundin eiðum ok einkamálum. Síðan búa þeir Erlingr ferð sína af Danmørk ok siglðu út af Vendilskaga.

### K. 3. Orrosta í Túnsbergi.

Hákon konungr fór þegar um vórit eptir páskir norðr til  
 5 Prándheims; hann hafði þá skip ǫll, þau er átt hafði Ingi konungr. Hákon átti þing í býnum í kaupangi ok var hann þar til konungs tekinn um alt land; þá gaf hann Sigurði af Reyri jarldóm ok var hann þar til jarls tekinn. Síðan fóru þeir Hákon aptr suðr ok alt í Vík austr; fór konungr til Túnsbergs, en  
 10 sendi Sigurð jarl austr í Konungahellu at verja land með sumu liðinu, ef Erlingr kæmi sunnan. Þeir Erlingr kómu at Ǫgðum ok heldu þegar norðr til Björgynjar. Þeir drápu þar Árna brigðarskalla, sýslumann Hákonar konungs, ok fóru aptr austr þaðan til móts við Hákon konung; en Sigurð jarl hafði ekki  
 15 orðit varr við sunnanferðina Erlings ok var hann þá enn austr við Elfi, en Hákon konungr var í Túnsbergi. Erlingr lagði við Hrossanes ok lá þar nokkurar nætr. Hákon konungr bjósk við í býnum. Erlingr lagði at býnum; þeir tóku byrðing einn ok hlóðu með viði ok hálmí ok lögðu í eld, en veðrit stóð upp í  
 20 býinn, ok rak byrðinginn at býnum. Hann lét bera kaðla ii. á byrðinginn ok tengja við skútur ii., lét róa svá eptir, sem byrðinginn rak fyrir; en er eldrinn var mjök kominn inn at býnum, þá heldu þeir kǫðlum, er á skútunum váru, svá at eigi mátti býrinn brenna; reyk lagði svá þykt í býinn, at ekki sá af  
 25 bryggjunum, þar sem fylking konungs stóð. Síðan lagði Erlingr ǫllu liðinu útan eptir á veðrit eldinum, ok skutu upp á þá. En er býjarmenn sá, at eldrinn nálgæðisk hús þeira, ok margir urðu sárir af skotum, þá gerðu þeir ráð sitt ok sendu Hróald prest langtǫlu út á fund Erlings, at taka sér grið ok býnum af Erlingi,  
 30 ok rufu fylking konungs, þá er Hróaldr sagði þeim, at griðin váru tekin. En er býjarmannalið var brott farit, þá þyntisk lið á bryggjunum, eggjuðu þá sumir Hákonar menn, at við skyldi taka, en Ǫnundr Símunarson segir svá, er þá hafði mest ráð fyrir liðinu: »eigi mun ek berjask til ríkis Sigurði jarli, en  
 35 hann sé hvergi nær«. Síðan flýði Ǫnundr ok þá alt lið með konungi ok fóru upp á land, ok fell þar mjök mart manna af Hákonar liði; svá var þá kveðit:

231. Qnundr kvazk eigi mundu mjök fara Magnús rekkar  
við orrostu kosta, mætir upp of stræti,  
fyrir en sunnan siglði en Hákonar haukar  
Sigurðr jarl með húskarla; hart skunduðu undan.
- Porbjörn skakkaskáld segir svá: 5
232. Greitt frá, gumna dróttinn hræddusk bjartra brodda  
gríðar fáks, í víðu, býjar menn við rennu;  
trauðr esa tenn at rjóða, ugðu eld ok sveigðan  
Túnsbergi þér snúna; alm dynviðir malma.
- Hákon konungr fór it öfra norðr í Prándheim; en er Sigurðr 10  
jarl spurði þetta, þá fór hann með skipum öllum, þeim er hann  
fekk, it ýtra norðr til móts við Hákon konung.

## K. 4. Frá Erlingi ok Háconi.

Erlingr skakki tók skip þau öll í Túnsbergi, er Hákon konungr átti; þar fekk hann Bækisúðina, er Ingi konungr hafði 15  
átt. Erlingr fór síðan ok lagði undir Magnús alla Víkina ok svá norðr, alt sem hann fór, ok sat um vetrinn í Björgyn. Þá lét Erlingr drepa Ingibjörn sipil, lendan mann Hákonar konungs, norðr í Fjörðum. Hákon konungr sat í Prándheimi um vetrinn, en eptir um várit bauð hann út leiðangri ok bjósk at fara suðr 20  
til móts við Erling. Þar váru þá með honum Sigurðr jarl, Jón Sveinsson, Eindriði ungi ok Qnundr Símunarson, Philippús Pétursson, Philippús Gyrðarson, Rognvaldr kunta, Sigurðr kápa, Sigurðr hjúpa, Frírekr kœna, Askell á Forlandi, Porbjörn, sonr Gunnars gjaldkera, Strað-Bjarni. 25

## K. 5. Frá liði Erlings.

Erlingr var í Björgyn ok hafði lið mikit ok tók þat til ráðs, at hann lagði farbann fyrir kaupskip öll, er fara vildu norðr til kaupangs, fyrir því at hann hugði, at ofskjótt myndi koma Háconi njósn, er skipin fœri í milli, ok fann þó þat til, at 30  
Björgynjar-menn væri makligri at hafa gæzku þá, er á skipunum var, þótt ódýrra væri keypt at byrðingsmönnum, en þeim þætti fallit, heldr en flutt væri — »í hendr fjandmönnum várum ok óvinum, þeim til styrks«. Nú sœmnuðusk skip til býjarins, þvíat mœrg kómu hvern dag, en engi fóru í brot. Þá lét Erlingr setja 35  
upp skip sín, þau er léttust váru, ok lét þann kvítt fara, at hann myndi þar bíða ok veita viðrtöku við vina sinna fulting ok frænda. En einn hvern dag lét Erlingr blása til stýrimanna

stefnu ok gaf þá lof öllum kaupskipa stýrimönnum at fara, hvert er þeir vildu; en er menn höfðu fengit leyfi af Erlingi skakka, þeir er fyrir byrðingum réðu ok áðr lágu albúnir at fara með varnaði sínum, sumir með kaupum, en sumir áttu önnur  
 5 ørendi, var þat þá ok veðr, er vel var segltækt norðr með landi, ok fyrr en nón kvæmi þess dags, höfðu allir siglt, þeir er búnir váru; sótti sá sína ferð ákafligast, er skip hafði skjótast; kepðisk hverr við annan. En er þetta samflot kom norðr á Mæri, þar var þá fyrir lið Hákonar konungs, ok sjálfr hann var þar í  
 10 liðsamnaði ok búnaði ok stefndi til sín lendum mönnum ok leiðangrsmönnum ok hafði þá áðr langa hríð ekki til tíðenda spurt af Björgyn, en nú fengu þeir eina njósn af öllum skipum, er sunnan fóru, at Erlingr skakki hafði upp sett skip sín í Björgyn, ok mundu þeir hans eiga þangat at vitja, ok segja, at  
 15 hann hefði mikit lið. Þaðan siglði Hákon til Véeyjar, en gerði frá sér inn í Raumsdal Sigurð jarl ok Önund Símunarson, at fá sér lið ok skip, en hann sendi frá sér menn á Mæri hváratveggju. En er Hákon konungr hafði dvalzk fár nætr í kaupbœnum, þá lagði hann brot ok suðr nokkuru lengra, ok þótti sem þá myndi  
 20 fljótara byrjuð þeira ferð ok lið myndi skjótara til hans koma. Erlingr skakki hafði leyft brotferð byrðingum ór Björgyn sunudag, en týsdag, er lokit var formessum, var blásit konungs lúðri ok stefnt til sín liðsmönnum ok býjarmönnum, ok setja fram skip þau, er áðr váru upp sett. Erlingr átti húsping við lið sitt ok  
 25 leiðangrsmenn, segir þá ætlan sína, nefndi menn til skipstjórnar, lét lesa upp, hverir skráðir váru á konungsskipinu. Lauk svá þessu þingi, at Erlingr bað hvern búask um í sínu rúmi, hvar sem skipat var, lét þann missa skyldu lífs eða lima, er þá dveldisk eptir í bœnum, er hann lagði braut Bækisúðinni. Ormr konungs-  
 30 bróðir lagði þegar brot sínu skipi um kveldit, ok flest skip höfðu áðr verit á floti.

#### K. 6. Frá Erlingi skakka.

Öðinsdag, áðr messur væri sungnar í býnum, lagði Erlingr brot öllu liðinu ór bœnum; þeir höfðu skip xxi.; þá var blásandi  
 35 byrr sunnan með landi. Erlingr hafði með sér Magnús konung, son sinn; margir váru þar lendir menn ok höfðu it fríðasta lið. Þá er Erlingr siglði norðr fyrir Fjörðu, þá sendi hann skútu inn af leið til bús Jóns Hallkelssonar ok lét taka Nikólás, son Símunar skálps ok son Máriu, Haraldzdóttur gilla, ok höfðu þeir

hann með sér út til liðsins; fór hann á konungsskipit. Frjádag þegar í öttu siglðu þeir á Steinavág; Hákon konungr lá þá í höfn þeiri, er heitir . . . . , ok hafði xiiii. skip; var hann sjálfr ok menn hans uppi á eyjunni á leiki, en lendir menn hans sátu á haugi nokkurum. Þeir sá, at bátur nokkurr ræri sunnan at eyinni; 5 ii. menn váru þar á ok létu þeir fallask í kjölinn ofan ok tóku þeir fram árum eigi óákaflligarr; en er þeir kómu at landi, festu þeir eigi bátinn ok runnu báðir; en þetta sá ríkismenn ok ræddu sín í milli, at þessir menn mundu segja kunna tíðendi nokkur, stóðu upp ok gengu í móti þeim; ok þegar er þeir funnusk, 10 spurði Qnundr Símunarson: »kunnud þit nokkut segja til Erlings skakka, er þit farið svá ákaflliga?«. Sá svarar, er fyrri mátti máli upp koma fyrir mæði sakir: »hér siglir Erlingr sunnan at yðr með xx. skip eða því nær ok mörq ýrit stór, ok munuð þér nú skjótt sjá segl þeira«. Þá segir Eindriði ungi: 15 »ofnær nefi, kvað karl, var skotinn í auga.« Gengu þeir þá þegar skyndiliga þar til sem leikrinn var, ok því næst kvað lúðr við ok var blásinn herblástr öllu liði til skipa sem ákaflligast, ok var þat í þann tíma dags, er mjök var matbúit. Til skipanna stefndi alt fólk, hljóp hverr þar út á skip, sem honum var næst, 20 ok urðu skipin ójafnskipuð; taka þeir til ára, sumir reisa viðuna ok snúa norðr skipunum ok stefna til Véeyjar, fyrir því at þeir væntu sér þar mikils liðs af býjarmönnum.

#### K. 7. Fall Hákonar konungs.

Þessu næst sjá þeir segl þeira Erlings ok sjá hvárir aðra. 25 Eindriði ungi hafði þat skip, er kallat var Draglaun, langskipsbúza mikil, ok hafði þá orðit liðfátt, þvíat þeir höfðu hlaupit á önnur skip, er þar höfðu áðr á verit; þat var seinst skipa Hákonar; en þá er Eindriði kom gegnt eyinni Sekk, þá kom Bækisúðin eptir þeim, er Erlingr skakki stýrði, ok festi saman 30 þau skip. En Hákon var þá nálíga kominn inn til Véeyjar, er þeir heyrðu lúðragang, þvíat aptr snöru þau skipin, er næst váru, ok vildu veita lið Eindriða, ok leggja þá hváirtveggju til orrostu, svá sem við kómusk; fóru mörq seglin ofan þverskipa, en engi váru tengð, ok lögðu borð við borð. Þessi orrosta var 35 ekki löng, áðr en skipan ryfisk á skipi Hákonar konungs, fellu sumir, en sumir hljópu fyrir borð. Hákon steypði yfir sik grári kápu ok hljóp á annat skip; en er hann hafði dvalizk þar lítla hríð ok þóttisk hann vita, at hann var með óvinum þar kominn,



ok er hann hugsaði fyrir sér, þá sá hann enga sína menn eða sín skip allnær; þá gekk hann á Bækisúðina ok fram í stafnsveit ok það sér griða, en stafnbúar tóku hann til sín ok gáfu honum grið. En í þessi hríð hafði orðit mikit mannfall ok þó meira af Hákonar mönnum. Fallinn var þá á Bækisúðinni Níkolás, sonr Símunar skálps, ok var hans dráp kent þeim sjálfum Erlings mönnum. Eptir þetta varð hvíld á orrostu ok greiddusk sér hvar skipin. Þá var sagt Erlingi, at Hákon konungr var þar á skipinu ok stafnbúar hans höfðu tekit Hákon til sín ok heituðusk at verja hann. Erlingr sendi mann fram á skipit ok það þat segja stafnbúum, at þeir varðveitti Hákon svá, at hann færi eigi á brot, en lézk mundu eigi í móti mæla, at konungr hefði grið, ef þat væri ráð ríkismanna ok væri þaðan leitat um sættir. Stafnbúar mæltu allir, at hann skyldi mæla allra höfðingja heil-  
 15 astr. Þá lét Erlingr blása ákafliga ok það menn þess, at menn skyldu leggja at skipum þeim, er óhroðin váru, segir, at þeir mundu eigi komask í betra færi at hefna Inga konungs. Þá æpðu allir heróp ok eggjaði hverr annan ok greiddu til atlogunnar; í þessum þys var Hákon konungr særðr banasári, en eptir fall  
 20 hans ok þá er hans menn urðu þess varir, þá røru þeir at fast ok koptuðu hlífunum ok hjoggu tveim höndum ok hirðu þá eigi um líf sitt. Þessi ofrausn gerðisk þeim brátt at skaða miklum, þvíat Erlings menn sá bera höggstaði á þeim; fell lið Hákonar konungs mikill hlutr; bar þat mest til, at liðsmunr var mikill ok  
 25 menn Hákonar hlífðu sér lítt, en engi þurpti griðin at nefna af Hákonar mönnum, nema þeir einir, er ríkismenn tóku á vald sitt ok festu fé fyrir. Þessir menn fellu af Hákonar liði, Sigurðr kápa, Sigurðr hjúpa, Rognvaldr kunta; en nokkur skip kómusk undan ok røru inn í fjørðu ok hjálpu svá lífi sínu. Lík Hákonar  
 30 konungs var flutt inn í Raumsdal ok var þar jarðat. Sverrir konungr, bróðir hans, lét flytja lík Hákonar konungs norðr til kaupangs ok leggja í steinvegginn í Kristskirkju fyrir sunnan í kórinum.

#### K. 8. Flótti liðshöfðingja Hákonar konungs.

35 Sigurðr ok Eindriði ungi, Önundr Símunarson, Frírekr kœna ok enn fleiri höfðingjar heldu saman flokkinum, leifðu skipin í Raumsdal ok fóru síðan til Uplanda. Erlingr skakki ok Magnús konungr fóru liði sínu norðr til kaupangs ok lögðu land alt undir sik, hvar sem þeir fóru. Síðan lét Erlingr stefna Eyra-

þing; var þar Magnús tekinn um alt land til konungs. Dvalðisk Erlingr þar lítla hríð, þvíat honum þóttu Þrændir ekki vera trúligir þeim feðgum; var Magnús þá kallaðr konungr yfir öllu landi. Hákon konungr var maðr heldr fríðr sýnum, vel vaxinn, hár ok mjór; hann var herðibreiðr mjök; því kölluðu liðsmenn 5 hann Hákon herðibreið; en fyrir því at hann var ungr at aldri, höfðu aðrir höfðingjar ráðagørð með honum; hann var kátr ok lítillátr í máli, leikinn ok hafði ungmennis æði; vinsæll var hann við alþýðu.

## K. 9. Uphaf Sigurðar konungs.

10

Markús á Skógi hét maðr uplenzkr, frændi Sigurðar jarls; Markús fóstaði son Sigurðar konungs; sá hét Sigurðr. Síðan tóku Uplendingar Sigurð til konungs með ráði Sigurðar jarls ok annarra höfðingja, þeira, er fylgt höfðu Hákon konungi, ok höfðu þeir þá enn styrk mikinn liðs; fór flokkurinn optliga í tvenningu; var konungr ok Markús minnr á viðborða, en Sigurðr jarl 15 ok aðrir höfðingjar með sínar sveitir meirr við háskann; fóru þeir með flokkinn mest um Uplönd, en stundum ofan í Víkina. Erlingr skakki hafði með sér jafnan Magnús, son sinn; hafði hann skipastól allan ok landvarnir; var hann í Björgyn um 20 haustit hríð nokkura ok fór þaðan austr í Vík ok settisk í Túnsbergi, efnaði þar til vetrsetu ok samnaði at sér um Víkina sköttum ok skyldum, þeim er konungr átti; hann hafði ok frítt lið ok mikit. En með því at Sigurðr jarl hafði lítit af landi, en mikit var fjölmenni, varð brátt féfátt, ok þar er eigi váru 25 höfðingjar nær, þá varð eptir fénu leitast mjök aflaga, sumt með frekligum sakagiptum, en sumt berliga með ránum.

## K. 10. Fyrðæmðr Sigurðr jarl.

Í þann tíma stóð Nóregs-veldi með blóma miklum; var bóndafólk auðigt ok ríkt ok óvant ófrelsi eða ófriði flokkanna; 30 gerðisk brátt mikit orðlag ok stórar frásagnir, þá er rænt var. Víkverjar váru fullkomnir vinir Magnús konungs ok Erlings; olli því mest vinsæld Inga konungs Haraldzsonar, þvíat Víkverjar höfðu með sínum styrk jafnan þjónat undir þann skjöld. Erlingr lét hafa varðhald á bænum ok vöðu xii. menn hverja 35 nótt. Erlingr átti jafnan þing við bændr, ok var þar talast opt um óspekðir Sigurðar manna, ok með fortölum Erlings ok annarra liðsmanna, þá feksk mikill rómr til þess af böndum, at

þat væri mikit happaverk, at menn léti þann flokk aldri þrífask. Árni konungsmágr talaði langt um þetta mál ok hart at lykðum; beiddi hann þess alla menn, er á váru þinginu, bæði liðsmenn ok bændr ok býjarmenn, at menn skyldu gera vápnatak at því, 5 at dæma með lögum Sigurð jarl ok allan flokk þeira til fjandans bæði lífs ok dauða; en með ákafa lýðsins ok óstilling, þá játtu allir því; var þetta ódæma-verk gørt ok fest, svá sem lög váru til at dæma á þingum. Hróaldr prestur langtala talaði um þetta mál; hann var maðr málsnjallr, ok kom sú tala mjök í einn 10 stað, svá sem áðr hafði talat verit. Erlingr veitti um jólin í Túnsbergi, en konungr gaf mála þar um kyndilmessu.

#### K. 11. Frá Erlingi.

Sigurð jarl fór með it fríðasta lið sitt um Víkina, ok gekk undir hann mart lið fyrir ofríkis sakir, en margir guldu fé; fór 15 hann svá víða uppi á landi ok kom fram í ýmsum stöðum; váru þeir sumir í flokkinum, er sér leituðu griða á laun til Erlings, en þar kómu þau svør í mót, at allir menn, þeir er þess leituðu, skyldu hafa lífsgríð, en þeir einir landzvist, er engi væri í stórsökum við hann. En er þat spurðu floksmenn, at menn 20 skyldu eigi landzvistina hafa, þá helt þat mjök saman flokkinum, þvíat þeir váru margir, at sik vissu at því sanna, er Erlingi mundu þykkja mjök sakbitnir. Philippús Gyrðarson gekk til sætta við Erling ok fekk aptr eignir sínar ok fór aptr til búa sinna. Litlu síðarr kómu þar Sigurðar menn ok drápu hann. 25 Mørg slög veittu hvárir øðrum í eltum eða í mannaaftökum, ok er þat ekki ritat, er eigi áttusk höfðingjar við.

#### K. 12. Frá Erlingi.

Þat var á öndverðri fõstu, er njósn kom Erlingi, at Sigurð jarl myndi koma á fund hans, ok var til hans spurt hér ok 30 hvar, stundum nær, en stundum firr meirr. Erlingr gerði þá njósn frá sér, at hann skyldi varr verða, hvar sem þeir kvæmi fram; hann lét ok hvert kveld blása öllu liðinu upp ór býnum, ok lágu þeir um nætr í samnaði, ok var alt skipt liðinu í fylkingar. Þá kom Erlingi njósn, at þeir Sigurð jarl váru þaðan 35 skamt í brot upp á Ré. Erlingr byrjar þá ferðina ór böenum ok hafði með sér alt bæjarfólk, þat er vígt var ok vápnat, ok svá kaupmenn, nema xii. menn, er eptir váru at gæta býjarins. Hann fór ór býnum týsdag í annarri viku langafõstu eptir

nón, ok hafði hverr maðr sér tveggja daga vist; fóru þá um nóttina, ok varð þeim seint at koma liðinu ór býnum; um einn hest ok einn skjöld váru ii. menn. Þá er skorat var liðit, þá var nær xiii. hundruð manna. En er njósn kom í mót þeim, var þeim sagt, at Sigurðr jarl var á Ré á þeim bæ, er Hrafnanes 5 heitir, með d. manna. Lét þá Erlingr kalla saman liðit ok segir þau tíðendi, er hann hafði spurt, en allir eggjuðu, at þeir skyldu skunda ok taka hús á þeim eða berjask þegar um nóttina. Erlingr talaði ok mælti svá: »þat mun líkligt þykkja, at fundr várr Sigurðar jarls myni brátt at berask; eru í þeira flokki ok margir 10 aðrir þeir menn, er oss mætti minnisamt vera þeira handaverk, er þeir hjoggu niðr Inga konung ok svá marga aðra vára vini, sem seint er tōlu á at koma; gerðu þeir þau verk með fjánda krapti ok fjölkyngi ok niðingskap, þvíat þat stendr hér í lögum várum ok landzrétti, at engi maðr hefir svá fyrir gort sér, at 15 eigi heiti þat niðingsverk eða morðvíg, er menn drepask um nætr. Hefir þessi flokkur sér leit at þeira heilla at tilvísan fjölkunnigra manna, at þeir skyldu um nætr berjask en eigi undir sólu; hafa þeir ok með þvílíkri framkvæmð þann sigr unnit, at stíga yfir hofuð þvílíkum hofðingja, sem þeir hafa 20 at jorðu lagt. Nú hofum vér þat optliga sagt ok sýnt, hvernug afleitt oss sýnisk um þeira hátt, er þeir hafa um nætr til bardaga ráðit; skulu vér fyrir því heldr hafa hinna hofðingja dømi, er oss eru kunnari ok betra er eptir at líkja, at berjask um ljósa daga ok með fylking, en stelask um nætr á sofandi menn; hofum 25 vér lið gott í móti, eigi meira her en þeir hafa; skulum vér biða dags ok lýsingar ok haldask saman í fylkingu, ef þeir vilja nokkur áhlaup oss veita«. Eptir þat settisk niðr alt liðit; tóku sumir í sundr heyhjálma nokkura ok gerðu sér af ból, sumir sátu á skjöldum sínum, ok biðu svá lýsingar. Svalt var veðr 30 ok vátadrífa.

### K. 13. Frá fylking Sigurðar jarls.

Sigurðr jarl hafði svá fremmi fengit njósnina, er liðit var komit nær at þeim; stóðu menn hans upp ok vápnuðusk ok vissu ógörla, hversu mikit lið þeir Erlingr hofðu; vildu sumir flýja, 35 en flestir vildu biða. Sigurðr jarl var vitr maðr ok snjallr í máli, en kallaðr ekki mikill áræðismaðr; var hann ok fúsari þá at flýja, ok fekk hann af því mikit ámæli af liðsmönnum. En er lýsa tók, tóku hvárirveggju at fylkja liðinu; fylkði Sigurðr

jarl á brekku nokkurri fyrir ofan brúna milli ok býjarins; þar fell  
 lítil á; en þeir Erlingr fylkðu öðrum megin árinna; á bak fylking  
 þeira váru menn á hestum vel vápnaðir; þeir höfðu konung með  
 sér. Jarls menn sá þá, at liðsmunr myndi vera mikill, ok tölðu  
 5 þat ráð at leita á skóginn. Jarl svarar: »þat segið þér, at mér  
 fylgi engi hugr, en nú skal þat reyna; ok gæti nú hverr sín, at  
 eigi flýi eða fálmi fyrr en ek. Vér höfum vígi gott, látum þá  
 ganga yfir brúna, en er merkit kómur yfir brúna, þá steypumk  
 vér á þá fyrir brekkuna, ok flýi nú engi frá öðrum«. Sigurðr  
 10 jarl hafði brúnaðan kyrtil ok rauða skikkju ok drepit upp  
 skautunum, fitskúa á fótum; hann hafði skjöld ok sverð, er  
 Bastarðr var kallat. Jarl mælti: »þat veit guð með mér, at heldr  
 en þiggja mikit gull, þá vilda ek ná með Bastarði at koma einu  
 höggvi við Erling skakka«.

15

## K. 14. Fall Sigurðar jarls.

Lið Erlings skakka vildi ganga fram at brúnni; hann mælti,  
 það þá venda upp með ánni — »er á þessi lítil ok engi torfæra,  
 þviat slétt er at«. Var svá gort. Jarls fylking fór upp eptir  
 brekkunni gegnt til; en þá er praut brekkuna ok slétt var yfir  
 20 ána ok gott, þá mælti Erlingr, at hans menn skyldu syngva Pater  
 noster ok biðja, at þeir hefði gagn, er betr gegndi. Þá sungu  
 þeir kirjál allir hátt ok börðu vápnum allir á skjöldu sína; en  
 við þann gny skutusk á brot ok flýðu ccc. manna af Erlings liði.  
 Gekk Erlingr ok hans lið yfir ána, en jarls menn æpðu heróp;  
 25 ok þeim brásk framhlaupit fyrir brekkuna at Erlings fylking;  
 tóksk orrosta á framanverðri brekkunni; váru fyrst spjóta lög  
 ok þegar brátt höggorrosta; fór á hæl jarls merki, svá at Erlingr  
 ok hans menn kómusk upp á brekkuna. Varð þá skömm orrosta,  
 áðr jarls lið flýði á skóginn, er at baki þeim var áðr. Þá var  
 30 sagt Sigurði jarli ok báðu menn hann flýja. Hann segir: »fram  
 vér nú, meðan vér megum«. Gengu þeir þá fram allhraustliga  
 ok hjoggu til beggja handa. Í þeiri hríð fell Sigurðr jarl ok  
 Jón Sveinsson ok nær lx. manna. Þeir Erlingr létu fátt manna  
 ok ráku flóttann at skóginum. Þá kannaði Erlingr liðit ok hvarf  
 35 aptr; hann kom þar at er þrælur konungs vildu draga klæði af  
 Sigurði jarli, ok var hann eigi með öllu ørendr ok vissi þó ekki.  
 Hann hafði fólgit sverð sitt í umgørð, ok lá þat hjá honum.  
 Erlingr tók þat upp ok laust með þrælana, það þá braut skríða.  
 Eptir þat hvarf Erlingr aptr með liði sínu ok settisk í Túns-

bergi. Vii. nóttum síðarr en jarl fell tóku þeir Erlings menn Eindriða unga, ok var hann drepinn.

## K. 15. Frá Markúsi.

Markús af Skógi ok þeir Sigurðr fóstarr réðu ofan í Víkina, er váraði, ok fengu sér þar skip. En er Erlingr spurði þat, þá 5 fór hann austr eptir þeim, ok hittusk þeir í Konungahellu. Flýðu þeir Markús út í eyrna Hísing; dreif þar ofan landzfólk, Hísingsbúar, ok gengu í fylking með Markús monnum. Þeir Erlingr røru at landi, en Markús menn skutu á þá. Þá mælti Erlingr við sína menn: »tökum skip þeira, ok göngum ekki upp at 10 berjask við landzher; Hísingsbúar eru illir heimsóknar, harðir menn ok óvitrir; munu þeir lítila hríð hafa flokk þenna með sér, þvíat Hísing er lítit land«. Svá var gørt, at þeir tóku skipin ok fluttu yfir til Konungahellu. Markús ok hans lið fóru upp á Markir ok ætluðu þaðan til áhlaupa; hqfðu þá hvárir njósn af 15 qðrum. Erlingr hafði fjölmenni mikit, nefndi þar til lið ór heruðum; veittu þá hvárigir qðrum árásir.

## K. 16. Uphaf Eysteins erkibyskups.

Eysteinn, sonr Erlendz hímalda, var kosinn til erkibyskups eptir andlát Jóns erkibyskups. Eysteinn var vígðr á sama ári 20 ok Ingi konungr fell. En er Eysteinn erkibyskup kom til stóls, var hann vel þokkaðr öllu landzfólki; hann var skqrungr mikill, maðr ættstórr; tóku Þrændir vel við honum, þvíat flest stórmenni í Þrændalögum var bundit í frændsemi eða í nqkkurum tengðum við erkibyskup, en allir fullkomnir í vináttu. Erkibyskup hóf 25 þá málaleitan við bændr, talaði fyrst um fjárþurpt staðarins ok þat með, hversu mikla upreist staðrinn þurpti at hafa, ef hann skyldi þá vera þeim mun scemiligarr haldinn en áðr, sem hann var þá tignari en áðr, er þar var erkibyskupstóll settr; hann beiddi þess bændr, at þeir skyldu veita honum silfrmetinn eyri 30 í sinn sakeyri, en áðr hafði hann sakmetinn eyri, sem gekk í konungs sakeyri; en þess auralags er helmingsmunr, at meiri er sá, er hann vildi hafa, silfrmetinn eyrir. En við styrk frænda erkibyskups ok vina, en framkvæmð hans sjálfs, þá gekk þetta við, ok var þat dæmt at lögum um qll Þrændalög, ok þetta gekk við 35 um fylki þau, er í hans erkibyskupsríki váru.

## K. 17. Frá Markúsi ok Sigurði.

Sigurðr ok Markús, þá er þeir höfðu látit skip sín í Elfinni, sá þat, at þeir fengu ekki fang á Erlingi, þá snørusk þeir til Uplanda ok svá it øfra norðr til Þrándheims; var þeim þar vel fagnat; var Sigurðr þar til konungs tekinn á Eyrabíngi. Réðusk þar til floksins margir góðra manna synir; réðu þeir þar til skipa ok þjoggusk skyndiliga, fóru, er sumraði, suðr á Mœri, ok tóku allar konungstekjur, hvar sem þeir fóru. Þeir váru í Björgyn lendir menn til landvarnar Níkolás Sigurðarson, Nøkkvi Pálsson ok enn fleiri sveitarhöfðingjar, Þórólfr dryllr, Þorbjörn gjaldkeri ok margir aðrir. Þeir Markús siglðu norðan ok spurðu, at Erlings menn höfðu fjölmment í Björgyn, siglðu þar útleið ok suðr um. Þat höfðu menn á máli, at þat sumar höfðu Markús menn byr, hvar sem þeir vildu fara.

## 15 K. 18. Dráp Sigurðar.

Erlingr skakki, þegar hann spurði, at þeir Markús höfðu norðr snúit, þá helt hann norðr í Víkina, ok dró at sér lið ok varð brátt fjölmennr ok hafði skip stór ok mörq; en er hann sótti út í Víkina, fekk hann andviðri ok lá lengi hér ok hvar höfnum alt þat sumar. En er þeir Markús kómu austr á Lista, þá spurðu þeir, at Erlingr hafði her óvígjan í Víkinni, vendu þá apr norðr; en er þeir kómu á Hördaland, þá ætluðu þeir til Björgynjar, en er þeir koma fyrir býinn, þá róa þeir Níkolás innan í móti þeim ok höfðu lið miklu meira ok skip stærri. Sá þeir Markús þá engi annan sinn kost, en róa suðr undan, stefna sumir til hafs út, sumir suðr í sund, sumir í fjörðu inn, en Markús ok sumt lið með honum hljóp upp í ey þeiri, er Skarpa heitir. Þeir Níkolás tóku skip þeira, gáfu grið Jóni Hallkelssyni ok nøkkurum mǫnnum öðrum, en drápu flest þat, er þeir náðu. Nøkkurum dögum síðarr fann Eindriði heiðafylja þá Sigurð ok Markús; váru þeir fluttir til Björgynjar; var Sigurðr höggvinn út frá Grafðali, en Markús hengðr við annan mann á Hvarfsnesi; en þat var Mikjálsmessu. Flokr sá, er þeim hafði fylgt, dreifðisk þá.

## 35 K. 19. Frá Erlingi ok Hising-búum.

Frírekr kœna ok Bjarni inn illi, Öundur Símunarson, Örnólfr skorpa, þeir höfðu róit á haf út með nøkkurum skipum

ok heldu it ýtra með hafi austr fyrir land; en hvar sem þeir kómu við land, ræntu þeir ok drápu vini Erlings. En er Erlingr spurði dráp þeira Markús, þá gaf hann heimleyfi lendum mǫnnum ok leiðangrsmǫnnum, en hann sjálfr helt þá sínu liði austr yfir Foldina, þvíat hann spurði þar til Markús manna. Erlingr helt 5 til Konungahellu, ok dvalðisk þar um haustit. Á fyrstu viku vetrar fór Erlingr út í eyra Hísing með miklu liði ok krafði þar þings. Hísingsbúar kómu ofan ok heldu upp þingi. Erlingr bar sakir á hendr þeim um þat, er þeir höfðu hlaupit í flokk með Markús mǫnnum ok fylkt liði í móti honum. Qzurr hét sá 10 maðr, er ríkastr var bónda, er talaði af þeira hendi. Var þingit langt, en at lykðum festu bæendr dóm Erlingi, en hann gerði þeim stefnulag á viku fresti í bænum, ok nefndi til xv. menn af bóndum at koma þar. En er þeir kómu, dæmði Erlingr á hönd þeim at gjalda ccc. nauta. Fóru bæendr heim ok unðu illa 15 sínum hluta. Lítlu síðarr lagði ís á ána ok fraus inni skip Erlings; þá heldu bæendr gjaldinu ok lágu í samnaði um hríð. Erlingr bjó þar til jólaveizlu, en Hísingsbúar höfðu samburðaröl ok heldu sveit um jólin. Um nóttina eptir fimta dag jóla, fór Erlingr út í eyra ok tók hús á Qzuri ok brendi hann inni, ok 20 allz drap hann lxxxxx. manna ok brendi iii. bæi; fór síðan aptr í Konungahellu. Síðan kómu bæendr til hans ok guldu gjaldit.

#### K. 20. Dráp Fríreks ok Bjarna.

Erlingr skakki bjósk þegar um várit, er hann mátti flota skipum sínum fyrir ísum, ok fór ór Konungahellu. Hann spurði, 25 at þeir herjuðu norðr í Víkinni, er verit höfðu fyrr Markús menn. Erlingr helt til njósnum um farar þeira, ok fór at leita þeira ok hitti þá, er þeir lágu í höfn nokkurri. Qnundr Simunarsón ok Qrnólfr skorpa kómusk undan, en Frírekr kœna ok Bjarni inn illi urðu handteknir, ok drepit mart af sveitum þeira. 30 Erlingr lét binda Frírek við akkeri ok kasta fyrir borð; var Erlingr af því verki it mesta óþokkaðr í Þrændalögum, þvíat Frírekr átti þar ina beztu ætt. Bjarna lét Erlingr hengja ok mælti hann þá, sem hann var vanr, in mestu orðskrœpi, áðr hann var hengðr; svá segir Þorbjörn skakkaskáld: 35

233. Urð dró austan fjarðar      færðr vas fleinn meðal herða  
 Erlingr at víkingum,      Fríreks; ofar nekkvi  
 (mein fekk margr af Kœnu      skoldi óþarfr öldum  
 maðr) es hann fór þaðra;      illgjarn við tré Bjarni.



Qnundr ok Qrnólfr ok þær sveitir, er undan höfðu komizk, flýðu til Danmerkr, en váru stundum á Gautlandi eða í Víkinni.

K. 21. Vígðr Magnús konungr.

Erlingr skakki helt síðan til Túnsbergs ok dvalðisk þar  
 5 iengi um várit; en er sumraði, helt hann norðr til Björgynjar;  
 var þar þá allmikil fjölmenni. Þar var þá Stephánús légátús af  
 Rúmaborg ok Eysteinn erkibyskup ok aðrir byskupar innlenzkir.  
 Þar var ok Brandr byskup, er þá var vígðr til Íslandz; þar var  
 ok Jón Loptsson, dótturson Magnús konungs berfœts; þá hafði  
 10 Magnús konungr ok aðrir frændr Jóns tekit við frændsemi hans.  
 Eysteinn erkibyskup ok Erlingr skakki váru opt á tali ok á  
 einmælum; ok eitt sinn var þat í rœðum þeira, at Erlingr spurði:  
 »er þat með sannendum, herra, er menn segja, at þér hafið  
 aukit auralag um sakeyri yðarn við böendr norðr í landit?«. Erki-  
 15 byskup svarar: »þat er víst satt, at böendr hafa mér þat veitt,  
 at auka auralag um sakeyri minn; hafa þeir þat gort at sjálfræði  
 sínu, en með engum pyndingum, aukit í því guðs dýrð ok auðœfi  
 staðar várs«. Erlingr segir: »hvárt eru þat lög, herra, ins helga  
 Óláfs konungs, eða hafið ér tekit nokkuru frekara þetta mál, en  
 20 svá sem ritit er í lögþókinni?«. Erkibyskup segir: »svá mun  
 inn heilagi Óláfr konungr löginn hafa sett, sem hann fekk þá  
 jáorð ok samþykki alþýðu til; en ekki finzk þat í hans lögum,  
 at bannat sé at auka guðs rétt«. Erlingr segir: »vilið þér auka  
 yðarn rétt, þá munuð þér styrkja vilja oss til þess, at vér aukim  
 25 jammiklu konungs réttinn«. Erkibyskup segir: »aukit hefir þú  
 nú áðr með gnógu nafn ok ríki sonar þíns; en ef ek hefi aflaga  
 tekit auralöginn af þeim Prændum, þá ætla ek stœrra bera hin  
 lagabrotin, er sá er konungr yfir landi, er eigi er konungs sonr;  
 eru þar hvárki til þess lög né dœmi hér í landi«. Erlingr segir:  
 30 »þá er Magnús var til konungs tekinn yfir Nóregrs ríki, var þat  
 gort með yðarri vitand ok ráði ok svá annarra byskupa hér í  
 landi«. Erkibyskup segir: »því héztu þá Erlingr, ef vér sam-  
 þykðim með þér, at Magnús væri til konungs tekinn, at þú  
 skyldir styrkja guðs rétt í öllum stöðum með öllum krapti þínum«.
   
 35 »Játi ek því, segir Erlingr, at ek hefi heitit at halda guðs lög  
 ok landzrétt með öllum mínum styrk ok konungs. Nú sé ek  
 hér betra ráð til, en hvárr okkarr kenni öðrum brigðmæli;  
 höldum heldr öll einkamál vár; styrkið þér Magnús konung til  
 ríkis, svá sem þér hafið heitit, en ek skal styrkja yðart ríki til

allra farsælligra hluta«. Fór þá öll ræðan mjúkliga með þeim. Þá mælti Erlingr: »ef Magnús er eigi svá til konungs tekinn, sem forn síðr er til hér í landi, þá meguð þér af yðru valdi gefa honum kórónu, sem guðs lög eru til at smyrja konung til veldis. En þótt ek sjá eigi konungr eða af konunga ætt kominn, þá hafa 5 þeir konungar nú verit flestir í váru minni, er eigi vissu jafnvel sem ek til laga eða landzréttar; en móðir Magnús konungs er konungs dóttir ok drótningar skilfengin; Magnús er ok drótningar sonr ok eiginkonu sonr. En ef þér vilið gefa honum konungsvígslu, þá má engi hann taka síðan af konungdóminum at 10 réttu. Eigi var Viljálmr bastardr konungs sonr, ok var hann vígðr ok kórónaðr til konungs yfir Englandi, ok hefir síðan haldizk konungdómr í hans ætt á Englandi, ok allir verit kórónaðir. Eigi var Sveinn Úlfsson í Danmørk konungs sonr, ok var hann þó þar kórónaðr konungr, ok síðan synir hans, ok 15 hverr eptir annan þeira frænda kórónaðr konungr. Nú er hér í landi erkistóll; er þat mikill vegr ok tígn landz várs; aukum vér nú enn með góðum hlutum; hofum konung kórónaðan eigi síðr en enskir menn eða Danir«. Síðan töludu þeir erkibyskup ok Erlingr um þetta mál optliga, ok fór alt sáttgjarnliga. Síðan 20 bar erkibyskup þetta mál fyrir lógátann ok fekk auðvelliga snúit lógátanum til samþykkis við sik. Átti erkibyskup þá stefnu við ljóðbyskupa ok aðra kennimenn ok bar þetta mál fyrir þá; en allir svöruðu á eina lund, segja þat sitt ráð, sem erkibyskup vildi vera láta, ok fýstu allir, at vígsla fœri fram, þegar þeir 25 funnu, at erkibyskup vildi svá vera láta; var þat þá allra dómr.

#### K. 22. Vígsla Magnús konungs.

Erlingr skakki lét búa í konungsgarði til veizlu mikillar, ok var höll in mikla töluduð pellum ok bakklæðum ok búin með inum mesta kostnaði. Var þá veitt hirðinni ok öllum hand- 30 gengnum mönnum; þar var fjöldi boðsmanna ok margir hofðingjar. Magnús tók þá konungsvígslu af Eysteini erkibyskupi, ok þar váru at vígslunni aðrir v. byskupar ok lógátinn ok fjöldi kennimanna. Erlingr skakki ok með honum xii. lendir menn sóru lagaeiða með konungi. Ok þann dag, er vígslan var, 35 hafði konungr ok Erlingr í boði sínu erkibyskup ok lógátann ok alla byskupa, ok var sú veizla in vegsamligsta; gáfu þeir feðgar þar margar stórgjafar. Þá var Magnús konungr viii. vetra; iii. vetr hafði hann þá konungr verit.

## K. 23. Frá sendimönnum Valdamars konungs.

Valdamarr Dana-konungr hafði þá spurt þau tíðendi af Nóregi, at þar var þá Magnús einn konungr, þá var eytt flokkum öllum öðrum þar í landi. Þá sendi konungr menn sína með  
 5 bréfum til Magnús konungs ok þeira Erlings, minti þá á einkamál þau, er Erlingr hafði bundit við Valdamar konung, svá sem hér var fyrr ritat, at Valdamarr konungr skyldi eignask Víkina austan til Rygjjarbits, ef Magnús yrði einvaldzkonungr í Nóregi. En er sendimenn kómu fram ok sýndu Erlingi bréf Dana-  
 10 konungs ok hann skilr tilkall þat, er Dana-konungr hefir í Nóreg, þá bar Erlingr þetta fyrir aðra menn, þá er hann skaut ráðum til; en þeir sögðu allir eitt, at aldri skyldi Dönum miðla af Nóregi, þvíat menn sögðu, at sú öld hefði verst verit þar í landi, er Danir höfðu vald yfir Nóregi. Sendimenn Dana-  
 15 konungs töludu sitt mál fyrir Erlingi ok beiddu hann órskurðar. Erlingr bað þá fara með sér í Vík austr um haustit, segir, at hann myndi þá veita órskurð, er hann hefði hitta þá menn í Víkinni, er vitrastir váru.

## K. 24. Frá Erlingi.

Erlingr skakki fór um haustit austr í Vík ok dvalðisk í Túnssbergi; gerði menn yfir til Borgar ok lét stefna þar iiiii. fylkna þing í Borginni; síðan fór Erlingr þannug með liði sínu. En er þing var sett, þá talaði Erlingr ok segir frá því, hver ráðagörð hefði verit staðfest með þeim Danakonungi, þá er þeir  
 25 Erlingr höfðu hafit flokk þenna fyrsta sinn — »vil ek, segir hann, ok halda öll einkamál þau, er vér gerðum þá, ef þat er vili ok samþykki yðart bóndanna, at þjóna Dana-konungi heldr en þessum konungi, er hér er vígðr ok kórónaðr til landz«. Boendr svöruðu Erlingi ok segja svá: »fyrir engan mun viljum  
 30 vér gerask menn Dana-konungs, meðan einn vár er á lífi Víkverjanna«. Geystisk þá at múgr allr með ópi ok kalli ok báðu Erling halda eida sína, er hann hafði þá svarit öllu landfólki, at verja — »land sonar þíns, en vér skulum allir fylgja þér«. Sleit svá því þingi. Síðan fóru sendimenn Dana-konungs  
 35 heim suðr til Danmerkr ok sögðu sitt ørendi slíkt sem var. Danir veittu Erlingi mikit ámæli ok öllum Norðmönnum, segja, at þeir væri aldri reyndir nema at illu; fóru þau orð um, at Dana-konungr myndi eptir um vórit hafa úti her sinn ok herja í Nóreg. Erlingr

fór um haustit norðr til Björgynjar ok sat þar um vetrinn ok gaf þar mála.

#### K. 25. Frá bréfum Þrænda.

Vetr þann fóru menn nokkurir danskir it øfra um land ok segja þat, sem margtítt er, at þeir skyldu til ins helga Óláfs 5 konungs til vöku. En er þeir kómu til Þrándheims, þá hittu þeir þar marga ríkismenn; segja þá ørendi sín, at Dana-konungur hafði sent þá at leita sér vináttu til þeira ok viðtöku, ef hann kómr í land, en hann heitr at gefa þeim bæði ríki ok fé. Þessarri orðsending fylgði bréf ok innsigli Dana-konungs ok þat með, at 10 þeir böendrnir skyldu senda í mót sín bréf ok innsigli. Þeir gerðu svá ok urpusk flestir vel undir orðsending Dana-konungs. Sendimenn fóru aptr austr, er á leið langaföstu. Erlingr sat í Björgyn. En er váraði, segja vinir Erlings honum pata þann, er þeir höfðu spurt af byrðingsmönnum, er komnir váru norðan 15 ór Þrándheimi, at Þrændir væri berir í fjándskað við hann ok þeir lýsti því á þingum sínum, ef Erlingr kvæmi í Þrándheim, at hann skyldi aldriki koma út um Agðanes með fjörvi. Erlingr segir, at slíkt væri uplostning ok hégómi. Erlingr lýsti því, at hann myndi fara suðr á Unarheim til gagndagaþings ok lét búa 20 snekkju xx.-sessu ok skútu xv.-sessu ok enn vistabyrðing. En er skipin váru búin, þá lögðusk á sunnanveðr hvöss. Týsdag í gagndögum lét Erlingr blása liði sínu til skipa, en menn váru traudir ór býnum ok þótti ilt at róa andróðann. Erlingr lagði norðr í Byskupshöfn. Þá mælti Erlingr: »illa kurrið þér at róa 25 andróðann; takið nú ok reisið viðurnar, dragið síðan seglin, ok látum ganga norðr skipin«. Þeir gerðu svá, siglðu norðr um daginn ok um nóttina. Óðinsdag at kveldi siglðu þeir inn um Agðanes; varð þá fyrir þeim samflot mikit, byrðingar ok röðrarferjur ok skútur; þat var vökulið; fóru inn til býjar, sumir fyrir 30 þeim, en sumir eptir; gáfu býjarmenn engi gaum at fyrir þá sök um langskipasigling.

#### K. 26. Frá Erlingi ok Þrændum.

Erlingr skakki kom til býjarins þann tíma, er sunginn var óttusongr uppi at Kristskirkju. Þeir Erlingr hljópu í býinn, ok 35 var þeim sagt, at Alfr hroði; sonr Óttars birtings, lendr maðr, sat þá enn ok drakk með sína sveit. Erlingr veitti þeim atgöngu; var Alfr drepinn ok flest öll sveit hans; fátt fell annarra manna,

þvíat flestir höfðu gengit til kirkju. Þetta var um nóttina fyrir upstigningardag. Þegar um morgininn lét Erlingr blása öllu liðinu út á Eyrar til þings; en á þinginu bar Erlingr sakir á Þrændi ok kendi þeim landráð við konunginn ok sik ok nefndi til

5 Bárð standala ok Pál Andréásson ok Razabárð — hann hafði þá býjarbyggð —, ok enn mjök marga aðra. Þeir svöruðu ok færðu sik undan sökum. Þá stóð upp kapalín Erlings ok helt upp bréfum mörögum ok innsiglum ok spurði, ef þeir kendi innsigli sín þar, þau er þeir hefði sent um várit Dana-konungi;

10 váru þá ok lesin upp bréfin. Þar váru ok þeir inir dönsku menn með Erlingi, er með bréfum höfðu farit um vetrinn; hafði Erlingr fengit þá til þess; segja þeir þá fyrir allri alþýðu hvers þeira orð, er mælt hafði — »svá mæltir þú, Razabárðr, ok barðir á brjóstit: ór þessu brjósti kómu at uphafi öll þessi ráð«. Bárðr

15 svaraði: »örr var ek þá, herra minn, er ek mæлта slíkt«. Urðu þá engi fong önnur en festa Erlingi sinn dóm á öllu því máli; tók hann þá þegar ógrynni fjár af mörögum mönnum, en lagði alla ógilda, þá er drepnir váru; fór síðan aptr suðr til Björgynjar.

#### K. 27. Ferð Valdamars konungs í Nóreg.

20 Valdamarr konungr hafði þat vár úti her mikinn í Danmörk ok helt liðinu norðr í Víkina. Þegar hann kom í veldi Nóregskonungs, þá höfðu bændr fyrir samnað ok múg mannz. Konungr fóra friðsamliga ok spakliga; en hvar sem þeir fóru við meginland, þá skutu menn á þá, ok þótt i. eða ii. væri, ok

25 þótti Dönum þat fullr illvili landzmannna. En er þeir kómu til Túnsbergs, þá stefndi Valdamarr konungr þar þing á Haugum, en ekki sótti til ór heruðum. Þá talaði Valdamarr konungr ok mælti svá: »auðsætt er um landzfólk þetta, at allir standa oss í móti; eigum vér nú ii. kosti fyrir höndum, þann annan, at fara

30 herskildi yfir landit ok eira engu, hvárki fé né mönnum; hinn er annarr kostur, at fara suðr aptr við svá búit, ok er þat nærr mínu skapi, at fara heldr í austrveg til heiðinna landa, er gnóg eru fyrir, en drepa eigi hér kristit fólk, þótt þeir hefði ærna makligleika til þess«. En allir aðrir váru fúsir til at herja, en

35 þó réð konungr, at þeir fóru aptr suðr, ok var þó allvíða rænt um úteyjar, ok hvarvetna þegar konungr var eigi nær. Fóru þeir suðr til Danmerkr.

## K. 28. Ferð Erlings til Jótlandz.

Erlingr skakki spurði, at Dana-herr var kominn í Víkina; þá bauð hann út almenningi um alt land at liði ok skipum, ok varð þat it mesta herhlaup, ok helt her þeim austr með landi. En er hann kom til Líðandisness, 5 spurði hann, at Dana-herr var farinn suðr aptr til Danmerkr ok þeir höfðu víða rænt í Víkinni. Þá gaf Erlingr heimleyfi öllu leiðangrslíði, en hann sjálfr ok nokkurir lendir menn siglðu með mjök mǫrg skip suðr eptir Dǫnum til Jótlandz. En er þeir kómu þar, sem heitir Dýrsá, þá lágu þar fyrir Danir, komnir ór 10 leiðangri, ok höfðu skip mǫrg. Erlingr lagði at þeim ok barðisk við þá. Danir flýðu brátt ok létu mart manna, en þeir Erlingr ræntu skipin ok svá kaupstaðinn ok fengu þar allmikit fé ok fóru síðan aptr til Nóregs. Var þá um hríð ófriðr milli Nóregs ok Danmerkr. 15

## K. 29. Ferð Erlings til Danmerkr.

Kristín konungsdóttir fór um haustit suðr til Danmerkr; fór hon á fund Valdamars konungs, frænda síns; þau vǫru systrabörn; fagnaði konungr henni forkunnar vel ok fekk henni veizlur þar með sér, svá at hon fekk þar vel haldit sína menn. Var hon 20 opt á tali við konunginn, ok var hann allblíðr til hennar. En eptir um várit sendi Kristín menn til Erlings ok bað hann fara á fund Dana-konungs ok sættask við hann. Um sumarit eptir var Erlingr í Víkinni, hann bjó eitt langskip ok skipaði inu fríðasta liði sínu; síðan siglði hann yfir til Jótlandz. Hann 25 spurði, at Valdamarr konungr var í Randarósi; siglði Erlingr þannug ok kom til býjarins þann tíma, er flest fólk sat um mat. En er þeir höfðu tjaldat ok fest skip sitt, gekk Erlingr upp ok þeir xii. saman, ok allir brynjaðir, höfðu höttu yfir hjálmum, en sverð undir mǫtlum, gengu til konungs herbergis. Þá fóru þar 30 sendingar inn ok vǫru opin dyrrin; gengu þeir Erlingr þegar innar fyrir hásetit; mælti Erlingr: »grið viljum vér hafa, konungr, bæði hér ok til heimfarar«. Konungr leit við honum ok mælti: »ertu þar, Erlingr?«. Hann svaraði: »Erlingr er hér, ok seg oss skjótt, hvárt vér skulum grið hafa«. Þar vǫru inni 35 lxxx. konungs manna, ok allir vápnlausir. Konungr mælti: »grið skuluð þér hafa, Erlingr, sem þú beiðisk; á engum manni níðumk ek, ef á minn fund kemr«. Þá kysti Erlingr á hönd konungi ok gekk út síðan til skips síns. Dvalðisk hann þar um hríð með

konungi; tóluðu þeir um sættargörð milli sín ok landanna, ok kom þat ásamt, at Erlingr settisk þar í gísling með Dana-konungi, en Ásbjörn snara, bróðir Absalóns erkibyskups, fór til Nóregs í gísling í móti.

5 K. 30. Tal Valdamars konungs ok Erlings.

Pat var eitt sinn, er þeir tóluðu Valdamarr konungr ok Erlingr; mælti Erlingr: »herra, þat þykki mér líkast til sætta, at þér hafið alt þat af Nóregi, sem yðr var heitit í einkamálum várum; en ef svá er, hvern höfðingja viljið þér yfir setja þar, hvárt nokkurn danskan?«. »Nei, segir hann, engir Dana-höfðingjar munu fara vilja í Nóreg ok fásk þar við hart fólk ok óhlýðit, en hafa hér áðr óerit gott«. Erlingr mælti: »ek fór fyrir þá sök hingat, at ek vil fyrir engan mun missa yðarrar vináttu; higat til Danmerkr hafa fyrr farit menn af Nóregi, Hákon 15 Ívarsson ok Finnr Árnason, ok gerði Sveinn konungr, frændi yðarr, hvárn tveggja þeira jarl sinn. Eigi em ek nú minni valdzmaðr í Nóregi, en þeir váru þá, ok gaf konungr þeim yfirsókn á Hallandi, því ríki, er hann átti áðr. Nú þykki mér, herra, þér vel mega unna mér þess landz, ef ek gerumk yðarr 20 maðr handgenginn, at ek halda af yðr þessu ríki; svá ok Magnús konungr, sonr minn, má ok eigi mér þess synja, en ek vil við yðr vera skeyttr ok skyldr til allrar þjónustu, þeirar, er því nafni byrjar«. Slíkt talaði Erlingr ok annat þessu líkt ok kom svá at lykðum, at Erlingr gerðisk handgenginn Valdamar konungi, en 25 konungr leiddi Erling til sætis ok gaf honum jarldóm ok Víkina til léns ok yfirsóknar. Þá fór Erlingr heim til Nóregs ok var síðan jarl, meðan hann lifði, ok helzk í sætt við Dana-konung jafnan síðan. Erlingr átti iii. frillusonu, einn hét Hreiðarr, annarr Ögmundr; þeir váru sér um móður; iii. Finnr, iii. Sigurðr, 30 þeira móðir var Ása in ljósa; þeir váru yngri. Kristín konungsdóttir ok Erlingr áttu dóttur, er Ragnhildr hét; hon var gipt Jóni Þorbergssyni af Randabergi. Kristín fór af landi með þeim manni, er Grímr rusli var kallaðr; þau fóru út í Miklagarð ok váru þar um hríð ok áttu þau börn nokkur.

35

K. 31. Uphaf Ólafs.

Óláfr, sonr Guðbrandz Skafhögssonar ok sonr Máriu Eysteinsdóttur konungs Magnússonar, var at fóstri með Sigurði agnhött á Uplöndum. En er Erlingr var í Danmörk, þá hófu

þeir fóstrar flokk Óláfr ok Sigurðr, ok réðusk til margir Uplendingar. Var þar Óláfr til konungs tekinn. Þeir fóru með flokkinn um Uplönd, en stundum í Víkina, stundum austr á Markir; ekki váru þeir á skipum. En er Erlingr jarl spurði til floks þessa, þá fór hann liði sínu í Víkina ok var á skipum um sumarit ok 5 um haustit í Ósló ok veitti þar um jólin. Hann lét halda njósnum upp á landit til floksins, ok fór sjálfr upp á land at leita þeira ok með honum Ormr konungsbróðir; en er þeir kómu til vats þess, er heitir . . . . , þá tóku þeir skip ǫll, þau er váru við vatnit.

## K. 32. Frá Erlingi.

10

Prestr sá, er sǫng á Ryðjǫkli, — þat er við vatnit —, bauð þeim jarli til veizlu ok at koma þar at kyndilmessu. Jarl hét forinni, þótti þat gott at hafa þar tíðir; rǫru þeir þannug yfir vatnit um kveldit fyrir messudaginn. En prestr sá hafði annat ráð með höndum; hann sendi menn at bera njósn þeim Óláfi um 15 farar Erlings; hann gaf þeim Erlingi sterkan drykk um kveldit ok lét allmjǫk drekka. En er jarl fór at sofa, þá váru rekkjur þeira búnar í veizlustofunni; en er þeir höfðu lítla hríð sofit, vaknaði jarl ok spurði, ef þá myndi vera óttusǫngsmál. Prestrinn segir, at lítit var af nótt, það þá sofa í ró. Jarl svarar: »mart 20 dreymir mik í nótt, ok illa sef ek«. Hann sofnaði síðan. Annat sinn vaknaði hann ok það prest upp standa ok syngva tíðir. Prestr það jarl sofa, segir, at þá var mið nótt. Lagðisk jarl niðr ok svaf lítla hríð ok hljóp upp ok það menn sína klæðask. Þeir gerðu svá ok tóku vǫpn sín, gengu til kirkju ok lǫgðu úti vǫpnin, 25 meðan prestr sǫng óttusǫnginn.

## K. 33. Bardagi á Ryðjǫkli.

Óláfi kom njósn um kveldit, en þeir gengu um nóttina vi. rastir gǫtu, ok þótti mǫnnum þat furðumikit farit. Þeir kómu á Ryðjǫkul um óttusǫng; niðamykr var sem mest. Þeir Óláfr 30 gengu at stofunni ok cepðu þá heróp, drápu þar inni nokkura menn, er eigi höfðu gengit til óttusǫngs. En er þeir Erlingr heyrðu ópit, hljópu þeir til vǫpna sinna ok stefndu síðan ofan til skipanna. Þeir Óláfr mættu þeim við garð nokkurn, varð þar bardagi; óku þeir Erlingr undan ofan með garðinum, ok hlífði 35 garðrinn þeim; þeir höfðu lið miklu minna, ok fell mart af þeim ok mart varð sárt. Þat hjálp þeim mest, er þeir Óláfr kendu þá eigi; svá var myrkt; en Erlings menn leituðu einart til skipanna.



Þar fell Ari Þorgeirsson, faðir Guðmundar byskups, ok mart annarra hirðmanna Erlings. Erlingr varð sárr á vinstri síðu, ok segja sumir menn, at hann sjálfdrægi sverðit á sik, þá er hann brá; Ormr var ok mjök sárr. Nauðuliga kómusk þeir á skipin ok létu þegar frá landi. Þat var kallat, at þeir Óláfr hefði ina mestu óhamingju borit til fundarins, svá sem þeir Erlingr váru fram seldir, ef þeir Óláfr hefði meirum ráðum fram farit. Síðan kolluðu menn hann Ólaf ógæfu, en sumir kolluðu þá Hettusveina. Fóru þeir með flokk þann enn sem áðr uppi um land, en Erlingr jarl fór út í Víkina til skipa sinna ok var eptir um sumarit í Víkinni, en þeir Óláfr á Uplöndum en stundum austr á Morkum; höfðu þeir flokk þann svá annan vetr.

#### K. 34. Bardagi á Stöngum.

Eptir um várit fóru þeir Óláfr út í Víkina ok tóku þar konungsskyldir, dvöldusk þar langa hríð um sumarit. Erlingr jarl spurði þat ok helt liði sínu austr til móts við þá, ok varð fundr þeira austan fjarðar, þar sem heitir á Stöngum. Varð þar orrosta mikil, ok hafði Erlingr sigr. Þar fell Sigurðr agnhöttr ok mart af Óláfs mönnum, en Óláfr kom á flóttu; fór hann síðan suðr til Danmerkr ok var inn næsta vetr eptir á Jótlandi í Alaborg. En eptir um várit fekk Óláfr sótt, þá er hann leiddi til bana, ok er hann þar jarðaðr at Máriukirkju, ok kalla Danir hann helgan.

#### K. 35. Dráp Haraldz.

Níkolás kúfungr, sonr Páls Skoptasonar, var lendr maðr Magnús konungs; hann tók höndum Harald, er sagt var at væri sonr Sigurðar konungs Haraldzsonar ok Kristínar konungsdóttur, bróðir Magnús konungs sammœðri. Níkolás flutti Harald til Björgynjar ok fekk í hendr Erlingr jarli. Þat var hátt Erlings, ef óvinir hans kómu fyrir hann, at hann mælti ekki eða fátt við þá, ok stilliliga þat er var, ef hann var ráðinn at drepa, en hina hrakði hann sem mest í orðum, er hann vildi, at lífit hefði. Erlingr mælti fátt við Harald, ok var mönnum grunnr á, hvat hann myndi fyrir ætla. Þá báðu menn Magnús konung, at hann skyldi friða fyrir Haraldí við jarl. Konungr gerði svá. Jarl svárar: »slíkt ráða þér vinir þínir; en þú munt lítla hríð ráða ríkinu í frelsi, ef þú skalt heilhugaráðum einum fram fara«. Síðan lét Erlingr Harald flytja yfir í Norðnes, ok var hann þar höggvinn.

## K. 36. Uphaf Eysteins konungs Eysteinssonar.

Eysteinn er nefndr sá maðr, er kallaðisk sonr Eysteins konungs Haraldzsonar; hann var þá ungr maðr, eigi með öllu fullroskinn, er frá því er sagt, at hann kom fram á einu sumri austr í Svía-veldi ok fór á fund Birgis brosu; 5 hann átti þá Brígiðam, dóttur Haraldz gilla, fǫðursystur Eysteins; bar Eysteinn upp fyrir þau sín ærendi ok bað þau sér fultings. Jarl ok bæði þau tóku vel hans máli ok hétu honum sínu trausti; dvaldi hann þar um hríð. Birgir jarl fekk Eysteini nokkurn liðkost ok góða penninga til skotsilfrs sér ok leysti hann 10 vel af hendi; hétu þau bæði honum sinni vináttu. Eysteinn fór þá norðr í Nóreg ok kom ofan í Víkina; dreif þá þegar lið til hans ok eflðisk flokr sá; tóku þeir Eystein til konungs, ok fóru þeir með flokk þann í Víkinni um vetrinn. En fyrir því at þeim varð féfátt, þá ræntu þeir víða, en lendir menn ok böendr gerðu 15 lið at þeim; en er þeir váru ofrliði bornir, þá flýðu þeir brot á skóga ok lágu lǫngum á eyðimǫrkum; gengu þá klæði af þeim, svá at þeir spentu næfrum um fótleggi sér; þá kǫlluðu böendr þá Birkibeina. Þeir hljópu opt í byggðina ok kómu fram hér ok hvar ok réðu þegar til áhlaupa, er eigi var fjǫlment fyrir. Þeir 20 áttu nokkurar orrostur, svá at fylkt var til, ok höfðu þeir sigr í öllum. Á Krókaskógi lagði þeim nær ófgr; kom at þeim bónda-samnaðr, fjöldi liðs. Birkibeinar feldu brota fyrir þá ok hljópu síðan á mǫrkina. Birkibeinar váru ii. vetr í Víkinni, svá at þeir kómu ekki norðr í land. 25

## K. 37. Frá Magnúsi konungi ok Erlingi jarli.

Magnús konungr hafði þá verit xiii. vetr konungr, er Birkibeinar hófusk. It iii. sumar réðu þeir sér til skipa, fóru þá fyrir land fram, fengu sér fjár ok lið. Þeir váru fyrst í Víkinni, en er á leið sumarit, stefndu þeir norðr í land, fóru svá 30 skyndiliga, at ekki kom njósn fyrir þá, fyrr en þeir kómu til Þrándheims. Birkibeinar höfðu mest í flokki sínum Markamenn, Elfargríma, ok mjök mart höfðu þeir af Þelamǫrk, ok vel váru þeir þá vápnaðir. Eysteinn, konungr þeira, var fríðr ok fagrleitr, lítilleitr, ekki mikill maðr; hann var kallaðr af mǫrgum mǫnnum 35 Eysteinn meyla. Magnús konungr ok Erlingr jarl sátu í Björgyn, þá er Birkibeinar siglðu norðr um, ok urðu ekki við þá varir. Erlingr var maðr ríkr, spakr at viti, hermaðr inn mesti, ef ófriðr var, landráðamaðr góðr ok stjórnsamr, kallaðr heldr grinnmr ok

harðráðr; en hitt var þó mest, at hann lét óvini sína fá eina landzvistina fá, þótt beiddisk, ok urðu fyrir þá sök margir til at hlaupa í flokkana, þegar er hófusk í móti honum. Erlingr var hár maðr ok harðvaxinn, nokkut barraxlaðr, langleitr, skarpleitr, 5 ljóslitaðr, ok gerðisk hárr mjök, bar halt höfuðit nokkut, hugaðlátr ok veglátr, hafði forneskju klæðabúnað, langa uphluti ok langar ermar á kyrtlum ok á skyrtum, valskikkjur, upháfa skúa. Slíkan búnað lét hann konung hafa, meðan hann var ungr, en þá er hann réð sjálf, bjó hann sik mjök í skart. Magnús konungr 10 var léttlátr ok leikinn, gleðimaðr mikill ok kvinnamaðr mikill.

## K. 38. Frá Níkolási.

Níkolás, sonr Sigurðar Hranasonar, hann var sonr Skjaldvarar, dóttur Brynjólfs úlfalda, systur Halldórs Brynjólfssonar, en sammœðra við Magnús konung berfœtt. Níkolás var inn 15 mesti höfðingi; hann átti bú á Hálogalandi í Öngli, þar sem heitir á Steig. Níkolás átti garð í Niðarósi ofan frá Jóanskirkju, þar sem átti Þorgeirr kapalín. Níkolás var opt í kaupangi, ok hafði hann ráð öll fyrir býjarmönnum. Skjaldvöru, dóttur Níkolás, átti Eiríkr Arnason; hann var ok lendr maðr.

## 20 K. 39. Frá Eiríki ok Níkolási.

Þat var Máriumessu ina síðarri, er menn gengu frá óttu-  
 söngr í býnum, at Eiríkr gekk til Níkolás ok mælti: »mágr, þat  
 segja fiskimenn nokkurir, er útan eru komnir, at langskip siglði  
 útan eptir firðinum, ok geta menn, at Birkibeinar myni vera, ok  
 25 er sá til, mágr, at láta blása býjarliði öllu með vápnum út á  
 Eyrar«. Níkolás svarar: »ekki fer ek, mágr, at fiskimanna  
 kvittum; mun ek gera njósn út á fjörðinn, en höfum þing í dag«;  
 gekk Eiríkr heim, en er hringði til hámessu, gekk Níkolás til  
 kirkju. Eiríkr kom þá til hans ok mælti: »þat hygg ek, mágr,  
 30 at sonn sé njósnin; eru nú þeir menn hér, er sét kveðask hafa  
 seglin; þykki mér nú þat ráð, at vit riðim ór býnum ok sammim  
 oss liði«. Níkolás svarar: »kvaksamr ertu svá, mágr, hlýðum  
 fyrst messu; gerum þá ráð vár síðan«; gekk Níkolás til kirkju.  
 En er messa var sungin, gekk Eiríkr til Níkolás ok mælti:  
 35 »mágr, nú eru hestar mínir búnir; vil ek brot riða«. Níkolás  
 svarar: »far vel þú þá; vér munum hafa þing á Eyrum ok kanna,  
 hvat liðs er í býnum«. Reið þá Eiríkr í brot, en Níkolás gekk  
 í garð sinn ok síðan til borða.

## K. 40. Fall Níkolás.

En í þann tíma er vist var sett, kom maðr inn ok segir Níkolási, at þá røru Birkibeinar í ána. Þá kallaði Níkolás, at hans menn skyldu vápnask, en er þeir váru vápnaðir, bað Níkolás þá ganga inn í loptit, ok var þat it ósnjallasta ráð, fyrir 5 því ef þeir hefði varit garðinn, þá hefði býjarfólkit komit til at hjálpa þeim, þvíat Birkibeinar fyldu allan garðinn ok gengu síðan at loptinu umhverfis. Þeir kþlluðusk á; buðu Birkibeinar Níkolási grið, en hann neitti. Síðan þorðusk þeir; hþfðu þeir Níkolás til varnar bogaskot ok handskot ok ofngrjót, en Birki- 10 beinar hjoggu húsinn ok skutu sem tíðast. Níkolás hafði rauðan skjöld, ok gyldir naglar í, ok stirndr, Viljálmsgörð. Birkibeinar skutu svá, at uppi stóð á reyrþöndunum. Níkolás mælti: »lýgr skjöldrinn nú at mér«. Þar fell Níkolás ok mikill hluti sveitar hans, ok var hann it mesta harmaðr. Birkibeinar gáfu grið öllum 15 býjarmönnum.

## K. 41. Eysteinn var til konungs tekinn.

Eysteinn var þar síðan til konungs tekinn, ok gekk alt fólk undir hann; hann dvalðisk um hríð í býnum, fór síðan inn í Þrándheim; þar kom mart lið til hans; þar kom til hans 20 Þorfinnr svartí af Snøs ok hafði sveit manna. Öndverðan vetr fóru þeir út til býjar; þá kómu til þeira synir Guðrúnar af Saltnesi, Jón ketlingr, Sigurðr ok Viljálmr. Þeir fóru upp ór Niðarósi til Orkadals; þá váru skoruð þar nær xx. hundruð manna; fóru svá til Uplanda ok þá út um Þótn ok Haðaland, þá 25 á Hringaríki.

## K. 42. Fall Eysteins konungs.

Magnús konungr fór í Vík austr um haustit með sumu liðinu ok Ormr konungsbróðir. Erlingr jarl var eptir í Björgyn ok hafði þar mikít lið ok skyldi gegna Birkibeinum, ef þeir fœri it 30 ýtra. Magnús konungr settisk í Túnsbergi ok þeir Ormr báðir; veitti konungr þar um jólin. Magnús konungr spurði til Birkibeina uppi á Ré. Síðan fór konungr ór býnum með liði sínu ok þeir Ormr ok kómu á Ré. Snjár var mikill ok veðr furðukalt. En er þeir kómu á bæinn, þá gengu þeir ór túninu á veginn, ok 35 fyrir útan við garðinn fylkðu þeir ok tráðu sér gadd; þeir hþfðu eigi öll xv. hundruð manna. Birkibeinar váru á öðrum


böenum, en sumt lið þeira hér ok hvar í húsum. En er þeir urðu varir við her Magnús konungs, heimtusk þeir saman ok skutu á fylking. En er þeir sá lið Magnús konungs, þá þótti þeim, sem var, at þeira lið var meira, réðu þegar til bardaga. En er 5 þeir sóttu fram veginn, þá máttu fáir senn fram fara, en þeir, er hljópu af veginum, fengu snjá svá mikinn, at þeir fengu varla fram komizk, ok brásk þá fylking þeira, en þeir fellu, er fyrstir gengu fram brautina; var þá niðr hoggvit merkit, en þeir, er þar váru næst, opuðu, en sumir slógusk á flóttta. Magnús konungs menn fylgðu þeim ok drápu hvern at öðrum, er þeir náðu. 10 Birkibeinar kómu þá ekki fylking á ok urðu berir fyrir vápnum, ok fell þá mart ok mart flýði. Var þá sem opt kann verða, þótt menn sé fræknir ok vápndjarfir, ef slög stór fá ok komi á flóttta, at flestir verða illir aprthvarfs. Tók þá at flýja meginlið 15 Birkibeina, en fjölði fell, þvíat Magnús konungs menn drápu alt þat, er þeir máttu, ok váru engum manni grið gefin, þeim er þeir náðu, en flóttinn dreifðisk víðs vegar. Eysteinn konungr kom á flóttta; hann hljóp í hús nokkut ok það sér griða ok þess, at bóndi skyldi fela hann; en bóndi drap hann, fór síðan á fund 20 Magnús konungs ok fann hann á Hrafnnesi; var konungr inni í stofu ok bakaði sik við eld, ok var þar mart manna. Síðan fóru menn ok fluttu þannug líkit, báru inn í stofuna; það konungr menn þá til ganga ok kenna líkit. Maðr einn sat í krók-pallinum, ok var þat Birkibeinn, ok hafði engi maðr gaum gefit 25 at honum; en er hann sá lík hofðingja síns ok kendi, þá stóð hann upp skjótt ok hart; hann hafði øxi í hendi, hljóp hann skjótt innar á gólfrit ok hjó til Magnús konungs, kom á hálsinn við herðarnar. Maðr nokkurr sá, er øxin reið, ok skaut honum frá; við þat snørisk øxin ofan í herðarnar, ok varð þat mikit 30 sár. Síðan reiddi hann upp øxina annat sinni ok hjó til Orms konungsbróður; hann lá í pallinum; hoggit stefndi á báða fótleggina; en er Ormr sá, at maðr vildi drepa hann, brásk hann við skjótt, kastaði fótum fram yfir hofuð sér, ok kom øxin í pallstokkinn; stóð øxin fóst; en vápn stóðu svá þykt á Birkibein, 35 at varla mátti hann falla. Þá sá þeir, at hann hafði dregit um gólfrit eptir sér iðrin, ok er þess mannz hreysti allmjök lofuð. Magnús konungs menn ráku flóttann lengi ok drápu alt þat, er þeir máttu. Þar fell Þorfinnr á Snqs, ok fellu þar ok margir aðrir Þrændir.

## K. 43. Frá Birkibeinum.

Flokkur þessi, er Birkibeinar váru kallaðir, höfðu saman samnazk með fjölmenni miklu; var þat fólk hart ok menn inir vápndjörfustu ok lið heldr óspakt, fóru mjök geystir ok rasandi, síðan þeir þóttusk hafa styrk mikinn. Þeir höfðu í flokkinum 5 fátt þeira manna, er ráðagørðarmenn væri, eða vanir væri stjórn landz eða laga eða her at stýra, en þótt sumir kynni betr, þá vildi þó flokkurinn allr hafa þat, er sjálfum sýndisk; þóttusk þeir øruggir af liðsfjölda sínum ok hreysti; en þat lið, er undan komsk, var mart sárt ok hafði látit vápn ok klæði, en alt félaust; 10 sótti sumt austr á Markir, en mart á Þelamörk, þat flest, er þar átti kyn; sumt fór alt austr í Svía-veldi; allir forðuðu sér, þvíat lítil ván þótti gríða af Magnúsi konungi eða Erlingi jarli.

## K. 44.

Magnús konungr fór síðan út aprt til Túnsbergs, ok varð 15 hann allfrægr af sigri þessum, þvíat þat var allra manna mál, at Erlingr jarl væri brjóst ok forusta fyrir þeim feðgum; en eptir þat er Magnús konungr hafði fengit sigr á svá styrkum flokki ok fjölmönnum ok hafði haft minna lið, þótti þá svá öllum mönnum, sem hann myndi yfir alla ganga, ok at hann myndi þá vera því 20 meiri hermaðr en jarl, sem hann var yngri.



## I. Personregister.

### A.

- Absalón erkibyskup, 634.  
Aðalbrikt prestur 566.  
Aðalráðr konungr, 129, 187—191, 194,  
195, 341, 432, 446.  
Aðalráðssynir 194.  
Aðalsteinn konungr 66, 67, 71, 72, 431.  
Aðils Óttarsson 22, 23, 24, 390.  
Adriánus pávi 587.  
Afra/asti 383, 385, 394, 400.  
1 Agnarr Sigtryggsson 32.  
2 Agnarr Yngvarsson 25, 27.  
Agni Dagsson 14, 15, 26.  
1 Áki bóndi 50, 51.  
2 Áki 129.  
Áleifr se Óláfr.  
Alfarinn 33.  
Álfgeirr 34.  
1 Álfhildr 299, 425, 427.  
2 Álfhildr Alfarinsdóttir 33.  
Álfifa Álfinsdóttir 410—414, 417, 424.  
1 Álfr Alreksson 16, 17.  
2 Álfr Óttarsson 581, 604, 631.  
3 Álfr Yngvarsson 25, 26, 27.  
4 Álfr Qzurarson askmaðr 87 89.  
Álfrin jarl 410.  
Álfvini 126, 127.  
Algauti, -gautr, Gautreksson 26, 27.  
1 Áli = Óli 138.  
2 Áli óskeyndr 606.  
3 Áli inn uplenzki 23, 24.  
4 Áli inn frækni Friðleifsson 19.  
Allógiá 109.  
1 Álof in ríka, drótning 22, 23.  
2 Álof Ásbjarnardóttir 102.  
3 Álof Bøðvarsdóttir 161, 225.  
4 Álof Haraldzdóttir árbót 54, 59, 65.  
5 Álof Ólafsdóttir ins skygna 31.  
Alrekr Agnason 15, 16.  
1 Ámundi bóndi 267, 268.  
2 Ámundi Árnason 281.  
3 Ámundi Gyrðarson 570, 572, 579, 585.  
4 Ámundi Gyrðarson 606.  
Án skyti 169.  
1 Andréás Brúnsson prestur 561, 562,  
564, 565, 566.  
2 Andréás Grimsson kelduskitr 574.  
3 Andréás Guthormsson 587.  
4 Andréás Sigurðarson daufi 566.  
5 Andréás Símunarson 583, 596, 605.  
Áni = Aun 19.  
1 Ari Einarsson 578.  
2 Ari Þorgeirsson 636.  
3 Ari Þorgilsson prestur 2, 3, 114, 369,  
416.  
Arinbjörn hersir 113, 114.  
Árnasynir 365, 370, 412, 418.  
1 Arnbjörn ambi 578.  
2 Arnbjörn Árnason 281, 357, 372.  
1 Arnfinnr sygnski 170.  
2 Arnfinnr Armóðsson 402.  
3 Arnfinnr, -viðr, Þorfinnson 75, 115,  
266.  
1 Árni brigðarskalli 616.  
2 Árni konungsmágr á Stoðreimi  
582, 591, 614, 615, 622.  
3 Árni Armóðsson 281, 351, 402.  
4 Árni Árnason 281, 323, 324, 325,  
370, 412, 417, 428.  
5 Árni Fríreksson 610.  
6 Árni Sæbjarnarson sturla 581, 594.  
Arnkell Torf-Einarsson 72, 73, 266.  
Arnljótr gellini 169, 332, 333, 393,  
394, 400.



- 1 Arnórr mærski 170.  
 2 Arnórr Þórðarson jarlaskáld 287, 275, 299, 421, 422, 423, 432, 433, 435, 436, 438, 439. 443, 444, 445, 479, 487, 507, 508.  
 1 Arnviðr blindi 261, 262, 263, 264.  
 2 Arnviðr konungur 47, 48.  
 1 Ása in ljósa 634.  
 2 Ása Eysteinsdóttir 32.  
 3 Ása Hákonardóttir 46, 52.  
 4 Ása Haraldzdóttir 33, 34, 36.  
 5 Ása Ingjaldzdóttir illráða 29, 30.  
 Ása-Óðinn, = Óðinn, 7.  
 1 Ásbjörn jalda 606.  
 2 Ásbjörn jarl 48.  
 3 Ásbjörn 558.  
 4 Ásbjörn af Meðalhúsum 79, 81.  
 5 Ásbjörn 170.  
 6 Ásbjörn af Yrjum 102.  
 7 Ásbjörn snara 634.  
 8 Ásbjörn Sigurðarson, selsbani 288—297, 302, 396.  
 9 Ásbjörn Þorbergsson 153.  
 1 Ásgautr ármaðr 216, 217.  
 2 Ásgautr jarl 48.  
 Áshildr Hringisdóttir 54.  
 1 Áskell 573.  
 2 Áskell á Forlandi 617.  
 3 Áskell Ólmóðsson 145, 287.  
 1 Áslákr af Finneyju 381, 403.  
 2 Áslákr af Forlandi 520.  
 3 Áslákr hólmskalli 133.  
 4 Áslákr Áskelsson fitjaskalli 145, 287, 288, 364, 365, 366.  
 5 Áslákr Erlendzson 591.  
 6 Áslákr Erlingsson 192, 197, 310, 472, 574.  
 7 Áslákr Hákonarson 571.  
 8 Áslákr Jóansson ungi 594, 603.  
 Áslaug Sigurðardóttir 38.  
 1 Ásmundr (Bjarnarson) 477, 478.  
 2 Ásmundr Grankelsson 277, 300, 301, 302, 328, 329, 358, 428, 429.  
 3 Ásmundr Sæmundarson 561, 564.  
 Ásólftr Skúlason á Reini 511, 525.  
 Ásta Guðbrandzdóttir 135, 136, 137,

- 149, 182, 183, 197, 198, 199, 201, 236, 237, 306, 511.  
 1 Ástriðr Burizláfsdóttir 119, 129, 172, 180.  
 2 Ástriðr Eiríksdóttir 105—108, 143, 144, 161, 225.  
 3 Ástriðr Óláfsdóttir 251, 256—259, 261, 354, 370, 379, 381, 421, 422, 425, 427.  
 4 Ástriðr Sveinsdóttir 316, 434, 457.  
 5 Ástriðr Tryggvadóttir 144, 147, 192.  
 6 Ástriðr Ögmundardóttir 572.  
 1 Atli jarl inn mjóvi 37, 48, 49.  
 2 Atli Høskuldsson 438.  
 Atti inn dælski 260, 262.  
 Auðbjörn konungur 47, 48.  
 Auði inn auði 12.  
 Auðr in djúpuðga 55.  
 1 Auðun 8.  
 2 Auðun rauði 583.  
 3 Auðun Hallzson 597.  
 Aun konungur 19, 20.

## B.

- Baldr 7.  
 Baldvini Jørsalakonungur 538.  
 1 Bárðr se Razabárðr.  
 2 Bárðr hvíti 205.  
 3 Bárðr prestur 322.  
 4 Bárðr Atlason inn svarti 438.  
 5 Bárðr Brynjólfsson standali 593, 632.  
 6 Bárðr Guthormsson á Reini 511.  
 7 Bárðr Jökulsson 372.  
 Baugeið Dagsdóttir 607.  
 Benedikt 571.  
 Benteinn Kolbeinsson 574, 578, 580.  
 Bera drótning 16.  
 Berðlu-Kári 48.  
 1 Bergljót Hákonardóttir 117, 192, 287, 472, 474, 475.  
 2 Bergljót Hálfðanardóttir 474.  
 3 Bergljót Þórisdóttir 65, 76.  
 Bergljótr Ívarsson 604, 605.  
 Berg 340.  
 1 Bergþórr af Lundum 139.  
 2 Bergþórr bestill 170.

3 Bergþórr Másson 578.  
 1 Bersi inn sterki 169.  
 2 Bersi Skáldtorfuson 211, 309.  
 3 Bersi Þormóðarson 578.  
 1 Birgir bryti 127.  
 2 Birgir brosa 586, 637.  
 Þjaðmynja Mýrkjartansdóttir 525.  
 Þjaðqk 581.  
 1 Bjarni gullbráskáld 365, 373, 403, 424, 430.  
 2 Bjarni inn illi 626, 627.  
 3 Bjarni Sigurðarson 590.  
 1 Björn ármaðr 354, 355.  
 2 Björn digri 214, 219, 220, 223—229, 232, 238, 239, 240, 242, 253, 370, 374, 375, 376, 402, 403.  
 3 Björn eitkrveisa 106, 107.  
 4 Björn krepphendi 519, 522, 523, 524.  
 5 Björn af Stuðlu 169.  
 6 Björn Egilsson 571.  
 7 Björn Eiríksson 59, 241.  
 8 Björn Haraldzson farmaðr 54, 62, 64, 68, 88, 91.  
 9 Björn Nikólasson bukkur 582, 605.  
 10 Björn Úlfsson 443.  
 Blóðex = Eirík 87.  
 Blótólfr af Ölvishaugi 81.  
 Blótsveinn 546.  
 Bóni 29.  
 Bolli Þorláksson 162.  
 1 Borghildr Dagsdóttir 566.  
 2 Borghildr Ólafsdóttir 542.  
 1 Bragi 78, 91.  
 2 Bragi Boddason inn gamli 6.  
 1 Brandr Sæmundarson 628.  
 2 Brandr Vermundarson, inn qrvi 161.  
 Braut-Önundr se Önundr Yngvarsson.  
 Brennu-Flosi 161.  
 1 Brígiða Haraldzdóttir gilla 586, 637.  
 2 Brígiða Úlfsdóttir 471.  
 Brodd-Helgi 128.  
 1 Brúsi 367, 368.  
 2 Brúsi Sigurðarson jarl 266, 267, 268, 270—276, 281.  
 1 Brynjólfur 140.  
 2 Brynjólfur úlfaldi 219, 220, 221, 512, 638.

Buðli 450.  
 Búi Vésetason digri 129—135.  
 Búriz Heinreksson 615.  
 Búrizláfr 119, 121, 123, 129, 167, 168, 171, 172.  
 Bursti þræll 108.  
 Bøðvarr Víkinga-Kárason 161, 225.  
 Bølverkr Arnórsson 447, 448, 462, 466.  
 Børkr ór Fjörðum 170.

## C.

Cecilia Gyrðardóttir 578.

## D.

Dageiðr Dagsdóttir 16.  
 1 Dagr konungr 33.  
 2 Dagr inn ríki 16.  
 3 Dagr Dyggvason 14, 16.  
 4 Dagr Eilífsson 530, 532, 549, 566, 585.  
 5 Dagr Haraldzson 54, 62.  
 6 Dagr Hringsson 382, 383, 386, 388, 390, 391, 399, 402, 403, 405, 407.  
 7 Dagr Kárason 566.  
 8 Dagr Rauðsson 354, 355, 356.  
 1 Dala-Guðbrandr 99.  
 2 Dala-Guðbrandr 282—286.  
 Danpr Rígsson 13.  
 Danr inn mikilláti 1, 14, 19.  
 Dávið 567.  
 Dixin 120.  
 Dómaldi Vísbursson 12, 13.  
 Dómarr Dómaldason 13.  
 Dóttu Þorkeldsdóttir geysu 467.  
 Drífa Snjásdóttir 11.  
 Dungaðr jarl af Katanesi 266.  
 Dúnimiz 562, 565.  
 Dyggvi Dómarsson 13, 14.

## E.

1 Eaðmundr inn helgi 187.  
 2 Eaðmundr, Eat-, Aðalráðsson, járn-síða 190, 191, 194, 446.  
 Eaðvarðr, Eat-, Ját-, Aðalráðsson inn góði 190, 191, 347, 432, 445, 446, 496—499, 509.

- Eatgeirr Aðalráðsson 191.  
 Eatvígr Aðalráðsson 191.  
 Eðla 251.  
 1 Egill 251.  
 2 Egill ullserkr 83—86.  
 3 Egill Ásláksson 520—522.  
 4 Egill Aunsson Tunnadólgur 20, 21.  
 5 Egill Síðu-Hallzson 306, 319, 349.  
 6 Egill Skallagrímsson 161.  
 1 Eilífr gauzki 219, 220.  
 2 Eilífr jarl 540.  
 3 Eilífr Rognvaldzson 259, 448.  
 1 Einarr Andréasmágr 561, 562.  
 2 Einarr hqrzki 170.  
 3 Einarr Arason 575.  
 4 Einarr Eindriðason þambarskelfir  
 102, 117, 170, 177, 178, 191—193,  
 204—208, 211, 212, 214, 287, 299,  
 338, 360, 376, 380, 412—414, 417,  
 419, 429, 435, 465, 472—474,  
 5 Einarr Eyjólfsson 303, 304.  
 6 Einarr Guthormsson 587, 588.  
 7 Einarr Helgason skálaglamm 97,  
 98, 103, 115.  
 8 Einarr Laxapálsson 576, 591.  
 9 Einarr Rognvaldzson 56, 59, 60,  
 72, 73.  
 10 Einarr Sigurðarson rangmunnr  
 250, 266—271, 274, 278.  
 11 Einarr Skúlason 534, 533, 551, 560,  
 566, 581, 584—586, 595, 604, 611.  
 12 Einarr Ögmundarson 575.  
 1 Eindriði í Gautdali 574.  
 2 Eindriði heiðafylja 626.  
 3 Eindriði ungi 582, 611, 617, 619,  
 620, 625.  
 4 Eindriði Einarsson þambarskelfis  
 192, 360, 380, 472—474, 476.  
 5 Eindriði Jóansson mornefs 594, 600,  
 603, 604.  
 6 Eindriði Styrkársson 102, 173, 191.  
 1 Eiríkr 571.  
 2 Eiríkr inn ársæli 546.  
 3 Eiríkr hæll 574.  
 4 Eiríkr konungr 43, 52.  
 5 Eiríkr konungr á Jótlandi 54.  
 6 Eiríkr Agnason 15, 16.  
 7 Eiríkr Agnarsson 32.  
 8 Eiríkr Árnason 638.  
 9 Eiríkr Þjarnarson inn sigrsæli 48;  
 59, 101, 107, 108, 135, 230, 241.  
 10 Eiríkr Eiríksson eimuni 554, 557,  
 562, 572, 573.  
 11 Eiríkr Emundarson 43, 49—51, 59,  
 241.  
 12 Eiríkr Hákonarson jarl 99, 117,  
 118, 130—135, 143, 166, 167, 171—  
 175, 177, 179, 181, 191—194, 206,  
 207, 218, 256, 307.  
 13 Eiríkr Haraldzson blóðex 54, 56,  
 61—65, 68—73, 75, 81—84, 86, 115,  
 164, 266, 271.  
 14 Eiríkr Ívarsson erkibyskup 578.  
 15 Eiríkr Oddzson 576, 578—580.  
 16 Eiríkr Sigurðarson bjóðaskalli 105,  
 106, 108, 144, 161, 225.  
 17 Eiríkr Sveinsson góði 515, 527,  
 543, 545.  
 18 Eiríkr Yngvason 17, 18.  
 19 Eiríkr Þorvaldsson inn rauði 164,  
 170.  
 Eiríkssynir 75, 76, 82—86, 88—90, 93,  
 100, 108.  
 Elfsi = Álfr Eiríksson 16.  
 Ellisif Jarisleifsdóttir 456, 457, 467,  
 501, 502, 510.  
 Emma drótning 191, 194, 342, 432, 496.  
 1 Emundur 259—264.  
 2 Emundur Ólafsson 251, 421, 436.  
 1 Erlendr ór Gerði 331, 403.  
 2 Erlendr Hákonarson 140, 141.  
 3 Erlendr Jóansson himaldi 471, 625.  
 4 Erlendr Torf-Einarsson 72, 73, 266.  
 5 Erlendr Þorfinnzson 502, 504, 523,  
 525, 530, 532, 533.  
 1 Erlingr gamli 102.  
 2 Erlingr Eiríksson 69, 96, 97, 103, 110.  
 3 Erlingr Erlendzson 530, 532.  
 4 Erlingr Hákonarson 135.  
 5 Erlingr Jóansson 428.  
 6 Erlingr Kyrpinga-Ormsson skakki  
 582, 583, 585, 592, 593, 598—600,  
 602, 604—606, 610, 614—636, 638,  
 639, 641.

7 Erlingr Skjalgsson 145—147, 171, 173, 181, 192, 193, 197, 208, 212, 213, 217, 218, 282, 287, 288, 290—297, 310, 316, 322—325, 338, 352, 359, 362—366, 376, 381, 418.

1 Eyjólfur dáðaskáld 118.

2 Eyjólfur Valgerðarson 128.

1 Eysteinn harðráði, illráði, inn illi, inn ríki 32, 34, 36, 42, 76, 77, 320.

2 Eysteinn jarl 54.

3 Eysteinn trafali 591.

4 Eysteinn Aðilsson 24.

5 Eysteinn Erlendzson 414, 471, 625, 628, 629.

6 Eysteinn Eysteinnsson meyla 637, 639, 640.

7 Eysteinn Eysteinnsson ins illa 36, 37.

8 Eysteinn Hálfðanarson hvítbeins 32, 33.

9 Eysteinn Haraldzson 581—586, 590, 592—596, 601, 609, 610, 637.

10 Eysteinn Ívarsson glumra 47, 265.

11 Eysteinn Magnússon 522, 527, 533, 540—545, 593, 594, 607.

12 Eysteinn Þorbergsson orri 323, 504, 508.

1 Eyvindur kinnrifa 148, 157, 158.

2 Eyvindur olbogi 530—532.

3 Eyvindur skreyja 87, 89.

4 Eyvindur snákur 170.

5 Eyvindur úrarhorn 221, 222, 250, 269, 274.

6 Eyvindur Finnsson 1, 8, 17, 49, 86—90, 93—95, 97, 103, 104, 132, 276.

7 Eyvindur Rognvaldzson kelda 149, 150.

## F.

Fasti jarl 22.

Filippús se Ph.

1 Finnur (á Ormi) 170.

2 Finnur 178.

3 Finnur líti 244—246.

4 Finnur (finlap) 40.

5 Finnur Árnason 281, 323—328, 370, 387, 393, 399, 402, 404, 412, 417,

474—480, 486, 487, 489, 572, 582, 634.

6 Finnur Erlingsson skakka 634.

7 Finnur Saubadilfsson 576, 580.

8 Finnur Skoptason 525, 528, 529.

1 Fjólur = Yngvi Freysson 1.

2 Fjólur Yngvifreysson 10, 13.

Fólki Birgisson 586.

Fólkviður Svipdagsson 27.

Freyja 6, 10.

Freyr 1, 5—7, 9, 10, 16, 78.

Freyviður daufi 262—264.

Friðfróði 10.

Friðleifr Fróðason 19.

Frigg 5.

1 Frírekr 505.

2 Frírekr kœna 617, 620, 626, 627.

3 Frírekr (Barbarossa) 537.

4 Frírekr Heinreksson keisari 537.

1 Fróði inn mikilláti eða friðsami = Friðfróði 10, 19.

2 Fróði inn frækni 20—22.

3 Fróði Eysteinnsson 42, 43.

4 Fróði Haraldzson 54, 62, 63.

Frosti 14, 15.

## G.

Gamall 491.

Gamli Eiríksson 69, 75, 85—87, 93.

Gandálfr Álfgeirsson 34, 36, 42, 43.

Gandálfssynir 37.

Gaukapórir 383, 385, 386, 394, 400.

Gauthildr Algautadóttir 26, 29, 31.

Gauti Tófason 260.

1 Gautr, er Gautland er við kent 26.

2 Gautr = Odin 73.

3 Gautr inn rauði 317, 337.

Gautrekr Gautsson inn mildi 26.

Gautviður Svipdagsson 26, 29.

Gefjun 6.

Geigaðr 17.

Geira Búrizláfsdóttir 119—121, 124, 172.

Geirfiðr jarl 190.

Geirmundur 131,

Geirþjófr 22.

- Gellir Þorkelsson 306, 319, 320, 329, 351.
- Gerðr Gymisdóttir 10.
- Gersimi Óðsdóttir 10.
- Geysudóttir 467.
- Gilli lqgsogumaðr 305, 316, 335, 337.
- Gillikristr 547.
- Gísl Visbursson 12.
- 1 Gizurr af Valdresi 135.
- 1 Gizurr gullbrá (= den følgende?) 388, 401.
- 3 Gizurr svarti 227—229, 232.
- 4 Gizurr Teitsson hvíti 161, 163, 170, 225.
- Glúmr Geirason 73, 75, 86, 93, 95, 102, 113.
- Goðgestr konungr 23.
- Gormr inn gamli 39, 43, 110, 111, 303, 340.
- Gothormr konungr 72.
- Grani skáld 467.
- Grankell eða Granketill 277, 328, 329, 358, 396.
- Granmarr konungr 27—29.
- Grégórius Dagsson 572, 585, 590—593, 596—599, 601—609, 614, 615.
- Gréløð Dungaðardóttir 266.
- Grimkell 214, 215, 413.
- 1 Grímr ór Visti 574.
- 2 Grímr rusli 634.
- 3 Grímr Þorgilsson góði 391, 408, 409, 413.
- 1 Grjótgarðr roskvi 170.
- 2 Grjótgarðr Hákonarson 43.
- 3 Grjótgarðr Hákonarson 96, 97, 102.
- 4 Grjótgarðr Ólvisson 357, 372, 397.
- Gróa Þorsteinsdóttir rauðs 266.
- Grýtingr 44.
- 1 Guðbrandr hersir 36, 37, 42, 43.
- 2 Guðbrandr hvíti 132.
- 3 Guðbrandr kúla 135, 137.
- 4 Guðbrandr Skafhoggsson 541, 610, 634.
- Guðini Ulfnaðrsson jarl 347, 496, 497.
- Guðlaugr Háleyggjakonungr 17, 18.
- Guðleikr gerzki 222.
- 1 Guðmundr Arason byskup 636.
- 2 Guðmundr Eyjólfsson á Møðruvøllum 161, 249, 303, 304, 306, 495.
- 1 Guðríðr Birgisdóttir 578.
- 2 Guðríðr Guthormsdóttir 462.
- 1 Guðrún af Saltnesi 639.
- 2 Guðrún Bergþórsdóttir Lundasól 139, 140.
- 3 Guðrún Einarsdóttir 575.
- 4 Guðrún Járnskeggjadóttir 154, 155.
- 5 Guðrún Nefsteinsdóttir 511.
- 6 Guðrún Þórðardóttir 525.
- 1 Guðrøðr konungr 201, 233—235.
- 2 Guðrøðr konungr í Suðreyjum 523, 524.
- 3 Guðrøðr konungr á Skáni 29, 30.
- 4 Guðrøðr Bjarnarson 64, 68, 69, 71, 93, 95, 99, 100, 114.
- 5 Guðrøðr Eiríksson 69, 99—102, 105, 115, 164.
- 6 Guðrøðr Hálfðanarson hvítbeins, inn mikilláti, veiðikonungr 32—34, 36.
- 7 Guðrøðr Haraldsson ljómi 57—59, 64.
- 8 Guðrøðr Haraldsson skirja 54, 63.
- 9 Guðrøðr Ólafsson Suðreyjakonungr 609.
- Gull-Haraldr se Haraldr Knúttsson.
- 1 Gunnarr af Gelmini 205.
- 2 Gunnarr af Gimsum 571.
- 3 Gunnarr gjaldkeri 617.
- Gunnhildarsynir 73, 75, 82, 93—97, 101—103, 105, 106, 109, 111, 114, 120, 145, 202, 230.
- 1 Gunnhildr 583, 609.
- 2 Gunnhildr Burizláfadóttir 119, 129, 167, 168.
- 3 Gunnhildr Hálfðanardóttir 93, 276.
- 4 Gunnhildr Knútsdóttir 194, 432.
- 5 Gunnhildr Sigurðardóttir 198, 306, 472, 480.
- 6 Gunnhildr Sveinsdóttir 197, 472.
- 7 Gunnhildr Ózurardóttir konungamóðir 61, 62, 63, 69, 73, 75, 87, 89, 90, 93—96, 98, 99, 105, 107, 112, 114, 115, 164.
- Gunni Sæmundarson físs 561.
- Gunnsteinn 300, 311—315, 327.

- 1 Guthormr grábarði 555, 587.
- 2 Guthormr sindri 65, 74, 75, 82, 85.
- 3 Guthormr Ásólfsson & Reini 511, 570.
- 4 Guthormr Eiríksson 69, 82.
- 5 Guthormr Guðbrandzson 37.
- 6 Guthormr Haraldzson flettir 561.
- 7 Guthormr Haraldzson hárfagra 52, 59, 61, 63.
- 8 Guthormr Ketilsson 474, 480, 481.
- 9 Guthormr Sigurðarson hjartar 38, 42—44, 52, 54, 59.
- 10 Guthormr Sigurðarson sýr 198, 236, 237.
- 11 Guthormr Sigurðarson jarl 55, 265.
- 12 Guthormr Steigarpórisson 462, 541.
- 1 Gyða enska 126, 127, 417.
- 2 Gyða Eiríksdóttir 43.
- 3 Gyða Guðinadóttir 347, 496.
- 4 Gyða Haraldzdóttir 542.
- 5 Gyða Sveinsdóttir 167.
- 6 Gyða Þorgílsdóttir 347, 498.
- Gýlaugr Guðlaugsson Háleygjakonungr 18.
- Gylfi konungr 6.
- 1 Gyrðr 500.
- 2 Gyrðr Ámundason 596—598, 607.
- 3 Gyrðr Bárðarson 578.
- 4 Gyrðr Guðinason 509.
- 5 Gyrðr Gunnhildarson lögmaðr 598.
- 6 Gyrðr Haraldzson 34.
- 7 Gyrðr Kolbeinsson 574, 578, 580.
- 8 Gyrðr Lögbersason 570.
- Gyrgir (Georgios Maniakos) 448—450.
- Gyrirðr Dagsdóttir 598, 607.
- Göndul 90, 91.
- Göngu-Hrólfir Rognvaldzson 55, 56, 60, 191.

## H.

- Haddr inn harði 52.  
 Hafþórr 8.  
 Háfœta = Hálfðan háleggr 60.  
 Hagbarðr sækonungr 17.  
 1 Haki sækonungr 17, 18.  
 2 Haki Haðaberserkr 38.  
 3 Haki Gandálfsson 38, 42.

- 1 Hákon (norðmaðr) 106—108.
- 2 Hákon gamli (Svíi) 106—108.
- 3 Hákon magi 574, 579, 603.
- 4 Hákon konungr (Svíá) 525.
- 5 Hákon Eiríksson jarl 167, 193, 196, 197, 200, 204, 205, 207, 218, 299, 307, 308, 310, 340, 341, 352, 353, 359, 360, 365, 366, 369, 371—375, 379, 380, 395.
- 6 Hákon Grjótgarðzson 45, 46, 48, 49, 65, 66, 73, 78.
- 7 Hákon góði Aðalsteinsfóstri 65, 67, 68, 70—78, 80—86, 88—90, 92—98, 111, 114, 202, 215, 230, 277, 320, 430, 431, 541.
- 8 Hákon Ívarsson jarl 471, 472, 474—478, 486—488, 490—495, 634.
- 9 Hákon Magnússon þórisfóstri 512, 518—520.
- 10 Hákon Ólafsson faukr 542, 560.
- 11 Hákon Pálsson jarl 533.
- 12 Hákon Pálsson pungelta 574.
- 13 Hákon Sigurðarson herðibreiðr 583, 592, 596—610, 614—621.
- 14 Hákon Sigurðarson Hlaðajarl 1, 2, 9, 76, 97—99, 101—103, 106, 109—118, 120—123, 127—133, 135, 137—143, 148, 152, 153, 162, 164, 166, 181, 193, 202, 266, 307, 471, 472, 582.
- 1 Haldórr 587.
- 2 Haldórr & Skerðingssteðju 140, 153.
- 3 Haldórr ókristni 171, 173, 177, 179—181.
- 4 Haldórr skvaldri 534—538, 557, 558.
- 5 Haldórr Brynjólfsson 316, 512.
- 6 Haldórr Brynjólfsson 593, 596, 605, 606, 608, 633.
- 7 Haldórr Guðmundarson 161, 170.
- 8 Haldórr Sigurðarson 571.
- 9 Haldórr Snorrason goða 452, 453, 455, 470, 471.
- 1 Hálfðan 29, 30.
- 2 Hálfðan jarl 93, 276.
- 3 Hálfðan Eysteinnsson, inn mildi ok inn matarilli 33.
- 4 Hálfðan Fróðason 19.
- 5 Hálfðan svarti Guðrøðarson 1, 34, 36—40, 42, 50, 76.

- 6 Hálfðan Haraldzson háleggr 57—60, 63, 265.
- 7 Hálfðan Haraldzson hvíti 52, 61, 63.
- 8 Hálfðan Haraldzson svartí 52, 61, 63, 65, 68.
- 9 Hálfðan Ólafsson hvítbeinn 31, 32.
- 10 Hálfðan Sigurðarson hrísa 149.
- 11 Hálfðan Sigurðarson sýr 198, 236, 237, 474.
- 12 Hálfðan Sólvason gulltönn 31.
- Hallaðr Rognvaldzson 56, 58.
- Hallfrøðr vandræðaskáld Óttarsson 120, 121, 123, 124, 161, 162, 175—177, 179, 180.
- Hallgarðr 49.
- 1 Hallkell af Fjöllum 170.
- 2 Hallkell Jóansson húkr 547, 586, 593, 594, 598.
- 1 Hallr Auðunarson 597.
- 2 Hallr Ótryggsson Koðránsbani 495.
- 3 Hallr Þórarinnsson 2, 3.
- 4 Hallr Þorgeirsson 579, 580.
- 5 Hallr Þorsteinsson af Síðu 2, 155, 306.
- 1 Hallsteinn (á Ormi) 170.
- 2 Hallsteinn Hlifarson 170.
- 1 Hallvarðr fægir 578.
- 2 Hallvarðr Háreksblesi 361.
- 3 Hallvarðr helgi 572, 573.
- 4 Hallvarðr hikri 610.
- 5 Hallvarðr 270.
- 6 Hallvarðr skálkr 37.
- 7 Hallvarðr Gunnarsson 591.
- 1 Haraldr flettir 520, 561.
- 2 Haraldr inn granrauði 33, 34.
- 3 Haraldr gullskeggr 37.
- 4 Haraldr inn vikverski 590.
- 5 Haraldr Eiríksson gráfeldr 69, 75, 87, 93—103, 105, 111—115, 307.
- 6 Haraldr Eiríksson kesja 545.
- 7 Haraldr Gormsson blátönn 75, 83, 103, 109—114, 118, 120—123, 127—129, 144, 169, 202, 230, 307, 615.
- 8 Haraldr Guðrøðarson grenski 100, 101, 114, 135—137, 145, 149, 182, 188, 339, 365, 415.
- 9 Haraldr Guðinason 347, 496—499, 504—506, 508, 509, 542.
- 10 Haraldr jarl Hákonarson 567.
- 11 Haraldr Hálfðanarson inn hárfagri 1, 2, 40, 42—56, 59—71, 73, 77, 84, 88, 93, 95, 114, 137, 138, 143, 147, 149, 150, 195, 198, 200—202, 230, 265, 266, 271, 320, 382, 396, 422, 431.
- 12 Haraldr Hálfðanarson ungi 37.
- 13 Haraldr Haraldzson kesju 545, 573.
- 14 Haraldr Knútsson 194, 424, 432, 446.
- 15 Haraldr Knútsson, Gull-Haraldr 103, 110—114.
- 16 Haraldr Maddaðarson jarl 584.
- 17 Haraldr Magnússon gilli 547—550, 555—561, 566—570, 576, 578, 579, 581, 586, 587, 614, 637.
- 18 Haraldr Sigurðarson harðráði 2, 193, 236, 237, 276, 299, 373, 381, 382, 391, 430, 438, 447—480, 482—487, 489—496, 499—513, 515—517, 522, 528.
- 19 Haraldr Sigurðarson 636.
- 20 Haraldr Sveinsson 129.
- 21 Haraldr Sveinsson hein 515.
- 22 Haraldr Valdamarsson 542, 615.
- 23 Haraldr Þorkelsson háva 373, 410.
- Haraldzsynir 579, 580, 582, 585, 586.
- 1 Hárekr gandr 38.
- 2 Hárekr hvassi 169.
- 3 Hárekr Eyvindarson 148, 156—158, 276, 281, 300, 328, 329, 350, 351, 358, 359, 376, 380, 396—399, 403, 404, 428, 429.
- 4 Hárekr Guthormsson 73.
- Hárr inn harðgreipi 390.
- 1 Haukr 155, 157.
- 2 Haukr hábrók 67.
- 1 Hávarðr hoggvandi 133, 135.
- 2 Hávarðr hõldr 596.
- 3 Hávarðr kliningr 597, 598, 604.
- 4 Hávarðr ór Orkadal 169.
- 5 Hávarðr Þorfinnzson 266.
- Heðinn harðmagi 575.
- Heimdallr 7.
- 1 Heinrekr strjóna 194.
- 2 Heinrekr inn mildi keisari 432.

- 3 Heinrekr Fríreksson keisari 537.  
 4 Heinrekr Sveinsson halti 610.  
 5 Heinrekr Viljálmsson 534.  
 Helga Andréasdóttir 561.  
 1 Helgi inn hvassi 38.  
 2 Helgi Hálfðanarson 23.  
 3 Helgi Starason 578.  
 Helsingr Gandálfsson 37, 38.  
 1 Hemingr Hákonarson 117, 181,  
 2 Hemingr Strútharaldzson 129.  
 1 Herlaugr 45.  
 2 Herlaugr Hákonarson 48.  
 Hermóðr (guden) 91.  
 Hildibrandr berserkr 38.  
 Hildiguðr Granmarsdóttir 28.  
 Hildir Hognason 28, 29.  
 1 Hildir Eiríksdóttir 32.  
 2 Hildir Hrólfsdóttir 55, 56.  
 3 Hildir Hognadóttir 28.  
 Hjalti Skeggjason 161, 163, 170, 217,  
 224, 225, 227—232, 238, 239, 250.  
 Hjörvarðr ylfingr 27—29.  
 Hlíf Dagsdóttir 33.  
 1 Hlōðvir langi 169.  
 2 Hlōðvir Þorfinnsson 115, 266.  
 Hnoss Óðsdóttir 10.  
 Hofgarða-Refr 388, 401.  
 Hólmfriðr Óláfsdóttir 181, 251.  
 Holti Jarzleifsson inn frækni 259.  
 Hornklofi se Þorbjörn hornklofi.  
 1 Hrani gauzki 49, 52.  
 2 Hrani mjónefr 198.  
 3 Hrani Hróason inn víðförlí 100, 137,  
 182, 183, 194, 195, 199.  
 1 Hreiðarr 102.  
 2 Hreiðarr Erlingsson 634.  
 3 Hreiðarr Grjótgarðzson 578.  
 1 Hringr 201, 202, 233, 235.  
 2 Hringr Dagsson 54, 355, 382.  
 3 Hringr Haraldzson 54, 62, 382.  
 1 Hróaldr hryggr 52.  
 2 Hróaldr prestur langtala 616, 622.  
 1 Hrói inn hvíti 100.  
 2 Hrói inn skjálgi 219, 222.  
 1 Hrólfur nefja 56.  
 2 Hrólfur skjótandi 390.  
 3 Hrólfur Helgason kraki 23, 24, 28.  
 4 Hrólfur Rognvaldzson se Gøngu-  
 Hrólfur.  
 1 Hrollaugr 45.  
 2 Hrollaugr Rognvaldzson 56, 60.  
 Hrótr af Viggju 390, 391, 430.  
 1 Hrórekr 201, 202, 233, 234, 235,  
 242—250.  
 2 Hrórekr Haraldzson 54, 63.  
 1 Hugi inn digri, jarl 524.  
 2 Hugi inn þrúði, jarl 524.  
 Huggleikr Álfsson 17.  
 Huld seiðkona 11, 12.  
 Hulviðr Svipdagsson 27, 29.  
 Hundi se Hvelpr.  
 Hundr = Þórir hundr.  
 Húnn se Bersi.  
 Húnþjófr 46.  
 Hvelpr eða Hundi Sigurðarson 139,  
 266.  
 Hvítakristr = Kristr 386, 394, 426.  
 Hyrningr 144, 164, 171, 178.  
 Hýsingr Gandálfsson 37, 38.  
 Hœnir 5.  
 1 Høgni 28, 29.  
 2 Høgni í Njarðey 24.  
 3 Høgni Eysteinnsson 34, 42.  
 4 Høgni Káruson 42, 43.  
 Hølgi 54.  
 Hørdakári 66, 102, 145.  
 1 Hørdaknútr 110.  
 2 Hørdaknútr Knútsson 194, 316, 341  
 —343, 359, 424, 425, 432, 445, 446,  
 496, 499.
- I.**
- Illugi Bryndællaskáld 450.  
 1 Ingi Árnason 582.  
 2 Ingi Bárðarson 511, 566.  
 3 Ingi Hallsteinsson 536.  
 4 Ingi Haraldzson 570—574, 576—579,  
 581—583, 585, 586, 590, 592—610,  
 614—617, 620, 621, 623, 625.  
 5 Ingi Steinkelsson 525—528, 543, 546,  
 555.  
 1 Ingibjörg Andréasdóttir 561.  
 2 Ingibjörg Guthormsdóttir 541.



- 3 Ingibjörg Haraldzdóttir 93, 276.  
 4 Ingibjörg Tryggvadóttir 144, 223, 225, 227, 229, 232, 238, 241, 259.  
 5 Ingibjörg Þorkeldsdóttir 130, 135.  
 6 Ingibjörg Ögmundardóttir 520.  
 Ingibjörn sipill 617.  
 1 Ingigerðr Birgisdóttir 586.  
 2 Ingigerðr Haraldzdóttir hárfagra 54.  
 3 Ingigerðr Haraldzdóttir harðráða 467, 501, 502, 510, 516.  
 4 Ingigerðr Loðinsdóttir 144.  
 5 Ingigerðr Ólafsdóttir 227, 229—232, 233, 239, 241, 242, 250—252, 256—259, 261, 370, 376—379.  
 Ingilborg Haraldzdóttir 543, 615.  
 Ingimarr af Aski 557.  
 1 Ingiriðr Loðinsdóttir 144.  
 2 Ingiriðr Rognvaldzdóttir 555, 568, 570, 581, 582, 590, 610, 615.  
 3 Ingiriðr Sigurðardóttir 198, 511.  
 4 Ingiriðr Sveinsdóttir 515.  
 1 Ingjaldr Ólafsson 31, 32.  
 2 Ingjaldr Önnundarson inn illráði 25—30.  
 Ísleifr Gizurarson 2, 3.  
 Ísriðr Guðbrandzdóttir 306.  
 1 Ívarr af Eldu 604, 605.  
 2 Ívarr jarl hvíti 347.  
 3 Ívarr hvíti 471, 472.  
 4 Ívarr smetta 170.  
 5 Ívarr sneis 582.  
 6 Ívarr Guthormsson 73.  
 7 Ívarr Hákonarson 603.  
 8 Ívarr Hálfðanarson víðfaðmi 30, 31.  
 9 Ívarr Ingimundarson 567, 569.  
 10 Ívarr Kálfsson skrauthanki 576, 578.  
 11 Ívarr Kolbeinsson 569, 578.  
 12 Ívarr Rognvaldzson 55.  
 13 Ívarr Sigtryggsson 370.  
 14 Ívarr Starason dynta 578.  
 15 Ívarr Özurarson 560.

## J.

- Jákob 251, 263, 264.  
 Jarðþrúðr Jóansdóttir 423.

- Jarisleifr 256, 258, 370, 376, 378, 379, 419, 447, 448, 450, 456, 457.  
 Járnскеggi Ásbjarnarson af Yrjum se Skeggi.  
 1 Játmundr konungr 72, 188.  
 2 Játmundr se Eaðmundr.  
 Játvarðr se Eaðvarðr.  
 Jésús Kristr 247, 394.  
 1 Jóan ketlingr (Guðrúnarson) 639.  
 2 Jó(a)n mörnefr 600.  
 3 Jóan smjörbalti 547.  
 4 Jó(a)n smyrill 576.  
 5 Jóan Árnason 428, 521.  
 6 Jóan Birgisson 578, 586, 625.  
 7 Jó(a)n Bjarnason tábarðs 590.  
 8 Jó(a)n Hallkelsson húks 586, 593, 594, 598, 614, 618, 626.  
 9 Jó(a)n Kálfsson kaða 575, 578.  
 10 Jóan Loptsson 561, 628.  
 11 Jóan Sigurðarson 566.  
 12 Jó(a)n Sigurðarson kutiza 615.  
 13 Jó(a)n Sveinsson 609, 610, 617, 624.  
 14 Jóan Sérkvisson 586.  
 15 Jóan á Rásvelli, sterki Úlfsson 471.  
 16 Jó(a)n Þorbergsson af Randabergi 634.  
 1 Jórunn 495.  
 2 Jórunn skáldmætr 65.  
 3 Jórunn Þorbergsdóttir 471.  
 Jósteinn Eiríksson 144, 170.  
 Júlíanus niðingr 187.  
 Jökull Bárðarson 371, 372.  
 Jörundr Yngvason 17—19.

## K.

- 1 Kálfr kringluanga 575.  
 2 Kálfr inn rangi 576, 578.  
 3 Kálfr skurfa 58.  
 4 Kálfr Árnason 281, 324, 325, 355—357, 365, 366, 371—373, 376, 396—399, 402—404, 412, 417—420, 424, 429, 430, 475, 478—480.  
 5 Kálfr Arnfinnsson 402.  
 Kári konungsbróðir 566.  
 Karkr þræll 140—142.  
 1 Karl bóndi 488—490.

2 Karl mœrski, Mœra-Karl 334—338.  
 3 Karl Sónason jarl 571, 572, 586.  
 4 Karl Særkvisson 543.  
 Karlamagnús 300.  
 Karli 300—302, 311—315, 326—328.  
 Kárr af Grýtingi 80, 81, 153.  
 Katrín Knútsdóttir 543.  
 1 Ketill hávi 169.  
 2 Ketill kálfr á Hringunesi 208, 213,  
 235, 306, 472, 480.  
 3 Ketill krókr 510.  
 4 Ketill prófastr 580.  
 5 Ketill rygski 170.  
 6 Ketill Qnundarson janti 77, 320.  
 Kimbi 405, 406.  
 Kirjalax 537, 539, 540, 611, 612.  
 Kispingr 89.  
 Kjartan Ólafsson 161—163, 170.  
 Kjötvi inn auðgi 52, 53.  
 Klakk-Haraldr 39.  
 Klémet Arason 578.  
 Klerkón 108, 109.  
 Klerkr 108.  
 Klyppr Þórðarson hersir 102, 145.  
 Klœngr Brúsason 208.  
 1 Knútr Birgisson 586.  
 2 Knútr Eiríksson lávarðr 543, 555.  
 3 Knútr Gormsson 103.  
 4 Knútr Haraldsson kesju 545.  
 5 Knútr Knútsson se Hørðaknútr.  
 6 Knútr Sveinsson helgi 515.  
 7 Knútr Sveinsson, inn ríki, Gamli-  
 Knútr 129, 193—195, 197, 201, 265,  
 275, 276, 299, 307—311, 315, 316,  
 325, 326, 328, 338—352, 356, 358—  
 362, 369, 371, 373, 374, 376, 380,  
 381, 395, 396, 410—413, 419, 424,  
 426, 432—435, 442, 446, 498, 499.  
 8 Knútr Sveinsson af Jaðri 549.  
 Koðrán Guðmundarson 495.  
 1 Kolbeinn 551.  
 2 Kolbeinn hrúga 581.  
 3 Kolbeinn óði 598.  
 4 Kolbeinn sterki 234, 235.  
 5 Kolbeinn Þórðarson 161, 170.  
 6 Kolbeinn Þorljótsson 574.  
 1 Kolbjörn stallari 169, 179.

2 Kolbjörn Árnason 281.  
 Kolli skáld 571, 572.  
 Kolr Hallzson 2.  
 Konofogor konungr 250, 268.  
 Konstantínús Mónomákús 455.  
 Kormákr Qgmundarson skáld 78.  
 1 Kristín Birgisdóttir 586.  
 2 Kristín Ingadóttir 543.  
 3 Kristín Knútsdóttir 543, 555.  
 4 Kristín Sigurðardóttir 582, 592, 608,  
 610, 614, 615, 633, 634, 636.  
 5 Kristín Stígsdóttir 543.  
 Krístr Márioson 79, 129, 157, 160,  
 383, 415, 422.  
 Krístræðr 556, 557.  
 Kvasir 5.  
 Kyrpinga-Ormr 581, 582.  
 Kœna se Frírekr.

## L.

Laxapáll 576, 591.  
 1 Leifr Eiríksson inn hepni 164, 170,  
 248.  
 2 Leifr Qzurarson 305, 316, 335—338.  
 Ljóttr Þorfinnsson 115, 266.  
 Loðbrókarsynir 72.  
 1 Loðinn 143, 144.  
 2 Loðinn saupprúðr 578, 580.  
 3 Loðinn Viggjarskalli 205, 520.  
 4 Loðinn Erlingsson 192.  
 Logi Frostason 15.  
 Loptr Sæmundarson prestur 561, 562.  
 Lózaríus keisari 540.  
 Lúfa = Haraldr hárfagri 53.  
 Lögmaðr Guðrøðarson 523, 524.

## M.

Maddaðr konungr 584.  
 1 Magnús konungr (Svíá) 586.  
 2 Magnús Birgisson 586.  
 3 Magnús Erlendsson 600.  
 4 Magnús Erlingsson 614, 615, 617,  
 618, 620, 621, 628—630, 634, 636—641.  
 5 Magnús Haraldsson harðráða 467,  
 489, 495, 501, 510, 512—514, 518.

- 6 Magnús Haraldzson kesju 545.  
 7 Magnús Haraldzson gilla 581.  
 8 Magnús Heinreksson halta 610.  
 9 Magnús Nikólásson inn sterki 546.  
 10 Magnús Ólafsson góði 299, 300, 370, 371, 379, 416, 419—425, 427—430, 432—434, 436—446, 455, 457—467, 471, 472, 474, 476, 477, 479, 494, 496, 499, 545.  
 11 Magnús Ólafsson berfœtr 516, 518—534, 545—547, 567, 569, 573, 579, 614, 623, 638.  
 12 Magnús Sigurðarson blindi 542, 547—549, 554—561, 566, 568, 570—575, 577—579.  
 Magnússynir 533.  
 Málmfriðr Haraldzdóttir 542, 543, 582, 615.  
 Mándli keisari 537.  
 Margaðr konungr 480, 481.  
 1 Margrét Árnadóttir 582.  
 2 Margrét Birgisdóttir 586.  
 3 Margrét Haraldzdóttir 586.  
 4 Margrét Ingadóttir friðkolla 527, 546.  
 5 Margrét Knútsdóttir 543.  
 Margrít yfirkussari 537.  
 1 Mária 79.  
 2 Mária 455, 456.  
 3 Mária Eysteinsdóttir 541, 634.  
 4 Mária Haraldzdóttir harðráða 467, 501, 502, 504, 510.  
 5 Mária Haraldzdóttir gilla 586, 618.  
 Markús á Skógi 621, 625—627.  
 Melbrigði tønn 55.  
 1 Melkólmr konungr 266.  
 2 Melkólmr konungr 524.  
 Merkúriús inn helgi 187.  
 Michael kátalaktús, Mikjáll 448, 450.  
 Mikjáll engill (M—s minni) 130.  
 Mímir 5, 7.  
 1 Munán Álason 606.  
 2 Munán Ögmundarson 572.  
 Mýrkjartan Þjálfason 525, 530.  
 Mörukári (Guðinason) jarl 347, 496, 502, 503.

## N.

- Narfi af Staf 81.  
 Nefja se Hrólftr nefja.  
 1 Nereiðr jarl 198.  
 2 Nereiðr 558.  
 1 Nikólás karðínáli 586, 587.  
 2 Nikólás mási 586, 610.  
 3 Nikólás skegg 604.  
 4 Nikólás Árnason 582.  
 5 Nikólás Pálsson kúfungr 636.  
 6 Nikólás Sigurðarson 626, 638, 639.  
 7 Nikólás Simunarson 586, 618, 620.  
 8 Nikólás Skjaldvararson 600, 604, 614.  
 9 Nikólás Sveinsson 540, 546.  
 Njörðr inn auðgi 5, 6, 8, 9, 78.  
 1 Njökkvi konungr 46.  
 2 Njökkvi Pálsson 626.

## O.

- Obbi Ákason 50.  
 1 Oddr kikinaskáld 445, 465.  
 2 Oddr Kolsson 2.  
 Oðinn 4—9, 11, 19, 26, 31, 78, 80, 90, 91, 123, 142, 151, 254.  
 Óðr 10.  
 1 Óláfr drengr 170.  
 2 Óláfr hvíti 55.  
 3 Óláfr klíngr 609.  
 4 Óláfr konungr (Engla) 72.  
 5 Óláfr kváran 126, 138.  
 6 Óláfr (norroenn) 402.  
 7 Óláfr í Dali 542.  
 8 Óláfr inn skygni 31.  
 9 Óláfr Bjarnarson 59.  
 10 Óláfr Eiríksson soenski 101, 135, 143, 166, 167, 171, 173, 175, 176, 181, 184, 201, 213, 216, 220, 223, 224, 226—228, 238, 240—242, 250, 251, 256, 258, 261, 262—265, 276, 286, 287, 320, 395, 434, 457.  
 11 Óláfr Guðbrandzson ógæfa 634—636.  
 12 Óláfr Guðrøðarson Geirstaðaálfr 1, 33—36.

- 13 Óláfr Haraldzson Geirstaðaálfr  
54, 62—64, 68, 69.
- 14 Óláfr Haraldzson kesju 545, 573.
- 15 Óláfr Haraldzson helgi 2, 3, 40,  
137, 149, 182—191, 194—197, 199—  
227, 229, 231—236, 238—259, 261,  
264, 265, 269—279, 281—284, 286—  
289, 292, 294, 295, 297—311, 314—  
317, 319—321, 323—326, 328—330,  
333—335, 337—339, 342—346, 348—  
355, 357—359, 361—382, 384, 386—  
390, 392, 393, 395—409, 411—417,  
419—423, 425, 427, 428, 430, 433,  
437—439, 441, 443, 445, 447, 455,  
462—465, 470, 474, 475, 477, 480—  
482, 500, 501, 511, 512, 516, 529,  
530, 538, 545. 551—553, 560, 587—  
589, 611, 612, 628, 631.
- 16 Óláfr Haraldzson kyrrí, bóndi 467,  
501, 503, 504, 509—512, 514—516,  
518, 528.
- 17 Óláfr Høskuldzson pái 161.
- 18 Óláfr Ingjaldzson trételgja 29—31.
- 19 Óláfr Magnússon 527, 533, 540,  
· 541, 566.
- 20 Óláfr Sveinsson hungr 515.
- 21 Óláfr Tryggvason 2, 105, 107—109,  
119—121, 123—127, 138, 139, 141—  
164, 166, 168—180, 191—193, 197,  
200—202, 204—206, 218, 223, 225,  
230, 266, 271, 277, 349, 377, 417,  
418, 545.
- Óli, Áli = Óláfr Tryggvason 125,  
126, 138.
- 1 Ormr 170.
- 2 Ormr se Kyrpinga-Ormr.
- 3 Ormr af Ljoxu 81, 153.
- 4 Ormr lygra 153.
- 5 Ormr lyrgja 139, 140.
- 6 Ormr skógarnef 170.
- 7 Ormr Eilífsson jarl 472, 475, 477,  
478, 572, 582.
- 8 Ormr Ívarsson konungsbróðir 582,  
608, 610, 618, 635, 636, 639, 640.
- Óspakr Ósvífrsson 452.
- 1 Ótta byskup 509.
- 2 Ótta hertogi 436, 437.
- 3 Ótta keisari (II) 120—123.
- 4 Ótta Sveinn = Sveinn tjúguskegg  
123.
- 1 Óttarr birtingr 570, 576, 577, 579,  
581, 582, 585, 604, 631.
- 2 Óttarr jarl 123.
- 3 Óttarr svartí 183, 185, 188, 189,  
195, 196, 227, 229, 232, 235, 256,  
275, 286, 345.
- 4 Óttarr Álfsson balli 570.
- 5 Óttarr Egilsson vendilkráka 21, 22.  
Óþyrmir 169.

## P.

- 1 Páll Andréásson 632.
- 2 Páll Skoptason 636.
- 3 Páll Sæmundarson flípr 561.
- 4 Páll Þorfinnsson jarl 502, 504, 523,  
525, 533.
- Pálnatóki 128.
- Pétr Sauða-Úlfsson byrðarsveinn 471,  
570, 577, 580.
- 1 Philippús Árnason í Herðlu 582.
- 2 Philippús Birgisson 536.
- 3 Philippús Gyrðarson 564, 593, 617,  
622.
- 4 Philippús Pétarsson 617.
- Poppó 122.

## R.

- 1 Ragna Níkolásdóttir 586, 610.
- 2 Ragna Ormsdóttir 582.
- 1 Ragnarr loðbrók 38, 49, 110.
- 2 Ragnarr Haraldzson rykkill 54, 63.  
Ragnfrøðr Eiríksson 69, 115—117.
- 1 Ragnhildr Árnadóttir 281.
- 2 Ragnhildr Eiríksdóttir blóðoxar  
69, 75.
- 3 Ragnhildr Eiríksdóttir in ríka  
54, 56.
- 4 Ragnhildr Erlingsdóttir 192, 322—  
324.
- 5 Ragnhildr Erlingsdóttir skakka 634.
- 6 Ragnhildr Hákonardóttir 117, 472,  
582.

- 7 Ragnhildr Haraldsdóttir 37.  
 8 Ragnhildr Hringsdóttir 354.  
 9 Ragnhildr Magnúsdóttir góða 476, 478.  
 10 Ragnhildr Magnúsdóttir berfoets 545, 573.  
 11 Ragnhildr Sigurðardóttir 38—40.  
 12 Ragnhildr Skoptadóttir 58.  
 13 Ragnhildr Sveinkadóttir 582.  
 Rannveig Sigurðardóttir 423.  
 1 Rauðr inn rammi 153—160.  
 2 Rauðr bóndi 354, 355.  
 Rauðssynir 354.  
 Razabárd 632.  
 Réas 108, 109.  
 Reinaldr 560, 561.  
 Rékón 108.  
 Rékóni 108.  
 Réttiburr 562—566.  
 Rígr konungr 13.  
 1 Ríkarðr prestr 587, 589.  
 2 Ríkarðr Ríkarðarson jarl 56, 191, 432, 496.  
 3 Ríkarðr Vilhjálmsson jarl 56, 191.  
 Röðbert, -bjartr, Ríkarðarson jarl 56, 191, 496.  
 Roðgeirr hertogi 537.  
 Rúðu-jarlar 191.  
 Rúnólfr goði 161.  
 1 Rognvaldr 73.  
 2 Rognvaldr kunta 617, 620.  
 3 Rognvaldr ór Ærvík 132.  
 4 Rognvaldr Brúason jarl 268, 271, 275, 370, 447.  
 5 Rognvaldr Eysteinnsson Mœrajarl 47, 48, 55, 58—60, 191, 265.  
 6 Rognvaldr Haraldzson réttilbeini 57, 58, 63, 64, 149.  
 7 Rognvaldr Heinreksson jarl 610.  
 8 Rognvaldr Ingason 555.  
 9 Rognvaldr Kolsson kali 582, 583.  
 10 Rognvaldr Ólafsson, heiðum-hár, -hærri 1, 35.  
 11 Rognvaldr Úlfsson jarl 192, 223, 225, 228, 238—241, 250—253, 255—259, 448.

## S.

- Sáða-Gyrðr Bárðarson 570, 575, 576, 585.  
 Sauða-Úlfr 471, 577.  
 Saurr (hundekonge) 76, 320.  
 1 Saxi 255.  
 2 Saxi í Vík 527, 566.  
 3 Saxi Bófason flettir 29.  
 Selsbani se Ásbjörn Sigurðarson.  
 Selþórir, Þórir 288—294, 296, 297.  
 Serkr ór Sogni 530.  
 Síðu-Hallr = Hallr Þorsteinsson.  
 Sigarðr 564.  
 Sig(f)ræðr Haraldzson 52, 63, 65, 69.  
 1 Sigríðr sæta 591.  
 2 Sigríðr Bárðardóttir 566.  
 3 Sigríðr Dagsdóttir 606.  
 4 Sigríðr Finnzdóttir 475, 572, 582.  
 5 Sigríðr Ketilsdóttir 472.  
 6 Sigríðr Saxadóttir 527, 566.  
 7 Sigríðr Skjálgsdóttir 288, 289, 301.  
 8 Sigríðr Sveinsdóttir jarls 310, 472.  
 9 Sigríðr Tóstadóttir in stórráða 101, 135—137, 143, 149, 167, 171, 434.  
 10 Sigríðr Þórisdóttir 372.  
 Sigræðr se Sigræðr.  
 1 Sigtryggr á Næríki 370.  
 2 Sigtryggr konungr á Vindli 32.  
 3 Sigtryggr Eysteinnsson 36.  
 4 Sigtryggr Haraldzson 54, 62.  
 1 Sigurðr 73.  
 2 Sigurðr (norðmaðr) 155—157.  
 3 Sigurðr agnhóttir 634—636.  
 4 Sigurðr bíldr 170.  
 5 Sigurðr byskup 159, 282, 296.  
 6 Sigurðr byskup 395, 410, 413.  
 7 Sigurðr hit 245, 246.  
 8 Sigurðr hjúpa 617, 620.  
 9 Sigurðr hringr 49.  
 10 Sigurðr kápa 617, 620.  
 11 Sigurðr skrúðhyrna 590.  
 12 Sigurðr ullstrengir 520, 521, 525, 526.  
 13 Sigurðr slembidjárn 566—571, 573—580.  
 14 Sigurðr Bergþórsson 578.

- 15 Sigurðr Búason 134.  
 16 Sigurðr Eindriðason storkr 574, 615.  
 17 Sigurðr Eiríksson bjóðaskalla 108, 109, 144.  
 18 Sigurðr Eiríksson slefa 69, 101, 102, 145.  
 19 Sigurðr Erlingsson 192, 324.  
 20 Sigurðr Erlingsson skakka 634.  
 21 Sigurðr Eysteinnsson glumru 55, 58, 265.  
 22 Sigurðr Eysteinnsson 591.  
 23 Sigurðr Guðrúnarson 639.  
 24 Sigurðr Gyrðarson 564.  
 25 Sigurðr Hákonarson 65, 66, 70, 73, 76, 78, 80—82, 93—98, 114.  
 26 Sigurðr Hálfðanarson sýr 149, 182, 197—201, 203, 208, 212, 213, 236, 306, 447, 511.  
 27 Sigurðr Haraldsson hrísi 57, 58, 149.  
 28 Sigurðr Haraldsson munnr 555, 570, 575—578, 581—583, 585—587, 590—593, 596, 606, 621, 636.  
 29 Sigurðr Hávarðsson af Reyri 596, 597, 600, 601, 603—606, 616—618, 620—624.  
 30 Sigurðr Helgason hjörtr 38.  
 31 Sigurðr Hlödviðsson digri, jarl 61, 139, 266, 267, 271.  
 32 Sigurðr Hranason 530, 532, 638.  
 33 Sigurðr Jóansson hundr 428, 532.  
 34 Sigurðr Kárason 566.  
 35 Sigurðr Kolbeinnsson 574, 578, 580.  
 36 Sigurðr Magnússon jørsalafari 523, 525, 527, 532—551, 553—555, 561, 565, 580, 582, 592, 608, 614.  
 37 Sigurðr Ragnarsson ormr í auga 38, 110.  
 38 Sigurðr Raudsson 354, 355.  
 39 Sigurðr Sigurðarson Markúsfóstri 621, 625, 626.  
 40 Sigurðr Sigurðarson 549—551, 557—559.  
 41 Sigurðr Vésetason 129, 130, 132.  
 42 Sigurðr Víkingakárason 161.  
 43 Sigurðr Þórisson 288, 289.  
 44 Sigurðr Þórisson hundz 428.  
 45 Sigurðr Þorláksson 317—319, 337.
- Sigvaldi jarl Strút-Haraldsson 129—133, 167, 172—174, 176, 180, 186, 206.  
 Sigvatr Þórðarson skáld 184—186, 188—190, 192, 194, 197, 206, 207, 209—212, 215, 227, 228, 245, 246, 253—257, 282, 299, 300, 309, 338—341, 343, 351—353, 358, 363—365, 371, 388, 390, 392, 393, 399—403, 407, 415, 416, 422, 425, 427, 428, 430, 431.  
 Sigverkr konungr 27.  
 1 Símun Hallkelsson skálpr 586, 593—596, 601, 609, 610, 614, 618, 620.  
 2 Símun Kárason 582.  
 3 Símun Þorbergsson 583, 609.  
 Símunarsynir 596, 600.  
 Skaði 8, 9.  
 Skagi Skoptason 117.  
 Skapti Þóróddsson 215, 217, 249, 304, 306, 321.  
 Skarði 134.  
 Skeggi Ásbjarnarson af Yrjum, Járnskeggi 102, 132, 152—155.  
 1 Skjaldvqr Brynjólfsdóttir 638.  
 2 Skjaldvqr Nikólásdóttir 638.  
 Skjálfr Frostadóttir 15.  
 1 Skjálgr 520.  
 2 Skjálgr Erlingsson 192, 238, 293—295, 310.  
 3 Skjálgr Ögmundarson se Þórólfr skjálgr.  
 1 Skjöldr konungr 32.  
 2 Skjöldr Óðinsson 6.  
 1 Skopti Skagason se Tíðenda-Skopti.  
 2 Skopti Ögmundarson 511, 520, 525, 528, 529, 533, 585.  
 1 Skúli konungsfóstri 510—511.  
 2 Skúli Bárðarson 511, 566.  
 3 Skúli Þorfinnsson 115, 266.  
 4 Skúli Þorsteinsson 176.  
 Skurfa se Kálfr.  
 Skoglaa-Tósti 101, 135, 167.  
 Skogul 90.  
 Snjár inn gamli 11.  
 Snorri Þorgrímsson goði 3, 304, 306, 452.  
 Snæfriðarsynir 63.

Snæfríðr Svásadóttir 57.  
 Solveig 561, 563.  
 1 Söti jarl 52.  
 2 Söti víkingr 184.  
 Sporsnjallr konungr 27.  
 Starkaðr gamli 17, 19.  
 Stefnir konungr 585.  
 Steigar-Þórir se Þórir af Steig.  
 Steinkell 491, 492, 494, 495, 525.  
 1 Steinn Herðisaron 471, 485, 486,  
 503, 513, 514.  
 2 Steinn Skaptason 306, 319, 321—325.  
 Steinþórr 8.  
 Stéphanus legatus 628.  
 Stígr hvítaleðr 543.  
 Strað-Þjarni 617.  
 Strút-Haraldr 129.  
 Stúfr Þórðarson blindi 454, 457, 467,  
 468, 515.  
 Styrbjörn Ólafsson inn sterki 59, 101,  
 230, 231.  
 Styrjaldar-Magnús 528.  
 1 Styrkár af Gimsum 132, 153.  
 2 Styrkár glæsirófa 575.  
 3 Styrkár stallari 508, 509.  
 4 Styrkár Hreiðarsson 102.  
 Stúlki konungr 52.  
 Sumarliði Sigurðarson jarl 266, 267.  
 Svanhildr Eysteinsdóttir 54.  
 Svási 56, 57.  
 Sveigðir Fjølmisson 11.  
 Sveinki Steinarsson 582.  
 1 Sveinn 243, 244.  
 2 Sveinn prestur 575.  
 3 Sveinn Álfifuson 380, 410—412, 414  
 —419, 423, 424, 426, 541.  
 4 Sveinn Bergþórsson bukks 609.  
 5 Sveinn Eiríksson 543.  
 6 Sveinn Erlendzson ór Gerði 582.  
 7 Sveinn Guðinason jarl 347, 496, 509.  
 8 Sveinn Hákonarson jarl 117, 132,  
 133, 143, 181, 192, 197, 200, 205—  
 214, 218, 234, 256, 287, 307, 310,  
 369, 395, 416, 472.  
 9 Sveinn Haraldzson tjúguskegg 123,  
 128, 129, 144, 167—169, 171—176,  
 181, 186, 187, 230, 307, 316, 434, 615.

10 Sveinn Haraldzson flettis 520—522.  
 11 Sveinn Hrímhildarson 549, 550.  
 12 Sveinn Sveinsson Úlfssonar 610.  
 13 Sveinn Sveinsson 582.  
 14 Sveinn Úlfsson 316, 343, 434—436,  
 438—445, 457—460, 462—464, 466—  
 470, 472, 477, 478, 480, 483, 485—  
 493, 496, 498, 513, 515, 543, 546,  
 629, 634.  
 Sverrir 595, 620.  
 Svertingr Rúnólfsson 161, 170.  
 Svína-Grímr 575.  
 1 Svipdagr berserkr 17.  
 2 Svipdagr blindi 26, 27, 29.  
 1 Sæmingr Óðinsson 8, 9.  
 2 Sæmingr Yngvifreysson 1.  
 Sæmundr húsfreyja 561, 564, 565.  
 Sólva 31.  
 Sólvarr Sólvason 31.  
 Sólveig eða Sólva Hálfðanardóttir 31.  
 1 Sólvi inn gamli 31.  
 2 Sólvi Hálfðanarson 31.  
 3 Sólvi Húnpjófsson klofi 46—48, 61,  
 63.  
 4 Sólvi Hognason 24.  
 5 Sólvi Sólvarsson 31.  
 Sørkvir Karlsson 543, 586.

## T.

1 Teitr Ísleifsson 3.  
 2 Teitr Ketilbjarnarson 161.  
 Tíðenda-Skopti 117, 118.  
 Tindr Hallkelsson 133, 135.  
 Tófi Valgautsson 348, 349.  
 Torf-Einarr Rognvaldzson 58, 59, 265,  
 266.  
 1 Tósti, Skoqlar-Tósti 100, 101, 434.  
 2 Tósti Guðinason jarl 347, 496—500,  
 503—508.  
 Tréskegg se Þórir.  
 1 Tryggvi Ólafsson 417, 418.  
 2 Tryggvi Ólafsson 68, 69, 71, 75, 76,  
 81, 93, 95, 99, 100, 105, 106, 138,  
 144, 145, 180, 192, 338, 431.  
 Tunni 20, 21.

## U.

- Úlfheðinn Söxólfsson 573.  
 Úlfhildr Óláfsdóttir helga 370, 381, 437.  
 Úlfkell snillingr 188, 194.  
 1 Úlfr inn rauði 169, 175.  
 2 Úlfr Hranason 530, 532.  
 3 Úlfr Óspaksson 452, 455, 470, 471,  
 485, 500.  
 4 Úlfr Pétursson flý 471.  
 5 Úlfr Rognvaldzson 192, 256, 259.  
 6 Úlfr Þorgilsson jarl 316, 341—344,  
 346, 347, 434, 435, 498, 513.  
 Ulli (o: Erlendr Hákonarson) 140.  
 Uniburr 562, 564.

## V.

- Vagn Ákason 129, 130, 132—135.  
 Vagr Raumason elfski 169.  
 1 Valdamarr 108, 109, 119, 138, 166.  
 2 Valdamarr 415.  
 3 Valdamarr Jarzileifsson 259, 615.  
 4 Valdamarr Knútsson 543, 556, 615,  
 630, 633, 634.  
 Valgarðr af Velli 457, 458.  
 Valgautr 349.  
 Valgerðr Eyjólfsdóttir 495.  
 Valþjófr „Guðinason“ 347, 496, 503,  
 509, 510.  
 Vana 11.  
 Vandráðr (o: kong Sven Estridsen)  
 488, 489.  
 Vanir 5, 6.  
 Vanlandi Sveigðisson 11, 12.  
 Varinn 151.  
 Vatnormr Dagsson 572, 574.  
 Vátrr se Vottr.  
 Vé 5, 6.  
 1 Vémundr 48.  
 2 Vémundr völubrjótr 102.  
 Véseti 129.  
 Vetriði 155.  
 Viðkunnr Jóausson 428, 521, 530, 532,  
 542, 575.  
 Vígfúss Víga-Glúmsson 133.

- Vígileikr Árnason 366.  
 Víkarr af Tiundalandi 169.  
 Víkinga-Kári 161, 225.  
 Vilborg Gizurardóttir 161, 225.  
 Vilir 5, 6.  
 1 Viljálmr biskup 532.  
 2 Viljálmr jarl 190.  
 3 Viljálmr skinnari 575.  
 4 Viljálmr Guðrúnarson 639.  
 5 Viljálmr Gønguhrólfsson langaspjót  
 56, 191.  
 6 Viljálmr „Rákarðarson“ 191.  
 7 Viljálmr Róðbertsson bastarðr 56,  
 496, 497, 509, 510, 534, 629.  
 8 Viljálmr Róðgeirsson 537.  
 Vísburrr Vanlandason 11, 12, 15.  
 Vissavaldr 136.  
 Vissavaldr Jarzileifsson 259.  
 Vitgeirr 63.  
 Vottr, Vátrr 22.

## Y.

- Ynguni se Yngvi.  
 1 Yngvarr konungr 25—27.  
 2 Yngvarr Eysteinnsson 24, 25.  
 1 Yngvi = Freyr 10, 13.  
 2 Yngvi, Ynguni 14.  
 3 Yngvi Alreksson 16—18.  
 Yngvifreyr 1, 10.  
 Yrsa 22, 23.

## Z.

- Zoe in ríka 448, 455, 456.

## Þ.

- Þangbrandr prestur 2, 155, 161, 163.  
 Þjazi, jötunn 78.  
 1 Þjóðólfr, inn fróði, inn hvinverski  
 1, 10—16, 18, 20—26, 30, 31, 33—35,  
 57, 58, 64.  
 2 Þjóðólfr Arnórsson 422, 424, 433,  
 435, 438—445, 447, 448, 450, 454,  
 456, 457, 459, 460, 466, 472, 484—  
 487, 495, 496, 507, 511.



- Þjóstólfr Álason 556, 570—573, 579, 580, 585.
- 1 Þóra 527, 551.
- 2 Þóra mostrstong 66.
- 3 Þóra af Rimul 140, 141.
- 4 Þóra verkakona 583.
- 5 Þóra Guthormsdóttir 568, 569.
- 6 Þóra Hákonardóttir 90.
- 7 Þóra Jóansdóttir 516.
- 8 Þóra Saxadóttir 566.
- 9 Þóra Skagadóttir 117.
- 10 Þóra Skoptadóttir 511, 525.
- 11 Þóra Þorbergsdóttir 322, 467, 471, 474, 489, 501.
- 12 Þóra Þorsteinsdóttir 281.
- 1 Þóraldi armaðr 279.
- 2 Þóraldi keptr 575.
- 1 Þórálfr ór Dímon 305, 316—319.
- 2 Þórálfr Skólmannson inn sterki 88, 89.
- 1 Þórarinn 8.
- 2 Þórarinn loftunga 360, 361, 410, 415, 416.
- 3 Þórarinn stutfeldr 534, 536.
- 4 Þórarinn Nefjólsson 161, 248—250, 293—295, 302—304.
- 5 Þórarinn Skeggjason 455.
- Þórarr 330, 331.
- 1 Þorbergr skafhogg 165.
- 2 Þorbergr af Varnesi 81.
- 3 Þorbergr Árnason 193, 281, 322—325, 370, 404, 412, 417, 418, 430, 504.
- 1 Þorbjörn gjaldkeri 626.
- 2 Þorbjörn hornklofi 46, 48, 51—55.
- 3 Þorbjörn skakkaskáld 583, 617, 627.
- 4 Þorbjörn Gunnarsson 617.
- 1 Þórðr 501.
- 2 Þórðr Freysgoði 161.
- 3 Þórðr húsfreyja 592.
- 4 Þórðr ístrumagi 283, 284.
- 5 Þórðr Sigvaldaskáld 206, 207, 426.
- 6 Þórðr skotakollr 257.
- 7 Þórðr ór Njarðarlaug 170.
- 8 Þórðr Barkarson 302.
- 9 Þórðr Fólason 245, 246, 392, 401, 525.
- 10 Þórðr Guthormsson 306.
- 11 Þórðr Hqrðakárason 102, 145.
- 12 Þórðr Kolbeinsson 130, 143, 166, 178, 181, 193, 194, 302.
- 13 Þórðr Ólafsson gellir 128.
- 14 Þórðr Sjáreksson 83, 90, 345.
- 15 Þórðr Skoptason 525, 529.
- 16 Þórðr Þorláksson inn lági 317, 318, 339.
- Þórdís skeggja 609.
- 1 Þorfinnr eisli 169.
- 2 Þorfinnr munnr 388, 389, 401.
- 3 Þorfinnr svartí af Snqs 639, 640.
- 4 Þorfinnr Sigurðarson jarl 266—269, 271—274, 276, 281, 478, 502.
- 5 Þorfinnr Torf-Einarsson 73, 75, 115, 266.
- Þorgautr skarði 216, 217, 222.
- 1 Þorgeirr 144, 164, 171.
- 2 Þorgeirr afráðskollr 2.
- 3 Þorgeirr armaðr 321—323.
- 4 Þorgeirr flekkur 384, 385, 429.
- 5 Þorgeirr kapalín 638.
- 6 Þorgeirr af Kviststöðum 399, 401, 430.
- 7 Þorgeirr Hávarsson 302.
- 8 Þorgeirr Steinsson læknir 579.
- 1 Þorgils sprakaleggr 316.
- 2 Þorgils Arason 249.
- 3 Þorgils Gellisson 2.
- 4 Þorgils Hálmuson 391, 408—410, 413.
- 5 Þorgils Haraldzson hárf. 54, 62, 63.
- 6 Þorgils Snorrason 462.
- 7 Þorgils Þorólfsson 105, 108, 109.
- 1 Þorgnýr lögmaðr 238—242, 253.
- 2 Þorgnýr 241.
- 3 Þorgnýr Þorgnýsson lögmaðr 238, 241.
- 1 Þorgrímr skinnhúfa 531.
- 2 Þorgrímr Þjóðólfsson ór Hvini 169.
- Þorgunna 129.
- 1 Þórir 8.
- 2 Þórir 332.
- 3 Þórir (bróðir Magnús góða) 464, 466.
- 4 Þórir faxi 76.
- 5 Þórir helsingr Væringja hofðingi 612.
- 6 Þórir helsingr, 77, 320.
- 7 Þórir hjqrtr 132, 148, 153, 159.

- 8 Þórir se Gaukaþórir.  
 9 Þórir hundr 277, 288, 289, 297, 301, 302, 311—315, 326—328, 352, 355, 359, 376, 379, 396—400, 402—405, 409, 428.  
 10 Þórir hvínantorði 573.  
 11 Þórir klakka 138, 139.  
 12 Þórir langi gestahöfðingi 220, 246.  
 13 Þórir selr se Selþórir.  
 14 Þórir skegg af Húsabæ 81.  
 15 Þórir af Steig, Steigarþórir 461, 462, 512, 518—522.  
 16 Þórir tréskegg 58.  
 17 Þórir Erlingsson 192, 324.  
 18 Þórir Guðbrandzson 204.  
 19 Þórir Hróaldzson hersir 56, 61.  
 20 Þórir Ingiriðarson 557.  
 21 Þórir Kjötvason haklangr 52, 53.  
 22 Þórir Rognvaldzson þegjandi 56, 59, 60, 65.  
 23 Þórir Ólvisson 355—357, 369, 372, 397.  
 1 Þorkell geysa 466, 467.  
 2 Þorkell bóndi 206.  
 3 Þorkell hamarskald 520.  
 4 Þorkell leira 130, 132, 134, 135.  
 5 Þorkell Ámundason fóstri 267—270, 273, 274, 276, 278.  
 6 Þorkell Eiríksson dyðrill 144, 170, 174.  
 7 Þorkell Eyjólfsson 302, 304, 306.  
 8 Þorkell Geirason af Lyngum 438.  
 9 Þorkell Loðinsson nefja 144, 170, 174, 179, 180.  
 10 Þorkell Skallason 510.  
 11 Þorkell Strút-Haraldzson inn hávi 129, 130, 186, 206, 373.  
 12 Þorkell Sumarliðason fóstri 567.  
 1 Þorleifr skjappa 575.  
 2 Þorleifr inn spaki í Meðaldal 99, 117, 118.  
 3 Þorleifr Brynjólfsson 581.  
 4 Þorleifr Hørdakárason 39, 57, 76, 145.  
 5 Þorleifr Rauðfeldarson 142.  
 1 Þorleikr fagri 468—470.  
 2 Þorleikr Bollason 302.

- 3 Þorleikr Brandzson 161.  
 Þorljótr skaufuskalli 597.  
 1 Þormóðr karkr = Karkr 140.  
 2 Þormóðr prestr 170.  
 3 Þormóðr Bersason kolbrúnarskald 302, 387—390, 405—407.  
 4 Þormóðr Eindriðason 495.  
 Þórny se Þyrni.  
 1 Þóróddr Eyvindarson goði 128.  
 2 Þóróddr Snorrason 303, 319, 321, 329—333.  
 1 Þórólfr (á Ormi) 170.  
 2 Þórólfr dryllr 626.  
 3 Þórólfr lúsarskegg 105, 108, 109.  
 4 Þórólfr Ógmundarson skjálgr 145, 287, 288, 364.  
 Þórr 7, 8, 80, 154, 282, 284.  
 1 Þorsteinn í Auðsholti 578.  
 2 Þorsteinn bóndi 106, 107.  
 3 Þorsteinn fróði 265.  
 4 Þorsteinn gálgi 281.  
 5 Þorsteinn hvíti 170.  
 6 Þorsteinn knarrarsmiðr 398, 402.  
 7 Þorsteinn miðlangr 133, 134.  
 8 Þorsteinn oxafótr 169.  
 9 Þorsteinn Hallzson 304, 306.  
 10 Þorsteinn Ólafsson rauðr 55, 266.  
 11 Þorsteinn Sigurðarson 566.  
 Þorvaldr veili 155.  
 1 Þorviðr 494.  
 2 Þorviðr stami 262, 263.  
 1 Þrándr gjalkeri 579.  
 2 Þrándr kaða af Eggju 81.  
 3 Þrándr hvíti 221, 330.  
 4 Þrándr rammi 169.  
 5 Þrándr skjálgi 169.  
 6 Þrándr í Gøtu 305, 317, 319, 335—338.  
 Þuriðr Snorradóttir 3.  
 1 Þyri Danmarkarbót Klakk-Haraldz-dóttir 39.  
 2 Þyri Haraldzdóttir 167—169, 171.  
 Þyrni Haraldzdóttir 39.

## Æ.

Æsir 5—9, 278.

## Q.

- 1 Qgmundr af Sandi 575.  
 2 Qgmundr dengir 585.  
 3 Qgmundr sandi 169.  
 4 Qgmundr sviptir 576, 585.  
 5 Qgmundr Erlingsson 634.  
 6 Qgmundr Fólason 392.  
 7 Qgmundr Hørðakárason 145.  
 8 Qgmundr Ívarsson 605.  
 9 Qgmundr Ormsson 572.  
 10 Qgmundr Skoptason 525—527, 529.  
 11 Qgmundr Þorbergsson 520, 525.  
 Qgvaldr 151.  
 1 Qlmóðr inn gamli 146, 147.  
 2 Qlmóðr Hørðakárason 145.  
 1 Qlvir (3 böendr) 255.  
 2 Qlvir miklimunnr 563, 564.

- 3 Qlvir inn spaki 37.  
 4 Qlvir á Eggju 278—281, 355, 357,  
 372, 397.  
 Qndurr Vísbursson 12.  
 1 Qnundur jarl 77, 320.  
 2 Qnundur Ólafsson 264, 310, 311, 315,  
 316, 339, 343—346, 348, 379, 381,  
 427.  
 3 Qnundur Símunarson 583, 596, 616—  
 620, 626—628.  
 4 Qnundur Yngvarsson, Braut-Qnundur  
 25—27.  
 Qrnólfr skorpa 626—628.  
 1 Qzurr bóndi 627.  
 2 Qzurr tóti 61, 62.  
 3 Qzurr erkibyskup 562.  
 4 Qzurr Agason 168.

## II. Stedsnavne.

## A.

- Aðalsýsla 25, 167.  
 Affrika 450.  
 Agðanes 65, 139, 324, 326, 540, 544,  
 631.  
 Agðir 33, 34, 36, 52, 59, 83, 114, 131,  
 145, 150, 181, 210, 222, 287, 316,  
 359, 365, 381, 418, 433, 616.  
 Agnafi 15, 184.  
 Áin helga 343, 344, 346—348.  
 Akrsborg 538.  
 Álaborg 574, 580, 636.  
 Aldeigja 167.  
 Aldeigjuborg = Aldeigja 166, 258,  
 259, 419, 421, 457.  
 Álfheimar 33, 38.

- Alkasse 535.  
 Álptafjörðr inn syðri 155.  
 Álreksstaðir 66, 90, 102.  
 Angrar 205.  
 Apardjón 584.  
 Apavatn 206.  
 1 Áróss (við Fýrisá) 263, 379.  
 2 Áróss (á Jótlandi) 439, 445.  
 Ásaheimr = Ásaland 4.  
 Ásaland = Asíá 4.  
 Ásgarðr 4, 6, 9.  
 Asía 4.  
 Ask 557.  
 Ásmundarvágr 139, 269.  
 Atley 49.  
 Áttundaland 27, 28, 237.  
 Auðsholt 573.

Aumorð 542.  
 Austfirðir 155.  
 Austmarr = Eyrstrasalt 25.  
 Austr-Agðir 82, 221.  
 Austrátt 155, 474, 566.  
 Austrey 317, 335.  
 Austrlond = Austrvegr 75.  
 Austrríki 30, 456.  
 Austrvegar (o: Sverrig) 14, 257.  
 Austrvegar, vegir 22, 24, 56, 61, 64,  
 75, 83, 99—101, 135, 136, 143, 166,  
 214, 221, 222, 231, 242, 448.

**B.**

Bálagarðsziða 186.  
 Barvík 345.  
 Bataldr 574.  
 Befja 607.  
 Birkistrond 83.  
 Bjarkéy 277, 288, 301, 302, 315, 326,  
 327, 428, 521, 542, 575.  
 Bjarmaland 61, 102, 311, 312, 326, 328,  
 519.  
 Bjarnaaurar 148.  
 Bjarney 366.  
 Björgvin 511, 514, 525, 540, 544, 557  
 —559, 561, 562, 567, 568, 576, 590,  
 592—594, 598, 604, 605, 610, 616—  
 618, 621, 626, 628, 631, 632, 636,  
 637.  
 Bláländ it mikla 4.  
 Blókumannaland 612.  
 Bókn 363, 365, 418.  
 Bolgaraland 540.  
 Borg 232, 253, 254, 256, 287, 351, 361,  
 511, 542, 630.  
 Borgarþing 570.  
 Borgund 366.  
 Borgundarhólmr 119, 129.  
 Borró 33.  
 Brattahlíð 170.  
 Bratsáss 562.  
 Bratsberg 592.  
 Breiða 282, 283.  
 Breiðablik 7.  
 Breiðafjörðr 128, 249.

Bretland 61, 63, 72, 124, 268, 480, 497,  
 524.  
 Brúnsvík 437.  
 Býjaraland 540.  
 Býnes 139.  
 Byrða 116, 158, 575.  
 Byskupshöfn 631.  
 Bøjar 281.

**D.**

Dalar 36, 37, 44, 208, 233, 234, 236,  
 282, 299, 306.  
 Dalr mikli 542.  
 Danaríki 499.  
 Danaveldi 30, 39, 110, 111, 128, 169,  
 307, 341, 342, 358, 359, 432—436,  
 444—446, 458, 464—467, 477, 499,  
 515.  
 Danavirki 120, 121, 499.  
 Danmörk 2, 6, 14, 17—20, 22, 23, 43,  
 61, 64, 74, 75, 81—83, 86, 87, 101,  
 103, 112, 113, 118, 120, 121, 124,  
 127—129, 131, 135, 167, 168, 171,  
 172, 183, 186, 201, 219, 221, 230,  
 265, 307—310, 315, 316, 338—341,  
 343, 345, 347, 352, 358—362, 373,  
 379, 380, 410, 411, 424, 432—436,  
 439, 442—446, 455, 458—460, 463,  
 464, 466, 467, 477—483, 490, 492,  
 493, 498—500, 522, 540, 543, 556—  
 558, 566, 567, 571—574, 576, 577,  
 580, 615, 616, 628—630, 633, 634, 636.  
 Dímon 305, 316, 317.  
 Dofrafjall 44, 52, 475, 518, 519.  
 Dofrar 281.  
 Dragseið 147.  
 Dröfn 361.  
 Dyflinn 63, 126, 138, 276, 480, 530.  
 Dyflinnarskíri 530.  
 Dýrsá 633.

**E.**

Eðni 592.  
 Egg 81, 278, 279, 281, 325, 355, 372,  
 412, 417, 418, 429, 430.

1 Eið (Askim) 37.  
 2 Eið (ved Staðr) 48, 131.  
 3 Eið (ved Eidsvold) 235.  
 4 Eið = Eiðar 536.  
 Eiðar 254.  
 1 Eiðaskógr 31, 50, 219, 320, 370, 381.  
 2 Eiðaskógr 254, 255.  
 Eikreyjar se Ekreyjar.  
 Eikundasund 316, 359, 361, 362.  
 Einbúi 368.  
 Eistland 24, 25, 61, 63, 108, 143, 241.  
 Ekkjalsbakki 55.  
 Ekreyjar 221, 260.  
 Elda 604.  
 Elfarkvíslar 61, 63.  
 Elfr 30, 63, 148, 219, 220, 223, 243,  
 287, 316, 339, 425, 434, 467, 468,  
 483, 485, 492, 493, 526, 527, 573,  
 598, 616, 626.  
 Ellipaltar 456.  
 Éneá 4.  
 Engilsnes 539.  
 England 2, 30, 66, 67, 70—73, 78, 95,  
 124, 126, 127, 129, 144, 155, 164,  
 186, 187, 189, 193—195, 197, 201,  
 221, 265, 299, 307—310, 316, 325,  
 328, 338—341, 351, 358, 362, 373,  
 374, 380, 412, 413, 424, 432, 435,  
 445, 446, 496—503, 506, 509—511,  
 534, 535, 629.  
 Englandzhaf 328.  
 Erri 573.  
 Európá 4.  
 Eyi 37.  
 Eyin helga 523.  
 Eyin iðri 45, 76, 81.  
 Eyin mikla 37.  
 Eyjafjörðr 128, 303.  
 Eyjar se Orkneyjar.  
 Eyland 222, 237.  
 Eynafylki 45, 76, 204.  
 1 Eyrar (við Niðarós) 519, 632, 638.  
 2 Eyrar (á Íslandi) 303.  
 Eyra(ri)sund 22, 74, 123, 171, 347—  
 350, 361, 492, 546, 573.  
 Eyraþing 423, 518, 581, 620, 626.

Eystra-Gautland 28, 237, 258, 259.  
 Eystrasalt 119.  
 Eystridalir 354.  
 Eysýsla 167, 185.

## F.

Falstr 444, 467.  
 Féeyjarsund 84.  
 Fetlafjörðr 190.  
 Fífi 309.  
 Finney 381, 403.  
 Finnland 11, 14, 15, 185, 241.  
 Finnmörk 61, 219, 321.  
 Firðafylki = Firðir 48, 73, 114, 116.  
 Firðir 47, 48, 56, 61, 101, 113, 170,  
 181, 284, 569, 594, 618.  
 Fitjar 66, 86, 88, 431.  
 Fjaðrundaland 25, 27, 28, 237.  
 Fjalir 49, 170, 181, 196.  
 Fjón 6, 436, 439, 442, 444, 445, 458,  
 479, 485.  
 Flandr 498.  
 Flóruvágur 559, 592.  
 Flæmingjaland 124, 221, 500, 503, 529.  
 Fold, -in 35, 49, 100, 197, 212, 219,  
 359, 361, 594, 627.  
 Forland 520, 617.  
 Forminterra 535, 536.  
 Fors, á Ránríki 556, 595, 607.  
 Foxærni 526.  
 Frakland 121.  
 Frekeyjarsund 366, 418.  
 Frísland 61, 121, 124, 144, 186, 221,  
 498.  
 Frosta 79, 152, 153, 205, 566.  
 Frostapiing 78, 79, 153.  
 Fræðarberg 84, 86.  
 Fræði 83.  
 Furuvald 195.  
 Fýri 13.  
 Fyrileif 556, 557, 560.  
 Fýrisvellir 13, 16—18, 23.  
 Færejar 53, 215, 302, 305, 307, 316,  
 318, 319, 334, 335, 338.

## G.

Galizuland 534.  
 Gandvík 314.  
 Garðar 167, 373, 415, 421, 424, 427, 447, 456—458, 615.  
 Garðaríki 6, 108, 109, 119, 120, 125, 136, 138, 166, 167, 213, 222, 253, 259, 370, 375—377, 379, 380, 394, 413, 419, 421, 427, 447, 448.  
 Gata (í Færeyjum) 305, 317, 319, 335, 338.  
 Gaul 140.  
 Gaular 37, 49.  
 Gaularáss 207, 217, 321.  
 Gaulardalur 44, 45, 79, 139, 141, 142, 152, 204, 206, 207, 217.  
 Gauldœlafylki = Gaulardalur 45, 204.  
 Gautasker 123.  
 Gautdalr 574.  
 Gautelfr 33, 49, 51, 181, 219, 260, 525.  
 Gautland 19, 26, 51, 52, 59, 74, 123, 220, 228—230, 232, 242, 250, 253, 254, 257—259, 265, 316, 320, 350, 357, 361, 436, 439, 442, 444, 492, 493, 525, 571, 596, 628.  
 Geirstaðir 34, 35.  
 Geirsver 314.  
 Gelmin 205.  
 Gerði 381, 403, 582.  
 Gimsar 132, 153, 173.  
 Gimsey 607.  
 Gizki 322, 418, 520, 525.  
 Gljúfrafjörðr 575.  
 Goðey 158—160.  
 Goðeyjastraumur 160.  
 Goðheimar, -r = Svíþjóð in mikla 9, 11.  
 Goðnarfjörðr 466.  
 1 Gotland 14.  
 2 Gotland 121, 166, 185, 222, 237, 372, 379.  
 Grafdalr 626.  
 Grenland, -landzfylki 100, 523.  
 Grenmarr 49, 208.  
 Griklund 448, 455, 539, 554, 565, 612.  
 Griklundzeyjar 448.

Griklundzhafr 448, 537.  
 Griksalt 538.  
 Grímsboer 72.  
 Grímsey 303, 304.  
 Grislupollar 190.  
 Grjótár 204.  
 Grýtingr 80, 81, 153.  
 Grœningar 368.  
 Grœningasund 594.  
 Grœnland 164, 170, 248, 249, 302.  
 Grœnlandzhafr 249.  
 Guðbrandzdalar 43, 62, 201, 203, 208, 306, 369.  
 Gulapíng 145, 146.  
 Gulapíngsloð 519.  
 Gullyarta 539.  
 Gunnvaldzborg 190.  
 Gylling 160.

## H.

Haðaland 32, 34, 37, 38, 40, 43, 58, 62, 63, 201, 203, 233, 236, 296, 306, 496, 639.  
 Hafstfjörðr 52, 53.  
 Hakadalr 42.  
 Hákonarhella = Hella 90.  
 Halar 350.  
 Halland 74, 76, 346, 480, 485, 486, 490, 492, 519, 520, 557, 634.  
 Hallkelsvík 132.  
 Hálogaland 23, 61—63, 83, 103, 116, 130, 132, 148, 158, 164, 165, 168, 181, 276, 277, 300, 311, 326, 328, 351, 358, 359, 385, 429, 510, 521, 540, 542, 575, 638.  
 Háls 113, 114.  
 Hamarsfjörðr 576.  
 Hangrar 421, 422.  
 Harðangr 98, 102, 112, 592.  
 Harmr 521, 522.  
 1 Haugar (við Túnsberg) 632.  
 2 Haugar 68.  
 1 Haugasund (Haugesund) 68.  
 2 Haugasund (Högasund) 222.  
 Haugapíng 555.  
 Haugr 279, 429, 430, 447, 515.

- Haukadalur 2, 3.  
 Haukboer 516.  
 Hauksfjót 72.  
 Hedalur 281.  
 Hefringr 519, 521.  
 Heggravik 560.  
 Heiðabýr, -boer 124, 437, 468, 540.  
 Heiðmörk 32, 34, 36—38, 41—43, 62,  
 99, 181, 201, 208, 233, 234, 236, 285,  
 306, 354, 355, 357, 369, 496.  
 Heiðsævisþing 286.  
 Helganes 442, 443, 457, 458.  
 Hella 90.  
 Hellornes 502.  
 Helsingjaland 53, 77, 101, 213, 214,  
 320, 321, 394, 419, 422, 427, 447.  
 Helsingjaport 509.  
 Herða 576, 582.  
 Herdalar 185, 186.  
 Hereyjar 131, 334, 366.  
 Hern, Hernar 317.  
 Hernes mikla 566.  
 Hesjutún 521.  
 Hillar 426.  
 Hillarsund 426.  
 Himinbjörg 7.  
 Himinþjöll 26.  
 Himinheiðr 26.  
 Hinn 575.  
 Hising 219, 222, 265, 562, 584, 598,  
 600, 625, 627.  
 Hjaltland 53—55, 73, 215, 273, 275,  
 502.  
 Hjarðarholt 471.  
 Hjartapollr 584.  
 Hjörnagli 361.  
 Hjörundarfjörðr 132.  
 Hjörungavágr 132, 137.  
 Hlaðhamrar 164.  
 Hlaðir 46, 65, 76, 78, 80, 81, 101, 142,  
 148, 152, 206.  
 Hlaupandanes 267.  
 Hleiðr 6, 10, 23, 24, 486.  
 Hlésey 260, 469, 470, 484, 566.  
 Hlíð 551.  
 Hlýrskógsheiðr 437, 438.  
 1 Hof (Stora Hof) 254.  
 2 Hof (í Guðbrandsdölum) 282.  
 Hólar, Hóll (í Bretagne) 190.  
 Hólmgarðr 108, 109, 222, 256, 258,  
 370, 419, 421, 450, 456, 457, 542.  
 1 Hólmr = Borgundarhólmr 120.  
 2 Hólmr (ved Bergen) 559, 561, 571,  
 590, 592.  
 3 Hólmr inn grái 577.  
 Holtar 33.  
 Holtsetaland 121.  
 Hornborusund 573.  
 Hornskógr 467.  
 Hrafnseyrr 510.  
 Hrafnunes 623, 640.  
 Hringaríki 38, 40—43, 54, 58, 63, 149,  
 236, 286, 306, 496, 639.  
 Hringisakr 42, 233—235.  
 Hringmaraheiðr 188, 189.  
 Hringarfjörðr 190.  
 Hringstaðir 441.  
 Hringunes 208, 235, 306, 480.  
 Hróiskelda 347, 434, 458.  
 Hrossanes 616.  
 Hrossey 267.  
 Hundra 502, 503.  
 Hundzver 366.  
 Hundþorp 282.  
 1 Húsabær (pá Inderøen) 81.  
 2 Húsabær (á Skaun) 204.  
 Hústaðir 545.  
 Hvalir 577.  
 Hvarfsnes 626.  
 Hveðn 566.  
 Hverbjörg 387.  
 Hvínir 1, 57, 64.  
 Hvítabýr 585.  
 Hvítungsey 218, 316.  
 Hæring 160.  
 Høð 131, 132.  
 Høfuðey 609.  
 Høfund 592, 607.  
 Hørdaland 43, 63, 66, 68, 73, 86, 98,  
 114, 116, 117, 145, 147, 148, 181,  
 242, 287, 297, 316, 338, 365, 381,  
 418, 430, 576, 626.

## I.

Íl 523.  
 Írland 63, 72, 73, 75, 124, 126, 127,  
 138, 250, 266, 268, 269, 275, 430,  
 468, 480, 523, 530, 532, 547, 548.  
 Ísafjörður 128.  
 Ísland 2, 3, 53, 61, 98, 127, 128, 155,  
 161, 163, 170, 215, 217, 224, 227,  
 228, 248—250, 302, 303, 305, 306,  
 319, 322, 329, 334, 351, 391, 411,  
 470, 471, 628.  
 Ívist 523.  
 Íviza 537.

## J.

Jaðarr 52, 53, 64, 290, 292, 293, 310,  
 316, 324, 362, 363, 365, 376, 381,  
 472, 547, 549.  
 Jákóbsland 534.  
 Jamtaland 53, 77, 101, 169, 213, 214,  
 221, 320, 321, 330, 333, 383, 394,  
 419, 423, 427, 447, 540, 541.  
 Jarisdalur 140.  
 Jarlsey 32.  
 Jarshellir 140.  
 Járneraland 382.  
 Jóansvellir 559.  
 Jóm 436.  
 Jómsborg 129, 172, 410, 435, 436.  
 Jórðán 454, 538, 544, 567.  
 Jork se Jórviik.  
 Jórsalaborg = Jórsalir 454, 537, 538.  
 Jórsalaheimr 190, 454, 533.  
 Jórsalaland 4, 454, 455, 537—539, 542,  
 583.  
 Jórsalir 376, 423, 454, 567.  
 Jórviik, Jork 72, 502, 503.  
 Jótland 18, 24, 39, 54, 73, 74, 82, 112,  
 122, 186, 342, 343, 361, 433, 436,  
 439, 464, 466, 468, 470, 482, 483,  
 540, 633, 636.  
 Jótlandzhaif 468.  
 Jótlandzsiða 186.  
 Jungufurða 195.  
 Jotunheimar 6.

## K.

Kálfskinn 249.  
 Kalmarnir 350, 546.  
 Kantarabyrgi, -borg 189.  
 Karlsár 190.  
 Karmtsund 68, 218, 289, 291, 292.  
 Kastalabryggja 510.  
 Katanes 55, 139, 266—269, 275, 374,  
 584.  
 Kinnlimasiða 186.  
 Kípr 537, 539.  
 Kirjálaland 241.  
 Kjölur 77, 101, 214, 216, 219, 320, 321,  
 383, 384, 394, 419, 423, 427, 447.  
 Klifflond 502.  
 Koungahella 149, 250, 264, 316, 493,  
 511, 527, 542, 553, 558, 561, 562,  
 566, 573, 596, 605—607, 616, 625,  
 627.  
 Koungssund 184.  
 Krókaskógr 572, 637.  
 Kumraland 124.  
 Kunnaktir 525, 530.  
 Kúrland 241.  
 Kvalðinsey 525, 528.  
 Kvildir 576.  
 Kviststaðir 399, 401, 430.  
 Kqrmt 66, 82, 150, 292, 295.

## L.

Laktjarnir 539.  
 Land 37.  
 Langatún 535.  
 Langey 300, 312, 315.  
 Leikberg 584.  
 Leira 191.  
 Lengjuvik 315, 326.  
 Lesjar 231, 232, 234, 367, 369.  
 Liðandisnes 114, 147, 181, 213, 242,  
 249, 287, 288, 593, 633.  
 Liðsstaðir 284.  
 Limafjörður 18, 22, 113, 122, 131, 341,  
 342, 359, 360, 439, 482.  
 Limagarðsziða 574.  
 Línustaðir 578.



Listi 361, 574, 626.  
 Lizibón 535.  
 Ljárdalr 281.  
 Ljóðhús (Lewis) 523.  
 Ljoxa, Lyxa 81, 153.  
 Lóar 281, 282, 284.  
 Lófufjörðr 485.  
 Lófund 24.  
 Lóndir 42.  
 Lorodalr, Ljárdalr 281.  
 Lundar 139.  
 Lundr 351, 441, 444, 546.  
 Lundúnaborg 194.  
 Lundúnabryggjur 188, 482, (i enkeltal).  
 Lundún 67, 187, 188, 194, 373, 482, 497.  
 Lúsbreið 483.  
 Lygra 317, 319.  
 Lyngar 438.  
 Lyxa se Ljoxa.  
 Læradalr 127.  
 Løgberg 303, 304.  
 1 Løgr 282.  
 2 Løgr, -inn 6 18, 184, 230, 263, 379.

## M.

Manheimar 9.  
 Manork 537.  
 Markir 237, 254, 625, 635, 636, 641.  
 Mårsey 122.  
 Masarvík 205.  
 Meðaldalr 99, 204.  
 Meðalhús 79, 81, 139, 140, 153.  
 Miðgarðr 469.  
 Miklagarðr 443, 450, 454—457, 533, 537, 539, 540, 583, 611, 613, 634.  
 Mjors 37, 213.  
 Mostr 66, 139, 594.  
 Mosbrekka 367.  
 Múlaping 242.  
 Munt 425.  
 Mynni 571.  
 Myrkvafjörðr 27.  
 Mœrafylki 46.  
 Mærin 81, 152, 153, 278—280.

Mœrin 367.  
 Mœrr 46, 48, 55, 58—60, 65, 81, 83, 97, 101, 102, 116—118, 130—132, 140, 181, 217, 287, 302, 322, 334, 371, 399, 418, 475, 547, 571, 575, 598, 618, 626.  
 Møðruvellir 161, 249, 303.  
 1 Møn (Man) 55, 124, 523, 524.  
 2 Møn (Mön) 573.

## N.

Naumðælafylki = Naumudalr 45, 46, 277.  
 Naumudalr 45, 116, 130, 181, 276.  
 Naustdalr 48.  
 1 Nes = Katanes 60.  
 2 Nes = Býnes 205.  
 3 Nes (pá Lom) 281.  
 Nesjar 208, 209, 221.  
 Nið 152, 155, 206, 208, 339, 361, 484, 500, 518, 570.  
 Niðarbakki 154.  
 Niðarhólmr 142, 161, 324.  
 Niðarnes 2.  
 Niðaróss 152, 154, 156, 157, 160, 161, 168, 170, 205—208, 213, 214, 217, 276, 278, 280, 299, 311, 320, 330, 334, 359, 373, 409, 410, 428, 437, 462, 465, 483, 500, 501, 511, 513, 514, 516—518, 525, 540, 541, 545, 551, 566, 587, 638, 639.  
 Nitja 286.  
 Niz 485, 486, 490, 491.  
 Njarðarlaug 170.  
 Njarðey 24.  
 Nóatún 7, 9.  
 Norðdalr 525.  
 Norð-Hqrðaland 90, 569.  
 Norðimbraland 71—73, 124, 194, 195, 506.  
 Norðmanndi 56, 191, 194, 496, 497, 509.  
 Norð-Mœrr 47, 63, 96, 114, 148, 155, 570.  
 Norðnes 540, 560, 561, 567, 636.  
 Norð-Agðir 82, 213.

1 Norðreyjar (í Færeyjum) 335, 336.  
 2 Norðreyjar (í Suðreyjum) 523.  
 Norðrlönd 1, 7, 193, 229, 230, 261,  
 308, 309, 438, 455, 461, 470, 499.  
 Nóregr 2, 23, 35, 39, 40, 43, 44, 53,  
 54, 56, 58—60, 66—70, 72, 73, 75—  
 78, 82, 83, 86, 90, 93, 95, 103, 107—  
 109, 111—118, 120, 122, 123, 127,  
 129—131, 136—139, 143, 144, 147,  
 149, 155, 160, 163—166, 168, 169,  
 174, 178, 180, 181, 191—193, 195,  
 197, 198, 201—203, 208, 209, 213,  
 214, 216—219, 222, 223, 228—231,  
 235, 236, 239—242, 249, 251, 252,  
 255, 257—259, 264—266, 268—270,  
 272, 275, 277, 281, 297, 303, 305,  
 307—310, 316, 319, 320, 329, 330,  
 337—340, 342, 346, 349—352, 358—  
 362, 364, 365, 369—371, 373—378,  
 380—382, 384, 394, 395, 410—413,  
 416—418, 420—422, 424—428, 433—  
 436, 442, 445, 446, 455, 458—463,  
 470, 472, 478, 479, 484, 485, 489,  
 490, 492, 493, 499—501, 510—514,  
 517, 518, 523—526, 530, 532—534,  
 540, 541, 545—548, 553—555, 561,  
 566, 567, 571—573, 577, 579, 581,  
 583, 585—587, 590, 596, 601, 607,  
 609, 611, 614, 615, 628, 630, 632—  
 634, 637.  
 Noregsveldi 181, 242, 460, 465, 621.  
 1 Nunnusetr (ved Bergen) 560.  
 2 Nunnusetr (í Oslo) 609.  
 Nýjamóða 189.  
 Nyrfi 366.  
 Næríki 27, 28, 30, 31, 370.  
 Nörvasund 4, 190, 529, 535, 582.

## O.

Óðinsey 6.  
 Oddasund 18.  
 Ofsi 35.  
 Ólafsbúðir 382.  
 Ólafshellir 368.  
 Ólafshlið 415.  
 Oprostaðir 105, 106, 170.

Orðost 222.  
 Orkadalur 44, 140, 169, 192, 204, 205,  
 207, 208, 321, 475, 639.  
 Orkdælafylki 44, 204.  
 Orkneyjar 53—55, 58—61, 63, 71—73,  
 75, 115, 139, 215, 250, 265, 267—  
 269, 271—275, 278, 281, 302, 478,  
 502, 510, 522, 530, 532, 533, 567,  
 582.  
 Ósló 482, 490, 492, 511, 548, 554, 555,  
 572, 573, 580, 592, 606—608, 635.  
 Óslóarfjörðr 361.  
 Ostrarfjörðr 298.  
 Ótta 281.

## P.

Pannónia 540.  
 Peita = Peituland 191.  
 Peituland 191.  
 Pétlandzfjörðr 139, 374.  
 Pézínaveilir 612.  
 Pilavík 585.  
 Portyrja 574.  
 Púll 537.

## R.

Randaberg 634.  
 Randaróss 633.  
 Ránríki 51, 63, 71, 181, 219, 516.  
 Rastarkálfr 84.  
 Rásvöllr 471.  
 Raumaríki 31, 32, 34, 36, 41, 43, 49,  
 51, 62, 118, 130, 181, 201, 208, 232  
 —236, 286, 492, 495, 573, 609.  
 Raumelfr 33, 43, 213, 220.  
 Raumsdalr 46—48, 63, 97, 101, 114,  
 116, 130, 181, 281, 334, 520, 618,  
 620.  
 Raumsdalsmynni 571.  
 1 Ré (= Rügen) 433, 439.  
 2 Ré 622, 623, 639.  
 Reiðgotaland 14.  
 Rein 511, 570.  
 Reinslétta 65.  
 Reykjahólar 575.

Reykjanes 128.  
 Rey 596, 600, 601, 604, 616.  
 Rimul 140, 141.  
 Rínansey 60, 265.  
 Rogaland 52, 64, 68, 73, 98, 114, 116,  
 131, 145, 148, 150, 181, 192, 208,  
 287, 290, 365, 381, 418.  
 Rúða 194, 195, 340, 496, 497.  
 Rúðuborg 340.  
 Rúm 425, 426.  
 Rúmaborg 299, 529, 537, 540, 586,  
 587, 628.  
 Rúmavegr 388.  
 Ryðjökull 635.  
 Rygjarbit 359, 615, 630.  
 Rykinsvík 40.  
 Ræningr 30.  
 Rognvaldsey 139, 266.  
 Rønd 40, 588.

## S.

Sálpti 158, 159.  
 Saltíri 523, 524.  
 Saltíriseið 524.  
 Saltnes 639.  
 Saltvík 169.  
 Sandbrú 591.  
 Sandey 523.  
 Sandr 575.  
 Sandver 311.  
 Sandvík 267, 270.  
 Santíri = Saltíri 523.  
 Sarpr 220, 558.  
 Sarpsborg 257, 310, 311, 315, 351,  
 542, 558.  
 Sátiri se Saltíri.  
 Sauðungssund 196, 197.  
 Saurbýr 606.  
 Saurhlið 410.  
 Saurshaugr 76.  
 Saxland 6, 22, 30, 61, 64, 120, 121,  
 123, 124, 144, 221, 432, 437.  
 Sefsurð 367, 368.  
 Sekkr 619.  
 Selárdalur 438.  
 Seleyjar 593.

Seljuhverfi 521.  
 Seljupollar 190.  
 Selund 6, 10, 20, 22, 74, 458.  
 Serkland 4, 450, 454, 536, 544.  
 Siða 155.  
 Signa 191.  
 Sigtún 6, 24, 184, 421, 422, 457.  
 Sikiley 450, 454, 456, 529, 537.  
 Sikileyjarveldi 537.  
 Sil 232.  
 Sili 29.  
 Silund 339.  
 Silvellir 283.  
 Sinhólmsund 544.  
 Sintré 535.  
 1 Sjaland 76, 128, 339, 347, 436, 439,  
 441, 442, 458, 468, 489, 490, 557.  
 2 Sjaland (Roslagen) 237.  
 Sjáviðarsund 456.  
 Skáney 73, 121, 343, 436, 439, 443,  
 444, 458.  
 Skáneyjarsíða 123, 444, 463.  
 Skáni 29, 30, 121, 129, 339, 343, 346,  
 347, 350, 442—444, 464, 466.  
 Skarar 228, 259.  
 Skarðaborg 502.  
 Skarnsund 205.  
 Skarpa 626.  
 Skarpasker 585.  
 1 Skaun (i Indherred) 45.  
 2 Skaun 106, 107.  
 3 Skaun (i Trondhjem) 204, 216.  
 Skeggjahaugr 155.  
 Skerðingssteðja 140, 153.  
 Skereid 32.  
 Skíð 523.  
 Skipakrókr 154.  
 Skiptisandr 588.  
 Skíringssalr 32.  
 Skjótansvað 14.  
 Skógr 621.  
 Skot 366.  
 Skotborgará 437.  
 Skotland 55, 61, 63, 71—73, 75, 124,  
 265, 266, 268, 275, 309, 430, 502,  
 523, 524, 530, 567, 581, 584.  
 Skotlandzfirðir 523, 525.

- Skrattasker 150.  
 Skúlagarðr 518.  
 Skúrbágar 563, 564.  
 Skúta 12.  
 Skörpusker 585.  
 Slé 122.  
 Slésvík 540.  
 Smalsarhorn 163.  
 1 Smálönd (i Danmark) 485.  
 2 Smálönd 351, 546.  
 Snos 639, 640.  
 Sogn 37, 48, 63, 73, 114, 116, 117, 127,  
 181, 196, 298, 430, 441, 530, 569,  
 594.  
 Sognsær 147, 287, 288.  
 Sóknarsund 418.  
 Sólbjargir 563, 566.  
 Sóleyjar 31, 286, 362.  
 Sóli 145, 290, 316, 365, 472, 574.  
 Sólskel 46, 47.  
 Sólundir 127, 500.  
 Sótanes 81, 100.  
 Sótasker 183, 184.  
 Spánn 534, 535, 582.  
 Sparabú 77, 320.  
 Sparbyggvafylki 45, 76.  
 1 Staðr 48, 52, 82—84, 101, 102, 115  
 —117, 131, 132, 147, 148, 195, 287,  
 338, 359, 361, 366, 570.  
 2 Staðr (i Stadsbygden) 65.  
 Stafabrekka 281.  
 Stafamýrar 385.  
 Stafanesvágr 49.  
 Stafangr 433, (byen) 561.  
 Stafr 81, 385, 409.  
 Stanforða-bryggjur 503.  
 Stangir 636.  
 Staurr, -inn 166.  
 1 Steig 306, 461.  
 2 Steig (pá Helgeland) 638.  
 Steinavágr 366, 619.  
 Steinbjörg 519.  
 Steinker 205, 206.  
 1 Steinn 11.  
 2 Steinn (i Estland) 24.  
 3 Steinn (pá Ringerike) 41.  
 4 Steinn (pá Bynæsset) 217.  
 Stíflusund 34.  
 Stiklarstaðir 390, 391, 393, 399, 400,  
 403, 406, 409—411, 413, 419, 425,  
 429, 430, 447, 512, 611.  
 Stimr 361, 545.  
 Stjóradalr 45, 96, 206, 216.  
 Stjórnvelta 598.  
 Stoðreimr 582.  
 Stokksund 15, 184.  
 Storð 86, 88, 91.  
 Straumeyjarnes 17, 18.  
 Straumey 335.  
 Strind 152, 217.  
 Strindafylki 45, 204.  
 Stuðla 169, 582, 592.  
 Súðaporrp 464.  
 Suðreyjar 53, 55, 56, 72, 124, 139, 275,  
 430, 522—525, 530, 547, 582, 609.  
 Suðrlönd, 55, 266, 267 jfr. Sunnlönd.  
 Suðrmanaland 27, 237.  
 Suðrvík 186.  
 Súðvirki 187, 188.  
 Súla 384, 405, 429.  
 Sult 367, 372.  
 Sunddalr 525.  
 Sunn-Hörðaland 287, 423, 582.  
 Sunnlönd 450.  
 Sunn-Mœrr 47, 48, 83, 97, 114—116, 334,  
 520, 525.  
 Súrnadalr 322.  
 Sváfa 540.  
 Svartahaf 4, 456.  
 Sviaríki = Sviaveldi 24.  
 Sviasker 183, 222.  
 Sviaveldi 24, 26, 29, 30, 43, 107, 143,  
 149, 167, 171, 183, 226, 230, 237,  
 238, 258, 310, 369, 379, 382, 386,  
 442, 466, 491, 546, 637, 641.  
 Sviaping 25.  
 Svimraróss 546.  
 Svínasund 49, 63, 181, 219.  
 1 Svíþjóð in mikla 4, 6, 9, 11.  
 2 Svíþjóð 8—12, 16—27, 29—31, 59,  
 77, 100, 101, 106, 107, 135—137, 148,  
 166, 171, 172, 183, 184, 213, 214,  
 222, 237, 238, 240, 241, 256, 258,  
 259, 264, 286, 310, 351, 370, 379,

380—382, 394, 419, 421, 422, 424,  
427, 436, 447, 457, 458, 516, 525,  
527, 610, 611.  
Svölb 172, 173, 176.  
Sygnafylki 37, 49.  
Syllingar 124—126.  
Sýrland 538.  
Sýsla 25.  
1 Sæheimr (ved Tønsberg) 64.  
2 Sæheimr 66, 90.  
Sæheimruð 588.  
Sæla = Selja 195.  
Sætt 538.  
Sólvi 65.

## T.

Tanais 4.  
Tanakvísl = Vanakvísl 4.  
Taurr, -inn 15.  
Temps 187, 188.  
Tíundaland 19, 25, 169, 237, 238.  
Tjaldasund 575.  
Toðarfjörðr 367, 371.  
Tryggvahrør 100.  
Tumaporp 546.  
Tungur 363.  
Túnsberg 49, 51, 59, 64, 69, 100, 114,  
149, 208, 219, 245, 246, 248, 265,  
287, 288, 306, 308, 357, 359, 361,  
362, 511, 555, 558, 572, 581, 616,  
617, 621, 622, 624, 628, 630, 632,  
639, 641.  
Túskaland 191.  
Tyrkland 6, 11.  
Tyrvist 523.

## U.

Ulastir 530.  
Úlfasund 83, 196, 431.  
Úlfkelsland 188.  
Úlfreksfjörðr 250, 268.  
Ullarakr 238, 239, 263.  
Unarheimr 631.  
Ungararíki 540.  
Updalr 204.

Uppdalsskógr 46, 204.  
Uphaugr 132, 152.  
Uplönd 37, 42, 44, 52, 54, 56, 57, 63,  
69—71, 99, 100, 106, 130, 132, 135,  
137, 143, 201, 203, 232, 244, 278,  
281, 286, 299, 306, 311, 353, 354,  
357, 381, 386, 395, 413, 462, 471,  
472, 475, 491—493, 518, 520, 543,  
545, 556, 571, 587, 590, 620, 621,  
626, 634—636, 639.  
Upsalaveldi 30.  
Upsalaping 240, 251, 261, 262.  
Upsalir 1, 7, 9, 11—13, 18—21, 23—  
27, 29, 31, 43, 101, 230, 237, 238,  
259.  
Upsalr 27.  
Urgurøst 282.  
Úsa 502.  
Útsteinn 53, 66, 364, 366.

## V.

Vaðla 33.  
Vága-floti 301.  
1 Vágar (Vágan) 148, 326, 540, 575.  
2 Vágar 281, 282, 284.  
Vágastefna 301.  
Vagnvikaströnd 521.  
Vágsbotn 560.  
Valdres 43, 201, 298.  
Valhøll 8, 90, 91.  
Valland 56, 61, 124, 187, 191, 194,  
195, 340, 351, 482, 497, 529, 534,  
582.  
Valldalr 367, 371.  
Valsnes 575.  
Vambarhólmr 521.  
Vanarheimr = Vanaland 4, 5, 11.  
Vanakvísl 4.  
Vanaland 4.  
Vangr 297.  
Vápnafjörðr 128.  
Vápnavað 14.  
Varðynjar 525.  
Varna 32.  
Varnes 81, 153.  
Varrandi 191.

Vatsbú 370.  
 Vatsdalr 372.  
 Véar 525.  
 Vébjargaping 433, 465.  
 Veðrey 351.  
 Véey 618, 619.  
 Veggir 100.  
 Vegsund 366.  
 Veig 181.  
 Vendill 22, 83.  
 Vendilskagi 468, 469, 616.  
 Veradalr 45, 81, 216, 279, 390, 394,  
 404, 409, 429.  
 Verdælafylki 384.  
 Vermaland 31, 32, 34, 49—52, 237,  
 260, 370, 381, 492, 525.  
 Vestfjörðr 323.  
 Vestfold 32—36, 41, 42, 49, 62, 64, 68,  
 71, 93, 114, 135, 197.  
 Vestland 439.  
 Vestmannaland 237.  
 Vestmarar, -marr 33, 35.  
 Vestra-Gautland 19, 28, 29, 49, 237,  
 251, 252, 259, 310, 315, 348, 351.  
 Vestrlönd 133, 480.  
 Vettaland 221, 606.  
 1 Vigg (veð Gulosen) 139.  
 2 Vigg, -jar 205, 390, 391, 430, 520.  
 1 Vik, -in 48, 49, 54, 56, 59, 61, 64,  
 68—71, 74—76, 81, 95, 100, 101, 106,  
 113—115, 143—145, 148—150, 164,  
 181, 197, 208, 209, 213, 219—221,  
 223, 224, 242, 244, 245, 253, 287,  
 306, 310, 316, 320, 351, 357, 361—  
 363, 411, 418, 465, 482, 484, 491,  
 493, 499, 518, 519, 525, 527, 556—  
 559, 566, 570, 572, 574, 576, 577,  
 583, 590, 592—594, 596—598, 604—  
 606, 615—617, 621, 622, 625—628,  
 630, 632—637, 639.  
 2 Vik (Saxvík) 527.  
 Víkar 575.  
 Vikarskeið 128.  
 Viljálmsboer 190.  
 Vína, Vínu-bakki 102, 312.  
 Vincestr 424, 432.  
 Vindill 32.

Vindland 119, 121, 123, 124, 129, 166,  
 168, 171, 172, 180, 251, 410, 435,  
 436, 551, 566.  
 Vingulmörk 33, 34, 36—38, 43, 49, 51,  
 62, 71, 114, 118, 232.  
 Vínland it góða 170.  
 Vínubakki se Vína.  
 Viskardalr 519.  
 Vist 574.  
 Vizkar 106.  
 Vúlgaríá 376.  
 Væmir, Væni 23, 30, 31, 52, 493, 525,  
 526.  
 Völlr 457.  
 Vörs 102, 225, 297.  
 Vörvi 14.

## Y.

Yrjar 45, 102, 132, 152, 155, 474.

## Þ.

Þeksdalr 521.  
 Þelamörk 52, 62, 169, 592, 637, 641.  
 Þinganes 117.  
 Þingvöllr 302.  
 Þjóða 468.  
 Þjótanda 366.  
 Þjótta 148, 156—158, 276, 281, 328,  
 350, 351, 358, 359, 380, 396, 398,  
 403, 428.  
 Þoptyn 56.  
 Þórsá 584.  
 Þórsbjörg 65.  
 Þórshöfn 335.  
 Þótn 32, 34, 37, 43, 63, 201, 286, 292,  
 306, 639.  
 Þrárdarnes 288, 301.  
 Þrárdheimr 45—49, 52, 63, 65, 68, 70,  
 71, 73, 76—79, 81, 93—98, 101—103,  
 110, 114—116, 123, 130, 135, 143,  
 151—154, 156, 157, 160, 170, 181,  
 204—208, 213—215, 217, 221, 265,  
 276, 278—281, 287, 299, 302, 315,  
 320, 324, 326, 334, 357—359, 365  
 366, 371—373, 380, 384, 386, 394

395, 411—413, 415, 417, 423, 425,  
428, 432, 462, 471—474, 476, 483,  
491, 501, 518, 520—522, 527, 551,  
559, 570, 578, 581, 582, 586, 589,  
592, 593, 597, 605, 616, 617, 626,  
631, 637, 639.

Þrándheimsmynni 575, 576.

Þríðvangr 7.

Þrælaborg 609, 610.

Þumli 485.

Þursaker 276.

### Æ.

Ægisfjörðr 575.

Ærvík 132.

### Ö.

Ögló 96, 97.

Ögvaldnes 66, 81, 82, 150, 151, 289,  
291, 292, 294—297.

Ölfus 128.

Ölvishaugr 81.

Ömð 23, 159, 288.

Öngull 638.

Öngulsey 524.

Öngulseyjarsund 480, 524.

Öngulsund 524.

## III. Folkenavne.

### A.

Austmenn = Nordmenn 337.

Austrvegsmenn 24, 434, 477.

Austr-Vinðr 448.

### B.

Birkibeinar 637—641.

Bjarkeyingr 315.

Bjarmar 102, 313.

Björgynjarmenn 576, 617.

Blámenn 536, 544.

Bolgarar 447.

Bretar 524.

### D.

Danir 21, 22, 24, 55, 71, 72, 74, 75,

83, 85, 87, 89, 112, 122, 127, 129,

130, 132, 167, 175—177, 186, 187,

189, 194, 195, 202, 219, 228, 245,

260, 275, 308, 339, 341, 343, 349,

350, 410, 433, 434, 438, 439, 443,

444, 458, 465—469, 479, 482, 483,

485—487, 491, 492, 499, 513, 541,

546, 567, 572, 578, 629, 633, 636.

Dœlir 282, 283, 285, 354, 538.

Döglingar 16.

### E.

Egðir 52, 345, 360, 366, 524.

Eistr 24, 108.

Elfargrímar 559, 637.

Englar 124, 188, 189, 407, 505, 514, 584.

Englismenn = Englar.

Eydanir 88, 132.

Eynir 173, 280.

Eysýslir 185.

### F.

Falstrbyggvar 444.

Filir 467.

1 Finnar (Finlands indbyggere) 11,  
14, 186.

2 Finnar 103, 158, 379, 575.

Finnlendingar = Finnar(1) 186.

Firðir 147, 398.

Fjónbúar 438, 479.

Flæmingjar 124, 612.

Frakkar 122, 612, 613.

Frísar 122, 124, 176.

Færeyingar 305, 318.

### G.

Gautar = Vestr-Gautar 51, 52, 75,  
123, 167, 219, 220, 223, 260, 492,  
494, 526, 527, 572.

Girkir 456, 612.

Gotar 121, 185.

Grikir 449, 450, 454, 539, 613.

### H.

Haleygjjar 88, 91, 157, 158, 169, 277,  
278, 290, 291, 326, 398.

Hollandzfarar 438, 490.

Heinir 213, 496.

Helsingjar 77, 320.

Hettusveinar 636.

Hísingsbúar 583, 625—627.

Hjaltlendingar 275.

Hólmbúar 496.

Hólmgarðzfarar 427.

Hólmrygir 88.

Hólmrýgjjar(?) 54.

Hringar 496.

Hrðar 52, 54, 68, 147, 297, 365, 398,  
402, 421, 438, 496, 520, 524, 569.

### I.

Inn(an)þrændir 45, 81, 169, 213, 214,  
216, 278, 279, 387, 401, 411, 468.

Írar 75, 124, 531, 532.

Íslendingar 104, 127, 161, 163, 270,  
302, 304, 306, 319, 320, 391, 549,  
550, 597, 607.

### J.

Jaðarbyggvar 316, 325.

Jamtr 77, 121, 320, 321, 330, 331, 541.

Jómsvikingar 128—135, 139, 172, 193,  
202.

Jótar 13, 74, 340, 345, 439, 487.

### K.

Knýtlingar 411, 418.

Kúrir 434, 477.

### L.

Látinumenn 450.

1 Læsir (Ljacher) 448.

2 Læsir (Lesjeboer) 284.

### M.

Manverjar 523.

Markamenn 525, 526, 637.

Mærir 78, 116, 443.

### N.

Naumdælir 77, 320.

Norðimbrar 124.

Norðlendingar 303.

Norðmenn 2, 24, 53, 55, 56, 63, 72,  
73, 77, 85, 88, 89, 109, 176, 187, 188,  
191, 231, 250, 262, 275, 320, 330,  
344, 348, 350, 352, 381, 383, 411,  
419, 421, 426, 438, 439, 442, 444,  
465, 469, 470, 479—481, 484, 485,  
488, 489, 492, 494, 499, 502—509,  
513, 526, 527, 529, 531—533, 536,  
546, 577, 587, 630.

Nóregsmenn 241, 252, 304, 308, 417,  
469, 597.

### O.

Orkdælar 205.

Orkdælingar 46.

Orkneyingar 61, 266.



**P.**

Partar 189, 585.

**R.**

Raumar 286, 496, 586.  
 Raumdæliir 78, 148.  
 Renir 583, 584.  
 Rúmaborgarlýör 587.  
 Rúmverjar 6.  
 Rygir 52, 290, 398, 402, 443, 550.

**S.**

Saxar 122, 124, 245, 434.  
 Selundbyggvar 511.  
 Serkir 450, 536.  
 Skánungar 173, 345, 435, 436, 438,  
 441—444.  
 Skeynir 280.  
 Skotar 55, 124, 523.  
 Smálendingar 546.  
 Sparbyggvar 280.  
 Sunnmörir 148.  
 Svíar 1, 2, 9, 10, 12, 13, 17—25, 30,  
 31, 77, 175—177, 183—185, 202, 219,  
 225, 227, 230, 231, 237, 238, 241,  
 251, 259, 262, 264, 321, 330, 344,  
 345, 347, 348, 381—383, 393, 421,  
 422, 444, 457, 458.  
 Sygnir 147, 398, 430, 431, 433, 522,  
 569.

**T.**

Túnsbergsmenn 574.

**U.**

Uplendingar 62, 63, 212, 286, 369,  
 391, 416, 475, 491, 492, 496, 518,  
 621, 635.  
 Upsvívar 261, 263, 264.  
 Útþróendir 81.

**V.**

Valkerar 124.  
 Verdæliir 280, 389, 404, 405.  
 Vermir 492.  
 Vestr-Gautar 224, 240, 241, 252, 259,  
 263.  
 Víkverir 63, 64, 68, 71, 94, 221, 223,  
 576, 584, 595, 597, 605, 621, 630.  
 Vinör 74, 121, 122, 127, 129, 135, 179,  
 180, 434—438, 445, 477, 562—564,  
 573, 587.  
 Væringjar 448—457, 611—613.  
 Vörsar 520.

**Y.**

Ylfingar 28.  
 Ynglingar 1, 10, 12, 14, 18, 30.

**Þ.**

Þilir 52.  
 Þróendir 63, 65, 68, 70, 76—78, 81, 82,  
 94—96, 101, 110, 137, 142, 143, 153,  
 213, 214, 278, 320, 389, 396, 398,  
 400, 413, 417, 440, 442, 446, 465,  
 470, 474, 475, 486, 514, 518, 520,  
 570, 581, 597, 620, 625, 628, 631.  
 632, 640.

